



Reykjavík, 25. júní 2024  
MSS24060031

Borgarráð

### **Heildstæð athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins (upptökuheimili barna) árin 1974-1979 - Tillaga að tíma- og kostnaðaráætlun**

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu um tíma- og kostnaðaráætlun vegna heildstæðrar athugunar á starfsemi Vöggustofunnar Thorvaldsensfélagsins (upptökuheimili barna) árin 1974-1979. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að undirbúa viðauka við fjárhagsáætlun vegna þessa, heildarkostnaður er áætlaður 62 m.kr. Fyrir liggur umsögn fjármála- og áhættustýringasviðs og jafnréttisskimun.

#### **Greinargerð:**

Í samræmi við samþykkt borgarráðs 11. janúar og 15. febrúar 2024 um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins (upptökuheimili barna) árin 1974-1979 og tilnefningu í nefnd sem sér um athugunina, skal nefndin leggja fyrir borgarráð tíma- og verkáætlun um störf sín þar sem fram komi meðal annars umfang og áherslur í starfinu, auk áætlaðs kostnaðar sem skal jafnframt yfirfarinn af fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar. Miðað er við að nefndin skili lokaskýrslu sinni til borgarráðs eigi síðar en 15. desember 2024. Borgarráð ákveður þá meðferð sem lokaskýrsla nefndarinnar skal fá. Kjaranefnd Reykjavíkurborgar, sem starfar í umboði borgarráðs, hefur ákvarðað laun og önnur starfskjör nefndarmanna. Kostnaður af starfi nefndarinnar skal greiðast úr borgarsjóði nema annað sé ákveðið.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

#### Hjálagt:

Fjárhagsáætlun vegna nefndar um vöggustofu, drög.

Umsögn fjármála og áhættustýringarsviðs, dags. 20. júní 2024.

Jafnréttisskimun mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Samþykkt borgarráðs frá 11. janúar 2024 um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins (upptökuheimil barna) árin 1974-1979.

Samþykkt borgarráðs frá 15. febrúar 2024 um skipan nefndarinnar.



**Reykjavík**

Borgarráð

**Drög að fjárhagsáætlun nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins (upptökuheimili barna) árin 1974-1979**

1. Verktakagreiðslur nefndar og rannsakenda:	
a) Nefndarfólk	kr. 50.102.500
b) Starfsmaður m.v. fulla vinnu í 3 mánuði	kr. 4.000.000
c) Aðstoð við samantekt og úrvinnslu gagna	kr. 3.500.000
d) Endurrit á skýrslutökum	kr. 500.000
2. Skýrsla nefndar, umbrot og yfirlestur	kr. 1.000.000
3. Annað / aðkeypt þjónusta	kr. 3.500.000
<u>Samtals</u>	<u>kr. 62.102.500</u>

Vinna er hafin við skipulagningu. Unnið verður áfram að skipulagningu og yfirferð skjalasafna í júní. Eftir atvikum verður unnið að yfirferð skjalasafna og öðrum undirbúningi í júlí, þótt einnig sé gert ráð fyrir sumarleyfum á þeim tíma.

Unnið verður að yfirferð skjalasafna og annarri gagnaöflun (skýrslutökum) í ágúst og september. Líklegt er að hluti skýrslna verði tekinn í október. Unnið verður að úrvinnslu gagna í október og nóvember og lokafrágangi í desember.

Nefndarmenn munu að stærstu leyti vinna að verkefninu samhliða öðrum störfum, en þó þannig að rannsóknin mun taka ríkan tíma þeirra. Formaður ráðgerir jafnframt að starfa við nefndina í fullu starfi í allt að tvo mánuði, í leyfi frá aðalstarfi. Nánari tímasetning um það ræðst t.d. af því hvenær hægt verður að hefja skýrslutökur og hvernig aðrar rannsóknir nefndarinnar ganga.

Eins og fram kemur í samþykkt borgarráðs, 15. febrúar 2024, er ráðgert að nefndin afhendi skýrslu sína þann 15. desember á þessu ári.

Sú tíma- og fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram miðast við að ekki verði verulegar tafir á gagnaöflun sem nauðsynlegt er að ráðast í, að greiðlega gangi að fá þá sem nefndin þarf að kalla fyrir sig til funda og að fá svör af þeirra hálfu.

Fyrirliggjandi áætlun byggist á frumathugun nefndarinnar á umfangi verkefnisins. Fyrir liggur að gögn eru veruleg, og ekki aðeins tengd skjalasöfnum Borgarskjalsafnsins. Þá er gert ráð fyrir að skýrslutökur verði umfangsmeiri en þær voru við fyrri rannsókn sem framkvæmd var á grunni laga nr. 45/2022 (við rannsókn fyrri vöggustofunefndarinnar). Skýrslutökur eru engu að síður nauðsynlegar svo markmið athugunarinnar náist, og þá verða þær að gefa nægjanlega skýra mynd svo hægt sé að staðreyna þá þætti, svo sem kostur er, sem vinna nefndarinnar á að miðast að, sbr. samþykkt borgarráðs frá 14. janúar 2024. Nefndinni er ljóst að launakostnaður samkvæmt áætluninni er allnokkur, en við gerð fjárhagsáætlunar hefur nefndin tekið mið af ofangreindu auk reynslu af störfum fyrri nefndar.

Áætlað er að nefndin muni verja allt að 1750 vinnustundum til verksins. Þá er ráðgert að nefndin njóti aðstoðar starfsmanns í allt að þrjá mánuði við skipulag og úrvinnslu, ekki síst við utanumhald um skýrslutökur, boðun í skýrslutökur og annað sem því tengist. Gert er ráð fyrir að halda aðkeyptri sérfræðiþjónustu í lágmarki, en nauðsynlegt er þó að hafa þátt inni í áætluninni sem að því lýtur þar sem mögulegt er að álitaefni rísi sem séu ekki á þekkingarsviði nefndarfólks.

***Nefnd um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu  
Thorvaldsensfélagsins (upptökuheimili barna) árin 1974-1979***

*Trausti Fannar Valsson, formaður  
Urður Njarðvík  
Ellý Thorsteinsdóttir*



Reykjavík, 20. júní 2024

MSS23120162

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa sviðsstjóra FAS

### Umsögn um fjárhagsáætlun vegna nefndar um Vöggustofu

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um drög að fjárhagsáætlun vegna vinnu nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins fyrir árin 1974-1979.

Á fundi borgarráðs þann 9. janúar 2024 var samþykkt að kjósa þriggja manna nefnd óháðra sérfræðinga sem hafa það verkefni að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld. Skv. samþykktri tillögu er jafnframt gert ráð fyrir að nefndin geti ráðið starfsmann. Gert er ráð fyrir að nefndin og starfsmaður hennar hafi aðsetur og afnot af húsakynnum Innri endurskoðunar og ráðgjafar sem er jafnframt tengiliður Reykjavíkurborgar við nefndina. Nefndin skuli vera sjálfstæð og óháð í störfum sínum og verður heimilt að kalla eftir aðstoð og upplýsingum frá aðilum innan og utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar við einstaka þætti athugunarinnar.

Fyrir liggur kostnaðaráætlun fyrir störf nefndarinnar eða sem nemur samtals 62.103 m.kr. Áætlunin tekur mið af þeim forsendum sem að ofan greinir. Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemd við kostnaðarmatið en það er í samræmi við áður samþykktar áætlanir nefndarinnar.

Nefndin hefur þegar tekið til starfa við undirbúning og gerir nefndin ráð fyrir að afhenda skýrslu sína þann 15. desember á þessu ári. Nauðsynlegt er að gera viðauka við fjárhagsáætlun 2024 vegna þessa þar sem um einskíptis kostnað er að ræða til að fjármagna verkefni nefndarinnar.

Virðingarfyllt,  
Halldóra Káradóttir  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík



## Jafnréttisskimun

### Netfang

Sigrídur.Finnbogadóttir@reykjavík.is

### Nafn verkefnis/tillögu

Fjárhagsáætlun nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu  
Thorvaldsensfélagsins 1974-1979

### Tengiliður

Sigrídur.Finnbogadóttir@reykjavík.is

### Svið

Skrifstofur RHUS

### Þjónustupáttur

SBB

### Jafnréttisskimun er framkvæmd vegna

Breytingartillaga (viðauki) við gildandi fjárhagsáætlun

### Liggur fyrir fjárhagsáætlun fyrir tillöguna/verkefnið?

Já

### Áætlaður kostnaður verkefnis

kr.



## Lýsið tillögunni og markmiðum hennar

Á fundi borgarráðs 11. janúar 2024 var samþykkt tillaga um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins (upptökuheimili barna) árin 1974-1979 og í kjölfarið var á fundi borgarráðs þann 15. febrúar sama ár samþykkt tillaga um skipan nefndar sem hafi það verkefni að framkvæma heildstæða athugun á starfsemi vöggustofunnar. Sú tillaga sem nú liggur til afgreiðslu varðar mat nefndarinnar á kostnaði við heildstæða athugun á starfsemi vöggustofunnar. Nefndina skipa Trausti Fannar Valsson lögfræðingur (formaður), Urður Njarðvík prófessor í barnasálfræði og Elly Thorsteinsdóttir félagsráðgjafi. Nefndinni er heimilt að ráða starfsmanneskju. Fyrirliggjandi áætlun nefndarinnar byggist á frumathugun hennar á umfangi verkefnisins og að ekki verði verulegar tafir á öflun gagna og að greiðlega gangi að ná í viðmælendur nefndarinnar. Áætlað er að nefndin muni verja allt að 1750 vinnustundum til verksins. Þá er ráðgert að nefndin njóti aðstoðar starfsmanneskju í allt að þrjá mánuði við skipulag og úrvinnslu, ekki síst við utanumhald um skýrslutökur, boðun í skýrslutökur og annað sem því tengist. Gert er ráð fyrir að halda aðkeyptri sérfræðipjónustu í lágmarki, en þó er nauðsynlegt að hafa möguleika á að kalla til sérfræðinga ef upp koma álitæfni sem ekki eru á þekkingarsviði nefndarfólks. Miðað er við að nefndin skili lokaskýrslu til borgarráðs eigi síðar en 15. desember 2024.

## Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti?

Já

## Lýsið hvernig hugað var að kynja- og jafnréttissjónarmiðum þegar tillagan var undirbúin?

Tillagan snýr að því að stuðla að félagslegu réttlæti fyrir jaðarsettan hóp sem kann að hafa sætt illri meðferð af hálfu borgaryfirvalda. Það er mikilvægt að þolendur fái viðurkenningu á því að á þeim hafi verið brotið, jafnvel þó skaðinn sé þegar skeður og verði ekki tekinn til baka. Niðurstöður nefndar sem gerði heildstæða athugun á starfsemi vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og vöggustofunnar á Hlíðarenda sýndu fram á illa meðferð og vanrækslu barna á vöggustofunum sem hafði verulegar afleiðingar, t.d. væru lífslíkur þeirra barna lægri en jafnaldra þeirra og þau líklegri til að vera með örorku. Vinna nefndarinnar mun fela í sér vinnslu persónuupplýsinga, þar með talið viðkvæmra upplýsinga. Hugað hefur verið að persónuverndarsjónarmiðum og skulu fundir nefndarinnar vera lokaðir, nefndarfólk og starfsmanneskja nefndar eru bundin þagnarskyldu um hvaðeina er varðar einkalíf einstaklinga sem þau fá upplýsingar um við störf nefndarinnar og helst þagnarskyldan þegar störfum nefndarinnar lýkur.

## Hverjir eru markhópar tillögunnar? Hvaða hópa fólks hefur tillagan áhrif á og hvernig?





- Börn, sem vistuð voru á vöggustofunni/upptökuheimilinu á tímabilinu 1974-1979. Á þessu tímabili var í hluta vöggustofunnar rekið vistheimili fyrir 23 börn undir 12 ára aldri en jafnframt var rekin dagsvistarstofnun fyrir 34 börn. Þessir einstaklingar eru nú fullorðin, séu þau lifandi. Upplýsingar um hópinn liggja ekki fyrir, en verða til í tengslum við vinnu nefndarinnar, og mikilvægt að gæta að því að greina gögnin m.a. eftir kyni. Athyglisvert er að skoða hvernig kynjasamsetning barnanna var, t.d. hvort algengara hafi verið að drengir væru vistaðir á upptökuheimilinu útaf kynjuðum væntingum og staðalmyndum t.d. um að erfiðara væri fyrir einhleypar mæður að eiga við og ala upp drengi. Í fyrri skýrslu kom fram að á tímabilinu 1949-1963 voru 475 börn vistuð á vöggustofunni Hlíðarenda, 43% stúlkur og 57% drengir, og endurspeglar sú kynjaskipting ekki almenna kynjaskiptingu í þýði barna.
- Aðstandendur barnanna, sem oft tilheyrðu jaðarsettum hópi t.d. vegna veikinda, fjárhagsstöðu eða ungs aldurs. Mikið var um að börn einhleypra mæðra væru vistuð á vöggustofum. Algengustu ástæður vistunar barna á Hlíðarenda á tímabilinu 1949-1963 voru ýmsar ótilgreindar félagslegar aðstæður (s.s. ungur aldur móður, erfiðar heimilisaðstæður), húsnæðis- og dagvistundarvandi, fátækt og veikindi foreldra
- Starfsfólk og stjórnendur stofnananna
- Reykjavíkurborg og ríkið sem báru ábyrgð á starfsemi og eftirliti með henni
- Nefndarfolk og aðrir sem koma að starfi nefndarinnar

### **Eru til kyngreind gögn um þá hópa?**

Óljóst

### **Hvað segja gögnin?**

Kyngreind gögn liggja ekki fyrir en vinna nefndarinnar mun skapa tækifæri til að greina gögn eftir kyni og öðrum félagslegum þáttum

### **Hvaða gögnum þyrfti að afla/vera hægt að greina niður á kyn eða aðrar breytur?**

Mikilvægt er að greina þau gögn sem unnið er með í tengslum við athugunina út frá kyni, það getur varpað ljósi á möguleg kynjamynstur

### **Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og, eftir því sem við á, þá hópa sem eru tilteknir í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar? Vinsamlegast rökstyðjið**

Tillagan er ekki talin hafa bein áhrif á núverandi stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa en kann að stuðla að félagslegu réttlæti fyrir þau sem voru vistuð á umræddri stofnun á tímabilinu, ásamt því að varpa ljósi á samfélagsleg viðhorf til ákveðinna hópa á tímabilinu. Þá gefur þetta okkur einnig tækifæri til draga lærdóm af sögunni og rýna núverandi starfsemi og



starfshætti til að koma í veg fyrir að sambærilegt endurtaki sig, og hefur þannig óbein áhrif á núverandi stöðu. Mikilvægt er að við horfumst í augu við og drögum lærdóm af sögunni. Horfa þarf til þess með hvaða hætti sagan gæti dæmt starfsemi eins og henni er hagað í dag og tryggja að opinber starfsemi uppfylli lagalegar kröfur og réttindi fólks, virði mannréttindi, og byggist á samtímaþekkingu um bestu starfsvenjur. Mikilvægt er að rýna reglulega starfsaðstæður og umhverfi barnaverndar og allrar þjónustu við börn. Þá er mikilvægt að skilja hvernig viðkvæmir hópar hafa verið jaðarsettir og sætt illri framkomu af hálfu hins opinbera í gegnum tíðina, líkt og skýrsla fyrri nefndar varpaði ljósi á, fremur en að vera mætt af virðingu og skilningi á þeim aðstæðum sem þeir búa við. Í umsögn velferðarsviðs um skýrslu nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar á Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins kemur fram að mikilvægt sé að tryggja að starfshættir borgarinnar hvað varðar samtíma eftirlit og framkvæmd á sviði barnaverndarmála, séu þess eðlis að faglegur aðbúnaður barna sé í takt við fræðilega þekkingu og kröfur og á þann veg að réttindi þeirra og foreldra séu virt. Mikilvægt er að innra eftirlit með starfsemi á sviði barnaverndarmála sé öflugt, að auðsótt sé að koma með ábendingar um það sem betur megi fara og að nægilegt fjármagn sé veitt til starfseminnar svo unnt sé að tryggja öryggi og velferð.

### **Vinsamlega veldu hvað af eftirfarandi passar best við niðurstöðu jafnréttisskimunarinnar**

Tillagan/Verkefnið hefur jákvæð jafnréttisáhrif

### **Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?**

Nei

**Annað?**





Borgarráð

**Heildstæð athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins (upptökuheimili barna) árin 1974-1979**

Lagt er til að borgarráð samþykki að skipuð verði nefnd þriggja óháðra sérfræðinga á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 um heimild Reykjavíkurborgar til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vöggustofa. Hlutverk og verkefni nefndarinnar verði að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á tímabilinu 1974 til 1979, þ.á.m. með hliðsjón af breyttum verkefnum vöggustofunnar á því tímabili. Tillaga að skipan nefndarinnar skal lögð fyrir borgarráð til staðfestingar. Nefndin getur ráðið sér starfsmann.

**Greinargerð:**

Sjálfstæð og óháð nefnd (hér eftir vöggustofunefnd) sem borgarráð skipaði endanlega 22. júlí 2022 til að gera heildstæða athugun á starfsemi vöggustofa sem reknar voru í Reykjavík árin 1949 til 1973 kynnti niðurstöður sínar á fundi borgarráðs fimmtudaginn 5. október 2023. Niðurstöður nefndarinnar voru á þá leið að börn höfðu sætt illri meðferð á Vöggustofunni Hlíðarenda á tímabilum yfir árin 1949 til 1963. Þá hafi börn í ýmsum tilvikum einnig sætt illri meðferð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á tímabilum frá 1963 til 1967.

Á meðal verkefna vöggustofunefndarinnar var jafnframt að leggja grundvöll að tillögum til borgarráðs um frekari viðbrögð ef ástæða þætti til, sbr. 5. tölulið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 og f-lið samþykktar borgarráðs frá 10. mars 2022. Vöggustofunefndin taldi tilefni til að setja fram alls fjórar tillögur. Fyrsta tillaga nefndarinnar lýtur að hugsanlegum skaðabótageiðslum til þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á vöggustofunum sem börn. Fyrir liggur að á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar er frumvarp forsætisráðherra til laga um almennar sanngirnisbætur sem er ætlað að taka af skarið í þessum efnunum og skapa umgjörð og farveg fyrir þær en frumvarpið er um þessar mundir í þinglegri meðferð. Önnur tillaga nefndarinnar fjallar um geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu til sömu einstaklinga og hefur Reykjavíkurborg þegar komið slíku úrræði af stað. Þriðja tillaga nefndarinnar beinist að gildandi framkvæmd og eftirliti á sviði barnaverndarmála og liggur fyrir umsögn velferðarráðs Reykjavíkurborgar um málið. Fjórða og síðasta tillaga nefndarinnar lýtur síðan að því að borgarráð leggi á það mat, m.a. út frá fyrrnefndum niðurstöðum vöggustofunefndarinnar, hvort tilefni sé til að framhald verði á athugun af þeim toga sem vöggustofunefndin hafði með höndum og þá í samræmi við þær almennu valdheimildir sem henni voru fengnar með lögum 45/2022, með vísan til þess að Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins starfaði allt til ársins 1979 eða sem upptökuheimili barna allt til 12 ára aldurs frá árinu 1973.



Borgarráð samþykkti á fundi sínum 12. október 2023 að vísa fjórðu og síðustu tillögu vöggustofunefndar til umsagnar borgarlögmans, velferðarráðs og mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs en skýrslunni í heild sinni til umsagnar velferðarráðs, umdæmisráðs barnaverndar, mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs og öldungaráðs. Umsagnir bárust frá þessum aðilum að undanskyldu umdæmisráði barnaverndar sem kaus að skila ekki inn umsögn.

Umsagnirnar bera allar að sama bruni, þ.e. að rétt sé að Reykjavíkurborg láti fara fram frekari athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins eða fyrir tímabilið 1974 til 1979, m.a. með hliðsjón af breyttum verkefnum vöggustofunnar á því tímabili. Því er lagt til að skipuð verði sjálfstæð nefnd á grundvelli heimildar í ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022, til að gera heildstæða athugun á starfsemi fyrrnefndrar vöggustofu tímabilið 1974 til 1979 og að við þá athugun verði höfð til hliðsjónar samsvarandi atriði og vöggustofunefndin lýsti í áður nefndri skýrslu um starfsemi vöggustofa í Reykjavík árin 1949-1973.

Markmið athugunarinnar og meginverkefni nefndarinnar fyrir tímabilið 1974 til 1979 skulu vera eftirtalin:

- a. Að lýsa starfsemi vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, hlutverki hennar í barnaverndar- og/eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir.
- b. Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.
- c. Að lýsa því hvernig eftirliti Reykjavíkurborgar og ríkisins með vöggustofunum var háttað.
- d. Að lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofunnar og nefndin telur þarfnast skoðunar.
- e. Leggja grundvöll að tillögum til borgarráðs um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.
- f. Nefndin skal skila skýrslu um störf sín til borgarráðs.

Nefndin og starfsmaður hennar hafi aðsetur og afnot af húsakynnum Innri endurskoðunar og ráðgjafar sem er jafnframt tengiliður Reykjavíkurborgar við nefndina.

Nefndin skal vera sjálfstæð og óháð í störfum sínum og verður heimilt að kalla eftir aðstoð og upplýsingum frá aðilum innan og utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar við einstaka þætti athugunarinnar.

Fundir nefndarinnar skulu vera lokaðir.

Nefndarmenn og starfsmaður nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um hvaðeina er varðar einkalíf manna sem þeir fá upplýsingar um við störf nefndarinnar. Þagnarskylda um slík atriði helst þegar störfum nefndarinnar er lokið.

Formanni nefndarinnar er heimilt að veita almennar upplýsingar um störf nefndarinnar og verklag meðan hún starfar.



Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir sömu reglum og koma fram í 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Nefndarmönnum er skylt að leggja fram skrá um hagsmunatengsl sín, sbr. reglur Reykjavíkurborgar um hagsmunaskráningu embættismanna.

Nefndin skal leggja fyrir borgarráð tíma- og verkáætlun um störf nefndarinnar innan mánaðar frá skipun nefndarinnar, þar sem fram komi meðal annars umfang og áherslur í starfinu, auk áætlaðs kostnaðar sem skal jafnframt yfirfarinn af fjármála- og áhættustýringasviði Reykjavíkurborgar.

Miðað er við að nefndin skili lokaskýrslu sinni, sbr. f-liður hér að framan, til borgarráðs eigi síðar en 30. júní 2024. Borgarráð ákveður þá meðferð sem lokaskýrsla nefndarinnar skal fá.

Kjaranefnd Reykjavíkurborgar skal ákvarða laun og önnur starfskjör nefndarmanna. Kostnaður af starfi nefndarinnar og starfsmanns hennar skal greiddast úr borgarsjóði nema annað sé ákveðið.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Skýrsla nefndar um heildstæða athugun á starfsemi vöggustofa að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins, dags. október 2023.

Tillaga til borgarráðs um eftirfylgni á skýrslu nefndar um um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins, dags. 10. október 2023.

Umsögn velferðarráðs um skýrslu vöggustofunefndar, dags. 6. desember 2023.

Umsögn öldungaráðs um skýrslu og tillögu vöggustofunefndar, dags. 8. nóvember 2023.

Umsögn MO um skýrslu og tillögu vöggustofunefndar, dags. 31. október 2023.

Umsögn borgarlögmans um tillögu vöggustofunendar, dags. 4. janúar 2024.





# Starfsemi vöggustofa í Reykjavík 1949-1973

---

Athugun á Vöggustofunni Hlíðarenda  
og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins



Reykjavík

2023



## Útgefandi

Nefnd um heildstæða athugun á starfsemi vöggustofa  
að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Október 2023

### Höfundar skýrslu:

Kjartan Bjarni Björgvinsson

Urður Njarðvík

Ellý Alda Þorsteinsdóttir

<https://reykjavik.is/voggustofunefnd>

© 2023 Reykjavíkurborg

[reykjavik.is](https://reykjavik.is)

*Forsíðu- og baksíðumynd: Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins við Dyngjuveg 18 í Reykjavík.*

*Mynd frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur.*

# Efnisyfirlit

<b>1. Um rannsókn nefndarinnar.....</b>	<b>4</b>
1.1 Tilefni og aðdragandi	4
1.2 Umfang og viðfangsefni rannsóknar	6
1.3 Málsmeðferð, rannsóknarheimildir og gagnaöflun	9
1.4 Skýrslutökur	13
1.5 Grundvöllur að ályktunum vöggustofunefndar	17
1.6 Helstu niðurstöður	20
<b>2. Sálfræðileg, félagsleg og lagaleg atriði sem hafa þýðingu við mat á starfsemi vöggustofa .....</b>	<b>26</b>
2.1 Inngangur	26
2.2 Proski barna fyrstu þrjú ár ævinnar	27
2.2.1 Inngangur .....	27
2.2.2 Hreyfiþroski.....	28
2.2.3 Málþroski .....	29
2.2.3 Vitsmunapróska.....	31
2.2.4 Félags- og tilfinningapróska.....	32
2.2.5 Samtímaþekking 1949-1973 á þroska ungra barna.....	35
2.2.6 Samantekt.....	39
2.3 Samfélagslegar breytingar í Reykjavík 1949-1973	40
2.3.1. Breytingar á tímalengd vistunar, aldri barna og ástæðum vistana .....	43
2.4 Viðhorf í íslenskum samtímaheimildum um meðferð og umönnun ungra barna	50
2.5 Lagaleg umgjörð um vöggustofur á tímabilinu 1949 -1973	59
2.5.1 Inngangur .....	59
2.5.2 Skipulag og meginhlutverk barnaverndarnefnda .....	59
2.5.3 Heimildir og skyldur barnaverndarnefndar til að hafa afskipti af börnum .....	62
2.5.4 Málsmeðferð í barnaverndarmálum.....	63
2.5.5 Lagaákvæði um rekstur vistheimila fyrir börn .....	67
2.5.6 Eftirlitsskylda barnaverndarnefnda og Barnaverndarráðs með starfsemi vöggustofa .....	68
<b>3. Vöggustofan Hlíðarenda (1949-1963).....</b>	<b>71</b>
3.1 Undirbúningur að stofnun vöggustofunnar Hlíðarenda	71
3.2 Lagalegur grundvöllur fyrir starfsemi vöggustofunnar	71
3.3 Upplýsingar um starfsemi vöggustofunnar Hlíðarenda	72
3.3.1 Gagnaöflun .....	72
3.3.2 Skriflegar heimildir.....	73
3.3.3 Viðtöl við starfsfólk og gesti á Vöggustofu Hlíðarenda .....	86
3.3.4 Fjöldi vistbarna, aldur, lengd og ástæða dvalar .....	91
3.3.5 Menntun og reynsla forstöðukvenna .....	98

## 4. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins (1963-1973) ..... 100

4.1 Undirbúningur og aðdragandi	100
4.2 Lagalegur grundvöllur fyrir starfsemi vöggustofunnar	101
4.3 Upplýsingar um starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins	102
4.3.1 Skriflegar heimildir	102
4.3.2 Aðkoma borgarstjórnar Reykjavíkur að málefnum vöggustofunnar	109
4.3.3 Rannsókn Barnaverndarráðs í kjölfar ummæla Sigurjóns	130
4.3.4 Breytingar á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins	145
4.3.4 Viðtöl við starfsfólk, gesti og vistbörn	152
4.3.5 Fjöldi vistbarna, aldur, lengd og ástæða dvalar	171
4.3.6 Menntun og reynsla forstöðukvenna	177

## 5. Afdrif barna sem voru vistuð á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins ..... 179

5.1 Inngangur	179
5.2 Dvöl á öðrum vistheimilum	181
5.3 Börn sem fóru í fóstur	184
5.4 Örorka og andlát	189

## 6. Niðurstöður ..... 195

6.1 Vöggustofan Hlíðarenda	195
6.1.1 Tildrög þess að börn voru vistuð á Vöggustofunni Hlíðarenda	195
6.1.2 Eftirlit með starfsemi vöggustofunnar Hlíðarenda	201
6.1.3 Sættu börn illri meðferð eða ofbeldi á Vöggustofunni Hlíðarenda?	208
6.2. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins	217
6.2.1 Tildrög þess að börn voru vistuð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins	217
6.2.3 Eftirlit með starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins	221
6.2.3 Sættu börn illri meðferð eða ofbeldi á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins?	228

## 7. Tillögur ..... 237

7.1. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt lögum nr. 45/2022 og samþykkt borgarráðs	237
7.2. Skaðabótaskylda hins opinbera	239
7.3. Geðheilbrigðis- og sálfræðipjónusta	243
7.4. Eftirlit og framkvæmd á sviði barnaverndarmála	245
7.5. Frekari athuganir á grundvelli laga nr. 45/2022	246

## Heimildaskrá ..... 248



# 1. Um rannsókn nefndarinnar

## 1.1 Tilefni og aðdragandi

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti 10. mars 2022 að setja á stofn nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld undir eftirliti barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Samkvæmt samþykktinni skyldu markmið athugunarinnar og meginverkefni nefndarinnar vera eftirtalin:

- a. Að lýsa starfsemi vöggustofanna, hlutverki þeirra í barnaverndar- og/eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir.
- b. Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.
- c. Að lýsa því hvernig eftirliti Reykjavíkurborgar og ríkisins með vöggustofunum var háttað.
- d. Að lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofanna og nefndin telur þarfnast skoðunar.
- e. Nefndin skal skila skýrslu um störf sín til borgarráðs.
- f. Leggja grundvöll að tillögum til borgarráðs um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

Vöggustofan Hlíðarenda við Sunnutorg tók til starfa 1. október 1949 og var rekin fram á mitt ár 1963. Þá flutti vöggustofan í nýbyggt hús að Dyngjuvegi 18, sem Thorvaldsensfélagið færði borginni að gjöf en félagið hafði safnað fyrir húsinu frá 1925. Sú vöggustofa bar upp frá því heitið Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins.

Báðar þessar stofnanir voru vistheimili þar sem börn voru vistuð allan sólarhringinn, flest undir tveggja ára aldri og samneyti þeirra við foreldra var að jafnaði mjög takmarkað. Á Vöggustofunni Hlíðarenda var pláss fyrir 22 börn hverju sinni en Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins hafði rými fyrir 32 börn, en alls 46, eftir að viðbygging var reist árið 1968. Með viðbyggingunni var starfseminni skipt í vöggustofu fyrir 30 börn á aldrinum 0 - 2 ára og vistheimili fyrir börn á aldrinum 2 - 3 ára.<sup>1</sup>

Starfsemin var síðan rekin með þessu sniði þangað til henni var breytt samkvæmt samþykkt félagsmálaráðs 8. febrúar 1973. Með þeirri breytingu var ákveðið að nýta húsnæði vöggustofunnar að mestu leyti sem dagheimili, auk tveggja lítilla vistheimila fyrir börn.<sup>2</sup>

---

<sup>1</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar 1969, bls. 21.

<sup>2</sup> BSR (Borgarskjalasafn Reykjavíkur). Fundargerðir félagsmálaráðs 1973, fundargerð 8. febrúar 1973 og Þjóðviljinn 18. febrúar 1973, bls. 2.



Í ársskýrslu Félagsmálastofnunar árið 1975 er breytingunni lýst nánar á þann veg að í samráði við Thorvaldsensfélagið hafi verið samþykkt að breyta rekstri heimilisins þannig að framvegis yrðu þar 2 vistdeildir fyrir samtals 23 börn en jafnframt væri í húsakynnum rekin dagvistarstofnun fyrir 34 börn.<sup>3</sup> Var þá gert ráð fyrir að börnin þyrftu ekki að skipta um vistheimili vegna aldurs heldur að þau gætu dvalið þar á unga aldri fram á unglingsár.<sup>4</sup> Hefur þessari breytingu einnig verið lýst þannig að Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi árið 1973 verið breytt í upptökuheimili fyrir 23 börn frá þriggja mánaða til 12 ára aldurs.<sup>5</sup>

Dagheimilið sem Reykjavíkurborg stofnaði í hluta af húsnæði Thorvaldsensfélagsins fékk nafnið Dyngjuborg og tók til starfa 20. ágúst 1974.<sup>6</sup> Vistheimilið sem sett var á laggirnar gekk hins vegar ýmist undir nafninu Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins eða Vistheimilið við Dyngjuveg þar til það var sameinað Upptökuheimilinu við Dalbraut árið 1979 og þá nefnt Uppeldisstofnunin við Dalbraut.<sup>7</sup>

Samþykkt borgarráðs um stofnun nefndarinnar átti sér nokkurn aðdraganda. Í greinargerð borgarstjóra til borgarráðs 7. mars 2022 er rakið að borið hafi á gagnrýni á starfsemi vöggustofanna í gegnum tíðina og að ófagrar lýsingar hafi komið fram á aðbúnaði barna sem þar dvöldu, bæði á vettvangi borgarstjórnar og í fjölmiðlum. Sumarið 2021 hafi fimm einstaklingar sem höfðu dvalið á vöggustofunum óskað eftir því við borgarstjórn að komið yrði á fót teymi sérfræðinga til að rannsaka starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1949-1973 en vöggustofan hafi verið starfrækt til þess tíma en þá verið breytt í upptökuheimili fyrir börn frá 3 mánaða til 12 ára aldur.

Á fundi borgarráðs 22. júlí 2021 var samþykkt tillaga staðgengils borgarstjóra um að þess yrði farið á leit við forsætisráðherra að fram færi „heildstæð athugun á starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og eftir atvikum annarra vöggustofa á tilteknu tímabili.“ Óskaði Reykjavíkurborg í framhaldinu eftir því við forsætisráðherra að gerðar yrðu nauðsynlegar breytingar á lögum til að mæla fyrir um úttekt á starfsemi vöggustofa sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld.

Forsætisráðherra lagði fram frumvarp á Alþingi 1. apríl 2022 þar sem kveðið var á um að Reykjavíkurborg fengi heimild til að skipa nefnd sem hefði viðhlítandi lagaheimildir til að rannsaka starfsemi vöggustofanna. Mælti forsætisráðherra fyrir frumvarpinu á Alþingi 8. apríl sama ár en í framsöguræðu sinni sagði hún það vera flutt „af gefnu dapurlegu tilefni“. Vöggustofurnar væru „dökkur blettur á sögu barna á Íslandi og það [væri] mjög mikilvægt, bæði fyrir börnin og foreldra þeirra sem tengjast vöggustofunum“ að málið yrði upplýst.<sup>8</sup>

---

<sup>3</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar 1975, bls. 38.

<sup>4</sup> [Tíminn 8. febrúar 1974, bls. 19.](#)

<sup>5</sup> Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir. Reykjavík 2008, bls. 36, 39-40, 42-44.

<sup>6</sup> [Sumardagurinn fyrsti, 42. tbl. 1975, bls. 8.](#)

<sup>7</sup> [Vísir 22. maí 1979, bls. 8.](#)

<sup>8</sup> [152. löggjafarþing — 67. fundur, 8. apríl 2022, 599. mál.](#)

Með setningu laga nr. 45/2022, sem tóku gildi 7. júlí 2022, fékk Reykjavíkurborg heimild til þess að setja á fót nefnd til að rannsaka málefni vöggustofa sem reknar voru í borginni á síðustu öld. Í 3. gr. laganna var kveðið á um að nefndin skyldi hafa óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslum stjórnvalda sem vörðuðu starfsemi þeirra vöggustofa sem lögin giltu um. Þar á meðal væru gögn sem hefðu að geyma almennar og viðkvæmar persónuupplýsingar.

Borgarráð samþykkti endanlega skipun vöggustofunefndarinnar á fundi 21. júlí 2022. Í samþykkt borgarinnar var ákveðið að Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari yrði formaður nefndarinnar og að með honum störfuðu Urður Njarðvík prófessor í barnasálfræði við Háskóla Íslands og Ellý Alda Þorsteinsdóttir félagsráðgjafi og fyrrverandi skrifstofustjóri í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar og framkvæmdastjóri barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Með samþykkt borgarráðs 21. júlí 2022 var jafnframt breytt d-lið í upphaflegri samþykkt ráðsins frá 10. mars 2022 um verkefni nefndarinnar. Samkvæmt d-lið, eins og orðalagið var í kjölfar breytingarinnar, var það jafnframt verkefni nefndarinnar að „lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofanna og nefndin telur þarfnast skoðunar, þar á meðal eins og kostur er afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunum eftir að dvölinni lauk“.

Af greinargerð með tillögunni sem varð að samþykkt borgarráðs verður ráðið að þessi breyting hafi verið gerð til að gæta til samræmis við 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. nýsamþykktra laga nr. 45/2022 um heimild Reykjavíkurborgar til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vöggustofa. Er d-liður samþykktar borgarráðs orðaður í samræmi við orðalag lagaákvæðisins.

## 1.2 Umfang og viðfangsefni rannsóknar

Við lestur þessarar skýrslu er nauðsynlegt að hafa í huga að efni hennar ræðst að miklu leyti af því hvernig verkefni vöggustofunefndar eru afmörkuð í lögum og samþykktum borgarráðs. Um athugun nefndarinnar gilda sem fyrr segir lög nr. 45/2022, en með 1. mgr. 1. gr. laganna er Reykjavíkurborg veitt heimild til að skipa nefnd til að kanna starfsemi „vöggustofa fyrir börn sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld“. Í lögnum er ekki skilgreint með beinum hætti hvaða stofnanir falli undir vöggustofur í skilningi laganna. Samkvæmt samþykkt borgarráðs frá 10. mars 2022 sem vitnað er til hér að framan hefur nefndin hins vegar það verkefni að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld.

Pegar tekin er afstaða til þess hvaða starfsemi falli undir verkefni nefndarinnar samkvæmt lögum nr. 45/2022 verður að hafa í huga að ákvæði laganna fela í sér yfirgripsmiklar heimildir til þess að afla upplýsinga um einstaklinga og hagi þeirra. Í ljósi þeirrar verndar sem friðhelgi einkalífs nýtur samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar sem og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu telur vöggustofunefnd einsýnt að þær heimildir sem byggja á ákvæðum laganna sem

og samþykkt borgarstjórnar verða eðli málsins samkvæmt ekki túlkaðar rúmt. Í þessu sambandi verður nefndin einnig að horfa til þess að hún er bundin af ákvæðum laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og verður að gæta þess að ekki leiki vafi á heimild hennar til að vinna með upplýsingar á grundvelli 9. og 11. gr. þeirra laga.

Að mati nefndarinnar liggur ljóst fyrir að starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda hófst formlega 10. október 1949 og stóð þar óslitið og að meginstefnu óbreytt þar til að starfsemin fluttist í húsnæði Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 20. júní 1963. Samkvæmt þeim gögnum sem nefndin hefur aflað var starfsemin rekin að miklu leyti í sams konar mynd til ársins 1973.

Eins og áður getur var ákveðið að breyta starfsemi vöggustofunnar með samþykkt Félagsmálaráðs 8. febrúar 1973 þannig að húsnæði vöggustofunnar yrði að mestu leyti nýtt sem dagheimili þar sem börn dvöldu einungis hluta úr degi. Á sama tíma var ákveðið að hluti vöggustofunnar yrði nýttur sem vistheimili fyrir börn frá 3 mánaða til 12 ára aldurs. Það vistheimili gekk síðan ýmist undir undir nafninu Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins eða Vistheimilið við Dyngjuveg þar til það var sameinað Upptökuheimilinu við Dalbraut árið 1979 og þá nefnt Uppeldisstofnunin við Dalbraut.<sup>9</sup>

Í sérstakri greinargerð borgarstjóra, dags. 7. mars 2022, að baki tillögu þeirri sem samþykkt var í borgarráði 10. mars 2022 um athugun nefndarinnar er lagt til grundvallar að vöggustofunnar hafi starfað frá 1949 til 1973. Sama tímabil er einnig tiltekið í bréfi því sem ritað var til borgarstjórnar, dags. 13. júní 2021, en bréfið fylgdi tillögu borgarstjóra til borgarráðs. Þá verður enn fremur að hafa í huga að í almennum athugasemdum um nauðsyn lagasetningar í frumvarpi því er varð að lögum nr. 45/2022 eru Vöggustofan Hlíðarenda og Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins nefndar sérstaklega sem vöggustofur sem heyrðu undir barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Sú fyrrnefnda hafi starfað frá 1949 til 1963 en sú síðarnefnda frá 1963 til 1973, þar til henni hafi verið breytt í „upptökuheimili“ fyrir 23 börn á aldrinum þriggja mánaða til tólf ára en sú starfsemi hafi verið rekin til ársins 1979.<sup>10</sup>

Í samræmi við framangreint hefur athugun nefndarinnar verið afmörkuð við starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árabílinu 1949-1973. Hefur nefndin þá miðað við að heimildir hennar til athugunar nái til loka árs 1973. Í því sambandi er einnig litið til þess að þær breytingar sem gerðar voru árið 1973 lúta að sjálfu eðli starfseminnar og börn sem vistuð voru í kjölfar þeirra voru á mjög breytilegum aldri. Loks telur nefndin nauðsynlegt að hafa í huga með samþykkt borgarráðs 10. mars 2022 var horfið frá þeirri ráðagerð sem fram kom í eldri samþykkt borgarráðs frá 22. júlí 2021 um að athugunin tæki „eftir atvikum [til] annarra vöggustofa á tilteknu árabíli“, þ.e. utan tímabilsins 1949-1973.

---

<sup>9</sup> Vísir 22. maí 1979, bls. 8.

<sup>10</sup> Alþingistíðindi A-deild, Þingskjal 841, 599. mál. Aðgengilegt á <https://www.althingi.is/alttext/152/s/0841.html>.

Að því er varðar viðfangsefni nefndarinnar þá hefur Alþingi skilgreint markmið athugunarinnar og meginverkefni nefndarinnar með eftirfarandi hætti í 1. til 5. tölulið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022:

1. Að lýsa starfsemi vöggustofanna, hlutverki þeirra í barnaverndar- eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir.
2. Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á vöggustofunum hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.
3. Að lýsa því hvernig eftirliti Reykjavíkurborgar og ríkisins með vöggustofunum var háttað.
4. Að lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofanna og nefndin telur þarfnast skoðunar, þar á meðal eins og kostur er afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunum eftir að dvölinni lauk.
5. Að leggja grundvöll að tillögum til Reykjavíkurborgar um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

Framangreind ákvæði svara að mestu efnislega til þess hvernig markmiðum athugunarinnar er lýst í samþykkt borgarráðs 10. mars 2022, sbr. liði a) til f), en í e)-lið samþykktarinnar er þó kveðið á um að nefndin skuli skila skýrslu um störf sín til borgarráðs. Er samsvarandi ákvæði í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022. Nefndin er bundin af ofangreindum ákvæðum laga og samþykktarinnar og tekur efni þessarar skýrslu mið af því.

Nefndin hefur ákveðið að fjalla sérstaklega um starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda í 3. kafla, sem spannar tímabilið 1. október 1949 til 19. júní 1963, og í 4. kafla um starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, frá 20. júní 1963 til 31. desember 1973. Í þessum köflum er leitast við að lýsa starfsemi vöggustofanna eins og kostur er, hlutverki þeirra í barna- og uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar.

Ástæður þess að fjallað er um hvora vöggustofuna um sig lúta í meginatriðum að ólíku skipulagi þeirra og fyrirkomulagi rekstrarins. Þannig liggur fyrir að það var alfarið í verkahring barnaverndarnefndar Reykjavíkur að taka ákvarðanir um vistun barna á Vöggustofunni Hlíðarenda. Á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins var málum hins vegar háttað þannig að Thorvaldsensfélagið hafði sjálft fimm pláss sem það gat ráðstafað samkvæmt skilmálum sem gerðir voru þegar félagið afsalaði Reykjavíkurborg húsnæði vöggustofunnar. Hést sú skipan allt til ársins 1967.

Umsvif Hlíðarenda voru auk þess nokkuð minni en síðar varð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Síðastnefnda stofnunin hafði við opnun rými fyrir alls 32 börn og síðan 46 börn eftir að viðbótarálma var tekin í notkun í febrúar 1969. Hlíðarendi hafði hins vegar aldrei rými fyrir fleiri en 22 börn.

Í 5. kafla er síðan fjallað sérstaklega um afdrif barna sem vistuð voru á vöggustofum, meðal annars hversu mörg þeirra fóru í fóstur eða á önnur vistheimili. Þá er þar einnig fjallað um

dánar- og örorkutíðni í hópi þeirra og hvernig hún horfir við í samanburði við aðra einstaklinga sem fæddust á sama tíma á Íslandi. Loks hefur 6. kafli að geyma niðurstöður nefndarinnar um tildrög þess að börn voru vistuð á vöggustofunum og jafnframt hvort og þá í hvaða mæli þau börn hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð. Í sama kafla er einnig gerð grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar um hvernig eftirliti Reykjavíkurborgar og ríkisins með vöggustofunum var háttað.

### 1.3 Málsmeðferð, rannsóknarheimildir og gagnaöflun

Það leiðir af 1. mgr. 2. gr. laga nr. 45/2022 að nefndin var sjálfstæð og óháð í störfum sínum og þar með óháð fyrir mælum frá öðrum, meðal annars Reykjavíkurborg, ef frá er talin sú afmörkun rannsóknar sem fram kemur í samþykkt borgarráðs frá 10. mars 2022, með síðari breytingum.

Um rannsóknarheimildir nefndarinnar er fjallað í 3. gr. laganna. Í 1. mgr. 3. gr. var kveðið á um að nefndin skyldi hafa óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslum stjórnvalda sem vörðuðu starfsemi þeirra vöggustofa sem lögin giltu um. Þar á meðal væru gögn sem hefðu að geyma almennar og viðkvæmar persónuupplýsingar. Þá var í ákvæðinu mælt fyrir um það að stjórnvöld skyldu taka saman skriflegar greinargerðir um einstaka þætti könnunarinnar ef nefndin óskaði þess.

Á grundvelli framangreindra rannsóknarheimilda fékk nefndin aðgang að öllum gögnum Borgarskjalasafns sem hugsanlega höfðu að geyma upplýsingar um vöggustofur. Miðað við upphaflega áætlun safnsins sjálfs, sbr. bréf safnsins til borgarritara 20. september 2021, námu þessi gögn um 6000 skjölum. Við lok rannsóknar var ljóst að gögnin sem tekin voru til skoðunar voru talsvert fleiri. Þannig fór nefndin yfir efni skjala í 114 öskjum í Borgarskjalasafni en áætlað er að fjöldi skjala í öskjunum nemi á bilinu 25.000 til 30.000.

Í þeim gögnum sem Borgarskjalasafn hefur í vörslum sínum eru upplýsingar um starfsemi og rekstur vöggustofanna, en einnig gögn um innheimtu dvalargjalda og kostnað við vistun á vöggustofum. Þar er einnig að finna upplýsingar í skjölum sem merkt eru sem *Heilsufar barna* í skjalasafni Vöggustofunnar Hlíðarenda og sem *Dagálar* í skjalasafni Thorvaldsensfélagsins en þessi gögn bera með sér að hafa verið færð á vöggustofunum sjálfum. Til hægðarauka verður eftirleiðis í þessari skýrslu vísað til þessara skjala undir heitinu „vistunarskjöl“.

Í þessum skjölum er að jafnaði að finna upplýsingar um hvenær hvert og eitt barn var vistað og hvenær það fór af vöggustofunni, heilsufar barnsins við læknisskoðanir, svo og hverjir foreldrar þess eru. Þá er þar jafnframt eftir atvikum að finna upplýsingar um ástæður

vistunar á vöggustofu.<sup>11</sup> Gögnin sem um ræðir eru að mati nefndarinnar áreiðanlegustu heimildirnar um hvort barn hafi verið vistað á vöggustofu og hversu lengi en af þeim verður ráðið að alls hafi 1.083 börn verið vistuð á umræddum vöggustofum frá 1. október 1949 til 31. desember 1973.<sup>12</sup>

Vöggustofunefnd vekur athygli á því að við rannsókn hennar varð ekki séð að neinar skipulegar skrár hafi verið haldnar um hvaða börn voru vistuð voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Vöggustofunefnd varð því sjálf að ráða fram úr með athugun á hverju og einasta gagni sem fannst um hvert barn í Borgarskjalasafni hvaða börn voru vistuð á vöggustofunum. Eðli málsins samkvæmt var sú athugun tímafrek.

Í ljósi þess að nefndinni var falið það lögbundna hlutverk að lýsa tildrögum vistunar og vistunarskjöl geyma oft og tíðum engar upplýsingar um þau taldi nefndin enn fremur nauðsynlegt að fara yfir öll tiltæk gögn barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Félagsmálastofnunar Reykjavíkur. Formaður og starfsmaður nefndarinnar fóru yfir allar fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur á tímabilinu 1949 til 1973 til að kanna hvort þar væru upplýsingar um ástæður vistunar. Fundargerðirnar varpa einnig ljósi á starfsemi vöggustofanna og hlutverk þeirra í barnaverndar- eða uppeldismálum, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022, svo og því hvernig eftirliti Reykjavíkurborgar og ríkisins var háttað með vöggustofunum, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 1. gr. sömu laga. Er þar meðal annars fjallað um hvenær barnaverndarnefnd fór í eftirlitsheimsóknir og auk þess er þar fjallað um almenna stefnumörkun.

Í þessum fundargerðum er oft og tíðum að finna upplýsingar um hvort barnaverndarnefnd hafi haft afskipti af högum foreldra og hvenær barn hafi verið vistað á vöggustofu. Þá er þar eftir atvikum að finna upplýsingar um ástæður vistunar. Ekki verður þó með vissu ráðið að ákvörðun um vistun barns á vöggustofu hafi verið færð í fundargerð í hverju tilviki en um það er fjallað í köflum 6.1.1 og 6.2.1.

Þá leitaði nefndin jafnframt í einstökum málum í málafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur eftir heiti foreldra eða barna í því skyni að upplýsa frekar hvers vegna barn var vistað á

---

<sup>11</sup> BSR. Málasafn Félagsmálastofnunar. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins. Askja 294. Sjá einnig BSR. Málasafn Félagsmálastofnunar. Vistheimili barna. Barnavernd. Upplýsingar um börn sem dvöldu á vistheimili barna (dagálar barna). Öskjur 126 -139.

<sup>12</sup> Í ódagsettu bréfi Kristbjörns Tryggvasonar og Björns Júlíussonar, lækna vöggustofanna, til Barnaverndarráðs, sem ritað var í tilefni af athugun ráðsins vegna gagnrýni Sigurjóns Björnssonar á starfsemi vöggustofanna í borgarráð í mars 1967, segir að umrædd skjöl séu skráð af lækni vöggustofanna. Þar sé oft getið um andlegan þroska og breytingar á honum, en þá hafi ætíð verið rætt við forstöðukonu og annað starfsfólk sem annaðist börn og fylgdist daglega með þeim. Athugasemdir í skjölunum varðandi það atriði séu því að meirihluta álit forstöðukonu en að sjálfsögðu talin rétt af skrásetjanda, lækni sem ráðinn var á vöggustofuna eða staðgengli í hans fjarveru. Að jafnaði hafi ekki verið skráð neitt um börn sem talin voru andlega heilbrigð og því beri að líta svo á að barn sé andlega heilbriggt, nema annars væri getið í skjali.



vöggustofu. Fyrir liggur að umrædd gögn, ásamt fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur, námu nokkur þúsund blaðsíðum sem voru nær eingöngu handskrifaðar.

Í gögnum Borgarskjalasafns var í ákveðnum tilvikum að finna ítarlegri upplýsingar um tiltekna einstaklinga sem vistaðir voru á vöggustofum. Þannig fann nefndin rannsóknargögn frá Geðverndardeild barna sem starfrækt var á Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg. Þar er fjallað um 10 börn sem vistuð voru á vöggustofunni Hlíðarenda á árabílinu 1949 til 1962. Af efni gagnanna verður ráðið að þar er um að ræða sálfræðilegar rannsóknir á börnunum sem lúta meðal annars að því hvaða áhrif dvöl á vöggustofu kann að hafa haft á börnin til lengdar en um slíkar rannsóknir var fjallað um í borgarráði 1967 í tengslum við gagnrýni sem þar var sett fram á starfsemi vöggustofa, sbr. kafla 4.3.2. Þá er þar einnig að finna gögn sem Barnaverndarráð Íslands aflaði um sömu börn í kjölfar samþykktar borgarráðs frá 6. apríl 1967. Um þessi gögn er fjallað nánar í kafla 4.3.3 hér á eftir.

Hjá Borgarskjalasafni var einnig að finna skjöl með almennari lýsingu á aðstæðum barna á Hlíðarenda, svo og yfirlit yfir foreldra og börn vegna innheimtu daggjalda fyrir árin 1950 og 1952.<sup>13</sup> Í málafni félagsmálastofnunar, skrifstofu félagsmálastjóra er að finna skýrslu nefndar frá 20. mars 1957 *Tillögur um barnaheimili í Reykjavík*.<sup>14</sup> Auk þess var að finna margvísleg gögn um málefni vöggustofanna í málafni borgarstjóra. Þannig er fjallað um vöggustofur í skýrslum um barnaheimili í Reykjavík tímabilið 1951 til 1962 og um barnavernd almennt í Reykjavík tímabilið 1951-1962.

Þá er einnig að finna upplýsingar um vöggustofur í tillögum Jónasar B. Jónssonar, fræðslustjóra, og Jónasar Pálssonar, forstöðumanns sálfræðideildar skóla frá nóvember 1962, umsögn barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 10. mars 1963, tillögum Jónasar B. Jónssonar og Ásgeirs Guðmundssonar, dags. 4. mars 1963 um byggingu dagheimila og leikskóla, kostnaðaráætlun Gunnlaugs Péturssonar og Jónasar B. Jónssonar, dags. 7. mars 1963, um byggingu vistheimila sem lagðar voru fram í borgarráði 26. mars 1963. Auk þess er fjallað um vöggustofur í skýrslunni *Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar* sem lögð var fram í félagsmálaráði 18. september 1969.<sup>15</sup> Í fundargerðum borgarráðs milli 1949 til 1973 er einnig að finna margháttaðar upplýsingar um vöggustofur og aðkomu Reykjavíkurborgar að rekstri þeirra.<sup>16</sup>

Nefndin aflaði einnig gagna hjá Þjóðskjalasafni Íslands, meðal annars úr skjalasafni Geðverndardeildar barna á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur til að freista þess að varpa ljósi

---

<sup>13</sup> BSR. Málafni Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 148. Trúnaðarmál. Barnaheimili. Vöggustofan Hlíðarenda.

<sup>14</sup> BSR. Málafni Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 149. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Trúnaðarmál. Barnavernd, Barnaheimili. Barnaheimili ýmislegt vegna barnaverndar 1932 til 1959.

<sup>15</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafni. F-31. Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar. Lagt fram í félagsmálaráði 18. september 1969.

<sup>16</sup> Sjá hér meðal annars fundargerð borgarráðs frá 5. nóvember 1971 þar sem fram kemur að borgarráð og félagsmálaráð séu að kanna til hlítar hvernig nýta megi betur það fjármagn sem sé til ráðstöfunar þess að reisa barnaheimili á hverju ári.

á hvaða áhrif dvöl á vöggustofu hefði haft á viðkomandi börn. Tók nefndin meðal annars til athugunar gögn frá geðverndardeildinni um önnur börn sem voru vistuð á vöggustofu en þau sem voru hluti af rannsóknum Sigurjóns Björnssonar sem fjallað var um í borgarráði Reykjavíkur árið 1967 með það fyrir augum hvort fjallað væri um áhrif dvalarinnar á heilsu þeirra.

Þá kannaði nefndin gögn hjá safninu um starfsemi Barnaverndarráðs Íslands, meðal annars um það hvernig eftirliti hafi verið háttað með barnaverndarnefnd Reykjavíkur, einkum þá því hvernig nefndin rækti starfsskyldur sínar um rekstur vöggustofanna og eftirlit með velferð þeirra barna sem þar dvöldu. Eins og áður segir var rekstur vöggustofanna undir eftirliti barnaverndarnefndar á þeim tíma sem rannsókn nefndarinnar tók til.

Fyrir liggur að Barnaverndarráð tók starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins til sérstakrar athugunar árið 1967. Var það gert að beiðni borgarstjóra í kjölfar þess að gagnrýni var sett fram á starfsemi vöggustofuanna í borgarráði. Þeirri athugun lauk 8. október 1970. Gögn um rannsókn Barnaverndarráðs hafa ekki fundist á Þjóðskjalasafni þrátt fyrir ítarlega leit starfsmanna safnsins. Í bréfi formanns Barnaverndarráðs til borgarstjóra frá í október 1970 er hins vegar gerð grein fyrir þeim gögnum sem ráðið aflaði vegna athugunar sinnar. Við athugun nefndarinnar verður hins vegar ekki annað séð en að þau gögn sem vísað er til með þessum hætti í bréfinu hafi verið varðveitt á Borgarskjalasafni.<sup>17</sup>

Við rannsókn nefndarinnar á skjalasafni Borgarskjalsafns kom í ljós að 199 börn sem vistuð voru á vöggustofum voru ekki auðkennd með nafni í þeim skjölum sem þar voru varðveitt. Einungis var vísað til þeirra með fæðingardegi og nöfnum foreldra. Um tíu þessara barna dvöldu skemur en einn mánuð á vöggustofunum. Í þessum hópi er hins vegar einnig barn sem dvaldi alls tvö ár á vöggustofunni og annað barn sem dvaldi lengur en eitt ár, auk þriggja barna sem dvöldu lengur en hálf ár.

Af því tilefni leitaði nefndin upplýsinga frá Þjóðskrá Íslands vegna athugunar sinnar til þess að nefndinni væri unnt að bera kennsl á þennan hóp ónafngreindra barna og kanna tildrög þess hvers vegna þau voru vistuð á vöggustofum. Með upplýsingum frá Þjóðskrá tókst að bera kennsl á öll börn nema tvö sem ekki voru auðkennd með nafni í skjölum Borgarskjalasafns.

Nefndin studdist einnig við upplýsingar sem birst höfðu opinberlega í fjölmiðlum um starfsemi vöggustofanna. Ber þá helst að nefna samtíma fréttaumfjöllun þar sem aðstæðum á vöggustofunum er lýst og einnig blaðgreinar þar sem sett er fram gagnrýni á starfsemi vöggustofanna. Auk þess hefur nefndin litið til viðtala sem birst hafa við einstaklinga sem dvalið hafa á vöggustofu eða starfað þar.

---

<sup>17</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja 83.



Þá aflaði nefndin einnig upplýsinga frá Tryggingastofnun ríkisins til að athuga tíðni örorku hjá þeim einstaklingum sem vistaðir voru á vöggustofum og hvernig sú tíðni væri í samanburði við aðra Íslendinga sem fæddir voru á sama árabili. Var það gert í því skyni að varpa ljósi á afdrif þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofum og hvaða áhrif vistunin hefði haft á þau til frambúðar. Sömu gögn veittu upplýsingar um dánartíðni einstaklinga sem vistaðir voru á vöggustofu í samanburði við einstaklinga sem fæddir voru á sama árabili. Þá fékk nefndin upplýsingar úr dánarmeinaskrá hjá embætti Landlæknis í því skyni að varpa ljósi á dánarorsakir þeirra sem vistaðir voru á vöggustofu og nú eru fallnir frá.

Loks aflaði nefndin gagna úr skjalasafni vistheimilaneftndar og hjá sanngirnisbótanefnd. Með þeirri gagnaöflun var leitast við að afla upplýsinga um hversu mörg barnanna sem vistuð voru á vöggustofu dvöldu síðar á vistheimilum og hversu mörg hefðu fengið greiddar sanngirnisbætur vegna þeirrar dvalar. Með hvoru tveggja er lagður grunnur að lýsingu nefndarinnar á afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunum eftir að dvölinni lauk, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022.

Ljóst er að skjöl og upplýsingar sem varðveittar eru í opinberum skjalasöfnum hafa gegnt lykilhlutverki í rannsókn nefndarinnar. Vinna við þessi gögn var umfangsmikil og naut nefndin við hana liðsinnis Péturs Hrafns Árnasonar, sagnfræðings, sem var starfsmaður nefndarinnar. Rétt er að taka fram að opinberar stofnanir sem höfðu umrædd gögn og upplýsingar í vörslum sínum svöruðu nær allar fyrirspurnum nefndarinnar greiðlega og starfsmenn voru jafnframt boðnir og búnir að aðstoða nefndina við að vinna frekar úr upplýsingum og gagnasöfnum þegar á reyndi. Kann nefndin þeim öllum bestu þakkir fyrir framlag sitt til starfa nefndarinnar að þessu leyti. Nefndin telur þó rétt að færa sérstakar þakkir til Kristínar Fjólu Fannberg, lögfræðings Borgarskjalasafns, Guðmundar Hjaltalín, kerfisfræðings hjá Tryggingastofnun, og Benedikts Eypórssonar, fagstjóra upplýsingaþjónustu Þjóðskjalasafns, sem veittu nefndinni sérlega lipra og mjög þýðingarmikla aðstoð við gagnaöflun og greiningu gagna.

## 1.4 Skýrslutökur

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 45/2022 var nefndinni heimilt að taka skýrslur af einstaklingum sem dvöldu á vöggustofunum og hverjum þeim sem talið var að byggju yfir vitneskju sem kæmi að notum, ef þeir samþykktu. Í 3. mgr. 3. gr. var jafnframt kveðið á um að læknum, öðru heilbrigðisstarfsfólki, starfsmönnum sveitarfélaga og opinberum starfsmönnum, sem ella væru bundnir þagnarskyldu, væri skylt að veita nefndinni upplýsingar sem lúta að starfsemi vöggustofanna væri þess óskað, eftir atvikum með því að gefa nefndinni skýrslu. Hið sama gilti um þá sem látið hefðu af störfum.

Þar sem starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda lauk formlega 20. júní 1963 þegar starfsemin fluttist yfir í vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, fyrir 60 árum, tókst nefndinni einungis að hafa upp á sex fyrrverandi starfsmönnum sem höfðu heilsu til ræða við nefndina. Af þeim fimmtán

Öðrum einstaklingum sem nefndin gat staðreynt að starfað höfðu á Hlíðarenda á tímabilinu 1949 til 1963 eru allir látnir. Nefndin tók hins vegar skýrslur af 27 einstaklingum sem störfuðu á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins innan þess tímabils sem rannsókn nefndarinnar tók til.

Einstaklingarnir sem störfuðu á vöggustofum Reykjavíkurborgar á fyrrgreindu tímabili eru ýmist á áttæðis- eða níuræðisaldri. Af samtölum við þá var ljóst að reynslan af starfi á vöggustofu hafði verið sumum þeirra þungbær en öðrum ekki. Vegna aldurs og heilsu margra þessara einstaklinga fór skýrslutakan í flestum tilvikum þannig fram að viðkomandi voru sóttir heim. Markaði nefndin jafnframt þá stefnu í upphafi viðtala sinna að starfsmenn yrðu ekki nafngreindir í þessari skýrslu og ekki vitnað til orða þeirra með nafni í skýrslunni nema leitað yrði samþykkis þeirra sérstaklega. Var hverjum og einum starfsmanni gerð grein fyrir þessu verklagi í upphafi viðtals.

Einungis einn starfsmaður vöggustofanna sem nefndin taldi þörf á að taka skýrslu af synjaði beiðni nefndarinnar um viðtal. Var þar um að ræða fóstru sem starfaði á vöggustofunni árin 1969 til 1970.

Sigurjón Björnsson, fyrrverandi forstöðumaður Geðverndardeildar barna, færðist enn fremur undan beiðni nefndarinnar um að koma í viðtal vegna aldurs og heilsufarsástæðna. Í samtali við formann nefndarinnar sem fór fram símleiðis 5. maí 2023 kvaðst Sigurjón þó standa við þá gagnrýni sem hann hefði sett fram á starfsemi vöggustofanna á sínum tíma.

#### *Skýrslur af þeim sem dvöldu á vöggustofum og aðstandendum þeirra*

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 45/2022 var nefndinni heimilt að taka skýrslur af einstaklingum sem dvöldu á vöggustofunum og hverjum þeim öðrum sem nefndin telur að búi yfir vitneskju sem komi að notum í starfi hennar enda veiti þeir samþykki sitt.

Eins og áður greinir hefur nefndin staðreynt að alls hafi 1.083 einstaklingar verið vistaðir á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins þann tíma sem rannsókn nefndarinnar tekur til. Á sjötta tug einstaklinga leitaði til nefndarinnar og óskaði eftir að koma á framfæri upplýsingum við nefndina, ýmist með tölvupósti eða viðtali að eigin frumkvæði eftir að skipun nefndar var tilkynnt og fréttir bárust af því að rannsókn væri hafin. Þá leituðu á þriðja tug einstaklinga til nefndarinnar af sama tilefni eftir að nefndin auglýsti sérstaklega að hún tæki á móti einstaklingum sem vistaðir voru á vöggustofum í viðtöl. Auglýsing þar um birtist sérstaklega á heimasíðu Reykjavíkurborgar 27. apríl 2023 og var fjallað um þá auglýsingu í fjölmiðlum.<sup>18</sup> Frá þeirri auglýsingu var enn fremur greint sérstaklega í sérstökum hópi á samfélagsmiðlinum Facebook sem helgaður er málefnum vöggustofanna 27. apríl og 27. maí 2023 en í þeim hópi eru fleiri en 500 einstaklingar. Í sama hópi hafði áður, eða 23. nóvember 2022 og 13. mars 2023 verið greint frá að nefndin óskaði eftir að ræða við

---

<sup>18</sup> [www.mbl.is/frettir/innlent/2023/04/27/oska\\_eftir\\_vidtolum\\_vegna\\_voggustofa\\_reykjavikur/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/04/27/oska_eftir_vidtolum_vegna_voggustofa_reykjavikur/)

aðstandendur vöggustofubarna og aðra sem myndu eftir vistun barnanna og aðbúnaði á vöggustofunum.

Samkvæmt þeim gögnum sem nefndin hefur aflað voru langflestir þessara einstaklinga sem nefndin ræddi við vistaðir á vöggustofum undir 2 ára aldri. Af gögnum sem nefndin hefur aflað voru einungis 10,6% barna sem dvöldu á vöggustofunum 1949 til 1973 eldri en 2 ára.

Um rannsóknir á áreiðanleika vitnisburða af atvikum sem einstaklingar upplifa á þessu aldurs skeiði er fjallað almennt um í annarri áfangaskýrslu vistheimilaneftndar sem kom út árið 2010. Er þar rakið að við mat á frásögnum fullorðinna um atburði sem gerðust snemma í æsku þurfi að hafa í huga að slík upprifjun sé háð minnisleysi og að flestir muni fátt af því sem gerðist fyrir fimm ára aldur.<sup>19</sup> Þannig lýsi fólk gjarnan frekar almenntri þekkingu sinni á atburðum þegar það reynir að rifja upp minningar frá því fyrir fimm ára aldur en að það gefi nákvæmar lýsingar á þeim.<sup>20</sup> Þegar fullorðnir rifja upp minningar frá fyrstu árum ævinnar komi oft fram að þeir vita ekki hvort minningarnar séu raunverulegar eða hvort þær byggist á frásögnum úr fjölskyldunni eða því sem þeir hafa séð á ljósmyndum.<sup>21</sup>

Í skýrslu rannsóknarnefndar Breska sálfræðingafélagsins, *Guidelines on Memory and the Law. Recommendations from the Scientific Study of Human Memory* (2008), sem vitnað er til í annarri áfangaskýrslu vistheimilaneftndar, kemur einnig fram að flestir muni lítið eða ekkert frá því fyrir þriggja ára aldur og er þetta aldurs skeið stundum nefnt tímabil æskuminnisleysis (childhood amnesia). Í sömu skýrslu er lagt til grundvallar að fólk muni fátt frá aldurs skeiðinu þriggja til fimm ára, en meira sem gerðist þegar það var fimm til sjö ára gamalt. Að sama skapi virðist mun auðveldara að rifja upp æskuminningar frá átta ára aldri og eftirleidis og ekki fyrr en um tíu ára aldurinn sem minningar fá á sig mynd, innihald og skipulag þess sem gerist á fullorðinsárum.<sup>22</sup>

Skýrsluhöfundar rannsóknarnefndar Breska sálfræðingafélagsins segja að almennt sé ekki hægt að líta svo á að minningar um atburði sem eiga að hafa átt sér stað fyrir sjö ára aldur séu traustar ef ekki er unnt að staðfesta þær með utanaðkomandi óháðum sönnunargögnum. Er þar mælt með því að vel skipulögðum minningum af smáatriðum sem eiga að hafa gerst á aldrinum fimm til sjö ára sé tekið með fyrirvara og að hafður sé verulegur fyrirvari gagnvart sams konar minningum af smáatriðum sem eiga að hafa gerst á aldrinum þriggja til fimm ára.

---

<sup>19</sup> Sjá hér skýrslu rannsóknarnefndar Breska sálfræðingafélagsins, *Guidelines on Memory and the Law. Recommendations from the Scientific Study of Human Memory* (2008) og Waldfogel, S.: „The frequency and affective character of childhood memories“. - Wang, Q.: „Infantile amnesia reconsidered“

<sup>20</sup> Sjá hér einnig skýrslu vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 46-48.

Skýrslan er aðgengileg á vef forsætisráðuneytisins á slóðinni: <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Skyrslur/afangaskyrsla2.pdf>

<sup>21</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 46-48.

<sup>22</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2, Reykjavík 2010, bls. 46-48.

Pá er þar enn fremur mælt með því að öllum minningum af atburðum sem eigi að hafa átt sér stað fyrir þriggja ára aldur sé tekið með miklum fyrirvara og ekki sé litið á þær sem raunverulegar minningar án óháðra sönnunargagna.<sup>23</sup>

Eins og rakið er í skýrslu vistheimilaneftndar gefa rannsóknir til kynna margar og misvísandi ástæður þess hvers vegna svo erfitt er að rifja upp snemmbúna reynslu. Ljóst sé að málproski hafi þar áhrif því í fyrstu skráist reynsla ekki í minni á munnlegan hátt. Auk þess virðist málproski þegar atburðurinn á sér stað hafa áhrif á hvernig börnum tekst að rifja hann upp. Pá hafi rannsóknir líka sýnt að félagsleg samskipti hafi áhrif á minni því börn byrji að mynda langtíma minningar þegar þau byrja að tala um reynslu sína við aðra og gera þannig æviminningarnar merkingarbærari.<sup>24</sup>

Í ljósi framangreinds taldi vöggustofunefnd almennt rétt að gæta varfærni við mat á áreiðanleika frásagna um dvöl á vöggustofu að því marki sem þær frásagnir komu frá einstaklingum sem dvöldust þar sjálfir. Viðtöl nefndarinnar við þá voru því einkum miðuð við að afla upplýsinga um hvaða áhrif þeir teldu að vöggustofan hefði haft á líf þeirra og hver afdrif þeirra hefðu orðið, enda lutu viðtölin í öllum meginatriðum að því efni. Nefndin ræddi hins vegar einnig við einstaklinga sem dvöldu á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins um langa hríð eftir 4 ára aldur og fram yfir sex ára því þeir áttu eftir atvikum skýrari minningar um dvöl sína og daglegt líf á vöggustofunni.

Ljóst er að vegna aldurs og fjölda þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á vöggustofum Hlíðarenda og Thorvaldsensfélagsins var það ákveðnum erfiðleikum bundið fyrir nefndina að hafa samband við þá bréfleiðis eða símleiðis og óska eftir viðtali. Með vísan til þessa fjölda, sem og hversu ólíklegt væri að umræddir einstaklingar byggju yfir áreiðanlegum upplýsingum um viðfangsefni rannsóknar nefndarinnar út frá eigin minni, bæði í ljósi þess tíma sem liðinn er frá vistun á vöggustofu og ungs aldurs þegar vistunin átti sér stað, tók nefndin þá ákvörðun að hún hefði ekki frumkvæði að því að óska eftir viðtali við þessa einstaklinga.

Nefndin hafði þá ekki síður í huga að þeim sem vistaðir voru á vöggustofu kunni að vera afar þungbært að rifja þá staðreynd upp og ekki er unnt að ganga út frá því að viðkomandi kærði sig yfirhöfuð um slíka upprifjun fyrir tilstilli opinberrar nefndar. Pá var einnig viðbúið að einstaklingum sem vistaðir voru á vöggustofu væri hreinlega alls ókunnugt um að þeir hefðu dvalið á vöggustofu.

Af þeim sökum var það mat nefndarinnar að ekki væri útilokað að fyrirvaralaus tilkynning frá nefndinni og ósk um viðtal við ákveðinn einstakling kynni að fela í sér verulega röskun á friðhelgi einkalífs viðkomandi. Þegar litið væri til takmarkaðrar þýðingar slíkra viðtala fyrir upplýsingaöflun nefndarinnar taldi nefndin því ekki rétt að hún hefði almennt frumkvæði að

---

<sup>23</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 – Áfangaskýrsla nr. 2, Reykjavík 2010, bls. 46-48.

<sup>24</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 – Áfangaskýrsla nr. 2, Reykjavík 2010, bls. 46-48.

Því að óska eftir formlegum viðtölum við einstaklinga sem dvalið hefðu á vöggustofum Reykjavíkurborgar á árunum 1949 til 1973. Lét nefndin því við það sitja að birta þær opinberu tilkynningar sem vikið er að hér að framan um hvar og hvernig þau sem vildu koma á framfæri upplýsingum gætu haft samband við nefndina.

Nefndin tók viðtöl við þá einstaklinga sem dvalið höfðu á vöggustofum og leituðu til nefndarinnar að eigin frumkvæði, sem og aðstandendur, sem treystu sér til að greina frá atvikum sem þau höfðu orðið vitni að og nefndin taldi til þess fallin að varpa ljósi á starfshætti vöggustofanna. Nefndin telur rétt að þakka sérstaklega öllum þeim einstaklingum sem vistaðir voru á vöggustofum og gáfu sig fram til að deila reynslu sinni. Nefndinni er ljóst að það hefur ekki verið auðvelt að deila þessum frásögnum og það hefur krafist hugrekks. Sama gildir um aðstandendur sem í mörgum tilvikum hafa rifjað upp reynslu sem var sár og erfið.

Rétt er að taka fram að nokkrir einstaklingar höfðu samband við nefndina í síma og tölvupósti til að greina henni frá reynslu sinni í tengslum við og í kjölfar dvalar á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins án þess að óska eftir að koma viðtal. Þá ræddi nefndin með sama hætti við fyrrverandi starfsmann sem treysti sér ekki að koma í formlega skýrslutöku af heilsufarsástæðum.

Nefndin hefur tekið tillit til þeirra upplýsinga sem henni hafa borist með þessum hætti í ályktunum sínum og niðurstöðum eins og nánar er rakið í 6. kafla þessarar skýrslu. Þó skal tekið fram að upplýsingar um atburði, atvik og aðstæður á vöggustofu, sem hafa borist símleiðis eða í tölvupósti, hafa eðli málsins samkvæmt ekki sama vægi í ályktunum og þær sem nefndinni hafa verið veittar með formlegum viðtölum. Í viðtölum hafa nefndarmenn átt þess kost að spyrja um tiltekin atriði og þar með hefur þeim gefist kostur á að leggja efnislegt mat á framburði viðmælenda. Viðtöl nefndarmanna við fyrrverandi starfsmenn, aðstandendur og þá sem muna eftir eigin vist eru þannig megingrundvöllur ályktana nefndarinnar á trúverðugleika einstakra frásagna. Um slíkt er ekki að ræða þegar nefndinni berast upplýsingar í formi símtala eða tölvupósta.

## 1.5 Grundvöllur að ályktunum vöggustofunefndar

Eins og rakið er hér að framan tekur rannsókn nefndarinnar til tímabilsins 1949 til 1973. Af því leiðir að einstaklingar sem gáfu nefndinni skýrslu, hvort sem um er að ræða fyrrverandi starfsmenn, aðstandendur, vistbörn eða önnur vitni eru þar að lýsa atvikum sem áttu sér stað fyrir 50 til 70 árum. Í ljósi þess hversu langt er um liðið frá þeim atvikum sem rannsókn nefndarinnar tekur til þá reyndist mörgum erfitt eða ómögulegt að rifja upp atriði varðandi ákveðna þætti í starfsemi vöggustofanna. Sumir þeirra sem tengdust starfsemi vöggustofanna náíð, annaðhvort sem forstöðukonur, starfsmenn eða meðlimir barnaverndarnefnda eru látnir eða gátu ekki gefið skýrslu fyrir nefndinni af heilsufarsástæðum.

Við athugun nefndarinnar var tekið mið af því að sönnunargildi þeirra skýrslna sem einstaklingar gáfu kunni að vera takmarkað. Er þá sem fyrr horft til þess hversu langt er um liðið síðan þau atvik sem rannsóknin tekur til áttu sér stað og að minni einstaklinga um atvik svo löngu síðar er ekki alltaf áreiðanlegt. Í því efni kunna samræður við aðra einnig að hafa áhrif á upprifjun atburða sem og frásagnir annarra sem viðkomandi hefur síðar öðlast vitneskju um. Þá verður að hafa í huga að áherslur stjórnenda, opinber fyrirmæli, upplýsingar um verklag stofnana og fjárveitingar vöggustofanna kunna að ýmsu leyti að hafa haft áhrif á hvernig einstaklingum var sinnt sem börnum á vöggustofu. Enn fremur er rétt að vekja athygli á því að samkvæmt viðtölum nefndarinnar var stór hluti starfsfólks mjög ungar stúlkur sem sumar hverjar bjuggu á vöggustofunni og áttu því verulegra hagsmuna að gæta á sínum tíma samhliða því að halda starfi sínu.

Í þeim tilvikum þar sem fullorðnir lýsa reynslu sinni af atvikum sem þeir upplifðu sem börn er enn fremur ekki alltaf víst að þeir hafi fulla yfirsýn yfir aðstæðurnar sem höfðu áhrif á þá reynslu. Þannig er alls óvíst um hvort börn sem vistuð voru á vöggustofum árin 1949 til 1967 hafi haft vitneskju um að heimsóknir foreldra sættu á þeim tíma miklum takmörkunum. Í einhverjum tilvikum kann þetta hafa leitt til þess að börn ályktuðu ranglega að foreldrar þeirra vildu ekki rækta samband sitt við þau.

Pegar lagt er mat á skýrslur einstaklinga fyrir nefndinni hefur nefndin oft og tíðum getað stuðst við skriflegar samtímaheimildir sem varðveist hafa og lúta meðal annars að starfsemi vöggustofanna, barnaverndarnefndar Reykjavíkur, Barnaverndarráðs og aðkomu borgarstjórnar að rekstri vöggustofanna. Í þessum heimildum eru til dæmis skjöl sem varpa frekara ljósi á daglegan rekstur vöggustofanna, skipulag og tildrög þess að börn voru vistuð.

Í ljósi þess hvernig verkefni nefndarinnar eru skilgreind í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022, og samþykkt borgarráðs frá 10. mars 2022 var það hlutverk hennar að „staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á vöggustofunum hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð“. Að sama skapi var það ekki í verkahring nefndarinnar að meta nein lögfræðileg atriði sem varpað geta ljósi á hvort einstaklingar skuli sæta ábyrgð, t.d. refsí- eða skaðabótaábyrgð.<sup>25</sup> Þegar litið er til þess tíma sem liðinn er frá atvikum og réttarreglna um fyrningu sakar og bótakrafna verður einnig að leggja til grundvallar að slíkri ábyrgð verði ekki viðkomið.

Í samræmi við framangreint hefur athugun nefndarinnar beinst með almennum hætti þeim atriðum sem tilgreind eru í 1. gr. laga nr. 45/2022, einkum hvort börn hafi sætt illri meðferð

---

<sup>25</sup> Sjá hér til hliðsjónar 3. mgr. 2. gr. laga nr. 68/2011, um rannsóknarnefndir, en þar segir að sé rannsóknarnefnd falið að meta lögfræðileg atriði sem geta varpað ljósi á það hvort einstaklingar skuli sæta ábyrgð skuli nefndarmenn vera þrír hið minnsta.



eða ofbeldi við dvöl á umræddum stofnunum, en ekki að því hvort tilteknir einstaklingar hafi borið þar lagalega ábyrgð.<sup>26</sup>

Það er ekki markmið þeirrar athugunar sem mælt hefur verið fyrir á grundvelli laga nr. 45/2022 og í samþykkt borgarráðs frá 10. mars 2022 að nefndin fjalli um og leggi mat á sannleiksgildi frásagna um einstök atvik, t.d. um hvort tiltekinn atburður hafi átt sér stað. Í ljósi fyrirliggjandi gagna og hversu langt er um liðið telur nefndin ekki unnt að leggja mat á einstök atvik þannig að niðurstöður þar um geti talist öruggar eða viðhlítandi. Kemur þar í fyrsta lagi til að ýmsir þeirra sem varpað geta ljósi á einstök tímabil í starfsemi vöggustofanna, vistbörn, aðstandendur og starfsmenn eru látnir. Þá liggur jafnframt fyrir að ekki er að öllu leyti fullt samræmi í frásögnum um aðstæður á vöggustofunum, sem er eðlilegt í ljósi þess tíma sem er liðinn. Þá er ljóst að einstakar frásagnir um illa meðferð og/eða ofbeldi fá ekki stoð í fyrirliggjandi heimildum frá þessum tíma sem nefndin hefur aflað.

Af þessum sökum hefur nefndin í störfum sínum leitast við að varpa almennu ljósi á sannleiksgildi frásagna. Þá er nánar tiltekið átt við að nefndin hefur lagt mat á sannleiksgildi frásagna út frá mælikvarðanum um hvort telja verði, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að ill meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu, sem nánar verður rakin í 6. kafla hafi átt sér stað á einstökum tímabilum í starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Við það mat hefur nefndin einnig litið til þeirra skriflegu heimilda sem fyrir liggja.

Nefndin telur sig hins vegar ekki hafa forsendur til að fjalla sérstaklega um sannleiksgildi einstakra frásagna sem mynda þá heild sem nefndin leggur til grundvallar ályktunum sínum. Hefur nefndin þannig lagt sams konar aðferðafræði til grundvallar og vistheimilanefnd sem starfaði samkvæmt áðurgildandi lögum nr. 26/2007 gerði í sínum skýrslum en hlutverk vöggustofunefndar eins og því er lýst í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 er að þessu leyti áþekkt hlutverki fyrrnefndu nefndarinnar samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007.<sup>27</sup>

Í samræmi við framangreint hefur ekki verið leitast sérstaklega við að upplýsa einstök og afmörkuð tilvik þar sem barn sætti illri meðferð. Athugun nefndarinnar hefur þess í stað beinst að því hvort nefndin taldi unnt að draga þá ályktun af fyrirliggjandi gögnum og skýrslum aðila að ill meðferð í formi vanrækslu hafi almennt viðgengist á vöggustofunum ákveðnum tímabilum, án þess að hægt væri að ráða fram úr því með vissu hvort tiltekinn einstaklingur hafi borið þar ábyrgð. Við það mat hafa skriflegar samtímaheimildir mest vægi.

---

<sup>26</sup> Um er að ræða sambærilega nálgun og vistheimilanefnd lagði til grundvallar í sínum athugunum á grundvelli laga nr. 26/2007, um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.

<sup>27</sup> Sjá hér m.a. skýrslu vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, Reykjavík 2008, bls. 17-18 og skýrslu sömu nefndar, áfangaskýrslu nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 17 og 18.

Ef einstaklingur sem vistaður var á vöggustofu bar því við í skýrslutöku fyrir nefndinni eða öðrum samskiptum við nefndina að hann hafði sætt þar illri meðferð freistaði nefndin þess að upplýsa það nánar. Frásagnir af einstökum tilvikum höfðu þó ekki úrslitapýðingu fyrir mat nefndarinnar að þessu leyti, enda miðaðist athugun hennar sem fyrr segir að upplýsa hvort börn höfðu almennt sætt vanrækslu eða illri meðferð á vöggustofunum. Með þetta í huga hefur nefndin leitast eftir fremsta megni við að gera grein fyrir mati sínu á atvikum og aðstæðum við rannsókn sína og við framsetningu ályktana um heildarmat á sannleiksgildi frásagna í kafla 6.

Af ofangreindum ástæðum er ekki í skýrslunni gerð grein fyrir nöfnum vistbarna eða starfsmanna á vöggustofunum, annarra en forstöðukvenna, sem einstakar frásagnir varða með beinum eða óbeinum hætti. Ekki er þó mögulegt, meðal annars vegna umfjöllunar fjölmiðla sem þegar hefur átt sér stað um starfsemi vöggustofanna, að girða með öllu fyrir að hægt sé að greina við hvern er átt í skýrslu nefndarinnar þótt viðkomandi einstaklingur sé þar ekki nafngreindur.

Eins og rakið er í kafla 1.2 hér að framan ber nefndinni að fjalla um tildrög þess að börn voru vistuð á vöggustofunum og hvernig háttað var opinberu eftirliti með starfsemi þeirra á meðan þær voru í rekstri. Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir um gildandi lög á þeim tíma sem vöggustofurnar störfuðu telur nefndin að mögulegt sé að varpa nokkru ljósi á verklag stjórnvalda, einkum barnaverndarnefnda, og málsmeðferð í tengslum við vistun barna á vöggustofunum. Sama gildir um opinbert eftirlit sem viðhaft var með starfseminni.

Eins og nánar verður rakið í skýrslunni kann þó að þurfa að gera ákveðna fyrirvara við ályktanir nefndarinnar í þessu sambandi vegna þess skorts sem er á opinberum gögnum frá þessum tíma og hversu litlar upplýsingar eru oft skráðar í þessum heimildum. Nefndin hefur þó lagt áherslu á að leggja eins ígrundað mat og kostur er á þennan þátt í athugun sinni, enda ljóst að ályktanir í þessum efnum hljóta að vera forsenda þess að unnt sé að draga einhvern lærdóm af sögu vöggustofanna. Endanlegar ályktanir og niðurstöður nefndarinnar um það efni eru raktar í heild í 6. kafla. Næsti kafli hefur hins vegar að geyma stutta samantekt á helstu niðurstöðum nefndarinnar.

## 1.6 Helstu niðurstöður

Samkvæmt niðurstöðum nefndarinnar voru samanlagt 1083 börn vistuð á vöggustofunum árin 1949 til 1973. Þar af voru 475 vistuð á Vöggustofunni Hlíðarenda og 608 á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Við athugun sína á hver væru tildrög þess að börn voru vistuð á vöggustofunum á þessu tímabili tók nefndin annars vegar til athugunar hvaða ástæður lágu að baki því að barn var vistað og hins vegar hvernig barnaverndarnefnd Reykjavíkur hagaði málsmeðferð sinni í þeim tilvikum.



Eins og neðangreind tafla ber með sér voru mjög ólíkar ástæður fyrir því að börn voru vistuð á vöggustofunum. Í gögnum vöggustofanna og barnaverndarnefndar er oftast vísað til ótilgreindra félagslegra ástæðna. Annars var algengast að börn væru vistuð á vöggustofum vegna líkamlegra veikinda foreldra eða fátæktar, húsnæðisvanda eða skorts á dagvistunarúrræðum, en síðastnefndu þættirnir tengdust yfirleitt innbyrðis. Fyrir tæp 35% þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofum Reykjavíkurborgar var hins vegar engar upplýsingar að finna um hvers vegna þau voru vistuð á vöggustofunum.<sup>28</sup>

Þessi skortur á upplýsingum er töluvert meira áberandi fyrir Vöggustofuna Hlíðarenda. Þannig eru engar upplýsingar um ástæður vistunar fyrir 47,8% allra þeirra barna sem þar voru vistuð. Þá skortir upplýsingar um ástæður vistunar fyrir 38,8% barna sem voru vistuð voru 180 daga eða lengur á Hlíðarenda.

Í tilviki þeirra barna sem vistuð voru á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins skortir upplýsingar um ástæður vistunar fyrir 24,7% allra barna og 18,6% barna sem vistuð voru 180 daga eða lengur.

---

<sup>28</sup> Ítarlegri lýsingu á ástæðum þess að börn voru vistuð á vöggustofum má finna í kafla 3.3.4, sem fjallar um Vöggustofuna Hlíðarenda, og kafla 4.3.5. sem fjallar um Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Tafla 1: Ástæður þess að börn voru vistuð á vöggustofum 1949-1973

Skráð ástæða vistunar	Öll börn	Börn vistuð >180 daga
	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)
Andlát foreldris	6 (0,6%)	4 (1,3%)
Áfengis og vímuefnavandi foreldris/foreldra	56 (5,2%)	20 (6,3%)
Geðræn veikindi foreldris/foreldra	59 (5,4%)	20 (6,3%)
Líkamleg veikindi foreldris/foreldra	146 (13,5%)	25 (7,9%)
Meðganga fæðing annars barns	26 (2,4%)	1 (0,3%)
Húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt	130 (12,0%)	35 (11,0%)
Aðrar eða ótilgreindar félagslegar ástæður	208 (19,2%)	83 (26,2%)
Proskahömlun foreldris	9 (0,8%)	6 (1,9%)
Fötlun barns	17 (1,6%)	10 (3,2%)
Veikindi barns	33 (3,0%)	11 (3,5%)
Barnið er fyrirburi	10 (0,9%)	3 (0,9%)
Foreldri starfar á vöggustofu	6 (0,6%)	2 (0,6%)
Engar upplýsingar skráðar um ástæðu vistunar	377 (34,8%)	97 (30,6%)
Alls	1083 (100%)	317 (100%)

Í þeim tilvikum þar sem barnaverndarnefnd vistaði börn á vöggustofunum vegna háttsemi foreldra, veikinda eða vanrækslu, er það niðurstaða vöggustofunefndar að afskipti barnaverndarnefndar hafi í langflestum tilvikum fallið innan marka þágildandi barnaverndarlaga. Þá telur nefndin að sama eigi við um afskipti og vistun barna sem átti sér stað á grundvelli barnaverndarlaga og kom til vegna þess að viðkomandi börn fengu ekki viðeigandi hjúkrun eða læknishjálp vegna veikinda.

Að sama skapi telur vöggustofunefnd að í einhverjum tilvikum kunni að hafa leikið vafi á því hvort barnaverndarnefnd hafi haft nægilegar forsendur að lögum til að taka ákvörðun um að vista barn á vöggustofu. Á það einkum við um mál þeirra barna sem vistuð voru á Hlíðarenda vegna dagvistunar-, húsnæðisvanda og fátæktar á heimili, en ekki beinlínis eða í meginatriðum vegna bágra uppeldisaðstæðna, sem rekja hafi mátt til veikinda, vanrækslu, ofbeldis eða óreglu foreldra. Í því sambandi er rétt að geta þess að samkvæmt þágildandi barnaverndarlögum var fortakslaust bann við að taka börn af heimilum eingöngu vegna fátæktar eða örbirgðar foreldra. Þvert á móti bar barnaverndarnefndum skylda til að aðstoða foreldra og ráða bót á bágbornum fjárhag þeirra og skyldi sá kostnaður greiðast úr bæjarsjóði.

Ljóst er að barnaverndarnefnd var þó oft vandi á höndum við þessar aðstæður. Gögn nefndarinnar bera til dæmis með sér að í fjölmörgum tilvikum bar vistun barns á vöggustofu upp með þeim hætti að móðir bað sérstaklega fyrir um barn sitt á vöggustofuna til þess að

hún gæti unnið fyrir sér og sínum. Þá voru samsvarandi óskir settar fram um vistun barns til þess að móðir gæti lokið námi. Þar sem verulegur skortur var á dagvistunarúrræðum fyrir börn á þessum tíma er einsýnt að synjun barnaverndarnefndar á slíkum beiðnum hefði takmarkað verulega möguleika foreldra, og þá helst einstæðra mæðra, til að ala önn fyrir sér og börnum sínum eða afla sér menntunar. Jafnframt verður telja að fjárhagsleg fyrirgreiðsla Reykjavíkurborgar á þessum tíma hafi almennt verið lítt til þess fallin að koma í stað þeirra tekna sem foreldri gat aflað með launaðri vinnu

Vöggustofunefnd telur að þau skriflegu gögn sem liggja fyrir um málsmeðferð barnaverndarnefndar Reykjavíkur á tímabilinu 1949 til 1973 beri með sér að málsmeðferð barnaverndarnefndar hafi í mörgum tilvikum ekki verið í samræmi við þær skyldur sem hvíldu á nefndinni samkvæmt þágildandi lögum. Umrædd gögn bera til dæmis með sér að formaður eða einstakir starfsmenn hafi oft tekið ákvarðanir um vistun barna án þess að þær ákvarðanir hafi verið lagðar fyrir nefndina í samræmi við ákvæði laga.

Það er einnig niðurstaða vöggustofunefndar að opinbert eftirlit með Vöggustofunni Hlíðarenda hafi verið afar takmarkað og í raun lítið sem ekkert á þeim tíma sem börn voru vistuð þar allan sólarhringinn árið 1949 til 1963. Einungis hefur verið unnt að afla skriflegra heimilda um eina heimsókn barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarráðs á þessu tímabili. Skriflegar samtímaheimildir bera með sér að mun minna eftirlit hafi verið haft með Hlíðarenda en öðrum stofnunum þar sem börn voru vistuð allan sólarhringinn.

Vöggustofunefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu um eftirlit barnaverndarnefndar og Barnaverndarráðs með Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1963 til 1967 hafi einnig verið afar takmarkað. Fyrir liggur þó að eftirlit með starfsemi vöggustofunnar var aukið árið 1967 eftir að opinber gagnrýni kom fram í borgarstjórn Reykjavíkur á starfsemi vöggustofanna.

Vöggustofunefnd telur ljóst af skriflegum heimildum og frásögnum fyrrverandi starfsfólks Vöggustofunnar Hlíðarenda að foreldrum barna á vöggustofunni hafi á tímabilum í reynd almennt verið meinað að umgangast börn sín á meðan þau voru á vöggustofunni, hvort sem var að halda á þeim eða snerta með öðrum hætti. Foreldrar hafi almennt einungis mátt sjá börnin í gegnum gler og gilti sú regla óháð því af hvaða ástæðum barn var vistað á vöggustofu.

Þessir starfshættir leiddu til þess að tengsl barna og foreldra voru miklu leyti rofin án þess að séð verði að málefnalegar ástæður hafi staðið til þess. Að mati nefndarinnar verður að telja að starfshættir sem fela í sér að rjúfa með þessum hætti, oft á mjög löngum tímabilum, nær alfarið tengsl barns við foreldra, og eftir atvikum systkini sín, teljist til illrar meðferðar í skilningi 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022. Í því sambandi leggur nefndin áherslu á að mikilvægi persónulegra tengsla barns við foreldra, eftir atvikum aðra umönnunaraðila, á fyrstu þremur árum ævinnar var vel þekkt meðal fagfólks í málefnum barna á þeim tíma sem vöggustofurnar störfuðu.

Nefndin telur einnig merki um að foreldrum barna á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi á árunum 1963 til 1967, a.m.k. á ákveðnum tímabilum, í reynd verið almennt meinað að umgangast börn sín á meðan þau voru á vöggustofunni, hvort sem var að halda á þeim eða snerta þau með öðrum hætti. Nefndin telur þó ekki unnt að slá því föstu að þarna hafi verið um að ræða fastmótaða stefnu sem hafi verið framkvæmd án undantekninga.

Nefndin telur jafnframt rétt að geta þess að ekki verður séð að börnum hafi að jafnaði verið veitt persónuleg umönnun á vöggustofunum sem var til þess fallin að draga úr skaðlegum áhrifum tengslarofs við foreldra eða aðra umönnunaraðila. Samtímaheimildir benda þvert á móti til þess að slíka umönnun hafi skort, sbr. gagnrýni sem nefndarmaður í barnaverndarnefnd Reykjavíkur lét bóka á fundi 24. febrúar 1964.

Frásagnir fyrrverandi starfsfólks renna að miklu leyti stoðum undir það sem fram kemur í skriflegum samtímaheimildum. Starfsfólkið greindi meðal annars frá því að börn hafi verið óeðlilega lengi í rúmum sínum. Þar að auki hafi ekki mátt mynda persónuleg tengsl við börnin.

Þá liggur fyrir samkvæmt frásögnum fyrrverandi starfsmanna að vöggustofan bauð upp á mjög takmarkaða örvun á skynjun og þroska barnanna, t.d. voru leikföng af skornum skammti, veggir og umhverfi vöggustofunnar var að mestu leyti hvítt og fábreytt og börnin fóru sjaldan út. Þar að auki var allur matur maukaður fram til 1967 og börnin mötuð óháð aldri. Ljóst er að slíkt vinnulag er mjög hamlandi fyrir þroska barna, t.d. takmarkar það sjálfstæði þeirra, minnkar tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handar, auk þess sem það að borða fasta fæðu örvar hreyfiproska í munni sem er beintengt málþroska og framburðargetu barnsins.<sup>29</sup>

Þegar öll atriði eru virt heildstætt er það niðurstaða nefndarinnar að umönnun barna á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi í ýmsum tilvikum verið svo ábótavant á tímabilinu 1963 til 1967 að telja verði hana geta fallið undir illa meðferð í skilningi laga nr. 45/2022. Lítur þá nefndin sérstaklega til aldurs barnanna og þeirra afdrifaríku afleiðinga sem skortur á tengslamyndun við foreldra, og eftir atvikum aðra umönnunaraðila, sem og skortur á örvun og skynáreitum, getur haft á heilbrigði og þroska barna.

Nefndin telur hins vegar ekki unnt að slá því föstu að börn sem dvöldu á vöggustofunni hafi sætt meðferð af þessum toga eftir mitt ár 1967. Vissulega voru áfram merki um að ýmsu hafi verið ábótavant í starfsemi vöggustofunnar á þessum tíma, meðal annars því hversu snemma börnin voru lögð í rúmið á hverju kvöldi. Nefndin telur þó starfshætti þar, almennt séð, ekki geta talist til illrar meðferðar í skilningi laga nr. 45/2022.

---

<sup>29</sup> Webber, C., Blissett, J., Addessi, E., Galloway, A. T., Shapiro, L., & Farrow, C. (2021). An infant-led approach to complementary feeding is positively associated with language development. *Maternal & Child Nutrition*, 17(4), e13206.

Athugun vöggustofunefndar á afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1949 til 1973 leiddi í ljós að 13,9% voru síðar vistuð á öðrum stofnunum sem áttu að þjóna sem úrræði á sviði barnaverndar. Samkvæmt athugun nefndarinnar fóru 16,5% þeirra barna sem vistuð voru á Hlíðarenda í nokkurs konar fóstur en 15,3% þeirra barna sem vistuð voru á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Þetta jafngildir því að um sjötta hvert barn sem vistað var á vöggustofunum á fyrrnefndu árabili hafi farið í fóstur.

Gögn sem aflað var hjá Tryggingastofnun sýna að 34,3% þeirra sem vistaðir voru lengur en einn mánuð á vöggustofu á fyrrnefndu tímabili hafa fengið örorkumat eða endurhæfingarlífeyri. Samsvarandi tala fyrir jafnaldra úr hópi allra Íslendinga er 22,4%. Þar af höfðu 17,0% þeirra sem vistaðir voru á vöggustofunum lengur en mánuð fengið örorkumat eða endurhæfingarlífeyri fyrir 48 ára aldur en samsvarandi tala fyrir jafnaldra þeirra úr hópi allra Íslendinga er 8,6%.

Samkvæmt sömu gögnum og gögnum úr dánarmeinasrá Landlæknis eru 14,4% þeirra sem vistaðir voru lengur en mánuð á vöggustofu látnir. Til samanburðar er 8,6% dánartíðni ef miðað er við jafnaldra þeirra úr hópi allra Íslendinga. Úr sama hópi vöggustofubarna voru 7,1% látnir fyrir 48 ára aldur, en 3,2% jafnaldra úr hópi allra Íslendinga. Nánari upplýsingar um ástæður örorku, dánartíðni og dánarmein má finna í kafla 5.4.

## 2. Sálfræðileg, félagsleg og lagaleg atriði sem hafa þýðingu við mat á starfsemi vöggustofa

### 2.1 Inngangur

Við mat nefndarinnar á því hvort börn sem vistuð voru á vöggustofum Reykjavíkurborgar hafi sætt þar illri meðferð eða ofbeldi er óhjákvæmilegt að hafa í huga að börnin sem um ræðir voru mjög ung og langflest undir þriggja ára aldri. Fyrir liggur að börn á þessu aldurskeiði eru sérlega viðkvæm fyrir því hvernig umönnun þeirra og meðferð er háttað en ófullnægjandi uppeldisskilyrði á þessu tímabili geta haft miklar og langvarandi afleiðingar fyrir líf viðkomandi síðar meir.

Nefndin telur ljóst að ekki sé hægt að gera viðunandi grein fyrir starfsemi vöggustofanna án þess að fjallað sé um mikilvægustu atriðin í þroska barna á fyrstu þremur árum þeirra og þá um leið þær grundvallarþarfir sem börn hafa á þessum tíma. Um þessi atriði er fjallað í kafla 2.2. hér aftar og þá með áherslu á hreyfi-, mál- og vitsmunabroska, ásamt félags- og tilfinningabroska (kaflar 2.2.1 til 2.2.4).

Ekki verður horft fram hjá því að rannsókn nefndarinnar tekur til tímabils sem spannar tæplega aldarfjórðung og hófst fyrir 74 árum en lauk fyrir 50 árum. Á þeim tíma hafa orðið töluverðar breytingar bæði á viðurkenndum hugmyndum um hvað teljist rétt og viðunandi meðferð ungra barna sem og annarra barna. Þá hafa á sama tíma orðið miklar breytingar á samfélaginu, meðal annars varðandi framboð á dagvistunarræðum, uppbyggingu húsnæðis og umgjörð félagslegrar þjónustu. Af því leiðir að hlutverk nefndarinnar felur meðal annars í sér að meta verður atvik og aðstæður í samfélagi sem var um margt frábrugðið nútímasamfélagi.

Nefndin hefur gengið út frá því í störfum sínum að ekki sé réttmætt að meta starfshætti opinberra stofnana á borð við vöggustofa alfarið í samræmi við vitneskju og viðhorf sem þróast hafa í rannsóknum fagfólks á meira en hálfri aldar tímabili eftir starfseminni lauk. Af þeim sökum hefur nefndin lagt áherslu á það í störfum sínum að líta í þessu sambandi til þeirra viðhorfa og þekkingar sem almennt lágu fyrir og voru viðurkennd við umönnun barna á þeim tíma. Er þá jafnframt höfð hliðsjón af því að hvaða leyti sömu viðhorf og þekking voru aðgengileg almenningi og ófaglærðum einstaklingum sem komu að rekstri vöggustofanna, sbr. kafla 2.2.5 og 2.2.6.

Pá taldi nefndin ekki unnt að horfa framhjá félagslegum og efnahagslegum aðstæðum á þeim tíma sem vöggustofurnar störfuðu, menntun og þjálfun starfsfólks vöggustofanna og þeim sérstöku áskorunum sem fylgdu uppbyggingu og þróun barnaverndarstarfs í Reykjavík á sama tíma. Um þessi atriði er fjallað í kafla 2.3. Þá er fjallað sérstaklega um þau viðhorf sem birtust um meðferð og umönnun ungra barna á íslensku á því tímabili sem vöggustofurnar störfuðu í kafla 2.4.).

Loks hefur nefndin ekki talið réttmætt að leggja gildandi lagareglur til grundvallar þegar metið er hvort börn hafi sætt illri meðferð á Vöggustofunni Hlíðarenda eða Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Að mati nefndarinnar færi slík nálgun í bága við sjónarmið sem liggja að baki þeirri almennu meginreglu að lagareglu skuli ekki beitt afturvirkkt, þ.e. um atvik sem áttu sér stað áður en reglan tók gildi. Hefur nefndin af þeim sökum litið til þeirra lagareglna sem í gildi voru á þeim tíma sem vöggustofurnar störfuðu við mat sitt að þessu leyti.<sup>30</sup> Um þessi atriði er fjallað í kafla 2.5.

## 2.2 Proski barna fyrstu þrjú ár ævinnar

### 2.2.1 Inngangur

Proski barna er flókið ferli þar sem barnið öðlast sífellt meiri færni og skilning á umhverfi sínu. Proska er gjarnan skipt í fjögur megin svið; hreyfiproska; málproska; vitsmunaproska; og félags- og tilfinningaproska. Þessi þroskasvið eru þó ekki aðskilin ferli heldur fléttast þau saman og hefur proski á einu sviði áhrif á framvindu þroska á öðru sviði. Sem dæmi getur hreyfiproski haft áhrif á vitsmunaproska, þar sem aukin hreyfigeta fjölgar tækifærum barnsins til að kanna umhverfi sitt. Í þessum kafla skýrslunnar verður fjallað almennt um þroska barna til að varpa ljósi á þroskatengdar þarfir þeirra og mögulegar afleiðingar þess að þeim þörfum sé ekki sinnt sem skyldi. Vöggustofur Reykjavíkurborgar sem hér eru til skoðunar voru fyrst og fremst ætlaðar börnum frá 0-3 ára og verður því einblínt á það aldurs skeið.

Fyrstu þrjú ár ævinnar einkennast af gríðarlega hröðum þroska á öllum sviðum enda þróast heilbriggt barn á þessum tíma frá nánast ósjálfbjarga ungabarni yfir í einstakling sem getur framkvæmt mjög krefjandi athafnir, eins og t.d. að syngja lag með flóknum texta meðan það klífrar upp stiga. Í þessum hraða þroska felast gífurlega örar breytingar í virkni og vexti

---

<sup>30</sup> Sjá hér meðal annars til hliðsjónar skýrslu vistheimilaneftar samkvæmt lögum nr. 26/2007, Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, Reykjavík 2008, bls. 34 og skýrslu sömu nefndar, áfangaskýrslu nr. 2, Reykjavík 2010, bls. 36.

heilans, enda áætlað að á fyrstu æviárunum verði um milljón nýjar tengingar milli taugafrumna á sekúndu.<sup>31</sup>

Þessi fyrstu æviár eru næmisskeið (e. *sensitive period*) þar sem samspil erfða og reynslu barnsins mótar uppbyggingu heilans sem seinni tíma þroski byggir á. Með næmisskeiði er átt við ákveðin tímabil þar sem barnið er móttækilegra fyrir tilteknum umhverfisáreitum en á öðrum tímum og þroski er hraðari. Í frumbersku myndast þessi mikli fjöldi tenginga milli taugafrumna, en síðar hefst grisjunarferli þar sem tengingar í heila verða afkastameiri og sérhæfðari. Sveigjanleiki (e. *plasticity*) heilafrumna er mestur á fyrstu æviárunum en minnkar síðan eftir því sem heilinn þroskast og verður sérhæfðari í að framkvæma sífellt flóknari aðgerðir.<sup>31</sup> Frávik í þroska á fyrstu árum ævinnar geta því haft langvarandi áhrif á námsgetu og almenna færni barnsins síðar meir.

Áhrif umhverfisins eru þarna ekki síður mikilvæg en áhrif erfða. Ótal vísindarannsóknir hafa sýnt fram á hvernig gagnvirk samskipti barns við umönnunaraðila eru hornsteinninn að margvíslegum þroska.<sup>32</sup> Í gegnum hjál, babl, bendingar og orð hefur barnið samskipti við umönnunaraðila sem svarar með sama hætti í gegnum hljóð og bendingar og úr verður samspil sem mætti líkja við tennis þar sem bolti flýgur á milli leikenda. Ef svörun þess fullorðna við barninu er óáreiðanleg, óviðeigandi eða hreinlega ekki til staðar getur það truflað þroska heilans og haft síðar neikvæð áhrif á nám, hegðun og heilsu barnsins.<sup>32</sup>

## 2.2.2 Hreyfiþroski

Líkamlegur þroski barns nær yfir hvoru tveggja líkamsvöxt og hreyfiþroska sem einkennast af því að þroskinn er annars vegar ofansækinn (e. *cephalocaudal*) (byrjar höfuðmegin og færast niður eftir líkamanum); og hins vegar útsækinn (e. *proximodistal*) (beinist frá líkamsmiðju til útlíma).<sup>33,34</sup> Þetta þýðir t.d. að barnið nær fyrst stjórn á hreyfingum handleggja, svo handa og loks fingra. Við fæðingu er hreyfiþroski barns skammt kominn þó ýmis meðfædd viðbrögð tryggja að einhverju leyti afkomu þess (t.d. sog-, leitar- og gripviðbragðið). Á fyrsta árinu nær barnið hins vegar örum hreyfiþroska og eru flest 12-15 mánaða börn t.d. farin að ganga óstudd og nota tangargrip (taka upp hlut með fingurgómum vísifingurs og þumals).<sup>33</sup> Hreyfiþroski er þrepaskiptur þroski, en í því felst að öll börn fara í gegnum sömu þrep, í sömu röð, þó einstaklingsmunur sé í hraða þroskans milli þrepa. Umhverfistengdir þættir geta haft áhrif á hraða barns í gegnum þrepin en ekki í hvaða röð þrepunum er náð. Þannig þarf barn t.d. að geta setið án stuðnings áður en það getur staðið óstutt. Helstu þrep

---

<sup>31</sup> Center on the Developing Child (2007). *The Science of Early Childhood Development* (InBrief). Harvard University.

<sup>32</sup> National Scientific Council on the Developing Child. (2012). *The Science of Neglect: The Persistent Absence of Responsive Care Disrupts the Developing Brain: Working Paper 12*. Harvard University.

<sup>33</sup> Keenan, T., Evans, S. & Crowley, K. (2016). *An Introduction to Child Development*, 3rd ed. Sage Publications.

<sup>34</sup> Berk, L.A. (2012). *Child Development*, 9th ed. Pearson.



hreyfiþroska barns fyrsta árið eru: að halda höfði; velta sér frá baki yfir á kvið; sitja óstutt; standa án stuðnings; ganga með því að halda sér í húsgögn/hluti; ganga óstutt.<sup>33,34,35</sup> Flest börn skríða einnig milli þriðja og fimmta þreps, en þó ekki öll.

Sem fyrr segir fara öll heilbrigð börn í gegnum sömu þrep í hreyfiþroska en á mismunandi hraða, enda er hreyfiþroski gagnvirkt ferli þar sem umhverfistengdir þættir hafa umtalsverð áhrif. Rannsóknir sýna að á menningarsvæðum þar sem börn

fá mikla örvun og hvatningu til að sitja og ganga, er þessum þroska náð að meðaltali fyrr en á meðal barna sem búa á svæðum þar sem minni hvatning eða örvun er veitt.<sup>33</sup> Rannsóknir hafa einnig sýnt að börn sem látin eru liggja mikið í vöggum sínum og fá þar með færri tækifæri til þjálfunar, sýna bæði seinkun og frávik í hreyfiþroska.<sup>34</sup> Því er ljóst að umhverfi barna getur haft bæði hvetjandi og letjandi áhrif á hreyfiþroska þeirra og að hegðun umönnunaraðila getur í einhverjum tilfellum valdið seinkun í þroska.

### 2.2.3 Málþroski

Málþroski nær yfir máltjáningu og málskilning barnsins og er nátengdur bæði vitsmuna- og félagsþroska. Líkt og í hreyfiþroska er máltaka barna svipað ferli um allan heim og byggir á samspili erfða og umhverfis. Flest börn segja fyrstu orðin í kringum 10-13 mánaða aldur<sup>36</sup> en málþroskaferlið hefst þó löngu fyrr. Við fæðingu eru börn strax tilbúin í samskipti og sýna rannsóknir t.d. að nýfædd börn kjósa að hlusta á mansraddir umfram önnur hljóð og að þau þekkja rödd móður sinnar.<sup>37</sup> Grátur er í upphafi notaður til að tjá vanlíðan en ungabörn eru fljótlega farin að nota hann á markvissari hátt í samskiptum.<sup>36</sup>

Um 1 mánaða aldur fara börn að hjala (gefa frá sér hljóð sem byggja sérhljóðum t.d. „oo“ eða „aa“), fara að babla um ó mánaða aldur (raða sérhljóðum og samhljóðum saman í hljóðrunur t.d. „dadadada“) sem síðan þróast yfir í bullmál þar sem barnið notar flóknari hljóðasamsetningar sem líkja eftir raunverulegum orðum og setningum. Þessi þrjú stig frá hjali yfir í bullmál koma fram í sömu röð óháð menningarsvæðum og eru talin fylgja þroska raddbanda og hreyfibarkar í heila.<sup>36</sup> Á aldrinum 12-18 mánaða fara börn svo að nota fyrstu orðin en tjá sig einnig mikið með bendingum. Við 18 mánaða aldur hefst svo þroskaskeið þar sem orðaforði barnsins stækkar ógnarhratt og bæta þau við sig tugum orða á viku þannig að

---

<sup>35</sup> Kail, R.V. (2007). *Children and their development*, 4th ed. Pearson Education.

<sup>36</sup> Keenan, T., Evans, S. & Crowley, K. (2016). *An Introduction to Child Development*, 3rd ed. Sage Publications.

<sup>37</sup> deRegnier, R. A., Wewerka, S., Georgieff, M. K., Mattia, F., & Nelson, C. A. (2002). Influences of postconceptional age and postnatal experience on the development of auditory recognition memory in the newborn infant. *Developmental psychobiology*, 41(3), 216-225.

barn með eðlilega þroskaframvindu fer frá því að þekkja um 10-20 orð við 18 mánaða aldur upp í 8-10 þúsund orð við 6 ára aldur.<sup>36,38,39</sup>

Þetta þroskaferli er ekki eingöngu nauðsynlegt fyrir samskiptafærni barnsins heldur er það einnig grundvöllur náms þegar barnið eldist, því orðaforði er undirstaða ýmissar námstengdrar færni, s.s. lestrar. Sem dæmi má nefna að orðaforði barns við þriggja ára aldur spáir vel fyrir um lestrargetu þess í 3. bekk, sem síðan gefur sterka forspá um námsárangur í eldri bekkjum.<sup>40</sup>

Pótt máltökufarlið sé eins um allan heim er það þó alls ekki sjálfvirkt líffræðilegt ferli því rannsóknir sýna að hegðun umönnunaraðila er einnig svipuð milli menningarhópa og örvun frá umhverfi barnsins og samskipti við aðra eru undirstaða málþroska.<sup>36,38,39,40</sup> Í samskiptum við mjög ung börn nota fullorðnir sérstakt barnamál (e. *child-directed-speech*), sem felst í því að tala hægar, nota ýkt svipbrigði og ýkja hrynjandann í tungumálinu sem talið er fanga athygli barnsins betur. Þessi hegðun sést alls staðar í heiminum, óháð menningu og er talin mikilvægur hlekkur í málþroska.<sup>40</sup>

Samskipti umönnunaraðila og barna felast einnig oft í því að þeir fullorðnu hafa tilhneigingu til að segja upphátt nöfn hluta og athafna sem þeir nota í daglegri umönnun barnsins og barnið hefur tilhneigingu til að benda á áreiti í umhverfinu sem hinir fullorðnu bregðast við með því að nefna áreitið. Þetta samspil milli umönnunaraðila og barns skilar sér í sístækkandi orðaforða barnsins, sem í upphafi tengist fyrst og fremst hlutum í nærumhverfi barnsins eins og líkamspörtum, áhöldum, fatnaði og leikföngum, en einnig athöfnum eins og að labba, sofa, detta, borða eða sitja.<sup>41,42</sup> Orðaforði barns er því bæði háður samskiptum við aðra og fjölbreytni áreita í umhverfi þess.

Málþroski er þannig gagnvirkt ferli sem byggir að miklu leyti á félagslegum samskiptum við umönnunaraðila. Barn sem hefur fá tækifæri til samskipta, fær litla mállega örvun og býr við fábreytt áreiti í umhverfi sínu er því líklegt til að sýna frávík í málþroska og hafa minni orðaforða, sem hefur mikil áhrif á samskiptafærni og námsárangur síðar á lífsleiðinni.

---

<sup>38</sup> Berk, L.A. (2012). *Child Development*, 9th ed. Pearson.

<sup>39</sup> Kail, R.V. (2007). *Children and their development*, 4th ed. Pearson Education.

<sup>40</sup> Zauche, Lauren Head, Taylor A. Thul, Ashley E. Darcy Mahoney, and Jennifer L. Stapel-Wax (2016) Influence of language nutrition on children's language and cognitive development: An integrated review. *Early Childhood Research Quarterly* 36, 318-333.

<sup>41</sup> Keenan, T., Evans, S. & Crowley, K. (2016). *An Introduction to Child Development*, 3rd ed. Sage Publications.

<sup>42</sup> Zauche, Lauren Head, Taylor A. Thul, Ashley E. Darcy Mahoney, and Jennifer L. Stapel-Wax (2016) Influence of language nutrition on children's language and cognitive development: An integrated review. *Early Childhood Research Quarterly* 36, 318-333.

### 2.2.3 Vitsmunaproski

Hugtakið vitsmunaproski vísar til hugræns þroska barnsins og nær yfir margslungin ferli, s.s. getu barnsins til að vinna með upplýsingar og getu þess til að hugsa, álykta og skilja umhverfi sitt. Vitsmunaproski nær yfir hugræn ferli eins og minni, rökhugsun og þrautalausn auk ýmissar námstengdrar færni. Vitsmunaproski er nátengdur málþroska og félagsþroska enda öðlast börn mikla þekkingu og skilning á heiminum í gegnum samskipti við umönnunaraðila.<sup>41,43</sup> Vitsmunaproski er þó talinn byggja fyrst og fremst á reynslu barnsins af því að kanna umhverfi sitt og því er forsenda þessa þroskaferlis sú að barnið fái tækifæri til að kynna ólíkum áreitum.<sup>44</sup>

Könnun umhverfisins hefst strax hjá nýfæddum börnum en rannsóknir sýna að þótt þau sjái ekki mjög vel í byrjun þá eru þau virk í að skanna sjónræn áreiti í kringum sig. Þau veita sérstaklega athygli áreitum á hreyfingu, áreitum með skörp skil eins og svart-hvítum mynstrum og áreitum sem hafa flókin mynstur, en andlit og mynstur sem líkja eftir þeim fá þó mesta athygli.<sup>45</sup> Um tveggja mánaða aldur geta þau aðgreint alla liti og hafa betri sjónskerpu þannig að geta þeirra til að fókusera á hluti er orðin svipuð og hjá fullorðnum.<sup>43</sup> Um 3-4 mánaða aldur fer barnið að geta gripið í hluti og 4-5 mánaða getur það bæði skipt á milli handa og haldið á hlut í annarri hendi og þreifað á honum með fingrum hinnar handarinnar.<sup>43</sup> Eftir það verður barnið sífellt færara í að kanna hluti og eftir því sem hreyfigeta þess eykst nær það að skoða hluti á sífellt stærra svæði.

Fræðimenn á þessu sviði greinir á um hvort vitsmunaproski sé þrepaskiptur eða sívaxandi, en eru sammála um það að reynsla barnsins sé undirstaðan og að börn læri fyrst og fremst af því að kanna umhverfi sitt. Hugmyndin um að barnið sé eins og vísindamaður sem rannsaki umhverfi sitt og öðlist skilning á því með því að skoða, handfjatla og hreyfa áreiti í umhverfi sínu kom fyrst fram hjá Jean Piaget, sem setti fram kenningar sínar um vitsmunaproska á þriðja áratug 20. aldar.<sup>46</sup> Samkvæmt Piaget skiptist vitsmunaproski í 4 þrep (0-2 ára; 2-7 ára; 7-11 ára; og 12 ára og eldri) þar sem barnið fæst við mismunandi verkefni á hverju þrepi. Fyrstu verkefnin snúa að því að átta sig á umheiminum og læra að skilja eðli hluta í tíma og rúmi, en síðar að ná betri færni í að framkvæma sífellt flóknari hugrænar aðgerðir.<sup>47,48,49,50</sup>

Á svipuðum tíma setti L.S.Vygotsky fram sínar kenningar um vitsmunaproska sem lögðu meiri áherslu á áhrif menningar og tungumálsins en með svipuðum áherslum á reynslu barnsins af umhverfisáreitum. Vygotsky taldi hlutverk umönnunaraðila þó ekki síður mikilvægt en

---

<sup>43</sup> Berk, L.A. (2012). *Child Development*, 9th ed. Pearson.

<sup>44</sup> Kail, R.V. (2007). *Children and their development*, 4th ed. Pearson Education.

<sup>45</sup> Fantz, R.L. (1961). The origin of form perception. *Scientific American*, 204, 66-72.

<sup>46</sup> Ginsburg, H. & Opper, S. (1969). Piaget's Theory of Intellectual Development. An Introduction. Prentice Hall.

<sup>47</sup> Keenan, T., Evans, S. & Crowley, K. (2016). *An Introduction to Child Development*, 3rd ed. Sage Publications

<sup>48</sup> Berk, L.A. (2012). *Child Development*, 9th ed. Pearson.

<sup>49</sup> Kail, R.V. (2007). *Children and their development*, 4th ed. Pearson Education

<sup>50</sup> Ginsburg, H. & Opper, S. (1969). Piaget's Theory of Intellectual Development. An Introduction. Prentice Hall.

reynslu barnsins en hugmyndir hans um þroskasvæði (e. *zone of proximal development*) fólust í því að með leiðsögn og hvatningu fullorðins einstaklings gæti barnið sýnt mun meiri færni en þegar það væri eitt og óstutt að leysa verkefni.<sup>47,48,49</sup> Það má því segja að á meðan Piaget leit á barnið sem e.k. vísindamann í könnunarleiðangri, leit Vygotsky á barnið sem lærling hjá hinum fullorðnu.

Kenningar Piaget og Vygotsky eru enn ráðandi í þroskásálfræði þó rannsóknir hafi sýnt að börn hafi meiri námsgetu og séu yngri en Piaget taldi þegar þau ná ákveðinni færni og að Vygotsky hafi ofmetið áhrif menningar á vitsmunaproska.<sup>47,48,49</sup> Nýrri kenningar líta á vitsmunaproska sem vaxandi færni í gagnavinnslu þar sem vinnsluhraði, vinnsluminni og langtímaminni barnsins verði sífellt afkastameiri, en þessar kenningar hafa áfram sömu áherslur á að reynsla barnsins af fjölbreyttum umhverfisáreitum sé undirstaða vitsmunaproska.<sup>47,49</sup>

Kenningar um vitsmunaproska hafa því staðið lítið breyttar í nær heila öld þrátt fyrir mikla rannsóknarvirgni og stýðja ótal rannsóknir þær hugmyndir að vitsmunir barna þroskist fyrst og fremst við það að kynnast, skoða og prófa áreiti í umhverfi þeirra. Börn sem búa við fábreytni áreita í umhverfi sínu og vanörvun eru því líkleg til að sýna frávik í vitsmunaproska. Þetta sést einna best á því að skortur á samskiptum og örvun í umhverfi ungra barna er talinn einn af áhættuþáttum þroskahömlunar, sem er alvarleg taugaþroskaröskun og felst í skertum vitsmunaproska og skertri aðlögunarfærni.<sup>51,52</sup>

## 2.2.4 Félags- og tilfinningaproski

Hugtakið félags- og tilfinningaproski vísar til þroska barnsins í tjáningu tilfinninga, tilfinningastjórnunar, félagslegra samskipta og tengsla þess við aðra. Eins og fram kom í umfjöllun hér á undan um málþroska er nýfædd börn tilbúin til samskipta og byrja strax að hafa áhrif á umhverfi sitt með gráti og hjali. Þau búa einnig mjög snemma yfir getu til að herma eftir svipbrigðum annarra og fara að brosa á fyrstu vikunum.<sup>47,48,49</sup> Tjáning grunntilfinninga með svipbrigðum (ótti, undrun, gleði, viðbjóður) virðist meðfædd og sést hjá öllum óháð menningu.<sup>49</sup> Við fæðingu getur barn strax tjáð vanlíðan en eftir því sem barnið eldist og þroskast kemur flóknari tilfinningatjáning fram. Við 3-7 mánaða aldur sýnir það t.d. viðbjóð, vanlíðan, ótta, félagslegt bros, reiði, hlátur, áhuga, undrun og depurð; við 18-24 mánaða skömm og stolt; og 2-3 ára börn sýna bæði öfund og sektarkennd.<sup>49</sup>

Tilfinningastjórnun er frumstæð hjá nýburum, þau snúa sér frá óþægilegu áreiti eða sjúga hendur/fingur en komast auðveldlega í uppnám vegna sterkra tilfinninga og þurfa þá inngrip

---

<sup>51</sup> American Psychiatric Association (2013). *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders, 5th ed. (DSM-5)*. American Psychiatric Association.

<sup>52</sup> Whitwer, A.N., Lawton, K. & Aman, M.G. (2013). Intellectual Disability. Í E.J. Mash & R.A. Barkley (ritstj.) *Child Psychopathology* (bls. 593-624). Guilford Press.

umönnunaraðila til að jafna sig (láta halda á sér, rugga sér, tala rólega við sig).<sup>53</sup> Við 4 mánaða aldur er hægt að færa athygli þeirra annað með því að sýna þeim eitthvað og við 12 mánaða aldur nær barnið að stýra sér betur sjálft þar sem aukin hreyfigeta (skríða, ganga) gefur því tækifæri til að nálgast og forðast áreiti að vild.<sup>53</sup> Eftir eins árs aldur gefur málþroski barninu síðan fleiri leiðir til að tjá og stjórna tilfinningum og má sjá t.d. að 2 ára börn tala mikið um tilfinningar sínar og við 3 ára aldur nota þau sjálfstal til að róa sig í óttavekjandi aðstæðum.<sup>53</sup>

Samskipti og tengsl við umönnunaraðila eru því að mörgu leyti grundvöllur að þróun tilfinningastjórnunar. Rannsóknir sýna t.d. að ef umönnunaraðilar bregðast ekki við barni fyrr en það er komið í mikið uppnám og stýra ekki streituvaldandi aðstæðum ungbarna getur það orðið til þess að heilastöðvar sem dempa streituvíðbrögð þroskist ekki eðlilega, sem síðan getur leitt til þess að barnið bregðist hart við tilfinningalega, verði kvíðið og sýni lakari tilfinningastjórnun.<sup>54</sup> Rannsóknir hafa einnig sýnt að börn sem hafa orðið fyrir alvarlegri félagslegri vanrækslu snemma á ævinni sýna minni rafvirkni í heila (EEG mælingar); frávik í taugavirkni þegar unnið er með áreiti eins og andlitsmyndir og svipbrigði; og minni tengingar milli heilasvæða sem eru mikilvæg fyrir samhæfingu flókinna hugrænna, félagslegra og tilfinningalegra upplýsinga.<sup>55</sup>

Eins og sést af ofangreindu eru tengsl barnsins við umönnunaraðila gríðarlega mikilvæg, ekki eingöngu fyrir þróun tilfinningastjórnunar heldur einnig málþroska og vitsmunaproska. Tengslamyndun barns er þannig grundvöllur að margvíslegum þroska og því afar mikilvægt ferli. Við fæðingu eru börn strax tilbúin til að mynda tengsl við umönnunaraðila en eins og áður kom fram þekkja þau rödd móðurinnar, kjósa mannsraddir umfram önnur hljóð, sýna andlitum sérstakan áhuga og byrja mjög snemma að brosa á félagslegan hátt.<sup>53,56,57,58</sup>

Geðtengsl eru skilgreind sem sérstakt samband barns við einn eða fleiri einstaklinga, oftast þá sem sinna því og örva. Barnið leitar til þessa fólks eftir huggun þegar því líður illa eða vantar eitthvað, sefast auðveldlega hjá þessu fólki, sýnir merki um ótta þegar það er ekki nærri og tekst betur á við nýja hluti og áreiti ef það er með þessar lykilpersónur nálægt sér.<sup>53,57</sup> Grunnurinn að þessum geðtengslum er ekki fæðugjöf heldur öryggi, eins og Harlow sýndi fram á með tilraunum sínum árið 1958.<sup>59</sup> Nýfædd börn gera í fyrstu ekki mikinn greinarmun á einstaklingum en fara um 2 mánaða aldur að beina tengslahegðun meira að kunnuglegum umönnunaraðilum frekar en ókunnugum. Um 7-8 mánaða aldur fer að koma

---

<sup>53</sup> Berk, L.A. (2012). *Child Development*, 9th ed. Pearson.

<sup>54</sup> Nelson, C.A. & Bosquet, M. (2000). Neurobiology of fetal and infant development: Implication for infant mental health. Í C.H. Zeanah (ritstj.) *Handbook of Infant Mental Health* (bls. 37-59). Guilford.

<sup>55</sup> National Scientific Council on the Developing Child. (2012). *The Science of Neglect: The Persistent Absence of Responsive Care Disrupts the Developing Brain: Working Paper 12*. Harvard University.

<sup>56</sup> Keenan, T., Evans, S. & Crowley, K. (2016). *An Introduction to Child Development*, 3rd ed. Sage Publications

<sup>57</sup> Kail, R.V. (2007). *Children and their development*, 4th ed. Pearson Education

<sup>58</sup> deRegnier, R. A., Wewerka, S., Georgieff, M. K., Mattia, F., & Nelson, C. A. (2002). Influences of postconceptional age and postnatal experience on the development of auditory recognition memory in the newborn infant. *Developmental psychobiology*, 41(3), 216-225.

<sup>59</sup> Harlow, H. F. (1958). The nature of love. *American psychologist*, 13(12), 673-685.

fram ótti við ókunnuga sem nær síðan hámarki með miklum aðskilnaðarkvíða 12-16 mánaða, sem dvínar síðan og hverfur að mestu milli 2-3 ára aldurs. Þetta ferli kemur fram í svipuðu mynstri hjá öllum börnum, óháð menningarsamfélagi.<sup>60</sup>

Margir fræðimenn telja geðtengsl við 1 árs aldur vera grunninn að félagslegum tengslum síðar á ævinni og sýndu t.d. allsherjargreiningar á 63 rannsóknum annars vegar<sup>61</sup> og 44 hins vegar<sup>62</sup> að börn með örugg geðtengsl við 1 árs aldur hefðu betri tengsl við jafnaldra á unglingsárum. Geðtengsl hafa hins vegar ekki eingöngu áhrif á líðan barns og félagsþroska heldur einnig vitsmunaproska þar sem börn kanna meira umhverfi sitt í návist þeirra aðila sem þau hafa sterk geðtengsl við. Eitt besta dæmið um þetta er félagslegt viðmið (e. *social referencing*) sem byrjar að sjást hjá 8-10 mánaða gömlum börnum og felst í því að barnið nýtir sér tilfinningaleg svipbrigði umönnunaraðila til að meta aðstæður.<sup>53,56,57</sup> Fjölmargar rannsóknir sýna að börn forðast áreiti ef umönnunaraðili sýnir neikvæð svipbrigði en nálgast áreitið greiðlega ef viðbrögðin eru jákvæð. Þau horfa einnig fyrst til þessarar manneskju til að athuga hennar viðbrögð, áður en þau nálgast ný áreiti.<sup>53,57</sup> Þannig hafa geðtengsl óbein áhrif á það hversu mikið barn kannar umhverfi sitt og ný áreiti, sem aftur hefur mikil áhrif á þróun vitsmunaproska.

Ef geðtengsl eru veik eða myndast ekki getur það einnig haft neikvæð áhrif á geðheilsu barna og tengslamyndun þeirra síðar meir. Tengslaraskanir eru geðraskanir í flokki streitu- og áfallaraskana sem eru greindar hjá börnum sem eru 9 mánaða eða eldri og skiptast í svörunartengslaröskun (e. *Reactive Attachment Disorder*) og afhamlaða tengslaröskun (e. *Disinhibited Social Engagement Disorder*). Í greiningarskilmerkjum beggja raskanna þarf barn að hafa orðið fyrir alvarlegri tilfinningalegri vanrækslu, s.s. búið við tíðar breytingar á megin umönnunaraðila eða dvalist á stofnun þar sem skert tækifæri eru til að mynda sértæk tengsl við tiltekinn aðila og þurfa einkennin að koma fram fyrir 5 ára aldur og vera til staðar í a.m.k eitt ár.<sup>63</sup>

Einkenni svörunartengslaröskunar felast í því að barnið sýnir félagslega hömlun og dregur sig tilfinningalega tilbaka í samskiptum við fullorðna; barnið leitar sjaldan eftir huggun og sýnir litla svörun við tilraunum til að hugga það; það sýnir litla félagslega svörun við öðrum; hefur takmörkuð jákvæð geðhrif; og/eða sýnir óútskýrða depurð, þirring eða ótta í samskiptum við fullorðna umönnunaraðila.<sup>63</sup>

Afhömluð tengslaröskun felst í einkennum sem sýna mynstur hegðunar þar sem barnið er virkt í að nálgast og eiga samskipti við ókunnugt fullorðið fólk; sýnir litla eða enga hlédrægni

---

<sup>60</sup> Kagan, J., Kearsly, R.B. & Zelazo, P. (1978). *Infancy: It's place in human development*. Harvard University Press.

<sup>61</sup> Schneider, B. H., Atkinson, L., & Tardif, C. (2001). Child-parent attachment and children's peer relations: A quantitative review. *Developmental psychology*, 37(1), 86.

<sup>62</sup> Pallini, S., Baiocco, R., Schneider, B. H., Madigan, S., & Atkinson, L. (2014). Early child-parent attachment and peer relations: A meta-analysis of recent research. *Journal of Family Psychology*, 28, 118.

<sup>63</sup> American Psychiatric Association (2013). *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders, 5th ed. (DSM-5)*. American Psychiatric Association



við að nálgast það; sýnir of mikla nánd í mállegri og líkamlegri hegðun sem er ekki aldurssvarandi; gerir litla eða enga tilraun til að athuga með umönnunaraðila þegar það er í ókunnugum aðstæðum; og/eða er tilbúið til að fara burtu með ókunnugum fullorðnum aðilum hiklaust eða sýnir lítið hik.<sup>63</sup>

Báðar þessar raskanir eru sjaldgæfar og þekkjast nær eingöngu meðal barna sem alast upp í fósturkerfum eða á stofnunum.<sup>63</sup> Talið er að meðal barna sem alast upp við þessar erfiðu aðstæður sé tíðni svörunartengslaröskunar um 10% og afhamlaðrar tengslaröskunar 20%.<sup>63</sup> Styttri dvöl á stofnunum og bættar aðstæður eftir að barn fer af stofnun á fast heimili geta minnkað einkenni tengslaraskana, en mörg þeirra glíma þó við áframhaldandi tengslavanda.<sup>64,65</sup> Aldur barnsins getur þarna skipt miklu máli en í nýlegri allsherjargreiningu á 39 rannsóknum á tengslamyndun ættleiddra barna, barna í fóstur og barna sem ólust upp á stofnunum sýndu niðurstöður að ef ættleiðing eða fóstur átti sér stað eftir 12 mánaða aldur væru meiri líkur á frávikum í félagslegum tengslum á unglingsaldri heldur en ef það gerðist fyrir 12 mánaða aldur.<sup>66</sup>

Eins og sjá má af ofangreindri yfirferð er félagsproski mjög háður samskiptum við umönnunaraðila sem hefjast strax við fæðingu. Geðtengsl við nánustu umönnunaraðila eru ekki eingöngu mikilvæg fyrir líðan barns heldur eru þau nátengd málþroska, félagsþroska og vitsmunaproska. Fyrstu ár í lífi barns eru næmisskeið fyrir geðtengsl og ef það myndar ekki sterk geðtengsl við fullorðna umönnunaraðila getur það valdið frávikum í félagsþroska og geðrænum erfiðleikum síðar meir.

## 2.2.5 Samtímaþekking 1949-1973 á þroska ungra barna

Hér á undan hefur verið fjallað um þroska ungra barna og mögulegar afleiðingar þess að þroskatengdum þörfum sé ekki sinnt, en þegar starfsemi sem átti sér stað fyrir 50-74 árum er til rannsóknar þarf að skoða hana í ljósi samtímaþekkingar fagfólks. Skoða þarf þá sérstaklega hvort ríkjandi kenningar á þessum tíma geti skýrt skipulag starfseminnar og/eða hvort tiltekin þekking hafi ekki verið komin fram á þessum árum.

Samtímaþekking á mikilvægi fyrstu æviáranna í þroska barns, sem og mikilvægi tengsla við umönnunaraðila var ekki sú sama og í dag, enda takmarkaðist þekking á taugafræðilegum grunni þroska af því að ýmsar rannsóknaraðferðir eins og myndgreiningar voru skammt á

---

<sup>64</sup> Guyon-Harris, K. L., Humphreys, K. L., Fox, N. A., Nelson, C. A., & Zeanah, C. H. (2018). Course of disinhibited social engagement disorder from early childhood to early adolescence. *Journal of the American Academy of Child & Adolescent Psychiatry*, 57(5), 329-335.

<sup>65</sup> Bruce, M., Young, D., Turnbull, S., Rooksby, M., Chadwick, G., Oates, C., ... & Minnis, H. (2019). Reactive attachment disorder in maltreated young children in foster care. *Attachment & Human Development*, 21(2), 152-169.

<sup>66</sup> Van den Dries, L., Juffer, F., Van IJzendoorn, M. H., & Bakermans-Kranenburg, M. J. (2009). Fostering security? A meta-analysis of attachment in adopted children. *Children and youth services review*, 31(3), 410-421.



veg komnar. Á þessum árum var þó gríðarleg áhersla á barnæskuna innan geðheilbrigðisgreina, jafnvel meiri en í dag. Þarna var t.d. sálarafskenningin (e. *psychodynamic theory*) alls ráðandi innan bæði geðlæknisfræði og sálfræði, en hún kom fram um 1890 og náði hápunkti sínum milli 1950-1960. Kenningin grundvallast á þeirri hugmynd að atvik í bernsku hafi umtalsverð áhrif á líf fullorðinna og móti persónuleika einstaklingsins.<sup>67</sup>

Á sama tíma voru atferliskenningar einnig að ryðja sér til rúms en þær byggja á því að umhverfisáreiti móti hegðun einstaklingsins og að nám verði fyrir tilstilli reynslu. Þessar kenningar komu fram í byrjun 20. aldar og fóru að hafa mikil áhrif innan geðheilbrigðisþjónustu, kennslu og hvers kyns þjálfunar um miðja öldina.<sup>67,68</sup> Atferlisfræði og sálarafskenningar tókust á um nokkurn tíma uns sú síðarnefnda missti fylgi á áttunda og níunda áratugunum samhliða sívaxandi vísindalegum stuðningi við meðferðir byggðar á atferlisfræði og hugrænum kenningum.<sup>67,68</sup> Þó kenningarnar séu gjörólíkar, eiga þær þó það sameiginlegt að leggja áherslu á að umhverfi barns hafi mikil áhrif á þróun hegðunar þess síðar meir. Þrátt fyrir þessi umskipti er því ljóst að þekking fagfólks og áhersla þeirra á mikilvægi góðrar umönnunar í frumbersku er óumdeild, sama hvora kenninguna það aðhylltist.

Fyrirnefndar kenningar Piaget og Vygotsky um vitsmunaproska komu einnig fram áður en vöggustofurnar tóku til starfa og höfðu náð slíkri útbreiðslu á heimsvísu um 1950 að ætla má að fagfólk hafi þekkt til þeirra. Piaget byrjar að skrifa í kringum 1920 um hvernig barnið öðlast aukinn vitsmunaproska með því að kanna umhverfi sitt og í bók um störf hans frá 1969 rita höfundar í formála að frá því 1950 hafi öllum barnasálfræðingum, uppeldismenntuðum fagstéttum og fólki í margbreytilegum greinum verið ljóst að Piaget sé fremsti fræðimaður á sviði vitsmunaproska enda hafi hann ritað yfir 30 bækur og meira en 100 fræðigreinar um efnið.<sup>69</sup> Má því ætla að fólk með uppeldismenntun á Íslandi hafi á þessum tíma haft þekkingu á mikilvægi örvunar og fjölbreytileika áreita í umhverfi barns. Í grein sem Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri ritaði árið 1966 í tilefni 20 ára afmælis Fóstruskóla Sumargjafar kemur einmitt fram að aðalnámsgreinar skólans séu uppeldisfræði og sálfræði og að mikil áhersla sé lögð á að vekja skilning nemenda á þroskaferli barnanna og kenna þeim að velja leikföng sem hæfi hverju aldursskeiði.<sup>70</sup> Jafnframt er ljóst að læknar sem störfuðu á vöggustofunni þekktu afleiðingar vanörvunar á þroska enda var greiningin „Retardio mentis causa psycho-socialis“ eða þroskahömlun af sálfélagslegum orsökum notuð á þessum tíma

---

<sup>67</sup> Schultz, D.P. & Schultz, S.E. (1987). *A History of Modern Psychology*, 4th ed. Harcourt, Brace & Jovanovich.

<sup>68</sup> Hayes, S.C., Follette, W.C. & Follette V.M. (1995). Behavior Therapy: A Contextual Approach. Í A.S. Gurman & S.B. Messer (ritstj.) *Essential Psychotherapies* (bls. 128-225).

<sup>69</sup> Ginsburg, H. & Opper, S. (1969). Piaget's Theory of Intellectual Development. An Introduction. Prentice Hall.

<sup>70</sup> Valborg Sigurðardóttir (1966). Fóstruskóli Sumargjafar. *Húsfreyjan*, 17 (4 tlbl.), bls. 19-20.

og var m.a. eitt barn á vöggustofunni greint með þessa röskun árið 1970 og ritað í sjúkraskrá „líklegt er að vanþroski drengsins stafi af skorti á umhyggju og uppeldi“.<sup>71</sup>

Ekki er að sjá að starfsemi vöggustofanna hafi byggt á sérstökum kenningum um tilfinninga- og félagsþroska eða ríkjandi viðhorfum fagfólks á þessum tíma. Hins vegar er til fjöldi heimilda frá þessum tíma sem undirstrika mikilvægi þess að börnum sé sýnd ástúð og gott atlæti. Sem dæmi má nefna bókina „*Barn á virkum degi*“ sem var skrifuð sem leiðbeiningarrit fyrir almenning af norska fræðimanninum Ása Gruda Skard og kom út í íslenskri þýðingu 1949.<sup>72</sup> Í ritdómi Símonar Jóhanns Ágústssonar sálfræðings um bókina sem birtist í Morgunblaðinu í nóvember 1949 kemur fram að meginþráður bókarinnar sé þörf barna fyrir skilningsríka ástúð og að barn sem fái ekki nægilega ástúð í uppeldinu sé „svipt því dýrmætasta sem uppalendur geti látið því í tje.“<sup>73</sup> Þessi bók hefur greinilega fengið góða útbreiðslu því 1968, 19 árum eftir að hún kom út birtist hún á stuttum lista tímaritsins Húsfreyjan yfir „Bækur fyrir mæður og verðandi mæður.“<sup>74</sup>

Mikilvægi tengsla við móður var einnig fyrirferðamikil í skrifum geðlækna og sálfræðinga á þessum tíma. Árið 1950 kom Bruno Bettelheim fram með kenningu sína um ísskápsmæður (e. *refrigerator mothers*) sem vísaði til mæðra sem tengdust börnum sínum illa og sýndu þeim ekki nægilega ástúðlegt uppeldi. Að mati Bettelheim var þessi skortur á tengslum orsök alvarlegs geðræns vanda og taldi hann bæði einhverfu (e. *autism*) og geðklofa (e. *schizophrenia*) hjá börnum orsakast af þessari neikvæðu hegðun mæðra þeirra.<sup>75</sup> Þessi kenning varð mjög lífseig, breiddist hratt út um allan heim og var ríkjandi í skrifum og umræðu um þessar raskanir þar til seint á áttunda áratugnum þegar vísindarannsóknir sýndu fram á að erfðir væru að stærstum hluta orsakir beggja kvilla.<sup>75</sup> Það er því ljóst að á þeim árum sem rannsókn á vöggustofunum nær til, 1949-1973, var samtímaþekking með þeim hætti að skortur á tengslum við móður eða staðgengil hennar var talinn orsaka mjög alvarlegar geðraskanir hjá börnum.

Á því tímabili sem vöggustofurnar voru reknar voru skrif Johns Bowlby og Renee Spitz einnig áberandi þar sem báðir vöruðu við stofnunum af þessu tagi fyrir ung börn og töldu þær geta orðið börnunum að heilsutjóni vegna skorts á tengslamyndun við umönnunaraðila.<sup>76</sup> Talsvert var fjallað um þeirra skrif hérlendis í tengslum við umræðu um vöggustofurnar og ljóst að sú

<sup>71</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur 2017/134. A Geðverndardeild (1960-1970). AA Sjúkraskrár (1970-1970). Askja 35.

<sup>72</sup> Ása Gruda Skard (1949). *Barn á virkum degi*. Norðri. (Ísl. Þýðing Valborg Sigurðardóttir).

<sup>73</sup> Ritdómur: Símon Jóhann Ágústsson (1949). *Barn á virkum degi*. Ritdómur. Morgunblaðið, 22. nóvember 1949 bls. 4.

<sup>74</sup> *Bækur fyrir mæður og verðandi mæður* (1968). *Húsfreyjan* 4t1b, 19 árg., bls. 37

<sup>75</sup> Bennett, M., Webster, A. A., Goodall, E., Rowland, S., Bennett, M., Webster, A. A., ... & Rowland, S. (2018). Establishing contexts for support: Undoing the legacy of the “refrigerator mother” myth. *Life on the autism spectrum: Translating myths and misconceptions into positive futures*, 61-80.

<sup>76</sup> Rowold, K. (2019). What do babies need to thrive? Changing interpretations of ‘Hospitalism’ in an international context, 1900-1945. *Social History of Medicine*, 32(4), 799-818.

umræða fór ekki fram hjá barnaverndaryfirvöldum eða stjórnendum borgarinnar (sjá nánar í kafla 2.4. hér á eftir).

Ekki finnast neinar kenningar eða fræðiskrif frá þessum tíma eða áratuginum á undan um að fyrstu æviárin séu ekki mikilvæg í þroska, að tengsl við aðra en foreldra geti skaðað þau á einhvern hátt eða að gott sé fyrir þau að liggja í rúmum afskiptalaus. Þó kom fram í bæklingi Landlæknis um umönnun ungbarna 1950 að láta ætti barnið eins afskiptalaus og unnt væri milli máltíða og ekki ætti taka það upp til að leika við það. Af textanum má þó ráða að þarna er verið að tala um börn upp að 9 mánaða aldri en ekki eldri börn.<sup>77</sup> Þessar leiðbeiningar í bæklingi Landlæknis stangast einnig á við bækling sem Barnaverndarnefnd Reykjavíkur gaf út sama ár, 1950.<sup>78</sup> Í þeim bæklingi er rætt um félagsþörf ungra barna og lögð áhersla á að ekki eigi að láta barnið vera of mikið eitt því það hafi neikvæð áhrif á málþroska og einangrun tefji fyrir andlegum þroska barnsins. Þar er einnig rætt um mikilvægi hreyfingar, leiks og leikfanga fyrir þroska barnsins og ýmis ráð gefin um val á leikföngum.

Takmörkun heimsóknna foreldra og annarra ættingja átti sér fyrirmynd í skipulagi sjúkrahússtofnanna á þessum tíma og þekktist það á alþjóðavísu á barnadeildum sjúkrahúsa að foreldrar fengju einungis að heimsækja börnin sín á ákveðnum dögum.<sup>79</sup> Ekki finnast þó skriflegar samtímaheimildir um að á þessum stofnunum hafi foreldrum verið meinað að snerta börn sín og einungis fengið að sjá þau í gegnum gler. Í viðtölum við fyrrverandi forstöðukonu Hlíðarenda og starfsmann vöggustofunnar kom þó fram að þannig hafi það verið á barnadeild Landspítalans snemma á sjöunda áratugnum, sjá kafla 3.3.3.

Árið 1959 kom út skýrsla nefndar á vegum breska heilbrigðisráðuneytisins<sup>80</sup> þar sem aðstæður barna á sjúkrahúsum voru rannsakaðar. Niðurstaðan var að sjúkrahús væru ömurlegur staður fyrir börn þar sem tækifæri til leikja væru of fá, of strangar takmarkanir á heimsóknnum foreldra og var lagt var til að börn skyldu fá óheftan aðgang að foreldrum sínum á meðan að á sjúkrahúsvist stæði. Breska læknafélagið staðfesti niðurstöðurnar skriflega tveimur árum síðar<sup>81</sup> og hefur skýrslan haft mikil áhrif alþjóðlega þó það hafi tekið langan tíma að innleiða breytingarnar.<sup>82</sup>

---

<sup>77</sup> Vilmundur Jónsson (1950). *Leiðbeiningar um meðferð ungbarna*. Landlæknir

<sup>78</sup> *Verndið börnin. Nokkrar leiðbeiningar handa foreldrum um barnaupveldi*. Símon Jóh. Ágústsson tók saman. Reykjavík: Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, 1950.

<sup>79</sup> Bradley S. (2001). Suffer the little children. The influence of nurses and parents in the evolution of open visiting in children's wards 1940-1970. *International history of nursing journal*, 6(2), 44-51.

<sup>80</sup> Platt, H. (1959). *The Platt Report*, (formerly known as the *Welfare of Sick Children in Hospital*). Ministry of Health.

<sup>81</sup> The Platt Report *British Journal of Medicine*, 1961;2:159.

<sup>82</sup> Taylor, J., Muller, D. & Harris, P. (1999). *Nursing Children: Psychology, Research and Practice*. Nelson Thornes.

## 2.2.6 Samantekt

Af ofangreindu er ljóst að ógrynni vísindarannsókna sýna að fyrstu þrjú ár í lífi barns eru næmisskeið þar sem þroski er mjög hraður og lagður er grunnurinn að margvíslegri færni barnsins síðar meir. Örvun frá umhverfinu, samskipti og tengsl við umönnunaraðila eru nauðsynleg forsenda þessa þroska og verði misbrestur þar á geta komið fram alvarleg þroskafrávik og geðræn vandamál síðar á ævinni. Ljóst er að samtímaþekking fagfólks var með þeim hætti að mikilvægi frumbersku var vel þekkt, sem og nauðsyn þess að barnið myndaði tengsl við umönnunaraðila. Engar samtíma heimildir, kenningar eða fræðiskrif styðja takmarkanir á örvun, samskiptum eða tengslum barna aðrar en einn íslenskur bæklingur um umönnun ungbarna, sem þó stangaðist á við bækling Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um leiðbeiningar til foreldra sem gefinn var út á sama tíma. Í almennri skipulagningu sjúkrahúsa á þessum tíma voru takmarkanir á heimsóknum foreldra til barna sinna. Þar var þó um að ræða veik börn sem lágu inni í stuttan tíma vegna sjúkdóma, aðgerða eða slysa og mikilvægt að halda því til haga að börnin á vöggustofunum voru langflest fullfrísk og ekki vistuð þar vegna eigin veikinda nema í undantekningartilvikum. Rannsóknarnefndin hefur lesið vistunarskjöl allra þeirra 1083 barna sem vistuð voru á vöggustofunum 1949-1973 og þar kemur ekkert fram sem gefur til kynna að heilsufar þeirra hafi verið lakara en almennt þekktist hjá börnum á þessum aldri. Takmarkanir heimsókna skýrast því ekki af veikindum barna sem þarna voru vistuð.

## 2.3 Samfélagslegar breytingar í Reykjavík 1949-1973

Eins og áður hefur komið frá þá tekur athugun nefndarinnar til atburða sem áttu sér stað á 24 ára tímabili fyrir 50 til rúmlega 70 árum síðan. Umtalsverðar breytingar á samfélaginu áttu sér stað á þessum tímabili. Reykjavík árið 1949 var borg í örum uppveiti, fólk fluttist til borgarinnar í miklum mæli í leit að vinnu og húsnæði. Seinni heimstyrjöldinni hafði lokið fimm árum fyrr.

Fjöldi íbúa í Reykjavík: <sup>83</sup>			
Árið 1940	38.308	Árið 1953	60.124
Árið 1944	44.281	Árið 1967	80.090
Árið 1949	54.707	Árið 1973	84.333

Húsnæðisuppbygging var ekki í takti við fólksfjölgun og margir bjuggu í ófullnægjandi húsnæði, m.a. í bröggum frá hernámstímanum. Þá voru dagvistunarúrræði fyrir börn takmörkuð og lífsbaráttan hörð á margan hátt.

Atvinnuleysi í Reykjavík, sem hafði ekki mælst mikið á stríðsárunum, jókst í framhaldi af stríðinu. Sveiflur í atvinnuleysistölum voru þó töluverðar, bæði vegna árstíðasveiflna í atvinnuleysi (meira að vetrarlagi en sumarlagi að öllu jöfnu) en einnig virðist skráningu vera ábótavant. Árin 1959, 1960 og 1967 er til dæmis ekkert atvinnuleysi skráð í Reykjavík sem verður að teljast ólíklegt. Þrír Reykvíkingar voru á atvinnuleysisskrá í febrúar 1947, í febrúar 1952 voru þeir 718 talsins, átta talsins 1961 og 1361 talsins í febrúar 1969.<sup>84</sup>

Árið 1942 var 48 stunda vinnuviku með 8 stunda dagvinnu komið á þar sem unnið var sex vinnudaga. Fyrir þann tíma var vinnuvikan oft 60 tímar og eðlileg dagvinna taldist 10 tímar. Árið 1965 var síðan náð fram með kjarasamningum 44 stunda vinnuviku. Þessi vinnutími mun þó illa hafa staðist og varð oft og tíðum lengri.<sup>85</sup> Núgildandi lög nr. 88/1971, um 40 stunda vinnuviku, hafa ákvæði um að ekki skuli unnar fleiri en 40 dagvinnustundir í hverri viku.

Ofanverður fimmti áratugurinn markaði einnig upphafið að svonefndri „barnasprengju“. Fæðingartíðni hafði lækkað á Íslandi (líkt og á öðrum Vesturlöndum) samfelld frá miðbiki 19. aldar. Hún lækkaði svo enn meira á fjórða áratugnum í tíð heimskreppunnar miklu og náði hún sögulegu lágmarki á árunum 1936–40 (2,8 börn á ævi hvernar konu). Fæðingartíðni hélst svo áfram fremur lág í flestum löndum Evrópu á árum seinni heimstyrjaldarinnar 1939–45 en svo var ekki á Norðurlöndum þar sem greina má aukna frjósemi fljótlega upp úr 1940. Hér

<sup>83</sup> Upplýsingar fengnar úr talnabrunni Reykjavíkurborgar á vefsíðunni [tolur.reykjavik.is](http://tolur.reykjavik.is).

<sup>84</sup> [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Sogulegar/Sogulegar\\_sogul\\_vinumarkadur/SOG05003.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Sogulegar/Sogulegar_sogul_vinumarkadur/SOG05003.px)

<sup>85</sup> Þingræða Eðvarðs Sigurðssonar um frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku, Alþt. 1970-1971, C-deild, dalkur 583.

náði frjósemi hámarki árið 1960 en þá fæddust hverri íslenskri konu rúmlega fjögur börn en eftir það fór hún lækkandi á ný.<sup>86</sup>

Eftirspurnin eftir vistun ungbarna jókst verulega á stríðsárunum og brást Hjálpræðisherinn fyrst við með því að reka vöggustofu á árunum 1941-43. Barnavinafélagið Sumargjöf sem hafði byggt upp dagvistunarheimili í bænum frá fjórða áratugnum starfrækti slík vistheimili í Vesturborg 1941 og Tjarnarborg 1941-1943.<sup>87</sup> Áður hafði félagið haft forgöngu um að opnað yrði barnaheimili í Reykjavík árið 1924 og var það sumardagheimili sem var rekið í tvö ár. Vetrardagheimili bættist við árið 1938 og leikskóli að erlendri fyrirmynd var fyrst starfræktur árið 1940 fyrir börn þriggja til sex ára.<sup>88</sup> Árið 1945 rak Sumargjöf þrjú barnaheimili og 1950 voru þau orðin átta talsins, þeim fjölgaði síðan í 12 árið 1960 og voru orðin 20 talsins árið 1970.<sup>89</sup>

Byggingafélag verkamanna í Reykjavík var stofnað vorið 1930 til að bregðast við miklum húsnæðisskortri í borginni. Þá þegar var hafinn undirbúningur að byggingu verkmannabústaða við Hringbraut. Fyrsti áfangi var tekinn í notkun 1932 en alls voru byggðar 172 íbúðir fram til ársins 1937. Árið 1932 voru samþykkt lög um byggingarsamvinnufélög og í framhaldinu urðu til nokkur félög sem byggðu íbúðir sem seldar voru til félagsmanna með betri kjörum en almennt voru í boði.<sup>90</sup> Borgaryfirvöld stóðu einnig að uppbyggingu húsnæðis m.a. á Skúlagötu, alls 72 íbúðir sem voru allar komnar í notkun árið 1948.<sup>91</sup> Á árunum 1956-1970 reisti Byggingarfélag verkamanna rúmlega 500 íbúðir í Reykjavík. Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Breiðholti afhenti fyrstu íbúðirnar þar árið 1968 en átakið um uppbyggingu íbúða þar kvað á um rúmlega 1000 íbúðir í Breiðholti sem ætlaðar voru efnaminna fólki.<sup>92</sup>

Staða kvenna breyttist með vaxandi þéttbýli. Fyrst um sinn hélst hins vegar mjög skýr verkaskipting milli kynjanna. Karlmenn fóru út á vinnumarkaðinn en konur voru áfram heima, sinntu börnum og búi. Allt fram til 1950 var atvinnuþátttaka kvenna í kringum 35% fyrir utan árin 1910 og 1930 þar sem atvinnuþátttaka kvenna fór í tæplega 40%. Atvinnuþátttaka kvenna var 34% árið 1960 og 51% árið 1971.<sup>93</sup> Hlutverk flestra kvenna var því lengst af því tímabili sem um ræðir að sinna umönnun barna og uppeldi og annast heimilishald.

Takmarkaðir möguleikar til dagvistunar fyrir börn höfðu mikil áhrif á þátttöku kvenna á vinnumarkaði en lengstan hluta tímabilsins sem um ræðir var mikil vöntun á dagvistarúrræðum. Það að konur komust ekki út á vinnumarkað hafði síðan áhrif á

---

<sup>86</sup> <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/faedingar-2022/>

<sup>87</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, bls. 181-82.

<sup>88</sup> Dagheimili og leikskólar á vegum Sumargjafar, e.d. Sótt af: <https://sumargjof.is/barnaheimilin-2/>

<sup>89</sup> Saga Sumargjafar, e.d. Sótt af: <https://sumargjof.is/saga/>

<sup>90</sup> Saga Reykjavíkur 1870-1940, Guðjón Friðriksson, 1994, bls. 304-306

<sup>91</sup> Undir bárujárnsboga, braggalíf í Reykjavík, Eggert Þór Bernharðsson, 2000, bls. 226

<sup>92</sup> Þjóðviljinn, 16. mars 1983 (159 tbl), bls. 8

<sup>93</sup> Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland, bls. 216.

fjárhagslega afkomu heimilanna þar sem laun einnar fyrirvinnu voru oft og tíðum ekki nægileg til framfærslu, sérlega þegar um barnmörg heimili var að ræða. Þá hafði vöntun dagvistarúrræða enn afdrifaríkari áhrif á afkomu einstæðra mæðra sem oft og tíðum sáu þann eina kost að óska eftir vistun fyrir börn sín til að geta séð sér farborða.

Í máli borgarstjóra á fundi bæjarstjórnar 18. október 1956 kom til dæmis fram að á hverju ári yrði erfiðara að finna samastað fyrir munaðarlaus börn í Reykjavík. Í greinargerð með tillögum barnaheimilisnefndar um byggingu dagheimila, sem lágu fyrir í mars 1957 og lagðar voru fram í bæjarstjórn 1958, er staðhæft að árið 1955 hafi 1.160 börn í Reykjavík verið börn einstæðra mæðra. Er þar jafnframt lýst því sjónarmiði að uppeldi og framtíð þeirra barna gæti beinlínis verið undir því komin að þau fengju vist á dagheimili. Ef ekki þá neyddist móðir sem varð að vinna fyrir barni sínu að skilja það eftir umhirðu- og gæslulaust.

Umsögn barnaverndarnefndar til borgarstjóra frá 10. mars 1963 ber einnig að sama bruni um hversu algengar félagslegar aðstæður af þessum toga voru við lok starfstíma Vöggustofunnar Hlíðarenda og skömmu áður en Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins tók til starfa. Barnaverndarnefnd lýsti þar þeirri skoðun sinni að fjölgun dagvöggustofa, aukin aðstoð við einstæðar mæður og heimavistarskólar fyrir börn gætu dregið verulega úr fjölda þeirra barna sem ráðstafa þyrfti á barnaheimili. Vísaði nefndin í því sambandi til þess að samkvæmt athugun sem hún hefði gert ári áður, eða 1962, hefðu níu af þeim börnum sem þá dvöldu á Hlíðarenda getað verið á dagvöggustofu.

Við upphaf sjötta áratugarins gætti einnig áfram niðursveiflu efnahagslífsins sem hafist hafði skömmu eftir lok seinni heimstyrjaldarinnar sem hafði meðal annars í för með sér skömmtun á innfluttum varningi sem hafði áhrif á afkomu fólks.<sup>94</sup>

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti 20. júlí 1967 nýja skipan félagsmála í Reykjavík. Í samþykkt borgarstjórnar sagði m.a. að stefnt skyldi að því að félagsmálastarfsemi Reykjavíkurborgar yrði samræmd með því að fella hana undir eina stjórn. Megináherslu skyldi leggja á fjölskylduvernd, fyrirbyggjandi starf og endurhæfingu fjölskyldna og einstaklinga og að sami félagsmálastarfsmaður fjallaði sem mest um hvert heimili. Tilgreind verkefni hinnar nýju Félagsmálastofnunar voru meðal annars starfsemi sem áður heyrði undir skrifstofu félags- og framfærslumála, rekstur barnaheimila (vistheimila) og umsjón með rekstri barnaheimila Barnavinafélagsins Sumargjafar og barnaverndarstarf, að svo miklu leyti sem lög um vernd barna og ungmenna heimiluðu (tilgreint var að skrifstofa barnaverndarnefndar yrði deild í Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar). Í framhaldi af stofnun Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar var lögð áhersla á að menntað starfsfólk ynni hjá stofnuninni við að framfylgja lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga og lögum

---

<sup>94</sup> Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð, bls. 19.



um vernd barna og ungmenna. Voru meðal annars veittir sérstakir námsstyrkir fyrir starfsmenn til að nema félagsráðgjöf á öðrum Norðurlöndum.<sup>95</sup>

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, kemur fram að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi skrifstofu sem sé opin daglega, að nefndin hafi hjúkrunarkonu í sinni þjónustu sem hafi eftirlit með uppeldi og aðbúð barna og láti heimilum í té margs konar hjálp og aðstoð og að sérfróður maður annist rannsókn á börnum og ungmennum og veiti foreldrum leiðbeiningar. Jafnframt kom fram að barnaverndarnefnd hafi ráðið fulltrúa til að annast dagleg störf nefndarinnar í umboði hennar. Ofangreint var nefnt til staðfestingar á því hve starf til verndar börnum og ungmennum í Reykjavík hafði aukist hin síðustu ár eins og segir í greinargerðinni.<sup>96</sup>

Við athugun nefndarinnar á gögnum og fundargerðum barnaverndarnefndar eftir 1950 kemur í ljós að oft og tíðum voru nefndarmenn sjálfir að sinna eftirliti með heimilum. Að auki eru tilgreindir í gögnum barnaverndarnefndar hjúkrunarfræðingar, lögreglukona, heimiliráðunautur og læknir sem sinntu eftirliti auk starfsmanns Barnaverndarnefndar. Árið 1958 eru tilgreindir 3 starfsmenn hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur, auk skrifstofustúlku sem vann hluta af degi. Leitað var til sálfræðinga um þjónustu vegna einstakra mála.

Hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur störfuðu 10 starfsmenn árið 1969.<sup>97</sup> Árið 1970 var skipulag Félagsmálastofnunar með þeim hætti að ein deild, fjölskyldudeild, annaðist meðferð mála einstaklinga hvort sem um var ræða framfærslu-, barnaverndar- eða áfengismál.<sup>98</sup> Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda starfsmanna í ársskýrslum næstu ára. Næstu ár fjölgaði dagvistarúrræðum og öðrum stuðningsúrræðum til handa barnafjölskyldum, m.a. opnaði Mæðraheimili Reykjavíkurborgar í mars 1971 en þar gátu mæður dvalist tímabundið með börn sín.<sup>99</sup>

Af ofangreindu má sjá að umrætt tímabil er tímabil mikilla breytinga á margan hátt og er hér einungis tæpt á nokkrum helstu þáttum til að setja í samhengi við rekstur vöggustofa á tímabilinu 1949-1973.

### 2.3.1. Breytingar á tímalengd vistunar, aldri barna og ástæðum vistana

Þegar skoðaðar eru vistanir á vöggustofu á tímabilinu er hægt að greina mismun innan tímabilsins til dæmis varðandi tímalengd vistunar í dögum eftir komuári og meðalaldurs barns í dögum þegar fyrsta vistun hefst eftir komuári, auk þróunar varðandi ástæður vistana.

---

<sup>95</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar 1969, bls. 2-4.

<sup>96</sup> Alpt. 1946-1947, A-deild, bls. 329.

<sup>97</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar 1969, bls. 34.

<sup>98</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar 1970, bls. 6-7.

<sup>99</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar 1971, bls. 22-24.

Þannig má sjá að undir lok tímabilsins styttist dvöl barnanna á vöggustofu samhliða því sem þau eru eldri við komu á vöggustofu.

**Tafla 2: Meðallengd vistunar í dögum eftir komuári**

Komuár	Fjöldi	Meðallengd (sf)	Stysta vistun	Lengsta vistun (ár)
1949	16	310,4 (241,1)	13	789 (2,2)
1950	34	278,6 (304,6)	10	1535 (4,2)
1951	23	268,0 (177,3)	14	600 (1,6)
1952	36	173,9 (176,0)	4	734 (2,0)
1953	29	197,3 (244,9)	7	1116 (3,1)
1954	30	249,4 (259,4)	8	881 (2,4)
1955	20	284,7 (215,6)	30	946 (2,6)
1956	40	205,5 (169,2)	7	701 (1,9)
1957	19	266,2 (176,4)	11	542 (1,5)
1958	43	196,5 (158,4)	14	536 (1,5)
1959	36	229,5 (247,9)	4	1150 (3,2)
1960	45	180,5 (267,7)	5	1689 (4,6)
1961	31	166,2 (202,6)	4	766 (2,1)
1962	21	295,5 (280,4)	2	936 (2,6)
1963	42	220,4 (238,3)	3	1012 (2,8)
1964	55	218,7 (241,0)	4	957 (2,6)
1965	58	202,0 (203,1)	7	706 (1,9)
1966	48	205,7 (280,4)	3	1500 (4,1)
1967	56	119,3 (142,2)	3	934 (2,6)
1968	53	154,4 (263,7)	5	1678 (4,6)
1969	59	112,9 (166,2)	2	1188 (3,2)
1970	81	96,6 (120,6)	1	538 (1,5)
1971	55	90,5 (90,2)	1	371 (1,0)
1972	60	94,6 (92,6)	1	503 (1,4)
1973	30	62,2 (55,5)	1	192 (0,5)
Alls	1020*	176,4 (211,0)	1	1689 (4,6)

\*Upplýsingar um dvalarlengd vantaði fyrir 63 börn; sf= staðalfrávik

ATH. Lengsta dvöl á við um það barn sem dvaldi lengst af þeim börnum sem komu inn sama ár. Komuár miðast við fyrstu komu barns og þar sem mörg börn komu inn oftast en einu sinni endurspeglar fjöldatölur ekki fjölda þeirra barna sem vistuð voru hvert ár.

Pegar þróun tímabilsins alls, 1949-1973 er skoðuð kemur í ljós að vistun styttist nokkuð undir lok tímabilsins (sjá töflu 2). Hafa ber þó í huga að meðaltölin gefa ekki mjög skýra mynd af vistunartíma þar sem mikil dreifing var á dvalarlengd innan hópsins, eða allt frá 1 degi upp í 1689 daga (4,6 ár). Dvalarlengdin endurspeglar heildardvöl hvers barns, en þó nokkur þeirra voru vistuð oftast en einu sinni. Meðaltölin byggja á vistunartíma 1020 barna eða 94,2%


barnanna, en upplýsingar um dvalarlengd vantaði fyrir 63 börn (5,8%). Priðjungur barnanna var vistaður í 6 mánuði eða lengur (sjá töflu 3).

**Tafla 3: Lengd vistunar á vöggustofunum 1949-1973**

Lengd vistunar	Fjöldi (%)
< 1 mánuð	205 (18,9%)
1-3 mánuðir	275 (25,4%)
3-6 mánuðir	223 (20,6%)
>6 mánuðir	317 (29,3%)
Ekki skráð	63 (5,8%)
Alls	1083 (100%)

Stytting vistunartímans undir lok tímabilsins sést einnig nokkuð vel á mynd 1 þar sem meðallengd vistunar árána 1949-1973 er sett upp í línurit.

**Mynd 1: Meðallengd vistunar í dögum eftir komuári 1949-1973**



Þegar þróun alls tímabilsins er skoðuð kemur einnig í ljós að aldur barnanna við fyrstu vistun hækkar nokkuð undir lok tímabilsins. Í töflu 4 má sjá meðalaldur barna í dögum við fyrstu vistun eftir komuári. Hafa þó í huga að meðaltölin gefa ekki mjög skýra mynd þar sem mikil dreifing var á aldri barnanna innan hópsins, eða allt frá 0 daga við fyrstu komu upp í tæplega 7 ára. Meðaltölin byggja á aldri 1070 barna eða 98,8% barnanna, en upplýsingar um dvalarlengd vantaði fyrir 13 börn (1,2%).

Tafla 4: Meðalaldur barna í dögum við fyrstu vistun eftir komuári


Komuár	Fjöldi	Meðalaldur (sf)	Yngst	Elst (ár)
1949	16	186,7 (139,8)	1	409 (1,1)
1950	35	133,6 (153,4)	0	791 (2,2)
1951	24	135,7 (129,7)	1	484 (1,3)
1952	37	158,5 (171,8)	6	671 (1,8)
1953	32	129,8 (141,5)	7	581 (1,6)
1954	35	149,2 (128,3)	7	552 (1,5)
1955	25	139,0 (131,7)	8	435 (1,2)
1956	41	125,6 (137,5)	6	658 (1,8)
1957	27	91,7 (88,6)	6	325 (0,9)
1958	43	129,7 (113,0)	6	450 (1,2)
1959	38	114,9 (117,9)	6	487 (1,3)
1960	45	129,2 (113,5)	7	401 (1,1)
1961	32	210,3 (129,6)	8	534 (1,5)
1962	22	133,0 (119,3)	7	508 (1,4)
1963	43	235,4 (205,2)	12	1091 (2,9)
1964	56	192,6 (186,1)	7	726 (1,9)
1965	60	182,5 (161,0)	9	597 (1,6)
1966	49	216,8 (185,4)	4	729 (2,0)
1967	57	257,7 (222,2)	7	799 (2,2)
1968	53	284,3 (221,7)	7	727 (2,0)
1969	59	509,3 (429,1)	6	1670 (4,5)
1970	88	674,6 (678,1)	6	2316 (6,3)
1971	58	877,2 (669,8)	7	2455 (6,7)
1972	61	635,7 (565,5)	3	2073 (5,7)
1973	34	578,7 (611,0)	0	2238 (6,1)
Alls	1070*	311,8 (416,3)	0	2455 (6,7)

\*Upplýsingar um aldur vantaði fyrir 13 börn; sf= staðalfrávik

ATH: komuár miðast við fyrstu komu barns og þar sem mörg börn komu inn oftast en einu sinni endurspeglar fjöldatölur ekki fjölda þeirra barna sem vistuð voru hvert ár.

Hækkandi meðalaldur barnanna við fyrstu vistun sést einnig nokkuð vel á mynd 2 þar sem meðalaldur barna sem vistuð voru á vöggustofu á árunum 1949-1973 er sett upp í línurit.

**Mynd 2: Meðalaldur barna (í dögum) við fyrstu vistun eftir komuári**



Starfstími vöggustofanna spannar 25 ár, frá 1949-1973. Sé þessum tíma skipt jafnt upp í 5 ára tímabil kemur í ljós á síðustu 5 árin, frá 1969-1973, er dvalartími barnanna marktækt styttri en á öllum hinum tímabilunum ( $p < .01$ ) (einhliða dreifigreining (ANOVA) og Tukey post-hoc próf). Enginn marktækur munur finnst hins vegar á dvalarlengd milli tímabilanna 1949-1969 (sjá töflu 5).

**Tafla 5: Fimm ára tímabil: Meðallengd vistunar í dögum eftir komuári**

Komuár	Fjöldi	Meðallengd (sf)	Stysta vistun	Lengsta vistun (ár)
1949-1953	138	236,1 (237,7)	4	1535 (4,2)
1954-1958	152	229,6 (194,8)	7	946 (2,6)
1959-1963	175	211,4 (248,1)	2	1689 (4,6)
1964-1968	270	179,5 (230,5)	3	1678 (4,6)
1969-1973	285	94,8 (116,5)**	1	1188 (3,2)
Alls	1020*	176,4 (211,0)	1	1689 (4,6)

\*Upplýsingar um dvalarlengd vantaði fyrir 63 börn; sf= staðalfrávik

\*\* $p < .01$ , tímabilið 1969-1973 hefur marktækt styttri meðallengd vistunar en öll hin 4 tímabilin á undan

Sömu þróun má sjá þegar meðalaldur barna við fyrstu vistun er skoðaður út frá fimm ára tímabilum, en meðalaldur barnanna síðustu 5 árin, frá 1969-1973, er marktækt hærri en á öllum hinum tímabilunum á undan ( $p < .01$ ) (einhliða dreifigreining (ANOVA) og Tukey post-hoc próf). Enginn marktækur munur finnst hins vegar á meðalaldri milli tímabilanna 1949-1969 (sjá töflu 6).

Tafla 6: Fimm ára tímabil: Meðalaldur við fyrstu vistun í dögum

Komuár	Fjöldi	Meðalaldur (sf)	Yngst	Elst (ár)
1949-1953	144	145,4 (149,8)	0	791 (2,2)
1954-1958	171	128,1 (121,9)	6	658 (1,8)
1959-1963	180	166,4 (151,7)	6	1091(2,9)
1964-1968	275	225,9 (198,7)	4	799 (2,2)
1969-1973	300	662,5 (612,5)**	0	2455 (6,7)
Alls	1070*	311,8 (416,3)	0	2455 (6,7)

\*Upplýsingar um aldur vantaði fyrir 13 börn; sf= staðalfrávik

\*\* $p < .01$ , tímabilið 1969-1973 hefur marktækt hærri meðalaldur en öll hin 4 tímabilin á undan

Nokkrar breytingar urðu í ytra umhverfi vöggustofanna árið 1967 sem hugsanlega hafa haft áhrif á ofangreindar breytingar á vistun barna. Fyrst ber að nefna opnun viðbótarálmu vöggustofunnar sem afhent var í nóvember 1968 og ætluð var fyrir 16 til 18 börn frá 18 mánaða til þriggja og hálfis árs aldurs. Árið 1967 kom einnig fram gagnrýni á rekstur vöggustofanna í borgarstjórn eins og rakið er í kafla 4.3.2. Eins að ofan er rakið þá hafði dagvistarúrræðum í borginni einnig fjölgað hægt og þétt frá 1950 auk þess sem árið 1967 var samþykkt ný skipan í félagslegri þjónustu með stofnun Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar þar sem megináherslu skyldi leggja á fjölskylduvernd, fyrirbyggjandi starf og endurhæfingu fjölskyldna og einstaklinga samhliða áherslu um fjölgun og menntun starfsmanna í þessari þjónustu.

Eins og sjá má í töflu 7 um ástæður vistunar á vöggustofum þá er hlutfall þar sem engar upplýsingar eru skráðar um ástæðu vistunar tæp 35% af heildarfjölda barna og rúm 30% hjá börnum sem vistuð voru lengur en í 180 daga. Hlutfall tilvika þar sem ekki eru skráðar upplýsingar um ástæðu vistunar er töluvert hærra á Hlíðarenda en Thorvaldsen eða 47,8% á Hlíðarenda fyrir öll börn (og 38,8% hjá börnum sem vistuð voru 180 daga eða lengur) á móti 24,7% á Thorvaldsen vöggustofunni fyrir öll börn (18,6% hjá börnum sem vistuð voru 180 daga eða lengur).

**Tafla 7: Ástæða vistunar á vöggustofum 1949-1973**

Skráð ástæða vistunar	Öll börn	Börn vistuð >180 daga
	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)
Andlát foreldris	6 (0,6%)	4 (1,3%)
Áfengis og vímuefnavandi foreldris/foreldra	56 (5,2%)	20 (6,3%)
Geðræn veikindi foreldris/foreldra	59 (5,4%)	20 (6,3%)
Líkamleg veikindi foreldra	146 (13,5%)	25 (7,9%)
Meðganga/fæðing annars barns	26 (2,4%)	1 (0,3%)
Húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt	130 (12,0%)	35 (11,0%)
Aðrar eða ótilgreindar félagslegar ástæður	208 (19,2%)	83 (26,2%)
Proskahömlun foreldris	9 (0,8%)	6 (1,9%)
Fötlun barns	17 (1,6%)	10 (3,2%)
Veikindi barns	33 (3,0%)	11 (3,5%)
Barnið er fyrirburi	10 (0,9%)	3 (0,9%)
Foreldri starfar á vöggustofu	6 (0,6%)	2 (0,6%)
Engar upplýsingar skráðar um ástæðu vistunar	377 (34,8%)	97 (30,6%)
Alls	1083 (100%)	317 (100%)

Nokkur munur var einnig milli vöggustofanna á ástæðum vistunar í öðrum flokkum. Aðrar eða ótilgreindar félagslegar ástæður voru grunnur vistunar í 23,4% tilvika í Hlíðarenda hjá heildarfjölda barna og í 16% tilvika á Thorvaldsen. Líkamleg veikindi voru tilgreind ástæða í 9,5% tilvika hjá heildarfjölda barna í Hlíðarenda og í 16,6% á Thorvaldsen. Einkennandi er að börnum sem vistuð eru á grunni líkamlegra veikinda foreldra fer mjög fækkandi þegar tímalengd vistunar fer í og yfir 180 daga og gildir það bæði um Hlíðarenda og Thorvaldsen. Ástæðan húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt var mun oftast tilgreind sem ástæða vistunar hjá Thorvaldsen en Hlíðarenda eða í 16,3% hjá heildarfjölda barna á Thorvaldsen á móti 6,5% hjá heildarfjölda barna á Hlíðarenda. Af gögnum sem nefndin skoðaði má ráða að vegna dagvistarvanda í borginni var móður oft nauðugur sá kostur að fá vistun fyrir barn sitt á vöggustofu til að geta unnið fyrir sér.



## 2.4 Viðhorf í íslenskum samtímaheimildum um meðferð og umönnun ungra barna

Eins og áður er fram komið beindi landlæknir um langt skeið þeim leiðbeiningum til mæðra á Íslandi að láta ungbörn eins afskiptalaus og unnt væri á milli máltíða. Þau skyldi ekki taka upp til að hampa þeim og leika við þau, enda væru þau ekki leikföng fyrir fullorðna fólkið.<sup>100</sup> Þessar leiðbeiningar voru miðaðar við ungbörn upp að níu mánaða aldri.

Hins vegar kvað við annan tón í grein Símonar Jóhannesar Ágústssonar, sálfræðings „Móðurvernd og föðurhandleiðsla“ sem birtist í *Andvara* árið 1952. Þar fjallaði höfundur um mikilvægi þess að ungbörnum sé sýnd blíða og umhyggja en um það segir svo:

Víst þykir að hæfileg blíðuáttot glæði bæði andlegan og líkamlegan þroska barna. Við það, stókur og gælur örvast blóðrás, andardráttur og önnur líffærastörf. [...] Það örvar líkamlegan en þó einkum andlegan þroska barna, ef þeim er sinnt mikið, brosað við þeim, talað við þau og þau oft tekin í fangið.

Í sömu grein er einnig fjallað um um atlæti ungbarna á stofnunum en um það farast höfundur svo orð:

Það hafa raunar aldrei þótt góðir uppeldishættir, að skipta oft um uppaldendur barna. „Alinn upp á flækingsi“, með þessum orðum er þessari tegund óheppilegs uppeldis lýst. Því verður að fylgja þeirri meginreglu, ef móðir deyr, veikist, eða getur af einhverjum ástæðum ekki gegnt móðurhlutverkinu, að kappkosta að fá barninu staðgengil hennar, fósturu, sem gengur barninu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í móður stað.

Af þessu leiðir, að líkamlega og andlega heilbrigðum börnum er betra að alast upp á einkaheimili, ef það er sæmilegt, en á uppeldisstofnum, eins og þær eru nú almennt reknar. Stafar þetta af því, að á uppeldisstofnunum er börnunum sinnt of lítið, en þó einkum af því að þau tengjast þar ekki náíð og til langframa einum og ákveðnum manni, heldur sinna margar fósturur barninu sitt á hvað. Flest barnaheimili eru alltof stór og tíð mannaskipti verða á þeim. Allt þetta rýrir mjög uppeldisgildi þeirra. Djúpstætt vantraust og öryggiskennd heltaka barnið; það verður kuldastrá og afleiðingarnar koma oft fram fyrir eða síðar í sálarstríði og ýmsum hegðunarvandkvæðum, ófullnægjandi félagslegri aðlögun og siðferðilegum vanþroska og sljóleika. Ef börn dveljast á uppeldisheimili eða barnaspítala, jafnvel þótt um stundarsakir sé, þarf hvert barn að hafa sömu fósturuna, sem sinnir því sérstaklega og gengur því í móður stað. Flutning barna á milli barnaheimila, eins og nú tíðkast of víða algerlega að óþörfu, ber mjög að forðast. Með því móti festa börnin

---

<sup>100</sup> Leiðbeiningar um meðferð ungbarna. Landlæknisembættið 1950, bls. 1.

hvergi rætur. Ef ekki er hægt að koma munaðarlausu barni í fóstur skömmu eftir fæðingu, svo að setja þarf að á vöggustofu, ætti að kappkosta að koma því þaðan í framtíðarfóstur, svo að úr því geti það alist upp á sama heimilinu.<sup>101</sup>

Sama ár birtist í ritinu *Menntamál* grein eftir sama höfund þar sem hann fjallaði um Alþjóðlega ráðstefnu um geðvernd barna sem haldin var í Noregi 21. apríl til 3. maí 1952 og höfundur sótti að tilhlutan landlæknis ásamt Brodda Jóhannessyni, sálfræðingi, og Helga Tómassyni, geðlækni. Í greininni fjallar Símon um þau efni ráðstefnunnar sem honum þykja sérstaklega mikilvæg og mest áhersla var lögð á, þ.e. samband móður og barns. Var þar sérstök áhersla á skrif breska geðlæknisins John Bowlby, einkum nýútkomna bók hans *Maternal Care and Mental Health*. Í grein Símonar segir svo um þetta atriði:

Óvirkætt hefur verið sýnt fram á að geðheilsu ungbarns, sem ekki nýtur ástúðar og umhyggju móður eða einhvers, sem gengur því í móður stað, er stofnað í voða. Var komið fram með mjög óræk dæmi þess að börn hafi hætt að taka framförum og verið á leið með að veslast upp, ef þeim var ekki sýnd móðurleg blíða, enda þótt þau væru í „fyrirmyndarstofnum“. Þótt hreinlæti og líkamleg umhyggja væri eins og best er á kosið, eru börnin vansæl og þrífast stundum ekki, ef þau skortir gælur og gott atlæti. [...]

Ef barninu er ekki þegar frá fæðingu sýnd nákvæmni og ástúð, tengist það ekki öðrum mönnum og umhverfinu á réttan hátt. Með því myndast djúpstætt vantraust, öryggisleysiskennd, sem gerir það vansælt og mjög erfitt er að uppræta síðar. Geðheilsa og allur andlegur þroski barnsins er mjög undir því kominn að það treysti móður sinni, sem sér fyrir öllum þörfum þess, meðan það er ósjálfbjarga og er ávallt til staðar til að sinna því fljótt og vel. Háskasamlegur er sá ósiður, sem um skeið hefur gilt sem góð latína hjá ýmsum læknum og sálfræðingum og almenningur hefur því miður tekið nokkuð upp, að láta börn gráta tímunum saman af hungri eða vanlíðan án þess að taka þau upp, sinna þeim, eða gefa þeim að drekka. Barninu verður að sinna eftir þörfum þess, en ekki eftir því hvað klukkan er. Með því að gæla við barnið og láta vel að því örvast bæði andlegur og líkamlegur þroski þess [...].<sup>102</sup>

Í framhaldinu fjallar höfundur um hvað beri að varast í tengslum við vistun barna á stofnunum og lýsir þar sams konar sjónarmiðum og hann gerir í greininni sem vitnað er til hér að ofan. Víkur hann meðal annars að því að rannsóknir bendi eindregið til þess að barni sé hollara að alast upp á einkaheimili, jafnvel þótt það sé talsvert gallað, en á uppeldisstofnunum eins og þær séu almennt reknar. Er þá vísað til þess að á uppeldisstofnunum sé börnunum sinnt of lítið, þau tengist þar ekki einum ákveðnum einstaklingi og það sé því ótvírætt miklu ákjósanlegra að koma börnum í fóstur á sæmilegum einkaheimilum en á uppeldisstofnunum.

<sup>101</sup> Símon Jóh. Ágústsson „Móðurvernd og föðurhandleiðsla“ Andvari, 1. tbl. 1952, bls. 82-83.

<sup>102</sup> Símon Jóh. Ágústsson: „Alþjóðleg ráðstefna um geðvernd.“ Menntamál 2. tbl. 1952, bls. 54-55.

Leggur höfundur í því sambandi áherslu á að það sé „sannkallað neyðarúrræði að þurfa að ala upp líkamlega og andlega heilbrigð börn í stofnunum.“

Höfundur víkur síðan að því að þessi grundvallarsjónarmið þurfi að gerbreyta rekstri allra uppeldisstofnana, þar á meðal barnaheimila, barnaspítala eða hvaða nafni sem þær nefnast. Á öllum slíkum stofnunum þurfi barn að hafa sömu fóstruna, sem gangi því í móður stað, jafnvel þótt það sé þar aðeins um stundarsakir. Þá beri að forðast flutning barna á milli heimila og æskilegast sé að koma munaðarlausum börnum sem fyrst í fóstur. Að því er varðar uppeldisheimili sé langbest að þau séu lítil og sem líkust venjulegu heimili þar sem börn á ýmsum aldri og af báðum kynjum alast upp. Þá sé heppilegasti hátturinn að gera barngóðum hjónum eða konu kleift að taka nokkur börn í fóstur

Í framhaldinu fjallar höfundur um mikilvægi samneytis foreldra við þau börn sem vistuð eru utan heimilis:

Þá hefur komið fram þegar vista verður barn (eða ungling) utan heimilis að afar áriðandi er að það hafi sem allra nánast samband við foreldra sína eða ættmenni og þau heimsæki það eins oft og við verður komið, jafnvel þótt um mjög gallaða foreldra sé að ræða. Flest bendir til þess að það sé alröng og hættuleg stefna sem víðast er tíðkuð að banna annað hvort foreldrum alveg að heimsækja börnin eða þá leyfa heimsóknir mjög sjaldan og stutt í einu. Engin veit hvílíkt tjón og þjáningar slíkir hættir hafa bakað börnum.<sup>103</sup>

Í afmælisriti Thorvaldsensfélagsins eftir Knút Arngrímsson sem kom út árið 1980 er rakið að þeir Símon, Broddi og Helgi hafi komið á fund í Thorvaldsensfélaginu vorið 1952. Hafði félagið tveimur árum áður samþykkt að hefjast handa með byggingu vöggustofu fyrir 22 börn sem ekki var hafin á þessum tíma. Á fundinum gerðu þeir grein fyrir efni ráðstefnunnar sem þeir sóttu og hvöttu í framhaldinu félagskonur eindregið til að stofna heldur uppeldisheimili en vöggustofu, eins og mikið hafði áður verið talað um. Í framhaldinu var ákveðið með öllum greiddum atkvæðum að hefjast handa svo fljótt sem unnt væri að stofna slíkt heimili, ef „góð kona“ fengist til að taka það sér.<sup>104</sup>

Í afmælisritinu kemur fram að félagskonur hafi í kjölfarið skoðað hús fyrir slíkt heimili og heimild hafi verið veitt til kaupa á húsi á fundi félagsins í maí 1953. Á félagsfundum 18. júní 1953

<sup>103</sup> Símon Jóh. Ágústsson: „Alþjóðleg ráðstefna um geðvernd.“ Menntamál 2. tbl. 1952, bls. 56. Í grein Ármanns Snævarrs lagaprófessors „Ættleiðing og ættleiðingarlöggjöf“ sem birtist í Tímariti lögfræðinga árið 1959, bls. 80, er einnig vísað til þess að nýjustu rannsóknir í uppeldisfræði, sálfræði og sakfræði hafi leitt í ljós að vistun á uppeldisstofnunum til langframa sé ekki æskilegt uppeldisúrræði, ef ekki er annarra úrkosta, þar sem börn fari þar margs á mis, jafnvel þótt aðbúnaður að þeim sé allur jafngóður og frekast verður kosið. Þessar rannsóknir bendi ótvírætt til þess að uppeldi á einkaheimili sé að öðru jöfnu farsælla en uppeldi á uppeldisstofnunum og þær skjóti gildum stöðum undir úrræði eins og fóstur og ættleiðingu.

<sup>104</sup> Knútur Arngrímsson: Thorvaldsensfélagið 100 ára - Afmælisrit. Thorvaldsensfélagið, Reykjavík 1980, bls. 98-106.

var lagður fyrir samningur til kaupa á húsi en félagskonur felldu samninginn með 16 atkvæðum gegn 13.

Af samtímaheimildum verður ráðið að þörf á fleiri barnaheimilum hafi vaxið hratt á þessum árum. Í júní 1956 skrifaði Jónas B. Jónsson fræðslustjóri Reykjavíkur greinargerð fyrir borgarstjóra um barnaheimili á vegum Reykjavíkurborgar ásamt tillögum um breytingar og umbætur. Þar var talið aðkallandi að hefjast handa við nýbyggingar og að æskilegast væri að staðsetja vistheimilin á kyrrlátum stað rétt utan bæjar og byggja þau í „nokkurs konar hverfi [...]“. Var hugmyndin þá sú að níu mismunandi heimili yrðu í hverfinu, vöggustofa, vistheimili og heimavistarskólar, og kæmu þau í stað þáverandi stofnana sem Reykjavíkurbær starfrækti.<sup>105</sup>

Í máli Gunnars Thoroddsen bæjarstjóra á fundi bæjarstjórnar 18. október 1956 kom fram að á hverju ári yrði erfiðara að finna samastað fyrir munaðarlaus börn í Reykjavík og því væri þörf að byggja fleiri barnaheimili í Reykjavík, sem og að búa svo vel að þessum málum sem föng væru á. Í máli bæjarstjóra kom fram að sérfróðir menn í þessum efnum teldu æskilegt að byggja lítil barnaheimili þar sem börnin væru helst ekki fleiri en 10 á hverju heimili, svo að góður fjölskyldubragur gæti myndast og ekki þyrfti að flytja börnin á milli heimila. Einnig væri þörf á fleiri dagheimilum í bænum og leikskólum.<sup>106</sup>

Sama dag skipaði bæjarstjóri 5 manna nefnd („barnaheimilisnefnd“) til þess að gera athuganir og tillögur í barnaheimilismálum bæjarins, um byggingu nýrra heimila, stærð þeirra, staðsetningu og gerð. Í nefndina voru skipuð, Símon Jóhannes Ágústsson, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Auður Auðuns, forseti bæjarstjórnar, Magnús Sigurðsson skólastjóri, Petrína Jakobsson, bæjarfulltrúi og Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri Fóstruskólans.

Nefndin skilaði niðurstöðum sínum tæplega hálfu áru síðar. Í tillögum nefndarinnar frá 20. mars 1957 er meðal annars lagt til að húsnæði leikskóla verði breytt þannig að þar megi reka dagheimili og að reistar verði 10 nýjar byggingar þar sem starfrækt verði dagheimili og vöggustofur. Var þar miðað við að pláss á dagheimilum myndu meira en tvöfaldast ef tillögunum yrði hrint í framkvæmd.

Í greinargerð sem fylgdi tillögunum kemur fram að árið 1955 hafi 1160 börn í Reykjavík verið börn einstæðra mæðra. Er þar jafnframt lýst því sjónarmiði að uppeldi og framtíð þeirra gæti beinlínis verið undir því komin að þau fengju vist á dagheimili. Ef ekki, þá ætti móðir barns einungis um þá kosti að velja að geta ekki unnið fyrir barni sínu eða að skilja það eftir umhirðu- og gæslulaust. Í samræmi við þetta lagði nefndin til að barnaheimilin yrðu fyrst og fremst dagheimili eða 2/3 af öllum barnaheimilum. Í greinargerðinni segir svo um þetta atriði:

---

<sup>105</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Greinargerð fræðslustjóra Reykjavíkur um barnaheimili á vegum Reykjavíkur ásamt tillögum um breytingar og umbætur, dags. 14. júní 1956.

<sup>106</sup> [Morgunblaðið 19. október 1956, bls. 2.](#)

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga um þörfina á dagheimilum, dagvöggustofum og leikskólum hjá framkvæmdastjóra Sumargjafar og forstöðukonum þeirra stofnana sem hún rekur. Fyrir hendi eru nú tvöfalt fleiri leikskólapláss en dagheimilapláss, en þörfin á auknum rekstri dagheimila er hins vegar miklu brýnni, því að leikskólarnir bæta ekki úr þörf þeirra mæðra og heimila sem þurfa að koma börnunum fyrir allan daginn. Sérstaklega er eftirspurn mikil eftir plássum á dagvöggustofum og dagheimilum fyrir börn til 3ja ára aldurs. Þessari eftirspurn er ekki hægt að verða við nema að mjög litlu leyti, þar sem dagvöggustofa er aðeins ein í bænum, í Laufásborg. [...]

Dagheimili bæta einkum úr þörf einstæðra mæðra, ekkna og fráskilinna kvenna sem verða að vinna úti til að sjá heimili sínu farborða. Miðað við þjóðfélagsaðstæður hér, kemur naumast önnur hjálp þessum konum almennt að haldi. Í ýmsum öðrum tilvikum bæta dagheimilin úr brýnni þörf, svo sem í veikindatilfellum á heimilinu, einnig þar sem um ekkjumenn með börn er að ræða, sem hafa ófullnægjandi húshjálp, gift námsfólk o.fl. – Leikskólarnir eru hins vegar fremur ætlaðir til þess að létta barnaumsjá af húsmæðrum nokkurn hluta dagsins, láta börnunum í té örugga gæslu og veita þeim hentug og þroskandi skilyrði til leikja og starfa úti og inni. Má ef til vil komast svo að orði að leikskólarnir séu æskilegar stofnanir, ein dagheimilin blátt áfram nauðsynleg þegar haft er í huga hlutverk þeirra.

Í greinargerðinni fjallar nefndin um að sérstaklega mikil eftirspurn sé eftir dagvöggustofum. Lýsir nefndin því viðhorfi að einsætt sé að fara beri inn á þá braut að efla dagvöggustofur en um það atriði segir í greinargerðinni:

Mörg móðir verður nú að skiljast við barn sitt og koma því fyrir á vöggustofu af því að ekki er unnt að taka það á dagvöggustofu. Verður þessi aðskilnaður í mörgum tilvikum til þess að móðirin smáhættir að sinna barninu, svo að það verður í raun munaðarlaust. Dagvöggustofur eiga því að gegna mikilvægu hlutverki í þessu efni.<sup>107</sup>

Í greinargerð nefndarinnar er einnig fjallað um rekstrarfyrirkomulag vistheimila og þar lýst því sjónarmiði að heimilin eigi að vera „lítil og að búnaði þeirra og rekstri sé svo fyrirkomið að þau séu líkust einkaheimilum, svo að börnin alist upp við sem svipuðust viðhorf og aðstæður og í fjölskyldu.“ Síðan segir:

Kjarni allra uppeldisáhrifa er fólgin í persónulegum áhrifum og sambandi milli barnanna og uppalenda þeirra, en frumskilyrði þess er, að heimilin séu fámenn. Á þetta þó helst við um munaðarlaus börn, sem alast algerlega upp á vistheimilum. Hvarvetna erlendis hefur fengist vond reynsla af hinum stóru vistheimilum, sem

---

<sup>107</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 149. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Trúnaðarmál. Barnavernd, Barnaheimili. Barnaheimili ýmislegt vegna barnaverndar 1932 til 1959, bls. 2.

tíðkast hafa til skamms tíma. Rekstur þeirra er miklum erfiðleikum bundinn af ýmsum ástæðum, ekki síst vegna þess, að náíð persónulegt samband myndast þar yfirleitt ekki á milli barna og uppalenda. Uppeldislegur árangur af starfsemi þessara heimila hefur verð lakari enn menn gerðu sér ljóst.<sup>108</sup>

Í greinargerðinni er einnig fjallað um rekstur vistheimila en um það segir meðal annars:

Nú orðið þykir mjög óheppilegt, að börn sofi mörg saman í stórum svefnsölum. Eitt andvaka barn getur haldið vöku fyrir öllum hinum. Stórir svefnsalir auka á taugaspennu barnanna. Á nýjum vistheimilum erlendis búa unglingar einir sér í herbergi eða tveir saman, á skólaaldri 2-3 börn og á forskólaaldri 4-6 börn. Á litlum (10 barna) vistheimilum matast allir við sama borð, á stærri heimilum við smáborð, 4 saman. Lögð er áhersla á, að borðbúnaður sé einsog tíðkast í fjölskyldum, en hann var víðast áður frámunalega ljótur og klunnalegur. Börn sem ólust upp í stofnunum, höfðu kannski aldrei drukkið úr venjulegum bolla heldur krúsum eða föntum, fyrr en þau voru farin þaðan. Þetta afkáralega dæmi er eitt af fjölmörgum. En margt smátt gerir eitt stórt, og þegar slíkir smámunir komu margir saman, áttu þeir mikinn þátt í að mynda gerviheim þann, sem börnum hefur lengi verið búinn á uppeldisheimilum. – Sama máli gegnir um húsgögn o.fl. sem haft er til augnayndis og prýði. Allt er nú haft sem líkast því og tíðkast í fjölskyldum. Með þessu er reynt að forðast að vistheimilið fái á sig „stofnunarsvip“, sem orkar meira og dýpra á barnið en margur hyggur og vekur hæglega með því vanmetakennd, smánartilfinningu og gremju, en þaðan er skammur vegur til andfélagslegra hneigða.<sup>109</sup>

Í greinargerð með tillögum barnaheimilisnefndar er vikið sérstaklega að áformum Thorvaldsensfélagsins um að reisa vöggustofu fyrir 30 til 40 börn og er þar haft eftir forstöðukonu Hlíðarenda að staðsetningin sé viðeigandi eftir að Langholtsvegur var malbikaður. Þá sé lóðin það stór að hávaði frá umferð valdi ekki óþægindum.

Í tillögum nefndarinnar er lagt til að greint verði á milli nýju og gömlu vöggustofunnar þannig að þær starfi í tveimur deildum. Yngri börnin yrðu þá í annarri vöggustofunni en eldri börnin í hinni til 1 ½ árs til 3 ára aldurs, en alls myndu vöggustofunnar þá rúma 50-55 börn. Í tillögum nefndarinnar segir síðan:

„Núverandi vöggustofa rúmar 23 börn, svo að hér er um mikla aukningu að ræða. Ætti þessi aukning að duga um allan skeið, og lóðin er svo stór, að auka mætti verulega við húsakost vöggustofanna. Vöggustofur eru ávallt ætlaðar til þess að bæta úr sárri nauð; þegar móðir veikist, deyr, eða aðrar aðstæður gera henni ókleift að

<sup>108</sup> Sama heimild, bls. 2. Um vaxandi þörf fyrir dagvistun í Reykjavík á þessum tíma er fjallað í kafla 2.3.

<sup>109</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 149. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Trúnaðarmál. Barnavernd, Barnaheimili. Barnaheimili ýmislegt vegna barnaverndar 1932 til 1959. Greinargerð barnaheimilisnefndar frá 20. mars 1957, bls. 4.

hafa barn sitt hjá sér eða loks, að hún er óhæf til að hafa barn í umsjá sinni. Aðskilnaður móður og nýfædds barns leiðir nær alltaf til þess, að tengslin milli þeirra verða ekki jafn innileg og verða myndi, ef þau væru í samvistum. Því ber að sporna við því, að vöggustofur séu misnotaðar, þ.e. þeim börnum sé komið á vöggustofu, sem móðir gæti haft hjá sér, því slíkt verður til tjóns bæði móður og barni. Ber því að stuðla á því á allan hátt, að mæður skiljist ekki að nauðsynjalausu við nýfædd börn sín, nema þá að þær komi þeim í varanlegt fóstur.<sup>110</sup>

Tillögur nefndarinnar voru lagðar fyrir fund bæjarstjórnar Reykjavíkur 4. júlí 1958. Á fundinum samþykkti bæjarstjórn tillögur og greinargerð nefndarinnar um staðsetningu nýrra dagheimila og leikskóla og að þegar skyldi hafinn undirbúningur og bygging nýrra leikskóla. Jafnframt samþykkti bæjarstjórn að bæjarstjóra og bæjarráði yrði falið að gera athugun á því hvort framkvæmanlegt og hagkvæmt væri að stækka leikskólahús sem fyrir væru til samræmis við tillögur barnaheimilisnefndar.<sup>111</sup>

Ljóst er að á þessum tíma var vaxandi vitund um nauðsyn þess að hugað væri að því að sinna tilfinningalegum þörfum ungbarna og örva þroska þeirra. Nokkrum árum síðar kom út ritið *Um ættleiðingu*, eftir Símon Jóhannes Ágústsson en hann var á þessum tíma jafnframt sérlegur ráðgjafi Barnaverndarráðs. Í ritinu segir meðal annars:

Nútíma rannsóknarmenn hafa leitt að því mjög sterk rök, að allt frá þriggja mánaða aldri og einkum úr því að barnið er 6 mánaða, er það í hættu, þegar það er vanrækt tilfinningalega. Tilfinningaleg vanræksla sem stendur lengur en þrjá mánuði hefur skaðsamlegar afleiðingar fyrir barnið og ef hún stendur lengur en eitt ár, má búast við því að barnið kunni að bera hennar menjar alla ævi. Hér er átt við börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára.

Án hæfilegra fjölbreyttra ytri skynhrifa og félagslegrar örvunar sljóvgast og visnar sálarlíf barnsins. Þessi örvun fer fram á margvíslegan hátt: með líkamlegri nálægð og snertingu móðurinnar [...] Ef barnið fer að miklu leyti á mis við þessa örvun, einkum úr því að það er þriggja mánaða, hefur það skaðsamleg áhrif á allan sálarþroska þess og persónugerð.<sup>112</sup>

Í sama riti fjallar höfundur sérstaklega um vöggustofur og þær áskoranir sem fylgja því að reka slíkar stofnanir:

---

<sup>110</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 149. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Trúnaðarmál. Barnavernd, Barnaheimili. Barnaheimili ýmislegt vegna barnaverndar 1932 til 1959. Greinargerð barnaheimilisnefndar frá 20. mars 1957, bls. 2.

<sup>111</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 149. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Trúnaðarmál. Barnavernd, Barnaheimili. Barnaheimili ýmislegt vegna barnaverndar 1932 til 1959. Samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur 4. júlí 1957.

<sup>112</sup> Símon Jóh. Ágústsson: *Um ættleiðingu*, Reykjavík 1964, bls. 108.



Mikið vandhæfi er á að reka vöggustofur á þann hátt, að börn fái þær næga örvun. Þeim er yfirleitt ekki sinnt nóg, svo að þau skortir hvatningu, sem mannlegur félagsskapur og umhverfi annars veitir þeim í góðum og sæmilegum fjölskyldum. Oft er aukið á þessa einangrun með óheppilegu og úreltu fyrirkomulagi. [...] Fjölmargar rannsóknir, á börnum sem lengi hafa verið á vöggustofum reknur á þennan hátt, hafa óvírætt leitt í ljós að einangrun, skortur á örvun og félagstengslum við aðra, stórheftir allan andlegan þroska þeirra. Kemur það fram á ýmsan hátt: sem deyfð, áhugaleysi, þunglyndi og tilfinningasljóleiki.<sup>113</sup>

Síðan segir í ritinu:

[M]á fullyrða, að of fábreytt umhverfi, þar sem ungbarnið skortir skynjunarörvun og er ekki í eðlilegum félagstengslum við móður sína (staðgengil hennar) og síðan við annað fólk, sé mjög óhagstætt öllum andlegum þroska þess. Ef þetta brestur mikið sakir afskiptaleysis og einangrunar, er andlegur þroski barna að miklu leyti kyrktur í fæðingunni og persónugerð þeirra raskast. Slík meðferð barna er sama eðlis og hinn óhugnanlegi „heilapvottur“ sem flestir ekki nógu sterk orð til að fordæma.<sup>114</sup>

Um tengsl ungbarna og foreldra er einnig fjallað í bókinni *Úr hugarheimi* eftir Sigurjón Björnsson sálfræðing sem kom út sama ár en þar segir meðal annars:

Veigamikil undirstaða andlegs heilbrigðis er eðlileg þróun geðtengsla. Hefur verið lögð áhersla á, að skilyrði fyrir slíkri þróun sé stöðugt og náið samband barnsins við heilbrigða foreldra, einkum móðurina. Ef það samband rofnar, má búast við sálrænum truflunum, sem geta verið alvarlegs eðlis. Einkum gildir þetta um ungbörn og er aldurinn 6 - 18 mánuðir talinn varasamastur. Þá myndar barnið fyrstu tengsl sín við mannheim og mistakist það, er hætt við að öll viðfangsþróun þess verði meira og minna brengluð.

Brautryðjandi í rannsókn þessara mála var Englendingurinn J. Bowlby en niðurstöður hans [...] vöktu mikla athygli.

Bowlby komst að þeirri niðurstöðu, að þrenns konar aðstæður gætu valdið alvarlegum truflunum á geðheilsu barna. [...]. a) Alger skortur á tengslum við móður (eða staðgengil hennar) fyrstu þrjú æviár barnsins. b) Barnið er svipt móður sinni um skemmri tíma, a.m.k. í þrjú mánuði, ein þó líklega öllu fremur ef fjarvistirnar eru lengri en sex mánuðir, - á fyrstu þrem, fjórum árunum. c) Tíð skipti móður og staðgenglum hennar á fyrrnefndu aldurskeiði.

---

<sup>113</sup> Sama rit, bls. 108-109.

<sup>114</sup> Sama rit, bls. 109.

Truflanirnar geta lýst sér með mörgu móti og verið ýmist tímabundnar eða varanlegar. Bowlby nefnir eftirfarandi fjögur atriði: a) Barnið bregst illa við móðurinni, þegar það kemur til hennar aftur og lætur stundum sem það þekkir hana ekki. b) Barnið verður ákaflega kröfuhart við móðurina eða staðgengil hennar [...]. Mikil afbrýðissemi og skapofsaköst gera vart við sig. c) Glaðleg, en tilfinningalega yfirborðsleg framkoma barnsins við fullorðið fólk, sem það umgengst. d) Tilfinningalegur sljóleiki. Barnið myndar engin geðtengsl við aðra. Oft fylgja þessu sérstakar, reglubundnar líkamshreyfingar (róa sér fram og aftur og rugga) og stundum sækir barnið í að berja höfðinu við eitthvað það, sem er í námunda (veggi, rúmgöfl).<sup>115</sup>

Í riti Sigurjóns kemur fram að niðurstöður Bowlbys hafi aðallega stuðst við athugun á börnum, sem höfðu verið svipt móður sinni um lengri eða skemmri tíma. Þeim hafi verið komið fyrir á barnaheimilum, sjúkrahúsum og í fóstur hjá einstaklingum. Svo hafi verið að sjá sem andleg líðan og þroski barnanna færi lítið eftir líkamlegri umönnun þeirra. Þeim börnum hafi líðið best sem fengu staðgengil móður og þau gátu tengst sterkum böndum. Aftur á móti hafi mikil hætta verið á ferðum þegar barnið dvaldist á stofnunum, þar sem enginn einn tók það að sér og umsjá þess var skipt á milli mismunandi fóstura og hjúkrunarliðs.<sup>116</sup>

Sigurjón vísar einnig að því að samanburður, sem R. Spitz gerði á börnum tveggja stofnana, þ.e. fæðingarheimilis og upptökuheimilis, sé athyglisverður. Bæði heimilin hafi verið ágæt hvað varðaði húsakynni, hreinlæti, mataræði og klæðnað barnanna. Á fyrrnefnda heimilinu hafi verið eitthvað meira af leikföngum og börnunum var gert auðveldara fyrir að hreyfa sig. Aðalmunurinn hafi þó verið fólgin í því að á upptökuheimilinu voru börnin að öllu leyti í umsjá hjúkrunarliðs og hver stúlka hafði veg og vanda af 8 börnum. Á fæðingarheimilinu hafi mæðurnar aftur á móti dvalið með börnunum og hlutverk hjúkrunarkvennanna hafi verið að kenna þeim að annast börnin. Þótt börn upptökuheimilisins hafi vírst andlega talsvert betur úr garði gerð hafi þau fljótt dregist mjög aftur úr um þroska. Í riti Sigurjóns segir svo um þetta:

Þegar Spitz reyndi að finna ástæðurnar fyrir þessum greinilega mun á börnum hinna tveggja stofnana, gat hann ekki ályktað öðruvísi en svo: „Það er sannfæring vor, að þau (þ.e. börn upptökuheimilisins) þjáist af því að skynheimi þeirra vantar mannlegan félagskap, af því að einangrunin kemur í veg fyrir örvun frá móðurstaðgengli.<sup>117</sup>

<sup>115</sup> Sigurjón Björnsson: *Úr hugarheimi*. Reykjavík 1964, bls. 190 til 191.

<sup>116</sup> Sigurjón Björnsson: *Úr hugarheimi*. Reykjavík 1964, bls. 191.

<sup>117</sup> Sigurjón Björnsson: *Úr hugarheimi*. Reykjavík 1964, bls. 190 til 191.

## 2.5 Lagaleg umgjörð um vöggustofur á tímabilinu 1949 - 1973

### 2.5.1 Inngangur

Eins og rakið var hér að framan er það meðal verkefna nefndarinnar að lýsa starfsemi vöggustofanna, hlutverki þeirra í barnaverndar- eða uppeldismálum og því hvernig eftirliti Reykjavíkurborgar og ríkisins var háttað. Til að gera þessu efni skil er einnig nauðsynlegt að rekja þær lagareglur sem giltu um starfsemina á þeim tíma sem rannsókn nefndarinnar tekur til. Þá hafa sömu reglur einnig þýðingu við mat nefndarinnar á því hvort börn hafi sætt ofbeldi eða illri meðferð á vöggustofum í ljósi þeirra viðmiða sem nefndin hefur ákveðið að leggja til grundvallar og gerð er grein fyrir í köflum 6.1.3 og 6.2.3. hér á eftir.

Segja má að grunnurinn fyrir aðkomu sveitarfélaga að stofnun og rekstri vistheimila fyrir börn hafi verið lagður með gildistöku bráðabirgðalaga um eftirlit með ungmennum o.fl. nr. 122/1941. Í þeim lögum var gengið út frá því að ef barni var ráðstafað á vistheimili vegna bágra heimilisaðstæðna, vanrækslu eða ofbeldis þá væri það hlutverk sveitarfélaganna að sjá fyrir slíku úrræði.

Þetta hlutverk hélst að meginstefnu óbreytt þegar lög nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna tóku gildi. Þau lög höfðu hins vegar að geyma ítarlegri og fyllri ákvæði um störf og starfshætti barnaverndarnefnda og Barnaverndarráðs en voru í lögum nr. 122/1941. Til dæmis höfðu lögin að geyma nákvæmari ákvæði um tilkynningarskyldu opinberra starfsmanna og lögreglu til barnaverndarnefnda. Þá var kveðið á um að skylt væri að láta fara fram rannsókn á barni áður en barnaverndarnefnd ráðstafaði barni frá heimili.

### 2.5.2 Skipulag og meginhlutverk barnaverndarnefnda

Barnaverndarnefnd í hverju sveitarfélagi hafði það hlutverk samkvæmt lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, að sjá um almennt eftirlit með börnum og ungmennum í sínu umdæmi. Þá var það jafnframt í verkahring nefndarinnar að hafa eftirlit með barnaverndarstarfi innan síns umdæmis og þá sérstaklega með uppeldisstofnunum sem þar voru starfræktar. Eftirlit með stofnunum sem vistuðu börn hvaðanæva af landinu var hins vegar í höndum Barnaverndarráðs samkvæmt 53. gr. sömu laga.

Samkvæmt 4. gr. laganna skyldu barnaverndarnefndir vera í hverjum kaupstað. Í 6. gr. var síðan kveðið sérstaklega á um að bæjarstjórn í Reykjavík skyldi kjósa sjö menn í barnaverndarnefnd og sjö menn til vara. Efnislega sambærilegt ákvæði var í 6. gr. laga nr. 53/1966 þegar þau tóku gildi og leystu eldri lögin af hólmi. Kjörgengir í barnaverndarnefnd voru þeir sem nutu kjörgengis til sveitarstjórna og voru kunnir að grandvarleika og báru sem

best skyn á þau mál sem barnaverndarnefnd fjallaði um. Ekki var hins vegar kveðið á um hæfi nefndarmanna að öðru leyti, svo sem um að þeir skyldu hafa sérþekkingu á sviði uppeldis- eða barnaverndarmála. Kjörtími barnaverndarnefnda var sá sami og bæjarstjórna og var það borgaraleg skylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þeir gátu þó skorast undan sem voru 60 ára og eldri og þeir sem höfðu setið í barnaverndarnefnd kjörtímabil á undan. Kostnaður af störfum barnaverndarnefnda var á hendi sveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 29/1947 og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 53/1966.

Nefndarmönnum í barnaverndarnefnd bar samkvæmt 9. gr. laga nr. 29/1947 og 9. gr. laga nr. 53/1966 að skipta með sér störfum og kjósa formann, varaformann og ritara. Samkvæmt sömu ákvæðum bar ritara að halda „nákvæma fundarbók um störf nefndar“ og senda Barnaverndarráði skýrslu um þau fyrir miðjan febrúar hvert ár. Barnaverndarráði var skylt að gefa út skýrslu um starfsemi barnaverndarnefnda eigi sjaldnar en annað hvert ár. Í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 53/1966 var gert ráð fyrir að ráðherra setti reglugerð um starfshætti barnaverndarnefnda, þ.á m. um boðun funda, bókun fundargerða og boðun varamanna. Eftir gildistöku síðastnefndu laganna var fjallað nánar um starfshætti barnaverndarnefnda í II. kafla reglugerðar nr. 105/1970, um vernd barna og ungmenna.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 29/1947 og 10. gr. laga nr. 53/1966 hafði barnaverndarnefnd heimild til að ráða sérhæft starfslíð til að annast dagleg störf nefndarinnar í umboði hennar. Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 29/1947 var kveðið á um skyldu bæjarráðs í Reykjavík, að fengnum tillögum barnaverndarnefndar, til að ráða fulltrúa er annaðist dagleg störf nefndarinnar. Skyldi sá aðili vera kunnáttumaður um uppeldismál. Þá gat barnaverndarnefnd Reykjavíkur ráðið annað starfsfólk með heimild bæjarráðs, sbr. 2. mgr. 10. gr. sömu laga.

Í samræmi við stækkun sveitarfélaga og aukin verkefni barnaverndarnefndar var síðan í 10. gr. laga nr. 53/1966 kveðið á um heimild þeirra til að ráða, að fenginni heimild sveitarstjórnar, „sérhæft starfslíð sem annast skyldi dagleg störf barnaverndarnefndar í umboði hennar svo og annað starfsfólk“. Samkvæmt ákvæðum sömu laga var barnaverndarnefnd heimilt að fela fulltrúa sínum eða sérhæfðu starfslíði umboð til að annast „dagleg störf“ nefndarinnar.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 29/1947 var barnaverndarnefnd ályktunarfær þegar fullur helmingur nefndarmanna sat fund, enda væri formaður eða varaformaður á fundi. Ef svipta átti forráðamenn barns umráðarétti yfir því, þurftu hið minnsta fimm meðlimir barnaverndarnefndar Reykjavíkur að samþykkja slíka ráðstöfun, enda var sú nefnd sjö manna nefnd samkvæmt lögnum. Við forföll nefndarmanns boðaði formaður varamann í hans stað. Í 14. gr. laga nr. 29/1947 sagði að ef vinda þyrfti „bráðan bug [...] að ráðstöfun, sem [bæri] undir barnaverndarnefnd, [gæti] formaður - eða fulltrúi í umboði hans - framkvæmt hana, en leggja [skyldi] málið til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd svo fljótt sem kostur [væri].“

Samsvarandi ákvæði um ályktunarhæfi barnaverndarnefndar og heimild formanns, eða fulltrúa í hans umboði, til að vinda bráðan bug að ráðstöfun sem bæri undir

barnaverndarnefnd, var að finna í 13. og 15. gr. laga nr. 53/1966. Foreldrar eða forráðamenn barna sem áttu hagsmuna að gæta varðandi slíkar ráðstafanir barnaverndarnefndar gátu borið mál undir Barnaverndarráð til úrlausnar samkvæmt 56. gr. laganna. Úrskurðir Barnaverndarráðs voru fullnaðarúrskurðir sem ekki var unnt að skjóta til menntamálaráðuneytis.

Prátt fyrir að gert hafi verið ráð fyrir því allt frá gildistöku laga nr. 29/1947 að starfslið barnaverndarnefndar annaðist dagleg störf nefndarinnar, t.d. könnun og meðferð einstakra mála, var ávallt gengið út frá því að barnaverndarnefnd tæki allar meiri háttar ákvarðanir á borð við að taka barn af heimili. Átti það við hvort sem slíkar ákvarðanir voru teknar á grundvelli laga nr. 29/1947 eða laga nr. 53/1966.

Samkvæmt lokamálslið 3. mgr. 14. gr. laga nr. 53/1966 hafði menntamálaráðherra heimild til að setja reglugerð um verkaskiptingu innan fjölmennari nefnda, svo og um starfsmenn og ráðunauta barnaverndarnefnda. Með 1. gr. laga nr. 31/1968 var síðan bætt nýrri 5. málsgrein við 6. gr. laga nr. 53/1966 þar sem menntamálaráðherra var veitt heimild til að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf barnaverndarnefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Var þar jafnframt kveðið á um að ráðherra skyldi mæla nánar fyrir um starfssvið nefndarinnar í reglugerð, en skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil skyldi ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.

Í samræmi við framangreint setti menntamálaráðherra reglugerð nr. 96/1970, um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Samkvæmt 1. og 6. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar var barnaverndarnefnd Reykjavíkur meðal annars falið að fara með eftirlit með uppeldisstofnunum, enda væri eftirlitið ekki falið öðrum samkvæmt sérstökum lögum. Auk þess var það hlutverk barnaverndarnefndar að úrskurða um meiri háttar mál er vörðuðu ráðstafanir gagnvart börnum eða forráðamönnum þeirra, sbr. 13. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.<sup>118</sup> Með 3. tölul. 3. gr. reglugerðarinnar var félagsmálaráði falin ráðstöfun í vist eða fóstur og eftirlit með því að öðru leyti en greinir í áður nefndum 6. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar.<sup>119</sup> Um barnaverndarnefndir, störf þeirra og starfsháttu voru einnig sett nánari ákvæði í II. kafla reglugerðar nr. 105/1970, um vernd barna og ungmenna.

---

<sup>118</sup> Í 6. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 96/1970 er vísað til 14. gr. laga um vernd barna og ungmenna. Verður ekki annað ráðið en að um misritun sé að ræða þar sem ákvæði 14. gr. laga um vernd barna og ungmenna varðaði hæfi nefndarmanna barnaverndarnefnda. Um úrskurði barnaverndarnefnda var fjallað í 13. gr. laganna.

<sup>119</sup> Með 1. gr. laga nr. 94/1969 var menntamálaráðherra veitt almenn heimild með nýrri 6. mgr. 6. gr. laga nr. 53/1966 til að fela störf barnaverndarnefndar í sveitarfélagi utan Reykjavíkur félagsmálaráði að nokkru eða öllu leyti, enda óskaði sveitarstjórn eftir því og ákveðið væri af hennar hálfu að stofna til félagsmálaráðs.

### 2.5.3 Heimildir og skyldur barnaverndarnefndar til að hafa afskipti af börnum

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 29/1947 var barnaverndarnefnd falið að fylgjast sem best með framferði, uppeldi og aðbúð barna og ungmenna í umdæmi sínu og hafa stöðugt samband við aðra þá aðila, sem stöðu sinnar vegna öðluðust vitneskju um þessi efni. Þetta sem og önnur ákvæði laganna bera með sér að eftirlitsskyldur barnaverndarnefnda voru víðtækar og að þær fólu í senn í sér skyldu til að sinna almennu eftirliti með börnum innan hvers umdæmis svo og eftirliti með einstökum börnum. Í lögunum var jafnframt mælt fyrir um ýmis úrræði eða ráðstafanir sem barnaverndarnefndir gátu gripið til, ýmist til verndar tilteknum börnum eða ungmennum eða ungmennum og börnum í heild. Þá var þar einnig skýrt kveðið á um hvenær barnaverndarnefnd bæri að hafa afskipti af börnum og heimilum þeirra og því lýst við hvaða aðstæður þessar skyldur nefndarinnar yrðu virkar.

Ákvæði laga nr. 53/1966, sem tóku gildi við birtingu laganna í maí 1966 á starfstíma Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, voru í meginráttum samhljóða ákvæðum laga nr. 29/1947 um heimild barnaverndarnefnda til afskipta af börnum. Þannig bera reglur laganna um störf barnaverndarnefnda, sbr. IV. kafla laga nr. 29/1947 og IV. kafla laga nr. 53/1966, með sér að barnaverndarnefnd bar fortakslaust skylda til að hafa afskipti af börnum sem voru forsjárlaus og koma þeim í fóstur á góð heimili. Á þeim tíma sem vöggustofurnar voru starfræktar hafði barnaverndarnefnd sams konar skyldu til að hafa afskipti af sjúkum börnum sem fengu ekki viðunandi hjúkrun eða læknishjálp og gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni, sbr. 25. gr. laga nr. 29/1947 og 25. gr. laga nr. 53/1966. Í síðastnefndu greininni var bætt við sérstöku ákvæði um skyldu barnaverndarnefndar til að gera ráðstafanir vegna barna sem væru andlega vanþroska og fengu ekki nauðsynlega umönnun.

Barnaverndarnefnd var jafnframt skylt að hafa afskipti af börnum ef uppeldi þeirra, aðbúnaði eða atlæti var ábótavant vegna hirðuleysis foreldra, vankunnáttu þeirra, andlegra eða siðferðilegra annmarka, líkamlegrar eða andlegrar vanheilsu, drykkjuskapar, eiturlyfjaneyslu, lauslætis o.fl., sbr. 26. og 27. gr. laga nr. 29/1947 og 26. og 27. gr. laga nr. 53/1966. Loks bar barnaverndarnefnd að hafa afskipti af börnum ef hegðun þeirra sjálfra var ábótavant, sbr. 28. gr. laga nr. 29/1947 og samsvarandi grein laga nr. 53/1966. Eins og vænta má í ljósi aldurs þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofum bera gögn nefndarinnar ekki með sér að nokkru sinni hafi reynt á síðastnefndu ákvæðin við vistun barns á vöggustofu.

Úrræðin sem barnaverndarnefnd gat beitt við ofangreindar aðstæður fóru eftir eðli máls hverju sinni og hafði nefndin þá töluvert svigrúm um hvaða leið hún valdi, bæði samkvæmt barnaverndarlöggjöfinni frá 1947 og 1966. Ef uppeldi barns, aðbúnaði þess eða atlæti var ábótavant vegna hirðuleysis, vankunnáttu foreldra eða forráðamanna, drykkjuskapar, lauslætis eða annarra atriða var gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd leiðbeindi fyrst foreldrum um uppeldi barna þeirra. Í lögunum var þó ekki nánar skilgreint í hverju slíkar leiðbeiningar skyldu þá fólgnar. Gera verður ráð fyrir að annaðhvort starfsmaður nefndar eða meðlimur hennar hafi þá átt að veita foreldri tilsögn um uppeldi og aðbúnað barns, ásamt nauðsynlegri aðstoð til að koma málefnum barns og fjölskyldu í eðlilegt horf.

Ef þessi úrræði dugðu ekki til gat barnaverndarnefnd áminnt foreldra og forráðamenn, fjarlæggt þau af heimili eða tekið barnið af heimilinu ef það þótt best henta og þá falið öðrum forræði, sbr. 26. gr. laga nr. 29/1947 og 26. gr. laga nr. 53/1966. Barnaverndarnefnd hafði auk þess heimild til að skipa heimili eftirlitsmann samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 29/1947 og nr. 53/1966. Í lögnum var þó ekki skilgreint nánar í hverju hlutverk eftirlitsmanns væri fólgið, t.d. hvort hann ætti eingöngu að hafa beint eftirlit með heimili eða veita fjölskyldu aðstoð.<sup>120</sup>

#### 2.5.4 Málsmeðferð í barnaverndarmálum

Frá gildistöku laga nr. 29/1947 voru í gildi reglur um meðferð úrskurðarmála, þ.e. meiri háttar barnaverndarmála, fyrir barnaverndarnefndum. Barnaverndarlög nr. 29/1947 voru þó fáorð um í hverju málsmeðferðin fólst. Þegar lög nr. 53/1966 tóku gildi voru hins vegar settar frekari og ítarlegri reglur um málsmeðferðina og styrktist þá réttarstaða aðila máls til muna. Auk þess áttu reglurnar að stuðla að því að meðferð hvers máls yrði vandaðri.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 29/1947 hafði barnaverndarnefnd heimild til að svipta forráðamenn umráðarétti barns. Hvorki var þó í texta ákvæðisins né í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 29/1947 skilgreint hvað átt væri við með slíkri sviptingu, þ.e. hvort hún fæli í sér fulla sviptingu forsjár eða einungis að barn yrði vistað utan heimilis gegn vilja forráðamanna. Í 20. gr. laganna var hins vegar gengið út frá því að taka barns af heimili væri „meiri háttar ráðstöfun“, og jafnan skyldi leita, ef þess væri kostur, „umsagnar foreldra eða forráðamanna barns eða ungmennis, áður en slíkar ráðstafanir væru framkvæmdar.“

Ef svipta átti forráðamenn barns umráðarétti yfir því, leiddi hins vegar af 13. gr. laga nr. 29/1947 að þá þurfti hið fæsta fimm nefndarmenn í barnaverndarnefnd Reykjavíkur til að samþykkja slíka ráðstöfun, enda var sú nefnd skipuð 7 mönnum.<sup>121</sup> Ákvæði 13. gr. fól að þessu leyti í sér kröfu um að barnaverndarnefnd tæki ávallt formlega ákvörðun, með tilskildum meirihluta, um að svipta foreldra umráðarétti yfir barni. Undantekning var frá þessu ef vinda þurfti bráðan bug að ráðstöfun, sem varð að bera undir nefndina en þá gat formaður nefndarinnar, eða fulltrúi í umboði hans, framkvæmt hana, sbr. 14. gr. laga nr. 29/1947. Í síðastnefnda ákvæðinu var þó jafnframt mælt fyrir um að leggja skyldi málið til

---

<sup>120</sup> Ítarlegri ákvæði um hlutverk og skyldur eftirlitsmanns samkvæmt 26. gr. laga nr. 53/1966 voru síðan sett í reglugerð nr. 105/1970 vernd barna og ungmenna. Í 2. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar var hlutverki hans lýst þannig að hann ætti að veita skjólstæðingi sínum leiðsögn og stuðning. Eftirlitsmanni bar að hafa samvinnu við skóla eða vinnuveitanda skjólstæðings og hafa forgöngu um, ef skjólstæðingur hans var ungmenni, að tengja skjólstæðing við heilbrigða æskulýðsstarfsemi. Þá bar eftirlitsmanni að stuðla að því að á milli hans og skjólstæðings myndast gagnkvæmt traust svo að tilgangi með störfum hans yrði best náð. Á hinn bóginn átti eftirlitsmaður að forðast að gera skjólstæðing sinn háðan sér um of. Eftirlitsmaður var trúnaðarmaður barnaverndarnefndar og starfaði í tengslum við barnaverndarnefnd.

<sup>121</sup> Ef nefndarmaður forfallaðist bar formanni að boða varamann í hans stað.



fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd, svo fljótt sem kostur væri. Samsvarandi ákvæði um ályktunarhæfi barnaverndarnefndar og heimildir formanns og fulltrúa í hans umboði sem og skyldu þeirra til að leggja mál fyrir barnaverndarnefnd var að finna í 13. og 15. gr. laga nr. 53/1966.

Af orðalagi 13. gr. laga nr. 29/1947 var ljóst að sú skylda hvíldi á barnaverndarnefndum að kveða upp úrskurð í málum er vörðuðu sviptingu forráðamanna á umráðarétti. Þótt það verði ekki með skýrum hætti ráðið af orðalagi ákvæðisins verður að taka undir það mat vistheimilanefndar, sem sett er fram í fyrstu áfangaskýrslu nefndarinnar, að ákvæðið hafi átt við um hliðstæðar íþyngjandi ákvarðanir, eins og töku barns af heimili og vistun á vöggustofu gegn vilja foreldra.<sup>122</sup>

Þegar lög nr. 53/1966 tóku gildi héldust ofangreind ákvæði 13. og 20. gr. laga nr. 29/1947 að meginstefnu óbreytt, en í 13. gr. þeirra laga var sérstaklega fjallað um töku barns af heimili, sviptingu foreldravalds, kröfu um að barn skuli flutt frá fósturforeldrum eða kröfu um að felldur yrði niður úrskurður um töku barns af heimili eða sviptingu foreldravalds. Voru þessi mál þá flokkuð sem meiri háttar barnaverndarmál. Samkvæmt ákvæði 13. gr. laga nr. 53/1966 urðu slík mál eingöngu leidd til lykta að undangengnum úrskurði barnaverndarnefndar og að uppfylltum málsmeðferðarreglum laganna.

Kröfur um hvernig ætti að haga lyktum meiri háttar barnaverndarmála með úrskurði komu fram í ákvæðum 13., 14. og 20. gr. laga nr. 53/1966. Í 1. mgr. 13. gr. var sérstaklega kveðið á um að fundur barnaverndarnefndar væri eingöngu ályktunarfær þegar meirihluti nefndarmanna sæti fundinn. Í 2. mgr. 14. gr. laganna var síðan kveðið sérstaklega á um að úrskurðir skyldu vera skriflegir og rökstuddir. Úrskurði bar að tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt og vekja þá jafnframt athygli aðila á heimild til að skjóta máli til Barnaverndarráðs, sbr. 56. gr., ef því væri að skipta. Í 20. gr. laga nr. 53/1966 var síðan ítrekað að áður en meiri háttar barnaverndarmáli, sbr. 13. gr., væri ráðið til lykta með úrskurði, bæri að veita foreldrum eða forráðamönnum barns kost á að tjá sig um málið, munnlega eða skriflega, þ.á m. með liðsinni lögmannna. Að jafnaði bæri einnig að veita barni eða ungmenni kost á að koma á fund barnaverndarnefndar, þegar svo stæði á.

Í lögum nr. 29/1947 og nr. 53/1966 var gert ráð fyrir að upphaf barnaverndarmáls gæti borið að með tvennum hætti, annars vegar að eigin frumkvæði viðkomandi barnaverndarnefndar og hins vegar með tilkynningu opinberra aðila eða annarra til nefndarinnar.<sup>123</sup> Ef

---

<sup>122</sup> Sjá nánar áfangaskýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 nr. 1, bls. 71.

<sup>123</sup> Í 21. gr. laga nr. 29/1947 og 21. gr. laga nr. 53/1966 var sérstaklega kveðið á um þá skyldu barnaverndarnefnda að hafa stöðugt samband við þá aðila sem stöðu sinnar vegna öðluðust vitneskju um framferði, uppeldi og aðbúnað barna og ungmenna. Auk þess voru í lögnum ákvæði um tilkynningarskyldu opinberra starfsmanna og annarra einstaklinga gagnvart barnaverndarnefndum ef þeir urðu þess varir að aðbúnaði, uppeldi eða hegðun barna var ábótavant. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 29/1947 og 18. gr. laga nr. 53/1966 var opinberum starfsmönnum skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef þeir urðu í starfi sínu varir við misfellur í uppeldi og aðbúð barna.

barnaverndarnefnd varð þess áskynja eða fékk tilkynningu um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska gæti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hálfu annarra eða eigin hegðunar, bar nefndinni að meta hvort um rökstuddan grun væri að ræða.

Barnaverndarnefnd bar ábyrgð á að allra nauðsynlegra upplýsinga yrði aflað um mál áður en hún greip til ákvarðana, sbr. 16. gr. laga nr. 29/1947 og 16. gr. laganna nr. 53/1966. Var slík rannsókn jafnframt forsenda fyrir framhaldi barnaverndarmáls. Barnaverndarnefnd hafði víðtækar heimildir til að annast rannsókn sína en í því skyni gat hún meðal annars farið inn á heimili og stofnanir þar sem börn voru vistuð til að kanna hagi barns.<sup>124</sup> Þá gat hún tekið skýrslur af foreldrum og forráðamönnum og hverjum þeim sem vitneskju höfðu um hagi barns. Einnig gat barnaverndarnefnd krafist vitnaleiðslu fyrir dómi ef svo bar undir.

Ef rannsókn barnaverndarnefndar leiddi í ljós að barn bjó ekki við viðunandi uppeldisaðstæður, bar nefndinni að láta mál viðkomandi til sín taka og leita úrlausna í málum viðkomandi. Í 22. gr. laga nr. 29/1947 og 22. gr. laga nr. 53/1966 var að finna nokkra leiðsögn fyrir barnaverndarnefndir um framhald máls og þau úrræði sem barnaverndarnefnd kaus að beita í hvert sinn. Samkvæmt ákvæðum laganna skyldi barnaverndarnefnd „láta málið til sín taka á þann hátt, er bezt þykir við eiga, eftir því sem á stendur.“ Í því sambandi er þó rétt að geta þess að samkvæmt lögum frá 1947 og 1966 var þó fortakslaut bann við að taka börn af heimilum eingöngu vegna fátæktar eða örbirgðar foreldra, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 29/1947 og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 53/1966. Barnaverndarnefndum bar þá skylda til að aðstoða foreldra og ráða bót á bágbornum fjárhag þeirra og skyldi sá kostnaður greiddast úr bæjarsjóði.

Við gildistöku laga nr. 53/1966 var sett nýtt ákvæði í 3. mgr. 16. gr. laganna um hvaða sjónarmið barnaverndarnefndir áttu að hafa til hliðsjónar við val á úrræðum í einstökum málum. Í ákvæðinu var kveðið á um að þegar barnaverndarnefnd leysti úr máli skyldi hún jafnan það ráð upp taka sem ætla mætti að væri barni fyrir bestu. Enn fremur bar nefndinni að forðast að sundra systkinahópi, sbr. 3. mgr. 16. gr.

Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 53/1966 voru engar frekari skýringar eða athugasemdir með þessu nýja ákvæði. Í ljósi annarra ákvæða laganna, t.a.m. 16. gr. um rannsóknarskyldu barnaverndarnefndar, verður að ætla að barnaverndarnefnd hafi borið

---

Sérstaklega var kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum og síðar samkvæmt 18. gr. laga nr. 53/1966, einnig sálfræðingum, félagsráðgjöfum og þeim sem fóru með framfærslumál, skylt að fylgjast eftir föngum með hegðun og uppeldi barna og hafa náð samstarf við barnaverndarnefndir.

Samkvæmt 46. gr. laga nr. 29/1947 var sú skylda einnig lögð á almenning að tilkynna þegar til viðkomandi barnaverndarnefndar ef foreldrar, forráðamenn, starfsmenn uppeldisstofnunar eða aðrir sem forsjá barns hafði verið falin, leiddu barn á siðferðilega glapstigu, misbuðu því eða vanræktu uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska væri hættu búin. Varðaði vanræksla í þeim efnun sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum. Samsvarandi ákvæði var í 48. gr. laga nr. 53/1966.

<sup>124</sup> Í lögum er notast við hugtakið „hæli“ um staði þar sem börn eru vistuð samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar og eru ekki einkaheimili.

að kanna allar aðstæður barns, kynnast barninu og taka ákvarðanir með hagsmuni þess í huga, en ekki hagsmuni, óskir eða vilja foreldra, nema að því leyti sem þessi atriði vörðuðu hagsmuni barnsins sjálfs.

Áður hefur verið getið þeirra úrræða sem barnaverndarnefndir gátu gripið til við meðferð einstakra mála. Barnaverndarlög nr. 29/1947 og 53/1966 gerðu ráð fyrir að barnaverndarnefnd gripi til vægari úrræða ef hún teldi slíkar ráðstafanir fullnægjandi. Engu að síður verður að gera ráð fyrir að í mörgum tilvikum hafi uppeldisaðstæður barns verið þess eðlis að grípa hafi þurft til úrræða eins og að taka barnið af heimili. Eftir atvikum hafi svo þurft vista það á stofnunum á vegum ríkis eða sveitarfélaga eða einkaaðila.

Rétt er að geta þess að með lögum nr. 53/1966 kom inn nýtt ákvæði í 1. mgr. 32. gr. um samvinnu barnaverndarnefnda við foreldra barns. Ef ekki yrði hjá því komist að taka barn af heimili, bar barnaverndarnefnd að leita eftir samþykki foreldra eða annarra lögráðamanna til slíkrar ráðstöfunar. Fengist slíkt samþykki ekki var það skylda barnaverndarnefndar að fara með málið samkvæmt ákvæði 13. gr. og ljúka því með úrskurði.

Í ljósi þess að í lögum nr. 29/1947 og nr. 53/1966 var ekki kveðið á um skyldu til að ákveða vistun barns á stofnun á borð við vöggustofu í skriflegum úrskurði þegar foreldrar eða forráðamenn samþykktu slíka ráðstöfun eru ekki efni til þess að fullyrða að barnaverndarnefnd hafi ávallt borið skylda kveða upp formlega úrskurði um slíka vistun. Þó verður að telja hæpið að barnaverndarnefnd hafi að lögum verið stætt á því að taka ákvarðanir um vistun af þessum toga án þess að fjalla efnislega um málið á ályktunarhæfum fundi þar sem a.m.k. meirihluti nefndarmanna var viðstaddur. Verður þá að líta til þess að samkvæmt 14. gr. laga nr. 29/1947 og 15. gr. laga nr. 53/1966 var ávallt skylt að leggja mál til fullnaðarákvörðunar barnaverndarnefndar svo fljótt sem kostur var, einnig í þeim tilvikum þar sem formaður nefndar eða fulltrúi í umboði hans greip til neyðarráðstöfunar án undangenginnar málsmeðferðar barnaverndarnefndar.

Ef mál kom til úrskurðar barnaverndarnefndar höfðu foreldrar eða forráðamenn barns rétt til að tjá sig fyrir barnaverndarnefnd áður en úrskurður var kveðinn upp, sbr. 20. gr. laga nr. 29/1947 og 20. gr. laga nr. 53/1966. Samkvæmt 20. gr. laga nr. 29/1947 bar barnaverndarnefnd að leita, ef þess væri nokkur kostur, umsagnar foreldra eða forráðamanna barns eða ungmennis áður en framkvæmdar yrðu meiri háttar ráðstafanir svo sem að fjarlægja barn af heimili. Efnislega samsvarandi ákvæði var í 20. gr. laga nr. 53/1966 en auk þess höfðu foreldrar þar heimild til að tjá sig munnlega eða skriflega og með liðsinni lögmanns. Í síðari málslið 20. gr. yngri laganna var jafnframt kveðið á um rétt barns til að tjá sig fyrir barnaverndarnefnd áður en úrskurður um málefni þess yrði kveðinn upp.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið mælt fyrir um að úrskurðir barnaverndarnefndar skyldu vera skriflegir eða rökstuddir í lögum nr. 29/1947 verður að ganga út frá að barnaverndarnefnd hafi borið að upplýsa aðila máls um úrskurð, enda var það forsenda fyrir því að viðkomandi hefði vitneskju um umsjá barns síns og skyldur í því sambandi. Sem fyrr greinir bar

barnaverndarnefnd samkvæmt 9. gr. sömu laga að halda nákvæma fundargerðabók um störf sín.

### 2.5.5 Lagaákvæði um rekstur vistheimila fyrir börn

Í lögum nr. 29/1947 var ekki kveðið með beinum hætti á um skyldu sveitarfélaga til að setja á stofn og reka vistheimili fyrir tiltekinn hóp barna. Engu að síður má ráða af ákvæðum laganna að gert hafi verið ráð fyrir að slíkar stofnanir væru til og að sveitarfélögum væri skylt að hafa tiltæk úrræði fyrir þau börn sem vista varð utan heimilis vegna heimilisaðstæðna eða veikinda og þroska þeirra sjálfra. Birtist það einkum með því að barnaverndarnefnd var við ákveðnar aðstæður skylt að taka barn af heimili, sbr. 26. og 27. gr. laganna, en af því leiðir að sveitarfélagi bar jafnframt að tryggja að barn hefði þá öruggan samastað.

Í lögnum var jafnframt gengið út frá því að óheimilt væri að koma á fót eða reka barnaheimili, þar með talin vistheimili, dagheimili og leikskóla, eða aðra slíka uppeldisstofnun, nema leyfi menntamálaráðherra væri til staðar, sbr. 1. mgr. 35. gr. laganna. Sagði þar enn fremur að leita skyldi umsagnar barnaverndarráðs áður en leyfi væri veitt. Lögin höfðu hins vegar ekki að geyma nein frekari ákvæði um hvaða skilyrði þyrftu að vera uppfyllt til þess að slíkt leyfi fengist, t.d. um fjölda barna, fjölda starfsmanna og rekstur vistheimilis og aðbúnað.<sup>125</sup>

Í 1. mgr. 35. gr. var jafnframt kveðið á um að ekki mætti fela öðrum forstöðu vistheimilis en þeim sem barnaverndarnefnd teldi þar til hæfa, eða barnaverndarráð, ef heimili var ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum úr fleiri barnaverndarumdæmum en einu. Lögin höfðu þó ekki að geyma nein frekari sjónarmið um til hvaða atriða ætti að líta við slíkt hæfnismat, frekar en við það þegar leyfi voru veitt til þess að reka vistheimili.

Með lögum nr. 53/1966 var síðan beinlínis kveðið á um skyldu sveitarfélags til að setja á stofn og reka vistheimili eða stofnanir fyrir börn. Eins og fyrr greinir hafði sveitarfélögum fram til þess borið skylda til að hafa tiltæk „úrræði“ fyrir þau börn sem einstakar barnaverndarnefndir höfðu afskipti af, m.a. vistheimili fyrir börn sem tekin höfðu verið úr umsjá foreldra. Þessi beina skylda sveitarfélaga birtist í 3. mgr. 39. gr. laganna, en þar sagði meðal annars að sveitarfélög skyldu eitt eða fleiri saman setja á stofn og reka heimili eða stofnanir til að „annast uppeldi, og ef þörf krefur fræðslu, þeirra barna, sem eru frá heimilum er vanrækja svo mjög uppeldishlutverk sitt, að varhugavert er fyrir börn að dveljast þar.“, sbr. a-lið 3. mgr. 39. gr. Þá var var samsvarandi skylda á sveitarfélög til að reka heimili eða stofnanir sem önnuðust uppeldi „gáfnasljórra eða andlega vanþroska barna“, ef þörf krefði, sbr. c-lið sama ákvæðis.

---

<sup>125</sup> Sjá hér einnig 1. áfangaskýrslu vistheimilaneftndar, bls. 80.

Í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 53/1966 var með sams konar hætti og í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 29/1947, kveðið á um að óheimilt væri að koma á fót eða reka barnaheimili, þar með talin vistheimili, dagheimili og leikskóla, eða aðra slíka uppeldisstofnun, nema leyfi menntamálaráðherra kæmi til. Sagði þar jafnframt að áður en leyfi væri veitt, skyldi leita umsagnar barnaverndarráðs. Ekki mætti fela forstöðu slíks heimilis eða stofnunar öðrum en þeim sem hlutaðeigandi barnaverndarnefnd teldi þar til hæfa, eða barnaverndarráð, ef heimili var ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum úr fleiri barnaverndarumdæmum en einu.

Enda þótt lög nr. 53/1966 hafi haft að geyma lagaheimild fyrir sveitarfélög og eftir atvikum einkaaðila til að reka vistheimili fyrir börn, að fenginni umsögn þar til bærra barnaverndaryfirvalda, voru löginn sem fyrr afar fáorð um hvaða skilyrði væru fyrir að slíkt leyfi væri veitt. Gilti það t.d. um fjölda barna, fjölda starfsmanna og rekstur vistheimilis og aðbúnað. Í III. kafla reglugerðar nr. 105/1970, um vernd barna og ungmenna, sem sett var á grundvelli laganna voru hins vegar ítarleg ákvæði um vistheimili fyrir börn og ungmenni, fóstur á einkaheimilum til skamms tíma og dagvistun.

### 2.5.6 Eftirlitsskylda barnaverndarnefnda og Barnaverndarráðs með starfsemi vöggustofa

Á meðan Vöggustofan Hlíðarendi og Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins voru starfræktar hvíldi sérstök skylda á barnaverndarnefndum að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum sem rekin voru innan umdæmis hennar, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947 og 2. mgr. 37. gr. laga nr. 53/1966. Í þeirri skyldu fólst að barnaverndarnefnd bar að fylgjast þar með högum og aðbúð barna og auk þess með því hvað yrði um börn sem tekin væru af slíkum hælum. Henni bar og að samþykkja þá staði sem þau færu til ef ekki væri um heimili foreldra að ræða. Jafnframt skyldi nefndin sjá til þess að í umdæmi hennar væru ekki rekin hæli eða stofnanir sem ekki hefðu hlotið löggildingu samkvæmt lögum.

Í 3. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947 var kveðið sérstaklega á um það að ef meðferð barns á barnahæli eða uppeldisstofnun væri óhæfileg eða rekstrinum á annan hátt ábótavant skyldi barnaverndarnefnd leitast við að bæta úr því sem áfátt væri með leiðbeiningum og áminningum. Ef það kæmi ekki að haldi skyldi barnaverndarnefnd leggja málið fyrir Barnaverndarráð. Ef Barnaverndarráð fengi ekki úr bætt gat það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt hæli eða stofnun rétti til rekstrar að fengnum tillögum ráðsins og barnaverndarnefndar. Í ákvæðinu var jafnframt tekið fram að bera mætti slík mál undir dómstóla en það frestaði engu að síður ekki framkvæmd úrskurðar barnaverndarráðs eða ráðherra.

Í 2. mgr. 37. gr. laga nr. 53/1966 var að finna sambærilegt ákvæði og áður var í 2. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947 um skyldur barnaverndarnefndar til að hafa eftirlit með barnaheimilum í sínu umdæmi og að fylgjast með afdrifum barna þegar þau færu af slíkum heimilum. Þá var einnig í 4. mgr. 37. gr. að finna samsvarandi ákvæði og áður var í 3. mgr. 35. gr. nr. 29/1947

um skyldur barnaverndarnefndar til að bregðast við ef meðferð barns á barnaheimili eða uppeldisstofnun var ábótavant.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 29/1947 var það hlutverk Barnaverndarráðs að hafa yfirumsjón með starfi allra barnaverndarnefnda á landinu og veita hvers konar leiðbeiningar um störf þeirra, m.a. skilning á lagaákvæðum sem þær vörðuðu. Í 50. gr. laganna var kveðið á um það að ef Barnaverndarráð yrði þess áskynja að barnaverndarnefnd rækti ekki þau störf sem henni væru falin í lögum, skyldi það krefja nefndina skýrslna og hvetja hana til að fylgja starfsskyldum. Gat Barnaverndarráð jafnframt tekið mál í umdæmi barnaverndarnefndar til meðferðar ef því þótti ástæða til, hvort sem það hefði áður fjallað um það eða ekki. Efnislega samsvarandi ákvæði var síðar að finna í 51. til 53. gr. laga nr. 53/1966 eftir að þau lög voru sett.

Í 53. gr. laga nr. 29/1947 var síðan mælt fyrir um að Barnaverndarráð hefði yfirumsjón allra barnahæla og uppeldisstofnana á landinu sem væru ætluð til viðtöku börnum hvaðanæva af landinu. Var þar jafnframt kveðið á um að það skyldi fela einum ráðsmanna eða sérstökum fulltrúa að stunda eftirlit með hæli eða stofnun svo oft sem þurfa þætti og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Var forráðamanni þeirrar stofnunar sem í hlut ætti þá skylt að greiða fyrir eftirliti og veita eftirlitsmanni færi á að rannsaka börn og ungmenni sem þar væru vistuð, húsakynni þeirra, þrif, heilsufar, eldi, aðbúnað og þroska og veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunar. Samsvarandi ákvæði var síðar að finna í 55. gr. laga nr. 53/1966.

Í ljósi þessa verður að gera ráð fyrir að Barnaverndarráð hafi borið að hafa reglulegt og virkt eftirlit með því hvort barnaverndarnefnd Reykjavíkur rækti lagalegar skyldur sínar á tímabilinu 1949 til 1973. Þá var það einnig verkefni Barnaverndarráðs að tryggja að framkvæmd barnaverndarlaga um eftirlit með vistheimilinu væri í samræmi við efnisreglur og markmið laganna.

Í 3. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947 og 4. mgr. 37. gr. laga nr. 53/1966 var enn fremur kveðið á um heimildir ráðherra til að svipta aðila leyfi til að reka heimili eða stofnun. Áður en til þess ráðs yrði gripið bar barnaverndarnefnd að leitast við að fá viðkomandi forstöðumann með leiðbeiningum og áminningum til að bæta úr því sem áfátt var. Þá var kveðið á um að ef barnaverndarnefnd fengi ekki úr því bætt sem áfátt væri í rekstri viðkomandi stofnunar eða varðandi umönnun þeirra barna sem þar dvöldu, skyldi Barnaverndarráð leitast við að fá úr því bætt sem áfátt væri. Bæru umvandanir Barnaverndarráðs ekki árangur gat ráðið svipt forstöðumann starfinu og ráðherra svipt heimili eða stofnun rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarnefndar og Barnaverndarráðs.

Lög nr. 29/1947 og lög nr. 53/1966 kváðu þannig á um þá meginreglu að hið opinbera, stofnanir ríkis og sveitarfélaga, hefðu eftirlit með líkamlegri og andlegri velferð barna sem tekin voru af heimili og vistuð á uppeldisstofnunum á borð við vöggustofur sem reknar voru

af hálfu Reykjavíkurborgar samkvæmt opinberu leyfi, hvort sem tilefni vistunar voru atvik eða aðstæður sem vörðudu barnið sjálf, heimili þess eða foreldra.

Þegar tekin er afstaða til þess hvort eftirlit barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarráðs á tímabilinu 1949 til 1973 með starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi verið fullnægjandi, bæði hvað varðar starfsemi vöggustofanna og velferð þeirra barna sem þar voru vistuð, verður að horfa til þess hvernig skipulagi eftirlitskerfisins og framkvæmd þess var háttað. Þar verður einkum að draga ályktanir af þeim skriflegu gögnum sem vöggustofunefnd hefur undir höndum. Auk þess verður einnig að líta til þeirra upplýsinga sem nefndin hefur aflað með viðtölum við fyrrverandi starfsmenn vöggustofanna og aðra einstaklinga sem gáfu skýrslu fyrir nefndinni.



## 3. Vöggustofan Hlíðarenda (1949-1963)

### 3.1 Undirbúningur að stofnun vöggustofunnar Hlíðarenda

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum 21. nóvember 1947 að fara þess á leit við bæjarráð að húsið Hlíðarendi við Sunnutorg á Langholtsvegi yrði þegar „tekið í notkun fyrir vöggustofu og aðra þá starfsemi sem þar gæti farið fram og væri nauðsynleg að mati nefndarinnar.“<sup>126</sup> Hafði bæjarsjóður þá nýlega keypt það af Helgu Eggertsdóttur, ekkju Lúðvíks Kaaber bankastjóra. Bæjarstjórn tók málið formlega til skoðunar og var barnaverndarnefnd jafnframt falið að annast frekari athugun. Nefndin hlutaðist í kjölfarið til um það að gerðar yrðu tillögur og teikningar um að húsnæðinu Hlíðarenda yrði breytt til þess að hægt yrði að reka þar vöggustofu.

Teikningar og tillögur lágu fyrir í janúar 1948. Bæjarstjórn lét í framhaldinu gera áætlun um kostnað við að breyta húsinu og sótt var um leyfi til fjárfestingar og innkaupa til fjárhagsráðs. Þegar þau voru til staðar var ráðist í framkvæmdir árið 1949. Samkvæmt bæjarreikningum nam kostnaðurinn við breytingarnar það ár alls 171 þúsund krónum, en auk þess voru keyptir innanstokksmunir fyrir 77 þúsund krónur. Á þeim lista var þó ekki að finna nein leikföng.

Vöggustofan að Hlíðarenda tók síðan til starfa 1. október 1949 og annaðist barnaverndarnefnd Reykjavíkur rekstur vöggustofunnar samkvæmt ákvörðun borgarstjóra. Starfsmenn voru alls 10, allt stúlkur, en á vöggustofunni störfuðu einnig nemendur frá Húsmæðraskólanum samhliða námi.

### 3.2 Lagalegur grundvöllur fyrir starfsemi vöggustofunnar

Þótt lög nr. 29/1947 hafi ekki með beinum hætti kveðið á um skyldu tiltekins aðila til að setja á stofn og reka vistheimili fyrir börn sem þjuggu við bágar heimilisaðstæður má ráða af ákvæðum laganna að gert hafi verið ráð fyrir tilvist slíkra stofnana. Eins og rakið er í 2.5.5. hér að framan má enn fremur draga þá ályktun af lögnum að sveitarfélögum hafi borið að hafa tiltæk úrræði fyrir þau börn og ungmenni sem vista varð utan heimilis vegna erfiðra

---

<sup>126</sup> Lesbók Morgunblaðsins, 20. október 1957, bls. 548.

heimilisaðstæðna, vanrækslu eða ofbeldis.<sup>127</sup> Þá var sérstaklega mælt fyrir um heimild menntamálaráðherra til að veita leyfi til rekstrar vistheimilis eða annarrar slíkrar uppeldisstofnunar í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Engin gögn hafa fundist um að ráðherra hafi veitt sérstakt leyfi fyrir starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda, hvorki til handa barnaverndarnefnd Reykjavíkur né Reykjavík sem sveitarfélagi. Það er hins vegar mat nefndarinnar að þau gögn sem hún hefur aflað varpi nægilega skýru ljósi á það hvers vegna var stofnað til rekstrar vöggustofunnar og þann lagagrundvöll sem starfsemin byggðist á. Miðað við þau gögn telur nefndin að Vöggustofan Hlíðarenda hafi haft það hlutverk í merkingu laga nr. 29/1947 að vera stofnun þar sem vistuð skyldu börn sem bjuggu við aðstæður þar sem uppeldi þeirra, aðbúnaði eða atlæti var ábótavant.

## 3.3 Upplýsingar um starfsemi vöggustofunnar Hlíðarenda

### 3.3.1 Gagnaöflun

Frumgögn um málefni vöggustofunnar Hlíðarenda er að finna á Borgarskjalasafni Reykjavíkur, nánar tiltekið í skjalasöfnum Félagsmálastofnunar Reykjavíkur, fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og í málafni borgarstjóra. Þá er einnig að finna gögn í skjalasafni Barnaverndarráðs Íslands á Þjóðskjalasafni Íslands. Gögn um einstaklingsmál margra þeirra barna sem vistuð voru á Hlíðarenda er að finna í skjalasafni Félagsmálastofnunar Reykjavíkur á Borgarskjalasafni.

Almenn gögn um fjárhagslegan rekstur Hlíðarenda, starfsmannahald og húsnæðismál auk ýmissa annarra bréfastípta um málefni heimilisins fram til ársins 1968 er helst að finna í skjalasafni fræðsluskrifstofu Reykjavíkur á Borgarskjalasafni. Í skjalasafni Félagsmálastofnunar Reykjavíkur á sama safni, eru m.a. skjöl barnaverndarnefndar Reykjavíkur og skrifstofu félagsmálastjóra. Í skjalasafninu er einnig að finna gögn sem almennt varða málefni Hlíðarenda. Þar að auki má finna þar gögn um þau börn sem dvöldu á Hlíðarenda á vegum barnaverndarnefndar, bæði almenn gögn, heilsufarsskýrslur og eyðublöð yfir komu- og brottfarardaga einstakra barna, sem og einstaklingsgögn um málefni þeirra sem vistuð voru, svonefnd einstaklingsmál.

Í málafni borgarstjóra er að finna gögn sem varða málefni Vöggustofunnar Hlíðarenda, auk gagna sem varða barnavernd almennt. Þessi gögn lúta að mestu leyti að almennum skýrslum,

---

<sup>127</sup> Á hinn bóginn var í megindráttum gert ráð fyrir að ríkið annaðist málefni barna sem þyrfti að hafa afskipti af vegna eigin hegðunar (barn sem gerandi). Um þennan greinarmun er fjallað nánar í 1. kafla II. hluta fyrstu áfangaskýrslu vistheimilisnefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, sem kom út árið 2008.

tillögum og umsögnum um vistheimili á vegum borgarinnar en þar er með ýmsum hætti vikið að Vöggustofunni Hlíðarenda.

Formaður nefndarinnar og starfsmaður hennar fóru einnig yfir allar fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur á árunum 1949-1963 með skipulegum hætti til að kanna hvort þar væri að finna upplýsingar umfram það sem nefndin hafði þá þegar undir höndum. Í mars 2023 fóru formaður og starfsmaður nefndarinnar einnig yfir einstaklingsmál vistbarna á Vöggustofunni Hlíðarenda í skjalasafni Félagsmálastofnunar á Borgarskjalasafni að því marki sem nefndin taldi tildrög vistunar enn óljós útfra þeim gögnum sem hún hafði þegar aflað. Samkvæmt gögnum nefndarinnar dvöldu alls 475 börn til lengri eða skemmri tíma á Vöggustofunni Hlíðarenda árin 1949 til 1963 á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Í skjalasafni Barnaverndarráðs Íslands á Þjóðskjalasafni með bréfum og öðrum gögnum er engin sérstök mappa merkt Vöggustofunni Hlíðarenda. Á skjalasafninu er að finna fundargerðabækur ráðsins en þar er ekki vikið að vöggustofunni. Formaður og starfsmaður nefndarinnar fóru yfir safn Barnaverndarráðs og leituðu að fleiri gögnum um Vöggustofuna Hlíðarenda. Fundargerðir ráðsins frá árunum 1949-1973 voru skoðaðar og farið var skipulega yfir þær eftirlitsskýrslur ráðsins sem fundust. Veitti Þjóðskjalasafn nefndinni aðgang að gögnum jafnharðan og beiðnir þess efnis bárust.

### 3.3.2 Skriflegar heimildir

Í frétt sem birtist í *Morgunblaðinu* 5. október 1949 í tilefni af opnun Vöggustofunnar Hlíðarenda kemur fram að þegar vöggustofan tók til starfa hafi verið þar pláss fyrir samtals 22 börn. Tekið hafi verið á móti börnum í sólarhringsvistun allt frá því að þau voru nýfædd og var miðað við að þar gætu þau dvalist til eins og hálfes eða jafnvel til tveggja ára aldurs. Börnunum var skipt í þrjár stofur, þannig að 6 voru í tveimur stofum en 8 börn á aldrinum 12 til 18 mánaða í þriðju stofunni.

Í umfjöllun *Morgunblaðsins* er húsakynnum vöggustofunnar lýst nánar á þann veg að aðaleldhús stofnunarinnar sé í kjallara og þar sé einnig borðstofa fyrir starfsfólkið. Þar hafi einnig verið eldhús fyrir matargerð handa börnunum og þvottahús. Uppi á hæðinni hafi síðan verið þrjár stofur, sérstakt sjúkrahvergi, einangrunarstofa og lækningastofa vöggustofunnar. Á sömu hæð hafi síðan verið baðherbergi, „herbergi vökukonunnar o.fl.“ Á suðurhlíð hússins hafi síðan verið settar svalir fyrir börnin til að vera úti á í vögnum. Þá er aðstæðum barnanna lýst á þann veg að í leikgrindum og á gólfinu hafi verið „mikið af leikföngum, boltum, hringlum, dýrum af ýmsu tagi úr gúmmí og plasti og mætti lengi telja.“ Í fréttinni segir einnig að á vöggustofunni sé „biðsalur, því mæður barnanna fá ekki að fara inn í stofurnar sjálfar af öryggisástæðum, heldur verð[i] börnin borin fram á biðstofuna.“

Í fundargerð Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, 7. desember 1949 kemur fram að Kristbjörn Tryggvason hafi verið ráðinn læknir vöggustofunnar og að hann hafi verið annar tveggja

umsækjanda.<sup>128</sup> Í fundargerð nefndarinnar, dags. 1. mars 1950, kemur fram að nefndin hafi farið að vöggustofunni Hlíðarenda laugardaginn 25. febrúar 1950 og lýsti nefndin þar ánægju sinni yfir stofnuninni.<sup>129</sup> Fundargerðin hefur ekki að geyma neinar frekari upplýsingar um heimsóknina. Þá verður ekki séð af fundargerðum barnaverndarnefndar að hún hafi farið í aðra heimsókn á vöggustofuna á meðan hún starfaði sem sólarhrings vöggustofa árin 1949 til 1963. Í fundargerð Barnaverndarráðs kemur einnig fram að fulltrúar þess hafi farið í heimsókn að Hlíðarenda 26. maí 1950 og að þar hafi þá verið vistuð 22 börn allt til 18 mánaða aldurs.<sup>130</sup>

Í skýrslu úr skjalasafni borgarlæknis kemur fram að embættið hafi farið eftirlitsferð á vöggustofuna bæði 25. október 1951 og 17. mars 1953. Í skýrslunni kemur fram að starfsfólk hafi á þessum tíma verið níu talsins en einnig þar hafi einnig starfað tveir nemandar frá húsmæðraskólanum. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að „trékubbar og plastikleikföng“ séu á vöggustofunni og er gluggum og birtu lýst sem „sæmilegu“. Þá er því lýst að hægt sé að ganga út á svalir frá stofu og geti „öll börnin verið úti í einu“. Loks tekið fram að „þrifnaður og umgengni [séu] ágæt.“

Ólöf Sigurðardóttir hjúkrunkona var ráðin forstöðukona Hlíðarenda um mitt ár 1950, en hún starfaði áður sem hjúkrunkona barnaverndarnefndar Reykjavíkur.<sup>131</sup> Gegndi hún starfinu allt til 1960.

Ólöf og læknir vöggustofunnar, Kristbjörn Tryggvason, virðast fljótlega eftir opnun hennar hafa verið þeirrar skoðunar hún væri ekki nægilega stór til að uppfylla þær þarfir sem væru fyrir þjónustu hennar. Á fundi Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 3. maí 1950 töldu þau heppilegast að stækka vöggustofuna það mikið að þar væri hægt að starfrækja tvær deildir, með 20 börn á hvorri. Við það ætti einnig að sparast rekstrarkostnaður, starfsmannahald og fleira.<sup>132</sup>

Um svipað leyti óskaði Thorvaldsensfélagið eftir því við bæjarráð Reykjavíkur að félagið fengi lóð fyrir vöggustofu sem það hygðist reisa við Laugarásveg en á fundi sínum 25. ágúst samþykkti bæjarráð að gefa félaginu kost á lóð undir vöggustofu, „eftir nánari útvísun síðar.“<sup>133</sup> Í nóvember sama ár birtust síðan fréttir af því að félagið hefði fengið úthlutað lóð

---

<sup>128</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Askja 238. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 12. maí 1948 til 14. nóvember 1951, bls. 337.

<sup>129</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Askja 238. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 12. maí 1948 til 14. nóvember 1951, bls. 356.

<sup>130</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Fundargerðir Barnaverndarráðs 11. júní 1942 til 11. júní 1958, bls. 150.

<sup>131</sup> [Alþýðublaðið 3. júní 1950.](#)

<sup>132</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Askja 238. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 12. maí 1948 til 14. nóvember 1951, bls. 371.

<sup>133</sup> [Vísir 28. ágúst 1950, bls. 2.](#)

við Hlíðarenda og gert yrði ráð fyrir því að hún yrði rekin í sambandi við vöggustofu bæjarins sem fyrir væri.<sup>134</sup>

Ljóst er að barnaverndarnefnd var áhugasöm um stækkun vöggustofunnar en í fundargerð, dags. 14. janúar 1952, kemur fram að formaður og fulltrúar nefndarinnar hafi rætt við fulltrúa Thorvaldsensfélagsins um barnaheimili sem félagið vilji styrkja með að leggja til húsnæði.<sup>135</sup>

Fjallað er um vöggustofuna í grein *Vísis* 13. apríl 1954 undir fyrirsögninni „Heimsókn í vöggustofuna á Hlíðarenda - Þar njóta yngstu borgararnir móðurlegrar umönnunar, sem þeir ella færu á mis við.“ Rætt er við Ólöfu Sigurðardóttur, forstöðukonu vöggustofunnar þar sem hún lýsir starfsháttum vöggustofunnar. Í viðtalinu er haft eftir Ólöfu að aðsóknin sé afar mikil þar sem hvert rúm sem losni fyllist um leið aftur. Þá séu það „aðallega veikar mæður og einstæðingsmæður sem sendi börn sín á vöggustofuna“. Hagur sumra þeirra batni þannig að þær geti tekið börnin aftur til sín, en annars séu börnin sett á barnaheimili eða þeim ráðstafað í fóstur. Síðan segir Ólöf aðspurð um hvernig heilsufarið sé á börnunum:

Yfirleitt er það afar gott. Það er undantekning ef börnin veikjast á meðan þau dvelja hérna. Þau eru meðhöndluð eftir fyrsta flokks reglum. Þeim er gefin sú bezta og næringarríkasta fæða sem völ er á. Á veturna fá þau öll ljósböð og þegar veður er þurr og gott eru þau öll sett út á svalir. Einn veigamesti þáttur í heilbrigði barnanna er einangrun þeirra frá öllu utanaðkomandi fólki. Það fær aðeins að horfa á þau í gegnum gler.

Þegar barn kemur til dvalar í Vöggustofuna er það fyrst sett í ofurlítið herbergi sem aðeins er ætlað fyrir einn, einangrunarherbergið, og þar dvelur það þar til læknirinn hefur skoðað það og gengið úr skugga um að það sé algjörlega heilbrigt svo hægt sé að láta það inn til hinna barnanna.<sup>136</sup>

Í viðtalinu segir Ólöf að alls starfi 9 stúlkur á vöggustofunni, þar af 6 fóstrur, enda krefjist mikils úthalds að annast þessu litlu börn. Af lista yfir starfstúlkur á Hlíðarenda, dags. 6. maí 1954, verður ráðið að á þeim tíma hafi verið alls 11 starfsmenn, að forstöðukonunni meðtalinni.<sup>137</sup>

Í greininni í *Vísi* 13. apríl 1954 er einnig rætt við Ólöfu um daglegt skipulag vöggustofunnar. Segir þar að fyrstu stúlkurnar komi klukkan 7 árdegis og að þær taki við af næturvaktinni við að mata, en síðan sé byrjað að baða og gangi svo dagurinn í það að skipta á þeim, mata þau

---

<sup>134</sup> [Alþýðublaðið 18. nóvember 1950, bls. 3.](#)

<sup>135</sup> BSR Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Askja 239. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 21. nóvember 1951 til 7. október 1952, bls. 123-124.

<sup>136</sup> [Vísir 13. apríl 1954, bls. 7.](#)

<sup>137</sup> BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 8. Barnavernd 1955-1962. Vöggustofan Hlíðarenda.

og gefa þela. Öllu starfi sé lokið kl. 7 e.h. Þá taki kvöldvaktin við, en vökukonan komi kl. 10 um kvöldið og annast þau yfir nóttina. Síðan er haft eftir Ólöfu:

Börnin þurfa á meiru að halda en næringarríkum mat eða hlýjum fötum; einnig að finna móðurlega hlýju. Ég brýni því fyrir fóstrunum að tala við hvert barn á meðan þær meðhöndla það og sýna því hlýju.

Í framhaldinu lýsir blaðamaður umhverfi vöggustofunnar með þeim hætti að úr anddyrinu komi gestir inn í aflangt herbergi og taki meðal annars eftir þremur gluggum sem ná eftir því endilöngu.

Við lítum inn um einn gluggann og við okkur blasir stór og björt stofa, þar sem lítil uppþúin barnarúm standa í röð meðfram veggjum. En þegar betur er að gáð þá sjáum við örlítill höfuð gægjast upp undan sængunum. Þarna er þá aðsetur yngstu barnanna og eru þau flest steinsofandi, enda ríkir þar einkennileg kyrrð og friður.

Í næstu stofu getur að líta börn sem eru talsvert stálpaðri en hin. Það er kátbroslegt, en um leið ánægjulegt, að sjá tilraunir þeirra til að standa upp og skríða eða mjaka sér áfram.

Frú Ólöf gekk þarna um eins og ástrík móðir, reisti sum þeirra upp, breiddi ofan á önnur og hlúði eitthvað að þeim öllum.

Þegar að þriðju stofunni kom, þar sem eldri börnin voru, þurfti engin að vera í vafa um hvern hug börnin báru til þessarar hlýlegu og góðu konu. Um leið og hún birtist ráku þau upp gleðióp og réttu út hendurnar eða komu hlaupandi í áttina til hennar. Hún sótti þá skál með kexi í og gaf þeim sína kökuna hverju.

Við skyggnumst svo inn í fjórðu stofuna, einangrunarherbergið. Í rúminu var lítil grátandi drengur, sem komið hafði þangað um daginn, stíflaður af kvefi og með illt í eyrunum. Hann stakk talsvert mikið í stúf við glaðlegu og heilbrigðu börnin í hinum stofunum.

Að síðustu er haft eftir Ólöfu að hún geti vart hugsað sér „dásamlegra starf.“ Þar sé „eilífur gróður“ og „sá grundvöllur sem lagður [sé] að lífi barnsins fyrstu æviárin endist ævilangt.“<sup>138</sup>

Í viðtali við Þorbjörgu Árnadóttur, hjúkrunarkonu barnaverndarnefndar Reykjavíkur, í *Hjúkrunarkvennablaðinu* árið 1955 er rætt almennt um þau vistheimili sem barnaverndarnefnd kom að á þessum tíma, meðal annars Vöggustofuna Hlíðarenda. Er þar vikið að því að mörg barnanna dvelji aðeins á heimilunum um stundarsakir vegna veikinda móðurinnar, skilnaðar foreldra, húsnæðisleysis eða annarra vandræða. Ef útséð þyki um það að móðirin geti tekið barnið til sín sé reynt að fá því gott fóstur ef móðirin samþykkir. Í

---

<sup>138</sup> Vísir 13. apríl 1954, bls. 7.

framhaldinu er síðan haft eftir Þorbjörgu að dagheimilin, leikskólarnir og dagvöggustofan sem barnavinnafélagið Sumargjöf reki sé mikil hjálp fyrir útvinandi mæður sem þau hafa þann kost að barnið rofni síður úr tengslum við móðurina þegar hún geti haft það hjá sér á nóttunni. Þar sem um veikindi móður væri að ræða myndi einnig oft vera hægt að komast hjá því að fjarlægja börnin af heimilinu ef húshjálp væri fánæg.<sup>139</sup>

Í bréfi frá framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar Reykjavíkur til barnaverndarráðs sem ritað var 15. janúar 1968, eftir að rannsókn hófst á fram kominni gagnrýni á vöggustofuna, segir að árin 1956 til 1963 hafi að jafnaði verið 22 til 23 börn á Hlíðarenda í senn. Er því lýst að á þeim tíma hafi deildum verið skipt þannig að ein var með börnum á aldrinum 0 til 1 árs, önnur með börn á aldrinum eins til eins og hálf árs og sú þriðja með börn eins og hálf árs og eldri. Er það í samræmi við upplýsingar sem komu fram í fjölmiðlum við opnun vöggustofunnar. Í sama bréfi segir að 8 börn hafi verið á deild fyrir yngstu börnin, 8 á miðdeild og 6 til 7 börn á deild fyrir elstu börnin. Að jafnaði hafi 7 stúlkur sinnt börnum sérstaklega og heyrði þá til undantekninga ef einhver þeirra hafði fóstrumenntun, en ekki hafi verið óalgennt að fóstrunemar væru við gæslu barnanna.<sup>140</sup>

Í öðru bréfi framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar sem ritað er daginn eftir, eða 16. janúar 1968, segir um starfsemi Hlíðarenda á sama tíma, það er 1956 til 1963, að vaktir þeirra stúlkna sem sinntu börnunum sérstaklega hafi verið þrjár, dagvakt, kvöldvakt og næturvakt. Dagvaktin hafi verið tvískipt þannig að þrjár til fjórar stúlkur sinntu börnunum í senn. Á kvöldvakt og næturvakt hafi hins vegar verið ein stúlka á hverri vakt en þess beri að geta að forstöðukonan hafi búið á vöggustofunni.<sup>141</sup>

Í Borgarskjalasafni hafa fundist tveir listar yfir eignir í eigu Vöggustofunnar Hlíðarenda, dags. 1. janúar 1958 og 1. janúar 1959 sem forstöðukona vöggustofunnar ritaði og sendi fræðslufulltrúa Reykjavíkur. Í þeim listum kemur fram að 23 barnarúm og dýnur í barnarúm hafi verið í eigu vöggustofunnar, sem og 25 dúnsængur, 22 barnaskeiðar, 18 koppar og 60 pelar. Þá kemur fram að 2 leikgrindur hafi verið í eigu vöggustofunnar. Ekki verður hins vegar ráðið af listunum að nein leikföng hafi verið meðal eigna vöggustofunnar á þessum tíma.<sup>142</sup>

Í frétt sem birtist í *Morgunblaðinu* 25. janúar 1958 er meginráttum um vistun barnanna lýst með sama hætti og í frétt blaðsins um opnun vöggustofunnar árið 1949 og grein blaðsins 1954, þ.e. að börnum væri skipt í þrjár mismunandi stofur eftir aldri og að þau væru vistuð á vöggustofunni frá fæðingu til 18 mánaða aldurs. Segir þar líka að 35-40 börn séu að meðaltali

---

<sup>139</sup> [Hjúkrunarkvænnablaðið, 3. tbl. 1955, bls. 7.](#)

<sup>140</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja 83. Bréf framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar Reykjavíkur til Barnaverndarráðs Íslands, dags. 15. janúar 1967. Í bréfinu kemur fram að þessar upplýsingar séu að mestu fengnar frá fyrrverandi forstöðukonum Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, þeim Ólöfu Sigurðardóttur og Auði Jónsdóttur.

<sup>141</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja 83. Bréf framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar Reykjavíkur til Barnaverndarráðs Íslands, dags. 15. janúar 1967.

<sup>142</sup> BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Barnaheimili 1946-1960. Askja 9.



á vöggustofunni hvert ár og sé þá oftast hvert rúm setið en börnunum sé ráðstafað í „samráði við barnaverndarnefnd Reykjavíkur.“<sup>143</sup>

Í sömu frétt er haft eftir Ólöfu Sigurðardóttur, forstöðukonu vöggustofunnar, að umsóknir hafi verið svipaðar þau ár sem hún hafi starfað. Um tildrög vistunar barnanna segir Ólöf að „börnin séu aðeins tekin þegar um einhleypar mæður eða sjúkar er að ræða“. Nokkrum sinnum hafi „ungbörn verið tekin af stúlkum sem [séu] að ljúka námi.“ Sum börnin komi beint af fæðingardeildinni en önnur séu eldri þegar þau komi. Flest börnin séu á vöggustofunni til 18 mánaða aldurs en önnur skemur. Þá segir að ef mæðurnar hafi ekki tök á að sjá börnunum farborða þegar þau hafa náð 18 mánaða aldri sé þeim komið fyrir annars staðar.

Í sömu frétt er haft eftir forstöðukonunni að það sé tvímælalaust best fyrir móður og barn að vera saman, ef allt sé með felldu. Vöggustofa hljóti „alltaf að vera neyðarúrræði, þó að hún sé nauðsynleg til að hjálpa þeim mæðrum sem ekki hafa tök á að sinna börnum sínum sjálfar.“ Á góðri vöggustofu „hljóti börnin reyndar alltaf að njóta hlýju af hálfu þeirra sem annast þau og þar eigi þau að vera fullkomlega örugg, enda eigi slík stofnun ekki rétt á sér nema svo sé“. Í máli Ólafar kemur fram að auk hennar starfi fimm fósturur á vöggustofunni en ekki veiti af þar sem mikið sé að starfa. Það þurfi að mata öll börnin, auk þess sem þau séu öll með bleiu, þannig að „hirðingin“ sé mikið verk.“

Í fréttinni frá 25. janúar 1958 er ekki, frekar en í blaðagreininni sem birtist í Vísi árið 1954, rætt um hlutverk biðstofunnar og heimsóknir þangað með sama hætti og fjallað var um opnun vöggustofunnar 1949. Þvert á móti er haft eftir forstöðukonunni í fréttinni að heilsufar hafi „ætíð verið mjög gott á vöggustofunni“. Börnin fái yfirleitt engar farsóttir, enda „sé vöggustofan lokuð, þ.e.a.s. engum gestum er leyft að koma í heimsókn.“

Samtímaheimildir benda þó til þess foreldrar hafi fengið að koma í heimsókn á tilteknum og fyrirfram ákveðnum heimsóknartímum þótt ekki fari sögum af því að þau hafi mátt snerta börn sín, halda á þeim eða eiga önnur bein samskipti við þau. Strangari reglur virðast síðan hafa gilt um systkini barna. Í bréfi föður stúlkubarns á vöggustofunni til Jónasar B. Jónssonar, fræðslufulltrúa í Reykjavík, dags. 9. apríl 1958, er kvartað sérstaklega yfir framkomu forstöðukonunnar. Þáskadag sama ár höfðu þau komið með dreng á fjórða ári með sér að heimsækja dóttur sína á vöggustofuna<sup>144</sup>. Í bréfinu segir:

Þarna inni voru stúlkur og gerðu þær enga athugasemd við komu okkar og gengu framhjá okkur á ganginum. En er við höfðum staðið inni ca fimm til sjö mínútur kom kvenmaður sem virtist vera í mjög æstu skapi til okkar og sagði hún hvað þetta væri, hvort við værum hér með barn. Og sagði að við yrðum að fara strax út. Mér fannst þetta harla leiðinlegt þar sem það var hvergi auglýst að barnaheimsóknir væru

<sup>143</sup> Morgunblaðið 25. janúar 1958, bls. 8.

<sup>144</sup> Fjárhagslegur rekstur og starfsmannahald vistheimila Reykjavíkurborgar var á þessum tíma á könnu Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, sjá hér [Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 2, bls. 51.](#)

bannaðar og spurði ég hana hvers vegna börn mættu ekki koma og af hverju hún auglýsti það þá ekki. Hún kvað þetta vera reglur heimilisins og okkur kæmu þær ekki við. Konan mín fór að biðjast afsökunar en það virtist sem við hefðum framið þann glæp sem ekki yrði fyrirgefinn. Því hún elti okkur út í ystu dyr og kallaði á eftir okkur orðrétt: „Þið skuluð ekki eiga við að koma hér framvegis. Ég hef ekki gert orð eftir ykkur.“ Og skyldi þar með okkur því hún skellti hurð að stöfum. Satt að segja féll okkur þetta mjög illa og hefðum við síst getað búist við slíkri framkomu af konu sem trúað er fyrir mörgum smábörnum. Ég hef haldið fram að þessu að slík kona þyrfti að kunna almenna kurteisi og kunna að hafa stjórn á skapi sínu. En hvorugt virðist vera fyrir hendi hjá henni. Nú vil ég eindregið mælast til þess að þér hlutist til um að þarna verði sett upp skilti. Þar sem barnaheimsóknir eru bannaðar. Því ég þori að fullyrða að það eru margir fleiri en við sem ekki hafa hugmynd um að þær séu bannaðar. Enda segist kona mín tvisvar hafa séð börn þar inni. En forstöðukonan hefur sennilega ekki verið nógu vel vakandi þá.

Nú vil ég spyrja yður, hvort þér álítið (þegar þér hafið kynnt yður allar aðstæður) að við höfum brotið það af okkur að við mættum ekki koma í heimsókn á nefndan stað. Ef okkur kynni að langa til þess.<sup>145</sup>

Í svarbréfi sem sent er f.h. fræðslustjóra til föðurins, dags. 15. apríl 1958, kemur fram að efni bréfsins hafi verið kynnt formanni barnaverndarnefndar og að umsagnar hans hafi verið aflað. Síðan segir:

Öllum sem fylgja settum reglum, er heimilt að heimsækja Vöggustofuna. Heimsóknir barna í Vöggustofuna eru ekki leyfðar og ber forstöðukonunni að framfylgja þeirri reglu.

Kvörtun yðar hefur verið rædd við forstöðukonuna og einnig ábending yðar um auglýsingu heimsóknartíma.<sup>146</sup>

Ekki hafa fundist heimildir umfram ofangreind bréfaskipti hvaða settu reglur hafi gilt um heimsóknir á Vöggustofu Hlíðarenda. Aðrar samtímaheimildir gefa hins vegar til kynna að heimsóknir hafi að ýmsu leyti verið takmarkaðar. Í stefnuskrá Alþýðubandalagsins sem birt var fyrir borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 12. maí 1962 er lagt til að gerð verði grundvallarbreyting á rekstri Vöggustofunnar Hlíðarenda, „þannig að horfið yrði frá lokuðu spítalafyrirkomulagi, heimsóknir leyfðar og börnunum búin sem eðlilegust þroskaskilyrði.“<sup>147</sup>

<sup>145</sup> BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 8. Barnavernd 1955-1962. Vöggustofan Hlíðarenda.

<sup>146</sup> BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 9. Barnaheimili 1946-1960.

<sup>147</sup> Ekki er ljóst af stefnuskránni hvað er átt við með lokuðu spítalafyrirkomulagi. Í umfjöllun Morgunblaðsins 24. desember 1958 um Barnaspítala Landspítalans segir hins vegar að á spítalanum sé heimsóknartími tvisvar í viku, á fimmtudögum og sunnudögum. Er þar haft eftir yfirhjúkrunarkonu spítalans að „daglegar heimsóknir til barnanna trufli of mikið“. Með þessu fyrirkomulagi „verði heimsóknardagarnir nokkurs konar hátíðisdagar sem

Pá var lagt til að gerð yrði „tilraun með vikuvistar vöggustofu á sama stað“. Jafnframt skyldi stofnuð sérstök deild fyrir 1 ½ árs börn til 3ja ára börn, annaðhvort í tengslum við Vöggustofu Hlíðarenda eða í Reykjahlíð og þeim börnum tryggð þroskavænleg skilyrði jafnt úti sem inni.<sup>148</sup>

Ljóst er að æskilegt rekstrarfyrirkomulag vistheimila var hugleikið ýmsum sem komu að málefnum barna á þessum tíma. Þannig var Símoni Jóhannesi Ágústssyni prófessor og Jónasi Pálssyni forstöðumanni sálfræðideildar skóla falið að gera álitserð um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík. Er sú álitserð dagsett 8. júní 1961 en þar segir meðal annars:

Barnaverndarstarfsemi í flestum vestrænum löndum eftir heimsstyrjöldina síðari einkennist framar öllu af því að þau eru í miklu stærra mæli en áður fyrr unnin utan stofnana. Miklu meira starfi er nú varið til þess að hjálpa og leiðbeina foreldrum með þeim árangri að fjölda mörg börn, sem annars hefði þurft að vista í stofnunum, geta fyrir þessar aðgerðir hlotið sómasamlegt uppeldi hjá foreldrum sínum. Stefnt er að því markvisst í mörgum löndum að koma öllum heilbrigðum börnum í fóstur á góðum einkaheimilum við þeirra hæfi eða til ættleiðingar ef þau geta ekki alist upp hjá móður eða foreldrum. Hafa sumar þjóðir að mestu náð þessu markmiði. Ástæðurnar til þessara breyttu vinnubragða eru einkum tvær: Rannsóknir sem gerðar hafa verið í mörgum löndum hafa ótvírætt sannað að heilbrigðum börnum er miklu hollara að alast upp á góðu eða jafnvel sæmilegu einkaheimili, þar sem það hefur gott atlæti og er í eðlilegri og persónulegri tengslum við fólk en í stofnunum. Einkum hefur sannast að uppeldi í stofnunum með gamla laginu, þar sem e.t.v. 30-40 eða fleiri börn voru höfð í einum hópi og tíð mannaskipti voru, hafði ákaflega skaðsamleg áhrif á þau, svo að þau biðu þess aldrei bætur. Jafnvel uppeldi í góðum stofnunum þar sem 10-15 börn alast upp með sömu uppalendum jafngildir ekki fóstur á góðu einkaheimili, enda þótt svo vel sé borgað með börnunum að fósturforeldrar þeirra séu skaðlausir af dvöl þeirra. Þegar með er talinn allur kostnaður við eftirlit og útvegum heimila er varlega áætlað að uppeldi tveggja barna í einkafóstri kosti öllu minna en eins barns í stofnun.

[...]

Gildi þessara úrræðis að koma sem flestum eða öllum heilbrigðum börnum í einkafóstur er algerlega undir því komið hvernig hér er unnið. Ef starfi þessu er mjög áfátt, lítt hæfir menn hafa það á hendi eða of fáir og mikið handahóf er á vali heimilanna, vali barnanna á þau og eftirliti er ábótavant leiðir þetta úrræði, sem tíðkast hefur raunar frá fornöld, oft til stórfelldra og hörmulegra mistaka, sem bitna

---

börnin hlakki til, en svo hafi þau ró og næði á milli. Annars valdi það yfirleitt engum vandræðum, þó foreldrarnir komi í heimsókn, nema kannski fyrstu vikuna. Eftir það séu börn eins og heima hjá sér á sjúkrahúsinu.”  
Morgunblaðið 24. desember 1958, bls. 36-37.

<sup>148</sup> Þjóðviljinn, 12. maí 1962, bls. 5.

á börnum þeim er þannig er ráðstafað. Gæti þá hagur barnanna orðið jafnvel enn verri en í lélegri stofnun.<sup>149</sup>

Á grundvelli álitsgerðarinnar gerði Jónas B. Jónsson fræðslustjóri tillögur um byggingu barnaheimila og afhenti borgarstjóra í nóvember 1961.<sup>150</sup> Í tillögum Jónasar B. Jónssonar, fræðslustjóra, og Jónasar Pálssonar forstöðumanns sálfræðideildar skóla frá í nóvember 1962 um rekstur barnaheimila borgarinnar og meðfylgjandi greinargerð kemur fram að þeir telji foreldraheimili vera æskilegustu uppeldisstofnun sem völ er á og að ef hún bregðist verði að leita lausna sem svipi sem mest til slíks heimilis. Af þeim sökum telja höfundar að fóstur á einkaheimilum (ekki ættleiðing) sé yfirleitt besta úrræðið fyrir börn sem séu andlega og líkamlega heilbrigð og ætla verður að svipt séu foreldraheimili til langframa. Fyrir þau börn sem ekki er æskilegt eða unnt að útvega einkafóstur leggja höfundar til að þau fái vist á „fremur fámennum vistheimilum þar sem unnt [sé] að koma við persónulegu og manneskjulegu sambandi við börnin“.<sup>151</sup>

Af gögnum sem fundist hafa í Borgarskjalasafni verður ráðið að borgarstjóri hafi einnig leitað umsagnar barnaverndarnefndar Reykjavíkur um þær tillögur sem þá lágu fyrir um ráðstafanir vegna barna sem ekki gátu dvalist á heimilum sínum vegna ýmissa orsaka. Nefndin skilaði umsögn 10. mars 1963 til borgarstjóra. Þar lýsti nefndin meðal annars þeirri skoðun að fjölgun dagvöggustofa, aukin aðstoð við einstæðar mæður og heimavistarskólar fyrir börn gætu dregið verulega úr fjölda þeirra barna sem ráðstafa þyrfti á barnaheimili. Vísaði nefndin í því sambandi til þess að samkvæmt athugun sem hún hefði gert ári áður hefðu 9 af þeim börnum sem þá dvöldu á Hlíðarenda getað verið á dagvöggustofu.

Í framhaldinu fjallaði nefndin um fóstur, og ber umfjöllunin efnislega með sér að hún er sett fram í tengslum við fram komnar tillögur Jónasar B. Jónssonar og Jónasar Pálssonar:

Nú mun þykja undarlegt að barnverndarnefnd skuli ekki í ríkara mæli hafa valið þá leið að koma börnum í fóstur á einkaheimili þar sem sú leið hefur svo augljósa yfirburði.

En hér er við framkvæmdarferiðleika að etja, en þeir erfiðleikar stafa ekki fyrst og fremst af skorti af fólki er taka vilji börn í fóstur því að framboð á fósturforeldrum hefur um árabíl verið mun meira en eftirspurnin. Ástæðan til þess að

<sup>149</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. F-31. Álitsgerð Símonar Jóhannesar Ágústssonar og Jónasar Pálssonar um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík, dags. 8. júní 1961

<sup>150</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. F-31. Álitsgerð Símonar Jóhannesar Ágústssonar og Jónasar Pálssonar um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík, dags. 8. júní 1961. - Tillögur Jónasar B. Jónssonar um byggingu barnaheimila í Reykjavík næstu ár, dags. 3. nóvember 1961.

<sup>151</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. F-31. Tillögur Jónasar B. Jónssonar og Jónasar Pálssonar varðandi ráðstafanir vegna barna sem geta ekki dvalist á heimilum sínum af ýmsum orsökum, ódags. í nóvember 1962. - Umsögn barnaverndar Reykjavíkur ásamt áætlun um byggingu vistheimila 1963-1968, dags. 10. mars 1963.

barnaverndarnefnd hefur ekki komið fleiri börnum í fóstur á einkaheimili er sú að slíkt hefur ekki verið framkvæmanlegt án valdbeitingar.

Á barnaheimilum borgarinnar (Reykjahlíð, Silungapólli) dvelja engin munaðarlaus börn né börn sem aðstandendur hafa fallist á að færu í fóstur.

Í flestum tilvikum neita foreldrar eða einstæðar mæður barna þeirra er á barnaheimilum dvelja að börnum þeirra sé ráðstafað í fóstur á barnaheimili. Ástæðan er sú að flestir þessara foreldra ala þá von að aðstæður þeirra breytist svo síðar að þeim verði fært að annast uppeldi barna sinna. Séu börnin á barnaheimili er endurheimtin auðveldari, en hefðu börnin fest rætur hjá fósturforeldrum.

Barnaverndarnefnd hefur að vísu heimild í lögum til að ráðstafa börnum í trássi við foreldra, ef um alvarlega vanrækslu af hálfu þeirra er að ræða (sbr. 26. gr. laga nr. 29/1949, um vernd barna og unglunga). Þótt heimild þessi hafi stöku sinnum verið notuð eru tórnarkí á að ofangreind lagagrein verði notuð til lausnar barnaverndarmála í þeim málum sem framkvæmd tillögunnar krefst.

Meir eða minna varanlegur aðskilnaður foreldra og barna, eins og fóstur hlýtur að hafa í för með sér, er mjög viðkvæmt einkamál. Af þeim sökum einum er ástæða til gætni. Þeir annmarkar sem gera foreldra óhæfa til að annast börn sín, geta verið tímabundnir og a.m.k. flestir eiga réttlætiskröfu á að þeim sem gefinn nokkur kostur á að bæta úr annmörkum sínum.

Ráðstöfun barna í fóstur í trássi við vilja foreldra er, sem að líkum lætur, mjög óvinsæl ráðstöfun. Í annan stað er lagagrein sú sem barnaverndarnefnd hlyti að styðjast við í slíkum aðgerðum mjög almennt orðuð. Fyrirsjáanlegt er að bíða þarf dómsúrskurða í slíkum málum, eigi einhver reynsla að fást af því hvað barnaverndarnefnd er fært í þessum málum og hvað ekki. Vegna þess hve sérstæð mál þessi eru í eðli sínu, má og búast við, að myndun slíks fordæmis tæki langan tíma. [...]

Af framangreindu er ljóst að tillagan að sem flestum börnum verði komið í fóstur á einkaheimili þarf nánari athugun við, einkum vegna þess að þeir framkvæmdaerfiðleikar sem við er að etja eru í reynd allt aðrir og meiri en gert er ráð fyrir í tillögunum. Erfiðleikarnir eru þess eðlis að ekki verður séð að vistun barna á fósturheimilum geti orðið það meginúrræði sem tillögunar gera ráð fyrir.<sup>152</sup>

Í skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur fyrir tímabilið 1949 til 1963 er þess hins vegar ekki að finna mörg dæmi að fjallað sé beint um starfshætti Vöggustofunnar Hlíðarenda og forstöðukonu hennar. Þar er þó að finna bréf, dags. 20. febrúar 1963, til Auðar Jónsdóttur,

---

<sup>152</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 148. Trúnaðarmál. Barnaheimili. Vöggustofan Hlíðarenda.

forstöðukonu vöggustofunnar, þar sem henni er tilkynnt að nefndin hafi á fundi sínum 18. febrúar 1963 samþykkt að vekja athygli hennar á því að henni væri óheimilt að ráðstafa börnum á vöggustofuna og þaðan aftur án samráðs við barnaverndarnefnd.<sup>153</sup> Í Borgarskjalasafni hefur einnig fundist óundirritað bréf frá barnaverndarnefnd til forstöðukonunnar, einnig dagsett 20. febrúar 1963, en þar óskar nefndin eftir upplýsingum um hvenær tiltekið barn hafi komið á vöggustofuna, hver hafi beðið fyrir barnið og burtfarardag. Þá var jafnframt óskað eftir upplýsingum um hvert barnið hefði farið, hjá hverjum það dvaldi og hver hefði haft milligöngu um að útvega dvalarstað.<sup>154</sup>

Í útvarpsþættinum „Eins og dýr í búi“ eftir Viðar Eggertsson sem frumfluttur var á Rás 1 árið 1993 er frásögn móður höfundar Huldu Kristinsdóttir þar sem hún greinir frá því að tvö börn hennar hafi dvalið á Vöggustofunni Hlíðarenda um meira en tvö ár, eða frá árinu 1954 til 1956. Á þeim tíma hafi hún einungis fengið að heimsækja þau vikulega og þá aðeins til að horfa á þau í gegnum glervegg.<sup>155</sup>

Vegna rannsóknar sinnar hefur nefndin aflað sjúkraskýrslna frá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur um börn sem hlutu þjónustu Geðverndardeildar barna á tímabilinu 1960-1970 og höfðu dvalið á Vöggustofunni Hlíðarenda.<sup>156</sup> Í skýrslu um 9 ára dreng sem kom á Geðverndardeild barna vegna hræðslu og taugaveiklunar segir í færslu, dags. 3. nóvember 1966, að drengurinn hafi dvalið á Vöggustofunni Hlíðarenda frá 1953 til 1954 í alls 17 mánuði.<sup>157</sup> Þar hafi móðir hans heimsótt hann vikulega en henni ekki verið leyft að heimsækja hann oftast mest allan þann tíma sem drengurinn dvaldi á vöggustofunni. Allan þennan tíma hafi hún aldrei fengið að snerta barnið heldur einungis horfa á hann í gegnum glerrúðu.

Í sömu skýrslu segir að þegar drengurinn kom af vöggustofunni hafi hann verið lítill og pasturslaus, talað sama og ekkert, virst sljór og apatískur og ekki kunnað að leika sér. Hann hafi setið og róið sér, viðbrögð hans hafi verið óeðlileg og hann hafi ekki myndað geðtengsl. Við heimkomuna hafi drengurinn verið með bólgu í öðru eistanu og er hann kastaði af sér þvagi hafi það verið blóðlitað. Læknisúrskurður hafi verið á þann veg að drengurinn hafi orðið fyrir sparki og bólgan orsakast af því.

Í skýrslu Geðverndardeildar barna um 7 ára dreng, dags. 3. nóvember 1960 sem dvaldi á Hlíðarenda frá því að hann var mánaðargamall í rúmlega hálf ár frá hausti 1953 til vors 1954 er eftirfarandi haft eftir móður barnsins: „[H]ann hafi verið mjög undarlegur, er hann kom af vöggustofu, dauflegur ekki hjalað neitt og verið hræðslulegur, þó ekki verið óþekkur“ og

<sup>153</sup> Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Askja 238. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 3. janúar 1962 til 16. desember 1962, bls. 112.

<sup>154</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 148. Trúnaðarmál. Barnaheimili. Vöggustofan Hlíðarenda.

<sup>155</sup> Nefndin hefur staðreynt að umrædd börn dvöldu á vöggustofunni frá 5. júlí 1954 til 2. desember 1956.

<sup>156</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur 2017/134. A Geðverndardeild (1960-1970). AA Sjúkraskrár (1960-1970).

<sup>157</sup> Samkvæmt gögnum nefndarinnar var drengurinn á Vöggustofunni Hlíðarenda frá 6. september 1957 til 20. desember 1958.



hann „horfði svo undarlega á mann.“ Í umsögn læknis í skýrslunni segir um drenginn að „öryggiskennd hans og sjálfstæði sé sáralítið“ og sé það almenn skýring læknisins „að geðtengsl barnsins á fyrsta ári við annað fólk hafi verið léleg og neikvæð.“<sup>158</sup> Ljóst er að á þeim tíma var drengurinn vistaður á vöggustofu.

Í skýrslu Geðverndardeildar barna um sex ára dreng, dags. 6. september 1963, sem var á Hlíðarenda frá 3 mánaða aldri til tólf mánaða segir að móðir hafi eingöngu séð barnið um helgar. Hún hafi þó ekki „orðið vör við annað en að [drengurinn] væri ánægður á vöggustofunni“, enda hafi hann verið „alltaf frískur og meðfærulegur“.<sup>159</sup>

Í skýrslu Geðverndardeildar barna um 4 ára stúlku, dags. 28. september 1966, sem dvaldi á Hlíðarenda í tæplega eitt og hálft ár en síðan á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins um fimm mánaða skeið segir að móðir hafi lítið fengið að heimsækja hana á vöggustofuna og „stundum einungis í gegnum gler.“ Þá hafi hún aldrei fengið að taka dóttur sína heim um helgar eða um jól og verið sagt að hún ef hún gerði það yrði hún að taka barnið endanlega.

Í skýrslunni segir jafnframt að þegar stúlkan kom heim af Hlíðarenda tveggja ára gömul hafi hún skriðið meira en gengið og ekki haldið höfði. Hún hafi verið óvön að nota kopp og alltaf haft bleiu. Hún hafi ekki kunnað að tyggja og einungis drukkið mjólk og því hafi þurft að kenna henni að tyggja. Þá hafi hún lengi vel tekið lítið eftir umhverfinu og grátið ef hurðir voru lokaðar eins og á Hlíðarenda. Einnig er haft eftir móður að hún hafi átt í erfiðleikum með hvað barnið sótti inn í ókunn hús og upp í fangið á öllum.<sup>160</sup>

Í skýrslu Geðverndardeildar barna um 7 ára dreng, dags. 21. október 1966, segir að hann hafi dvalið á Hlíðarenda frá 2 til 18 mánaða aldurs. Hann hafi „þótt erfiður á Hlíðarenda og mjög erfiður þegar hann kom heim“, auk þess að vera „seinn til máls.“<sup>161</sup>

Í skýrslu Geðverndardeildar barna um 6 ára stúlku, dags. 21. desember 1968, kemur fram að hún hafi verið látin á vöggustofu 11 daga gömul og hún hafi verið þar til eins og hálfis árs aldurs. Segir jafnframt að móðir hennar hafi starfað á vöggustofunni þegar hún var 4 til 8 mánaða gömul og hún hafi „[fengið] þá alveg að hugsa um hana“. Þegar hún hafi komið af vöggustofunni hafi stúlkan verið „mjög róleg og framtakslítill“. Hún hafi ekkert leikið sér og tekið við hlutum sem henni voru réttir, skoðað þá og látið þá detta. Þá hafi hún ekki borðað nema stappaðan mat en annan mat hafi hún skoðað og hent. Hún hafi þó tekið fljótt við sér.<sup>162</sup>

Eins og vikið er að í kafla 4.3.2. ritaði Adda Bára Sigfúsdóttir borgarfulltrúi grein 14. apríl 1967, eftir að opinber gagnrýni hafi komið fram á starfsemi vöggustofanna, þar sem hún lýsti því að stúlka sem hún þekkti hafi komist í þær aðstæður 1957 að þurfa að biðja

<sup>158</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. A Geðverndardeild 1960 - 1970. AA Sjúkraskrár.

<sup>159</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. A Geðverndardeild 1960 - 1970. AA Sjúkraskrár.

<sup>160</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. A Geðverndardeild 1960 - 1970. AA Sjúkraskrár.

<sup>161</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. A Geðverndardeild 1960 - 1970. AA Sjúkraskrár.

<sup>162</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. A Geðverndardeild 1960 - 1970. AA Sjúkraskrár.



vöggustofuna á Hlíðarenda fyrir barn sitt í nokkra mánuði. Barnið hafi verið eðlilega þroskað þegar það fór þangað - en þegar það kom þaðan sjö mánaða gamalt hafi það ekki haldið höfði. Sjálf hafi hún þá átt barn á sama reki og munurinn hafi skorið hastarlega í augu. Í greininni segir síðan að sem betur fer hafi barnið ekki beðið varanlegt tjón af vistinni, sem hafi heldur ekki verið löng.<sup>163</sup>

Í skýrslu Vistheimilisnefndar um Kópavogshæli er vitnað í sjúkraskýrslu frá árinu 1979 hjá vistmanni sem þá var 18 ára og hafði áður dvalið Vöggustofunni Hlíðarenda og síðar á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins en þar segir svo:

Fullvíst er þó að dvöl [X] á vöggustofu frá fæðingu til tæplega 5 ára aldurs og í framhaldi af því vist á yfirfullri kvennadeild, hefur ekki orðið til þess að auka vitsmunalegan þroska [X], heldur þvert á móti. Leiða má að því [líkur], að vist á vöggustofu eins og [X] var á, hafi leitt til verulegrar greindarskerðingar, enda þótt líkur séu á því að [X] sé að upplagi eitthvað greindarskert ... Ef ferill [X] er athugaður og lýsingar á atferli ..., kemur þetta heim og saman við það sem vitað er um börn sem skaðast hafa af langri stofnanavist.“ X þótti hafa talsverða þroskamöguleika og enda þótt nokkuð seint væri byrjað á markvissum aðgerðum í þjálfun og meðferð þótti líklegt að hægt yrði að búa X „tilveru sem [væri] nær því að vera mannsæmandi en það sem [X hefði] búið við fyrstu 18 æviárin“. Í skilafundargerð frá 1992 sagði: „... dvöl [X] á vöggustofu ... og í framhaldi af því á yfirfullri deild hefur leitt til alvarlegrar greindarskerðingar og tengslaleysis við aðra og sem barn og unglingur búið við tilfinningalega vanrækslu, vöntun á félagsmótun og öðrum uppeldisaðgerðum. Þannig mætti lengja telja en þetta hefur verið nefnt stofnanabarn.“<sup>164</sup>

Í gögnum þeim sem vöggustofunefnd hefur aflað er einnig að finna vistunarskjal um barn sem vistað var frá fæðingu í rúmlega fjögur og hálf ár og svarar í öllum meginatriðum til þeirrar lýsingar sem fram kemur að ofan.

Vöggustofunefnd hefur einnig farið yfir eftirlitsskýrslur starfsfólks barnaverndarnefndar á tímabilinu 1949 til 1963 í því skyni að varpa frekara ljósi á starfsemi vöggustofunnar og ástæður þess að börn voru vistuð þar.<sup>165</sup> Þessar skýrslur fjalla að miklu leyti um foreldra sem barnaverndarnefnd eða starfsfólk hennar taldi tilefni til þess að fylgjast með þar sem áhyggjur voru af því að börnum þeirra væru ekki búin viðunandi uppeldisskilyrði á heimili sínu.

<sup>163</sup> Þjóðviljinn 14. apríl 1967, bls. 5. Þótt Adda Bára nefni ekki vöggustofuna á Hlíðarenda beint í greininni er einsýnt af samhenginu og til þess tíma sem vísað er til að þar er átt við vöggustofuna Hlíðarenda.

<sup>164</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: Könnun á vistun barna á Kópavogshæli 1952-1993 Reykjavík 2016, bls. 270.

<sup>165</sup> Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Eftirlitsskýrslur. Tímabil 1940-1964. Möppur 1-70. Askja 39, Möppur 71-183. Askja 40, Möppur 184-324. Askja 41, Möppur 326-467. Askja 42 og Möppur 488-515. Askja 43.

Í þessum skýrslum bregður því hins vegar ósjaldan við að starfsfólk greinir frá samskiptum sínum við Ólöfu Sigurðardóttur, forstöðukonu Hlíðarenda, þar sem greint er frá upplýsingum um hagi barna á vöggustofunni. Verður ráðið að þessi samskipti hafi átt sér stað símleiddis og er einkum vikið að málefnum barna sem dvalið höfðu lengi á vöggustofunni. Upplýsingarnar sem færðar eru í eftirlitsskýrslu bera jafnframt með sér að bæði starfsfólk barnaverndarnefndar sem og forstöðukona vöggustofunnar hafi talið óæskilegt að börn væru þar lengi. Er þá ritað í eftirlitsskýrslu að brýnt sé að athugað verði að koma barni í fóstur til að það dveljist ekki lengur á vöggustofu, geti foreldri á annað borð ekki tekið það aftur heim til sín.

### 3.3.3 Viðtöl við starfsfólk og gesti á Vöggustofu Hlíðarenda

Í þeim skriflegu gögnum sem nefndin hefur aflað og þeim viðtölum sem tekin hafa verið hafa komið upplýsingar um nöfn alls 20 einstaklinga sem störfuðu á Vöggustofunni Hlíðarenda á starfstíma hennar. Þar af eru 6 á lífi en 14 látnir. Nefndin tók skýrslur af öllum fyrrverandi starfsmönnum heimilisins sem fundist hafa og eru á lífi, m.a. aðra af tveimur forstöðukonum Hlíðarenda. Óskað var eftir viðtali við starfsmenn vöggustofunnar svo heildarmynd fengist af dvöl barnanna á heimilinu, eins og hún horfði við starfsmönnum. Þá ræddi nefndin einnig við einstaklinga sem áttu systkini á heimilinu og komu þangað sem gestir.

Í viðtali nefndarinnar 10. febrúar 2023 við [A], eldri systur barns sem vistað var í 21 mánuð á Vöggustofunni Hlíðarenda frá 1954 til 1956, minntist hún þess að hún hefði farið mjög reglulega í heimsókn á vöggustofuna með móður sinni þann tíma sem bróðir hennar dvaldi á vöggustofu en hún hefði á þeim tíma verið 9 til 11 ára gömul. Í öll þau skipti hefðu þau einungis horft á bróður hennar í gegnum gler. Aðstæður hafi alltaf verið eins, bróðir hennar hafi legið í rúmi og hvorki hafi átt sér stað snerting né samskipti. Hún minntist þess ekki að hafa náð augnsambandi við bróður sinn á þessum tíma. [B] greindi einnig frá því í viðtali við nefndina 24. maí 2023 að hún hafi heimsótt frænda sinn á vöggustofuna sem vistaður var þar árin 1955 til 1956 og einungis séð hann í gegnum gler. Þá hafa nefndinni borist upplýsingar í tölvupósti frá systkinum einstaklinga sem vistaðir voru á Hlíðarenda 1954 þess efnis að þau hafi einungis mátt sjá systkini sitt í gegnum gler.

[C] sem starfaði á vöggustofunni sumarið 1954 minntist þess í viðtali 8. júní 2023 að starfið hafi verið í mjög föstum skorðum og frekar tilbreytingarsnautt. Börnin hafi fengið nóg að borða en að jafnaði verið mötuð og látin snemma í rúmið. Eitthvað hafi verið til af leikföngum en ekki mikið.

[D] sem starfaði á Hlíðarenda um 6-7 mánaða skeið árið 1958 á aldrinum 17 til 18 ára kvaðst í viðtali við nefndina 13. apríl 2023 hafa notið þess vel að starfa á Hlíðarenda og hugsa um börnin, enda hafi starfsfólkið verið gott en Ólöf Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur hefði þá verið forstöðukona. [D] kveðst hafa starfað með yngstu börnunum, sem hafi verið nýfædd og einungis drukkið af pela, en einnig eldri börnunum sem voru farin að borða og ganga.

Starfið hafi verið í föstum skorðum, skipt hafi verið á börnunum og þau þvegin og klædd þegar þau vöknudu og þeim gefið að borða en þau síðan sett aftur upp í rúm. Börnin hefðu verið tekin upp og hugguð þegar þau grétu, en síðan látin aftur upp í rúm þegar þau hættu. Að sögn [D] hafi starfsstúlkur þó talað við börnin í rúmunum. Þegar vel viðraði á sumrin hafi rúm barnanna verið tekin út. [D] kvað börn almennt ekki hafa verið sett á gólfið, en hún hafi þó tekið börn upp og leikið við þau. Fyrir eldri börnin hafi verið rugguhestur á gólfinu sem þau hafi leikið sér með. [D] kvað börn almennt ekki hafa farið út lengra en á svalir vöggustofunnar.

[D] lýsti því sérstaklega að það hafi verið erfið lífsreynsla að verða vitni að því að mæður sem áttu börn á Hlíðarenda hafi einungis mátt sjá börn sín í gegnum rúðu og það hafi hún aldrei getað felld sig við. Mæður sem heimsóttu börnin hafi staðið við rúðuna og grátið þar sem þær hefðu hvorki fengið að snerta börnin sín né halda á þeim.

[D] kvað lítinn tíma hafa gefist í starfinu til að tengjast ákveðnum börnum sérstaklega, þar sem verkin sem sinna þurfti hafi verið mörg. [D] kvaðst ekki muna eftir að leikföng hefðu verið á vöggustofunum, en taldi þó að þar hefðu getað verið boltar. Ekki hefði neitt á veggjum vöggustofunnar, umhverfið hefði verið „steriliserað og allt hvítt“, t.d. hafi starfsstúlkur jafnan verið íklæddar hvítum sloppum en [D] taldi að þetta hefði verið að danskri fyrirmynd.

Í viðtali við [E] 10. febrúar 2023 sem starfaði á vöggustofunni frá ársbyrjun 1962 fram til september 1962 greindi hún frá því að hún hefði starfað mest á deildinni þar sem börn voru alveg að verða 2 ára. Hún lýsti daglegu skipulagi þannig að börnin hefðu fengið þela klukkan 7 á morgnana og þá hafi ekki mátt halda á þeim heldur aðeins setja bleiu undir pelann svo þau gætu sögið. Starfstúlkur hafi einungis mátt skipta á börnunum á ákveðnum tímum, en þess á milli hafi þær ekki átt að skipta sér af þeim heldur aðeins að láta þau liggja í rúminu. Börnin hafi grátið fyrstu dagana og vikunnar en starfsfólk hafi ekki mátt gera neitt nema eftir klukkunni.

Að sögn [E] mátti til dæmis ekki taka börnin upp og hugga þau og það hafi verið passað upp á að starfstúlkurnar gerðu ekkert sem þær máttu ekki gera. Þá hafi ekki mátt horfa í augn á börnunum þegar þeim var gefið að borða og alls ekki hafi mátt leika við þau. Rík áhersla hafi verið á að starfsmenn mættu ekki mynda augnsamband því það myndi valda börnunum svo mikilli sorg. Ekki hafi heldur mátt taka sængina af börnunum í heimsóknartíma og starfstúlkum hafi verið sagt að snúa baki í mæðurnar.

[E] lýsti því fyrir nefndinni að hún hefði spurst fyrir um hvort ekki mætti gera eitthvað fyrir börnin en fengið þau svör frá forstöðukonu að hún hefði ekkert vit á þessu. Hún hafi sjálf haft samband við mann sem var að smíða leikföng og hann hefði smíðað tvo vörubíla fyrir vöggustofuna en auk þess hefði hún keypt tvær tuskudúkkur. Bílarnir hefðu verið fjarlægðir skömmu síðar, en dúkkurnar hafi fengið að vera lengur. Þá hefðu börnin ekki fengið að fara neitt út þrátt fyrir vilja starfsmanna til þess og þrátt fyrir að stórar svalir hafi verið við húsið.

Hún hafi frétt síðar af því að börn hafi farið út en það hafi ekki verið fyrr en eftir að hún hætti störfum í september 1962.

Í viðtalinu lýsti [E] heimsóknartímanum þannig að hleypt hafi verið inn í hollum því ekki allir máttu koma inn í einu. Foreldrar hafi horft á barn sitt í gegnum gler en barnið hafi verið í vöggunni og starfsfólk hafi alls ekki mátt taka þau upp og ekki hugga þau ef þau grétu. Sum börnin hafi aldrei verið heimsótt en önnur fengið heimsókn alla sunnudaga. [E] er minnisstætt að ein móðir hafi komið í hvern einasta heimsóknartíma og staðið grátandi við gluggann allan þann tíma sem hún mátti vera.

[E] lýsti fatnaði barnanna á þessum tíma þannig að börnin hafi alltaf verið klædd í hvítar samfellur en strákarnir hafi verið í tvískiptum samfellum. Starfsfólkið hafi síðan verið klætt hvítum sloppum. Maturinn hafi allur verið maukaður og börnunum hafi verið gefið að borða með skeið. Börn sem gátu setið í stól hafi stundum fengið að sitja þegar þau borðuðu en annars hafi þau verið í rúmunum, líka þegar þau fengu að borða. Þá hafi þau einnig verið þvegin með þvottaklút í rúminu. Bleiuskipti hafi einungis farið fram á ákveðnum tímum, nema barn væri á sýklalyfjum og „gerði upp á axlir“. Starfsstúlkur hafi yfirleitt verið tvær inni í stofunni. Börnin hafi verið í rúminu meira og minna allan tímann en ekki að skríða á gólfinu eða leika þar. Þegar hún var að láta af störfum hafi komið stólar og borð á vöggustofuna.

Í viðtali við [F] 13. apríl 2023 sem starfaði um mánaðarskeið á Vöggustofunni Hlíðarenda í starfsþjálfun að loknu bóklegu námi í Fóstruskóla Sumargjafar á dagvakt tímabilið 1962 til 1963 lýsti hún því að starfstúlkum hafi verið settar ákveðnar reglur um hvenær mætti skipta á börnum og gefa þeim að borða og þeim hefði verið sagt að vera helst ekki með börnin mikið í fanginu. Þá hafi börnin sem höfðu náð ákveðnum aldri verið sett á kopp á sama tíma.

Aðspurð um hver hafi veitt þessar leiðbeiningar kvaðst [F] ekki muna hvort þær hefðu staðið á vegg eða hvort Auður Jónsdóttir, forstöðukona vöggustofunnar hafi veitt þær munnlega, en starfsstúlkunum hafi þótt þetta „mjög óþægilegt“. [F] lýsti því jafnframt að ef hún eða starfsmenn hefðu tengst ákveðnum börnum og viljað hlúa að þeim og knúsa þau hefði það verið bannað. Hafi þá sú ástæða verið gefin að það yrði erfiðara fyrir börnin að fara aftur til foreldrana ef þau fengu hlýju starfsstúlkna. Ef starfstúlkur hefðu tekið börnin upp og sinnt þeim frekar hefði forstöðukonan veitt þeim tiltal. [F] kvað starfsstúlkurnar almennt hafa verið mjög ungar.

[F] starfaði á þessum tíma á deild eldri barnanna sem voru aðeins farin að ganga og tjá sig. Að sögn [F] fóru börnin út ef vel viðraði en lítið hafi verið um leiktæki. Aðspurð um hvað börnin hafi fengist við þegar þau voru innanhúss kvað hún starfsstúlkur hafa „staðið yfir þeim og reynt að leika við þau“, hún minntist þess ekki að neitt hafi verið í leikstofu vöggustofunnar sem hægt var að hafa hönd á en eitthvað hafi verið um leikföng þar sem börnin sváfu. Það hafi verið þó frekar lítið.

[F] kvað samskipti sín við Auði Jónsdóttur forstöðukonu hafa verið góð en forstöðukonan hafi lítið komið inn á vöggustofuna og ekki verið þar dagsdaglega til að fylgjast með störfum fólks. Engin önnur hafi beinlínis stýrt starfseminni og starfsfólk hafi fundið sjálft út úr málunum sín á milli. Matmálstíma kvað [F] hafa farið fram með þeim hætti að engin börnin hafi setið við borð, heldur hafi þau flest öll verið mötuð í fanginu á starfsstúlkum. Hún minntist þess ekki að hafa fundist neitt athugavert við matinn sjálfan. Starfsstúlkurnar hefðu hins vegar klæðst hvítum sloppum í vinnunni. Um ástæður vistunar barna kvað [F] algengast að börn hafi verið vistuð vegna veikinda foreldra og þá helst móður.

[F] lýsti því að heimsóknir á Hlíðarenda á þessum tíma hefðu verið mjög sjaldgæfar, en heimsóknartímar hafi verið takmarkaðir. Þegar foreldrar komu í heimsókn hafi þeir einungis fengið að sjá börnin í gegnum gler og þau hafi yfirleitt verið sýnd í rúmi. Minntist [F] þess að fyrirkomulagið hefði verið með áþekku sniði og á sjúkrahúsum á þessum tíma, en barn hennar hafi dvalið um svipað leyti á sjúkrahúsi og henni hafi verið meinað að sjá það öðruvísi en í gegnum gler.

Að sögn [F] ræddu samnemendur í Fóstruskóla Sumargjafar starfsemi vöggustofunnar sín á milli og hversu gríðarlega ólík hún væri starfsemi leikskólanna, þar sem á vöggustofunni hafi „allt hefði verið svo lokað og eins og fangelsi“. [F] minntist þess jafnframt að forstöðukona vöggustofunnar hefði boðið henni vist fyrir ófætt barn sitt á vöggustofunni og fast starf þar meðfram dvöl barnsins, en [F] hefði á þessum tíma verið einstæð og í húsnæðisvandráðum. [F] kvaðst hins vegar hafa afþakkað það boð og ekki getað hugsað sér að hafa barnið þarna, þrátt fyrir vandræði sín. Þá bætti [F] við að mikil vanlíðan hefði fylgt því að horfa upp á að vöggustofubörnin gætu ekki verið eins og venjuleg börn og þess vegna hefði hún ekki látið barnið sitt þangað.

Í viðtali við nefndina 23. febrúar 2023 greindi [G] frá því að hún hefði hafið störf á Hlíðarenda vorið 1963 en sama sumar hefði starfsemin verið flutt yfir á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í næsta húsi. [G] lýsir miklum mun á þessum stöðum. Það hafi „verið þröngt, dimmt og hræðilegt að koma að Hlíðarenda, pissulykt af börnunum, vond lykt almennt.“ Í húsinu hafi verið þröngur stigi niður en börnin hafi verið á efri hæðinni. Börnin hafi verið í venjulegum stofum, rúmum hafi verið raðað í röð og leikpláss líklega í sömu stofunni en hún myndi það þó ekki alveg. Fyrsta verk á morgunvakt hafi verið að klæða börnin, þrifa þau og gefa morgunmat. Börnin hafi ekki verið í sínum fötum, heldur hafi þau verið í samfestingum hneppum á öxlunum þannig að þau gátu ekki losað sjálf.

[H] var með dóttur sína á Hlíðarenda frá janúar til september 1958, þar sem hún var að ljúka námi og stunda vinnu og hafði ekki aðstöðu til að vera með barn hjá sér. Í viðtali við nefndina 13. apríl 2023 kvaðst [H] ekki hafa neitt slæmt um vöggustofuna að segja „fyrir utan að hún hafi ekki fengið að snerta barnið sitt.“ Það hafi verið sérlega erfitt að horfa á dóttur sína í gegnum rúðu og ekki fengið að taka hana upp og hugga þegar hún grét. Í eitt skiptið hefði [H] orðið svo mikið um þetta að hún hefði hlaupið grátandi út af vöggustofunni og sagst ekki geta

Þetta lengur. Vinnuáðstæður hennar hafi hins vegar verið erfiðar á þessum tíma, auk þess sem hún hafði þá ekki í nein hús að venda.

[H] kvaðst aldrei hafa fengið upplýsingar um hvers vegna fyrirkomulagi heimsókna hefði verið háttáð með þessum hætti heldur einungis verið tilkynnt að þetta væru reglur. Kvaðst [H] gera ráð fyrir að þáverandi forstöðukona vöggustofunnar hafi innleitt þetta að danskri fyrirmynd þannig að börnum yrði haldið „sterílum“. Allt hafi verið hreint á vöggustofunni, einnig börnin, „en allt annað hafi vantað.“

[H] kvað hafa verið erfitt að fá vist á vöggustofunni á þessum tíma en góð vinkona hennar hafi þekkt til forstöðukonu Hlíðarenda og aðstoðað hana við að fá pláss. [H] kvaðst hafa fengið mjög litlar upplýsingar um dóttur sína á þessum tíma og aldrei átt nein samskipti við starfsfólk. Heimsóknir hafi farið þannig fram að foreldrar gengu beint inn og sáu börnin sín aðeins í gegnum glerið. Einu sinni hafi hún þó fengið sérstakt leyfi forstöðukonunnar til að hægt væri að taka mynd af henni með dóttur sína og það hafi verið eina skiptið sem hún hélt á dóttur sinni á 8 mánaða tímabili.

[H] kvað vistina á vöggustofunni bæði hafa haft áhrif á dóttur sína og tengsl þeirra mæðgna, enda hefði hún átt erfiðara með að tengjast henni en systkinum hennar. Það hefði verið áberandi að dóttir hennar svaf og borðaði á ákveðnum tímum eftir að hún kom af vöggustofunni. Hún kvaðst hafa tekið vist dóttur sinnar á vöggustofunni svo nærri sér að hún hefði ekki rætt málið fyrir en á sjötugsaldri.

Auður Jónsdóttir forstöðukona greindi frá því í viðtali við nefndina 23. ágúst 2023 að þegar hún var ráðin á Hlíðarenda hefði hún starfað sem hjúkrunarfræðingur á barnadeild Landspítalans þar sem hún hafði unnið með bæði Kristbirni Tryggvasyni og Birni Júlíussyni, læknum vöggustofunnar. Auður lýsti því fyrir nefndinni að hún hefði tekið við góðu búi af fyrrverandi forstöðukonu, sem hefði verið góð við börnin, og hún hefði ekki talið sig þurfa að breyta miklu. Húsnæðið á Hlíðarenda hefði hins vegar verið þröngt og óhentugt fyrir starfsemi vöggustofunnar og engin aðstaða hafi verið fyrir foreldra sem komu að hitta börn sín. Foreldrar hafi séð börnin í gegnum gler, en sami háttur hafi verið hafður á barnadeild Landspítalans þar sem hún starfaði áður. Auður sagðist ekki hafa gert athugasemdir við glerið þar sem það hafi auðveldað starfsfólki að fylgjast með börnunum. Aðspurð um hátíðir sagði Auður að ekki hefði haldið upp á afmæli barnanna og ekki hefði verið hægt að vera með jólatré. Sagði hún það hafa verið vegna eldhættu.

Auður kvað starfstúlkurnar flestar hafa verið mjög ungar og að það hafi verið nauðsynlegt að kenna þeim til verka. Ekki hafi þó verið erfitt að fá fólk til starfa. Þá hafi starfstúlkur almennt staðið sig vel í að sinna börnunum. Mikið annríki hafi verið á vöggustofunum og hún hafi sjálf sinnt þar ýmsum störfum, m.a. að blanda mjólk í pela fyrir börnin og undirbúa mat.

Auður greindi frá því að í starfi sínu sem forstöðukona Hlíðarenda og síðar Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1963-67 hefði hún átt mikil samskipti við Jónas B. Jónasson



fræðslustjóra, þar sem vöggustofan hefði innheimt gjald fyrir dvölinu sem síðan hefði verið skilað á skrifstofu fræðslustjóra. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefði greitt gjaldið fyrir þau börn þar sem foreldrar eða aðrir forráðamenn höfðu ekki efni á því. Almennt séð hefði rekstur vöggustofunnar verið frekar einfaldur.

Auður kvaðst á sínum tíma hafa átt í miklum samskiptum við barnaverndarnefnd um þau börn sem vistuð voru á vöggustofunni, þá einkum Þorkel Kristjánsson, framkvæmdastjóra nefndarinnar og Sigrúnu Schneider, starfsmann nefndarinnar. Hefðu þau þá jafnan veitt henni upplýsingar um ástæður þess að barn kom á vöggustofuna. Þær hefðu verið með ýmsum hætti og meðal annars lotið að óreglu og veikindum foreldra, en einnig hefði verið mikil fátækt á þessum tíma.

### 3.3.4 Fjöldi vistbarna, aldur, lengd og ástæða dvalar

Ekki liggja fyrir í gögnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur nafnalistar yfir öll börn sem vistuð voru á vöggustofunni Hlíðarenda, heldur einungis listi með 100 nöfnum frá öndverðum sjötta áratugnum. Hins vegar hafa varðveist vistunarskjöl með upplýsingum um heiti barns og aldur, foreldra svo og dagsetningu komu og brottfarar. Þau skjöl eru misjöfn að gæðum. Í sumum þeirra er eingöngu færð inn komudagsetning og í nokkrum engar dagsetningar. Í öðrum er aftur á móti að finna ítarlegar upplýsingar um heilsufar barna og eftir atvikum aðstæður á heimilinu.

Eftirfarandi greining byggir einkum á þessum vistunarskjölum þar sem aðrar eru ekki fyrir hendi, ef undan eru skildar fundargerðir og eftirlitsskýrslur barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Í nokkrum tilvikum komu þar fram upplýsingar um vistun sem gáfu aðra mynd af umfangi vistunar en vistunarskjöl.

Samkvæmt þessum heimildum voru 1.083 börn tekin til vistunar á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á öllu tímabilinu 1949-1973. Í fyrstu voru 199 börn án nafns í gögnum vöggustofanna. Eftir nánari eftirgrennslan vöggustofunefndar þar sem meðal annars var litið til nafna foreldra og fæðingardaga barna voru einungis átta börn sem ekki tókst að bera kennsl á og upplýsa að dvalið hefði á vöggustofu út frá sömu gögnum. Þar á meðal var barn sem átti erlenda foreldra og fór aftur til heimalands síns ásamt móður samkvæmt skráningu í vistunarskjali. Ekki er hægt að tímasetja dvalarlengd 63 barna út frá fyrirbyggjandi gögnum þar sem dagsetningu við komu og/eða útskrift var ekki getið.

Af þessum 1.083 börnum voru 475 vistuð á vöggustofunni Hlíðarenda, frá því hún hóf starfsemi í október 1949 þar til að vöggustofa Thorvaldsensfélagsins leysti hana af hólmi í júní 1963. Af þeim voru 203 stúlkur og 272 piltar.

Ljóst er að þessum tölum ber ekki að öllu leyti saman við ársskýrslur barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá sama tímabili, einkum hvað varðar árin 1962 og 1963. Í þeim síðarnefndu var stopult birt tölfræði yfir starfsemi þeirra vistunarstofnana sem reknar voru undir eftirliti



nefndarinnar. Tölfræðin er mjög brotarkennd hvað snertir vöggustofur, stundum er getið heildar innlagna á tilteknu ári og stundum er getið dvalardaga allra barna, þ.e. heildarlengdar vistunar á umræddri vöggustofu. Þá hefur vöggustofunefnd fundið nokkur dæmi um innbyrðis ósamræmi í þeirri tölfræði. Í því sambandi má geta þess að í nokkrum tilvikum árið 1963 ber á gagnrýni í fundargerðum barnaverndarnefndar í garð forstöðukonu Hlíðarenda.<sup>166</sup> Er henni þar legið á hálsi fyrir að ráðstafa börnum inn og út af vöggustofunni án samráðs við nefndina. Þetta hefur án efa skekkt tækifæri barnaverndarnefndar til að hafa yfirsýn yfir starfsemina og þar með áreiðanleika þeirrar tölfræði sem tekin var saman.


Vöggustofunefnd telur vistunarskjölin áreiðanlegri heimildir. Í fyrsta lagi veita þau sérgreindar upplýsingar um hvert barn. Í öðru lagi má nefna að í öllum þeim gögnum sem nefndin hefur skoðað um vistanir barna á Hlíðarenda, m.a. frá barnaverndarnefnd og Heilsuverndarstöðinni, þá hefur hún einungis fundið þrjú nöfn sem ekki eru skráð í vistunarskjölum vöggustofu. Þessi þrjú börn dvöldu þar öll mjög skamman tíma sem gæti bent til að þetta misræmi sé að einhverju leyti komið til vegna þess að fleiri börn hafi dvalið þar skamma hríð og ekki verið skráð í vistunarskjali. Af þeim tugum einstaklinga sem hafa haft samband við nefndina og greint henni frá vist af vöggustofu er enn fremur aðeins einn einstaklingur sem ekki finnst vistunarskjal um.

---

<sup>166</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Askja 238. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 3. janúar 1962 til 15. desember 1963, bls. 112.

Á mynd 3 sést samanburður á dvalardögum samkvæmt vistunarskjölum og ætlaðri heildargetu vöggustofunnar. Þegar Hlíðarendi tók til starfa 1949 var þess getið í fjölmiðlum að þar væri rými til að taka á móti 23 börnum allt að 18 mánaða gömlum. Í ársskýrslum barnaverndarnefndar er hins vegar miðað við 22 börn og þannig fæst út að hámarksgeta stofunnar á ári væru  $22 \times 365$  dagar eða 8.030 (8.052 á hlaupári). Þannig sést að á a.m.k. fjórum árum hafi fleiri en 22 börn verið inni hverju sinni þar sem heildarfjöldi dvalardaga fer yfir áðurnefnt hámark.

Mynd 3: Fjöldi dvalardaga á Hlíðarenda 1949-1963



Vistunarskjöl veita upplýsingar um aldur 467 barna þegar þau voru fyrst vistuð á vöggustofuna (sjá töflu 8). Meðalaldur hvers barns við upphaf vistunar var 141,7 dagar, eða tæplega fimm mánaða. Langflest þeirra komu á fyrsta aldursári, eða 91,3% en 8,2% á öðru ári. Tvö börn voru á þriðja ári (0,4%).

**Tafla 8 Hlíðarendi: Meðalaldur barna í dögum við vistun eftir komuári**

Komuár	Fjöldi	Meðalaldur (sf)	Yngst	Elst (ár)
1949	16	186,7 (139,8)	1	409 (1,1)
1950	35	133,6 (153,4)	0	791 (2,2)
1951	24	135,7 (129,7)	1	484 (1,3)
1952	37	158,5 (171,8)	6	671 (1,8)
1953	32	129,8 (141,5)	7	581 (1,6)
1954	35	149,2 (128,3)	7	552 (1,5)
1955	25	139,0 (131,7)	8	435 (1,2)
1956	41	125,6 (137,5)	6	658 (1,8)
1957	27	91,7 (88,6)	6	325 (0,9)
1958	43	129,7 (113,0)	6	450 (1,2)
1959	38	114,9 (117,9)	6	487 (1,3)
1960	45	129,2 (113,5)	7	401 (1,1)
1961	32	210,3 (129,6)	8	534 (1,5)
1962	22	133,0 (119,3)	7	508 (1,4)
1963	15	234,7 (257,3)	12	1091 (2,9)
Alls	467*	141,7 (138,3)	0	1091 (2,9)

\*Upplýsingar um aldur vantaði fyrir 8 börn; sf= staðalfrávik

Hvert barn dvaldi þar að meðaltali í 224,2 daga eða sjö og hálfan mánuð. Í töflu 9 sést hvernig meðallengd vistunar er hæst 310,4 dagar í tilviki þeirra barna sem komu árið 1949 en lægst 166,2 dagar árið 1961. Eins og sést eru staðalfrávikin í öllum tilfellum mjög stór enda dreifingin á dvalarlengd mjög mikil innan hópsins. Stysta dvöl barns á þessu tímabili er 2 dagar en það barn sem dvaldist lengst á Hlíðarenda var þar í 1689 daga, eða rúmlega fjögur og hálf ári.

**Tafla 9: Hlíðarendi: Meðallengd vistunar í dögum eftir komuári**

Komuár	Fjöldi	Meðallengd (sf)	Stysta vistun	Lengsta vistun (ár)
1949	16	310,4 (241,1)	13	789 (2,2)
1950	34	278,6 (304,6)	10	1535 (4,2)
1951	23	268,0 (177,3)	14	600 (1,6)
1952	36	173,9 (176,0)	4	734 (2,0)
1953	29	197,3 (244,9)	7	1116 (3,1)
1954	30	249,4 (259,4)	8	881 (2,4)
1955	20	284,7 (215,6)	30	946 (2,6)
1956	40	205,5 (169,2)	7	701 (1,9)
1957	19	266,2 (176,4)	11	542 (1,5)
1958	43	196,5 (158,4)	14	536 (1,5)
1959	36	229,5 (247,9)	4	1150 (3,2)
1960	45	180,5 (267,7)	5	1689 (4,6)
1961	31	166,2 (202,6)	4	766 (2,1)
1962	21	295,5 (280,4)	2	936 (2,6)
1963	15	197,0 (181,3)	3	682 (1,9)
Alls	438*	224,2 (226,3)	2	1689 (4,6)

\*Upplýsingar um dvalarlengd vantaði fyrir 37 börn; sf= staðalfrávik

ATH. Lengsta dvöl á við um það barn sem dvaldi lengst af þeim börnum sem komu inn sama ár.

Ef barn var vistað oft en einu sinni var reiknuð samanlögð dvalarlengd.

Af þeim 438 börnum þar sem lengd vistunartíma liggur fyrir dvöldu 188 börn eða 39,6% lengur en sex mánuði, 92 eða 19,4% þrjá til sex mánuði og 158 eða 33,3% styttra en þrjá mánuði. Hins vegar vantaði upplýsingar um dvalarlengd 37 barna á Hlíðarenda eða 7,8% (sjá töflur 9 og 10).

**Tafla 10: Lengd vistunar á Hlíðarenda 1949-1963**

Lengd vistunar	Fjöldi (%)
< 1 mánuð	53 (11,2%)
1-3 mánuðir	105 (22,1%)
3-6 mánuðir	92 (19,4%)
>6 mánuðir	188 (39,6%)
Ekki skráð	37 (7,8%)
Alls	475 (100%)

Nefndin fann í vistunarskjöllum upplýsingar um ástæður vistunar hjá 65,2% þeirra barna sem dvöldu á vöggustofum Hlíðarenda og Thorvaldsensfélagsins, þar af 52,2% í tilvikum fyrrnefndrar stofu. Þær var einkum að finna í áðurnefndum vistunarskjöllum þar sem í mörgum tilvikum er stuttlega greint frá forsendum þess að viðkomandi barn hafi verið flutt á stofu. Einnig voru upplýsingar um ástæður vistunar í fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarráðs Íslands sem og eftirlitsskýrslum barnaverndarnefndar.

Nefndin notaði eftirfarandi flokkun við greiningu gagnanna: 1) andlát aðstandenda, 2) áfengis- og vímuefnavandi foreldris/foreldra, 3) geðræn vandamál foreldris/foreldra, 4) líkamleg veikindi/sjúkrahúsvist foreldris, 5) meðganga/fæðing annars barns 6) húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt 7) ótilgreindar félagslegar ástæður eða aðrar en í 6), 8) þroskahömlun foreldris, 9) fötlun barns, 10) veikindi barns, 11) fyrirburi og 12) foreldri starfar á vöggustofu.

Sú flokkun sem hér er lögð fram hefur að leiðarljósi að varpa eins skýrri mynd og unnt er af ástæðum þess að börn voru vistuð á vöggustofunni. Mikilvægt er að hafa í huga að skráningu var á ýmsan hátt ábótavant eins og m.a. kemur fram í fjölda þeirra tilvika þar sem engar upplýsingar eru skráðar um ástæður vistunar. Í ýmsum tilvikum liggur fyrir með nokkuð skýrum hætti af gögnum sem fundist hafa hver sé ástæða vistunar, t.d. hvort andlát eða veikindi hafi borið að í fjölskyldunni, óregla hafi verið á heimili vegna áfengis- og/eða vímuefnaneyslu foreldra eða hvort barnið sjálft hafi átt við vanheilsu eða fötlun að stríða. Rétt er þó að hafa í huga að ósjaldan eru tilgreindar fleiri en ein ástæða fyrir því að barn var vistað á vöggustofu. Í þeim tilvikum hefur nefndin lagt á það mat út frá fyrirliggjandi gögnum hver sé þá meginástæða vistunarinnar og hagað flokkun eftir því.

Niðurstöður greiningar á ástæðum vistana má sjá í töflu 11, annars vegar miðað við öll börnin og hins vegar þau sem dvöldu þar lengst (þ.e. lengur en 180 daga). Algengasta ástæða

vistunar var „aðrar ótilgreindar félagslegar ástæður“ en sú ástæða tekur til rúmlega 23% allra þeirra barna sem vistuð voru á Hlíðarenda og 26,1% barna sem voru vistuð þar lengur en í 6 mánuði. Nokkuð fjölbreytilegar aðstæður falla undir flokkinn „aðrar ótilgreindar félagslegar ástæður“, s.s. ungur aldur móður, móðir óskar eftir að barn fari í fóstur, erfiðar heimilisaðstæður og afskipti barnverndarnefndar.

Líkamleg veikindi, sjúkrahúsinnlögn foreldra er ástæða vistunar í tæplega 10% tilvika allra barna sem vistuð voru á Hlíðarenda og í 9% þeirra sem vistuð voru í 6 mánuði eða lengur. Húsnæðis, dagvistunarvandi og fátækt er ástæða vistunar í 9% tilvika hjá börnum sem vistuð voru í 6 mánuði eða lengur.

Nefndin getur ekki fullyrt með vissu út frá fyrirliggjandi gögnum um nákvæmar ástæður vistunar hvers barns og fleiri en ein ástæða getur verið tilgreind í hverju tilviki. Þá er vakin athygli á að ekki liggja fyrir upplýsingar um ástæðu vistunar hjá tæplega 50% þeirra barna sem vistuð voru á Hlíðarenda. Þá skortir upplýsingar um ástæðu vistunar hjá tæplega 40% barna sem dvöldu á Hlíðarenda lengur en í 6 mánuði.

**Tafla 11: Ástæða vistunar barna á Hlíðarenda 1949-1963**

Skráð ástæða vistunar	Öll börn	Börn vistuð >180 daga
	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)
Andlát foreldris	4 (0,8%)	3 (1,6%)
Áfengis og vímuefnavandi foreldris/foreldra	8 (1,7%)	4 (2,1%)
Geðræn veikindi foreldris/foreldra	9 (1,9%)	6 (3,2%)
Líkamleg veikindi, sjúkrahúsinnlögn foreldra	45 (9,5%)	17 (9,0%)
Meðganga/fæðing annars barns	4 (0,8%)	0 (0,0%)
Húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt	31 (6,5%)	17 (9,0%)
Aðrar eða ótilgreindar félagslegar ástæður	111 (23,4%)	49 (26,1%)
Proskahömlun foreldris	5 (1,1%)	3 (1,6%)
Fötlun barns	6 (1,3%)	5 (2,7%)
Veikindi barns	19 (4,0%)	9 (4,8%)
Barnið er fyrirburi	4 (0,8%)	2 (1,1%)
Foreldri starfar á vöggustofu	2 (0,4%)	0 (0,0%)
Engar upplýsingar skráðar um ástæðu vistunar	227 (47,8%)	73 (38,8%)
Alls	475 (100%)	188 (100%)

Samkvæmt þeim gögnum sem nefndin hefur athugað létust alls þrjú börn sem vistuð voru á Hlíðarenda á þeim tíma sem vöggustofan starfaði með sólarhringsvistun. Í maí 1950 lést níu mánaða drengur og er aðstæðum lýst þannig í gögnum að barnið hafi fundist látið með sæng yfir höfði og að lífgunartilraunir hafi verið án árangurs. Þá er greint frá því í gögnum

vöggustofunnar að níu mánaða stúlka hafi látist í desember 1957 eftir að hafa verið flutt veik á Landspítalann. Loks segir í gögnum vöggustofunnar að tæplega hálfis árs drengur hafi látist á vöggustofunni í maí 1962. Dánarorsök er ekki skráð en dánarstund tilgreind.

### 3.3.5 Menntun og reynsla forstöðukvenna

Af þeim gögnum sem nefndin hefur aflað verður ráðið að Ólöf Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur hafi verið forstöðukona Vöggustofunnar Hlíðarenda frá upphafi rekstrarins allt þar til hún lét af störfum í lok árs 1960. Leysti Auður Jónsdóttir þá hana af hólmi í starfi forstöðukonu. Ólöf var fædd 29. desember 1898 en lést 7. mars 1985. Hún mun hafa aflað sér hjúkrunarfræðimenntunar í Danmörku en einnig hafa lokið sérnámi í barnahjúkrun á Dronning Louise-barnaspítalanum í Kaupmannahöfn.<sup>167</sup> Í gögnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur kemur fram að Ólöf hafi farið í ferð til Norðurlanda í maí 1954 meðal annars í þeim tilgangi að kynnst rekstri og fyrirkomulagi barnaheimila. Er jafnframt greint frá að formaður nefndarinnar hafi hlutast til um að Ólöf fengi nauðsynlegan gjaldeyri til ferðarinnar.<sup>168</sup>

Þegar Ólöf hætti störfum á vöggustofunni síðla árs 1960 var starf hennar auglýst laust til umsóknar en af fundargerðum barnaverndarnefndar verður ráðið að aðeins ein umsókn hafi borist.<sup>169</sup> Sá umsækjandi var þó ekki ráðinn. Gögn sem fundist hafa í Borgarskjalasafni bera með sér að starf forstöðukonu hafi síðan verið auglýst að nýju. Í minnisblaði fulltrúa barnaverndarnefndar til borgarstjóra, dags. 3. mars 1961, kemur fram að tvær umsóknir hafi borist, annars vegar frá Kristínu Jakobsdóttur fósturu og hins vegar frá Auði Jónsdóttur hjúkrunarkonu. Í minnisblaðinu kemur fram að fulltrúinn hafi rætt umsóknirnar við formann barnaverndarnefndar og Kristbjörn Tryggvason, lækni vöggustofunnar, og þeir orðið sammála um að mæla með því að Auður yrði ráðin til starfans.<sup>170</sup> Var Auður í kjölfarið ráðin forstöðukona vöggustofunnar.

Auður er fædd 14. febrúar 1936 og hjúkrunarfræðingur að mennt en hún tók síðan við starfi forstöðukonu á Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins þegar sú vöggustofa tók til starfa 20. júní 1963 og gegndi þeirri stöðu allt til apríl 1967. Ekki verður ráðið af þeim gögnum sem vöggustofunefnd hefur aflað hvort Auður hafi aflað sér formlegrar menntunar um meðferð og umönnun ungbarna áður en hún tók við starfi forstöðukonu Hlíðarenda en ljóst er að hún hafði áður starfað á barnadeild Landspítalans. Í auglýsingu um starf forstöðukonu sem birt var í *Vísi* 1. nóvember 1960 var ekki gerð krafa um sérstaka menntun. Í þeim gögnum sem

---

<sup>167</sup> Morgunblaðið 17. mars 1985, bls. 57.

<sup>168</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Vöggustofan Hlíðarenda. Askja 148. Bréf formanns barnaverndarnefndar, dags. 20. apríl 1954.

<sup>169</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðir 5. mars 1958 til 20. desember 1961, bls. 216

<sup>170</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Vöggustofan Hlíðarenda. Minnisblað fulltrúa barnaverndarnefndar, dags. 3. mars 1961.



Barnaverndarráð afluði við athugun á því hvort gagnrýni Sigurjóns Björnssonar á starfshætti vöggustofunnar sem fram kom árið 1967 hafi átt við rök að styðjast kemur þó fram að Auður hafi haft starfsreynslu af umönnun barna og að hún hafi starfað áður á barnadeild Landspítalans. Þá hafi hún heimsótt barnaheimili í Danmörku og Svíþjóð og kynnt sér aðstæður þar.

## 4. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins (1963-1973)

### 4.1 Undirbúningur og aðdragandi

Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins leysti Hlíðarenda af hólmi þegar félagið afhenti borginni nýja byggingu til rekstrarins árið 1963 að Dyngjuvegi við Sunnutorg. Barnaupveldissjóður Thorvaldsensfélagsins stóð straum af byggingarkostnaði og hafði söfnun á hans vegum í þessum tilgangi þá staðið yfir í meira en hálfa öld. Í frétt *Morgunblaðsins* frá 28. febrúar 1961 er tildrögum söfnunarinnar lýst á þann veg að þegar sjóðurinn hafi var stofnaður hafi svifið fyrir hugskotssjónum félagskvenna „mynd af fullkomnu barnaheimili“. Í framhaldinu segir í fréttinni að verkið muni hefjast næsta haust og 600 fm bygging muni rísa við Sunnutorg. Þar verði „fullkomin vöggustofa fyrir 32 börn innan við 18 mánaða aldur og íbúðir fyrir starfsfólk“ og að „óskadraumur“ félagskvenna sé sem sagt að rætast.<sup>171</sup>

Þrátt fyrir að Thorvaldsensfélagið hafi lengi safnað fjármunum má segja að fyrst hafi komist rekspökur á byggingu nýrrar vöggustofu á 6. áratug síðustu aldar. Árið 1954 úthlutaði borgarstjóri félaginu lóð að Hlíðarenda við Sunnutorg, eða á lóðinni við hliðina á Vöggustofunni Hlíðarenda. Fékk félagið Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt til að teikna nýja byggingu sem gert var ráð fyrir að gæti hýst 22-30 ungbörn allt frá fæðingu til tveggja ára aldurs.<sup>172</sup> Framkvæmdir hófust síðan 2. september 1960 í samráði við borgarstjóra.

Eins og rakið er kafla 3.2.2. var það skoðun forstöðukonu og læknis Vöggustofunnar Hlíðarenda strax á fyrstu starfsárunum að hún annaði ekki eftirspurninni eftir þjónustu hennar. Samtímaheimildir bera þess einnig vitni að veruleg þörf hafi verið talin á fleiri rýmum fyrir börn á þessum tíma. Í viðtali við Þorbjörgu Árnadóttur, hjúkrunarkonu barnaverndarnefndar Reykjavíkur, árið 1955, kemur fram að raunveruleg vöntun hafi þótt vera á heimilum fyrir börn frá eins til tveggja ára aldurs en fyrirhuguð viðbygging við Vöggustofuna Hlíðarenda hafi verið hugsuð fyrir börn á þeim aldri.<sup>173</sup> Í bréfi formanns barnaverndarnefndar Reykjavíkur til Innflutningsskrifstofunnar, dags. 5. september 1956, er vikið að áformum Thorvaldsensfélagsins um byggingu vöggustofu og eindregið mælt til þess að félaginu verði veitt leyfi til fjárfestingar.<sup>174</sup> Er þá vísað til þess að þörfin fyrir fleiri

<sup>171</sup> *Morgunblaðið*, 28. febrúar 1961, bls. 13.

<sup>172</sup> *Vísir* 8. janúar 1955, bls. 1.

<sup>173</sup> *Hjúkrunarkvænablaðið*, 3. tbl. 1955, bls. 7.

<sup>174</sup> Samkvæmt þágildandi lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o.fl. voru allar framkvæmdir sem voru stærri en 520 rúmmetra íbúð háðar leyfi innflutningsskrifstofunnar, sbr. 8. gr. laganna.

barnaheimili í Reykjavík sé orðin mjög brýn og því fari fjarri að unnt sé að greiða fyrir öllum umsóknnum sem berast um vist fyrir börn á heimilum bæjarins.<sup>175</sup>

Þegar Thorvaldsensfélagið afhenti Reykjavíkurborg vöggustofuna til rekstrar 20. júní 1963 var það gert með þeim skilmálum að félagið hefði sjálft umráð yfir 5 plássum og að aldur barnanna yrði á bilinu 0 til 18 mánaða og að haft yrði samráð við félagið um meiri háttar breytingar á starfrækslu vöggustofunnar.<sup>176</sup>

Með tilkomu hinnar nýju vöggustofu var þannig rýmum fjölgað í 30 eða um 8 frá því sem var á Hlíðarenda. Vöggustofunni var skipt í þrjár deildir eftir aldri barnanna. Á þeirri fyrstu voru börn undir sex mánaða aldri, á þeirri annarri börn milli 6-12 mánaða en börn milli eins til tveggja ára á þeirri þriðju. Á hverri deild voru 10 börn og var þar sérstök svefn- og leikstofa fyrir hvern aldursflokk.

Við vöggustofuna var jafnframt sérstakt starfsmannahús þar sem íbúðir voru fyrir forstöðukonu og matráðskonu, ásamt nokkrum herbergjum fyrir annað starfsfólk. Þá var þar einnig skrifstofa og biðstofa. Á fyrsta heila starfsári vöggustofunnar voru 12 starfsmenn í einu, auk forstöðukonu, ásamt matráðskonu og þvottaráðskonu. Auður Jónsdóttir, sem nokkrum árum áður hafði tekið við starfi forstöðukonu Hlíðarenda, var forstöðukona nýju vöggustofunnar frá upphafi.<sup>177</sup>

Árið 1967 hófst undirbúningur að byggingu nýrrar álmu við Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Viðbótarálman átti að rúma 14 börn og var einkum ætluð þeim börnum sem orðin voru of gömul til að dvelja á þeim hluta vöggustofunnar sem þá var í rekstri.<sup>178</sup>

## 4.2 Lagalegur grundvöllur fyrir starfsemi vöggustofunnar

Lög nr. 29/1947 voru enn í gildi þegar Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins tók til starfa árið 1963. Var því ekki á þessum tíma kveðið beinlínis á um skyldu sveitarfélags til að setja á stofn og reka vistheimili fyrir börn sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður. Samt má draga þá ályktun af lögnum að sveitarfélögum hafi að minnsta kosti borið að hafa tiltæk úrræði fyrir þau börn og ungmenni sem vista varð utan heimilis vegna erfiðra heimilisaðstæðna, vanrækslu eða ofbeldis, sbr. kafla 2.5 og 3.2.<sup>179</sup> Þá var í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947

<sup>175</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 148. Trúnaðarmál. Barnaheimili. Vöggustofan Hlíðarenda.

<sup>176</sup> Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 148. Trúnaðarmál. Barnaheimili. Vöggustofan Hlíðarenda.

<sup>177</sup> [Alþýðublaðið 21. júní 1962, bls. 5.](#)

<sup>178</sup> Ársskýrsla Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1967, bls. 12.

<sup>179</sup> Á hinn bóginn var í megindráttum gert ráð fyrir að ríkið annaðist málefni barna sem þyrfti að hafa afskipti af vegna eigin hegðunar (barn sem gerandi). Um þennan greinarmun er fjallað nánar í 1. kafla II. hluta fyrstu áfangaskýrslu vistheimilisnefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, sem kom út árið 2008.

sérstaklega mælt fyrir um heimild menntamálaráðherra til að veita leyfi til rekstrar vistheimilis eða annarrar slíkrar uppeldisstofnunar að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Engin gögn hafa fundist um að veitt hafi verið sérstakt leyfi fyrir starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, hvorki til handa barnaverndarnefnd Reykjavíkur né Reykjavík sem sveitarfélagi. Það er hins vegar mat nefndarinnar að þau gögn sem hún hefur aflað varpi nægilega skýru ljósi á það hvers vegna var stofnað til rekstrar vöggustofunnar og þann lagagrundvöll sem starfsemin byggðist á. Miðað við þau gögn telur nefndin að Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins hafi haft það hlutverk í merkingu laga nr. 29/1947 að vera stofnun þar sem vistuð skyldu börn sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður, einkum vegna háttsemi, veikinda og vanrækslu foreldra.

## 4.3 Upplýsingar um starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins

### 4.3.1 Skriflegar heimildir

Samkvæmt fréttáflutningi í tengslum við opnun Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hófst starfsemi hennar að Reykjavíkurborg var afhent vöggustofan 19. júní 1963. Í *Alþýðublaðinu* 21. júní 1963 er rætt við Auði Jónsdóttur, forstöðukonu vöggustofunnar, í tilefni af opnuninni. Er þar haft eftir henni að hægt verði að hafa þar 32 börn. Flest séu „þetta börn frá vandræðaheimilum og eins heimilum þar sem foreldrar eiga við veikindi að stríða“. Í viðtalinu er haft eftir Auði að barnaverndarnefnd sjái oft um að koma börnum fyrir á vöggustofunni, en fólk geti eins „snúið sér beint til forstöðukonunnar og rannsakar hún þá aðstæður heimilanna, og hvort börnin skuli tekin.“<sup>180</sup> Í sömu umfjöllun kemur fram að börn eldri en 18 mánaða séu ekki tekin á vöggustofuna, en börn geti verið þar allt til þriggja ára aldurs. Af vöggustofunni fari börnin síðan á barnaheimilin á Silungapólli og í Reykjahlíð í Mosfellssveit.

Eins og áður er komið fram var gjöf Thorvaldsensfélagsins til Reykjavíkurborgar á húsnæði vöggustofunnar bundin þeim skilmálum að félagið réði sjálft hvernig fimm plássum vöggustofunnar yrði ráðstafað. Ekki verður hins vegar ráðið að heimilt hafi verið samkvæmt þágildandi lögum að fela forstöðukonu vöggustofunnar vald til þess að ákveða hvaða önnur börn skyldu vistuð á vöggustofunni.

Upplýsingar úr fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur á þessum tíma benda hins vegar til þess að nefndin hafi ítrekað gert athugasemdir við að forstöðukonan teldi sig hafa ákvörðunarvald hvaða börn kæmu inn á vöggustofuna og hvaða börn væru útskrifuð þaðan. Í fundargerð nefndarinnar 18. febrúar 1963 kemur til dæmis fram að „af gefnu tilefni

---

<sup>180</sup> *Alþýðublaðið*, 21. júní 1963. bls. 4.

samþykkir nefndin að skrifa forstöðukonunni“ og „vekja athygli hennar á því að henni sé óheimilt að ráðstafa börnum á vöggustofuna og þaðan aftur án samráðs við barnaverndarnefnd.“<sup>181</sup> Á fundi nefndarinnar 2. september 1963 er fært til bókar að upplýst hafi verið að forstöðukonan haldi áfram að ráðstafa börnum á vöggustofuna án samráðs við barnaverndarnefnd.<sup>182</sup> Eldri fundargerðir barnaverndarnefndar benda til þess að annað vinnulag hafi verið viðhaft á Hlíðarenda þegar Ólöf Sigurðardóttir gegndi þar starfi forstöðukonu. Í fundargerð nefndarinnar frá 3. september 1958 kemur til dæmis fram að Ólöf hafi leitað álits nefndarinnar um hvort henni væri heimilt að taka tiltekin börn inn á heimilið sem Rauði krossinn hafði beðið fyrir.<sup>183</sup>

Fleiri fjölmiðlar fjölluðu um vöggustofuna eftir að hún tók til starfa. 14. júlí 1963 birtist í *Morgunblaðinu* umfjöllun um heimsókn blaðamanns og ljósmyndara á vöggustofuna með fyrir sögninni „Hér heyrst ekki hljóð eftir klukkan 7 á kvöldin.“ Þar segir meðal annars svo:

Ágústa fóstura hafði í mörg horn að líta í miðdeildinni (börn á aldrinum 8-12 mánaða) eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Sömu sögu mátti segja um aðrar fóstrur á vöggustofunni. Dagurinn byrjar þar kl. 6 á morgnana þá fá börnin pelann og um 8-leytið eru þau klædd og böðuð. Eftir matinn fá þau sér blund. Um sjöleytið eru þau aftur komin í bólið og eftir það heyrst ekki hljóð, nema þegar ný börn koma. Það tekur um 1-2 sólarhringa að venja þau á reglur heimilisins.“

[...]

Krakkarnir á miðdeildinni eru ekki farin að ganga. Sum skríða um gólfíð en önnur fá að sitja í stólum, eins og sjást á myndinni. Þeir eru á hjólum og börnin rétt tylla tánum í gólfíð. Smátt og smátt komast þau upp á lag með að færa stólana úr stað og ganga í þeim. Enn önnur una sér í leikgrindum, eins og sjást á myndinni.

Krakkarnir í elstu deildinni eru allt upp í tveggja ára. Sum hlaupa um allt en önnur fara fetið og detta í öðru hvoru spori. Þau fá að leika sér að leikföngum af ýmsu tagi og litla stúlkan sem sést á myndinni, sat hreykin á rugguhestinum eins og hún vildi segja: „Sko hvað ég get“.<sup>184</sup>

Rúmlega 10 mánuðum eftir opnun vöggustofunnar er síðan fjallað um starfsemi hennar í *Tímanum*, sbr. frétt 26. apríl 1964 undir fyrir sögninni „Bossar þvegnir og skipt á bleium fyrir nóttina“. Í þeirri frétt er haft eftir Auði Jónsdóttur, forstöðukonu, að á vöggustofuna séu

<sup>181</sup> BSR. Málasafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur – Fundargerðir 3. janúar 1962 til 16. desember 1963, bls. 112.

<sup>182</sup> Sama heimild, bls. 158.

<sup>183</sup> BSR. Málasafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur – Fundargerðir 5. mars 1958 til 20. desember 1961, bls. 29.

<sup>184</sup> [Morgunblaðið 14. júlí 1963, bls. 3.](#)

eingöngu tekin börn af einhleypum mæðrum, eða frá heimilum, þar sem eru veikindi og barnaverndarnefnd álitur að koma þurfi börnum fyrir. Síðan er haft eftir Auði:

Börnin eru höfð hérna nótt og dag, allt til 2ja ára aldurs. Sum hafa verið hér alla sína ævi, ef svo má segja. Það eru þau sem hafa komið hingað beint af fæðingardeild, og einhleypar mæður hafa ekki aðstöðu til þess að annast um. Þegar börnin eru orðin 2ja ára, hvert fara þau? Þau fara á dagheimili. Hérna fyrir neðan er gamla vöggustofan Hlíðarendi, sem rekin er af barnaverndarfélaginu Sumargjöf, og hún tekur við börnunum, ef móðirin hefur þá ekki aðstöðu til þess að sjá um þau. Annars taka margar mæður börnin, þegar þau eru orðin þetta gömul, en þá þurfa þær að fara með þau á dagheimili á morgnana og sækja aftur á kvöldin.

Vöggustofan er orðin alltof lítil, þegar börnin eru hérna svona langan tíma, þá eru takmörk fyrir því sem hægt er að bæta við, og þyrfti að fara að reisa fleiri slíkar stofnanir.<sup>185</sup>

Í fréttinni kemur fram að heimsóknartími sé tvisvar í viku, á fimmtudögum og sunnudögum fyrir foreldra og aðstandendur, en svo sé fyrirspurnum varðandi börnin svarað í síma á morgnana. Ef mæðurnar hafi ekki tíma til þess að koma á föstum viðtalstímum, þá geti þær pantað heimsóknartíma.

Vikið er óbeint að starfsháttum vöggustofunnar í einstaka gögnum í skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Í ódagsettri eftirlitsskýrslu Sigrúnar Schneider, fulltrúa nefndarinnar, er fjallað um ungan dreng sem vistaður var á vöggustofunni Hlíðarenda frá 18. maí til 20. júní 1963 en uppfrá því á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins til 30. mars 1965. Í skýrslunni, sem gerð er eftir að barnið fór af vöggustofunni, kemur fram að drengurinn hafi verið sóttur í braggahúsnæði í Reykjavík tæplega þriggja mánaða gamall eftir að móðir hans var flutt í fangageymslu. Hann hafi verið „sérlega lítið barn, vannært og illa hirt“ og segir svo í skýrslunni:

Ekki tók [...] miklum framförum á vöggustofunni. Hann var alltaf ákaflega lystarlítill, lá dögum saman í deyfð í rúminu, og að sögn læknisins taugaveiklaður og seinþroska. Hann hrökk við þegar hurð skelltist, eða komið var snögglega að honum. Mannafælinn var hann mjög. Loks var gripið til þess ráðs að ákveðin stúlka hugsaði um hann og tók hann þá dálitlum framförum og átti betur með að borða. Að öðru leyti var engin breyting og hann talaði ekki. Þegar ég flutti hann að Skála var hann mjög óttaslegin í bílnum og tók langan tíma að róa hann þegar inn var komið. Með okkur var þó stúlkan sem hafði hugsað um hann.

Fyrstu vikurnar vaknaði hann upp á nóttunni og var órólegur. Einnig tók það mjög langan tíma að svæfa hann á kvöldin og koma honum í ró. Forstöðukonan hafði

---

<sup>185</sup> Sama heimild, bls. 3.

hann því hjá sér og smá saman róaðist hann og öðlaðist öryggi. Hann fékk matarlyst, losnaði við hræðsluna og byrjaði að babla. Eftir árið var hann orðinn nokkurn veginn eðlilegt barn, talaði að vísu óskýrt, en frjálstur og fjörugur. Hann er mjög hændur að fóstur móður sinni og kallar hana mömmu.

Í fundargerðum Barnaverndarnefndar Reykjavíkur kemur fram að nefndin skoðaði Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 17. febrúar 1964 og hélt í kjölfarið fund sinn í húsnæði hennar. Í fundargerðinni sem færð var þennan dag er ekkert fjallað um afstöðu nefndarmanna til starfseminnar.<sup>186</sup>

Á fundi nefndarinnar sem haldinn var 24. febrúar 1964, eða viku eftir heimsóknina, lýsti einn nefndarmanna aftur á móti yfir miklum áhyggjum af velferð barnanna á vöggustofunni.<sup>187</sup> Þannig lét Gyða Sigvaldadóttir fóstura, sem þá hafði setið í nefndinni um tveggja ára skeið, færa sérstaklega til bókar að hún teldi „að börn sem dvelji á vöggustofunni skorti persónulega umönnun þrátt fyrir góðan aðbúnað“. Taldi hún úrbóta þörf í þessu skyni þar sem börnin mótuðust hvað mest á þessum árum. Þá átalði hún það fyrirkomulag að forstöðukonan á Hlíðarenda væri einráð um hvaða börn væru tekin á heimilið.<sup>188</sup>

Í sömu heimild kemur fram að á næsta fundi barnaverndarnefndar 2. mars 1964 hafi formaður nefndarinnar skýrt frá því að hann hafi rætt við lækni vöggustofunnar, Björn Júlíusson. Bornar hefðu verið undir hann þær athugasemdir sem fram komu á fundinum 24. febrúar 1964 en læknirinn hafi sagt „rekstur vöggustofunnar í góðu lagi“. Á sama fundi er haft eftir Gyðu Sigvaldadóttur að hún væri sem fyrr þeirrar skoðunar að „innritun á vöggustofuna ætti að vera í höndum nefndarinnar“. Í framhaldinu er fært til bókar að „ákveðið [sé] að athugun fari fram á aðstæðum þeirra barna sem nú dvelja á Vöggustofunni að Hlíðarenda.“<sup>189</sup>

Af fundargerðum barnaverndarnefndar verður ekki ráðið með skýrum hætti hvort og þá hvernig nefndin hafi tekið aðstæður barna á vöggustofunni til frekari athugunar. Ljóst er þó að nefndin fjallaði áfram um vöggustofuna á næstu fundum. Á fundi nefndarinnar 9. mars 1964 komu fram upplýsingar um að forstöðukona vöggustofunnar myndi framvegis beina umsókn um pláss á vöggustofunni til barnaverndarnefndar. Á þarnæsta fundi, eða 23. mars 1964, mun formaður nefndarinnar hafa greint frá því að Björn Júlíusson, læknir vöggustofunnar, hafi lýst sig fúsan að koma á fund hjá nefndinni og ræða um rekstur

<sup>186</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur – Fundargerðir 6. janúar 1964 til 16. júní 1966, bls. 16.

<sup>187</sup> Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 21. júní 1962 voru eftirtaldir einstaklingar kjörnir í barnaverndarnefnd: Ólafur Jónsson, lögreglustjórafulltrúi, formaður, Guðrún Erlendsdóttir, lögfræðingur, Kristín Sigurðardóttir, Jónína Guðmundsdóttir, Guðný Helgadóttir, Gyða Sigvaldadóttir og Valborg Bentsdóttir. BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur – Fundargerðir 3. janúar 1962 til 16. desember 1963, bls. 39. Í fundargerðunum er jafnan vísað til „Vöggustofunnar að Hlíðarenda“ en augljóst af samhenginu að átt er við vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

<sup>188</sup> Barnaverndarnefnd Reykjavíkur – Fundargerðir 6. janúar 1964 til 16. júní 1966, bls. 18.

<sup>189</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur – Fundargerðir 6. janúar 1963 til 16. júní 1964, bls. 20.



vöggustofunnar að Hlíðarenda.<sup>190</sup> Björn mun síðan hafa komið á fund nefndarinnar 27. apríl 1964, svarað þar fyrirspurnum og rætt um ýmislegt varðandi rekstur barnaheimila borgarinnar. Er þar haft eftir Birni að hann teldi „rekstur vöggustofunnar á Hlíðarenda í góðu lagi“ en hins vegar hefði hann á talið það fyrirkomulag að vista sumardvalarbörn á Silungapölli.<sup>191</sup>

Fundargerðir barnaverndarnefndar bera með sér að skoðanir nefndarmanna hafi verið skiptar um það fyrirkomulag að vista börn á vöggustofu allan sólarhringinn. Á fundi nefndarinnar 23. mars 1964 lét Gyða Sigvaldadóttir bóka að þegar hún hefði sjálf starfað á barnaheimili hefði engum dulist sá mikli munur sem hafi verið á andlegum þroska og lífsgleði barna sem vistuð voru allan sólarhringinn að staðaldri á vöggustofu og þeirra sem einungis dvöldu þar á daginn. Í kjölfarið lýsti Gyða þeirri skoðun sinni að „svona stofnanir ættu ekki að vera til, en ef þær af illri þjóðfélagslegri nauðsyn yrðu að vera til þyrftu þær að vera allra stofnana fullkomnastar og bestar, ekki aðeins frá byggingarlegu sjónarmiði, heldur fyrst og fremst frá uppeldislegu sjónarmiði“. Það sem mest stæði þessum stofnunum fyrir þrifum væri að þar væri starfsfólk sem kæmi og færi. Starfsfólk sem hefði enga uppeldislega þekkingu en gott hjartalag, enn fremur fólk sem væri algerlega áhugalaust um uppeldislega hlið starfsins, en passaði vel börn. Síðan lét Gyða bóka orðrétt:

Báðar þessar hliðar má örugglega bæta með fræðslu, uppörvun og ábyrgri gagnrýni og einlægri og góðri samvinnu við forstöðukonur allra þessara stofnana. Verður að teljast forkastanlegt að barnaverndarnefnd skuli ekki fyrir löngu hafa horfið að þessu ráði, eins og allar nágrannaþjóðir okkar hafa gert og þegar er fengin nokkur reynsla af hérlendis hjá Barnavinafélaginu Sumargjöf.

Í framhaldinu er fært orðrétt eftir Gyðu:

Ég hef oft áður talað um við ykkur um þá miklu hættu sem fylgir því að hafa barn langdvöllum á stofnunum – fyrir barnið, móðurina og þjóðfélagið. Sagði m.a. í mikilli einlægni frá minni eigin reynslu, en ég lét mitt fyrsta barn á sólarhrings vöggustofu. Ég fullyrði að yrði sú dvöl löng væri næsta skrefið vanrækslan. Ég sagði til samanburðar dæmi um unga móður sem lét sitt barn á sömu stofnun og sama tíma. Ég gat leyst úr mínum vandræðum (húsnæðisleysi) á tveim mánuðum og tekið mitt barn, en barn hinnar konunnar mun hafa dvalið á stofnunum í fimm ár. Við þekkjum það sem eitt af okkar stóru brotabörnum. Ég spurði ykkur: Var þessi kona þeim mun lakari kona, var hennar barn þeim mun lakari efniviður? Ég benti líka á það hvað foreldrar væru miklu svipt ef þau slyppu við framfærsluskyldu barns síns og hversu mikilli lausung það byði heim. Þessi málflutningur minn fékk lítinn hljómgrunn. Ég flutti líka fyrr mín varnaðarorð varðandi þann innritunarhátt sem hafður var á vöggustofunni að Hlíðarenda. Benti jafnframt á að afleiðing þess háttar er, að börnin

<sup>190</sup> Sama heimild, bls. 29.

<sup>191</sup> Sama heimild, bls. 41.

fara af stofnuninni án undangenginnar rannsóknar barnaverndarnefndar. Vitnaði í því sambandi máli mínu til stuðnings til orða Guðmundar Vignis Jónssonar. Á fundi sem haldinn var 24. febrúar 1964 upphóf ég enn mín varnaðarorð. Hvatti til samstöðu okkar á milli varðandi vistheimilismálin. Hvatti til ábyrgar gagnrýni og til þess að leggja á brattann varðandi holla uppeldishætti allra þessara stofnana, sem við berum ábyrgð á og erum málsvarar fyrir. Þeir atburðir hafa nú gerst að ég hef sætt miklu aðkasti vegna þessara hóflegu ummæla minna, sem ég er reiðubúin að standa við, hvar og hvenær sem er, séu þau ekki slitin úr sambandi eða rangtúlkuð.

Ekki verður ráðið að málefni vöggustofunnar hafi komið til sérstakrar umfjöllunar í barnaverndarnefnd Reykjavíkur næstu árin. Ef frá eru talin vistunarskjöl um börn sem dvöldu á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins er fremur lítið um skriflegar heimildir um hvernig aðstæðum á vöggustofunni var háttað á þessum árum.

Pó kom fyrir að fjallað væri um vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í skrifum dagblaða. Í grein í *Tímanum* 26. apríl 1964 sem fjallað er um hér á undan er haft eftir Auði Jónsdóttur að vöggustofan geti tekið á móti 32 börnum og hún sé alltaf fullskipuð. Í greininni segir síðan að öll börn eigi að vera sofnuð kl. 7 og að eftir endilöngu húsinu liggi langur gangur. Á honum séu 3 stórir gluggar og í gegnum þá sé hægt að fylgjast með börnunum. Síðan segir:

Hér eru þau elstu, segir Auður, þau eru öll háttuð en ekki komin ró á þau öll, sum eru að hjala saman, einn herramaðurinn þrífur lakið úr rúminu sínu og hendir því út á gólf og sum eru að búa sig undir svefninn. Í næstu stofu eru þau töluvert yngri, eða um það bil einu ári. Reynt að hafa börn á svipuðum aldri í sömu stofu.

Þessir tveir drengir hafa verið hér alla ævi, segir Auður, en þeir komu beint af fæðingardeildinni og eru nú orðnir 8 mánaða gamlir. Öll börnin hafa sín númer, sem er hið sama og á rúminu þeirra og fötum. Flest eru þau skírð þegar þau koma og nefnum við þau öll með nöfnum.

Pú ert raunverulega móðir þeirra allra, Auður? Ekki get ég sagt það, segir hún blíðlega, en mér þykir vænt um þau öll.

Í síðustu stofunni eru þau yngstu, sum eru sofnuð, önnur leika sér að tánum á sér. Yngstu börnin hafa þau forréttindi að þau hafa sér baðherbergi, en þau eldri hafa eitt sameiginlegt. Þar inni er verið að þvo nokkra bossa og skipta á bleyjum fyrir nóttina. Börnunum er séð fyrir öllum fatnaði, nema útigöllum. Í einu herberginu standa barnavagnar í röð, sumir eru bláir aðrir bleikir. Fyrst voru drengirnir settir í þá bláu, og telpurnar í bleiku, en nú er þetta farið að ruglast, enda ekki gott að gera við því. Þau börn, sem eru orðin nógu gömul til þess að leika sér úti, eru höfð úti mest allan daginn, en þau yngri aðeins part úr degi.

Aftur er fjallað um vöggustofuna í frétt í *Morgunblaðinu* 18. mars 1965 þar sem fram kemur að börnin á vöggustofunni hafi verið úti í sólskininu daginn áður. Af myndum og texta sem

fylgdu fréttinni má sjá að á vöggustofunni hafi verið til útiföt fyrir börnin og að þau sem voru úti hafi verið allt frá 10 mánaða til 2 ára gömul.<sup>192</sup>

Í nóvember sama ár kemur fram í fréttum að Thorvaldsensfélagið hafi gefið Reykjavíkurborg eina milljón króna til viðbótarbyggingar við vöggustofuna í tilefni af 90 ára afmæli félagsins.<sup>193</sup> Borgarráð samþykkti viðbygginguna í maí 1965 en í fréttum á sama tíma kemur fram að henni sé ætlað að hýsa deild fyrir um 20 börn á aldrinum 2 til 4 ára. Með henni verði bætt úr hinni „miklu þörf sem er fyrir samastað fyrir börn sem eru orðin of gömul til að vera á vöggustofu en mæður eða aðstandendur geta ekki tekið til sín, sbr. frétt sem birtist í *Vísir* 23. maí 1966. Í fréttinni segir jafnframt:

Í þessari nýju viðbyggingu sem staðsett verður suðaustan við aðalbygginguna verða svefnstofur, leikstofur, vökukonuherbergi og herbergi ætluð fyrir foreldra sem koma í heimsókn, en samband foreldra við börn í framhaldsdeild á að geta orðið nánara en við yngri börn. Matur allur verður gerður í eldhúsi aðalheimilisins, en það er mjög fullkomið eins og allt annað á vöggustofunni, enda er það álit sérfróðra útlendinga, sem skoðað hafa vöggustofuna að hún sé meðal þeirra fullkomnustu á Norðurlöndunum.<sup>194</sup>

Á fundi barnaverndarnefndar Reykjavíkur 28. apríl 1966 var skýrt frá því að Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar hefði tekið að sér að annast uppeldislegar leiðbeiningar og eftirlit á vöggustofunni. Enn fremur hefði verið ákveðið að ráða fósturu á vöggustofuna.<sup>195</sup>

Í viðtali sem birtist í *Þjóðviljanum* 19. maí 1966 vakti Gyða Sigvaldadóttir athygli á málefnum vöggustofa, en hún sat þá enn í barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Í viðtalinu er haft eftir Gyðu að ungar einstæðar mæður hafi stundum orðið að láta sitt fyrsta barn á sólarhringsvöggustofu vegna þess að dagvöggupláss hafi ekki verið fyrir hendi. Slík vistun í frumbersku feli jafnan í sér „mikla hættu á að móðir og barn tengist aldrei eðlilegum tilfinningaböndum“, sem geti haft „mjög alvarlegar afleiðingar fyrir barnið, fyrir móðurina og fyrir þjóðfélagið“. Þá lýsir Gyða þeirri skoðun sinni að æskilegast væri að leita einkafósters til handa fleiri börnum en þegar væri gert. Sú skoðun byggir á því að heilbrigðu lífi verði ekki lifað á stofnunum heldur á heimilum þar sem systkini alast upp saman hjá fólki í eðlilegri og ástríkrri sambúð.<sup>196</sup>

---

<sup>192</sup> Morgunblaðið 18. mars 1965, bls. 3.

<sup>193</sup> Sjá m.a. til hliðsjónar, *Vísir* 19. nóvember 1965, bls. 9. - *Íslendingur* 25. nóvember 1965, bls. 7. - *Alþýðublaðið* 8. desember 1965, bls. 7.

<sup>194</sup> *Vísir* 23. maí 1966, bls. 3.

<sup>195</sup> BSR. Félagsmálastofnun Reykjavíkur. Fundargerðir Barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá 6. janúar 1964 til 16. júní 1966.

<sup>196</sup> *Þjóðviljinn* 19. maí 1966, bls. 2.

Í eftirlitsskýrslum starfsmanna barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá fyrstu árum Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins kemur fram að starfsfólkið lýsti oft yfir áhyggjum af því að barn hefði dvalið of lengi á vöggustofu. Því þurfi að leita úrræða til að koma barni í fóstur á einkaheimili. Slíkar umleitanir voru hins vegar oft ekki reyndar vegna andstöðu foreldra.<sup>197</sup>

#### 4.3.2 Aðkoma borgarstjórnar Reykjavíkur að málefnum vöggustofunnar

Ljóst er að skipulag og starfshættir barnaverndarmála í Reykjavík voru til skoðunar hjá borgarstjórn um svipað leyti en í maí 1964 var þar samþykkt að skipa nefnd til að gera tillögur um starfshætti barnaverndarmála. Var hún fullskipuð í lok sumars sama ár eftirfarandi einstaklingum: Jónasi B. Jónssyni fræðslustjóra, formanni nefndarinnar, Guðrúnu Erlendsdóttur, lögfræðingi, Kristjáni J. Gunnarssyni, skólastjóra, svo og sálfræðingunum Erni Helgasyni og Sigurjóni Björnssyni. Nefndin starfaði um tæplega tveggja ára skeið og skilaði að lokum tveimur aðskildum tillögum í febrúar 1966 þar sem ekki náðist sátt um niðurstöðu.

Í tillögum Arnar Helgasonar og Sigurjóns Björnssonar var meðal annars lagt til að barnaverndarnefnd tæki alfarið að sér rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar úr höndum barnaheimila- og leikvallanefndar og barnaverndarnefndar. Í því sambandi bentu Örn og Sigurjón á að samkvæmt lögum væri gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd annaðist þennan rekstur.<sup>198</sup>

Í tillögum meirihluta nefndarinnar, þeirra Jónasar, Guðrúnar og Kristjáns, var meðal annars lagt til að það eftirlit sem barnaverndarnefnd hefði með einkaheimilum, fósturheimilum, upptökuheimilum, vistheimilum og öðrum barnaheimilum yrði endurskipulagt og aukið. Þá segir þar jafnframt að barnaverndarnefnd hafi alla tíð verið of liðfá miðað við þau verkefni sem henni er ætlað að fást við. Þá var þar lagt til að skjólstæðingar barnaverndarnefndar, sem átt gætu samstöðu með öðrum börnum á dagheimilum, vöggustofum og leikskólum gengju fyrir um vistun á þeim stofnunum.<sup>199</sup>

Á fundi borgarstjórnar 2. mars 1967 voru tillögur samstarfsnefndar um barnaverndarmál til umræðu. Þar beindi Sigurjón Björnsson, borgarfulltrúi Alþýðubandalagsins, og forstöðumaður Geðverndardeildar barna hjá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, þeirri fyrirspurn til Geirs Hallgrímssonar borgarstjóra, hvernig umræddum tillögum miðaði.<sup>200</sup> Í

---

<sup>197</sup> BSR. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Eftirlitsskýrslur. Tímabil 1940-1964. Öskjur 39 til 43. Möppur 1-515.

<sup>198</sup> BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 8. Samstarfsnefnd um barnaverndarmál. Tillögur um skipulag barnaverndarmála í Reykjavík, dags. 26. febrúar 1966.

<sup>199</sup> BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 8. Samstarfsnefnd um barnaverndarmál. Tillögur um skipulag barnaverndarmála í Reykjavík, dags. 26. febrúar 1966.

<sup>200</sup> Geðverndardeild barna í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur tók til starfa 1. október 1960 og var Sigurjón Björnsson þá ráðinn forstöðumaður. Hlutverk deildarinnar var að annast sálfræðilegar og geðfræðilegar rannsóknir á börnum í Reykjavík. Deildin tók við börnum fram að 15 ára aldri en börn yngri en 7 ára nutu að jafnaði forgangs. sjá [Menntamál, 3. tbl. 1960, bls. 259](#).

kjölfarið gagnrýndi Sigurjón hvernig meirihlutinn hefði staðið að barnaverndarmálum og vék í því sambandi meðal annars að rekstri barnaheimila í borginni:

Hvað er með barnaheimilismálin? Ber þar ekki að sama brunni? Allir vita, í hverjum ólestri þau eru. Það er ekkert launungarmál, að barnaheimilisskortur er tilfinnanlegur og það er heldur ekkert launungarmál, að sum barnaheimilin, sem rekin eru hér í borg og eru reyndar óhæfilega dýr í rekstri, eru fyrir neðan allar hellur á marga lund og í stað þess að verða sú heilsulind, sem þau í raun og veru eiga að vera, verða þau hvorki meira né minna en hrein gróðrarstía andlegrar veiklunar.<sup>201</sup>

Í annarri ræðu á fundinum vék Sigurjón sérstaklega að Vöggustofunni Hlíðarenda og hafði um hana svofelld orð:

Það er vitað mál allra þeirra, sem til þekkja og hafa einhverja faglega þekkingu í þessum málum að barnaheimilið á Hlíðarenda er rekið eftir algerlega úreltu fyrirkomulagi. Og allir fagmenn á þessum sviðum, barnageðlæknar og fjöldamargir aðrir hafa kvatt sér hljóðs um það víðs vegar í erlendum fagtímaritum og það hefur meira segja komið fram hér á landi þó að það sé náttúrliga varla von, að það hafi borist inn fyrir þessa vegg, að barnaheimili ætti alls ekki að reka með því fyrirkomulagi sem þar er gert, þ.e. þessum tíðu vaktaskiptum, sem þar tíðkast og þessari miklu einangrun sem börnin eru í. Þau eru á bak við gler og höfð sem einhvers konar sýnisgripir þar og allt algerlega steriliserað á alla lund. Þetta er viðurkennt fyrir löngu, að þetta er talið mjög skaðlegt fyrirkomulag og hefur beinlínis verið sannað með þar til gerðum rannsóknum í London og víðar, Bandaríkjunum að af þessu getur leitt og leiðir iðulega til mjög alvarlegra sjúkdóma hjá börnunum, bæði andlega og líkamlegra sjúkdóma og að dauðsföll á þessum heimilum, þar sem börnin dveljast töluvert lengi, eru miklu miklu tíðari heldur en á öðrum heimilum sem eru rekin með öðru fyrirkomulagi. Þetta er algerlega sannað mál. Og þrátt fyrir þetta hefur enginn talið ástæðu til þess að breyta fyrirkomulagi þess heimilis.

Við getum kannski spurt: Hefur Hlíðarendi einhverja sérstöðu með það, að það verði ekki vart slíkrar veiklunar eða slíkra sjúkdóma á því heimili? Ég hef ekki neinar dauðsfallatölur um það, en hins vegar hef ég miklar upplýsingar um það og gæti meir að segja safnað þeim saman og talið þær upp ef þess er óskað, um börn sem hafa beinlínis orðið mjög alvarlega veik, af andlegri veiklun eftir dvölinu á Hlíðarenda. Það er ekki lengra síðan í morgun ég sá eitt barn t.d., sem þaðan kom. Og þau skipta örugglega tugum, þau börn, sem bera alvarlegar menjar sinnar dvalar þar. Þetta er þekktur sjúkdómur og orsakir hans eru vel kunnar og þarf held ég ekki að fjölyrða um það. Það getur hver, sem er aflað sér upplýsinga um það, skráðar í kennslubækur og ef menn óska eftir því að vita um það, geta þeir hreinlega lesið sér

---

<sup>201</sup> BSR. Málafn Borgarstjóra. Umræður í borgarstjórn 2. mars 1967.

til um það. Það er sjúkdómur sem hefur verið þekktur frá því árið 1945 eða fyrr jafnvel og nefndur hospitalismi. Við höfum séð mörg börn með þennan sjúkdóm frá Hlíðarenda og hann er alvarlegur og yfirleitt talinn ólæknanlegur. Þetta tel ég, að sé mjög alvarlegt mál og sýni það, að þegar orsakir þessa sjúkdóms eru kunnar, að barnaheimilið getur ekki verið rekið á réttan hátt og þar eiga sér stað alvarleg mistök stað, sem eru virkilega vítaverð.<sup>202</sup>

Borgarstjóri, Geir Hallgrímsson, tók til máls í kjölfar Sigurjóns og brást við orðum hans með svofelldum hætti:

Nú geta verið skiptar skoðanir, um hvernig reka skuli vöggustofu slíka sem á Hlíðarenda er rekin, og ég skal ekki fjalla um það fyrirkomulag sem nú er á rekstrinum eða hvort ástæða sé til að breyta því fyrirkomulagi og þá á hvern veg. En ég vil hins vegar halda því fram að það sé mikill ábyrgðarhluti af hálfu borgarfulltrúa að fullyrða það, að börnin hafi tugum saman, sem dvalið hafi á Hlíðarenda, beðið tjón á sálu sinni og heilsu sinni, og jafnvel gefa í skyn að þarna sé um það að ræða, að til dauðsfalla hafi dregið af þeirri ástæðu hvernig rekstrarfyrirkomulagið er. Ég held, að ég hafi heyrt það réttilega af hálfu borgarfulltrúans, að hann sagði, að hann sjálfur hefði kynnst þessum dæmum tugum saman og síðast í morgun hefði eitt barnanna komist undir hans hendur. Ég verð þá að spyrja borgarfulltrúann um það hefur hann þegar hann verða þessara dæma var tugum saman jafnvel, þá gert það, sem sjálfsagt er sem forstöðumaður einnar borgarstofnunar og það er að skrifa þeim sem eru ábyrgir fyrir rekstri barnaheimilisins? Hefur hann skrifað fræðslustjóra? Hefur hann skrifað barnaheimila- og leikvallanefnd? Hefur hann skrifað yfirmönnum sínum, stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar, eða borgarlækni? Eða hefur hann þegjandi fylgst með þessu sem starfsmaður og trúnaðarmaður borgarinnar, án þess að láta þessa menn vita það, að tugum saman sé börnum á barnaheimili borgarinnar stefnt í voða heilsufarslega séð? Ég verð að segja það alveg eins og ég meina, að það er ábyrgðarleysi, ef hann hefur þegjandi undanfarnar vikur, mánuði og ár í þjónustu borgarinnar ekki séð ástæðu til þess að skrifa þeim trúnaðarmönnum, sem ábyrgð bera á rekstri stofnunar sem þessarar. Og að gera rekstrarfyrirkomulag stofnunarinnar að pólitísku bitbeini hér í borgarstjórn sýnir best, hve lítilsvert það er borgarfulltrúa í sjálfu sér að koma á þarna endurbótum. Hann hefur þá starfsaðstöðu innan borgarkerfisins, að mark verður auðvitað tekið á orðum hans sem forstöðumanns geðverndardeildar barna. Og ég vonast til þess, að hann sem slíkur muni benda bæði öðrum borgarstofnunum og þeim nefndum og ráðum, sem um þau mál fjalla á það, sem aflaga fer, en hreyfa ekki fyrst hér í borgarstjórn máli, sem er jafnt viðkvæmt eins og það sem hann hreyfði nú og er vissulega til þess fallið að menn

---

<sup>202</sup> BSR. Málafn Borgarstjóra. Umræður í borgarstjórn 2. mars 1967.



beri traust til orða borgarfulltrúans sem ég hefði þó haldið að unnt væri að gera sem fagmanns, og vil enn þá halda.<sup>203</sup>

Sigurjón brást við þessum orðum borgarstjóra með eftirfarandi hætti:

Ég ætla ekki að hafa mörg orð í þetta sinn, því mér skilst, að þetta sé orðið svona karp á milli mín og borgarstjóra út af þessum málum. En ég vil aðeins taka það fram og spyrja borgarstjóra að því, hvort hann haldi virkilega, að þetta sé í fyrsta skipti, sem ég hreyfi þessu máli, síðan ég fór að starfa hjá borginni? (Borgarstjóri: Hefur hann skrifað einhverri annarri borgarstofnun?) Ég hef ekki skrifað bréf um þetta, en ég hef hvað eftir annað vakið máls á þessu, bæði við fræðslustjóra, borgarlækni, og aðila í barnaverndarnefnd og fjölda marga aðila og þó að ég hafi ekki talið ástæðu til að skrifa þeim beinlínis um þetta, vegna þess að þetta er ekki aðeins viðkvæmt mál fyrir mig eða þá, sem vinna við þetta, heldur líka viðkvæmt mál fyrir ýmsa aðra innan borgarinnar, sem sjá um rekstur Hlíðarenda. En hins vegar hef ég skrifað um þetta á öðrum vettvangi og það er ýmislegt, sem ég hef skrifað um þetta, þannig að ég held, að það sé ekkert launungarmál og hafi alls ekkert verið neitt launungarmál undanfarin ár, hvaða skoðanir ég hef haft á rekstri Hlíðarenda og ef borgarstjóri óskar eftir skýrslu frá mér um það, þá er það velkomið. Það er alger misskilningur, að ég geri mér leik að því að gera þetta mál að pólitísku bitbeini. Ég kem með það hérna af því að það er seinasta úrræðið, sem ég hef til að koma þessum málum á framfæri. Ég vil að borgarfulltrúar viti um þetta. (Gripið fram í: Hvað um barnaverndarnefnd? Hefur því verið komið á framfæri þar?) Já, ég hef komið því á framfæri við barnaverndarnefnd. Það er fyrir löngu síðan og margir aðilar í barnaverndarnefnd vita vel um þetta, þó að ekkert hafi verið gert og þó heimilið standi undir umsjón barnaverndarnefndar, a.m.k að einhverju leyti.<sup>204</sup>

Borgarstjóri tók í kjölfarið til máls og sagði:

Ég held því fram, að það sé skylda þess sem rannsakar og ber ábyrgð á stofnun, sem rannsakar heilsu barna að skrifa skýrslu um hvert barn, sem til rannsóknar kemur og senda þeim, sem ábyrgð ber á þeirri stofnun, sem á þátt í því að barn missir heilsu sína að einhverju eða öllu leyti og m.a. svo alvarlega, að til dauða hefur leitt eða hefur getað leitt eftir orðum borgarfulltrúans. Og mér finnst ákæra borgarfulltrúans það alvarleg og orð hans öfgafull, að því er ég vona, að ég mun þegar útskrift berst af þessum umræðum, senda viðkomandi borgarstofnunum afrit og óska eftir því að borgarfulltrúinn geri grein fyrir ummælum sínum að þeim viðstöddum á

<sup>203</sup> BSR. Málasafn Borgarstjóra. Umræður í borgarstjórn 2. mars 1967.

<sup>204</sup> Í frétt í [Þjóðviljanum 10. mars 1967](#) kom Sigurjón Björnsson því á framfæri að ummæli hans um vöggustofu á Hlíðarenda hafi einungis átt við um Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, en ekki dagvöggustofu Sumargjafar sem einnig væri staðsett á Hlíðarenda. Auk þess hefði hann einungis átt við vistheimili þegar hann ræddi barnaheimili, en hvorki dagheimili né leikskóla.



fundi hjá mér. (SB: Mér þykir mjög vænt um, að borgarstjóri skuli taka þannig á þessu og það skal ekki standa á mér að standa rækilega fyrir máli mínu.) Það hefði betur fyrr verið gert.<sup>205</sup>

Tveimur dögum eftir borgarstjórnarfundinn, eða laugardaginn 4. mars 1967, birtist í *Alþýðublaðinu* og *Þjóðviljanum* auglýsing þar sem Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur auglýsti starf forstöðukonu vöggustofu Thorvaldsensfélagsins laust til umsóknar. Var umsóknarfrestur til 21. mars sama ár.<sup>206</sup> Önnur sams konar auglýsing birtist í *Morgunblaðinu* daginn eftir og í dagblaðinu *Vísir* tveimur dögum síðar, eða mánudaginn 6. mars.<sup>207</sup>

Viku eftir fund borgarstjórnar, eða 9. mars 1967 var haldinn fundur í fundarherbergi borgarráðs í Austurstræti 16 um málefni vöggustofunnar að undirlagi borgarstjóra. Stóð fundurinn frá kl. 16:00 til 19:30 þennan dag. Á fundinum voru Jónas B. Jónsson fræðslustjóri og formaður barnaheimila- og leikvallanefndar, Þórir Kr. Þórðarson varaformaður barnaverndarnefndar, Unnur Schram, formaður Thorvaldsensfélagsins, Auður Jónsdóttir forstöðukona Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og lækna vöggustofunnar, þeir Kristbjörn Tryggvason og Björn Júlíusson. Einnig voru á fundinum Sigurjón Björnsson, Geir Hallgrímsson, borgarstjóri, ásamt Jóni Sigurðssyni, borgarlækni og Jóni G. Tómassyni, skrifstofustjóra borgarstjóra. Í fundargerð fundarins segir:

Þetta gerðist: Borgarstjóri kvað tilefni fundarins vera þau ummæli Sigurjóns Björnssonar borgarftr. á fundi borgarstjórnar 2. þ.m., að sum barnaheimili borgarinnar væru gróðrarstía andlegrar veiklunar og hefði hann þar sérstaklega nefnt sem dæmi vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Kvaðst borgarstjóri vilja kanna annars vegar, hvaða samskipti hefðu átt sér stað milli fundarmanna um þetta ástand barnaheimilanna, sem borgarftr. hefði lýst og hvaða hátt hinar ýmsu borgarstofnanir hefðu staðið að þessum málum. Fræðslustjóri kvaðst ekki minnst þess, að Sigurjón Björnsson hefði kvartað við sig um ástand vöggustofunnar eða starfsfyrirkomulagið þar. Borgarlæknir kvaðst aldrei hafa heyrt það fyrr, að börn hefðu beðið andlegt heilsutjón við dvöl sína á vöggustofunni eða á barnaheimilinu Hlíðarenda og aldrei hefði Sigurjón Björnsson nefnt þetta við sig. Sigurjón Björnsson kvaðst ekki gera aths. við ummæli borgarlæknis, en hins vegar taldi hann sig hafa nefnt þetta atriði einu sinni við fræðslustjóra á fundi samstarfsnefndar um barnaverndarmál. Þá tók Sigurjón Björnsson fram, að hann hefði ekki talið ástæðu til að skrifa um þetta mál til annarra borgarstofnana, þar eð hann teldi, að þeim aðilum væru þessi atriði vel ljós. Þá tók Sigurjón Björnsson einnig fram, að hann hefði ekki hreyft þessu máli við lækna vöggustofunnar eða forstöðukonu. Sigurjón Björnsson kvaðst telja stöðu geðverndardeildar barna innan borgarkerfisins afar óljósa og þar sem hann hafi eigi séð sér aðrar leiðir opnar til að koma skoðun deildarinnar á framfæri, hafi hann ekki

<sup>205</sup> BSR. Málafn Borgarstjóra. Umræður í borgarstjórn 2. mars 1967.

<sup>206</sup> *Þjóðviljinn* 4. mars 1967. - *Alþýðublaðið* 4. mars 1967.

<sup>207</sup> *Morgunblaðið* 5. mars 1967. - *Vísir* 6. mars 1967.

talið sig hafa annað úrræði en að velja sér þann vettvang, sem hann nú stendur á. Borgarstjóri tók fram að hann teldi þessa leið ekki síðasta úrræðið, heldur það fyrsta og eina, sem borgarfr. hafði reynt. Sýndi þetta að ekki var um vanrækslu að ræða hjá öðrum borgarstofnunum að hafa ekki brugðið við aðvörunum Sigurjóns Björnssonar um skaðleg áhrif á andlega heilsu barna, þar sem þessar aðvaranir hefðu ekki borist.

Sigurjón Björnsson flutti nú allitarlega skýrslu um ýmis uppeldisatriði, sem haft geta skaðleg áhrif á sálarheill barna. Rakti hann einnig með hverjum hætti hann teldi, að haga beri rekstri upptöku- og vistheimila, þannig að börnin verði fyrir sem minnstum skaðlegum áhrifum vegna dvalar sinnar þar. Taldi hann, að þar sem vöggustofa Thorvaldsensfélagsins væri ekki rekin með hliðsjón af þeim endurbótum og því rekstrarfyrirkomulagi sem nú væri viðurkennt, væri engin von annars en að mörg þeirra barna, sem þar hefðu dvalið, hefðu beðið alvarlegt tjón á sálarheill sinni. Sigurjón Björnsson skýrði frá því, að frá októbermánuði 1960 hefðu komið 960 börn til meðferðar á geðverndardeild barna og þar af hefðu 14 þeirra dvalið á vöggustofunni. Björn Júlíusson upplýsti, að af þessum börnum hefðu aðeins tvö verið vistuð á hinn nýju vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Auður Jónsdóttir kvaðst vilja taka fram, að Sigurjón Björnsson hefði aldrei stigið fæti inn fyrir dyr vöggustofunnar eftir því, sem hún vissi til. Sigurjón Björnsson kvaðst ekki vilja tjá sig um það, hvort eða hvenær hann hefði komið þar inn, en rétt væri, að hann hefði ekki hitt forstöðukonuna að máli þar í húsinu.

Borgarfr. [Sigurjón] fór nú yfir skýrslur sínar um hvert hinn 14 framangreindra barna og lét í ljós þær ályktanir, sem geðverndardeild barna hefur dregið af athugunum sínum á þessum börnum um afleiðingar dvalar þeirra á vöggustofunni. Af skýrslum lækna kom enn fremur fram að mjög ber á milli við álit geðverndardeildarinnar um ástand barnanna, þegar þau fóru af vöggustofunum og enn fremur um orsakir þess, er þeim var þá ábótavant. Sigurjón Björnsson tók fram, að hann taldi dvöl barnanna á vöggustofunni ekki einu ástæðuna fyrir eftirfarandi erfiðleikum þeirra, þótt að vísu teldi hann dvölinu höfuðorsökina.

Í þessum umr. kom fram að geðverndardeild barna hefur ekki aflað sér upplýsinga eða skýrslna frá læknum vöggustofunnar um athugun þeirra á börnunum, meðan þau dvöldu á vöggustofunni. Síðan segir: „Kristbjörn Tryggvason óskaði sérstaklega bókað að í skýrslu geðverndardeildar barna um eitt barnanna er það tekið fram að systkini barnsins séu eðlileg. Skýrt var frá því að frá því í júní 1963 hefðu samtals 255 börn verið vistuð á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, þar af 168 á vegum barnaverndarnefndar. Eftir yfirferð framangreindra skýrslna taldi Sigurjón Björnsson að í 10 tilvikum hefðu börn borið skaðleg áhrif frá dvöl sinni á vöggustofunni. Þá tók Sigurjón Björnsson fram, að eftir að hafa hlýtt á skýrslur lækna, teldi hann sig sjá fleiri orsakir eftirfarandi veiklunar barna, sem dvalið hafa á vöggustofunni en hann hefði haldið fram til þessa. Borgarstjóri lagði áherslu á að

hann taldi ótvírætt að forstöðumanni geðverndardeildar barna bæri skylda til að afla sér allra upplýsinga frá læknum vöggustofunnar um skoðun þeirra á þeim börnum, sem deildin fær síðan til meðferðar eftir dvöl á vöggustofunni. Borgarstjóri kvaðst telja rétt, að tekin væri útskrift af skýrslum geðverndardeildarinnar og læknanna af öllum þeim tilvikum, sem geðverndardeildin telur, að börn hafi borið skaðleg áhrif við dvöl sína á vöggustofunni. Reynt verði síðan að samræma skoðanir aðila samkv. þessum skýrslum og komast að raun um, hverjar væru orsakir eftirfarandi erfiðleika barna, sem þar hefðu dvalið. Eftir að útskrift þessi hefur verið gerð, verður mál þetta tekið fyrir á nýjan leik.

Borgarstjóri kvaðst einnig vilja taka fram, að sér væri kunnugt um að skoðanir manna á rekstrarfyrirkomulagi vöggustofunnar væru skiptar og því væru þessi mál í athugun sérfræðinga og væri sjálfsagt að halda þeirri athugun áfram. Hins vegar taldi borgarstjóri áfellingisdóm Sigurjóns Björnssonar á borgarstjórnarfundinum 2. þ.m. svo alvarlegan, að rannsaka bæri til botns öll þau tilvik, sem Sigurjón Björnsson hefði nú nefnt sem dæmi þess, að börn hefðu borið alvarlegar andlegar menjar dvalar sinnar á vöggustofunni og væri höfuðnauðsyn að bæta úr því, sem aflaga kann að hafa farið. Að gefnu tilefni kvaðst borgarstjóri vilja spyrja Sigurjón Björnsson að því hvort hann teldi, að fleiri barnaheimili borgarinnar væru gróðrarstía andlegrar veiklunar. Þessari fyrirspurn svaraði Sigurjón Björnsson ekki, en sagði hins vegar að ef hafa ætti um þetta mörg orð og ef niðurstöðum geðverndardeildar barna væri alls ekki treyst, sæi hann ekki ástæðu til annars en að segja upp starfi sínu sem forstöðumaður stofnunarinnar. Borgarstjóri ítrekaði að hann liti mál þetta og ásakanir Sigurjóns Björnssonar svo alvarlegum augum, að hann mundi láta rannsaka málið til hlítar og ganga úr skugga eftir því sem auðið væri, hvort ásakanir Sigurjóns Björnssonar hefðu við rök að styðjast. Kristbjörn Tryggvason lét þess getið að sjúkdómur sá, sem nefndur er hospitalismi væri umdeildur á meðal fræðimanna og enn fremur orsakir hans og væri fremur á teoríustigi en sem viðurkenndur absolut sjúkdómur. Björn Júlíusson gaf skýrslu um starfsháttu vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og gat þess m.a. að mæður gætu hvenær sem er fengið að heimsækja börn sín þar. Enn fremur að frá byrjun hefðu starfað fóstrur þar, ein eða fleiri við vöggustofuna nema eitt sinn um sex mánaða skeið er þeirra var ekki völ. Þá gat hann þess, að af 32 plássum við vöggustofuna hefði barnaverndarnefnd til ráðstöfunar 27. Væri það staðreynd að mörg þessara barna hefðu áður búið við mjög erfiðar heimilisaðstæður og raunar oft verið vannærð og veik þegar þau komu á stofnunina.

Borgarstjóri ítrekaði fyrri fsp. sína til Sigurjóns Björnssonar um það, hvort hann hefði í huga fleiri heimili en vöggustofuna. Sigurjón Björnsson kvaðst með ummælum sínum í borgarstjórn hafa átt við hringferð sem sum börn þurfa að fara á milli viststofnana borgarinnar, og væri það sitt alit að þessi heimili gætu ekki búið börnunum þroskavænleg uppeldisskilyrði. Að öðru leyti svaraði hann ekki fsp. borgarstjóra. Og Unnur Schram tók fram að hún væri tíður gestur á vöggustofunni og

væri henni þá heimilað að leika við börnin og væri það svo um allar mæður, sem þar ættu börn. Fundargerðin var lesin upp og fundi slitið.<sup>208</sup>

Hinn 13. mars 1967 óskaði borgarstjóri eftir að geðverndardeild barna og Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins, þ.e.a.s. einkum læknar þeirra heimila, legðu skriflega fram þær greinargerðir sem þeir hefðu munnlega flutt á fundinum. Næsta dag bárust skýrslur frá læknum Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins frá læknum heimilanna, þeim Kristbirni Tryggvasyni og Birni Júlíussyni. Ljóst er að greinargerð Sigurjóns hefur einnig borist, enda er hún einnig varðveitt í málasafni borgarstjóra.

Um svipað leyti birtust í dagblöðum greinar sem konur í Thorvaldsensfélaginu rituðu í kjölfar gagnrýni Sigurjóns. Í *Morgunblaðinu* 11. mars 1967 birtist t.d. greinin „Hugleiðing að gefnu tilefni“ eftir Guðnýju Albertsson, sem starfaði meðal annars sem gjaldkeri barnauppeldissjóðs félagsins. Í grein Guðnýjar er rakið að hún geti ekki orða bundist yfir gagnrýni Sigurjóns og lýsir í því sambandi helstu kostum vöggustofunnar:

Hversu úrelta sem sálfræðingurinn telur Vöggustofuna vera, þá er hún bara tæpra 4 ára gömul, og þá byggð samkvæmt nýjustu og fullkornustu kröfum um slíkar stofnanir. Mér er óhætt að segja að þar hafi allt verið miðað við það besta fánlegasta og ekkert til sparað.

Í samræmi við það var líka forstöðukonan valin. Það var hvorki „pólítík“ eða tilviljun sem réði því að frk. Auður Jónsdóttir var valin í þá stöðu heldur hitt að hún uppfyllti allar þær kröfur sem til þurfti. – Í fyrsta lagi er hún útlærð hjúkrunarkonan með lofsverðan starfsferil að baki. Í öðru lagi hefur hún sérmenntun í meðferð ungbarna og stjórn á slíkri stofnun. Þess utan hafði hún einróma meðmæli allra sem til hennar þekktu sem góð og heiðarleg manneskja, sem hún hefur síðar sannað að ekki var neitt oflof. Er því illa farið að heimilið skuli ekki geta notið starfskrafta hennar áfram – en hún hefur sagt upp starfi frá 1. maí nk.

Úrvals læknar, barnalæknar (sérfr.) hafa alltaf verið við heimilið, og starfsfólk valist vel – yfirleitt. Enda aldrei vantað og færri komist að en vildu, og er það enn eitt dæmi um yfirburði forstöðukonunnar.

Mörg dæmi er um að þarna hafa komið erlendir læknar, og annað fólk með áhuga á svipaðri starfsemi, og hafa allir lokið lofsorði á þessa stofnun, eftir að hafa kynnt sér hana. M.a. get ég getið þess hér að þekktur læknir í einu af fylkjum Bandaríkjanna - sem var hér á ferð - mæltist til að fá að sjá Vöggustofuna, sem hann og fékk. Ég innti hann svo eftir því hvað honum fyndist, eða hvort hún myndi ekki fullnægja þeim kröfum sem til slíkra stofnana væru gerðar? Hann svaraði því til að auk þess sem hún gerði það, þá væri þó annað sem enginn gæti komist hjá að veita

---

<sup>208</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

athygli – sem inn kæmi – og það væri reglan og stjórnsemin, ásamt ánægjunni og vellíðaninni sem skini út úr hverju einasta litlu andlitanna“.

Í kjölfarið vikur Guðný máli sínu að Sigurjóni Björnssyni, sem sé aldeilis ekki á sömu skoðun, „enda varla von þar sem hann mun þar aldrei inn fyrir dyr hafa komið, að mér er tjáð.“ Kveður Guðný sér vera óskiljanlegt af hvaða rótum gagnrýnin sé runnin, og að „jafn óskiljanlegt sé í sjálfur sér að um leið og [Sigurjón] bregður öðrum um aðgerðir sem ganga glæpi næst, þá auglýsir hann í rauninni sjálfan sig meðsekan með því að þegja um það.“<sup>209</sup>

Í frétt í *Þjóðviljanum* 16. mars 1967 kemur fram að Sigurjón Björnsson hafi sagt lausu starfi sínu sem forstöðumaður Geðverndardeildar barna á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur eftir að hafa starfað þar um sjö ára skeið. Í fréttinni er haft eftir Sigurjóni að uppsögn hans hafi átt sér langan aðdraganda. Um ástæður uppsagnarinnar vísaði Sigurjón einkum til þess að þrátt fyrir að innan Heilsuverndarstöðvar hefði safnast hópur sérfræðinga með sérþekkingu á málefnum fjölskyldna í Reykjavík hefðu borgaryfirvöld litið hirt um að nýta sér hana við stefnumótun.<sup>210</sup>

Sigurjón lýsti því síðar í viðtalinu að hann hafi af þessum sökum látið reyna á það að fylgja málefnum barna eftir á vettvangi borgarstjórnar sem kjörinn borgarfulltrúi. Síðan er haft eftir Sigurjóni:

Ég komst að því þegar ég var að reyna að fara þessa leið að fagmannsjónarmiðin eru látin víkja þegar út í pólitíkina er komið og segja má að rangt sé að blanda þessum málum saman við pólitík og flokkadrætti en önnur leið virtist ekki fær. En þegar því er haldið fram að borgarstarfsmenn megi ekki ræða þessi málefni innan borgarstjórnar og þeir hafa enga aðra möguleika til þess, er óneitanlega komið í eins konar sjálfheldu.

Þá er aðeins um tvennt að ræða: annaðhvort að draga sig út úr stjórn máluum og sætta sig við seinaganginn og aðgerðaleysið eða að velja þá leið að hafa frjálsar hendur til að gagnrýna það sem miður fer og koma með tillögur sem verða taldar til úrbóta.

Og ég vil taka það fram að það er mikill misskilningur að halda að það sé verið að deila á stofnanirnar sjálfar og starfsfólk þeirra þegar gagnrýni á borð við þá á vöggustofuna kemur fram. Hér er verið að deila á fyrirkomulagið og þá sem stjórna þessum málum. Barnaverndarmál hafa ekki verið skipulögð en það verður að vinda bráðan bug að því að það verði gert, ekki síst þar sem Reykjavík er vaxandi borg.<sup>211</sup>

<sup>209</sup> Morgunblaðið 11. mars 1967, bls. 8.

<sup>210</sup> Þjóðviljinn 16. mars 1967, bls. 12.

<sup>211</sup> Þjóðviljinn 16. mars 1967, bls. 12.

Í grein sem birtist í *Morgunblaðinu* daginn eftir voru gerðar athugasemdir við frásögn Sigurjóns og fullyrt að uppsögn hans væri „greinilega af öðrum rötum spunnin en hann vill nú láta í veðri vaka, enda hafði áður farið fram á það við stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar að hann yrði aðeins laust ráðinn hluta af föstum starfstíma.“<sup>212</sup>

Með bréfi til forstöðumanns geðverndardeildar barna, Sigurjóns Björnssonar, dags. 21. mars 1967, ítrekaði borgarstjóri beiðni sína um að hann legði fram skriflega þá greinargerð sem hann hefði flutt á fundinum 9. mars 1967. Því bréfi svaraði forstöðumaður geðverndardeildarinnar, Sigurjón Björnsson, með bréfi, dags. 28. mars 1967, með þeim orðum að sú útskrift sem hann hefði lesið á fundinum hefði verið fullnægjandi til þess að gera sér grein fyrir því við hvaða rök ummæli hans á fundinum hefðu að styðjast.

Þann 21. mars 1967 fóru þau Símon Jóhannes Ágústsson og starfsmaður Barnaverndarráðs í eftirlitsferð á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Er þetta einungis annað dæmið sem finnst í skriflegum gögnum um eftirlitsheimsóknir Barnaverndarráðs á Vöggustofuna Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins frá árinu 1949. Af fundargerðum Barnaverndarráðs frá 1949 til 1967 verður þó ráðið að eftirlitsheimsóknir hafi farið fram nær árlega á öll önnur barnaheimili, þar á meðal Silungapoll sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur annaðist rekstur á.

Á fundi borgarstjórnar 6. apríl 1967 beindi Sigríður Thorlacius borgarfulltrúi Framsóknarflokksins þeirri fyrirspurn til borgarstjóra hvort farið hefði fram rannsókn á ummælum Sigurjóns Björnssonar um vöggustofu Thorvaldsensfélagsins að Hlíðarenda og fleiri barnaheimili. Borgarstjóri tók til máls og gerði borgarstjórn ítarlega grein fyrir fundinum 9. mars 1967 með því að lesa orðrétt upp fundargerð þess fundar. Vék borgarstjóri síðan að því að engin mótmæli hefðu komið fram á fundinum við þeirri ósk hans um að geðverndardeild barna og Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins, þ.e.a.s. einkum læknar þeirra heimila, legðu skriflega fram þær greinargerðir sem þeir hefðu munnlega flutt á fundinum.

Á sama fundi var lögð fram tillaga borgarfulltrúa Alþýðubandalagsins að skipa nefnd þriggja manna, sérmenntaðra í uppeldisfræði, sálfræði og geðlækningum, til að rannsaka fyrirkomulag og uppeldisskilyrði í Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins að Hlíðarenda. Í framhaldinu lagði borgarstjóri fram þá tillögu að borgarstjórn myndi óska eftir því við Barnaverndarráð að það léti „rannsaka, hvort staðhæfingar Sigurjóns Björnssonar á borgarstjórnarfundi 2. mars sl. um, að sum barnaheimili hér í borg séu „gróðastía andlegrar veiklunar“ hafi við rök að styðjast.“ Tillagan var samþykkt á fundinum með átta atkvæðum gegn sjö og var borgarstjóra þar jafnframt falið að „safna öllum gögnum varðandi málið og leggja þau fyrir barnaverndarráð“.

Borgarstjóri óskaði síðan eftir því að Sigurjón skilaði honum skýrslu yfir þau börn sem hlotið hefðu skaða af vistheimilisdvöl. Í bréfi Sigurjóns til borgarstjóra, dags. 6. apríl 1967, segir að

---

<sup>212</sup> [Morgunblaðið 17. mars 1967, bls. 2.](#)



síðan Geðverndardeild barna tók til starfa í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur haustið 1960 hafi verið vísað þangað „til rannsóknar og ev. therapeutískra aðgerða 14 börnum á aldrinum 4-13 ára, sem dvalist höfðu á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins að Hlíðarenda á 1. og/eða 2. ári.“ Við rannsókn barnanna hafi komið í ljós að „há a.m.k. 10 þeirra virtust vera mestar líkur á því að sköddun sú sem orðið hafi á sálarlífi barnanna hlyti að hafa orðið mjög snemma í bernsku, þ.e. á 1. eða 2. ári. Síðan segir:

Symptomatologia þessara barna var í góðu samræmi við alþekktar kenningar, sem halda því fram að slík symptom-flora, sé algeng afleiðing af frustrationum og sveiflum varðandi myndun object-tengsla í frumbernsku.

Þess háttar ástand skapast nálega einvörðungu við dvöl barna á stofnunum fyrir ungbörn þar sem möguleikar á object tengslum eru litlir.

Erfitt var því að sniðganga þá ályktun að dvöl hinna 10 barna á Vöggustofunni hafi verið þeim til andlegs meins. Í þessu sambandi má minna á að margoft hefur verið bent á að sensitivitet barna sé mest á aldrinum 6-18 mánaða og því sé á þeim aldri mest hættu á að kontakt-möguleikar þeirra rýrni ef ekki er sinnt um að veita þeim varanlegt og politivt object. Þessi 10 börn dvöldust á Vöggustofunni mikinn hluta þessa tímabils og sum allan tímann. Aftur á móti dvöldust hin börnin fjögur skemmri tíma eða þá fyrir 6 mánaða aldur. Hér staðfestir því material okkar kenninguna, enda þótt augljóst sé að gera þyrfti stærri systematiska könnun til að full víska fáist.<sup>213</sup>

Sigurjón lýsir síðan nánar þessum tíu börnum og gerir grein fyrir helstu einkennum þeirra. Tvö barnanna eru sögð hafa haft mjög alvarleg einkenni bæði geðrofs- og einhverfurófsraskanna. Þau hafi haft skyntruflanir, stegldar hreyfingar, slegið höfðinu við og jafnvel haft sögu um stjarfa. Allt hefði bent til þess að einkennin hefðu átt upphaf sitt sem þunglyndi af völdum tengslaleysis á fyrsta ári. Hinum 8 börnunum lýsir Sigurjón þannig að þau hafi sýnt vægari einkenni og nokkuð fjölbreytta sjúkdómsmynd, en hjá þeim hafi verið mest áberandi takmörkuð tilfinningaleg tjáning, flöt svipbrigði og frávik í skynúrvinnslu sem hefðu valdið börnunum vanlíðan og orsakað skerðingu á vitsmunalegri og tilfinningalegri virkni. Að lokum segir Sigurjón:

Þessi stuttorða frásögn er - í mjög samanþjöppuðu og ófullkomnu formi - kjarni að rökstuðningi fyrir fyrri ummælum mínum um þessi mál. Vænti ég þess að sérfróðir menn geti við lestur hennar gert sér grein fyrir því í hvaða átt gagnrýni mín stefnir. Þegar svo rannsóknarnefnd sérfræðinga hefur verið skipuð mun ég ásamt

---

<sup>213</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. F 83.



samstarfsmönnum mínum leggja fram frumgögn öll og munum við túlka þau og skýra fyrir nefndarmönnum.<sup>214</sup>

Í greinargerð sem Sigurjón skilaði borgarstjóra í kjölfarið, rakti hann rannsóknir á áhrifum umhverfisins á þroska ungbarna. Þá benti hann á það sem birst hefði á íslensku um þær í bókum Símonar Jóhannesar Ágústssonar og hans sjálfs sem komu út árið 1964 og vitnað er til hér að ofan. Vísaði Sigurjón þar sérstaklega til rannsókna John Bowlby og René A. Spitz. Í framhaldinu rakti Sigurjón helstu drættina í því hvernig hann teldi að reka beri slíkar stofnanir í ljósi þessara rannsókna þannig að börn biðu sem minnst tjón af:

Eins og áður getur ber af öllum mætti að forðast, að tengsl móður og barns rofni meira en nauðsynlegt er: Það er þungamiðja alls og allar ráðstafanir stefna að því, að hamla gegn aðskilnaði eða þá að reyna að bæta barninu hann upp með öllum ráðum. Af þessum sökum er móðurinni gert að *skyldu* – þegar hægt er að koma því við – að heimsækja barnið á hverjum degi og annast það að einhverju leyti, t.d. gefa því að borða. Er mæðrunum þá séð fyrir viðeigandi aðstöðu til að sinna börnum sínum. Þar sem mörg börn þola þessi tengslarof sérstaklega illa á aldrinum 6-18 mánaða, er á sumum hinna bestu barnaheimila ætluð sérstök herbergi til þess að mæður geti dvalist þar hjá börnum sínum.

Ég sagði, að mæðrum væri gert að skyldu að heimsækja og annast barnið. Á því er vissulega reginmunur og hinu, að mæðrum sé *leyft* að heimsækja barnið, en að öðru leyti láttnar afskiptalausar. Gott barnaheimili greinir frá slæmu ekki minnst í því, að á hinu fyrrnefnda er góður skilningur á þýðingu móðurinnar fyrir barnið og allt gert til þess að treysta og viðhalda nánu sambandi á milli þeirra. Nú er það svo að margar mæður, sem setja börn sín á vistheimili, að þær eru óþroskaðar, fákunnandi og lítt til móðurumhyggju fallnar af mörgum ástæðum. Öllum ber saman um, að nauðsynlegt sé að kenna þessum mæðrum umönnun barna sinna, brýna fyrir þeim skyldur þeirra og ábyrgð. Því þarf forstöðukona heimilisins og sérfræðilegir ráðunautar að leggja mikla alúð við þessa hlið málsins. Sé þessu atriði gefinn góður gaumur kemur fljótt í ljós hvaða mæður geta tekið börnin aftur, er aðstæður þeirra breytast og hverjar þarf að svipta forræði. Þetta er mjög þýðingarmikið, vegna þess að með því móti er hægt að ganga fljótt úr skugga um, hvaða börnum þarf að sjá fyrir varanlegu einkafóstri. Miða ber að því að hafa barnaheimiladvölinu eins skamma og mögulegt er, en að sjá barninu sem fyrst fyrir móðurstaðgengi.<sup>215</sup>

Sigurjón vék síðan að því hvernig rekstrarfyrirkomulagi þessarar stofnana væri best háttað:

---

<sup>215</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83. Sigurjón birti greinargerðina opinberlega í tímaritinu Rétti sama ár, en upplýsingar um persónulega hagi barna og auðkenni þeirra höfðu þó verið afmáð, sjá Sigurjón Björnsson: „Vistheimili fyrir ungbörn.“ *Tímaritið Réttur*, 1967, bls. 43.

Allir eru sammála um að það sé í hæsta máta óheppilegt að reka vöggustofur sem sjúkrahús. Séu þau börn, er koma á vöggustofuna veik - eða veikist þau - á vitaskuld að stunda þau á barnadeildum sjúkrahúsa eins og önnur börn. Engin rök mæla með því, að vöggustofur skuli líkjast sjúkrahúsum. Margar röksemdir eru hins vegar á móti. Allur svipur vöggustofunnar verður einhæfari og óheimilislegri, umönnun oft ópersónulegri, óþörf áhersla á kerfisbundna reglusemi, og sérviskulegt hreinlæti. Allt þetta er í andstöðu við þá eðlilegu grósku og lífræna frjálsræði, sem þarf að umlykja barnið til þess að það fái notið sín.

Samkvæmt þessu á forstöðukona vöggustofunnar að vera fóstura með haldgóða sérmenntun og þjálfun í meðferð ungbarna. Hún þarf að búa yfir traustri þekkingu á þörfum barna og þroskaskilyrðum þeirra og vera vel vitandi um þær hættur, sem geta verið samfara starfsrækslu vöggustofu. Forstaða slíkrar stofnunar er vissulega vandasöm staða og ekki á færi annarra en úrvaskvenna að gegna henni svo að vel fari. Það er vonandi ekki úr vegi að geta þessa hér, þar sem nú mun standa fyrir dyrum ráðning forstöðukonu á þá stofnun sem hefur orðið tilefni þessarar greinargerðar.

Nánasti ráðgjafi forstöðukonunnar er barnasálfræðingurinn og hún þarf einnig að eiga greiðan aðgang að félagsráðgjafa varðandi samstarfið við mæðurnar, en sá starfsmaður hefur einnig með höndum að aðstoða mæðurnar í einkamálum þeirra og stuðla sem best að því, að þær geti tekið við börnum sínum og búið þeim viðunanleg uppeldisskilyrði. Í þriðja sæti kemur svo hinn ráðgefandi barnalæknir, einnig má hann gjarnan hafa svólítið meira til brunns að bera en hina venjulegu barnalæknismenntun sína.

Leggja ber mikla áherslu á hæfni og undirbúning aðstoðarstúlkna. Það er með öllu óverjandi, að til þess starfa séu teknar ungar stúlkur utan af götunni undirbúningslaust. Best er vitaskuld, að aðstoðarstúlkurnar hafi fósturmenntun, en sé ekki hægt að koma því við, er óhjákvæmilegt að þær eigi kost á nokkurri verklegri þjálfun og bóklegri fræðslu, áður en þær taka til starfa, auk þess sem þær þarf að velja sérstaklega með tilliti til umgengni við börn, skapgerðar og almenns persónuþroska.

Talið er hæfilegt að ekki séu fleiri en 2-4 börn í umsjá hvernar fósturu. Fóstran sér um sömu börnin ávallt, nema þegar skipt er um vakt, en þá tekur önnur fóstura við og er það einnig ávallt hin sama.

Margir mæla með því, að hverri vöggustofu sé skipt niður í litlar einingar, sem hafa á sér heimilislegan blæ og hlýlegan. Nægilegt þarf að vera af leikföngum og öðrum úrræðum til að örva skynjun barnsins. En sjaldnast er það nóg, því að þrátt fyrir þetta verður fyrir okkur hinn erfiði tálmi flestra barnaheimila: vaktaskiptakerfið. Margir hafa rætt um það mál, því allir eru sammála um, að það sé hinn mesti bagi

barnaheimila. Fáir treysta sér til að halda því fram að hægt sé með öllu að komast hjá vaktaskiptum starfsfólks, en unnt er þó að gera þar verulega bót á, ef góður vilji er fyrir hendi. Eins og ég gat um, er æskilegast að sama fósttran skipti sér sem mest af sama barninu og reyni allt hvað hún getur til að ganga því í móður stað. Vel er hægt að koma því þannig fyrir, að ekki annist fleiri en tvær fósturur sama barnið. Mörg börn þola það, ef dvölin er ekki mjög löng. Þar sem sjáanlegt er að andlegri heilsu barnsins hrakar eða því fer óeðlilega lítið fram – og það leynir sér vitaskuld ekki – er ekki annað til ráða en að sú fósttra, er annast barnið mest, taki það alveg að sér meðan það er að ná sér. Þarf þá fósttran að búa á barnaheimilinu og sjá um barnið dag og nótt eins og móðir myndi gera.<sup>216</sup>

Sigurjón fjallar síðan í greinargerð sinni um vistunartíma ungbarna:

Áður gat ég þess, að nauðsynlegt væri að hafa dvöl barnsins á barnaheimilinu eins stutta og mögulegt er. Fari barnið á vistheimili strax eftir fæðingu, er þó tiltölulega lítil hættu á ferðum, þó að barnið dveljist þar til 5-6 mánaða aldurs, sé heimilið rekið samkvæmt framangreindum meginreglum. En úr því eykst hættan hröðum skrefum. Þess vegna þarf að leggja allt kapp á að sjá barninu fyrir hæfilegum varanlegum dvalarstað, áður en það er hálfis árs gamalt. Fyrir þann tíma þarf að ganga frá fósttri allra þeirra barna, sem ekki eiga afturkvæmt til móður sinnar, enda á það yfirleitt að vera hægt, nema alveg sérstakar aðstæður komi til. Ætli móðirin sjálf að annast barnið, þarf að leggja mikla áherslu á að hún geti tekið það fyrir hálfis árs aldur – og oft mun hún þarfnast aðstoðar við að búa sér og barni sínu heimili. Dragist þetta lengur, er óhjákvæmilegt að móðirin auki verulega afskipti sín af barninu, uns hún fær það með öllu.

Sérstaka varúð þarf að viðhafa, þegar um vistun 6–18 mánaða barna ræðir. Þar má *aldrei* nota barnaheimilið, nema sem algert neyðarúrræði, þegar engir möguleikar eru á einkafósttri, sem hæfir. Reynist hins vegar óumflýjanlegt að leita á náðir barnaheimilis má dvöl barnsins helst ekki fara fram úr tveimur mánuðum. Þeim börnum þarf þar að auki að sinna sérstaklega í samræmi við það sem að ofan greinir.

Eftir því sem nú hefur verið sagt, ætti að liggja ljóst fyrir, að barnaheimili fyrir ungbörn, sem rekið er með sjúkrahúsyrirkomulagi, þar sem þorri starfsfólks er lítt eða ekkert þjálfður, þar sem vaktaskiptakerfinu er beitt, þar sem afskipti mæðrana af börnunum eru lítil og ekkert er gert til að auka þau, þar sem dvöl barnanna, margra hver er of löng – heimili, sem þannig starfar hefur ekki tekið tillit til þeirra endurbóta,

---

<sup>216</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

sem nú þykja sjálfsagðar og nauðsynlegar og er því engin von til annars en að mörg börn, er þar dveljast hljóti veruleg og varanleg mein.

Ég vil nú gera grein fyrir þeim börnum sem Geðverndardeildin hefur haft afskipti af á undanförunum árum og dvalist hafa á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á Hlíðarenda. Eins og að líkum lætur get ég ekki sagt nema lítið eitt um hvert barn fyrir sig. Mér dylst heldur ekki að fleiri ástæður en Hlíðarendadvölin kunni að hafa haft áhrif á andlegt ásigkomulag barnsins, eins og það var þegar það kom í okkar hendur. Ég er þó persónulega sannfærður um að barnaheimilisdvölin hefur átt drýgstan þátt í að raska jafnvægi þessara barna.

Þessi 14 börn sem ég get um hér á eftir eru tekin úr hópi 960 barna sem við höfum séð á árunum 1960-1967. Vera má að fleiri Hlíðarendabörn leynist í okkar skrá, þar sem um 60 börn af þessum hópi eru ekki fullrannsökuð og upplýsingar ekki enn fengnar um dvalarstaði þeirra frá fæðingu. Að öðru leyti hafa öll börn verið tekin úr okkar skrá sem dvöldust á Hlíðarenda. Ég taldi rétt að velja þar ekkert úr ef ske kynni að einnig fyndust börn sem ekki hefðu hlotið nein mein af dvölinni. Þess er vitaskuld rétt að geta að þessi tala 14 börn segir ekkert um það hversu mörg börn í heild hafa beðið tjón af barnaheimilivist. Um það veit enginn að svo stöddu. Tel ég að nauðsyn beri til að rannsaka það í heild sinni sem allra fyrst á vísindalegan hátt þar sem um svo alvarlegt mál er að ræða.

Loks má nefna að auk þeirra 960 skýrslna sem þessi 14 börn eru tekin úr, hef ég undir höndum um 1600 skýrslur yfir börn sem ég eða samverkamenn mínir hafa séð á liðnum árum. Flest þeirra eru úr Reykjavík. Mér hefur ekki unnist tími til að kanna þær skýrslur, en að óathuguðu máli og eftir því sem minni mitt segir hef ég ekki ástæðu til að ætla að útkoman sé önnur úr þeim hópi.<sup>217</sup>

Á meðan þessum bréfaskiptum gekk komu málefni vöggustofunnar til frekari umfjöllunar á opinberum vettvangi. Í grein sem Adda Bára Sigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sósíalístaflokksins 1962 til 1966 ritaði í *Þjóðviljann* 14. apríl 1967, sagði að síðastliðin fimm ár hefði ekki linnt aðfinnslum um vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, bæði í barnaverndarnefnd og barna- og leikvallanefnd. Í greininni segir:

Fyrir einu ári þóttist ég vera búin að fylgjast nægilega lengi með þessu máli til að vita með vissu að engin breyting fengist fram nema gripið væri til annarra aðgerða en að ræða málið fyrir luktum dyrum þessara tveggja nefnda. Ég fól því fulltrúa Alþýðubandalagsins í barnaheimila- og leikvallanefnd í samráði við fulltrúa þess í barnaverndarnefnd, Gyðu Sigvaldadóttur, að tilkynna framkvæmdastjóra nefndarinnar Jónasi B. Jónssyni fræðslustjóra, að ég myndi taka málið fyrir á borgarstjórnarfundum, ef ekki yrðu gerðar ráðstafanir til úrbóta. Árangur þessarar

<sup>217</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. F 83.

hótunar var sá að fenginn var uppeldisfræðingur, frú Valborg Sigurðardóttir, til að líta reglulega eftir heimilinu, tvær fósturur voru ráðnar og leikföng keypt, en eftir því sem ég best veit hefur sjálfu uppeldisfyrirkomulaginu í engu verið breytt.<sup>218</sup>

Í kjölfarið fjallar Adda Bára um þá annmarka sem hún telur enn vera á rekstri vöggustofunnar:

En hvað er þá athugunarvert við heimilið? Fyrstu kynni mín af því voru þau að stúlka sem ég þekkti komst í þær aðstæður fyrir um það bil 10 árum að þurfa að biðja stofnunina fyrir barn sitt í nokkra mánuði. Barnið var eðlilega þroskað þegar það fór þangað – en þegar það kom þaðan sjö mánaða gamalt hélt það ekki höfði. Sjálf átti ég þá barn á sama reki og munurinn skar hastarlega í augu. Sem betur fer beið þetta barn ekki varanlegt tjón af vistinni, sem var heldur ekki löng.<sup>219</sup>

Adda Bára nefndi einnig í grein sinni að hún hefði á fundi í Kvenréttindafélagi Íslands rætt við menntaskólastúlku sem hafði unnið á Silungapólli sumarlangt og sagt eitthvað á þá leið að það væri ótrúlegt hvað börnin sem kæmu frá Hlíðarenda væru vesöl. Starfstúlkur á Silungapólli væru látnar punda í þau lýsi til að láta braggast, en börnin kynnu ekki að borða sjálf og þau væru gersamlega ótalandi. Nokkru síðar hefði hún komist í kynni við Idu Ingólfssdóttur fósturu í Steinahlíð sem hefði lesið henni pistilinn sem borgarfulltrúa með svofelldum hætti:

Borgarstjórnin rekur á Hlíðarenda stofnun sem er til skammar. Stofnunin er skipulögð og starfrækt eins og um spítala væri að ræða. Starfsstúlkur ganga þar vaktir og barnið kynnist ekki neinni þeirra annarri fremur, það fær engan staðgengil fyrir móður sína. Börnin eru mötuð með skeið allan tímann (fram yfir tveggja ára aldur) og allur matur er í kássuformi. Þau eru óhæfilega mikinn hluta sólarhringsins í rúminu. Það er farið að undirbúa nóttina klukkan hálf fimm, og frá klukkan sex og til morguns eiga þau að sofa nætursvefni. Börnin læra ekki að umgangast hluti á eðlilegan hátt, í herbergjum þeirra eru tæpast önnur húsgögn en rúmin ein. Allar aðstæður eru þannig úti og inni að börnin hafa engin skilyrði til eðlilegs þroska.

Fyrir nokkrum áratugum mun hafa verið talið eðlilegt að hafa vöggustofur með þessu sniði. Menn tóku að vísu eftir því að börn sem dvöldust á slíkum stofnunum urðu langt á eftir öðrum börnum um þroska, en töldu að við því væri ekkert að gera. Þeir gerðu sér grein fyrir því hve háskalegar afleiðingarnar gátu orðið fyrir börnin síðar í lífi þeirra.

---

<sup>218</sup> Þjóðviljinn 14. apríl 1967, bls. 5.

<sup>219</sup> Þjóðviljinn 14. apríl 1967, bls. 5. Eins og fram kemur í kafla 4.3.1. hér að framan var skýrt frá því á fundi barnaverndarnefndar Reykjavíkur 28. apríl 1966 að Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar, hefði tekið að sér að annast uppeldislegar leiðbeiningar og eftirlit á vöggustofunni. Enn fremur sagði í fundargerðinni að ákveðið hefði verið að ráða fósturu á vöggustofuna.

Fyrirkomulag vöggustofunnar á Hlíðarenda er arfur frá þessum tíma. Thorvaldsenskonur, sem áratugum saman hafa unnið fórnfúst starf við fjársöfnun fyrir vöggustofuna, vilja auðvitað vel en þeir sem þarna stjórna og skipuleggja hafa bara ekki fylgst með tímanum.

Í framhaldinu fjallar greinarhöfundur um fundinn sem borgarstjóri kallaði saman eftir framkomna gagnrýni Sigurjóns Björnssonar. Jafnframt gagnrýndi hún að Valborg Sigurðardóttir, fóstura og skólastjóri fósturskólans Sumargjafar hafi ekki mætt á fundinn og að álit hennar hafi hvergi komið fram.

Enn var fjallað um málefni vöggustofunnar í grein sem birtist *Tímanum* 25. apríl 1967 eftir Valborgu Bentsdóttir, sem þá sat í barnaverndarnefnd Reykjavíkur og var auk þess ritari nefndarinnar. Valborg hafði þá setið í barnaverndarnefnd síðan 1962. Greinin bar heitið „Bænaskrár á barnadaginn“ en þar var starfsemi vöggustofunnar gagnrýnd harðlega og henni lýst á þann veg að stofan væri

[...] hús úr harðviði og gleri til að láta litlar manneskjur hýrast þar í skugga ástleysis í köldu og persónulausu spítalahreinlæti, áratug eftir að aðrar menningarþjóðir voru í óðaönn að dæma dvalarvöggustofur ónothæfar og unnu því markvisst að því að leggja þær niður.

Í greininni beinir höfundur orðum sínum til félagskvenna Thorvaldsensfélagsins og veltir upp hugmyndinni hvort rekstur vöggustofunnar í þáverandi mynd feli í sér mistök:

En mistökin á dvalarvöggustofunni eru ekki fyrst og fremst byggingin heldur einkum og sér í lagi reksturinn. Stofnun sem ætluð er heilbrigðum börnum til uppeldis er rekin með sjúkrahúsyrirkomulagi með lækna og hjúkrunarlið í fyrirsvari í stað uppeldisfræðinga og fóstura.

Viljið þið koma með mér í litlu dagvöggustofuna sem eru á sömu lóð í húsi sem er lítið og lágkúrulegt við hliðina á stóra steinhúsinu ykkar. Á þessu heimili hefur að mínu viti verið gert allt til að gera litlum öngum vistina góða, meðan mæður verður að gegna því hlutverki að vinna sér og þeim farborða. Litlu hnokkarnir eiga flestir móðurfaðminn að hverfa að og geta til næsta morguns og alla almenna frídaga notið nærveru móður og umhyggju hennar. Þau geta sofnað hvert kvöld með vitund um móður sem þykir vænt um þau.

Um það bil sem þau eru að búast til heimferðar með mæðrum sínum skulum við bregða okkur aftur að stóra, fallega húsinu og litast þar um bekk. Litlu öngunum þar er ætlað að byrja nótt upp úr nóni. Þau eru nú komin ofan í rúm. Þau þekkja ekki að til sé nokkur mannvera sem láti sér annt um þau öðru fremur. Móðirin er fjarverandi af einhverjum orsökum og engin hefur gert tilraun til að koma í hennar stað. Þau liggja sápuþvegin og sljó, í hvítum rúmfötum þar sem varla sést blettur eða hrukka, hreinlætið fullkomið en kuldinn alger. Þau eru þess ekki umkomin að gráta

vöntun sína. Vitund þeirra hefur ekki þroskast til að hafa einhvers að sakna. Máskæ liggur einhver litli snáðinn á fjórum fótum og ruggar sér fram og aftur eins og var þegar ég kom þar fyrir skömmu. Sérfræðingar segja að þetta sé merki um taugaveiklu og sé mjög algengt að hún stafi af tilfinningalegri vanhírðu. En borin von er að nokkur gangi hjá sem sinnir slíku. Og þessi litla manneskja sofnar að lokum vansæl án þess að skynja það. Og næsti dagur sama sagan, sápuþvottur, algert athafnaleysi og matur úr skeið.

Og nú spyr ég, góðu konur, gætuð þið hugsað ykkur slíkt hlutskipti handa börnum ykkar og barnabörnum tvö fyrstu æviárin eða lengur?<sup>220</sup>

Unnur Schram, formaður Thorvaldsensfélagsins, gerði athugasemdir við grein Valborgar fyrir hönd félagsins sem birtust í *Tímanum*, *Morgunblaðinu*, *Alþýðublaðinu* og *Þjóðviljanum* 29. apríl 1967. Var þar bent á að Reykjavíkurborg annaðist starfsemi vöggustofunnar og rekstur hennar væri því félaginu óviðkomandi. Um þá gagnrýni sem fram hefði komið á fyrirkomulag vöggustofunnar sagði svo í grein Unnar:

Þegar félagskonur réðust í byggingu þessa fyrir 7 árum var leitað til heilbrigðismálanefndar, sérfræðinga í byggingarmálum, forstöðukvenna dagheimila, hjúkrunarkvenna, lækna o.fl.

Arkitekt byggingarinnar og fræðslustjóri fóru utan til þess að kynna sér fyrirkomulag slíkra stofnana í nágrannalöndunum og seinna fór ráðin forstöðukona vöggustofunnar og dvaldist á vöggustofum til að kynna sér rekstur þeirra.

Er byggingin hófst var allt í samræmi við ströngustu kröfur í nágrannalöndunum.

Frú Valborg fer því ekki með rétt mál þar sem hún segir að vöggustofa þessi sé byggð eftir löngu úreltu fyrirkomulagi.

[...]

Forstöðukona var ráðin frk. Auður Jónsdóttir, er hafði hin ágætustu meðmæli frá hjúkrunarkonum og læknum og einn af okkar færustu barnalæknum var ráðinn að heimilinu. Félagskonur sáu áralangt erfiði að baki, horfðu glaðar fram á veginn til baráttu að ný. Allt gekk að óskum þar til stofnunin dróst inn í hina pólitísku hringiðu.

Heilbrigð gagnrýni er í öllu ákjósanleg, ef hún er byggð á reynslu og þekkingu.

---

<sup>220</sup> *Tíminn* 25. apríl 1967, bls. 8.



Eitt vildum við taka fram að hvorki Sigurjón Björnsson eða Adda Bára Sigfúsdóttir er mest hafa gagnrýnt þetta heimili hafa aldrei þar inn fyrir dyr komið.

Við erum mjög undrandi yfir að aðili að barnaverndarnefnd borgarinnar skuli ráðast að stofnun þessari þar sem henni er kunnugt um að þetta er eini staðurinn sem einstæðar mæður geta haft börn sín til dvalar yfir sólarhringinn, vitandi það að allt er gert til að láta þeim líða sem best. Dagheimili eru ágæt og ákjósanleg fyrir þær mæður er geta notfært sér þau. Það gerist margt hér í borginni á morgnanna áður en flest fólk vaknar. Þær mæður sem hafa börn sín á dagheimilum eru sjálfsagt örpreyttar er þær mæta til vinnu á morgnanna. Íslensk veðrátta hefur löngum verið miskunnarlaus og hörð yfir vetrarmánuðina. Er því hægt að geta sér þess til, hvílkir erfiðleikar eru hjá þessum mæðrum, sem þurfa að brjóta sér langar leiðir til dagheimila með börn, annaðhvort í barnavögnum eða með þau í fanginu til strætisvagna, því fæstar af þeim hafa bíl til umráða.<sup>221</sup>

Morgunblaðið og Þjóðviljinn birtu 28. og 29. apríl yfirlýsingu frá móður tveggja barna á vöggustofunni þar sem hún lýsti með jákvæðum hætti reynslu sinni af vöggustofunni en annað barnið dveldi þar enn.<sup>222</sup> Í yfirlýsingunni segir:

Það er ekki áreynslulaust fyrir móður að þurfa að láta barnið sitt frá sér, jafnvel þótt um stundarsakir sé. Mér var það því ómetanlegur styrkur er ég kom þar fyrst með barn mitt, að fá það í hendur forstöðukonunni, sem tók við því sem blíðasta móðir og fannst mér og finnst að þannig ættu forstöðukonur einmitt að vera. Síðan kynntist ég öðrum starfsstúlkum vöggustofunnar. Samskipti þeirra við börnin eru að mínum dómi með þeim ágætum að þeim sem þekkja þar ekki til getur ekki órað fyrir því. Ég hefi aftur á móti verið þar tíður gestur um lengri tíma og því getað fylgst með þessum börnum sem mér hefur ætíð virst dafna svo vel. Og hvað viðkemur mínum börnum þá vil ég taka það fram að ég stend í mikilli þakkarskuld við Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins því að þar fengu þau þá umönnun sem þau þörfuðust en sem ég um skeið gat ekki búið þeim hjá mér. Og svo raunveruleg var hrifning mín af þessari starfsemi Thorvaldsensfélagsins að ég sótti um inngöngu í félagið til þess að eiga þess kost, þegar aðstæður mínar leyfðu, að leggja lið hugsjón þeirra kvenna „sem vörðu tíma sínum og kröftum til að safna fé til að hýsa munaðarlaus og veglaus börn.“

Svo er að sjá sem „gróðrarstía andlegrar veiklunar“ sé til hér í bæ, en hana er svo sannarlega ekki að finna í Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins að Hlíðarenda.

<sup>221</sup> Tíminn 29. apríl 1967, bls. 2.

<sup>222</sup> Vöggustofunefnd hefur staðreynt að tvö börn konu með sama nafni voru vistuð á á vöggustofunni,

Vona ég að vöggustofan megi hér eftir njóta sannmælis og þær konur og starfslíð sem að þessari stofnun standa fá frið til að vinna áfram mannúðarstarf sitt fyrir minnstu borgaranna.“<sup>223</sup>

Í annarri grein sem Valborg Bentsdóttir ritaði í *Tímann* 26. maí 1967 fagnaði hún því sérstaklega að „sú stefnubreyting hefði orðið á málefnum yngstu skjólstæðinga Reykjavíkur“ að fósturmenntuð kona hefði tekið að sér að veita Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins forstöðu. Tilkynt hafði verið um ráðningu Ragnheiðar Jónsdóttur 25. apríl 1967. Í greininni tók Valborg fram að hvað sem liði kostum og menntun Ragnheiðar haggði það ekki þeirri staðreynd að best færi á því að sem fæst börn dveldu á vöggustofunni og þá sem skemmst. Síðan viku hún að grein formanns Thorvaldsensfélagsins:

Formaður Thorvaldsensfélagsins var að senda mér tóninn í blöðunum á dögnum vegna ummæla mína um dvalarvöggustofu sem ber nafn þess félags. Vegna nafngiftarinnar tel ég að stofnunin starfi að nokkru leyti í skjóli félagsins, þótt ég viti mætavel að Reykjavíkurborg ber rekstrarkostnaðinn.

Formaður ergir sig yfir því að ég skuli vera að benda á að ráðist hafi verið í þessa byggingu löngu eftir að aðrar menningarþjóðir voru farnar að vinna að því að leggja slíkar stofnanir niður, einfaldlega vegna þess að þær hafa gefist illa, hversu mikil alúð sem við þær hefur verið lögð. Formaðurinn segir að þessi bygging hafi hafist fyrir sjö árum, myndi það ekki vera um 1960. Árið 1951 kom út í Genf skýrsla sem Englendingurinn dr. Bowlby hafði samið. Bowlby starfaði á vegum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar og byggði skýrslu sína á rannsóknum sérfræðinga víðs vegar í heiminum. Sérfræðingarnir voru sammála um að börn væru í alvarlegri hættu varðandi geðheilsu ef þau væru svipt móðurumhyggju í frumbernsku. Skýrsla þessi varð til þess að breyta starfsemi ungbarnavistana og markvisst var farið að vinna að því að leggja dvalarvöggustofur niður. Tæpum áratug síðar er farið að grafa fyrir stórrí dvalarvöggustofu til að gefa Reykjavíkurborg hana. Þetta er það sem ég var að vekja athygli á í grein sem ég skrifaði á barnadaginn.

Í framhaldinu fjallar Valborg um það sem hún telur skipta mestu máli við uppbyggingu barnaheimila:

Ég harma það hve ráðunautar Thorvaldsensfélagsins hafa verið því til lítilla heilla hafi þeir bent hinum áhugasömu konum á þessa tegund heimila æskilega og aðkallandi. En eitt ég vil fullvissa um að slíkar stofnanir hafa ekki verið á óskalista heildarsamtaka kvenna hér á landi þá rúma tvo tugi ára sem ég hef kynnt mér samþykktir þeirra. Á óskalista kvennasamtakanna standa stofnanir eins og

---

<sup>223</sup> Morgunblaðið 28. apríl 1967, bls. 21 og Þjóðviljinn 29. apríl 1967, bls. 4. Í vistunarskjöllum kemur ekki fram hvers vegna eldra barn konunnar var vistað á vöggustofunni. Um yngra barnið segir hins vegar að það hafi verið vistað á vegum Thorvaldsensfélagsins þar sem móðirin vinni úti og faðirinn sé í háskólanámi.

dagvöggustofur, dagheimili, leikskólar, systkinaheimili og síðast en ekki síst mæðraheimili. Að slíkum samþykktum stendur fjöldi kvenna úr öllum stjórnámálaflokkum víðs vegar af landinu. Segir það ekki einhverja sögu um hvar þörfin er talin brýnust af þeim sem gerst þekktja?

Það hefur verið álit kvenna að börn þyrftu að eiga athvarf hjá móður eða fósturmóður til að geta dafnað og móðir þurfi að hafa barn sitt í skjóli eigi hún að vera hamingjusöm. Þess vegna hefur barátta kvennasamtakanna beinst að því að gera konunni kleifa þá skyldu að láta börnum sínum umhyggju í té, þótt nútíma atvinnuhættir valdi því að hún þarf að koma þeim í gæslu hluta sólarhrings.

Konur hafa löngum talið að veruleg dvöl ungbarns fjarri móður sé ekki holl. Þetta álit hafa þær að mestu byggt á eigin brjóstviti og reynslu, en nú styðja það sérfræðingar um allan heim og sanna á vísindalegan hátt. Þess vegna er það [raunalegt] að nú sé hástöfum verið að mæla því bót í blaðaskrifum formanns kvenfélags sem telur sig bera hag barna fyrir brjósti að vegna óblíðrar veðráttu og mikilla vegalengda sé það indælst að geta vistað börn til langframa á dvalarvöggustofu. Vegna veru minnar í barnaverndarnefnd eru mér kunn of mörg mál þar sem tengsl móður og barns hafa rofnað vegna þess að þessi kostur var valinn og þegar átti að taka upp þráðinn að nýju var það um seinan og óhamingja og mistök á næsta leiti.

Borgarstjóri ritaði Barnaverndarráði bréf, dags. 19. maí 1967, þar sem hann sendi ráðinu samþykkt borgarstjórnar frá 6. apríl sama ár, um að óskað yrði eftir því við Barnaverndarráð að það tæki til athugunar hvort þær staðhæfingar sem Sigurjón Björnsson setti fram á fundi borgarstjórnar 2. mars, um að sum barnaheimili væru „gróðrarstía andlegrar veiklunar“, ættu við rök að styðjast. Fór borgarstjóri þess á leit að ráðið tæki erindið til meðferðar en bréf borgarstjóra ber með sér að því hafi fylgt ákveðin gögn, m.a. fundargerð fundarins 9. mars 1967, sem og þau bréfaskipti borgarstjóra og Sigurjóns sem að framan eru rakin. Þá fylgdi bréfinu einnig skýrsla lækna vöggustofunnar til borgarstjóra, sem móttækin var 14. mars 1967. Í bréfi borgarstjóra vakti hann athygli á tilmælum Sigurjóns um að með skýrslur hans yrði farið sem trúnaðarmál og að Sigurjón óskaði eftir því að vera viðstaddur þegar mál hans yrði tekið til afgreiðslu. Þá lýsti borgarstjóri því að hann liti svo á að sama ætti við um skýrslur lækna vöggustofunnar og að hann teldi eðlilegt að þeim yrði gefinn kostur á að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum við afgreiðslu málsins.<sup>224</sup>

Á fundi borgarstjórnar 3. nóvember 1967 spurðist Sigurjón fyrir um það hvað miðaði rannsókninni á starfsháttum Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem borgarstjórn hefði samþykkt að fela Barnaverndarráði Íslands. Í svari borgarstjóra á fundinum las hann upp bréf ráðsins þar sem fram kom að ráðsmenn hefðu kynnt sér þessi mál og meðal annars leitað

---

<sup>224</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. F 83.

upplýsinga erlendis um þær kenningar sem uppi væri um rekstur slíkra stofnana. Rannsókn málsins væri hins vegar ekki lokið og endanlegs svars væri ekki að vænta strax. Sigurjón ítreaði í kjölfarið kröfu sína um „undanbragðalausar rannsókn á málinu“ og kvaðst vænta þess að ýtt yrði við rannsókninni.

Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur sama ár bera þess merki að aukin vitund hafi verið gagnvart þeirri hættu sem væri samfara því að börn dveldu of lengi á vöggustofu. Á fundi barnaverndarnefndar Reykjavíkur 7. maí 1967 var fjallað um málefni þriggja bræðra sem höfðu ýmist dvalið meira en hálf tveimur og á þriðja ár á vöggustofunni. Í fundargerð er rakið að það hafi verið samdóma álit læknis og forstöðukonu vöggustofunnar sem og sálfræðings barnaverndarnefndar að drengirnir þyrftu meiri og nákvæmari umönnun en barnaheimili er fært að veita, enda væri ekki gert ráð fyrir að börn dvelji svo lengi á vöggustofunni sem þeir hefðu gert og hvað þá lengur. Kemur fram að drengirnir hafi síðan farið í fóstur.<sup>225</sup>

Vöggustofunefnd hefur einnig farið yfir skýrslur vegna einstakra barna sem starfsfólk barnaverndarnefndar Reykjavíkur færði á tímabilinu 1962 til 1966 og bréf nefndarinnar vegna einstaklingsmála á tímabilinu 1967 til 1974. Var það gert til þess að varpa ljósi á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og ástæður þess að börn voru vistuð þar.<sup>226</sup> Skýrslurnar fjalla að miklu leyti um foreldra sem barnaverndarnefnd eða starfsfólk hennar taldi tilefni til þess að fylgjast með þar sem áhyggjur voru af því að börnum væru ekki búin viðunandi uppeldisskilyrði. Í þessum skýrslum er, rétt eins og í málum foreldra sem áttu börn á Vöggustofunni Hlíðarenda, oft vikið að aðstæðum barna sem ekki gátu farið aftur heim til foreldra og lýst yfir áhyggjum starfsfólks af því að þau hafi dvalið of lengi á vöggustofu. Væri rétt að huga að því hvort unnt sé að koma þeim í fóstur, ef vandi foreldra leystist ekki.

#### 4.3.3 Rannsókn Barnaverndarráðs í kjölfar ummæla Sigurjóns

Ljóst er að Barnaverndarráð varð við þeirri beiðni sem sett var fram í samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur frá 6. apríl og bréfi borgarstjóra til ráðsins 19. maí sama ár um að „rannsaka, hvort staðhæfingar Sigurjóns Björnssonar á borgarstjórnarfundi 2. mars sl. um, að sum barnaheimili hér í borg séu „gróðastía andlegrar veiklunar“ hafi við rök að styðjast.“

---

<sup>225</sup> BSR. Félagsmálastofnun. Fundargerðir Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 23. júní 1966 til 25. febrúar 1970, bls. 114-115.

<sup>226</sup> BSR. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Skýrslur vegna barna 250 1962-1966. Askja 285. - Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Bréf vegna einstaklingsmála o.fl. 1967-1974, Askja 92.

Í bréfi Sigurjóns til Barnaverndarráðs, dags. 15. júní 1967, kemur fram að hann hefði í borgarstjórn greitt atkvæði gegn tillögunni í þeirri mynd sem hún var borin upp í borgarstjórn. Um ástæður þessa vísaði Sigurjón til þess að honum hafi í fyrsta lagi þótt eðlilegra að rannsóknin beindist að því sem gagnrýnt var, fremur en gagnrýninni sjálfri. Í öðru lagi lýsti Sigurjón efasemdum um að Barnaverndarráð teldist hlutlaus rannsóknaraðili þar sem líklegt mætti telja að rannsóknin leiddi í ljós að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefði ekki rækt eftirlit sitt með vöggustofunni sem skyldi, en nefndin heyrði undir ráðið. Síðan segir:

Enda þótt sú hafi orðið raunin á að mál þetta er komið í hendur Barnaverndarráðs vil ég taka fram að ég sé ekki ástæðu til þess að amast við þeirri málsmeðferð þó að mér þyki hún óþarflega hæpin formlega séð. Ástæðan til þess að ég sætti mig við orðinn hlut er að af þeim kynnum sem ég hef haft af núverandi Barnaverndarráðsmönnum finnst mér ég geta fyllilega treyst dómhæfni þeirra og sanngirni til að meta þetta mál og gera sér grein fyrir hvort ráðið getur talist málsaðili eða ekki.

Jafnframt sem ég vildi skýra Barnaverndarráði frá þessari afstöðu minni vil ég einnig minnast á tvennt annað.

Í þeim gögnum sem Barnaverndarráði hafa borist mun ekki koma nægilega skýrt fram hverjar aðalumbætur ég tel að gera þurfi á vöggustofunni svo að starfsræksla hennar geti talist í samræmi við nútíma sjónarmið. Í erindi sem ég flutti á fundi með Borgarstjóra o.fl. þann 9. mars sl. kom þetta hins vegar nokkuð ljóst fram. Því læt ég erindi þetta fylgja þessu bréfi.

Þegar þessar tillögur mínar eru athugaðar í ljósi þess sem gerst hefur síðan gagnrýnin kom fyrst fram dylst ekki að forráðamenn vöggustofunnar hafa gert ýmsar þær umbætur sem ég tel að miði í rétta átt. Þar sem það var vitaskuld tilgangur gagnrýninnar að stuðla að umbótum leiðir af þessu að ég tel rannsókn á fyrirkomulagi og uppeldisskilyrðum stofnunarinnar ekki eins aðkallandi og í upphafi.

Að lokum vildi ég svo mega minna á að Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins var ekki á dagskrá á fundi borgarstjórnar þann 2. mars sl. þegar gagnrýnin var sett fram heldur fléttaðist sú stofnun inn í umræðurnar. Þessar umræður urðu nokkuð harðar og geri ég ráð fyrir að ég myndi hafa orðað ummæli mín öllu vægilegar ef öðru vísi hefði staðið á þótt ég haldi fast við að verulegra umbóta hafi verið (og sé að nokkru leyti enn) þörf á starfsrækslu vöggustofunnar.

Í bréfi til Barnaverndarráðs, dags. 31. október 1967, spurði borgarstjóri hvernig liði afgreiðslu á erindi borgarstjórnar til ráðsins, dags. 19. maí 1967, um ummæli Sigurjóns Björnssonar um rekstur vöggustofanna. Á borgarstjórnarfundi 2. nóvember 1967 spurðist Sigurjón einnig fyrir um hvernig rannsókninni miðaði.

Í bréfi Barnaverndarráðs til borgarstjóra, dags. 2. nóvember 1967, sem allir meðlimir ráðsins undirrituðu, kemur fram að því hafi þótt rétt að taka málið til athugunar enda þótt því væri ljóst að starf þess sjálfs gæti komið til athugunar varðandi eftirlit með barnaheimilum Reykjavíkurborgar. Hefði ráðið talið rétt „að gera tilraun til að kanna það“ eftir að hafa rætt við „aðstandendur málsins“ eins og segir í bréfinu. Síðan segir:

Barnaverndarráð byrjaði á því að kanna á ný rekstur og ástand tiltekinna barnaheimila í borginni, þ.á m. vöggustofunnar að Hlíðarenda og bera það saman við það ástand er það taldi og telur að eigi að vera á slíkum stofnunum. Það hófst einnig handa um athugun á fyrirkomulagi og rekstri slíkra heimila erlendis og nýjustu kenninga á þeim sviðum. Af því efni fór formaður barnaverndarráðs á síðastliðnu sumri til Noregs og Danmörku til að kynna að nokkru rekstri slíkra heimila þar. Virðast skoðanir fræðimanna að vissu leyti skiptar og breytilegar.

Að því er varðar þann litla hluta málefnsins er veit að nánari könnun á rekstri barnaheimilanna frá upphafi og áhrif vistar þar á sálarlíf barnanna, hefur barnaverndarráð ekki lokið afgreiðslu málsins. Getur það að sjálfsgöðu orðið flókin og torsótt rannsókn sem hlýtur að taka langan tíma og þarfnast aðstoðar fræðimanna. Liggur ljóst fyrir að fræðilegur og hagnýtur árangur hennar verður næsta óviss.

Barnaverndarráð hefur þess vegna ekki enn lokið afgreiðslu þessa máls, svo að endanlegs svars þess er ekki að vænta þegar í stað. Skortir það enn einnig mikilvæg gögn ýmsum atriðum til skýringar. Að þeim fengnum mun það reyna að hraða álitinu.

Barnaverndarstarfið er erfitt og vanþakklátt starf og því mjög áriðandi að allir sem geta leggi því lið. Jafnvíst er hitt að allir sem vinna að því, hvort sem það er ríkisstjórn, bæjar- eða borgarstjórnir, sveitarstjórnir, barnaverndarráð, barnaverndarnefndir eða starfslíð greindra stofnana vilja eftir fremsta megni leggja sig fram til þess að sem bestur árangur náist. Naumast verður þess þó vænst að allir þeir aðilar sem eigi að hafa einhver afskipti að rekstri eða stjórn barnaheimila geti fylgst nákvæmlega með daglegum innanhúss rekstri þeirra.

Það er að sjálfsgöðu best fyrir málefnið að allir þeir sem um það eiga að fjalla styðji hver annan sem best, og jafnvel aðfinnslur, áminningar og hvers konar gagnrýni geta komið og koma að góðu haldi til umbóta og framfara, enda séu þær gerðar af þekkingu, skilningi og sanngirni.

Meginmáli skiptir að umrædd vöggustofa og önnur barnaheimili borgarinnar séu rekin eins vel og kostur er á, þ.e. í samræmi við uppeldisleg megin sjónarmið, sem flestir sérfræðingar telja að gæta beri við rekstur barnaheimila á hverjum tíma.

Rannsókn Barnaverndarráðs tók um þrjú og hálf ár frá því að borgarráð vísaði málinu til þess í apríl 1967 en ráðið kynnti ekki í niðurstöður sínar fyrr en í október 1970. Í bréfi Barnaverndarráðs til borgarstjóra sem ritað er í október 1970, án þess að frekari dagsetning sé þar tilgreind, kemur fram að ráðið hafi aflað ýmissa gagna í þágu rannsóknar sinnar sem gerð er grein fyrir í bréfinu. Þannig er rakið í bréfinu að Barnaverndarráð hafi kannað sérstaklega feril 10 barna sem Sigurjón Björnsson hafi vísað til í gagnrýni sinni. Segir þar í fyrsta lagi um gagnaöflunina að ráðið hafi aflað skýrslna frá forstöðukonum vöggustofanna um hvert þessara barna við komu í vöggustofuna og brottför þaðan og einnig fengið skýrslur frá læknum vöggustofanna. Þá hafi einnig legið fyrir útdráttur Sigurjóns Björnssonar úr gögnum Geðverndardeildar barna um sömu börn.

Eins og rakið er hér að framan, fékk borgarstjóri skýrslu lækna vöggustofanna 14. mars 1967 og sendi Barnaverndarráði með bréfi sínu, dags. 19. maí 1967. Í skýrslunni kemur fram að þar sé fjallað um alls 14 börn sem hafi dvalið á vöggustofum borgarinnar og síðar komið til rannsókna á Geðverndardeild barna. Segir þar jafnframt að 12 þessara barna hafi dvalið á Vöggustofunni Hlíðarenda en 2 á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Í skýrslu lækna er einnig lýst högum barnanna samkvæmt upplýsingum forstöðukvenna vöggustofanna og Þorkels Kristjánssonar, framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar. Af þessum upplýsingum er ljóst að mismunandi ástæður voru fyrir því að börnin voru vistuð á vöggustofunum. Þannig voru sum barnanna vistuð vegna óreglu foreldra, en önnur vegna veikinda, dagvistunar- og húsnæðisvanda eða þess að móðir vann úti. Þá var eitt barnanna vistað vegna þess að grunur var um ofbeldi móður gegn barni. Einungis er fjallað um heimsóknir til tveggja þessara barna í skýrslu lækna, en bæði börnin dvöldu á Hlíðarenda. Er þess þá getið sérstaklega getið í öðru tilvikinu um heimsóknir móður til sonar á tímabilinu september 1957 til desember 1958 að hún hafi „heimsótt hann reglulega“ og „[fengið] hann til sín.“ Í hinu tilvikinu segir um heimsóknir móður til dóttur á tímabilinu nóvember 1954 til júlí 1955 að hún hafi „jafnan [fengið] barnið til sín og [haft] það frammi á skrifstofu og látið vel að því“.<sup>227</sup>

Samkvæmt bréfi barnaverndarráðs til borgarstjóra fékk Barnaverndarráð Þórð Möller geðlækni til að gera athugun á skýrslum vöggustofanna og ummælum Sigurjóns og skilaði hann skýrslu um börnin, sem dagsett er 20. janúar 1969. Þá fékk ráðið skýrslur frá öðrum aðilum um börnin á meðan rannsókn þess stóð yfir, meðal annars frá skólum, um ástand barnanna, að því leyti sem unnt var að afla þeirra.

Af skýrslu Þórðar sem liggur fyrir í gögnum Borgarskjalasafns verður ráðið að hann hafi kannað vistunarskjöl hvers og eins barns á vöggustofunni ásamt skýrslum geðverndardeildar barna. Auk þess var aflað upplýsinga um það hvernig börnunum reiddi af síðar meir. Í skýrslu Þórðar kemur fram að tvö barnanna hafi síðar verið greind á einhverfurófi en eitt þeirra með

---

<sup>227</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.



alvarlega þroskahömlun. Í öðrum tilvikum er rætt um að skemmdir á líkamsvefjum og hugsanleg flogaveiki hafi ekki verið könnuð. Auk þess hafi sum barnanna búið við vanrækslu heima fyrir og að aðstæður þeirra hafi verið undir eftirliti barnaverndarnefndar og kallað á íhlutun nefndarinnar. Þá hafi síðar verið upplýst um tilefni vandamála annars drengs sem leitað hafi til geðverndardeildar, en þau hafi m.a. mátt rekja til hrottalegs eineltis og ofsókna af hendi annarra barna. Í skýrslu Þórðar segir síðan svo:

Af framangreindum upplýsingum virðist mér liggja nokkuð ljóst fyrir að í öllum tilvikunum 10 eru fyrir hendi veruleg atriði önnur en vöggustofudvölin sem gætu verið skýring á vandkvæðum barnanna. Í nokkrum tilvikum eru hugsanlegir möguleikar á því að vöggustofudvölin hafi verið hlekkur í atvikakeðju er verið hafi heilsuhnekkir fyrir barnið en vart öllu veigameiri en aðrir. Í nokkrum tilvikum er um að ræða fyrirbrigði sem engar örugglega þekktar skýringar eru á.<sup>228</sup>

Barnaverndarráð freistaði þess einnig að afla upplýsinga um daglega starfsemi vöggustofanna. Í fyrrnefndu bréfi ráðsins til borgarstjóra kemur fram að það hafi í þessu skyni aflað skýrslu barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 15. og 18. janúar 1967, skýrslu [...], fulltrúa barnaverndarráðs og Símonar Jóhannesar Ágústssonar, dags. 21. mars 1967, 21. maí 1967 og 1. nóvember 1967. Þá hafi Barnaverndarráð einnig aflað skýrslu Þorkels Kristjánssonar fyrrverandi fulltrúa barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 15. desember 1968 og skýrslu Auðar Jónsdóttur, sem gefin var sumarið 1970 samkvæmt ósk formanns Barnaverndarráðs. Þá er einnig vísað til skýrslu stafsmanns Barnaverndarráðs frá í júní 1969.

Umrædd gögn hafa öll fundist í Borgarskjalasafni. Í yfirlýsingu Þorkels Kristjánssonar, starfsmanns barnaverndarnefndar og síðar framkvæmdastjóra hennar, dags. 15. desember 1968, segir meðal annars svo:

Samkvæmt beiðni formanns Barnaverndarráðs Íslands sendi ég hér með lýsingu af kynnum mínum varðandi aðbúð barna er dvöldu á vöggustofunni Hlíðarenda.

Vöggustofan á Hlíðarenda var tekin í notkun í byrjun októbermánaðar 1949 og var frú Ólöf Sigurðardóttir ráðin forstöðukona stofnunarinnar. Frú Ólöf er hjúkrunarkona með sérmenntun í barnahjúkrun. Hjá Barnaverndarnefnd hafði frú Ólöf starfað um 5 ára skeið og var í alla staði talin valin starfskraftur og kom það einkum fram í því hvað hún var láginn í því að laða að sér börn og umgangast þau. Vegna þessara og annarra kosta var Ólöf valin til þess að stjórna vöggustofunni, enda reyndist hún þegar í stað hin ágætasti stjórnandi. Barnaverndarnefnd ráðstafaði á stofnun þessa börnum vegna margs konar heimilisaðstæðna, svo sem veikinda, vanhírðu, óreglu foreldra og fl. Yfirléitt var börnum ekki ráðstafað að Hlíðarenda, nema í neyðartilfellum og voru sum þessara barna mjög illa farin, vegna vankunnáttu

---

<sup>228</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961 til 1971. Askja F 83.

eða kæruleysis uppalanda. Flest þessara barna tóku þegar miklum framförum á Hlíðarenda. Ég kom alltaf vikulega og stundum daglega að Hlíðarenda og var oft viðstaddur þegar verið var að baða börnin og gefa þeim að borða á morgnanna. Virtust vinna að þessu ágætis stúlkur sem skiptu börnunum á milli sín þannig að hvert barn hafði sína fóstru eftir því sem við var komið. Virtust stúlkurnar sýna þeim stökustu nærgætni, töluðu og gældu við þau á meðan þær voru að gefa þeim að borða. Forstöðukonan leiðbeindi stúlkunum og eftir að borðhaldið var afstaðið og börnin komin inn á stofurnar fór hún þangað inn, tók hvert barn í fang sitt og lét vel að því. Þau sem komin voru á fót þyrptust utan um hana, en eftir að hún hafði tekið þau upp og kjassað þau fóru þau að leika sér að gullum sínum. Minni börnin tókust á loft í rúmumum, réttu upp hendurnar og heimtuðu að gert væri við sig og fengu þau eins og hin börnin eitthvað til að leika sér að og var við hvers eins hæfi.

Mér er ljúft að votta það að á Hlíðarenda var allt gert fyrir börnin sem hægt var og stóð í mannlegu valdi til þess að þeim liði vel og er ég viss um að sumum þeirra leið betur á Hlíðarenda en sínum eigin heimilum.<sup>229</sup>

Við athugun Barnaverndarráðs var einnig aflað undirritaðrar yfirlýsingar frá Auði Jónsdóttur sem þá hafði látið af störfum sem forstöðukona vöggustofunnar. Er þar lýst að barnaverndarnefnd hafi haft vöggustofuna til umsjónar og að börnin hafi komið frá heimilum sem nefndin taldi nauðsynlegt að kæmust að heiman. Fyrir því hafi getað legið margar ástæður, t.d. óregla á heimilum, veikindi o.fl. Þá hafi Thorvaldsensfélagið haft umráð yfir 5 plássum. Börnin á heimilinu hafi verið á aldrinum 0 til 2 ára, en vöggustofunni hafi verið skipt í þrjár deildir, með þeim hætti sem áður er rakið í skýrslunni. Síðan segir:

Í hverri deild voru 10 börn. Starfsstúlkurnar höfðu vaktavinnu eða 8 stunda vinnutíma, samkvæmt reglugerð starfsstúlknafélagsins Sóknar. Stúlkurnar unnu alltaf á sömu deildinni, nema á frídögum eða í forföllum. Tvær fóstrur höfðu eldri deildirnar til umsjónar, hvor hafði sinn víska hóp að hugsa um. Á yngstu deildinni var barneplejerske eða ungbarnafóstra frá Noregi. Með fóstrunum störfuðu starfsstúlkur á vakt. Voru tvær stúlkur á hvorri deild. Auk starfsstúlkna voru tvær stúlkur í eldhúsi, önnur sá um alla mjólkurblöndu í ungbörnin. Ein stúlka var í þvottahúsi. Á næturvakt voru alltaf sömu konurnar. Forstöðukona sem var hjúkrunarkona bjó í húsinu og var til taks dag og nótt ef með þurfti.

Dagurinn byrjaði snemma og endaði snemma. Á yngstu deildinni fengu börnin sína fyrstu máltíð kl. 6 en síðustu kl. 22. Eins og er samkvæmt ungbarnaskema. Á eldri deildinni vöknuðu börnin kl. 6 til 7, þá var þeim gefinn hafragrautur. Kl. 8.30 voru öll komin á fætur og ef veður var gott fóru þau út kl. 9. Áður en þau fóru út fengu þau brauð og ávexti. Um kl. 11:30 fengu þau hádegisverð. Frá kl. 12 til 14 var

---

<sup>229</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

eftirmiðdagsblundur. Þegar börnin vöknudðu fengu þau að drekka og fóru aftur út ef veður leyfði, annars á leikstofu.

Kvöldmáltíð var frá kl. 6 til 7. Við þennan tíma var miðað en ekki einskorðað. Læknir kom einu sinni í viku og skoðaði börnin og oftast ef með þurfti. Farið var með börnin í Heilsuverndarstöðina í sínar barnasprautur. Börn voru ekki lánuð út af heimilinu nema með leyfi barnaverndarnefndar. Heimsóknartímar voru tvisvar í viku sunnudag og fimmtudaga, voru þá mæður með börn sín. Misskilningur er að börnin hafi verið sýnd í gegnum gler á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Oft var fámenn í heimsóknartímum og ef til vill ekki hentað öllum sá tími. Mæður voru alltaf velkomnar að koma ef þær höfðu áhuga á því. Barnaverndarnefnd kom tvisvar til þrisvar yfir árið, og gerði hún aldrei neinar athugasemdir. Þorkell Kristjánsson kom oftast og hafði einna mest samband við heimilið. Ekkert samband var við Geðverndardeildina í Heilsuverndarstöðinni. Forstöðumaður Geðverndardeildarinnar Sigurjón Björnsson sálfræðingur kom aldrei á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, né fékk þar upplýsingar um heimilið. Er hann því mér með öllu ókunnugur.<sup>230</sup>

Í yfirlýsingu Auðar segir einnig að vöggustofan hafi verið rekin með svipuðu sniði og hún hefði kynnt sér á Norðurlöndum. Áður en heimilið tók til starfa hefði hún fengið styrk frá Thorvaldsensfélaginu til utanfarar og farið í gegnum danska hjúkrunarfélagið inn á fjórar vöggustofur í Danmörku en ein þeirra hafi verið dagvöggustofa. Þá hafi hún heimsótt tvær vöggustofur í Stokkhólmi.<sup>231</sup>

Í ódagsettri eftirlitsskýrslu kemur fram að Símon Jóhannes Ágústsson og starfsmaður Barnaverndarráðs hafi farið í eftirlitsferð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 21. mars 1967. Í skýrslunni eru forstöðukona og læknir nafngreind sérstaklega, en þar kemur einnig fram að auk þeirra hafi starfað tvær fósturur, ein „barneplejerske“ norsk, 12 hjálparstúlkur, auk næturvaktar. Er þar jafnframt fjallað um deildaskiptingu og að „barneplejersken“ sé yfir yngstu deildinni en lærðar fósturur yfir hinum deildunum, ein á hvorri. Auk þess séu hjálparstúlkur við allar deildirnar og aldrei færri en tvær í einu á daginn. Börnin séu úti á daginn, og þau fái þarna öll föt nema hlífðarföt. Öll börnin séu lögð inn á vegum barnaverndarnefndar, nema í fimm rúm sem Thorvaldsensfélagið hafi til ráðstöfunar. Síðan segir:

Að sögn forstöðukonu eru yfirleitt erfiðleikar, óregla og óreiða á heimilum barna þeirra, sem þarna eru, stundum veikindi. Foreldrar sumra barnanna eru lítið gefnir og lítilsigldir. Heimsóknartími er tvisvar í viku, og koma þá sumar mæðurnar en ekki allar. Börnunum eru ekki veitt rúm þarna nema til þriggja mánaða í senn. Að

<sup>230</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

<sup>231</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

lokinni dvöl fara sum börnin heim, hafi aðstæður batnað, önnur í fóstur, ýmist á einkaheimili eða á Silungapoll. Einstaka eru ættleidd.

Húsakynni eru góð, svo og hreinlæti og aðbúnaður.<sup>232</sup>

Í annarri handskrifaðri eftirlitsskýrslu Barnaverndarráðs, sem ber með sér að Símon Jóhannes Ágústsson hafi skrifað hana einn, í kjölfar heimsóknar 19. maí 1967, segir að alls sinni 16 stúlkur börnunum. Þar af séu 4 með yngstu deildina, 2 til 3 í einu, en 8 með efri deildirnar. Þá segir að alls vinni 23 stúlkur við heimilið, en þar af vinni tvær hálfan daginn.<sup>233</sup>

Í skýrslunni kemur fram að þrír sandkassar hafi verið settir upp á lóðinni fyrir þremur dögum og að börnin hafi verið úti og leikið sér í sandkössunum þegar heimsóknin fór fram. Kemur jafnframt fram að Símon hafi hringt í Ragnheiði Jónsdóttur, nýráðna forstöðukonu vöggustofunnar, í kjölfar heimsóknarinnar. Kom þar fram að hún hefði breytt ýmsu um rekstur en það yrði rætt við Barnaverndarráð í heimsókn sem fram færi á næstunni.<sup>234</sup>

Gögn í Borgarskjalasafni bera með sér að sú heimsókn hafi síðan farið fram í lok maí 1967, sbr. skýrslu, dags. 2. júní 1967. Segir þar að Ragnheiður hafi „breytt rekstri vöggustofunnar í ýmsu og virðist þær breytingar vera allar til bóta.“ Þá segir þar jafnframt að Ragnheiður reyni að „sinna og láta sinna börnunum eins mikið og unnt er.“ Í skýrslu Barnaverndarráðs er síðan rakið hvernig daglegu skipulagi á vöggustofunni var háttað eftir að Ragnheiður tók við:

Morgunverður kl. 8:30. Heilhveitibrauð og mjólk (fyrir eldri börn). Morgunverður var hafður kl. 6 áður.

Hádegisverður er nú milli 11 og 11:30. Var áður kl. 10:30.

Miðdegissvefn. Sofa til kl. 1 – 1:30 eða rúman kl. tíma. Nú eru börnin svæfð, verið hjá þeim á meðan þau eru að sofna. Síðan er farið með þau út.

Kl. 2:30 – 3. Heilhveitibrauð og mjólk.

Kl. 4 – 4:30. Appelsínusafi.

Kvöldmatur kl. 5:30 – 6. Síðan voru börnin böðuð og þau fara í rúm um kl. 7. Áður að sögn um kl. 3:30 – 4.

Börnin voru höfð eins mikið úti og unnt er. Þegar veður leyfir. Nú eru þau alltaf böðuð einu sinni á dag.

<sup>232</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

<sup>233</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

<sup>234</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

Heimsóknir eru tvisvar í viku, fimmtudaga og sunnudaga, auk þess eftir samkomulagi.

Læknir: Björn Júlíusson kemur reglulega á heimilið og auk þess þegar þörf krefur.<sup>235</sup>

Í minnisblaði um eftirlitsferð starfsmanns Barnaverndarráðs 24. október 1967, dags. 1. nóvember 1967, eru raktar frekari breytingar sem gerðar voru á rekstri og fyrirkomulagi vöggustofunnar eftir að Ragnheiður Jónsdóttir tók þar við forstöðu. Kemur þar fram að öll börn komi nú frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur en áður hafi Thorvaldsensfélagið haft fimm rúm til ráðstöfunar. Þar segir einnig:

Ragnheiður kveðst vilja leggja meiri áherslu á að hvert barn dveldist sem styst en gert hefði verið.

Matmálmáttímum var seinkað svo að eldri börnin eru klædd við máltíðir og sitja til borðs. Áður voru þau á náttfötum og voru mötuð, við morgunverð og kvöldverð.

Sandkassar voru fengnir, sem ekki voru áður.

Nýir stólar með örmum og vel stöðugir hafa verið teknir í notkun en þeir sem áður voru voru valtir.

Herbergjaskipan hefur verið breytt þannig að úr baðherbergi sem börnin ganga í beint úr garði koma leikstofur og inn af þeim svefnherbergi. Áður var röðin öfug, ganga þurfti í gegnum svefnherbergi til að komast í leikstofur. Ný rúmteppi í skærum litum hafa verið fengin á rúmin.

Heimilið rúmar 30 börn. Forstöðukonu finnst það of margt, finnst hæfilegt að hafa 24-26 börn og reynir að stefna að því.

[...]

Starfsfólk er: forstöðukona, 2 fóstrur, 1 ljósmóðir. Auk þess stúlkur sem gæta barnanna, eru þær samtals 11 1/2. Koma 4 á morgunvakt, en 1 fer til annarra starfa kl. 9:30, um miðjan dag eru 3, en á kvöldin eða eftir kl. 4 eru 4.

Á næturnar er föst vakt, 3 stúlkur, sem skiptast á og eru tvær í einu.<sup>236</sup>

Barnaverndarráð skoðaði vöggustofuna aftur í júní 1969 og kemur þar fram í skýrslu starfsmanns ráðsins að Brynhildur Sigurðardóttir fóstara hafi tekið við starfi forstöðukonu 1. maí 1968. Í skýrslunni kemur fram að heimilinu sé sem fyrr skipt í þrjár deildir eftir aldri

---

<sup>235</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

<sup>236</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

barnanna og starfi fjórar stúlkur á hverri. Þar af sé ein á hverri deild fóstura, en á yngstu deildinni sé auk þess ljósmóðir en hver deild sé ætluð 10 börnum. Síðan segir:

Ný viðbótarbygging var tekin í notkun í febrúar sl. sem ætluð var börnum á aldrinum 2-4 ára. Í þetta skipti dvöldust þar 9 börn. Hefur heimilið þá náð fullri stærð. Nýbygging þessi er mjög vistleg, smáherbergi, sem hvert um sig er ætlað 2-3 börnum, stór matsalur og býtibúr. Galli er þó fyrir starfsstúlkur að langt er að sækja matinn, sem sendur er úr eldhúsi í hinn enda byggingarinnar.

Börnin fá morgunmat kl. 8, eru síðan úti fram að hádegisverði, sem er kl. 11. - 11:30. Þau yngstu leggja sig eftir mat, eða flest tveggja ára og yngri. Síðan eru þau úti aftur, fá mjólk og brauð kl. 2:30 og appelsínusafa kl. 5. Þau borða kvöldmat kl. 6 og háttá síðan. Á sumrin eru þau úti til kl. 5-6.

Börn innan 2 ára eru böðuð á hverjum degi.

Farið er með yngri börnin í smágönguferðir og á róluvöll í nágrenninu en leiktæki eru væntanleg á heimilið.

Læknir heimilisins Björn Júlíusson kemur einu sinni í viku og skoðar börnin.

Heimsóknardagar eru tveir í viku og eru börnin yfirleitt alltaf heimsótt. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur ráðstafar flestum börnunum, en Thorvaldsensfélagið getur þó fengið rúm. Börnunum er ekki ætlað að dveljast lengur en 3 mánuði, þar sem þetta er upptökuheimili, en vegna ýmiss konar erfiðleika verður dvalartími oft lengri.

Hinn 31. mars 2023 veitti skýrslu starfsmaður Barnaverndarráðs sem hafði m.a. stundað eftirlit með vistheimilum í hlutastarfi á sjöunda og áttunda áratugnum. Kom þar fram að hann hefði heimsótt Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á starfstíma sínum í ráðinu en hann myndi þó ekki tilefnið. Að sögn starfsmannsins hafi eftirlit á þessum tíma einkum horft til ytri aðbúnaðar og hugsanlega einblínt um of á þætti á borð við aðstöðu, hreinlæti og mat. Eftir á að hyggja hefði átt að huga betur að líðan barna á vistheimilinu í eftirlitinu. Nefndi starfsmaðurinn í því sambandi sem dæmi að við eftirlitið hefði verið rætt reglulega við starfsfólk en ekki hafi verið rætt sérstaklega við börnin. Þá hafi eftirlitinu verið hagað þannig að heimsóknir voru boðaðar fyrirfram.

Í bréfi Barnaverndarráðs til borgarstjóra sem ritað er í október 1970, án þess að frekari dagsetning sé þar tilgreind, er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum ráðsins. Þá einkum sannleiksgildi ummæla Sigurjóns Björnssonar um að sum barnaheimili í Reykjavík væru rekin með þeim hætti að „í stað þess að verða sú heilsulind, sem þau í raun og veru eiga að vera, verði þau hvorki meira né minna en hrein gróðrarstía andlegrar veiklunar“.

Í bréfinu kemur fram að barnaverndarráð telji ekki um villst að með ummælunum hafi verið vísað til Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og vöggustofunnar sem Reykjavíkurborg hefði

áður starfrækt að Hlíðarenda, miðað við þau tilvik sem Sigurjón nefndi í gagnrýni sinni. Þá lýsir ráðið í bréfinu að því hafi þótt eðlilegra eftir atvikum að Reykjavíkurborg leitaði álits hjá nefnd dómkvaddra sérfræðinga á viðkomandi sviði, eins og það hefði gert borgarstjóra grein fyrir í bréfi 2. nóvember 1967. Í ljósi þess að aðilar málsins hefðu sérstaklega lýst trausti til ráðsins, hefði ráðið þó talið rétt að freista þess að rannsaka grundvöll þrætuefnisins og láta í ljós skoðun á þeim rökum sem ummælin voru talin byggjast á.

Barnaverndarráð lýsir í bréfi sínu þeim gögnum sem það aflaði við rannsókn sína og einnig helstu niðurstöðum. Kemur þar fram að við rannsóknina hafi Barnaverndarráð aflað ýmissa gagna, sem rakin hafa verið hér að framan, m.a. upplýsinga um umræður á fundi borgarstjórnar 2. mars 1967 og þá fundi og bréfaskipti sem áttu sér stað í kjölfarið. Þá hafi ráðið aflað skýrslunnar frá læknum vöggustofanna þar sem fjallað er um börn sem síðar komu á Geðverndardeild barna, auk upplýsinga frá forstöðukonum um hagi barnanna og ástæður þess að þau voru vistuð á vöggustofunum. Einnig hafi Barnaverndarráð aflað skýrslna um börnin frá þáverandi dvalarstöðum um ástand þeirra, að því leyti sem unnt hafi verið að afla þessara upplýsinga. Enn fremur vísar ráðið til þess að það hafi aflað álitsgerðar Þórðar Möller, geðlæknis, útdráttar úr gögnum Sigurjóns Björnssonar um börn sem vistuð voru á vöggustofunum, sem og umsagnar Sigurjóns um álitsgerð geðlæknisins. Loks lýsir ráðið því að það hafi sjálft farið í eftirlitsferðir á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og aflað þeirra skýrslna frá Auði Jónsdóttur og Þorkeli Kristjánssyni sem vitnað er til hér að framan.

Í niðurstöðum ráðsins segir síðan:

Sigurjón Björnsson segir í skýrslu sinni á fundi með borgarstjóra hinn 9. mars 1967 að frá októbermánuði 1960 til fundardags hefðu komið 960 börn til meðferðar í geðverndardeild barna, og þar af hefðu 14 dvalist á vöggustofunni. Síðar á sama fundi segir hann, að eftir yfirferð skýrslna geðverndardeildar barna teldi hann að í 10 tilvikum hefði dvöl barna á vöggustofunni haft skaðleg áhrif á þau. Af þessum tíu börnum hafi 8 verið á eldri vöggustofunni á Hlíðarenda, en 2 á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Þá tók hann fram að eftir að hafa hlýtt á skýrslur lækna vöggustofunnar teldi hann sig sjá fleiri orsakir til veiklunar barna sem dvalist hafa á vöggustofunni en hann hefði haldið til þessa, sbr. fskj. 12.

Skýrslan á fskj. 1 er frá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur varðandi aðdraganda og stofnun framangreindra vöggustofa.

Eins og skýrslan ber með sér var valin nefnd manna sem þekkingu höfðu á barnaverndarmálum til að gera tillögur um vistheimili og er álitsgerð nefndarinnar, dags. 20. mars 1957, eða nokkuð áður en hafist var handa um byggingu Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á lóð Hlíðarenda. Vísast til nefndra tillagna og skýrslu.

Um daglega hætti á slíkum heimilum verður að sjálfsgöðu naumast aflað nákvæmra upplýsinga eftir á, en þó hefur barnaverndarráð reynt það, svo sem því



hefur verið unnt. Meðal upplýsinga sem það hefur aflað um þetta efni telur það rétt að vísa til skýrslna á fskj. 2 - 10, þe. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 15. og 18. jan. 1967, [...], fulltrúa barnaverndarráðs og Símonar Jóh. Ágústssonar, dags. 21. mars 1967; skýrslu Símonar Jóh. Ágústssonar, dags. 21. mars 1967; skýrslu Símonar Jóh. Ágústssonar, dags. 21. maí 1967; skýrslu Símonar Jóh. Ágústssonar og [...], dags. 1. nóv. 1967; skýrslu Þorkels Kristjánssonar fyrrv. fulltrúa Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 15. des. 1968 og skýrslu Auðar Jónsdóttur, sem gefin var á sl. sumri samkvæmt ósk formanns barnaverndarráðs. Þá vísast til skýrslu [starfsmanns Barnaverndarráðs], dags. í júní 1969.“

Í bréfi Barnaverndarráðs segir síðan að af framangreindum skýrslum verði ekki betur séð en að allur ytri aðdragandi, stofnun og rekstur vöggustofanna hafi, af hálfu borgaryfirvalda „verið með eðlilegum hætti og að reynt hafa verið að haga þeim í samræmi við almennt viðurkenndar reglur á þessum sviðum, eins og þær tíðkast með öðrum menningarþjóðum.“ Megi í því sambandi nefna „að miðað við verðlag á þeim tímum sem vöggustofurnar voru stofnaðar virðist ekkert hafa verið sparað í fé til þess að þær yrðu sem fullkomnastar og næðu sem best markmiði sínu“. Enn fremur megi benda á að Thorvaldsensfélagið, félagsskapur sem löngum hafi látið gott af sér leiða á sviðum velferðarmála barna og ungmenna, hafi gefið Reykjavíkurborg vöggustofu í námunda við aðra sem starfrækt var áður á Hlíðarenda. Einnig „virðist að Thorvaldsensfélagið og stjórnendur þess hafi gert allt sem í valdi þeirra stóð til þess að stofnunin yrði sem best úr garði gerð og komi að sem fyllstum notum.“ Síðan segir í bréfi Barnaverndarráðs:

Þá er ástæða til að geta þess að forstöðukonur beggja vöggustofanna höfðu kynnt sér rækilega rekstur slíkra stofnana erlendis áður en þær hófu starf og höfðu þær aflað sér menntunar í þessum efnunum áður. Hvernig slík starfsemi kann að hafa tekist í framkvæmd í einstökum tilvikum er að sjálfsögðu torvelt að dæma um löngu eftir á, þótt reynt hafi verið að fara eftir almennt viðurkenndum reglum, venjum og kenningum um rekstur vöggustofa. Það er almennt viðurkennt að ekki beri að nota slíkar stofnanir nema í brýnni þörf og stuðla eigi að því á allan hátt að börnin alist upp með foreldrum sínum eða mæðrum. En hitt er einnig staðreynd að dauði, heilsuleysi, vanhæfi og örðugar aðstæður mæðra (foreldra) leiða til þess að sum börn geta ekki verið í umsjá þeirra. Verður þá að grípa til annarra uppeldisúrræða. Besti kosturinn er yfirleitt sá að koma þeim börnum sem heilbrigði eru til sálar og líkama í gott einkafóstur, til langs eða skamms tíma, eftir ástæðum. En þetta úrræði er þó langt frá því að vera einhlítt því að ekki tekst að finna hæfa fósturforeldra eða fósturmæður handa öllum þeim börnum sem geta ekki notið umönnunar foreldra sinna eða mæðra. Eru því uppeldisstofnanir eins og vöggustofur óhjákvæmilegar í nútímaþjóðfélagi, þótt notkun þeirra sé haldið í lágmarki og að börn séu ekki vistuð þar nema þegar önnur uppeldisúrræði þrjóta og brýn þörf er á, svo sem í veikindum og forföllum móður og sakir uppeldislegs vanhæfis hennar eða loks meðan er verið að finna börnum gott einkafóstur til frambúðar. Rekstur vöggustofa er ávallt mjög vandasamur þar sem

hvert barn þarfnast mikillar einstaklingslegrar umönnunar og góðs atlætis, svo að eðlileg geðtengsl myndist milli þess og fóstunar, en þau eru mikilvæg öllum þroska barnsins í bráð og lengd.

Í framhaldinu er síðan vikið sérstaklega að gagnrýni Sigurjóns en um hana segir í bréfinu

Gagnrýni Sigurjóns Björnssonar á rekstri framangreindra vöggustofa er byggð á því að dvöl barnanna hafi valdið þeim varanlegum, skaðlegum áhrifum, vegna einangrunar um of langan tíma frá móður eða móðurstaðgengli. Upplýsingar sínar um meðferð barnanna á vöggustofunum byggir hann í öllum tilvikum á framburði mæðra þeirra, sem komu til viðtals á geðverndardeild. Líður skemmst 2 ár og 10 mán; en hið lengsta 11 ár og 8 mán. frá brottför barns af vöggustofu til afskipta geðverndardeildar. Nánar greint er tíminn þessi hjá hinum 10 börnum, töldum í númeraröð.

Við hvert barn er einnig getið dvalartíma þess á vöggustofunni.

Nr. 1	2 ár	10 mán.	Dvöl á vöggust. 21 ½ mán.
2	5	10	10
3	3	9	10 ½
4	7	5	7 ½
5	9	2	22
6	5	3	21
7	7	9	15 ½
8	11	8	8
9	14	4	15

Í flestum tilvikum voru börnin tekin af mæðrunum og sett á vöggustofurnar vegna vanrækslu eða annars getuleysis þeirra til að rækja á viðunandi hátt líkamlegt og/eða andlegt uppeldi barnanna. Eigi verður séð að sálfræðingurinn eða aðrir starfsmenn geðverndardeildar er könnuðu ástand barnanna þegar þau komu á deildina hafi með eigin athugun kynnt sér ástand og meðferð þeirra meðan þau dvöldu á vöggustofunum eða á tímabilunum frá brottför barnanna af vöggustofunum til komu þeirra á geðverndardeildum, eða á tímabilunum frá athugun þeirra á geðverndardeild til þess dags sem gagnrýnin var borin fram.

Þegar athugaðar eru og bornar saman í fyrsta lagi skýrslur vöggustofanna, þar með talið vætti forstöðukvenna, fulltrúa Barnaverndarnefndar Reykjavíkur og lækna vöggustofanna; í öðru lagi útdráttur Sigurjóns Björnssonar úr gögnum geðverndardeildar, og í þriðja lagi skýrslur geðlæknis þess, er barnaverndarráð fékk til að kanna framangreindar skýrslur, er auðsætt að mikið ber á milli. Vísast til niðurstöðu álitsgerðar Þórðar Möller geðlæknis um þetta á bls. 2 hér að framan. Ástand barnanna virðist ekki heldur veita neinar frekari sannanir né rök.

Athygli skal vakin á því að af þeim 960 börnum sem komið höfðu á geðverndardeildina frá því í október 1960 til 9. mars 1967 er aðeins talað um ástand þeirra 10 barna er á vöggustofu höfðu dvaldist. Hvað um hin 950? Hér vísast til fskj. 13 um heildartölur bana á vöggustofunum.

Í greinargerð fyrir gagnrýni sinni er Sigurjón Björnsson flutti á fundi hjá borgarstjóra hinn 9. mars 1967, færir hann þau rök fyrir skoðun sinni að það sé almennt álit vísindamanna á þessu sviði að skilnaður barns við móður á fyrstu æviárum þeirra sé þeim í flestum tilvikum mjög skaðlegur eða til þess fallinn að mynda með þeim ýmis andleg mein. Ber hann aðallega fyrir sig kenningar hins þekhta geðlæknis Johns Bowlbys, er hafi á árunum 1940 - 50 og síðar ritað um þetta vísindaritgerðir. Vitnar hann til þeirra.

Barnaverndarráð hefur kynnt sér nokkuð rit fræðimanna á framangreindu tímabili og síðar um þetta efni og komist að raun um að skoðanir sumra þeirra, þar á meðal Johns Bowlbys sjálfs, hafa breyst í veigamiklum atriðum. Í fyrsta lagi munu þeir vera nú í nokkrum meiri vafa um það en áður, hvort viðskilnaður barns við móður eða móðurstaðgengil hafi jafn almenn og skaðsamleg áhrif á geðheilsu barna og fyrr var talið. En eftir sem áður má þó víst telja að viðskilnaður barns við móður sé alltaf alvarlegur og neikvæður atburður og er torvelt, ef ekki ókleift, að reka vöggustofur og aðrar uppeldisstofnanir á þann veg að börnum verði bættur að fullu þessi missir. Í öðru lagi hefur komið fram af nýjum rannsóknum að ýmsir fræðimenn hafa borið brigður á og telja engan veginn sannað að dvöl í stofnunum sé eins skaðsamleg og Bowlby hugsaði í fyrstu. Ef um mjög vanhæfa móður eða heimili er að ræða má telja líklegt að vist í stofnununum sé barni til meiri heilla en að það búi áfram við fyrri aðstæður. En vitaskuld þarf ávallt að gæta mikillar árvekni í rekstri allra barnaheimila, ekki hvað síst vöggustofa. Rekstur þeirra má ekki staðna í hefðbundnum og úreltum venjum og hugmyndum, heldur verður forstöðufólk þeirra að fylgjast með þróun og nýjungum sem verða á þessu sviði og hagnýta þær í starfi. Án efa hefur þetta vakað yfir Sigurjóni Björnssyni er hann kom fram með gagnrýni sína.

[...]

Rétt hefur þótt að taka upp inngang og niðurstöður hverra hinna tilvitnuðu rita á sérstök blöð, er fylgja álitserð þessari sem fskj. 27-30.

Sérstaklega er vakin athygli á grein eftir John Bowlby o.fl. British Journal of Medical Psychology 29, 1956.

Barnaverndarráð vill geta þess að það hefur nokkrum sinnum leitað aðstoðar Sigurjóns Björnssonar í vandasömum málum. Myndi ráðið ekki hafa gert það nema það teldi hann mjög færar í sinni grein og góðviljaðan. Í því tilviki sem hér um ræðir

kann honum að hafa hlaupið fullmikið kapp í kinn og virðist hann ekki hafa kynnt sér með eigin athugunum rekstur vöggustofanna. Gagnrýni hans hefur þó hvatt menn er sinna barnaverndarmálum til aukinnar árvekni og þá til skilnings á mikilvægi náinna og jákvæðra geðtengsla barna og uppalenda þeirra, sérstaklega á vöggustofum og öðrum uppeldisstofnunum.

Lokaniðurstaða Barnaverndarráðs í þessu máli er sú að ekki verði annað séð en að þráttnefndar vöggustofur hafi verið stofnaðar og reknar á líkan hátt og vöggustofur eru almennt hjá öðrum menningarþjóðum og að ekki verði greint hvort ástand hinna 10 umræddu barna, þegar þau komu til athugunar á geðverndardeild, hafi fremur átt rót sína að rekja til dvalar þeirra á vöggustofum en til annarra atburða og áfalla í lífi þeirra.

Afgreiðsla máls þessa hefur að sjálfsögðu tekið nokkuð langan tíma og kostað rækilegar og víðtækar athuganir er ná yfir langt tímabil, eins og skjöl málsins bera með sér. Slík athugun verður svo best að einhverju gagni að öll meginatriði séu rakin sem kostur er á. Má því sambandi að lokum benda á að skoðanir færustu vísindamanna um þessi efni hafa verið og eru misjafnar og breytast sífellt eftir því sem tímar líða og rannsóknum fleygir fram.

Ljóst er að um þrjú og hálf ár leið frá því að borgarstjórn Reykjavíkur óskaði eftir rannsókn Barnaverndarráðs á ummælum Sigurjóns þar til að ráðið lauk rannsókn sinni. Af þeim gögnum sem fundist hafa í skjalasöfnum verður ekki ráðið að borgarstjórn eða annar aðili á vegum Reykjavíkurborgar hafi átt í formlegum samskiptum við Barnaverndarráð á meðan rannsókninni stóð. Undantekningin eru bréfaskipti borgarstjóra og ráðsins frá október og nóvember 1967 þar sem borgarstjóri spurðist fyrir um hvað liði afgreiðslu ráðsins á erindi borgarstjórnar. Í Borgarskjalsafni hefur hins vegar fundist undirritað minnisblað, dags. 17. febrúar 1968, eða tæpu ári eftir að óskað var eftir rannsókninni. Minnisblaðið, sem er merkt sérstaklega sem „trúnaðarmál“ ber ekki með sér hverjum það var ætlað en þar segir orðrétt:

Svbj. J. [Sveinbjörn Jónsson formaður Barnaverndarráðs] ræddi við mig og sagði að skýrsla Barnaverndarráðs væri væntanleg innan skamms. Hann sagði að eftirfarandi væri ljóst:

1. Börnin hefðu fengið góðan og vítalausán aðbúnað og aðhlyningu á heimilinu.
2. Ekkert benti til þess að þau hefðu skaðast af dvöl sinni þar - hins vegar væri þetta atriði sem hvorki væri unnt að sanna eða afsanna.
3. S.Bj. [Sigurjón Björnsson] hafði ofmælt.

Hann sagði að ofangreind atriði m.m. kæmu fram í skýrslunni, svo og, að S. Bj. viðurkenndi að þetta væri rétt og honum væri ljóst, að hann hefði gengið allt of langt í árásum sínum á heimilið.<sup>237</sup>

Í viðtali við Sigurjón Björnsson sem birtist í héraðsfréttablaðinu *Feyki* í desember 2006 ræddi hann aðkomu sína að málefnum vöggustofanna og hann hefði veitt því athygli að ekki væri allt með felldu. Í viðtalinu er eftirfarandi haft eftir Sigurjóni:

Parna komu kornung börn sem ekki gátu verið hjá foreldrum sínum. Þetta var sólarhringsstofnun í þessum gamla stíl. Veggirnir hvítir og berir og foreldrarnir máttu ekki sjá börnin nema bara í gegnum gler og heimsóttu þau kannski ekki nema einu sinni í viku. Þetta var alveg hræðilegt og ég var farinn að fá til mín fleiri og fleiri börn sem höfðu verið á þessum vöggustofum og báru þess alvarleg merki. Við sem unnum á Geðverndardeildinni á Heilsuverndarstöðinni tókum eftir því að nærsamskipti við þessi börn gátu verið afskaplega erfið og viðkomandi börn áttu ákaflega erfitt með að ná þeim.

Á þeim árum sem ég hafði verið við nám og starf í Kaupmannahöfn höfðu verið miklar umræður í Danmörku um heimili af þessu tagi. Í kringum 1950 var breskur geðlæknir John Bowlby að nafni fenginn til þess að gera rannsóknir á vöggustofum af þessu tagi víðsvegar um Evrópu því það þótti ekki einleikið hve mikið var um dauðsföll á þessum stofnunum. Hann komst að þeirri niðurstöðu að þarna væri um að kenna samskiptaleysi ungbarnanna og þeirra sem áttu að annast þau. Börnin væru látin vera allt of mikið ein. Þetta sama mynstur sá ég á vöggustofunni að Hlíðarenda.

Svo gerist það að ég er kominn í borgarstjórn og fer að hreyfa við þessu máli og það verður bókstaflega allt vitlaust. Við Geir Hallgrímsson, sem þá var borgarstjóri, lendum í rosalegri rimmu og læknir vöggustofunnar, Kristbjörn Tryggvason, varð alveg óður. Heilsuverndarstöðin heyrði undir borgina og átökin við borgarstjóra urðu til þess að ég sagði starfi mínu þar lausu árið 1967.<sup>238</sup>

#### 4.3.4 Breytingar á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins

Samhliða því að umræður áttu sér stað í borgarstjórn um starfshætti vöggustofunnar voru framkvæmdir um stækkun vöggustofunnar í undirbúningi. Voru framkvæmdirnar ræddar á fundi barnaverndarnefndar, dags. 31. maí 1967, en í fundargerð er bókað að þangað hafi komið Skarphéðinn Jóhannsson, arkitekt viðbyggingarinnar, Símon Jóhannes Ágústsson, formaður Barnaverndarráðs og nýráðin forstöðukona vöggustofunnar, Ragnheiður Jónsdóttir. Í fundargerðinni er rakið að fyrirhugað sé að byggja viðbótarálmu fyrir

---

<sup>237</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. F 83.

<sup>238</sup> *Feykir*, 6. desember 2006.

vöggustofuna fyrir 18 börn og að þetta rými sé einkum ætlað þeim börnum sem séu of gömul til að vera á vöggustofunni.

Í fundargerðinni kemur fram að Símon hafi talið of mörgum börnum vera ætluð vistun í hinu nýja húsnæði og að „hin uppeldislega aðstaða væri lakari þar sem börnin væru þetta mörg saman“. Ragnheiður Jónsdóttir forstöðukona tók undir þau orð Símonar að gert væri ráð fyrir of stórum einingum og að erfitt yrði að sinna börnunum sem skyldi ef um svo mikinn fjölda væri að ræða. Arkitektinn óskaði eftir því að barnaverndarnefnd sameinaðist um ákveðnar breytingartillögur og mun formaður hennar hafa stungið upp á því í kjölfarið að fela forstöðukonu vöggustofunnar, svo og framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar og sálfræðingi hennar að huga að slíkum breytingartillögum í samráði við Símon.<sup>239</sup> Þessar breytingartillögur voru síðan lagðar fram á fundi nefndarinnar 7. júní 1967 og komið á framfæri við arkitektinn sem og formann barnaheimila- og leikvallanefndar.

Í fundargerð barnaverndarnefndar frá 21. júní 1967 kemur fram að varaformaður nefndarinnar hafi rætt við Unni Schram, formann Thorvaldsensfélagsins. Þar er því lýst að raddir hafi verið uppi innan félagsins um að hætta við frekari byggingarframkvæmdir við vöggustofuna vegna þeirrar gagnrýni sem fram hefði komið á rekstur hennar og vegna framkominna breytingatillagna barnaverndarnefndar um gerð hússins. Er í kjölfarið fært til bókar að nefndin telji fulla nauðsyn þess að viðbótarbyggingunni sé komið upp og var varaformanni falið að ræða við aðila.<sup>240</sup>

Viðbygging vöggustofunnar var síðan aftur rædd á fundi nefndarinnar 28. júní 1967. Á fundinum mun arkitekt byggingarinnar hafa lýst því að hann teldi vafasamt að unnt væri að taka tillit til óskar nefndarinnar um fyrirkomulag byggingarinnar, t.d. um tvennar dyr, nema teikna húsið á nýjan leik. Til álita kæmi hins vegar að fækka plássum í 16 og að börn yrðu höfð í tveimur aðskildum deildum. Kemur fram að nefndin hafi lýst sig samþykka þessari hugmynd en einn nefndarmanna hafi þó setið hjá við atkvæðagreiðslu.<sup>241</sup>

Í frétt sem birtist í *Tímanum* 15. september 1967 er greint frá því að gestir á landsfundi Landsamtaka íslenskra barnaverndarfélaganna hafi heimsótt vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 14. september sama ár þar sem Ragnheiður Jónsdóttir, sem nýlega hafi verið tekin við sem forstöðukona, hafi lýst starfsemi stofnunarinnar fyrir gestum. Í fréttinni kemur fram að á vöggustofunni hafi verið vistuð 26 börn, mörg hver á vegum barnaverndar og borgarinnar. Í fréttinni kemur fram að starfsemi vöggustofunnar sæti talsverðum breytingum um þær mundir sem fréttin er skrifuð. Þannig segir þar að stefni í það horf að „hver fóstura fái ákveðinn

---

<sup>239</sup> BSR. Félagsmálastofnun. Fundargerðir Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 23. júní 1966 til 25. febrúar 1970, bls. 110 og 113.

<sup>240</sup> BSR. Félagsmálastofnun. Fundargerðir Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 23. júní 1966 til 25. febrúar 1970, bls. 121-122.

<sup>241</sup> BSR. Félagsmálastofnun. Fundargerðir Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 23. júní 1966 til 25. febrúar 1970, bls. 110 og 113.

hóp barna, sem hún hænir að sér og hugsar um sem móðir og stefnt [sé] að því að koma á sem mestum heimilisbrag.“<sup>242</sup>

Skýrsla starfsmanns barnaverndarráðs, sem rakin er í kafla 4.3.3. hér að framan ber að sama brunni. Eins og þar kemur fram vildi Ragnheiður leggja aukna áherslu á að börnin dveldust sem styst á vöggustofunni, auk þess sem matmálistímum var seinkað og eldri börnin voru klædd við máltíðir og sátu til borðs. Áður fyrr voru þau á náttfötum og voru mötuð, við morgunverð og kvöldverð. Þá voru í fyrsta sinn settir upp sandkassar og rúmteppi í skærum litum lögð á rúmin.

Aðrar skriflegar heimildir í skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur bera þess einnig vott að starfsháttum vöggustofunnar hafi verið breytt undir forstöðu Ragnheiðar Jónsdóttur.<sup>243</sup> Í eftirlitsskýrslu barnaverndarnefndar um barn sem var í vistun á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins segir að móðir barnsins hafi dvalið í nokkur skipti á Vöggustofunni til þess að gefa drengnum að borða þvo honum og skipta á honum undir leiðsögn forstöðukonu. Hafði það dvalið þar frá 14. október 1967 til 27. mars 1968, frá fjögurra mánaða aldri, samkvæmt fyrirmælum barnalæknis þar sem það var í heilsuspillandi húsnæði. Er sagt um móðurina í eftirlitsskýrslunni að henni hafi farist þessi verk vel úr hendi og hún sé mjög ánægð með veru sína þar. Hún þrái hins vegar að fá barnið heim og reyni allt til þess að fá íbúð. Í skýrslunni kemur fram að móðirin flytji í íbúð 23. mars 1967 en samkvæmt gögnum nefndarinnar fór barnið af vöggustofunni nokkrum dögum síðar.

Skriflegar heimildir benda jafnframt til þess að heimsóknir hafi áfram verið með frjálslegri hætti næstu árin. Í minnisblaði um vistun drengs á fyrsta aldursári sem dvaldi á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins frá 27. apríl til 6. október 1972 kemur fram að móðir komi að heimsækja hann í flestum heimsóknartímum en sé hálf hrædd við að baða hann og snerta.

Skriflegar heimildir bera þess einnig merki að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi breytt stefnu sinni um æskilegt fyrirkomulag vistheimila á þessum tíma. Í ársskýrslu nefndarinnar fyrir árið 1967 kemur fram að einu fóstunarheimili hafi verið komið á fót og það hafi verið hið fyrsta sinnar tegundar. Var fyrirkomulagi slíkra heimila síðan lýst nánar í skýrslunni þannig að í þeim fælist að samið yrði við einkaaðila, venjuleg hjón, um að þau tækju að sér fáein börn í einu til skemmri dvalar gegn ákveðinni þóknun. Kostir slíkra heimila væru einkum þeir, að vegna smæðar þeirra væri hægt að „búa börnum persónulegra og heimilislegra umhverfi en á stærri barnaheimilum“. Auk þess væri dvalarkostnaður venjulega nokkru minni. Fyrirhugað væri að koma upp fleiri fóstunarheimilum á næsta ári.

---

<sup>242</sup> Tíminn 15. september 1967, bls. 3 og bls. 14.

<sup>243</sup> BSR. Félagsmálastofnun. Skrifstofa félagsmálastjóra. Barnavernd Reykjavíkur. Barnaverndarmál A - Ö. Askja 45.



Í skýrslunni kom jafnframt fram að með stækkun upptökuheimilisins við Dalbraut, Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og með fleiri fóstrunarheimilum ætti í fyrirsjáanlegri framtíð að vera unnt að fullnægja þörf fyrir tímabundna vistun barna.<sup>244</sup>

Með samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur 20. júlí árið 1967 var allt félagsmálastarf Reykjavíkurborgar sameinað undir merkjum Félagsmálastofnunar sem starfaði undir stjórn félagsmálaráðs. Í sömu samþykkt var kveðið á um að Félagsmálastofnun tæki við rekstri vistheimila borgarinnar og var Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins þar á meðal.

Í þessari breytingu fólst að skrifstofur barnaverndarnefndar Reykjavíkur og félags- og framfærslumála voru sameinaðar í Félagsmálastofnun Reykjavíkur og tók hún formlega til starfa 1. janúar 1968. Unnið var út frá þeirri grundvallarhugmynd að málefni hvernar fjölskyldu í heild væru í höndum eins og sama starfsmannsins og bæri hann ábyrgð á þeirri aðstoð sem hún nyti. Með þessu vildu borgaryfirvöld stefna að vandaðri vinnubrögðum í málum skjólstæðinga sinna. Var samtímis lögð áhersla á aukna aðkomu fagfólks að málefnum barna. Samhliða varð það viðhorf meira ríkjandi að heppilegra væri að ráðstafa börnum í fóstur frekar en á vistheimili og að þau vistheimili sem nauðsynlegt reyndist að hafa fyrir hendi yrðu starfrækt sem minni einingar.<sup>245</sup>

Fundargerðir Barnaverndarráðs frá árinu 1968 bera með sér að Símon Jóhannes Ágústsson, einn ráðsmanna, hafi rætt við formann barnaverndarnefndar Reykjavíkur um að nefndin yki eftirlit með þeim heimilum þar sem börn frá nefndinni væru vistuð.<sup>246</sup> Sama ár var byggingu við viðbótarálmu Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins lokið og rúmaði hún 14 börn.<sup>247</sup> Afhenti Thorvaldsensfélagið Reykjavíkurborg bygginguna til eignar 19. nóvember 1968 og var afsal fyrir henni lagt fram í borgarráði sama dag. Í fréttatilkynningu frá borgarstjóra sem birt var í dagblöðum á þessum tíma kemur fram að byggingin sé rúmir 300 fermetrar að flatarmáli og húsið sé „mjög vandað að efni og frágangi“. Kemur þar jafnframt fram að viðbyggingin muni taka við börnum frá 18 mánaða til þriggja og hálfis árs aldurs og hún sé ætluð fyrir 16 til 18 börn.<sup>248</sup>

Í kjölfar þess að viðbótarálma vöggustofunnar var tekin í notkun var strax byrjað að flytja börn sem voru vistuð að Silungapollu á nýja deild vöggustofunnar. Þegar vistheimilið að Silungapollu var lagt niður við lok ársins 1969 fóru þau fáu börn sem eftir voru yfir á vöggustofuna.<sup>249</sup>

---

<sup>244</sup> Ársskýrsla Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1967, bls. 12.

<sup>245</sup> Sveinn H. Ragnarsson: „Sögulegt yfirlit félagsþjónustu“, bls. 104. – Eggert Þór Bernharðsson: Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990, síðari hluti, bls. 4-7. – Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 34. – Skýrsla um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1967.

<sup>246</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Barnaverndarráð Íslands. 2002-A/2. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 28. apríl 1967.

<sup>247</sup> Ársskýrsla Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1967, bls. 12. – Heilbrigðisskýrslur Landlæknis 1968, bls. 115.

<sup>248</sup> Morgunblaðið 23. nóvember 1968, bls. 27. – Tíminn, 3. desember 1968, bls. 18.

<sup>249</sup> Þjóðviljinn 16. janúar 1970, bls. 9.

Prátt fyrir tilkomu viðbyggingarinnar og fleiri rými á vöggustofunni kemur fram í gögnum að forstöðukona vöggustofunnar hafi talið ýmsu ábótavant um aðstæður á vöggustofunni. Í minnispunktum Teits Finnbogasonar, deildarfulltrúa á Félagsmálastofnun, vegna fundar hans með Brynhildi Sigurðardóttur, þáverandi forstöðukonu, dags. 20. ágúst 1969, kemur fram að Brynhildur hafi gert athugasemd við að lóð hafi ekki verið standsett á þessum tíma og engin leiktæki væru fyrir eldri börn. Þá segir að Brynhildur hafi talið það mjög áriðandi vegna eldri deildar að ljúka þessum verkum. Auk þess væru nokkur verulega andlega fötluð börn á vöggustofunni sem væru erfið í umgengni.<sup>250</sup>

Í skýrslu um rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar sem lögð var fram í félagsmálaráði 18. september 1969 kemur fram að vöggustofur taki við börnum allt frá fæðingu til 2 ára aldurs. Þar segir jafnframt að sérstök áhersla sé lögð á það að notkun vöggustofa verði eigi umfram umfram brýnustu þarfir þar sem talið sé óeðlilegt að börn á þessum aldri dvelji allan sólarhringinn fjarri móður. Því sé hnykkt á því að hafa beri sem stystan dvalartíma á vöggustofu. Þá ætti hver fóstura að annast tiltölulega fá börn svo náin tengsl skapist á milli fósturunnar og barnsins og hún geti þannig veitt því sem mesta umhyggju. Vöggustofur séu dýrar stofnanir í rekstri, þar sem starfsmannafjöldi sé yfirleitt mikill.<sup>251</sup>

Þá kemur einnig fram í skýrslunni að dvöl barns á foreldraheimili sé að jafnaði talin eðlilegust fyrir barnið og að aðstoð til þess að svo geti orðið sé veitt í sífelld auknum mæli. Þegar barn geti ekki dvalið lengur í foreldrahúsum sé sú skoðun ríkjandi að fóstur á einkaheimilum, bæði skammtíma og til langframa sé að öllu jöfnu eðlilegri og heppilegri leið en fóstur á stofnunum. Þar fari saman hagsmunir barnsins út frá uppeldislegu sjónarmiði og fjárhagslegir hagsmunir sveitarfélags.

Á þessum tíma var einnig unnið að því að draga úr umfangi vistheimila á vegum borgarinnar og auka fóstur á einkaheimilum í samræmi við sjónarmið sem komu fram í ársskýrslu barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1967. Í viðtali við Sigurlaugu Bjarnadóttur, sem þá sat í barnaverndarnefnd og félagsmálaráði Reykjavíkur og birtist í *Morgunblaðinu* 18. mars 1970, er vikið að þessari þróun sem og breyttum viðhorfum í tengslum vöggustofur og langtíma vistun barna á þeim. Um hlutverk vöggustofu Thorvaldsensfélagsins að þessu leyti fórust Sigurlaugu svo orð:

Fyrir nokkrum árum voru vöggustofur taldar góðar og gildar, gott ef þær voru ekki beinlínis í tísku. Nú mun það almennt talið að dvöl á vöggustofu í meira en tvö ár samfleytt sé uppeldislega mjög óæskileg, og helst ekki nema sem neyðarúrræði. Sjálfsagt þurfa slíkar stofnanir að vera til, en helst sem bráðabirgðaúrræði aðeins.<sup>252</sup>

<sup>250</sup> BSR. Skrifstofa Félagsmálastjóra. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins, o.fl. Kassi C/428.

<sup>251</sup> BSR. Skrifstofa Félagsmálastjóra. *Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar* sem lögð var fram í félagsmálaráði 18. september 1969.

<sup>252</sup> [Morgunblaðið 18. mars 1970, bls. 11.](#)

Í samtímaheimildum má finna dæmi þess að læknar hafi rakið þroskafrávik barna til langvarandi dvalar á vöggustofu. Í sjúkraskýrslu barns, dags. 10. febrúar 1970, er vikið að því að það hafi dvalið á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á annað ár. Samkvæmt vistunarskjölum mun barnið hins vegar hafa dvalið þar samfelld frá 4. nóvember 1968 til 26. janúar 1970.

Í sjúkraskýrslunni, sem undirrituð er af Birni Júlíussyni barnalækni á Barnaspítala Hringsins, sem einnig var á meðal lækna vöggustofunnar, er því lýst að barnið sé ekkert farið tala, göngulagið sé afkárlegt og það sé erfitt í umgengni. Í niðurstöðu sjúkraskýrslunnar segir að líklegt sé að greind barnsins sé nokkurn veginn innan eðlilegra marka en að „vanþroski“ þess stafi „eflaust af skorti á umhyggju og uppeldi“. Síðan segir í skýrslunni:

Athuganir okkar drógu ekki fram neina organiska vankanta og er því drengurinn útskrifaður aftur á vöggustofuna, sem er þó langt frá því að vera æskilegt uppeldisheimili fyrir þennan dreng, en önnur ráð eru ekki tiltæk að sinni.

Æskilegt væri að þessi drengur færi í fóstur þar sem hann gæti komist í nánara persónulegt samband og myndað eðlilegri tilfinningatengsl en unnt er á vöggustofu.<sup>253</sup>

Samkvæmt vistunarskjölum sem nefndin hefur aflað var umrætt barn, þrátt fyrir fyrrgreind tilmæli barnalæknis, vistað á vöggustofunni í rúmlega ár í viðbót eða til 25. febrúar 1971, eftir að umrætt mat læknisins lá fyrir. Í kjölfarið fór það í fóstur.

Í frétt í *Morgunblaðinu* 7. nóvember 1970 kemur fram að stofnuð hafi verið deild fyrir 6-8 verulega fötluð börn á vöggustofunni sem hafi ekki verið fullnýtt en þau hafi ekki komist að á Kópavogshæli.<sup>254</sup> Í fréttum á sama tíma kemur fram að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafi fallist á að heimiluð verði stofnun bráðabirgðadeildar fyrir „vangefin börn í hluta húsakynna“ vöggustofunnar.<sup>255</sup> Skömmu áður en barnadeildir Kópavogshælis opnuðu voru nokkur þessara barna vistuð til bráðabirgða á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.<sup>256</sup>

Í skýrslu Félagsmálastofnunar árið 1970 er rakið að vöggustofan hafi þetta ár verið heimili fyrir 19 börn að tveggja ára aldri og 14 börn á aldrinum 2-6 ára. Þá hafi verið tekin í notkun deild fyrir „7 örvita“ á árinu.<sup>257</sup> Samsvarandi upplýsingar er að finna í ársskýrslum Félagsmálastofnunar árin 1971 og 1972.<sup>258</sup>

---

<sup>253</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur 2017/134. A Geðverndardeild (1960-1970). AA Sjúkraskrár (1970-1970). Askja 35.

<sup>254</sup> [Morgunblaðið 7. nóvember 1970, bls. 2.](#)

<sup>255</sup> [Þjóðviljinn 11. nóvember 1970, bls. 6.](#)

<sup>256</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: Könnun á vistun barna á Kópavogshæli, Reykjavík 2016, bls. 160.

<sup>257</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar árið 1970, bls. 23.

<sup>258</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar árið 1971, bls. 24 og 1972, bls. 36.

Með vísan til þess að fyrrverandi starfsfólk vöggustofunnar hefur lýst því í skýrslutökum að börn sem fóru af vöggustofunni á Kópavogshæli voru öll mjög fötluð og að þau fóru í ársbyrjun 1972 á Kópavogshæli, eftir að opnuð var hjúkrunardeild fyrir þau verulega fötluðu börn sem þurftu mesta hjúkrun og aðhlyningu, verður að ætla að í þessum skýrslum Félagsmálastofnunar sé vísað til barna sem síðar fóru á Kópavogshæli.<sup>259</sup>

Af samanburði á vistunarskjölum Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og listum yfir vistfólk Kópavogshælis árið 1972 verður ráðið að alls hafi níu börn verið vistuð á vöggustofunni sem síðar voru vistuð á barnadeildum Kópavogshælis þegar þær opnuðu árið 1972.<sup>260</sup> Engar upplýsingar eru hins vegar færðar um heilsufar þessara barna í gögnum vöggustofunnar. Í viðtölum við starfsfólk vöggustofunnar frá þessum tíma kom fram að starfsemin fyrir börnin sem síðar fóru á Kópavogshæli hafi verið aðskilin frá annarri starfsemi vöggustofunnar. Þá greindi starfsmaður vöggustofunnar nefndinni frá því að börnin hefðu ekki verið í umsjá starfsmanna vöggustofunnar heldur starfsmanna Kópavogshælis. Af þeim gögnum sem fundist hafa um starfsfólk á launaskrá vöggustofunnar á þessum tíma verður ekki ráðið hvort starfsfólkið sem sinnti þessum börnum hafi verið á launaskrá borgarinnar og börnin hafi þar með verið í umsjá borgarstarfsmanna.

Í ljósi þessa verður ekki ráðið með vissu hvort umrædd börn hafi verið vistuð á vöggustofunni á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur og þar með Reykjavíkurborgar eða hvort þau hafi verið vistuð á vegum og undir umsjón Kópavogshælis sem á þessum tíma var rekið á vegum íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 53/1967. Fyrir liggur að meðferð þeirra barna sem vistuð voru á Kópavogshæli á þessum tíma hefur verið gagnrýnd.<sup>261</sup>

Gögn sem fundist hafa í Borgarskjalasafni bera með sér að á fyrri hluta árs 1971 hafi foreldrum ekki verið heimilt að taka börnin sín heim af vöggustofunni um helgar þrátt fyrir eindreginn vilja. Í bréfi Þórönnu Þórðardóttur, forstöðukonu vöggustofunnar til Sveins Ragnarssonar félagsmálastjóra, dags. 17. mars 1971, kemur fram að synjað hafi verið beiðni ungrar móður um að fá mánaðargamalt barn sitt heim um helgi. Segir í bréfinu að af „heilbrigðisástæðum geti heimilið ekki gefið samþykki sitt fyrir svona ráðstöfunum þar sem“ það geti ekki „ábyrgst heilsu barnsins undir svona kringumstæðum og að barnið beri ekki hingað alls konar sjúkdóma.“ Segir enn fremur í bréfinu að „sú regla hafi verið í gildi síðan heimilið var stofnað að börn fari ekki heim um helgar og [hafi] sú regla orðið að gilda að ofangreindum ástæðum og þar sem fleiri kunni að koma og sækja um helgarleyfi fyrir börnin“.

<sup>262</sup>

---

<sup>259</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: Könnun á vistun barna á Kópavogshæli, Reykjavík 2016, bls. 161.

<sup>260</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Kópavogshæli. B/3–1. Nafnalisti vistmanna 1970–1982. Samkvæmt upplýsingum vöggustofunefndar eru fimm þessara einstaklinga nú látnir en fjórir á lífi.

<sup>261</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: Könnun á vistun barna á Kópavogshæli 1952–1993 Reykjavík 2016, bls. 313. o.á

<sup>262</sup> BSR. Skrifstofa félagsmálastjóra. Vöggustofa Thorvaldsen. Askja 428.

Af gögnum Félagsmálaráðs verður ráðið að fjallað var um breytingar á rekstri vöggustofunnar árið 1972 en á fundi, dags. 7. desember 1972, var félagsmálastjóra falið að leita samkomulags við stjórn Thorvaldsensfélagsins um væntanlegar breytingar.<sup>263</sup> Í ársbyrjun 1974 birtist frétt um að breytingar hafi farið fram á húsnæði vöggustofunnar að undanfögnu en börnum þar hafi farið fækkandi vegna tilkomu fleiri fjölskylduheimila í borginni þar sem börn væru vistuð allan sólarhringinn. Í fréttinni kemur fram að alls séu fjögur slík heimili starfandi í borginni en fimm til sjö börn séu í vistun á hverju heimili. Auk þess séu 15 til 18 börn á heimili við Dalbraut. Í fréttinni er lýst áformum um að taka næsta vor 38 börn á aldrinum þriggja mánaða til um 2 og hálfis árs á dagvöggustofu og dagheimili í húsi Thorvaldsensfélagsins. Síðan segir:

Þá hafa einnig verið gerðar breytingar á húsi Thorvaldsensfélagsins með tilliti til þess að börnin sem þar eigi heimili sitt munu nú skiptast í tvo hópa, 10-11 börn í hvorum. Eftir þessa breytingu er ætlunin að börnin verði á heimilinu fram á unglingsár eða eins lengi og þau þurfa á að halda.<sup>264</sup>

Ljóst er að eftir þær breytingar sem gerðar voru á starfsemi vöggustofunnar við áramótin 1973 til 1974 var ýmist vísað til starfseminnar undir nafni Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins eða „Upptökuheimilisins að Dyngjuvegi 18.“<sup>265</sup>

#### 4.3.4 Viðtöl við starfsfólk, gesti og vistbörn

##### 1963

Auður Jónsdóttir, sem var ráðin forstöðukona Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins þegar vöggustofan tók til starfa lýsti því í viðtali við nefndina 23. ágúst 2023 að það hefði verið mikið framfaraskref þegar nýtt húsnæði var tekið í notkun árið 1963. Húsnæðið hefði verið miklu rýmra utan um starfsemina og þar hefði m.a. verið unnt að koma upp setustofu þar sem foreldrar gátu hitt börn sín. Auður sagði að á þessum tíma hafi það ekki verið þannig að foreldrar hafi einungis mátt sjá börn sín í gegnum gler, en þó hafi það verið svo ef ástæða var til, til dæmis þegar veikindi voru fyrir hendi eða hætta var talin á að foreldrar tækju börnin. Þótt stefnan hafi verið sú sama og á sjúkrahúsum hafi enginn verið svo strangur að meina foreldrum að snerta börnin og taka þau og jafnvel fara með þau fram á gang.

Í viðtali við nefndina 2. mars 2023 greindi [J] frá því að hún hefði komið fyrst á vöggustofuna skömmu eftir opnun hennar árið 1963 í starfskynningu ásamt öðrum nemendum úr Fóstruskóla Sumargjafar. [J] greindi nefndinni frá því að henni og öðrum nemendum hefði

<sup>263</sup> BSR. Fundargerðir félagsmálaráðs. 1972.

<sup>264</sup> *Tíminn*, 8. febrúar 1974, bls. 19.

<sup>265</sup> Samkvæmt minnisblaði frá Félagsmálastofnun sem dagsett er í júní 1981 og undirritað af Guðrúnu Kristinsdóttur, var plássam á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins fækkað úr 42 í 23 í lok árs 1973, sbr. BSR. Félagsmálastofnun Reykjavíkur. Rekstur sólarhringsvistheimila Reykjavíkurborgar 1968-1978.

verið mjög brugðið í heimsókninni þar sem vöggustofan hafi verið rekin eins og spítali. Ein stofan hafi verið fyrir yngstu börnin og hún hafi verið búin rúmum eins og á fæðingardeild. Í næstu stofu hafa einungis verið hvít rimlarúm. Að öðru leyti hafi ekkert verið þarna inni, engin leikföng og ekkert á veggjum. Herbergin hafi öll verið máluð hvít og starfsfólkið hafi verið í hvítum sloppum. Stúlkurnar sem unnu þarna hafi auk þess verið mjög ungar, eða yngri en nemendurnir í fóstruskólanum, sem á þessum tíma voru margar á þrítugsaldri. Foreldrar hafi aðeins mátt heimsækja börnin tvisvar í viku og þá ekki mátt vera með börnunum.

Í viðtalinu kom fram að [J] og samnemendur hennar hefðu í kjölfar heimsóknarinnar rætt þetta við Gyðu Sigvaldadóttur, kennara sinn í fóstruskólanum, en einnig við Sigurjón Björnsson, sálfræðing og síðar borgarfulltrúa. [J] greindi frá því að nemendum hefði liðið afar illa yfir því hversu fábrotið umhverfi vöggustofunnar var og hversu lítið væri af leikföngum. Nemendurnir hafi í framhaldinu tekið sig saman um að kaupa leikföng og búa þau til, auk þess sem þær hafi fengið gefins myndir eftir Mugg um Dimmalimm til að skreyta veggi, en allt þetta hafi þær síðan farið með á vöggustofuna.

[J] greindi jafnframt frá því í viðtali við nefndina að hún hefði vikutíma verið í starfsþjálfun á vöggustofunni ári eftir heimsóknina. Hefði það verið hluti af fóstrunámi hennar að vera í starfsþjálfun þar sem reyndi á umönnun ungra barna. Þá hafi hún fengið þær leiðbeiningar að ekki mætti halda á börnunum, t.d. þegar þeim var gefinn peli heldur hefði pelinn verið settur í rúmið hjá börnunum og ekki mætti taka þau upp. Aðspurð um ástæður þessa sagði [J] það hafa verið út af sýklahræðslu, en hjúkrunarkonan sem stýrði vöggustofunni hefði verið afar hrædd við að veikindi bærust inn á vöggustofuna og hún hefði verið mjög upptekin af sóttvörnum.

[J] kvað starfið hafa miðast við að skipt væri á börnunum og þeim gefið að borða á ákveðnum tímum en ekkert umfram það. Þá hafi henni og samnemendum brugðið við að leikföngin sem þær hefðu útvegað fyrir vöggustofuna voru ekki í notkun heldur geymd uppi í hillu. Enn fremur hafi myndirnar verið hengdar upp á vegg frammi á gangi en ekki á þeim stöðum þar sem börnin dvöldu í húsinu. [J] sagði hana og samnemendur ekkert hafa sagt á sínum tíma á vöggustofunni en þeim hafi engu að síður þótt þetta mjög miður. [J] minntist þess þó í þessu sambandi að þegar þær hefðu greint kennara í fóstruskólanum frá þessu hefði kennarinn sagt þeim að þær þyrftu „líka að læra hvernig þetta ætti ekki að vera.“

[J] sagði að lækni vöggustofunnar hefði komið um það bil einu sinni í mánuði. Mikið hefði verið um það að börnin væru á einhverjum mixtúrum og forstöðukonan hefði yfirleitt blandað þær. [J] kvaðst ekki muna eftir daglegu skipulagi vöggustofunnar þegar hún var í starfsþjálfun árið 1963. Hún mundi hins vegar að henni hefði ekki liðið vel í starfinu. Ekki hafi mátt sinna börnunum, til dæmis með því að taka þau upp þegar þau grétu. Börnin hefðu verið klædd í hálfgerð spítalaföt og öll sett í bað á sama tíma þannig að úr hafi orðið hálfgerð færibandavinna en ekki hafi verið mikið verið að „dúlla“ við þau. Milli þess sem skipt var á börnum og þeim gefinn pela hafi starfsstúlkurnar verið að þússa glerið en þær hafi þurft að sótthreinsa mikið. Starfsfólk vöggustofunnar hafi enn fremur verið fáliðað. Starfsstúlkurnar



hefðu búið í húsinu ásamt matráðskonu sem bjó í íbúð á neðri hæðinni og forstöðukonunni sem bjó í stúdíóíbúð á efri hæðinni, en stúlkurnar hefðu búið í fjórum herbergjum. Að sögn [J] voru starfstúlkurnar svo ungar að þær gerðu ekkert upp á eigin spýtur, heldur hefði forstöðukonan sagt þeim til og lagt línurnar hvernig þær unnu starf sitt.

Í viðtali við nefndina 23. febrúar 2023 greindi [G] sem hóf störf á vöggustofunni 1963, en hafði áður starfað á Hlíðarenda, sbr. kafla 3.3.3, frá því að börnin hefðu verið í samfestingum sem voru hvítir og náttfötum sem voru saumuð á staðnum. Allt hafi verið nýtt og hvítt, ekki hafi verið myndir á veggjum og heldur ekki mikið um leikföng.

[G] kvað börnin hafa komið úr misjöfnum aðstæðum. Sum hafi einungis verið vistuð vegna tímabundinna aðstæðna foreldra, t.d. þegar foreldrar voru að ljúka námi en önnur vegna vanrækslu og erfiðra uppeldisskilyrða heima fyrir. Þessi munur hafi meðal annars birst í því að sum barnanna fengu heimsóknir en önnur aldrei. Heimsóknir hafi farið fram um helgar og á fimmtudögum, og starfsstúlkurnar hafi reynt að taka börnin til fyrir heimsóknir. Þá hafi sum barnanna átt útiföt en önnur ekki.

[G] rakti að lítið hefði verið til af fötum í húsinu, í raun svo lítið að starfskonur hafi stundum keypt föt á börnin fyrir eigin peninga. Útiföt sem [G] lýsti sem „gömlum druslum“ hafi verið gefin til hússins. [G] minntist þess að henni hafi verið falið að hugsa um ákveðin tvö börn. Forstöðukonan, Auður Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, hafi verið „góð manneskja, sem hafði kynnt sér svona starfsemi erlendis, en tíðarandinn var annar“. Síðastnefnda atriðinu lýsti [G] á þann veg að ekki hefði verið sama áhersla á leikföng og annað sem gæti eflt þroska barna. Börnin hafi þó ekki verið alltaf upp í rúmi, heldur einungis þegar þau voru að hvíla sig og fara og sofa.

[G] kvað margt ljótt hafa verið sagt um vöggustofuna sem ekki hafi verið alls kostar rétt, þótt vissulega hafi einnig verið margt sem betur mátti fara. Nefndi [G] í því sambandi að börnin hafi verið tekin upp úr rúmum sínum, þau knúsuð og keluð. [G] nefndi dæmi um dreng komið hafi á vöggustofuna með vatnshöfuð (hydrocephalis) og hafði alltaf legið í rúmi áður en hann kom á vöggustofuna en þar hafi hann lært að ganga. Starfsstúlkurnar hafi ekki verið vondar við börnin.

[G] kvað engar reglur hafa verið um snertingu við börnin, þau hafi verið frammi á gangi að hlaupa og leika sér. Eldri börnin hafi borðað sjálf en allt maukað fyrir yngri börnin. [G] lýsti því einnig að mikil áhersla hefði verið á þrif og sótthreinsun í starfsemi. Mismunandi var hvort börn fengu heimsóknir. [G] nefndi að ein starfskona hefði verið að reyna að ættleiða barn sem var vistað en móðir hefði verið því mótfallin.

[G] sagði að þegar hún hugsaði til baka þá teldi hún að það hefðu átt að vera fleiri leikföng á vöggustofunni sem efltu þroska barna og að þar hefðu átt að starfa fóstrur. Hún rifjaði upp að það hefði verið eitt dauðsfall, barn sem dó í svefni. Auður forstöðukona hafi búið um barnið, en dauðsfallið hafi ekki verið rætt sérstaklega.



[K] greindi frá því viðtali við nefndina 31. mars 2023 að hún hefði starfað á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í fullu starfi 1964 eftir að hafa verið í verknámi á Hlíðarenda árið áður. [K] kvaðst hafa starfað með börnum sem voru árgömul og eldri á vöggustofunni.

Að sögn [K] leit hún ekki mjög gagnrýnum augum á starfsemi vöggustofunnar á meðan hún starfaði þar. Eftir að hafa starfað á leikskóla hafi hún hins vegar gert sér grein fyrir því að umhverfið á vöggustofunni var mjög „sterílíserað“. Starfsfólk hafi verið í hvítum sloppum og lítið hafi verið sem fangaði augað í umhverfinu.

[K] kvað í sjálfu sér ekki hafa annað en gott um starfsemi vöggustofunnar að segja en börnin hafi þó ekki fengið fengið mikla örvun í samanburði við leikskóla og skort hafi á tilfinningaleg tengsl. Forstöðukonan, sem var hjúkrunarfræðingur hafi rekið þetta fremur eins og sjúkrastofu og foreldrar hafi að einungis mátt sjá börnin sín í gegnum gler. Aðspurð hvort foreldrar hafi fengið að halda á börnum sínum og snerta þau kvað [K] það „hljóta að hafa verið“ en hún væri þó ekki viss. [K] minntist þess ekki að börnin sem hún annaðist hafi farið mikið út. Hún kvað börnin ekki hafa fengið að borða sjálf heldur hafi þau mestmegnis verið mötuð. Börnunum hefði hins vegar sinnt ef þau grétu og þau ekki látin afskiptalaus.

[L] greindi frá því við nefndina 26. febrúar 2023 að hún hefði verið starfsnemi á vöggustofunni um nokkurra daga skeið árið 1964. [L] lýsti námsdvölinni sem hræðilegri reynslu sem hafi meðal annars birst í því að ekki hafi mátt sinna börnunum nema samkvæmt ákveðnu skipulagi, sem fólst meðal annars í því að skipta hafi átt á börnum og gefa þeim pela á fjögurra klukkustunda fresti. Þegar hún hafi komið til starfa hafi forstöðukonan rétt henni ó vikna barn og sagt henni að baða barnið á 5 mínútum. [L] kvað eldri börnin á vöggustofunni á þessum tíma enn fremur hafa verið mötuð án þess að það hafi verið augnsamband en börn hafi þá verið þarna allt til þriggja ára aldurs. Maturinn hefði verið maukaður og lýsi hellt út á hann.

Að mati [L] hafi vöggustofan á þessum tíma verið rekin eins og spítali en hjúkrunarfræðingurinn sem veitti henni forstöðu hafi lagt línurnar um starfsemina, ásamt lækni vöggustofunnar. Aðstæður hafi öðru fremur einkennst af því að starfsfólk hafi sinnt þrifum, engin leikföng hafi verið til staðar og allt hafi verið hvítmálað. Börn hafi ekki haft neitt í umhverfinu til að horfa á og þau hafi að miklu leyti legið í rúmunum sínum og hætt að gera kröfur á fólk í kringum sig. Heimsóknir hafi verið með þeim hætti að aðstandendur hafi mátt koma að sjá börn sín í gegnum gler. Minntist [L] í þessu sambandi einnar móður sem einungis hafi fengið að sjá barn sitt með þessum hætti og hún hafi farið út hágrátandi. [L] kvað mikla fordóma hafa verið í samfélaginu gagnvart sumum foreldrum barna á vöggustofunni á þessum tíma og almennt hafi ekki verið lítið á það sem svo að fólk sem missteig sig í lífinu ætti skilið annað tækifæri.

[L] kvað starfsþjálfun fóstrunema á vöggustofunni hafa farið fram þannig að þær voru fjórar þjálfaðar í senn. [L] minntist þess að henni og skólasystur hennar hafi orðið svo mikið um aðstæðurnar á vöggustofunni að þær létu Sigurjón Björnsson vita, en hann hafi á þessum tíma kennt sálfræði í Fóstruskóla Sumargjafar. Hún minntist þess ekki að Sigurjón hefði komið

á vöggustofuna en hann hefði engu að síður brugðist við og síðar vakið athygli á málinu. [L] sagðist þó ekki minnst þess að ofbeldi hafi átt sér stað á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Engin mannvonska hafi ráðið för í starfseminni heldur hafi hún verið lituð af tíðaranda og því sem fólk taldi að væri best.

[M] sem var samtíða [L] á vöggustofunni í starfsnámi árið 1964 greindi nefndinni frá því í viðtali 2. mars 2023 að þegar hún kom til starfa hafi fóstunemarnir átt að vera í hvítum sloppum. Þær hafi hins vegar neitað og fengið að nota sína eigin sloppa sem voru rauðir. [M] lýsti aðstæðum þannig að umhverfi vöggustofunnar hafi verið mjög hvítt, börnin hafi verið í rimlarúmum og ekkert farið út en fóstrur hafi ekki verið mjög sjáanlegar á vöggustofunni. Áhersla hafi verið lögð á að allt í umönnun barnanna ætti að vinna hratt, meðal annars þegar börn væru böðuð og almennt hafi verið mikil hreinlætisárátta. Þá hafi átt að mata börnin aftan frá, til að koma í veg fyrir tengingu við börnin.

Aðspurð sagðist [M] ekki muna til þess að neinar skýringar hefðu verið gefnar á þeim reglum sem giltu á vöggustofunni. Hún man ekki glögg eftir forstöðukonunni á vöggustofunni en hún hafi ekki verið á meðal barnanna á meðan hún sjálf starfaði þar. Sjálf sagðist hún aldrei hafa fengið fyrirmæli um að forðast að sýna ástúð. Hins vegar hafi hún fengið fyrirmæli um hvernig átti að gefa börnunum að borða og hvernig átti að baða þau. Þá rakti hún að börnin hefðu verið mikið í rúmum sínum.

[M] minntist þess að hún og stúlkurnar sem voru með henni í starfsnámi hafi verið mjög ósáttar og þær hafi upplýst Valborgu, skólastjóra fósturskólans, um aðstæður og að þarna væru starfshættir í ósamræmi við það sem þeim var kennt. Þær hafi einnig látið Sigurjón Björnsson sálfræðing vita, sem hafi tekið málið lengra en það hafi þær ekki vitað á þeim tíma.

[M] fannst ekki hafa verið mikið um leikföng á vöggustofunni á þessum tíma og það hafi orðið til þess að nokkrar stúlkur, líklega skólasystur í fósturskólanum, hafi ákveðið að búa til leikföng. Þær hafi meðal annars þrjónað og saumað bangsa og önnur dýr en einnig fengið gefins leikföng frá Ingvari Helgasyni heildverslun sem þær hafi farið með á vöggustofuna, annaðhvort í desember 1964 eða 1965.

## 1965

[N] starfaði á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins um fjögurra mánaða skeið árið 1965, fljótlega eftir útskrift úr fóstruskólanum. Hún greindi frá því í viðtali við nefndina 26. apríl 2023 að reynsla hennar af vöggustofunni hefði að miklu leyti verið jákvæð, en hún hefði sjálf haft eigið barn á vöggustofunni samhliða starfi sínu þar. [N] lýsti því að hún hefði starfað á dagvakt með börn sem voru frá nýfædd allt að sex mánaða gömul, en sú vakt hefði hafist fyrir klukkan átta á morgnana og lokið rétt fyrir klukkan fjögur.

[N] lýsti því í viðtali við nefndina að hún hefði tekið afar nærri sér þá gagnrýni sem fram hefði komið í opinberri umræðu um vöggustofurnar og sér hefði þótt umfjöllunin ósanngjörn. Hún kvað ekki rétt sem fram hefði komið í opinberri umræðu að börnin hefðu alltaf verið lokuð í rimlarúmum heldur hefði teppi verið sett á gólfið til þess að þau gætu leikið sér. Þá hefði starfsfólk haft börnin í fanginu þegar þeim var gefinn peli. Starfsfólk hafi jafnan verið önnum kafið við að taka börnin til fyrir heimsóknartíma en heimsóknir foreldra hafi verið fátíðar. [N] kvað ekki rétt að foreldrarnir hafi einungis mátt horfa á börnin sín í gegnum gler, heldur hafi þau fengið að sitja með börnin í fanginu. Þá hafi heldur ekki verið rétt að börnin hafi verið njörvuð niður í rúmi sínu. [N] kvaðst ekki hafa munað eftir leikföngum en taldi sig hljóta hafa gert athugasemd ef þau vantaði. Þó væri rétt sem fram hefði komið að ekki hafi verið mikið á veggjum, auk þess sem starfsstúlkur hefði verið í sérstökum sloppum, þó ekki þannig að allar hefðu verið eins, t.d. hefði hún sjálf verið í gulum slopp.

## 1966 til 1968

[O] greindi frá því í viðtali 28. febrúar 2023 að þegar hún hóf störf á vöggustofunni 1966 hafi hún verið meðal fyrstu fóstranna sem þangað voru ráðnar. Starfaði hún þar til 1968. Forstöðukonan hefði tekið vel á móti sér og verið góð í allri viðkynningu en starfsemin á vöggustofunni hafi þó virst vera að miklu leyti sett upp fyrir veik börn.

[O] greindi nefndinni frá því að hún hefði annast yngstu börnin á vöggustofunni en önnur fóstura sem byrjaði á sama tíma hefði farið á eldri deildina. Börnin fóru aldrei út en leikföng á vöggustofunni voru úr plasti og vandlega sótthreinsuð. Vel var séð um alla næringu en maturinn hefði hins vegar verið allur stappaður sem hafi ekki verið heppilegt fyrir börn sem voru að nálgast tveggja ára aldur. Maturinn hefði síðan verið settur í minni dalla og börnin mötuð með teskeið. Börnin hafi fengið hafragraut og lýsi í morgunmat, kássu í hádegismat, mjólk í kaffitímanum með brauði úti. Kvöldmaturinn hafi yfirleitt verið einhver hræringur, skyr eða eitthvað áþekkt. [O] kvað fæðuna stundum hafa farið í magann á börnunum og þau hafi kastað upp. Starfsstúlkum hafi ekki verið kennt að leggja þau á öxlina til að láta þau ropa. Taldi hún of mikla áherslu hafa verið lagða á það matartíminn gengi hratt fyrir sig og starfsstúlkur færu síðan fram að brjóta saman bleiur og skrafa.

Milli matmálstíma var skipt á öllum börnunum og þau sett á koppa, stundum helst til lengi að henni fannst. Síðan voru þau klædd í aftur og fóru að leika sér að plastdýrum sem voru þarna sem leikföng. Pelar barnanna voru almennt settir upp í rúm til þeirra en börn ekki tekin í

fangið þegar þeim var gefið. Starfsstúlkur voru allar í hvítum sloppum en ef þær fóru í venjulegum fötum inn á deild urðu börnin hrædd þar sem þau voru orðin svo vön sloppunum. Barnalæknir hafi komið reglulega á heimilið og litið eftir börnunum.

Að sögn [O] voru stærri börnin sett alltof snemma í rúmið og þau hafi þagað eftir það. Hún viti ekki ástæðuna fyrir þessu verklagi en minntist þess að sér hefðu fundist þau vera óeðlilega langan tíma í rúmunum. Þá minntist [O] þess ekki að börnin hafi fari út fyrir hússins dyr á meðan Auður Jónsdóttir var forstöðukona vöggustofunnar.

## 1967

Í viðtali við [P] 9. febrúar 2023 greindi hún frá því að hún hefði fyrst komið inn á Vöggustofu Thorvaldsen árið 1967 í 10 daga starfsþjálfun. Síðar starfaði hún þar eftir útskrift frá 1. júní 1973 til 31. janúar 1979. Greindi hún frá því að meðan á starfsþjálfun hennar stóð hafi vöggustofan verið rekin eins og spítali og börnin hefðu verið í rúmunum með grindurnar uppi. [P] greindi frá því að dagurinn hefði yfirleitt hafist á þann veg að börnin hefðu verið sett á kopp 6 til 10 saman í röð og að þeim hefði verið gefið að borða á meðan þau sátu á koppunum. Maturinn hefði verið hafragrautur og lýsi sem hrært hefði verið saman og mokað í þau. Í kjölfarið hefðu þau verið klædd.

[P] taldi sig muna að sum barnanna hefðu síðan verið á gólfinu en önnur upp í rúmi. Hún kvaðst ekki muna eftir leikföngum á vöggustofunni. Allur matur hefði verið maukaður og honum mokað upp í börnin. [P] kvaðst ekki minnst þess að það hafi verið neinar söng- eða lestrarstundir á þessum tíma.

[P] sagði að sumar starfsstúlkur hefðu tekið börnin upp en ekki allar og kveðst hún halda að það hafi ekki mátt. Hún kvaðst ekki minnst þess að börnin hafi farið út úr húsinu á meðan hún var í námsvist sinni. Klukkan 5 um daginn hafi börnin verið klædd í galla sem voru bundnir að aftan svo þau gætu ekki farið úr þeim. Síðan hafi þau verið sett aftur í rúmin. [P] kvað ekkert hafa verið inni í svefnherbergi barnanna, ekkert á veggjunum og engin leikföng. Þá kvaðst hún ekki muna eftir einni einustu heimsókn á þessum tíma.

[P] kvaðst aldrei gleyma þessum tíma, enda hafi hún hugsað lengi um þetta eftir á. Á þessum tíma hafi fólk vitað alveg að það ætti að halda á börnum, örva og hugsa um þau. Vöggustofan hafi hins vegar verið rekin eins og sjúkrahús og miðast við að börnin þar inni væru veik.<sup>266</sup>

[O] lýsti því í viðtali við nefndina 28. febrúar 2023 að Auður forstöðukona hafi dag einn komið með blað í morgunkaffið og lesið þar upphátt úr grein um vöggustofuna. Þar var aðstæðum á heimilinu lýst með gagnrýnum hætti og jafnvel tíundað að börn hefðu dáíð. Hefði Auður haft orðin „svona erum við“ um lýsinguna sem sett var fram í greininni. [O] greindi frá því í

<sup>266</sup> [P] ræddi við nefndina ásamt [V] en hvorug treysti sér til að ræða við nefndina ein síns liðs. Viðtalið er eina viðtal nefndarinnar sem fór fram með þessum hætti. Hefur nefndin litið til þessa atriðis við mat á gildi framburða [P] og [V] fyrir ályktanir nefndarinnar.

viðtalinu að hún hafi reyndar vitað um eitt barn sem lést en það hafi verið vegna veikinda og ekki vegna starfa vöggustofunnar.

Að sögn [O] mun umfjöllunin í blaðagreininni sem Auður las hafa átt þann aðdraganda að hún og fleiri fóstrunemar hefðu alltaf skrifað ritgerð um sérhverja starfsþjálfun á barnaheimili. Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar, hafi fengið veður af þessu og starfshættir vöggustofunnar spurst út í kjölfarið. [O] minntist þess að eftir að greinin birtist hefði lækni vöggustofunnar komið og býsnast yfir því að pelarnir væru gefnir í rúmin og börnin lægju með pelana. Læknirinn hefði sagt þetta vera stórhættulegt þar sem mjólkin gæti runnið í lungun á börnunum. [O] kvað lækninn þó hafa séð þetta viðgangast í mörg ár. Þá hafi þetta verið gert gagnrýnslaust og allir hefðu bara gert eins og forstöðukonan sagði.

Auður Jónsdóttir greindi nefndinni frá því að sér hefði verið illa brugðið við gagnrýni Sigurjóns og sér hefði þótt gagnrýnin ósanngjörn, enda hefði hann sjálfur ekki komið á vöggustofunnar. Auður minntist einnig fundarins sem borgarstjóri hélt með Sigurjóni og læknum vöggustofunnar, þeim Kristbirni Tryggvasyni og Birni Júlíussyni, en það hafi verið átakafundur þar sem borgarstjóri hafi átalíð Sigurjón harðlega. Auður greindi nefndinni aðspurð frá því að hún hefði þó ekki hætt störfum vegna gagnrýni Sigurjóns, heldur hefðu persónulegar aðstæður hennar á þessum tíma verið að breytast þannig að æskilegt hefði verið að skipta um starfsvettvang. Hún hefði þá farið aftur til starfa á barnadeild Landspítalans.

Auður lagði áherslu á það fyrir nefndinni að starfið á vöggustofunni hafi á köflum verið erfitt og það hefði oft tekið á hana að sjá hversu illa væri komið fyrir sumum börnum. Auður minntist í þessu sambandi sérstaklega atviks þar sem barn hafi farið af vöggustofunni heim til sín en hringt hefði verið á vöggustofuna þar sem nágranna grunaði að verið væri að misþyrma barninu. Auður kvaðst að svo búnu hafa hringt tafarlaust á lögreglu sem hafi sótt barnið sem þá hafi verið með verulega áverka. Þessi frásögn Auðar á sér stoð í skriflegum heimildum sem nefndin hefur kannað, en þar á meðal er læknisvottorð um áverka barnsins og aðdraganda þess að það kom aftur á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Auður kvað það hafa komið fyrir að foreldrar óskuðu eftir að börn þeirra væru skírð á vöggustofunni og þeim gefið nafn. Hún hafi þá kvatt til prest en stundum hafi það því miður gerst að foreldrarnir mættu ekki í skírnina.

Auður minntist þess að tvö börn hefðu dáið á starfstíma hennar á vöggustofunni. Annað barnið hefði verið nýrnaveikt og látist á barnadeild Landspítalans eftir að hafa verið flutt þangað. Hitt barnið hefði verið fjölfatlað.

Auður kvað mikla eftirspurn hafa verið eftir plássum á vöggustofunni og að jafnaði hefðu færri komist að en vildu. Börnin hefðu ekki öll komið úr erfiðum heimilisaðstæðum heldur hefðu foreldrar óskað eftir plássi þar sem engin önnur dagvistunarúrræði voru í boði.

Að sögn Auðar reyndi barnaverndarnefnd almennt að sporna gegn því að börn væru of lengi á vöggustofunni, enda hefði fólk verið meðvitað að það væri erfitt fyrir börn að vera lengi á stofnunum. Aðspurð um hvernig gengið hefði að koma börnum í fóstur á einkaheimili sem hefðu verið lengi á vöggustofunni sagði Auður það hafa gengið vel að öllu jöfnu. Þó hefðu mörg börn farið á aðrar stofnanir og þá helst Silungapoll. Ekki hefði þó verið um að ræða að börn færu í fóstur til útlanda.

Auður greindi frá því að þótt vöggustofunni hafi af og til borist gjafir, m.a. leikföng, hafi ekki verið mikið af leikföngum á vöggustofunni. Vöggustofan hafi einungis fengið leikföng sem bárust með gjöfum frá einkaaðilum en engar fjárveitingar hafi verið til leikfangakaupa af hálfu borgarinnar. Auður taldi þó ekki að leikföng hafi skort, enda hafi börnin flest verið mjög ung. Vöggustofan hafi átt 10 barnavagna þar sem börn hafi sofið úti og farið út, en stundum hafi þá verið nauðsynlegt að kaupa útiföt á börnin þar sem þau hafi ekki átt nein slík föt. Auður kvað starfsfólk þó ekki hafa farið nægilega mikið út með börnin þar sem mannskap hafi skort í það. Auður kvað allan mat hafa verið maukaðan á vöggustofunni, þar sem annars hefði verið hætta á að það stæði í börnunum. Þá hafi börnin alltaf verið mötuð. Auður sagði almennt engar athugasemdir hafa verið gerðar þótt starfsfólk hafi tengst einstökum börnum.

[O] kvað miklar breytingar hafa orðið á starfseminni í kjölfar þess að Auður Jónsdóttir sagði starfi sínu lausu og Ragnheiður Jónsdóttir, sem áður starfaði á Laufásborg, tók við starfi forstöðukonu í maí 1967. Móðir Auðar, sem einnig starfaði á vöggustofunni, hefði hætt störfum á sama tíma og hugsanlega einnig ráðskonan. [O] sagði Ragnheiði hafa gefið starfstúlkunum þau fyrirmæli að sitja með börnin þegar þeim var gefinn peli. Þá hafi Ragnheiður látið opna út í garð og útvegað hlífðarföt fyrir öll börnin svo þau gætu farið út, en sumarið sem hún byrjaði hafi börnin farið út eftir morgunmatinn. Ragnheiður hafi einnig tekið fyrir matarvenjurnar og keypt hringlaga borð fyrir miðdeildina og elstu deildina. Öll börn sem gátu setið hafi fengið hæfilega stóla og farið að læra sjálf að borða af diskum með hnífapörum. Þetta hafi auðvitað verið miklu meiri vinna en að moka kássu upp í börnin en þarna hefði ráðist gott fólk sem vildi vinna með Ragnheiði. Einhverjar starfstúlkur hefðu þó verið ósáttar og hætt. Ragnheiður hefði hins vegar alltaf unnið inni á deildunum með starfsfólkinu, en Auður hafi almennt ekki komið inn á deildirnar nema þegar barn var veikt. Þá hafi hún athugað með barnið og haft samband við lækni ef tilefni var til.

[O] kvaðst ekki muna mikið eftir heimsóknunum á tíma Auðar en eftir að Ragnheiður tók við þá hafi foreldrar komið í auknum mæli og farið með börnin út á leiksvæði. Ragnheiður hafi almennt hvatt foreldrana til að koma og tengjast börnunum. Dæmi voru um að mæður með börn á brjósti hafi komið tvisvar á dag til að gefa brjóst og halda tengingu við barnið.

Ragnheiður hafi einnig séð til þess að fleiri leikföng komu inn á vöggustofuna, eins og púsl, auk þess sem leikin var tónlist fyrir börnin og þau fóru dansa og hreyfa sig. [O] minntist þess að Thorvaldsensfélagið hafi átt nokkur pláss á vöggustofunni og að börn sem komu inn á vegum þess hafi ekki endilega komið inn vegna slæmra aðstæðna.



## 1968

Í viðtali 9. maí 2023 greindi [R] frá því að hún hefði starfað á vöggustofunni í starfsnámi og í afleysingum árið 1967 áður en hún kom til fullra starfa þar eftir útskrift úr fóstruskólanum árið 1968. Hún kvaðst hafa verið áhugasöm þá um að starfa áfram þar sem Ragnheiður Jónsdóttir hafði tekið við starfi forstöðukonu og innleitt breytingar sem henni hafi hugnast vel. Meðal þeirra helstu hafi verið að Ragnheiður hafi lagt á það áherslu að börnin á vöggustofunni væru almennt heilbrigð og það ætti ekki að koma fram við þau eins og þau væru veik. Nefndi [R] í þessu sambandi að eitt barn hefði alltaf legið í rúminu samkvæmt fyrirmælum fyrrverandi forstöðukonu þar sem það væri veikt. Ragnheiður hafi hins vegar sagt starfsfólki að barnið ætti að fara úr rúminu og vera á gólfinu og í framhaldinu hafi það bæði lært að skríða og ganga.

Í viðtalinu við nefndina greindi [R] frá því að matur á vöggustofunni hefði verið venjulegur heimilismatur sem hefði verið skorinn niður fyrir börnin, að frátöldu einu barni sem hafi fengið maukaðan mat þar sem það átti í erfiðleikum með að tyggja. [R] kvað heimsóknir hafa átt sér stað tvisvar í viku og að foreldrar hafi þá verið einir með börnunum. [R] nefndi þó að ein ung móðir hafi komið oftar og gefið barni sínu brjóst.

[R] lýsti því fyrir nefndinni að lítið hefði verið af leikföngum og leiktækjum á vöggustofunni. Þó hefðu verið þar gönguvagnar, boltar og leikföng úr plasti sem hægt var að byggja með. Starfsfólk hefði verið í sloppum í ýmsum litum við störf sín, nefndi [R] að sumir þeirra hefðu verið ljósbláir.

[G] sem áður starfaði á vöggustofunni á táningsaldri árið 1963 lýsti því í viðtali við nefndina 23. febrúar 2023 að hún hefði komið aftur til starfa árið 1968. Samkvæmt gögnum sem nefndin hefur aflað starfaði [G] á vöggustofunni frá 1. október 1968 til 1. júní 1969. Þá hafði Brynhildur Sigurðardóttir tekið við starfi forstöðukonu en að sögn [G] voru áherslur á þeim tíma allt öðruvísi en áður þegar Auður Jónsdóttir gegndi þar forstöðu. Lýsti [G] þessum breytingum á þann veg að starfsemi vöggustofunnar hefði öll orðið frjálslægri og öðruvísi andi ríkt sem hafði meðal annars birst í því að foreldrar komu í heimsókn og börnin voru í sínum fötum.

[S] veitti nefndinni viðtal hinn 27. apríl 2023. Hún starfaði á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins frá árinu 1968 og var sýnt heimilið áður en hún hóf störf sem starfsnemi í fóstruskóla Sumargjafar. Hafi hana þá helst langað að gráta og ganga þaðan út. Á þessum tíma hafi áherslan helst verið á þrif vöggustofunnar. Gólf hafi verið skúruð tvisvar á dag og mikið notað af sóttþreinsilegi. Ungbörn hafi verið í minni rúmum með gleri á rúmum en eldri börnin, sem voru elst tveggja ára, hafi verið í hvítum rúmum með mjög háum rimlum. [S] minntist þess sérstaklega hvað hefði slegið sig að sjá börn rugga sér í rúmum og slá höfði sínu í rimlana. Það hafi verið greinilegt að þau hafi skort ást og hlýju.

[S] minntist þess einnig að byrjað hafi verið að baða börn klukkan 5 fyrir kvöldið og að þáverandi forstöðukona, Brynhildur Sigurðardóttir, hafi lagt upp úr því að starfsstúlkur lykju



verkinu á sem skemmstum tíma. [S] minntist þess að starfstúlkurnar hafi verið í sloppum og þeir hafi átt að vera hvítir. Stuttu síðar hafi verið slakað á þeim reglum þannig að sloppar máttu vera í ólíkum litum. [S]kvað lítið hafa verið til af leikföngum, auk þess sem veggir hafi allir verið hvítir og lítil örvun í öllu umhverfinu. Börnin hafi öll verið í eins náttfötum en einnig hafi matur verið maukaður. [S] kvað heimsóknir foreldra hafa farið fram tvisvar í viku á þessum tíma og að foreldrar hafi þá mátt vera með börnunum, þ.e. halda á þeim og snerta þau.

[T] veitti nefndinni viðtal 28. apríl 2023. Greindi hún frá því að hafa starfað á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem starfsnemi sumarið 1968 en síðan komið til fullra starfa þar árið 1969. Hafi Brynhildur Sigurðardóttir verið forstöðukona á þessum tíma. Í viðtalinu kom fram að hún hefði starfað með yngstu börnunum sem voru sex mánaða og yngri. [T] kveðst hafa verið sátt við umönnun barnanna að flestu leyti þar sem hugsað hafi verið um þau af samvirkusemi og kærleika. Umhverfi vöggustofunnar hafi þó verið stofnanalegt, sem birtist meðal annars í því að veggir voru hvítir og notuð voru hvít rimlarúm, en leikskólar á þessum tíma hafi verið málaðir í mildum litum. Þá hafi starfsstúlkur verið í sérstökum sloppum, sem voru ýmist hvítir eða einlitir í öðrum lit.

Samkvæmt frásögn [T] fóru heimsóknir foreldra á þessum tíma þannig fram að þau hittu börnin í sérstöku heimsóknarherbergi og gátu þar umgengist þau án nærveru starfsfólks. [T] kvað umræðu um illa meðferð barna og þeim ekki sinnt þegar þau grétu hafa slegið sig illa enda hafi það ekki verið raunin á hennar starfstíma, þótt slíkt hefði kannski átt sér stað áður. [T] kvað þó ástandið hafa verið erfiðara á deildum þar sem eldri börn dvöldu og hugsanlega hafi þær deildir verið undirmannaðar. [T] kvað meginástæðu þess að hún hætti á vöggustofunni við áramótin 1970 hafa verið að hún hafi átt erfitt með að ganga næturvaktir. Að þeim slepptum hefði hún vel getað hugsað sér að starfa áfram á vöggustofunni á þessum tíma.

Móðir barns sem vistað var á vöggustofu, kvaðst í viðtali við nefndina 18. nóvember 2022 hafa sett barnið á vöggustofu að ráði læknis þar sem það hafi verið alvarlega veikt og hún hafi sjálf verið örmagna. Móðirin kvaðst ekki muna nákvæmlega hvenær barnið var vistað á vöggustofunni en samkvæmt gögnum nefndarinnar var barnið vistað um mánaðarskeið frá 28. ágúst til 30. september 1968. Í viðtalinu kvaðst móðirin ekki hafa fengið sjá barn sitt öðruvísi en í gegnum gler en hún hafi sjálf ekki haft orku til þess að gera athugasemdir við það. Fólk í kringum hana hafi hins vegar talið að barn hennar væri með smitandi sjúkdóm og tekið fyrir samneyti við hana á þessum tíma. Hún hafi síðan safnað kjarki og sótt dóttur sína á vöggustofuna.

## 1969

Í viðtali við nefndina 23. febrúar 2023 greindi [U] frá því að hún hefði byrjað sem fóstura á vöggustofunni 1. júní 1969 eftir útskrift úr Fóstruskóla Sumargjafar ásamt tveimur öðrum. Ein af þeim hafi farið á vöggudeild, þar sem yngstu börnin dvöldu, en hinar tvær á Langasand en

Það hafi sú deild verið nefnd þar sem börnin voru á aldrinum 3 til 5 ára. Starfið á Langasandi hafi að miklu leyti líkst starfinu á leikskóladeild. Fóstrurnar hafi farið út með börnin og í göngutúra, verið með söngstundir, auk þess sem börnin hafi leikið sér með ýmiss konar liti en hún myndi ekki eftir leikföngum á þessum tíma.

[U] lýsti starfseminni þannig að enda þótt hún teldi óæskilegt að börn væru yfirleitt á vöggustöfum hafi stúlkurnar sem unnu þarna reynt að gera sitt besta og faðmað börnin og reynt að hugga ef þau grétu. [U] kvaðst þó ekki minnst þess að mikið hefði verið um hávaða á vöggustofunni og almennt hefðu börnin verið meira róleg og stillt en eðlilegt gat talist og skort hafi á gleðina í þeim.

[U] lýsti heimsóknum á þessum tíma þannig að fólk hafi gjarnan komið á sunnudögum og þá farið með börnin inn í herbergi til að spjalla. [U] minntist þess ekki að börn hefðu verið sýnd gegnum gler í heimsóknum á sínum starfstíma en hún hefði heyrt frá starfsfólki að þannig hefði það verið áður. Þá hefði barnalæknir vitjað að minnsta kosti einu sinni á ári og skoðað öll börnin og hafi hún þá alltaf fylgt barni inn til hans. Í matartímum hafi verið lagt á borð á meðan börnin sungu og setið til borðs en hvert barn hafi átt sitt sæti. Maturinn hafi verið fjölbreyttur en yfirleitt maukaður ofan í börnin.

[U] greindi frá því að starfsandinn hafi breyst til hins betra eftir að Gyða Sigvaldadóttir var ráðin forstöðukona vöggustofunnar. Gyðu hafi augsýnilega verið mjög umhugað um börnin og starfsfólkið og alltaf verið til staðar. Þá hefði leikföngum fjölgað eftir tilkomu Gyðu og meiri gleði verið meðal barnanna.

Samkvæmt [U] hafði starfsfólk á Langasandi nokkurt svigrúm um hvernig það hagaði daglegu skipulagi. Almennt hefði það verið á þann veg að börnin hefðu borðað hafragraut í morgunmat. Síðan hafi verið leikstund og börnin farið á salerni en síðan hafi fylgt útivera fyrir hádegi. Að því loknu hafi börnin komið inn og borðað en eftir það hafi verið hvíld og lestrarstund. Þá hafi verið aftur útivera, svo kaffitími og leik-og lesstund. Þá hafi börnin háttað sig og verið komin í náttföt þegar kom að kvöldmatnum. Stundum hafi þau farið í bað, en þá fyrir kvöldmat. Herbergjaskipan hefði verið þannig að tvö rúm voru í herbergi og systkini höfð saman.

[V] lýsti því í viðtali við nefndina 9. febrúar 2023 að hún hefði verið í starfsþjálfun á vöggustofunni í námi sínu við fóstruskólann á meðan Gyða Sigvaldadóttur veitti stofnuninni forstöðu árið 1970. Þá hafi börnin að miklu leyti verið í rúmum sínum og legið þar langtímum saman en ekkert hafi verið á veggjum. Eitt herbergi hafi verið helgað fötluðum börnum sem

hafi verið þar nokkur saman, en þau hafi verið farin þegar hún kom til fullra starfa á vöggustofunni árið 1972.<sup>267</sup>

## 1970

Póranna Þórðardóttir veitti nefndinni viðtal 26. febrúar 2023. Hún starfaði á vöggustofunni frá 1970 til 1973, meðal annars sem forstöðukona, og greindi frá því að þegar hún hóf störf hafi börnin vaknað um klukkan átta og verið tekin upp og klædd. Þau hafi ekki verið í neinum sérstökum hvítum göllum, heldur venjulegum fötum. Eftir það hafi þau fengið að borða en síðan var leikið við þau fram að hádegismat. Eftir hádegi hafi alltaf verið farið út og leikið við börnin á leiksvæði, en leikvöllurinn hafi þó ekki verið fjölbreyttur. Þá hafi börnin sofið úti í vögnum.

Póranna sagði daginn yfirleitt ekki hafa verið sérstaklega skipulagðan heldur hafi starfið miðast við að sinna börnunum og starfstúlkurnar, sem voru að jafnaði mjög ungar, hafi gert það vel. Þær hafi legið á gólfinu og skriðið með börnunum þar sem þær léku við þau. Póranna kvað lítið hafa verið um leikföng og börnin hafi almennt ekki mátt hafa nein slík í rúmum eða bangsa. Póranna kveðst hafa þekkt til fólks sem var í innflutningi á leikföngum og vöggustofan hafi þá fengið eitthvað smávegis af þeim gefins. Stefnan hafi hins vegar verið sú á þessum tíma að leggja starfsemina niður og þess vegna hafi ekki mátt verja miklum fjármunum til hennar.

Póranna kveðst hafa átt í nokkrum ágreiningi við lækni vöggustofunnar um hvernig best var að haga starfseminni þegar hún tók við sem forstöðukona 1971. Læknirinn hafi til dæmis verið kröfuharður á það að starfsfólkið væri í hvítum sloppum en Póranna hafi tekið þá ákvörðun þegar hún tók við forstöðu vöggustofunnar að starfsfólk yrði í sínum eigin fötum og einkennisbúningum var hent. Að mati Pórönnu sköpuðu einkennisbúningarnir kuldalegt yfirbragð, auk þess sem veggirnir voru allir hvítir. Póranna greindi nefndinni frá því að eftir að hún málaði einn vegg mosagrænan og setti rauð gluggatjöld hafi hún fengið aðfinnslur frá lækni vöggustofunnar þar sem hann teldi að gluggatjöldin væru „bakteríusafnari“.

Póranna kvað hafa verið mun auðveldara að vinna með starfsfólkinu sem var á miðdeild heldur en þeim sem störfuðu með yngstu börnunum. Þar hafi starfað ljósmóðir og þar hafi allt verið eins og á fæðingardeildinni. Póranna minntist þess að þessi þáttur hefði verið sérstaklega erfiður þar sem hún hafi sjálf flutt inn á hæðina fyrir ofan og vaknað ítrekað við það að börnin voru grátandi og ekki sinnt. Hún hafi gert athugasemdir við ljósmóðurina sem starfaði á deildinni vegna þessa en hún hafi haft svör á reiðum höndum. Póranna kvaðst hafa vitað á þessum tíma að það væri verið að rannsaka börn og hversu lengi hlutir sem þau

---

<sup>267</sup> [V] ræddi við nefndina ásamt [P] en hvorug treysti sér til að ræða við nefndina ein síns liðs. Viðtalið er eina viðtalið þar sem nefndin ræddi sameiginlega við starfsfólk. Hefur nefndin litið til þessa atriðis við mat á gildi framburðar [P] og [V] fyrir ályktanir nefndarinnar.

upplifðu myndu sitja í þeim. Parna hafi viðhorfið hins vegar verið að hvítvoðungar myndu gleyma öllu.

Póranna kvað eldri börnin sem vistuð voru á vöggustofunni hafa verið á aldrinum 3-6 ára og þau hafi verið meðvituð um aðstæður. Lýsti Póranna því að Gyða Sigvaldadóttir hefði leitast við að sinna þessum börnum sérstaklega vel sem hefði birst í því að hún hefði oft setið inni hjá þeim og sungið þegar þau voru að hátta. Börnin hafi alltaf verið í fyrirrúmi hjá Gyðu.

Póranna kvaðst aldrei hafa séð neitt því til fyrirstöðu að aðstandendur kæmu í heimsókn og hitti börnin sín. Viðhorfið hafi hins vegar verið þannig að þeir hafi helst bara mátt sjá börnin í gegnum gler. Þá hafi móðir eins barns á vöggustofunni dvalið á Kleppsspítala vegna fæðingarpunglyndis og þótti Pórönnu sjálfsagt að móðirin kæmi og gæfi barninu, baðaði það og færi í göngutúr í vagni ásamt starfsfólki. Póranna lýsti því einnig að hún hefði lagt niður fasta heimsóknartíma.

[X] greindi nefndinni frá því í viðtali 9. maí 2023 að hann hafi verið ráðinn að vöggustofunni við útskrift úr menntaskóla sumarið 1970 fyrir tilhlutan Gyðu Sigvaldadóttur sem þá var forstöðukona vöggustofunnar. [X] hefði um sumarið starfað á deildinni þar sem elstu börnin voru en þau elstu hefðu verið í kringum sex ára gömul.

Í frásögn [X] kom fram að Gyða hafi greint honum frá því að hún ætlaði sér að leggja stofnunina niður í þáverandi mynd. Gyða hefði boðað miklar breytingar á starfsemi stofnunarinnar og hún hafi greint [X] frá því að vikið yrði frá fyrri framkvæmd um að starfsfólk yrði að gæta þess að hæna ekki börn að sér. Lýsti [X] því þannig að Gyða hefði sagt honum að hann mætti hæna tvö börn að sér, hann veldi annað en hún hitt. Hún hefði haft þau orð að börnin myndu sakna hans þegar hann færi, en þau hefðu þó engu síður upplifað að þau væru sérstök. Gyða hafi sagt að hún hafi passað bæði mömmur og ömmur barnanna á stofnunum og það „yrði að rjúfa vítahringinn“.

[X] kvað aðstæður á leikskólanum hafa verið fábrotnar. Til dæmis hefðu engin leiktæki á borð við rólur og sandkassa verið á útiaðstöðunni og hefði það þá verið leyst með að fara á aðrar leikskólalóðir eða staði þar sem slík tæki voru til staðar. Stofnunin hefði borið þess mjög merki að hún hefði verið byggð fyrir fólk í erfiðri þjóðfélagsstöðu sem lítið var gert fyrir.

Þá hefði orðið breyting á því hvernig maturinn var framreiddur þar sem matnum hefði áður verið sulað saman í trog en síðan verið settur fram þannig að börnin gátu valið sér eitthvað sjálf. Þá hefði einnig verið horfið frá því fyrirkomulagi að starfsfólk stæði fyrir aftan börnin þegar þau borðuðu matinn. [X] kvað enga einkennisbúninga hafa tíðkast á þessum tíma. Þá hafi heimsóknir átt sér stað þannig að foreldrar hafi verið með börnunum.

[Y] greindi nefndinni frá því í viðtali 9. maí 2023 að hann hefði starfað á vöggustofunni sumarið 1970.<sup>268</sup> Gyða Sigvaldadóttir hefði verið forstöðukona þegar hann kom til starfa en hún hefði lagt mikla áherslu á að börnunum væri sinnt sem best og þeim sýnd hlýja og umhyggja. Hún hefði lagt þær línur að börnin kæmu mörg hver frá brotnum heimilum og það varðaði öllu að þau upplifðu væntumþykju og hefðu persónuleg tengsl við starfsfólk.

[Y] sagði hugmyndir Gyðu hefðu hins vegar mætt mótstöðu hjá sumu starfsfólki sem hafi þráast við að hugga börn ef þau grétu á kvöldin. Hafi það fyrst og fremst átt við um atlæti gagnvart eldri börnunum og einstaka starfsfólk hafi verið að ergja sig yfir fyrir mælum Gyðu. Þá nefndi [Y] í þessu samhengi einnig að tvær starfskonur hafi gert athugasemdir við að hann hefði gengið í að skipta á barni sem gert hafði í buxurnar utan þess tíma sem gert var ráð fyrir að skipt væri á börnum. [Y] rifjaði einnig upp að honum hafi þótt erfitt að horfa upp á hlutskipti fötluðu barnanna, sem sum hver hafi verið verulega fötluð.

[Y] kvaðst ekki minnst þess að umhverfið hafi verið kaldranalegt með t.d. hvítmáluðum veggjum í kringum eldri börnin, en deild yngstu barnanna hafi verið ólík hinum og mest líkst vöggudeild á sjúkrahúsi. [Y] kvað starfsfólk hafa farið í gönguferðir með börnin en mest hefði verið leikið í garðinum þar sem Gyða hefði verið í aðalhlutverki.

Í viðtali við nefndina 2. desember 2022 greindi [P] frá því að barnaverndarnefnd hefði tekið hana af heimili sínu um miðja nótt árið 1971 eftir að móðir hennar beitti systkini hennar ofbeldi. Samkvæmt vistunarskýrslu [P] var hún nýorðin fjögurra ára á þessum tíma en þar kemur fram að hún hafi dvalið á vöggustofunni nánast samfelld í heilt ár, frá 11. febrúar 1971 til 8. febrúar 1972

[P] lýsti því fyrir nefndinni að hún hefði verið vistuð á deild eldri barna sem var kölluð Langisandur og að starfsemin hafi verið í mjög föstum skorðum. Börnin hafi borðað kl. 17 og farið í háttinn klukkan sjö en hún hafi hins vegar stundum mátt fara út eftir klukkan sjö. Leikskólinn Hlíðarendi hafi verið í næsta húsi og börnin þar hafi verið skilin að frá börnunum á vöggustofunni með girðingu. Hún minntist að hafa orðið þess vör að leikskólabörnin fóru heim með foreldrum sínum í lok hvers dags meðan þau voru áfram á sama stað. Eini vinur hennar á þessum tíma hafi verið drengur með Downs-heilkenni sem vistaður hafi verið af öðrum ástæðum og farið heim um helgar.

[P] minntist þess jafnframt að ekki hafi verið mikið af leikföngum á vöggustofunni og það hafi nánast verið slegist um þau fáu sem voru til. Auk þess hafi verið eitt herbergi með dúkkueldhúsi og fleiri leikföngum en þangað hafi einungis mátt fara við hátíðleg tækifæri, t.d. þegar foreldrar komu í heimsókn, og það hafi verið nánast heilög stund. [P] hafði einnig eftir

---

<sup>268</sup> Starfsmaðurinn mundi ekki nákvæmlega hvenær hann hefði verið að störfum en nefndi að hann hefði starfað samtímis öðrum starfsmanni sem samkvæmt gögnum starfaði á vöggustofunni frá 25. janúar 1970 til 1. desember 1970. Eins og fram kemur í kafla 4.3.6 tók Gyða Sigvaldadóttir formlega við forstöðu vöggustofunnar í júní 1971. Í viðtölum við starfsfólk kom hins vegar fram að Gyða hefði að einhverju leyti gegnt starfi forstöðukonu samhliða Brynhildi Sigurðardóttur árið 1970.

fósturmóður sinni að börnin á vöggustofunni hafi sópast að fólki sem kom í heimsókn og sóst mjög eftir athygli þess.

[P] lýsti jafnframt minningum um Gyðu Sigvaldadóttur sem hefði verið „ofboðslega góð kona“. Þá mundi hún eftir annarri starfskonu, Guðrúnu að nafni, sem hefði tekið fatlaðan dreng með sér heim um helgar. Um aðra starfsmenn kvaðst [P] minnst þess að eitt sinn hefði verið gripið í hárið á henni og hún dregin inn í herbergi og einnig að hún hafi verið slegin en það hafi sennilega þótt eðlilegt á þessum tíma ef barn gerði eitthvað af sér.

[P] greindi nefndinni einnig frá því að hún hefði sofið í rimlarúmi í annars tómu herbergi sem var læst á nóttinni. Þetta hafi haft þau áhrif þegar hún var komin í fóstur að hún rúllaði í mörg ár út úr rúminu. [P] lýsti því fyrir nefndinni að dvölin hefði haft mikil áhrif á allt líf hennar en hún hefði ekki gert sér fyllilega grein fyrir því fyrr en hún var komin á fullorðinsár. Hún hafi til dæmis forðast að fara framhjá húsi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Þá hefði hún yfirhöfuð ekki knúsað fólk fyrr en eftir að hún eignaðist sjálf börn um miðjan þrítugsaldur. [P] minntist þess ekki að hafa setið í fanginu á neinum á meðan dvöl hennar stóð og sennilega hafi verið best að lýsa tíma hennar á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins þannig að það hefðu „engar tilfinningar verið í neinum samskiptum vegna þess að það var bannað.“

[Æ] veitti nefndinni viðtal 9. febrúar 2023. Hún starfaði á vöggustofunni frá ágúst 1970 fram til fyrri hluta árs 1972 og greindi frá að hefðbundinn dagur hefði á þessum tíma hafist með því að öll börn voru þvegin og klædd fyrir morgunmat. Að því loknu hafi þau farið að leika sér fram til hádegis, annaðhvort inni eða úti í garði ef veður leyfði. Börnin hafi þessum tíma sofið í háum rimlarúmum hlið við hlið og farið í rúmið á ákveðnum háttatíma.

[Æ] mundi ekki eftir að mikið hafi verið af leikföngum, en börnin hafi teiknað og litað og afraksturinn verið hengdur upp á vegg. Aðspurð mundi hún ekki hvort það var reglulegur lestur fyrir börnin, en hún mundi eftir að hafa lesið fyrir einn dreng. Mikið hafi verið lagt upp úr hreinlæti og sérstakt herbergi hafi verið fyrir koppa. Þennan tíma hafi einnig mjög fötluð börn verið vistuð á vöggustofunni, en þau börn hafi verið í umsjá starfsmanna frá Kópavogshæli og ekki starfsmanna vöggustofunnar.

[Æ] minnti að foreldrar hefðu komið í heimsóknir um helgar og þau hafi hitt börnin í holi með sætum. Hún tilgreindi að í einstaka tilvikum þurfti að hafa varann á þegar foreldrar komu í heimsókn þar sem áhyggjur hafi verið af því að þeir tækju börnin. Aðspurð sagðist hún ekki muna eftir að Reykjavíkurborg hafi haft eftirlit með starfsemi vöggustofunnar.

[Ö] veitti nefndinni viðtal 11. maí 2023. Hún starfaði á vöggustofunni um 18 mánaða skeið frá seinni hluta árs 1970 eða byrjun árs 1971 til 1972, fyrst á bráðabirgðadeild fyrir fötluð börn en síðar á vöggudeild fyrir yngstu börnin. [Ö] greindi frá því að starfsemin hafi verið mjög reglubundin og í fóstum skorðum. Börnin á bráðabirgðadeildinni hefðu verið verulega fötluð og nokkuð eldri en önnur börn á vöggustofunni, en auk þess hefðu þau verið með

mismunandi fötlun. Sum barnanna hefðu verið hreyfihömluð, auk andlegrar fötlunar en [Ö] minntist þess ekki að þau hefðu notið sjúkráþjálfunar.

[Ö] sagði skýr skil hafa verið á milli deilda á vöggustofunni. Börn hefðu að jafnaði ekki umgengist börn á öðrum deildum, t.d. hefðu eldri börnin á Langasandi ekki umgengist yngri börnin og fötluðu börnin hafi heldur ekki umgengist börn á öðrum deildum.

[Ö] kvaðst hafa átt gott samstarfsfólk sem hefði almennt lagt sig í framkróka um að sýna börnunum ást og umhyggju. Nefndi [Ö] sérstaklega í þessu sambandi Gyðu Sigvaldadóttur sem starfaði með elstu börnunum á Langasandi. Hún hefði sinnt börnunum af mikilli alúð og skipulagt söngstundir. [Ö] nefndin hins vegar að henni hefði alltaf þótt meiri skuggi yfir miðdeildinni. Börnin þar hafi verið böðuð um klukkan hálfítt, borðað kvöldmat klukkutíma síðar og verið komin í rúmið snemma eftir það. Þá hefði vantað upp á skipulagt starf fyrir börnin eins og í leikskóla, þótt stundum hafi verið farið með börn í göngutúr. Auk þess þótti [Ö] miður þegar hún varð vitni að því að eldra systkini var skilið frá yngri systkinum sínum eftir að börnin komu á vöggustofuna fyrir tilstilli barnaverndarnefndar.

[Ö] greindi frá því að miklar breytingar hefðu verið gerðar við umönnun yngstu barnanna eftir að Þorbjörg Sigurðardóttir tók við forstöðu vöggustofunnar. Í stað þess að börnin drykkju af pela í rúminu hefði starfsfólki verið uppálagt að taka börnin í fangið, gefa þeim að drekka og sýna þeim ástúð. Þá hafi starfsfólki verið falið að sinna og tengjast tilteknum börnum sérstaklega og meðal annars tekið þau heim með sér.

[S], sem áður var í starfsnámi á vöggustofunni 1968 og getið er að ofan, kom aftur til starfa í ársbyrjun 1972. Kvað hún starfsemina á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins þá hafa tekið miklum breytingum eftir að Þorbjörg Sigurðardóttir var orðin forstöðukona. [S] sagði starfsandann hafa breyst mikið og miklu léttara hafi verið yfir starfseminni, t.d. hefðu einkennisslopparnir verið fjarlægðir. Áherflan hafi verið meira á börnin og umönnun þeirra en síður lotið að þrifum. Þá hafi verið mun meiri nánd við börnin en áður og almennt hafi verið leitast við sinna þeim eins vel og unnt var. Til dæmis minntist [S] þess að starfsfólk hafi lesið fyrir börnin inni í herbergi þegar þau voru að fara sofa og verið hjá þeim. Þá hefði verið innréttuð sameiginleg stofa fyrir börnin þar sem hefði verið sjónvarp.

Bæði [P] og [V] greindu einnig frá því í viðtali við nefndina 9. febrúar 2023 að miklar breytingar hefðu verið gerðar á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins með tilkomu Þorbjargar Sigurðardóttur 1972. Bæði rúm og hurðar hefði verið máluð í litum en borgaryfirvöld hafi ekki verið hrifin af þessum breytingum. Auk þess hafi verið keypt leikföng, púsl og Legokubbar. Háttatíma barnanna var líka seinkað en áður hafi hann verið klukkan fimm á daginn. Þá hafi verið farið með börnin út í garð og um Laugardalinn en einnig í sundlaugar. Gyða Sigvaldadóttir hafi einnig haft forgöngu um að starfseminni yrði komið í svipað horf og á leikskólum og byrjað hafi verið að syngja með börnunum og spila á gítar.



[P] og [V] greindu frá því að heimsóknartímar hafi verið sérstaklega erfiðir og tilfinningaþrungnar stundir þegar foreldrar komu öll á sama tíma og síðan hafi verið grátíð mikið þegar heimsóknartímanum lauk tveimur klukkustundum síðar.

[P] og [V] kváðu ekki hafa verið mikil samskipti við félagsþjónustuna á þessum tíma og starfsfólk hafi fengið mjög takmarkaðar upplýsingar um börnin og veru þeirra. Til dæmis hafi lögregla stundum komið með börn að kvöldi til en starfsfólki hafi ekki verið greint frá því úr hvaða aðstæðum barnið var að koma. Báðar greindu frá því að Björn Júlíusson læknir hefði veitt mikilvægan stuðning við starfsfólk og hann hafi alltaf komið þegar á þurfti að halda. [V] minntist þess til dæmis að á vöggustofunni hafi eitt sinn verið vistað barn sem var illa farið af beinkröm og átti að útskrifa en þá hefði hún hringt í Björn sem hafi komið og kyrrsett barnið. Kvað [V] líklegt að barnið hefði dáið ef Björn hefði ekki gripið inn í.

[P] og [V] kváðust báðar telja að börnum hefði ekki liðið illa á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á þeim tíma sem þær störfuðu þar á áttunda áratugnum. Það hafi verið farið vel með börnin, enginn hafi beitt þau líkamlegu ofbeldi. Sum börn, sem hafi verið á vöggustofunni um jól og áramót, hafi fengið að fara heim með starfsfólki á slíkum tímum. Á þessum tíma hafi hins vegar enginn stuðningur verið við einstæðar mæður, a.m.k. ekki þannig að þær vissu af. Þá hafi verið mismunandi eftir þjóðfélagsstöðu hvaða þjónustu mæður fengu, auk þess sem miklu hafi skipt hversu áræðnar þær voru að bera sig eftir stuðningi. [P] kvaðst sjálf hafa farið í kringum reglurnar til að koma til móts við móður barns og leyft henni að hringja heim til sín til að fá fréttir af barninu.

Í viðtali við nefndina 26. febrúar 2023 lýsti Þorbjörg Sigurðardóttir því að hún hefði sótt um starf forstöðukonu Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árið 1972 að undirlagi Gyðu Sigvaldadóttur, fyrrverandi forstöðukonu. Gyða hafi verið mjög frjó manneskja með miklar hugmyndir en hún hafi ekki endilega náð að fylgja þeim öllum eftir og það hafi komið í hlut Þorbjargar að hrinda þeim í framkvæmd. Þorbjörg kvaðst hafa byrjað á því að lífga upp á umhverfið, mála, afla leikfanga og blanda saman börnum á ólíkum aldri. Lýsti Þorbjörg því þannig að hún hafi ekki viljað vera með vöggustofu og heldur ekki viljað aðgreina systkini.

Þorbjörg kvað Björn Júlíusson lækni vöggustofunnar ekki hafa verið hrifinn af þessum breytingum í byrjun og bent á smithættu, en síðan hafi honum snúist hugur. Þorbjörg kvað annars allt starfsfólkið hafa verið tilbúið að taka þátt í breytingum og að góður starfsandi hafi ríkt á vöggustofunni. Þorbjörg kvaðst hafa leitast við að starfsemin líktist heimilisaðstæðum eins og kostur var. Birtist það meðal annars í því að starfseminni var skipt upp í litlar einingar og vann sama starfsfólk á hverri einingu. Börnin hafi farið meira út af vöggustofunni og heim til foreldra, jafnframt því sem liðkað var fyrir heimsóknum foreldra. Áður fyrr hafi heimsóknir verið takmarkaðar og börnin ekki verið úti nema í litlum mæli.

Að sögn Þorbjargar mun hún hafa fengið ákúrr frá Félagsmálastofnun fyrir að hafa ráðist í breytingar án þess hafa fengið til þess leyfi. Þorbjörg kvaðst þó hafa fengið fjármagn til að kaupa leikföng og bækur sem hafi ekki verið til staðar áður. Þá hafi Thorvaldsen-konur komið

a.m.k. einu sinni með gjöf. Aðspurð um fatnað barna sagði Þorbjörg allan gang hafa verið á því, en sjálfsagt hafi starfsmenn keypt föt á börnin.

Þorbjörg sagði mánaðarlega fundi hafa verið haldna um málefni barnanna á þessum tíma, en ekki endilega við komu þeirra. Félagsmálastofnun hafi reynt að fylgjast með börnunum og á fundunum hafi, auk Þorbjargar, verið starfsfólk barnaverndarnefndar, sem og þeir starfsmenn sem hugsuðu mest um börnin. Þorbjörg sagði börn hafa verið vistuð af mismunandi ástæðum, m.a. fátæktar, veikinda og óreglu. Þá hafi fósturforeldrar komið til að kynnast börnunum sem voru á leið til þeirra. Í slíkum heimsóknum hafi starfsmaður Félagsmálastofnunar verið með í fyrsta skipti en annars hafi það verið upp og ofan.

[J] sem áður hafði starfað á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem starfsnemi árið 1963 greindi frá því í viðtali við nefndina 2. mars 2023 að straumhvörf hafi orðið í starfseminni þegar hún kom aftur til starfa árið 1973. Umhverfið hafi tekið stakkaskiptum og allt verið málað í litum, en auk þess hafi starfsemin breyst á þann veg að börn gátu dvalið á vöggustofunni allt til fimm ára aldurs. Auk þess hafði sú stefna verið mörkuð að aðskilja ekki systkini. [J] minntist þess jafnframt að á þessum tíma hafi verið tekin upp sú regla að foreldrar gátu komið á hverju kvöldi til að baða börnin og svæfa þau.

[J] greindi einnig frá því að á þessum tíma hafi verið tekið upp það vinnulag að haldnir voru reglulegir fundir með þeim félagsráðgjafa sem var með mál viðkomandi barns. [J] kvað starfsmenn hafa getað leitað til félagsráðgjafans sem og sálfræðings þar sem starfsmenn hafi stundum fengið hótanir og annað í tengslum við starf sitt. Þá hafi starfsfólk líka haft mikil samskipti við fósturforeldra en mörg barnanna hafi farið í varanlegt fóstur. Þessi samskipti hafi meðal annars birst í því að væntanlegir fósturforeldrar hafi komið og hitt börnin, en einnig líffræðilega foreldra barnanna en þeir fundir hafi þá átt sér stað á vöggustofunni. Ef barnið var að fara í fóstur út á land hafi starfsmaður vöggustofunnar farið með þeim og verið þar í kannski í viku og þá hafi hann kappkostað að vera með því.

[AB], sem starfaði á vöggustofunni árin 1969 til 1972 með elstu börnunum greindi nefndinni frá því í viðtali 17. maí 2023 að miklar breytingar hafi orðið á starfseminni á þeim tíma sem hún starfaði. Þannig hafi starfsemin orðið mun frjálsligri í tímans rás og henni svipað meira til hefðbundins starfs leikskóla, einkum eftir að Gyða Sigvaldadóttir og Þorbjörg Sigurðardóttir tóku við forstöðu. Til merkis um það hafi börn farið meira út og í heimsóknir annað. Þegar hún hóf störf hafi starfsmenn á yngstu deildinni verið í hvítum sloppum en annað starfsfólk hafi verið í sínum eigin fötum. Almennt hefði vöggustofan verið vel mönnuð og ekki gerðar athugasemdir við að starfsfólk tengdist börnum persónulega. Til dæmis hefðu börn tvívegis komið í heimsóknir til hennar um jól og farið með henni í leikhús. Engu að síður hafi komið upp alvarleg atvik. Nefndi starfsmaðurinn þá einkum að eitt sinn hefðu börn komist yfir eldspýtur á vöggustofunni og ein 3-4 ára stúlka hlotið alvarleg brunasár en ekki hefði verið ljóst hver hefði komið með eldspýturnar inn.

#### 4.3.5 Fjöldi vistbarna, aldur, lengd og ástæða dvalar

Líkt og í tilviki Hlíðarenda hafa ekki varðveist heildarlistar yfir vistbörn á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, hvorki fyrir hvert ár né í heild. Þar, líkt og áður, hefur verið hægt að styðjast við vistunarskjöl sem í flestum tilvikum greina frá upplýsingum um nafn barns og aldur, foreldra svo og dagsetningu komu og brottfarar. Þau eru hins vegar misjöfn að gæðum, í sumum tilvikum er eingöngu færð inn komudagsetning og í öðrum engar dagsetningar, þó einungis í 4,3% tilvika.

Eftirfarandi greining byggir hins vegar á þessum heimildum þar sem aðrar eru ekki fyrir hendi, ef undan eru skildar fundargerðir og eftirlitsskýrslur barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Í nokkrum tilvikum gáfu þær upplýsingar um umfang vistunar, og í nokkrum tilfellum aðrar dagsetningar en samkvæmt vistunarskjöllum.

Eins og þegar er getið voru alls 1.083 börn tekin til vistunar á tímabilinu sem rannsókn nefndarinnar nær til, eða frá 1949 til 1973. Af þeim voru 608 vistuð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, frá því hún hóf starfsemi 20. júní 1963 fram til þess tíma sem rannsókn nefndarinnar er afmörkuð, þ.e. í árslok 1973. Af þeim voru 267 stúlkur og 341 piltur. Þar var því næstum sama misvægi kynja, þ.e. rúmlega 56% piltar, og á Hlíðarenda og nákvæmlega sama hlutfall og á vistheimilinu Silungapólli 1950-1969.<sup>269</sup>

Rétt eins og í tilviki Hlíðarenda ber þessum tölum ekki að öllu leyti saman við ársskýrslur barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá sama tímabili, einkum hvað varðar árin 1963 og 1964. Eins og rakið er í kafla 3.3.4 var í ársskýrslunum birt stopult tölfræði yfir starfsemi þeirra vistunarstofnana sem reknar voru undir eftirliti nefndarinnar. Tölfræðin er mjög brotarkennd hvað snertir vöggustofur, stundum er getið heildarinnlagna á tilteknu ári og stundum er getið dvalardaga allra barna, þ.e. heildarlengdar vistunar á umræddri vöggustofu. Þá hefur vöggustofunefnd fundið nokkur dæmi um innbyrðis ósamræmi í þeirri tölfræði. Í skýrslu um rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar frá 1968 kemur auk þess fram að við athugun á rekstrarkostnaði barnaheimilanna árin 1965 til 1968 hafi komið í ljós að fjöldi dvalardaga á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi verið ranglega talinn í reikningum Reykjavíkurborgar.<sup>270</sup> Af þessum sökum telur vöggustofunefnd vistunarskjölin áreiðanlegri heimildir, einkum þar sem þau veita sérgreindar upplýsingar um hvert barn.

Á mynd 4 sést samanburður á dvalardögum samkvæmt vistunarskjöllum og ætlaðri heildargetu vöggustofunnar. Samkvæmt ársskýrslu barnaverndarnefndar 1964 hafði Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins getu til að taka á móti 32 börnum hverju sinni en ári síðar og eftirleiðis er miðað við 30 börn. Er stuðst við þá tölu hér. Þar var því um að ræða fjölgun


---

<sup>269</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 2, bls. 69.

<sup>270</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar. Barnaheimili 1961-1973. Askja F 31.

rýma frá tíma Hlíðarenda upp á átta börn og að auki var aldurinn lengdur til tveggja ára. Með hámarksnýtingu hefðu dvalardagar verið 30 x 365 eða 10.950 (10.980 á hlaupári).

**Mynd 4: Fjöldi dvalardaga á vöggustofu Thorvaldsens 1963-1973\***



Árið 1966 hóf Thorvaldsensfélagið söfnun fyrir nýrri álmu á vöggustofunni fyrir börn á aldrinum tveggja til þriggja og hálfis árs. Var hún tekin í notkun í febrúar 1969 með rúm fyrir allt að 14 börn og þar með jókst hámarksgeta vöggustofunnar upp í 16.060 dvalardaga (16.104 á hlaupári). Mynd 4 sýnir að árin 1964 og 1965 fóru dvalardagar á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins umfram skilgreinda hámarksgetu hennar. Frá 1967 er nýting vöggustofunnar miðað dvalardaga hins vegar undir hámarksgetu stofnunarinnar. Sú þróun átti sér stað í kjölfar opinberrar gagnrýni á starfsemi vöggustofanna. Á sama tíma breyttist skipulag félagsmála í Reykjavíkurborg, auk þess sem fleiri úrræði komu til um vistun barna, meðal annars fjölskylduheimili og fleiri dagvistunarstofnanir. Í skýrslu um rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar sem lögð var fram í félagsmálaráði 18. september 1969, sbr. kafla 4.3.4, kemur raunar beinlínis fram að lakari nýting barnaheimila borgarinnar sé til komin vegna þeirrar stefnu að aðstoða heimili og forðast vistun barna að óþörfu, jafnframt því sem fylgst sé með að dvöl á barnaheimili verði ekki of löng og að barn sé þá frekar vistað á einkaheimili.<sup>271</sup>

Út frá fyrirliggjandi upplýsingum má reikna út að meðalaldur hvers barns við upphaf vistunar á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi verið 443,5 dagar, eða tæpir fimmtán mánuðir, tíu mánuðum hærri en á Hlíðarenda (sjá töflu 12). Hæsti meðalaldur var 877,2 dagar árið 1971

<sup>271</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-31. Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar. Lagt fram í félagsmálaráði 18. september 1969.

og lægsti 182,5 dagar árið 1965. Öll árin eru staðalfrávikin mjög stór enda aldursdreifingin mjög mikil innan hópsins, allt frá 0 dögum (barnið kemur beint af fæðingardeild daginn sem það fæðist) upp í 2455 daga (6,7 ára). Hér verður þó jafnframt að hafa í huga að skilgreind aldursviðmið höfðu verið hækkuð úr 0-18 mánuðum 1949-1963 í 0-24 mánuði 1963-1969 og 0-42 1969-1973. Vistunarskjöl veita upplýsingar um aldur 603 barna þegar þau voru fyrst vistuð á vöggustofuna. Flest komu þau á fyrsta aldursári, eða 59,9%, 20,7% á öðru ári, 6,4% á þriðja, 5,4% á fjórða, 3,6% á fimmta og 2,2% á sjötta ári og 1,0% á sjöunda ári. Alls voru 6 börn á sjöunda ári, hið elsta rúmlega sex og hálfis árs.

**Tafla 12: Thorvaldsen: Meðalaldur barna í dögum við vistun eftir komuári**

Komuár	Fjöldi	Meðalaldur (sf)	Yngst	Elst (ár)
1963	28	235,7 (176,5)	15	679 (1,9)
1964	56	192,6 (186,1)	7	726 (1,9)
1965	60	182,5 (161,0)	9	597 (1,6)
1966	49	216,8 (185,4)	4	729 (2,0)
1967	57	257,7 (222,2)	7	799 (2,2)
1968	53	284,3 (221,7)	7	727 (2,0)
1969	59	509,3 (429,1)	6	1670 (4,5)
1970	88	674,6 (678,1)	6	2316 (6,3)
1971	58	877,2 (669,8)	7	2455 (6,7)
1972	61	635,7 (565,5)	3	2073 (5,7)
1973	34	578,7 (611,0)	0	2238 (6,1)
Alls	603*	443,5 (503,2)	0	2455 (6,7)

\*Upplýsingar um aldur vantaði fyrir 5 börn; sf= staðalfrávik

Hvert barn dvaldi að meðaltali í 140,5 daga eða rúmlega fjóra og hálfan mánuð á vöggustofunni. Er það 37,3% lækkun frá meðaltalinu í starfsemi Hlíðarenda. Í töflu 13 sést hvernig meðallengd vistunar á Thorvaldsen var lengst 233,3 dagar hjá þeim börnum sem komu fyrst árið 1963 og styst 62,2 dagar hjá þeim sem komu fyrst árið 1973. Sem fyrr gefur þó meðaltalið ekki skýra mynd af vistun barnanna þar sem staðalfrávik eru mjög stór og dreifingin er allt frá 1 degi upp í 1678 daga (4,6 ár).

**Tafla 13: Thorvaldsen: Meðallengd vistunar í dögum eftir komuári**

Komuár	Fjöldi	Meðallengd (sf)	Stysta vistun	Lengsta vistun (ár)
1963	27	233,3 (267,2)	8	1012 (2,8)
1964	55	218,7 (241,0)	4	957 (2,6)
1965	58	202,0 (203,1)	7	706 (1,9)
1966	48	205,7 (280,4)	3	1500 (4,1)
1967	56	119,3 (142,2)	3	934 (2,6)
1968	53	154,4 (263,7)	5	1678 (4,6)
1969	59	112,9 (166,2)	2	1188 (3,2)
1970	81	96,6 (120,6)	1	538 (1,5)
1971	55	90,5 (90,2)	1	371 (1,0)
1972	60	94,6 (92,6)	1	503 (1,4)
1973	30	62,2 (55,5)	1	192 (0,5)
Alls	582*	140,5 (191,2)	1	1678 (4,6)

\*Upplýsingar um dvalarlengd vantaði fyrir 26 börn; sf= staðalfrávik

ATH. Lengsta innlögn hvert ár á við um það barn sem dvaldi lengst af þeim börnum sem komu inn sama ár

Í töflu 14 er dregin upp nánari mynd af sundurliðun vistunartíma. Af þeim 582 börnum þar sem upplýsingar um lengd vistunar lágu fyrir voru 129, eða 25,0%, lengur en sex mánuði en rúmlega helmingur styttra en þrjá mánuði. Eru þessi hlutföll frábrugðin því sem einkenndi starfsemi Hlíðarenda þar sem 39,6% barna dvaldi þar lengur en sex mánuði og 33,3% skemur en þrjá mánuði.

**Tafla 14: Lengd vistunar á Thorvaldsen 1963-1973**

Lengd vistunar	Fjöldi (%)
< 1 mánuð	152 (25,0%)
1-3 mánuðir	170 (28,0%)
3-6 mánuðir	131 (21,5%)
>6 mánuðir	129 (21,2%)
Ekki skráð	26 (4,3%)
Alls	608 (100%)

Líkt og í tilviki Hlíðarenda (sjá töflu 11) var hægt að greina ástæður vistunar út frá vistunarskjölum, fundargerðum og eftirlitsskýrslum fyrir 75,3% þeirra barna sem dvöldu á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Voru upplýsingarnar eftir sem áður greindar út frá eftirfarandi flokkum: 1) andlát aðstandenda, 2) áfengis- og vímuefnavandi foreldris/foreldra, 3) geðræn vandamál foreldris/foreldra, 4) líkamleg veikindi/sjúkrahúsvist foreldra, 5) meðganga/fæðing annars barns 6) húsnæðis-, dagvistunargvandi og fátækt 7) ótilgreindar félagslegar ástæður eða aðrar en í 7), 8) þroskahömlun foreldris, 9) fötlun barns, 10) veikindi barns, 11) fyrirburi og 12) foreldri starfar á vöggustofu.

Niðurstöður greiningar á ástæðum vistana má sjá í töflu 15, annars vegar miðað við öll börnin og hins vegar þau sem dvöldu þar lengst (þ.e. lengur en 180 daga). Algengustu ástæður vistunar voru líkamleg veikindi eða sjúkrahúsinnlögn foreldra, húsnæðis-, dagvistunargvandi og fátækt auk annarra ótilgreindra félagslegra ástæðna, hver og einn flokkur í kringum 16% af heildarfjölda barna. Áberandi er að börn dvöldu almennt í skemmri tíma ef ástæða dvalar var líkamleg veikindi foreldra en lengur ef ástæða vistunar var ótilgreindar félagslegar aðstæður. Eins og áður er um að ræða fjölbreytilegar ástæður í flokknum aðrar ótilgreindar félagslegar aðstæður s.s. ungur aldur móður, móðir óskar eftir að barn fari í fóstur, erfiðar heimilisaðstæður og afskipti barnverndarnefndar.

Nefndin getur ekki fullyrt með vissu út frá fyrirliggjandi gögnum um nákvæmar ástæður vistunar hvers barns og fleiri en ein ástæða getur verið tilgreind í hverju tilviki. Þá er vakin athygli á að ekki liggja fyrir upplýsingar um ástæðu vistunar í tæplega fjórðungi tilvika heildarfjölda barna og tæplega 20% tilvika hjá börnum sem dvöldu á vöggustofunni lengur en í 6 mánuði.



Tafla 15: Ástæða vistunar á Thorvaldsen 1963-1973

Skráð ástæða vistunar	Öll börn	Börn vistuð >180 daga
	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)
Andlát foreldris	2 (0,3%)	1 (0,8%)
Áfengis og vímuefnavandi foreldris/foreldra	48 (7,9%)	16 (12,4%)
Geðræn veikindi foreldris/foreldra	50 (8,2%)	14 (10,9%)
Líkamleg veikindi, sjúkrahúsinnlögn foreldra	101 (16,6%)	8 (6,2%)
Meðganga/fæðing annars barns	22 (3,6%)	1 (0,8%)
Húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt	99 (16,3%)	18 (14,0%)
Aðrar eða ótilgreindar félagslegar ástæður	97 (16,0%)	34 (26,4%)
Proskahömlun foreldris	4 (0,7%)	3 (2,3%)
Fötlun barns	11 (1,8%)	5 (3,9%)
Veikindi barns	14 (2,3%)	2 (1,6%)
Barnið er fyrirburi	6 (1,0%)	1 (0,8%)
Foreldri starfar á vöggustofu	4 (0,7%)	2 (1,6%)
Engar upplýsingar skráðar um ástæðu vistunar	150 (24,7%)	24 (18,6%)
Alls	608 (100%)	129 (100%)

Við þessar tölur verður einnig að setja þann fyrirvara að nokkur fjöldi barna var vistaður á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins án þess að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefði þar nein afskipti. Var svo búið um hnútana þegar Thorvaldsensfélagið afhenti Reykjavíkurborg vöggustofuna að gjöf árið 1963 að félagið réði sjálft fimm plássum á vöggustofunni. Eins og fram kemur í kafla 4.3.4 hélst sú skipan að minnsta kosti fram á seinni hluta árs 1967 en þá er greint frá því í skýrslu Barnaverndarráðs, dags. 1. nóvember 1967, úr eftirlitsferð 24. október sama ár, að öll börnin á vöggustofunni komi nú frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur.

Þar sem vöggustofan hafði pláss fyrir alls 30 börn á tímabilinu 1963 til 1967 hafði þetta fyrirkomulag í för með sér að Thorvaldsensfélagið hafði ákvörðunarvald um nýtingu 16,7% allra þeirra rýma sem voru til staðar á vöggustofunni. Engin gögn hafa hins vegar fundist í skjalasöfnum sem gefa með skýrum hætti til kynna hvaða börn voru vistuð á vegum Thorvaldsensfélagsins til aðgreiningar frá þeim börnum sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur tók ákvörðun um að vista. Þá virðast engar skrár hafa verið færðar að þessu leyti. Af því leiðir að ekki er unnt að segja til um með neinni vissu hversu mörg af þeim rýmum sem Thorvaldsensfélagið hafði til ráðstöfunar voru nýtt í reynd. Nefndin hefur þó sannreynt að félagið nýtti þessi pláss að a.m.k. einhverju leyti, enda er á stöku stað tilgreint í vistunarskjölum að barn komi fyrir tilstilli félagsins.

Samkvæmt þeim gögnum sem nefndin hefur athugað létust tvö börn sem vistuð voru á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1963 til 1973. Í janúar 1971 lést rúmlega árs

gamall drengur eftir að hann var fluttur á sjúkrahús. Kemur fram að dánarorsökin hafi verið hjartagalli. Þá lést tæplega árgamall drengur á vöggustofunni í febrúar 1971 en barnið mun hafa fæðst með erfðasjúkdóm. Fyrrverandi forstöðukona greindi auk þess frá því í viðtali að stúlkubarn hafi látist af völdum nýrnaveiki á starfstíma hennar og fer það saman við frásögn annars starfsmanns. Upplýsingar um andlát barnsins er þó ekki að finna í skriflegum heimildum.

#### 4.3.6 Menntun og reynsla forstöðukvenna

Eins og fram kom í kafla 3.3.5 var Auður Jónsdóttir ráðin forstöðukona Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins þegar hún tók til starfa 20. júní 1963 og gegndi þeirri stöðu allt til apríl 1967. Auður er hjúkrunarfræðingur að mennt og hafði gegnt starfi forstöðukonu Vöggustofunnar Hlíðarenda frá 1960.

Eftir að Auður Jónsdóttir sagði starfi sínu lausu tók Ragnheiður Jónsdóttir við starfi forstöðukonu vöggustofunnar. Ragnheiður var fædd 21. desember 1928 og útskrifaðist með próf úr Fóstruskóla Sumargjafar árið 1958. Á fundi borgarstjórnar 25. apríl 1967 var samþykkt tillaga barnaheimila- og leikvallanefndar frá 24. apríl 1967 um að ráða Ragnheiði til starfans. Ragnheiður hafði áður starfað sem deildarfóstra á dagheimilinu Laufásborg og vöggustofu þar frá 1958 þar til hún tók við starfi forstöðukonu á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 1. maí 1967. Því starfi gegndi hún til 30. apríl 1968. Ragnheiður lést 11. desember 2020.

Staða forstöðukonu var auglýst aftur laust til umsóknar í lok febrúar 1968 og var þá í fyrsta sinn gerð krafa um fóstrumenntun.<sup>272</sup> Brynhildur Sigurðardóttir var síðan ráðin í starfið, fyrst til reynslu frá 9. apríl 1968 samkvæmt ákvörðun borgarráðs, en í fullu starfi frá 15. maí 1968. Brynhildur var fædd 15. júlí 1936 á Ísafirði og útskrifaðist með próf frá Fóstruskóla Sumargjafar 1966. Hún hafði áður starfað sem forstöðukona á Dagheimilinu Pálmholti á Akureyri, en síðan sem deildarfóstra í Laugarborg þangað til hún var ráðin forstöðukona á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Brynhildur lést 18. nóvember 2021.

Félagsmálastofnun auglýsti síðan starf forstöðukonu vöggustofunnar laust til umsóknar að nýju 11. desember 1970 og var miðað við að umsóknir bærust fyrir 1. janúar 1971.<sup>273</sup> Starf forstöðukonu var síðan auglýst aftur 21. janúar 1971 og var þá umsóknarfrestur til 1. febrúar 1971.<sup>274</sup> Ekki var gerð krafa um sérstaka menntun í þessum auglýsingum á borð við fóstrumenntun. Í frétt í *Morgunblaðinu* 5. júní 1971 er greint frá því að Gyða Sigvaldadóttir

---

<sup>272</sup> [Alþýðublaðið 29. febrúar 1968, bls. 9.](#)

<sup>273</sup> [Sjá auglýsingar í Morgunblaðinu og Tímanum 11. desember 1970.](#)

<sup>274</sup> [Vísir 21. janúar 1971, bls. 6.](#)

hafi tekið að sér forstöðu Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins „fyrst um sinn“ en Gyða sé fóstora og hafi lengi verið forstöðukona á dagheimilum borgarinnar.<sup>275</sup>

Ekki verður séð að Gyða hafi sótt um starf forstöðukonu í kjölfar þessara auglýsinga. Í viðtölum við fyrrverandi starfsfólk vöggustofunnar kom fram að Gyða hafi að einhverju leyti gegnt starfi forstöðukonu samhliða Brynhildi Sigurðardóttur árin 1970 til 1971.

Gyða var fædd 6. júní 1918 og lauk burtfararprófi frá Uppeldisskóla Sumargjafar árið 1950. Hún hafði áður starfað á barnaheimilum í Reykjavík áður en hún hóf nám við skólann og á meðan á því stóð. Eftir að námi lauk starfaði hún á barnaheimilum Barnavinafélagsins Sumargjafar í Reykjavík og var forstöðukona við leikskólann Barónsborg frá 1. mars 1953. Gyða sat einnig í barnaverndarnefnd Reykjavíkur árin 1962 til 1966. Gyða lést 11. júlí 2007.

Starf forstöðukonu var enn og aftur auglýst 30. apríl og 7. maí 1972<sup>276</sup> og tók Þorbjörg Guðrún Sigurðardóttir við starfinu af Gyðu en ráðning hennar var samþykkt í félagsmálaráði Reykjavíkurborgar 25. maí 1972.<sup>277</sup> Þorbjörg er fædd 10. júlí 1942 og lauk prófi frá fóstruskóla Sumargjafar árið 1965 og stundaði síðan nám í Statens Spesiallærerhøjskole í Hølse, Noregi. Áður en hún tók við starfi forstöðukonu á vöggustofunni hafði hún starfað sem fóstora og forstöðumaður í Austurborg, í Børnepeskiatrisk Hospital, Risiko, Danmörku 1969–1971, á barnageðdeild á Dalbraut, og sem fóstora á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Þorbjörg var forstöðukona vöggustofunnar til ársins 1975.

---

<sup>275</sup> Morgunblaðið 5. júní 1971, bls. 32.

<sup>276</sup> Morgunblaðið 30. apríl 1972, bls. 18 og 7. maí 1972, bls. 19.

<sup>277</sup> BSR. Skrifstofa Félagsmálastofnunar. Málefni barna o.fl. 1964-1989. C-529.

# 5. Afdrif barna sem voru vistuð á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins

## 5.1 Inngangur

Samkvæmt d-lið samþykktar borgarráðs frá 21. júlí 2022, sem breytti upphaflegri samþykkt borgarráðs um verkefni nefndarinnar frá 10. mars 2022, er það verkefni nefndarinnar að lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofanna og nefndin telur þarfnast skoðunar. Þar á meðal skyldi lýsa eins og kostur væri „afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunum eftir að dvölinni lauk.“

Af greinargerð með tillögunni sem varð að samþykkt borgarráðs verður ráðið að þessi breyting hafi verið gerð til að gæta til samræmis við 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 um heimild Reykjavíkurborgar til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vöggustofa. Er ákvæðið orðað á sama veg og samþykkt borgarráðs.

Í lögum nr. 45/2022 og samþykkt borgarráðs er ekki afmarkað frekar hvaða þætti nefndin skuli kanna sérstaklega þegar lýst er afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofu. Í almennum athugasemdum frumvarps þess er tilkoma þessa lagaákvæðis skýrð svo að í umsögnum um frumvarpið í samráðsgátt stjórnvalda hafi komið fram að mikilvægt væri að rannsaka afdrif barnanna eftir að dvölinni lauk „og hvaða áhrif vistin hafði á þau til lengri tíma, bæði andleg og líkamleg“. Í almennum athugasemdum frumvarpsins var tekið undir þessa athugasemd og tilgreint að ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna væri ætlað að endurspegla mikilvægi þessa sem eins af verkefnum nefndarinnar.

Lög nr. 45/2022 og samþykkt borgarráðs eru samkvæmt framangreindu skýr um að nefndin skuli eftir föngum lýsa afdrifum barna eftir vistun. Engu að síður er ljóst að lögin sjálf, samþykkt borgarráðs og skýringargögn þar að baki geyma ekki frekari fyrirmæli um hvernig þessari lýsingu skuli vera háttað. Ekki verður því önnur ályktun dregin en að nefndinni hafi verið falið nokkurt svigrúm um hvernig hún nálgast þennan hluta verkefnis síns.

Við upphaf vinnu nefndarinnar var fljótlega ljóst að yfir þúsund einstaklingar hefðu verið vistaðir á vöggustofunum á því tímabili sem athugun nefndarinnar tekur til. Eins og áður er rakið í þessari skýrslu hefur nefndin staðreynt að alls hafi 1.083 einstaklingar verið vistaðir á vöggustofunum. Með vísan til þessa sem og þess tíma og fjárheimilda sem nefndinni voru ætluð til starfans taldi nefndin einsýnt að ekki væri unnt að kanna afdrif hvers og eins einstaklings með því að afla einstaklingsbundinna upplýsinga frá viðkomandi eða opinberum

stofnunum, t.d. með því að óska eftir aðgangi að sjúkraskýrslum, skattgreiðslum eða atvinnustöðu.

Eins og áður kom fram mat nefndin að ekki væri rétt að hafa samband við þá sem vistaðir voru á vöggustofu að eigin frumkvæði og óska eftir upplýsingum um afdrif þeirra. Hafði nefndin þá sem fyrr í huga að mörgum þeim sem vistaðir voru á vöggustofu kunni að vera afar þungbært að rifja þá staðreynd upp og ekki var unnt að ganga frá því að allir kærðu sig um slíka upprifjun. Þá var einnig viðbúið að einstaklingum sem vistaðir voru á vöggustofu væri alls ókunnugt um að þeir hefðu dvalið á vöggustofu. Að mati nefndarinnar var því ekki útilokað að það væri til þess fallið að valda óhóflegri röskun á friðhelgi einkalífs þeirra sem vistaðir var á vöggustofu ef nefndin hefði frumkvæði að því að óska eftir upplýsingum beint frá þeim. Telur nefndin jafnframt að sömu sjónarmið við eigi við um öflun upplýsinga um hvern og einn einstakling sem vistaður var á vöggustofu.

Í samræmi við það sem að framan er rakið leitaði nefndin annarra leiða til að afla upplýsinga um afdrif þessara einstaklinga sem væru minna íþyngjandi en engu síður nauðsynlegar til þess að rækja lögbundið hlutverk nefndarinnar. Nefndin horfði í þessu skyni til þess að samkvæmt 3. gr. laga nr. 45/2022 hafði hún óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslum stjórnvalda sem vörðuðu starfsemi þeirra vöggustofa sem lögin giltu um. Þar á meðal voru gögn sem hafa að geyma almennar og viðkvæmar persónuupplýsingar. Samkvæmt sama ákvæði var stjórnvöldum einnig skylt að taka saman skriflegar greinargerðir um einstaka þætti könnunarinnar ef nefndin óskaði þess.

Á grundvelli þessara lagaheimilda óskaði nefndin eftir upplýsingum úr skjalasafni vistheimilaneftndar og frá sanngirnisbótanefnd um hversu margir einstaklingar sem vistaðir voru á vöggustofum hefðu einnig dvalið á vistheimilum ríkisins sem féllu undir lög nr. 26/2007, um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Þá óskaði nefndin eftir upplýsingum um hversu margir sem vistaðir voru á vöggustofunum hefðu fengið greiddar sanngirnisbætur samkvæmt lögum nr. 47/2010, um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem féllu undir lög nr. 26/2007.

Með öflun þessara upplýsinga leitaðist nefndin meðal annars við að varpa ljósi á það hversu mörg börn voru vistuð bæði á vöggustofum og öðrum opinberum stofnunum og fóru þar af leiðandi lengri hluta barnæsku sinnar á mis við umönnun foreldra eða annarra nákominna aðila. Upplýsingar um greiðslu sanngirnisbóta voru auk þess til þess fallnar að veita innsýn í það hversu mörg þessara barna sættu síðar ofbeldi eða illri meðferð á opinberum stofnunum af þeim toga sem hafði alvarlegar afleiðingar. Um öflun þessara upplýsinga og mat nefndarinnar á þeim er fjallað í kafla 5.2. hér að neðan.

Í opinberri umræðu um starfsemi vöggustofanna hafa ítrekað komið fram sjónarmið um að brýnt sé að rannsaka hvernig börnum sem dvöldu á vöggustofunum var ráðstafað í fóstur eða til ættleiðinga, forsendur, fjölda þeirra og afdrif. Hefur þá verið vísað til þess að dæmi séu um að fóstur og ættleiðingar barna frá vöggustofunum hafi verið á vafasömum

forsendum. Almennt hafi verið vitað að barnlaus hjón leituðu á vöggustofurnar eftir börnum og ætla megi að og mæður barnanna hafi yfirleitt verið í erfiðri félagslegri stöðu, t.d. mjög ungar og einstæðar og/eða fátækar. Auk þess hafi þessar mæður átt það sammerkt að hafa veikt bakland og því hafi þær brotnað undan þrýstingi félagsmálayfirvalda og afsalað sér börnum sínum.<sup>278</sup>

Til að bregðast við þessum athugasemdum taldi nefndin rétt að kanna afdrif vöggustofubarna að þessu leyti sérstaklega, að því marki sem henni var unnt innan þess tíma og þeirra fjárheimilda sem henni voru ætlaðar. Í því skyni kannaði nefndin gögn úr skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur um hversu mörg börn höfðu farið í fóstur í kjölfar vistunar á vöggustofum á þeim tíma sem rannsókn nefndarinnar nær til. Á þeim tíma féll ráðstöfun barns í fóstur undir ákvæði barnaverndarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1947 og 1. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna. Gerð er nánari grein fyrir athugun nefndarinnar að þessu leyti í kafla 5.3.

Einn þeirra þátta sem óskir um rannsókn á starfsemi vöggustofanna hafa einkum lotið að er heilsa þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á vöggustofum. Í því sambandi hefur verið varpað fram spurningum um hvernig þessum einstaklingum hafi gengið að fóta sig í lífinu og þá jafnframt vísað til þess að fyrir liggi vitnisburðir um andlega vanheilsu þeirra og erfiðleika síðar á lífsleiðinni.<sup>279</sup>

Nefndin hefur leitast við að koma til móts við þær umleitanir sem lýst hefur verið að þessu leyti með því að athuga dánartíðni þeirra sem vistaðir voru á vöggustofum í samanburði við dánartíðni almennt í þeim árgöngum sem viðkomandi fæddust. Jafnframt aflaði nefndin upplýsinga úr dánarmeinaskrá landlæknis um þá einstaklinga úr hópi vöggustofubarna sem voru látnir. Loks átti nefndin samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins um að kanna hversu margir úr hópi þeirra sem vistaðir voru á vöggustofunum á fyrrgreindu tímabili hefðu fengið örorkumat og hverjar voru ástæður þess. Markmiðið með þessari upplýsingaöflun var að varpa heildstæðu og almennu ljósi á heilsu þeirra sem dvöldu á vöggustofunum sem börn og þar með afdrif þeirra út frá áreiðanlegum og ópersónugreinanlegum gögnum. Fyrir þessum atriðum er gerð frekari grein í kafla 5.3. hér að neðan.

## 5.2 Dvöl á öðrum vistheimilum

Einn liður í því verkefni nefndarinnar að kanna afdrif þeirra barna sem dvöldu á vöggustofum fólst í að athuga hversu mörg þeirra voru einnig vistuð á öðrum barnaheimilum sem tóku við börnum tveggja ára og eldri. Af athugun nefndarinnar á vistunarskjölum og öðrum gögnum

---

<sup>278</sup> Sjá hér bréf Árna H. Kristjánssonar, Fjölnis Geirs Bragasonar, Hrafns Jökulssonar, Tómasar V. Albertssonar og Viðars Eggertssonar til borgarstjórnar Reykjavíkur, dags. 13. júní 2021.

<sup>279</sup> Sjá hér bréf Árna H. Kristjánssonar, Fjölnis Geirs Bragasonar, Hrafns Jökulssonar, Tómasar V. Albertssonar og Viðars Eggertssonar til borgarstjórnar Reykjavíkur, dags. 13. júní 2021, bls. 6.

sem tengjast starfseminni verður ráðið að þar hafi einkum verið um að ræða vistheimilin Silungapoll, Kumbaravog og Reykjahlíð. Þá aflaði nefndin einnig upplýsinga um hversu mörg börn sem dvöldu á vöggustofunum fóru á heimavistarskólann Jaðar. Meirihluti þeirra barna sem þar stunduðu nám voru þar vegna m.a. fátæktar, ófullnægjandi húsnæðis, ofdrykkju foreldra, vanrækslu og/eða ofbeldis.<sup>280</sup>

Nefndin taldi þessar upplýsingar hafa þýðingu, meðal annars þar sem þær eru til þess fallnar að varpa frekara ljósi á hversu stór hluti barnanna dvaldi aftur til lengri tíma frá foreldrum og öðrum umönnunaraðilum eftir dvöl á vöggustofu. Aflaði nefndin í þessu skyni gagna frá vistheimilanefnd og bárust þau 4. maí 2023. Þá var einnig aflað upplýsinga frá sanngirnibótanefnd um hversu mörg börn hefðu fengið greiddar sanngirnibætur úr ríkissjóði. Það er á grundvelli laga nr. 47/2010, um sanngirnibætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem féllu undir starfssvið vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Vöggustofunefnd bárust þessar upplýsingar 5. maí 2023.<sup>281</sup>

Þessar tölur gefa til kynna að alls 151 barn sem vistað var á unga aldri á vöggustofunum verið vistað síðar meir á stofnunum ríkis og sveitarfélaga sem áttu þjóna sem úrræði á sviði barnaverndar. Samkvæmt þessu voru 13,9% þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á vöggustofum borgarinnar einnig vistaðir síðar meir á slíkum stofnunum.<sup>282</sup>

Samanburður á listum yfir börn sem dvöldu á Silungapoll, Kumbaravogi, Reykjahlíð og heimavistarskólanum Jaðri við skrá yfir börn á vöggustofunum sýnir að af ofangreindum 151 börnum hafi 116 börn dvalið bæði á einni þessara stofnana sem og vöggustofunni. Þetta eru 10,8% allra þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofum Reykjavíkurborgar á tímabilinu 1949 til 1973. Við þennan samanburð verður þó að setja þann fyrirvara að í nafnalistum vistheimilanefndar er ekki samræmdur ritháttur á nöfnum eftir því hvernig þau koma fyrir í þjóðskrá, ólíkt listanum yfir börn á vöggustofum. Í listum vistheimilanefndar skortir enn fremur oft fullt nafn og/eða fæðingardag. Við samanburð listanna var þó stuðst við bæði nöfn og fæðingardaga, þar sem því var við komið og leitast við að staðreyna eftir fremsta megni að um sömu börnin væri að ræða.

---

<sup>280</sup> Skýrsla vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 202.

<sup>281</sup> Þrjú þeirra vöggustofubarna sem dvöldu í Breiðavík voru einnig á Jaðri, Silungapoll og upptöku- og unglingaheimilum ríkisins. Rétt er að taka fram að af þeim fjórum börnum sem síðar dvöldu á Kópavogshæli og vistheimilanefnd fjallaði um var eitt vistað á Hlíðarenda 1952-1953, annað á bæði Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1960 til 1965, hið þriðja árin 1963 til 1966 og hið fjórða árið 1968 á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

<sup>282</sup> Af þeim gögnum verður ráðið að 27 einstaklingar sem áður dvöldu á vöggustofum hafi verið vistaðir á upptökuheimilum ríkisins, en þar af höfðu 6 verið einnig á Silungapoll. Í gögnum sanngirnibótanefndar kemur einnig fram að 11 vöggustofubörn hafi dvalið á unglingaheimilum ríkisins, þar af fimm einnig á öðrum heimilum á borð við Silungapoll, Kumbaravog og upptökuheimilum. Þá dvöldu 4 vöggustofubörn sem vistheimilanefnd fjallaði um á Kópavogshæli síðar meir og fjögur í Breiðavík eingöngu.



Af gögnum vistheimilaneftndar verður ráðið að alls hafi 80 börn sem voru vistuð á vöggustofunum einnig verið vistuð á Silungapólli. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í gögnum barnaverndarneftndar Reykjavíkur er oft sinnis rætt um að börn hafi farið af vöggustofunum á Silungapóll. Við samanburð á sömu gögnum má jafnframt ráða að alls hafi sex börn einnig verið vistuð á Kumbaravogi í framhaldi af dvöl á vöggustofu og eitt í Reykjahlíð. Auk þess voru tíu börn sem vistuð voru á vöggustofu síðar við nám í heimavistarskólanum Jaðri. Þá er ljóst af þessum gögnum að 19 vöggustofubörn voru vistuð á fleiri en einni stofnun í kjölfar vistunar á vöggustofu.

Af þeim 116 börnum sem vistuð voru á Silungapólli, Kumbaravogi eða Reykjahlíð og höfðu áður dvalið á vöggustofu, voru 49 sem höfðu verið vistuð á vöggustofu í a.m.k. 180 daga þegar þau voru vistuð á einni af ofangreindum stofnunum. Alls voru 317 börn vistuð lengur en 180 daga á vöggustofunum eða 29,3%. Ljóst er því að 15,5% þeirra barna sem þegar höfðu sætt svo langri vistun á vöggustofum voru einnig vistuð síðar á öðrum vistheimilum.

Í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 47/2010 var kveðið á um að greiða skyldi sanngirnisbætur til þeirra sem orðið hefðu fyrir illri meðferð eða ofbeldi meðan á vistun stóð, sem olli viðkomandi varanlegum skaða. Í 2. mgr. 3. gr. var síðan kveðið á um að með illri meðferð eða ofbeldi væri átt við „a. hvers kyns refsiverða líkamlega valdbeitingu gagnvart barni og aðra líkamlega valdbeitingu þar sem valdið er óþarfa sársauka, b. ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi athafnir gagnvart barni, c. athafnir til þess fallnar að misbjóða barni eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin.“ Þá sagði í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 47/2010 að með „varanlegum skaða“ væri átt við varanlegar neikvæðar líkamlegar, sálrænar eða félagslegar afleiðingar.

Í 4. gr. laga nr. 47/2010 var síðan fjallað um fjárhæð sanngirnisbóta. Við þá ákvörðun bar að líta til alvarleika ofbeldis eða illrar meðferðar, þ.m.t. með tilliti til tímalengdar vistunar og annarra aðstæðna sem kunna að hafa gert reynsluna sérlega þungbæra, sbr. 1. mgr. 4. gr. Þá skyldi einnig litið til alvarleika afleiðinga ofbeldis eða illrar meðferðar, bæði afleiðinga sem unnt var að leggja læknisfræðilegt mat á og annarra erfiðleika og missis tækifæra sem rekja mátti til hinna bótaskyldu atvika.

Alls hafa 44 einstaklingar sem dvöldu á vöggustofum fengið greiddar sanngirnisbætur vegna dvalar á vistheimili sem féll undir lög nr. 47/2010. Þar af fengu tveir einstaklingar greiddar sanngirnisbætur sem voru undir 1 milljón króna og 11 bætur á milli 1 og 2 milljónir. 31 einstaklingur fékk hins vegar greiddar bætur sem námu meira en 2 milljónum.

Framangreindar bótagreiðslur endurspeglar þann varanlega skaða sem og alvarleika þess ofbeldis eða illu meðferðar sem umræddir einstaklingar voru taldir hafa hlotið af vistinni að mati sanngirnisbótaneftndar, að því marki sem unnt var að meta slíkt til fjár. Rétt er að hafa í huga að samkvæmt upplýsingum frá sanngirnisbótaneftnd hafa 66 af þeim 151 einstaklingi, sem vistaður var á vöggustofum og heimilum sem féllu undir starfssvið sanngirnisbótaneftndar, aldrei sótt um sanngirnisbætur.

## 5.3 Börn sem fóru í fóstur

Eins og rakið er hér að framan féllu ráðstafanir barna í fóstur á þeim tíma sem athugun vöggustofunefndar lýtur að árin 1949 til 1973 undir verkefni barnaverndarnefndar, samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna. Í 23. gr. fyrrnefndu laganna var gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd skyldi aðstoða þá sem létu sig sig hag munaðarlaus barns varða við að koma því „í fóstur á gott heimili“. Var jafnframt tekið fram að óheimilt væri að vista börn á öðrum heimilum en þeim sem barnaverndarnefnd samþykkti.

Samsvarandi ákvæði var einnig að finna í 23. gr. laga nr. 53/1966. Í 1. mgr. 35. gr. síðastgreindu laganna var þó einnig kveðið sérstaklega á um að enginn mætti taka barn eða ungmenni í fóstur, nema með samþykki barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi hans. Skyldi barnaverndarnefnd þá kynna sér gaumgæfilega hagi og uppeldishæfi væntanlegra fósturforeldra og hagi barnsins, þar á meðal heilsufar aðila og heimilisfólks væntanlegra fósturforeldra. Þá sagði þar að nefndin veitti ekki samþykki sitt til þess að barn yrði tekið í fóstur nema tryggilegt þætti að barn nyti góðrar aðhlyningar og uppeldis á fósturheimili og ekkert sérstakt gerði það varhugavert að fallast á umsóknina.

Í samræmi við ofangreint hlutverk barnaverndarnefndar samkvæmt þágildandi lögum er iðulega fjallað um ráðstafanir barna í fóstur í fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur á tímabilinu 1949 til 1973. Í þeim fundargerðum er í flestum tilvikum fjallað um börn sem gátu af einhverjum ástæðum ekki verið hjá foreldrum sínum en einnig kemur fyrir að fjallað sé um munaðarlaus börn.

Vöggustofunefnd hefur af þessu tilefni kannað skipulega gögn úr skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur um hversu mörg börn fóru í fóstur fyrir milligöngu barnaverndarnefndar í kjölfar vistunar á vöggustofunum. Hafa verður í huga að á þessum tíma naut ekki við beinnar lagalegrar skilgreiningar á því hvað átt væri við með ráðstöfun barns í fóstur, eins og finna má í 65. gr. núgildandi barnaverndarlaga.<sup>283</sup> Við úttekt á fjölda fósturbarna hefur vöggustofunefnd því miðað við hvort getið sé um það í gögnum barnaverndarnefndar eða vistunarskjölum vöggustofu að barn hafi farið í „fóstur“ án þess að því fylgi nánari athugun á þeim réttaráhrifum sem ráðstöfunin hafði í för með sér. Af þeim gögnum sem nefndin hefur skoðað er ljóst að með hugtakinu „fóstur“, eins og það er notað í

<sup>283</sup> Ákvæðið er svohljóðandi: „Með fóstri er í lögum þessum átt við að barnaverndarþjónusta feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði þegar fyrir liggur að:

- a. foreldrar hafa afsalað sér forsjá eða umsjá og samþykkt fósturráðstöfun,
- b. kveðinn hefur verið upp úrskurður um heimild til að fóstura barn utan heimilis þegar samþykki foreldra og barns eftir atvikum liggur ekki fyrir,
- c. foreldrar hafa verið sviptir forsjá með dómi,
- d. barn er forsjárlaust vegna andláts forsjáraðila eða
- e. barn sem komið hefur til landsins án forsjáraðila sinna er í umsjá [barnaverndarþjónustu] 1) eða fær [alþjóðlega vernd] eða dvalarleyfi á Íslandi.“

gögnum barnaverndarnefndar, er alla jafna átt við tilvik þar sem fósturforeldrum var falin umsjá barns til lengri eða skemmri tíma á einkaheimili. Var sú ráðstöfun þá ýmist gerð vegna þess að foreldri eða foreldrar höfðu samþykkt slíka ráðstöfun, eða þá sökum þess að barn var án forsjár.

Fyrir liggur að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafði milligöngu um að ráðstafa börnum í fóstur sem vistuð voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Í viðtali við forstöðukonu Hlíðarenda sem birtist í *Vísi* 13. apríl 1954 og vitnað er til í kafla 3.3.2 er til dæmis beinlínis haft eftir forstöðukonunni að börn sem ekki gætu farið aftur heim til mæðra sinna í kjölfar dvalar á vöggustofunni færu ýmist á annað barnaheimili eða í fóstur.

Eftir athugun á öllum þeim gögnum barnaverndarnefndar sem nefndin hefur tekið til athugunar á starfstíma Vöggustofunnar Hlíðarenda telur hún unnt að álykta sem svo að alls hafi 78 börn farið í fóstur í kjölfar vistunar. Í ljósi þess að nefndin hefur talið unnt að slá því föstu að börnin sem vistuð voru á Hlíðarenda voru alls 475 talsins ber þessi tala með sér að alls hafi 16,4% þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunni farið í fóstur að lokinni dvöl. Það jafngildir því að nálægt sjötta hvert vöggustofubarn hafi farið í einhvers konar fóstur.

Rétt er að taka fram að nefndin taldi ekki unnt að ráða af fyrirliggjandi skriflegum heimildum hversu oft var um varanlegt fóstur að ræða í þessum tilvikum. Með vísan til þeirra sjónarmiða sem áður er getið í kafla 5.1 um að einstaklingum sem vistaðir voru á vöggustofum yrði gerð sem minnst röskun á einkalífi sínu taldi nefndin ekki rétt að leita til hvers og eins með beiðni um upplýsingar. Þá m.a. til að grennslast fyrir um hvort fóstur viðkomandi hefði verið varanlegt og hvernig því var háttað. Hafði nefndin þá einnig í huga að slík athugun á stöðu hvers og eins yrði óhjákvæmilega mjög tímafrek og til þess fallin að valda verulegum tögum á því að hún lyki vinnu sinni.

Nokkrir þeirra einstaklinga sem gáfu sig fram við nefndina að eigin frumkvæði lýstu hins vegar reynslu sinni af varanlegu fósturi. Þær frásagnir voru nánast allar afar jákvæðar í garð fósturforeldra þótt sú lífsreynsla að vera tekin úr umsjá foreldra hefði jafnframt reynst erfið. A.m.k. einn einstaklingur sem vistaður var á vöggustofu hefur hins vegar opinberlega lýst skelfilegri reynslu af vistun á einkaheimili og greint frá því að hann hafi þar nær daglega verið beittur líkamlegu ofbeldi.<sup>284</sup>

Fósturforeldri lýsti undrun sinni við nefndina um hvernig staðið hefði verið að ráðstöfun barna í fóstur. Lýsti fósturforeldrið því að starfsmaður barnaverndarnefndar hefði haft samband við sig að fyrra bragði með fyrirspurn um hvort viðkomandi gæti hugsað sér að gerast fósturforeldri án þess að þau hjónin hefðu komið þeirri ósk á framfæri sjálf. Kvaðst fósturforeldrið einungis fyrir tilviljun hafa komist að því, eftir að barnaverndarnefnd hafði samþykkt það og maka sem fósturforeldra, að barnið sem þau ætluðu að taka í fóstur ætti

---

<sup>284</sup> Sjá hér viðtal við Árna Kristjánsson, sagnfræðing, sem birtist á heimasíðu Ríkisútvarpsins 13. júlí 2022.

systkini á vöggustofunni. Þau hafi í kjölfarið óskað eftir að taka systkinin í fóstur sem hafi verið samþykkt.

Nokkur fósturbörn lýstu einnig sárri lífeyrni fyrir nefndinni af því að hafa verið aðskilin frá systkinum sínum þegar þau voru sett í fóstur og jafnvel með þeim áhrifum að þau hefðu einungis hitt systkini sín aftur á fullorðinsaldri. Einnig eru dæmi þess að fósturbarn sem var á vöggustofu hafi ekki hitt systkini sín á lífsleiðinni. Fleiri en eitt fósturbarn lýsti auk þess vonbrigðum um það hversu fátækleg gögn væru til staðar um hvernig staðið var að ákvörðun um fóstur.

Mjög takmarkaðar upplýsingar hafa fundist í gögnum barnaverndarnefndar og annars staðar í Borgarskjalasafni um hvernig börnum sem vistuð voru á vöggustofunum var ráðstafað í fóstur. Til dæmis skortir að jafnaði upplýsingar um hvernig fósturforeldrar voru valdir og hvernig hágr þeirra voru kannaðir. Því getur vöggustofunefnd trauðla sett fram neinar afgerandi ályktanir um hvernig barnaverndarnefnd Reykjavíkur beitti þessu úrræði í framkvæmd. Þó verður ekki annað séð, sbr. bréf nefndarinnar til borgarstjóra, dags. 10. mars 1963, sem rakið er í kafla 3.3.2, að nefndin ráðstafaði börnum almennt ekki í fóstur á þessum tíma í andstöðu við foreldra. Í sama bréfi kemur auk þess fram að nefndin taldi sig hafa takmarkaðar heimildir að lögum til að ráðstafa börnum í trássi við vilja foreldra. Mun þetta hafa orðið til þess að þau börn dvöldu frekar til lengri tíma á vöggustofu heldur en að fara í fóstur á einkaheimili. Var sú raunin jafnvel þótt einhugur væri meðal sérfræðinga á þessum tíma um að slíkt fyrirkomulag hefði augljósa kosti umfram vistun á stofnun, ekki síst þar sem fósturforeldrar veittu börnum persónulegri umönnun heldur en stofnun, sbr. kafla 2.4.

Ekki verður séð að það hafi orðið algengara að barnaverndarnefnd ráðstafaði börnum í fóstur eftir að Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins tók til starfa árið 1963. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin hefur aflað má ráða að alls hafi 93 börn af þeim 608 börnum sem vistuð voru á vöggustofunni frá júní 1963 til ársloka 1973 farið í fóstur. Það jafngildir að alls hafi 15,3% þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunni farið í fóstur, sem er lítið eitt lægra hlutfall en á Vöggustofunni Hlíðarenda. Sem fyrr er ekki út frá fyrirliggjandi gögnum unnt að gera greinarmun á hvort fóstur hafi verið tímabundið eða varanlegt.

Samkvæmt þeim lögum sem voru í gildi á árunum 1949 til 1973 voru barnaverndarnefndir á þessum tíma einnig lögbundinn umsagnaraðili um ættleiðingar, sbr. 32. gr. laga nr. 29/1949, um vernd barna og ungmenna, 8. gr. laga nr. 19/1953, um ættleiðingu, og 33. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna. Af því leiddi að ekki var unnt að fá leyfi dómsmálaráðuneytisins til ættleiðingar barns nema umsögn barnaverndarnefndar lægi fyrir.

Í ársskýrslum barnaverndarnefndar Reykjavíkur fyrir árin 1950 til 1962 kemur fram að hún hafi á þessu tímabili mælt með alls 443 ættleiðingum.<sup>285</sup> Af athugun á gögnum barnaverndarnefndar verður ekki ráðið að algengt hafi verið að börn hafi verið ættleidd í

---

<sup>285</sup> Sjá hér ársskýrslur barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1950 til 1962.

beinu framhaldi af vistun á vöggustofu. Virðist raunin oftast hafa verið sú að barn fór í fóstur, ef það fór ekki aftur heim til sín eða á aðra stofnun. Er það í samræmi við niðurstöður rannsóknar Ármanns Snævarr lagaprófessors á ættleiðingum á Íslandi á árunum 1948-1958 sem birt var 1959. Þar kemur fram að ættleiðing sé oftast lagaleg umgjörð utan um fóstur barns. Við ættleiðingar hafi staðan því oft verið sú að barn hafi verið svo árum skiptir í fóstur hjá ættleiðendum áður en leitað var ættleiðingar. Þá var ekki óalgengt að hafist væri handa um ættleiðingu í tilefni af því að barn hafi verið hjá ættleiðendum frá unga aldri eða fæðingu.<sup>286</sup>

Í grein Ármanns þar sem gerð er grein fyrir þessum rannsóknum segir jafnframt að slíkar ættleiðingar hafi nær alfarið verið til hjóna sem séu sameiginlega ættleiðendur í 56,2% þeirra ættleiðinga sem dómsmálaráðuneytið hafi samþykkt á þessu tímabili. Þá séu 41% þessara tilvika stjúpættleiðingar og 1,2% af hendi ömmu og afa barns. Loks séu um 42% allra ættleiðinga á Íslandi á þessum tíma fjölskylduættleiðingar, þar sem barn sé skylt eða venslað ættleiðendum. Í þeim flokki séu ættleiðingar systra á systkinabörnum og ættleiðingar af hendi föður- eða móðursystkina móður ekki taldar með, þrátt fyrir að þær séu ekki fátíðar.<sup>287</sup>

Í viðtali við Porkel Kristjánsson, fulltrúa barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá árinu 1963 kemur einnig fram að fjölmörgum þeirra barna sem fjallað er um í umsóknum um ættleiðingar hafi upphaflega verið ráðstafað með mjög tilviljunarkenndum hætti, án þess að barnaverndarnefnd hafi átt neina aðkomu að því. Þannig hafi börn ósjaldan farið á heimili í kjölfar þess að einstaklingar hafi bent móður á barnlaus hjón sem vildu taka barn að sér. Barnaverndarnefnd hafi þá ekki athugað heimilin áður en börnin voru flutt þangað. Þar sem mörg heimilanna hafi litið sæmilega út og börnin búin að dvelja á heimilinu um einhvern tíma mælti barnaverndarnefnd með ættleiðingu, þar sem hart þætti gengið að taka börnin af heimilinu.<sup>288</sup>

Skýrslur barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Félagsmálastofnunar bera með sér að nokkuð hafi dregið úr ættleiðingum barna í umdæmi hennar árin 1963 til 1972. Þá mælti nefndin til dæmis með 275 ættleiðingum, þar af voru 117 stjúpættleiðingar.<sup>289</sup>

Samkvæmt því sem að framan er rakið bera þær upplýsingar sem nefndin hefur aflað að alls hafi 171 barn sem vistað var á vöggustofum Reykjavíkurborgar farið í fóstur á einkaheimili í kjölfar vistunar. Ljóst er að hér er um að ræða nokkurn fjölda, eða 15,8% allra barna sem

---

<sup>286</sup> Ármann Snævarr: Ættleiðing og ættleiðingarlöggjöf. Tímarit lögfræðinga 2. tbl. 1959, bls. 76.

<sup>287</sup> Sama rit, bls. 77-78.

<sup>288</sup> Sjá hér 19. júní 1963 - Ársrit Kvenréttindafélags Íslands, bls. 9.

<sup>289</sup> Sjá hér ársskýrslur barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1963 til 1967, heilbrigðisskýrslur árið 1968 og ársskýrslur Félagsmálastofnunar árin 1969 til 1972. Hér verður að setja þann fyrirvara að árið 1971 er undanskilið þar sem blaðsíður um starf barnaverndarnefndar Reykjavíkur vantar úr því eintaki af skýrslu Félagsmálastofnunar fyrir árið sem varðveitt er í Þjóðskjalasafni. Þá vantar einnig blaðsíður með samsvarandi upplýsingum í því eintaki sem varðveitt er af skýrslu Félagsmálastofnunar Reykjavíkur fyrir árið 1973 í Þjóðskjalasafni. Ársskýrslur Félagsmálastofnunar voru ekki varðveittar í Borgarskjalasafni þegar nefndin grennslaðist fyrir um þær.

vistuð voru á vöggustofunum. Vöggustofunefnd er ljóst að ástæður að baki þess að barn sem var á vöggustofu fór í fóstur voru oftast nær þær að foreldri, þá oft einstæð móðir, átti við verulega erfiðleika að stríða og taldi sig eiga einskis annars úrkosti en að láta af hendi barn sitt til annarra. Verður jafnframt að ætla að við slíkar aðstæður sé upplifun foreldris eða foreldra í mörgum tilvikum sú að viðkomandi hafi ekki átt raunverulegt val að þessu leyti. Það hafi þar af leiðandi ekki talið sig vera í neinni aðstöðu til að synja umleitunum um að barni væri komið í fóstur. Auk þess verður að telja að tilhögun sem fulltrúi barnaverndarnefndar lýsti í viðtali 1963 um tilviljunarkennda ráðstöfun barna í fóstur milli einstaklinga, án aðkomu stjórnvalda og athugunar á högum fósturforelda, hafi ekki verið til þess fallin að tryggja sem best velferð barna og hag foreldra þeirra.

Vöggustofunefnd telur hins vegar ekki unnt að ráða af þeim gögnum sem hún hefur haft til athugunar að börn af vöggustofunum hafi almennt verið ættleidd á vafasömum forsendum fyrir milligöngu barnaverndarnefndar, eins og vikið er að í kafla 5.1. Verður þá að hafa í huga að það var viðtekin skoðun allra helstu sérfræðinga á sviði sálfræði barna og barnaverndar á þessum tíma að hagsmunum barna væri tvímælalaust betur borgið með því að þeim væri komið í fóstur á einkaheimili heldur en að vista þau til langtíma á stofnunum á borð við vöggustofu. Helgaðist sú skoðun meðal annars af því að slíkar stofnanir gætu ekki veitt börnunum þá persónulegu umönnun sem væri nauðsynleg fyrir þroska þeirra og velferð. Enn fremur verður ekki annað séð af samtímaheimildum en að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi á starfstíma Vöggustofunnar Hlíðarenda ráðstafað mun færri börnum í fóstur en hún taldi æskilegt, meðal annars vegna andstöðu foreldra og takmarkaðra heimilda að lögum til að fara gegn vilja þeirra.

Með vísan til þess að á starfstíma Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins dró úr því að börnum var ráðstafað í fóstur má leiða líkum að því að þessi afstaða barnaverndarnefndar hafi að einhverju leyti haldist óbreytt. Í því samhengi er þó rétt að hafa í huga að í upphafi áttunda áratugarins komu til fleiri úrræði til aðstoðar einstæðum mæðrum. Þannig tók mæðraheimilið að Sólvallagötu til starfa í maí 1971 en þar gátu sex til átta stúlkur dvalið í einu í samtals fjóra til sex mánuði fyrir og eftir barnsburð. Var heimilinu ætlað að aðstoða ungar mæður við að takast á við þau vandamál sem biðu þeirra og barna þeirra þegar af heimilinu væri komið.<sup>290</sup> Þá hafði einnig ný skipan í félagsmálum tekið gildi með stofnun Félagsmálastofnunar Reykjavíkur árið 1967 þar sem áhersla var lögð m.a. á fjölskylduvernd og fyrirbyggjandi starf.

Nefndin hefur einungis fundið eitt dæmi um það að barn sem vistað var á vöggustofu hafi farið í fóstur til foreldra með erlent ríkisfang. Var þar um að ræða hjón sem búsett voru á Íslandi á þeim tíma. Í gögnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur á tímabilinu 1949 til 1973 er hins vegar að finna fjölmörg dæmi þess að umleitunum erlendra einstaklinga um að taka

---

<sup>290</sup> Tíminn 29. maí 1971, bls. 6. Sjá hér enn fremur kafla 2.3. í þessari skýrslu.



Íslensk börn í fóstur eða til ættleiðingar sé sýnt þar sem nefndin hafi ekki tök á að kanna heimilisaðstæður viðkomandi.

## 5.4 Örorka og andlát

Til að kanna nánar afdrif þeirra barna sem dvöldu á vöggustofunum leitaði nefndin til Tryggingastofnunar til að fá upplýsingar um hlutfall örorku og endurhæfingarlífeyri annars vegar og dánartíðni hópsins hins vegar. Jafnframt var leitað til embættis landlæknis til að fá upplýsingar úr dánarmeinaskrá. Ákveðið var að skoða þann hóp einstaklinga sem dvaldi 1 mánuð eða lengur á vöggustofunum til að undanskilja þann hóp barna sem dvaldi þar einungis í nokkra daga. Lengd dvalar er hér skilgreind sem heildardvöl þannig að lagðir eru saman vistunardagar fyrir þau börn sem komu oftast en einu sinni inn á vöggustofurnar.

Af þeim 1020 einstaklingum sem voru með skráða vistunarlengd á vöggustofunum voru 815 einstaklingar sem dvöldu þar 1 mánuð eða lengur. Í gögnum Tryggingastofnunar var unnt að fá upplýsingar um 793 þeirra, 22 fundust hins vegar ekki þar sem þau höfðu ekki fengið úthlutað íslenskri kennitölu.<sup>291</sup> Fær nefndin ekki annað séð en að minnsta kosti hluti þessara einstaklinga hafi flutt af landi brott eða látist áður en notkun kennitalna var innleidd hérlendis. Tölurnar miðast við mars 2023. Til að skoða hlutfall örorku og dánartíðni í samanburði við almennt þýði var einnig aflað upplýsinga um alla Íslendinga sem fæddir voru á árunum 1949-1973 og fengið hafa kennitölu. Þannig fæst samanburðarhópur sem gerði nefndinni kleift að setja tölur um vöggustofubörn í samhengi við það sem almennt á við um íslenska jafnaldra þeirra. Tekið skal fram að nefndin fékk ónafngreindar upplýsingar frá Tryggingastofnun og hafði hvorki aðgang að upplýsingum um einstök vöggustofubörn né um einstaklinga í samanburðarhópi. Einnig skal tekið fram að í gögnum Tryggingastofnunar var einungis hægt að skoða hlutfall örorku meðal einstaklinga með skráð lögheimili á Íslandi. Grunnupplýsingar um vöggustofubörn og jafnaldra þeirra má sjá í töflu 16.

---

<sup>291</sup> Notkun kennitölu var tekin upp á Íslandi árið 1987, sbr. Ian Watson: „A short history of national identification numbering in Iceland.“ *Bifröst Journal of Social Science* 4 (2010).



**Tafla 16: Upplýsingar frá Tryggingastofnun um einstaklinga sem dvöldu á vöggustofum 1 mánuð eða lengur, samanborið við alla íslenska jafnaldra (fæddir 1949-1973).**

Upplýsingar í skrá Tryggingastofnunar	Börn sem dvöldu á vöggustofum 1 mánuð eða lengur (n=793)*	Allir Íslendingar f. 1949-1973 (n=108.321)
Hafa fengið örorkumat eða endurhæfingarlífeyri	34,3%	22,4%
Með örorkumat/endurhæfingarlífeyri fyrir 48 ára aldur	17,0%	8,6%
Látnir	13,6%	8,4%
Látnir fyrir 48 ára aldur	7,1%	3,2%


\*Fjöldi þeirra sem dvöldu á vöggustofum 1 mánuð eða lengur (upplýsingar vantar fyrir 22 börn); n=fjöldi Tölur frá Tryggingastofnun miðast við mars 2023.

Af þeim 793 börnum sem dvöldu á vöggustofum í einn mánuð eða lengur (með kennitölu og finnast í gögnum Tryggingastofnunar) eru 272 skráð öryrkjar eða 34,3%. Þetta er mun hærra hlutfall en meðal jafnaldra þar sem hlutfall örorku er 22,4%. Fyrrum vöggustofubörn eru einnig mun líklegri til að hafa orðið öryrkjar fyrir 48 ára aldur, 17% samanborið við 8,6% jafnaldra Íslendinga. Ástæður örorku má sjá í töflum 17 og 18, og einnig á mynd 5.

**Tafla 17: Skráð ástæða örorku**

Skráð ástæða örorku	Fjöldi (%)
Geðraskanir	91 (33,4%)
Stoðkerfissjúkdómar	72 (26,4%)
Áverkar	29 (10,6%)
Aðrar ástæður	20 (7,3%)
Krabbamein	19 (6,9%)
Sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum	14 (5,1%)
Sjúkdómar í blóðrásarkerfi	14 (5,1%)
Innkirtla- og efnaskiptasjúkdómar	6 (2,2%)
Húðsjúkdómar	3 (1,1%)
Meðfædd skerðing og litningafrávik	2 (0,7%)
Óskráð í töflu	1 (0,4%)
Sjúkdómar í öndunarfærum	1 (0,4%)
Heildarfjöldi	272 (100%)

Mynd 5: Ástæða örorku




Eins og sjá má í töflu 17 og á Mynd 5 eru algengustu ástæður örorku meðal þeirra barna sem dvöldu 1 mánuð eða lengur á vöggustofunum, geðraskanir (34%) og stoðkerfissjúkdómar (27%). Í gögnum Tryggingastofnunar voru bæði geðraskanir og þroskaraskanir settar saman í flokkinn *geðraskanir*. Þegar sá flokkur var skoðaður nánar kom í ljós að algengustu raskanirnar voru þunglyndi, fíknisjúkdómar og kvíði (sjá töflu 18 og mynd 6).

**Tafla 18: Örorða fyrrverandi vöggustofubarna vegna geð- og þroskaraskana: Skipting niður á einstakar raskanir**

Skipting geð- og þroskaraskana	Fjöldi (%)
Punglyndi	22 (24,2%)
Fíknisjúkdómar	15 (16,5%)
Kvíðaraskanir	12 (13,2%)
Geðrofsraskanir	10 (10,9%)
Persónuleikaraskanir	9 (9,9%)
Proskahömlun	9 (9,9%)
Geðhvörf/Bipolar	4 (4,4%)
Áfallastreita	2 (2,2%)
Streitu- og aðlögunarraskanir	2 (2,2%)
Geðröskun af völdum heilaskaða	1 (1,1%)
Hegðunarraskanir	1 (1,1%)
Kippa-kækjaröskun	1 (1,1%)
Líkömnunarraskanir	1 (1,1%)
Ótilgreind geðröskun	1 (1,1%)
Truflun á atferli og athygli	1 (1,1%)
Samtals	91 (100%)

Eins og sjá má í töflu 18, er tæplega fjórðungur þeirra vöggustofubarna sem eru öryrkjar vegna geðraskanana eða þroskafrávika með örorðu vegna þunglyndis (24,2%), rúm 16% vegna fíknisjúkdóma og rúm 13% vegna kvíða. Hlutfall raskanana má einnig sjá á mynd 6.

**Mynd 6: Örorða fyrrum vöggustofubarna vegna geð- og þroskaraskana, skipt niður eftir röskunum.**



Tafla 16 sýnir að dánartíðni var einnig umtalsvert hærra meðal fyrrum vöggustofubarna en meðal jafnaldra þeirra. Í mars 2023 voru 13,6% barna sem dvalið höfðu 1 mánuð eða lengur á vöggustofunum látin samkvæmt gögnum Tryggingastofnunar. Til samanburðar var dánartíðni einungis 8,4% þegar allir Íslendingar fæddir 1949-1973 eru skoðaðir (sjá töflu 16).

Þar sem dánartíðni meðal fyrrum vöggustofubarna reyndist talsvert hærra en meðal jafnaldra þeirra í almennu þýði var leitað til embættis Landlæknis til að fá upplýsingar úr dánarmeinasrá. Af þeim 793 börnum sem dvöldu einn mánuð eða lengur á vöggustofunum (og voru með íslenska kennitölu) voru 114 látin samkvæmt upplýsingum úr dánarmeinasrá Landlæknisembættisins eða 14,4%. Þetta er hærra tala en í gögnum frá Tryggingastofnun, þar sem 108 voru látin eða 13,6%. Skýringin á þessu misræmi er sennilega sú að gögn Tryggingastofnunar fengust afhent í mars en ekki fyrr en í júní frá Landlæknisembættinu.

Þegar dánarorsök var skoðuð nánar kom í ljós að í rúmlega helmingi tilfella var um andlát vegna sjúkdóms að ræða (51,7%) og að um þriðjungur lést vegna ytri orsaka (slys, óhöpp, sjálfsvíg) (29,9%). Í 21 tilfalli (18,4%) voru engar skráðar upplýsingar um dánarmein í gagnagrunni Landlæknisembættisins. Skýringin er að ó létust á árinu 2023 og skráningu því ekki lokið, 2 létust fyrir 1971 og rafræn skráning þeirra dánarmeina er ekki til, 10 voru búsettir erlendis við andlát og hjá 3 voru illa skilgreindar eða óþekktar orsakir. Nánari upplýsingar um dánarorsök má sjá í töflu 19.

**Tafla 19: Dánarmein þeirra 114 barna sem dvöldu 1 mánuð eða lengur á vöggustofum og voru látin í júní 2023.**

Dánarmein	Fjöldi (%)
<b>Sjúkdómar</b>	
Krabbamein	20 (17,5%)
Blóðrásarsjúkdómar (t.d. hjartasjúkd., heilaáföll)	17 (14,9%)
Aðrir sjúkdómar	22 (19,3%)
<b>Ytri orsakir</b>	
Samgönguslys	9 (7,9%)
Önnur slys, óhöpp eða óhappaeitranir	12 (10,5%)
Sjálfsvíg	13 (11,4%)
Engar upplýsingar í dánarmeinaskrá	21 (18,4%)
<b>Samtals látinir</b>	<b>114 (100%)</b>

Eins og sjá má í töflu 19 eru sjúkdómar algengasta dánarmeinið (51,7%) en um þriðjungur lést vegna ytri orsaka (29,9%). Mesta athygli vekur að dánarmein 13 fyrrverandi vöggustofubarna, eða 11,4% er sjálfsvíg. Sé sú tala sett í samhengi við þau 793 börn sem dvöldu einn mánuð eða lengur á vöggustofunum 1949-1973 er hlutfall sjálfsvíga 1,6%.

Með aðstoð Landlæknisembættisins var unnt að fá upplýsingar um dánarorsakir fæðingarárgangana 1949-1973 út frá flokkun evrópska stuttlistans (e. *European Shortlist for Causes of Death*) og ná þær til 4. júlí 2023. Sem fyrr var ekki unnt að fá upplýsingar fyrir þá sem létust fyrir 1971, þar sem ekki er til rafræn skráning á dánarmeinum fyrir þann tíma. Einnig var einungis hægt að fá upplýsingar um dánarmein þeirra sem höfðu lögheimili á Íslandi við andlát og eru tölurnar því ekki alveg þær sömu og fengust um fjölda andláta frá Tryggingastofnun.

Af fæðingarárgöngum 1949-1973 með lögheimili á Íslandi við andlát eru skráð 8.576 andlát í dánarmeinaskrá (til viðbótar eru 280 andlát á árinu 2023 sem ekki hafa verið skráð í dánarmeinaskrá). Af þessum 8.576 andlátum voru 713 skráð sjálfsvíg eða 8,3% allra andláta. Tíðni sjálfsvíga er hins vegar nokkuð hærri í hópi þeirra sem vistaðir voru á vöggustofu eða 11,4%. Sé miðað við upplýsingar frá Tryggingastofnun um fjölda í árgöngunum 1949-1973, eða 108.321 einstakling, er tíðni sjálfsvíga í þessum fæðingarárgöngum 0,6% sem er umtalsvert lægra hlutfall en meðal þeirra sem dvöldu einn mánuð eða lengur á vöggustofu sem börn (1,6%).

## 6. Niðurstöður

### 6.1 Vöggustofan Hlíðarenda

#### 6.1.1 Tildrög þess að börn voru vistuð á Vöggustofunni Hlíðarenda

##### *Ástæður vistunar*

Eins og rakið er hér að framan í kafla 3.3.4 benda gögn nefndarinnar til að alls hafi 475 börn verið vistuð á vöggustofunni Hlíðarenda fyrir tilstuðlan barnaverndarnefndar Reykjavíkur tímabilið 1949 til 1963.

Í gögnum Borgarskjalasafns Reykjavíkur eru upplýsingar um tildrög þess að barnaverndarnefnd taldi ástæðu til afskipta af málefnum þessara fjölskyldna og hvers vegna börnin voru vistuð á Hlíðarenda. Sem fyrr segir eru þau gögn einkum fundargerðir barnaverndarnefndar, skýrslur starfsmanna nefndarinnar um eftirlit og upplýsingar sem starfsfólk Hlíðarenda færði inn í skýrslu um hvert barn.

Í fyrirbyggjandi skjölum vöggustofunnar um vistun barns er ekki alltaf skráð hvers vegna barn var vistað á vöggustofunni og ekki er til formleg samantekt hvaða börn voru vistuð á Hlíðarenda samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar. Með vísan til þess að barnaverndarnefnd annaðist rekstur vöggustofunnar á þessum tíma telur nefndin hins vegar unnt að slá því föstu að umræddur fjöldi hafi verið vistaður annaðhvort fyrir tilstuðlan eða a.m.k með samþykki barnaverndarnefndar. Hefur nefndin þá meðal annars haft hliðsjón af öllum fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá 1. október 1949 og þar til Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins tók til starfa 20. júní 1963, sem og fleiri gögnum nefndarinnar um málefni einstakra barna.

Sem fyrr segir var í lögum nr. 29/1947 gert ráð fyrir að sveitarfélög hefðu tiltæk úrræði fyrir börn sem vista varð utan heimilis vegna heimilisaðstæðna, veikinda eða þroska þeirra sjálfra, þótt ekki væri beinlínis kveðið á um þessa skyldu í lögnum. Höfðu barnaverndarnefndir þá nokkurt svigrúm til að meta hvaða úrræða væri gripið í hverju tilviki fyrir sig eins og fyrr hefur verið getið, þar á meðal hvort barn skyldi vistað á stofnun á borð við vöggustofu.

Heimildir barnaverndarnefndar til afskipta og frekari íhlutunar í málefni foreldra og barna voru þó einkum takmarkaðar við atvik eða aðstæður þar sem uppeldi barns, aðbúnaði þess eða atlæti var ábótavant vegna atriða sem vörðuðu foreldra. Í því sambandi voru nefnd atriði á borð við andlega eða siðferðilega annmarka, líkamlega eða andlega vanheilsu, drykkjuskap, eiturlyfjafíkn, lauslæti eða annað siðleysi og refsivert athæfi, sbr. 26. og 27. gr. laga nr. 29/1947 en þá bar nefndinni að gera viðeigandi ráðstafanir. Í 2. mgr. 24. gr. laga sömu

laga var hins vegar lagt fortakslaust bann við að taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna. Af því leiddi að ef örbirgð foreldra var forsenda fyrir ósk þeirra um vistun barns á vöggustofu bar barnaverndarnefnd skylda til að leiðbeina foreldrum um rétt þeirra til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr bæjar- eða sveitarsjóði.<sup>292</sup>

Af þeim gögnum sem vöggustofunefnd hefur aflað verður ráðið að mjög oft hafi mátt rekja upphafleg afskipti, ástæður og forsendur fyrir ákvörðun um vistun barna á Hlíðarenda til ótilgreindra félagslegra ástæðna (23,4%). Þessi tilvik eiga það flest sammerkt að félagslegar aðstæður eru oft og tíðum eina ástæðan sem gefin er upp fyrir vistun barns. Þar á eftir eru líkamleg veikindi foreldra, en fjöldi barna sem vistaður var á Hlíðarenda af þeim sökum nemur alls 9,5%. Því næst var algengast að börn væru vistuð vegna húsnæðis-, dagvistunarvanda og fátæktar, en 6,5% barna á Hlíðarenda dvöldu þar með vísan til þess háttar ástæðna. Fjórði stærsti flokkurinn voru síðan börn sem dvöldu á vöggustofunni vegna eigin veikinda, en sá flokkur svaraði til 4% allra þeirra barna sem dvöldu á vöggustofunni. Sem fyrr verður þó að leggja áherslu á að ekki finnast upplýsingar um ástæður vistunar 47,8% barna á Hlíðarenda.

Þegar barnaverndarnefnd hlutaðist til um að barn yrði vistað á Hlíðarenda vegna bágra uppeldisskilyrða á heimili sökum skertrar hæfni foreldra til að annast barn fær vöggustofustefnd ekki séð annað af fyrirliggjandi gögnum en að slík afskipti hafi í langflestum tilvikum verið í samræmi við þágildandi ákvæði 26. gr. og 27. gr. laga nr. 29/1947. Ráða má af þeim að barnaverndarnefnd hafði þá einnig reglubundið eftirlit með viðkomandi heimilum og að hlutverk eftirlitsfólks barnaverndarnefndar hafi þá fyrst og fremst verið að aðstoða fjölskyldur. Þau skriflegu samtímagögn sem fyrir liggja, m.a. eftirlitsskýrslur barnaverndarnefndar, gefa enn fremur til kynna að í flestum tilvikum hafi starfsfólk barnaverndarnefndar lagt sig fram um að aðstoða fjölskyldur með það að markmiði að koma málefnum þeirra í eðlilegt horf áður en ákvörðun var tekin um að vista börn á Vöggustofunni Hlíðarenda. Liður í þeirri aðstoð hafi verið neyðarvistanir um skamman tíma á Hlíðarenda. Fær vöggustofunefnd ekki annað séð en að aðkoma barnaverndarnefndar Reykjavíkur og starfsfólks hennar að vistun barna á Hlíðarenda hafi verið með áþekkingu hætti að þessu leyti og þegar börn voru vistuð á Silungapólli og í Reykjahlíð.<sup>293</sup>

Skýrslur barnaverndarnefndar um eftirlit með heimilum bera þess þó greinilega merki að eftirlitið að þessu leyti hafi í meginatriðum beinst að foreldrum, og þá einkum móður, en síður með beinum hætti að líðan og velferð barns eða barna. Í mörgum eftirlitsskýrslum er til dæmis látið við það sitja að skrá einungis upplýsingar um klæðnað og hreinlæti barna og aðbúnað á heimilinu. Þá má ráða af gögnunum að slæmt heilsufar, vanlíðan og ofneysla

<sup>292</sup> Sjá hér einnig skýrslu vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 – Áfangaskýrsla nr. 2 – Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapólls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 76.

<sup>293</sup> Sjá einnig skýrslu vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 – Áfangaskýrsla nr. 2 – Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapólls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 78 og 129.



foreldra á áfengi eða lyfjum var oft ástæðan fyrir að barn var tekið af heimili. Einnig kom ofbeldishegðun föður oft við sögu.<sup>294</sup>

Pó finnast þess einnig fjölmörg dæmi að vistun barns á vöggustofu megi rekja til fátæktar á heimili eða þarfar foreldra, oftast móður, fyrir tímabundna gæslu fyrir börn sín vegna vinnu utan heimilis eða móðir var að afla sér menntunar, t.d. vegna þess að móðir var einstæð, eða þá að hún var gift og þarfnáðist gæslu vegna tímabundinnar sjúkrahúsvistar, m.a. fæðingar barns eða lækni meðferðar.<sup>295</sup> Þá má einnig finna mörg dæmi um að börn hafi verið vistuð á vöggustofunni vegna veikinda eða þess að þau voru andlega eða líkamlega fötluð.

Rétt er að leggja áherslu á að í langflestum tilvikum þar sem börn voru vistuð vegna þess að móðir þarfnáðist gæslu fyrir börn sín verður almennt ekki séð að móðirin hafi jafnframt átt við neina erfiðleika af öðrum toga að stríða, svo sem áfengis- og vímuefnaneyslu, andleg eða líkamleg veikindi eða önnur atriði sem gátu haft áhrif á hæfni hennar sem foreldris. Í þessum málum er jafnframt lítið um gögn sem varða málefni hlutaðeigandi fjölskyldu og ekki er óalgengt að engin gögn séu til umfram bókun í fundargerð barnaverndarnefndar um að móðir hafi nýlega orðið ekkja eða einstæð móðir í kjölfar skilnaðar. Hún óski því eftir aðstoð nefndarinnar þar sem hún hafi ekki tök á að hafa börn sín heima sökum vinnu utan heimilis. Þá eru þess einnig dæmi að ekkert hafi verið bókað um af hvaða ástæðum barn var vistað í fundargerð barnaverndarnefndar.

Að því er varðar börn sem dvöldu á Hlíðarenda vegna veikinda eða fötlunar þá bar barnaverndarnefnd skylda til að hafa afskipti af þeim sem fengu ekki viðunandi hjúkrun eða læknishjálp og gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni, sbr. 25. gr. laga nr. 29/1947.

### Málsmeðferð

Vöggustofunefnd hefur farið yfir fundargerðir og önnur frumgögn frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur á tímabilinu 1949 til 1963 með tilliti til þess hvernig málsmeðferð var háttáð með ákvarðanir um vistun barna á Hlíðarenda.<sup>296</sup> Gögnin sem eru fyrir hendi bera með sér að í fjölmörgum málum hafi orðið misbrestur á að barnaverndarnefnd hagaði málsmeðferð sinni í samræmi við lög þegar hún tók ákvarðanir um að vista börn á vöggustofunni. Í mörgum tilvikum er til dæmis einungis fært til bókar að barn hafi farið á Hlíðarenda eða þaðan heim tiltekinn dag, en hvorki að barnaverndarnefnd hafi tekið ákvörðun um það né af hvaða ástæðum barnið var vistað. Þá eru dæmi þess að alls engar upplýsingar hafi verið skráðar í

<sup>294</sup> Sjá einnig Skýrslu vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 – Áfangaskýrsla nr. 2 – Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 79 og 132.

<sup>295</sup> Rétt er að geta þess að almennt var ekki gert ráð fyrir aukna aðkomu fedra að uppeldi og umönnun barna í forföllum móður. Í þessu samhengi má einnig nefna að almenn vinnuvika á Íslandi á árunum 1942 til 1965 var sex dagar eða 48 klukkustundir, en með kjarasamningum árið 1965 var tekin upp 44 stunda vinnuvika. 40 stunda vinnuvika var síðan gerð innleidd í lög með setningu laga þar um 1971.

<sup>296</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá 14. október 1953 til 5. febrúar 1958.

fundargerðum um barn hafi verið vistað á Hlíðarenda, jafnvel þótt ljóst sé af gögnum vöggustofunnar að það sé komið vegna afskipta barnaverndarnefndar. Þá jafnvel á þann veg að starfsmaður barnaverndarnefndar hafi komið með barnið.

Eins og áður er rakið hefur vöggustofunefnd í þessu sambandi sannreynt að alls hafi 475 börn verið vistuð á Hlíðarenda árin 1949 til 1963. Af fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur árin 1949 til 1963 verður hins vegar ekki ráðið að nefndin hafi kveðið upp einn einasta formlegan úrskurð um að barn skuli vistað þar. Þrátt fyrir þetta benda skráningar í eftirlitsskýrslum barnaverndarnefndar með einstökum heimilum til þess að starfsmenn nefndarinnar hafi oftast en fundargerðabækur benda til, fengið afstöðu nefndarinnar til einstakra vistana. Þannig er stundum skráð í skýrslum starfsmanna um heimiliseftirlit að fyrirhugað sé að fara með barn á Vöggustofuna Hlíðarenda og að nefndin hafi tekið ákvörðun þar um án þess að það sé bókað sérstaklega í fundargerðabók.

Þess eru þó einnig dæmi að skrifleg gögn varpi engu ljósi á hvernig staðið hafi verið að ákvörðun um vistun barns. Er þá hvorki að finna bókanir í fundargerðabækur né skráningu í heimiliseftirlit um hvort barnaverndarnefnd hafi yfirhöfuð tekið afstöðu til vistunar. Í slíkum tilvikum fær vöggustofunefnd trauðla séð að unnt sé að draga þá ályktun að ákvörðun um vistun barns á Hlíðarenda hafi verið í með þeim hætti sem lög nr. 29/1947 gerðu ráð fyrir. Þau gögn sem fyrir liggja benda enn fremur til þess að á tíðum hafi skort á að barnaverndarnefnd færi eftir gildandi skráðum eða óskráðum reglum um hvernig fjölskipaðar stjórnáslunefndir á borð við barnaverndarnefnd stóðu að ákvörðunum. Má þar m.a. nefna regluna um að meirihluti nefndar væri viðstaddur á fundi þannig að nefndin teldist ályktunarhæf.

Athugun á skýrslum um heimiliseftirlit sem starfsfólk barnaverndarnefndar skráði gefur til kynna að í allmörgum tilvikum hafi raunin verið sú að það hafi verið starfsfólkið en ekki nefndin sem tók ákvörðun um vistun og þá gjarnan í samráði við foreldra og jafnvel eftir ósk þeirra. Mörg dæmi eru um að skráð hafi verið að „móðir hafi beðið fyrir barn sitt á Hlíðarenda“ í kjölfar heimsóknar starfsfólks nefndarinnar á tiltekið heimili eða að „rætt hafi verið við móður um að barn fari á Hlíðarenda um tíma“. Má þá ráða af skýrslunni að foreldrar, og þá einkum móðir, séu því samþykkir. Í sumum tilvikum er þá bókað um slíkar óskir foreldra í fundargerðir barnaverndarnefndar og þá afstöðu nefndarinnar til þess hvort hún sé samþykk þeirri ósk eða ekki. Almennt er þó ekki fjallað um hvort lagalegar forsendur hafi verið fyrir því að vista börnin á Hlíðarenda við slíkar aðstæður.

Vöggustofunefnd tekur í þessu sambandi undir þau sjónarmið sem vistheimilanefnd sem starfaði samkvæmt lögum nr. 26/2007 setti fram í skýrslum sínum um að heimildir fulltrúa barnaverndarnefndar til að annast „dagleg störf“ nefndarinnar í „umboði hennar“ samkvæmt 10. gr. laga nr. 29/1947, hafi ekki tekið til þess að sömu fulltrúar tækju einir ákvörðun um að

vista barn á stofnun á borð við vöggustofuna Hlíðarenda. Gildir einu hvort slík ákvörðun var tekin gegn vilja foreldra eða með samþykki þeirra.<sup>297</sup>

Ekki er loku fyrir það skotið að barnaverndarnefnd hafi í tíð laga nr. 29/1947 verið heimilt að láta hjá líða að ákveða vistun barns á Hlíðarenda í skriflegum, rökstuddum úrskurði og þá að fullnægðum kröfum um samþykki aukins meirihluta nefndarmanna, sbr. 13. gr. laganna, svo framarlega sem ótvírætt samþykki foreldra lá fyrir, sbr. 20. gr. sömu laga. Slíkt samþykki gat þó ekki leitt til þess að heimilt væri að vista barn á vöggustofu án neinnar formlegrar samþykktar barnaverndarnefndar, a.m.k. meirihluta hennar.

Allt að einu þá bar ritara barnaverndarnefndar í slíkum tilvikum að halda nákvæma fundarbók um slíkar ákvarðanir og þá málsmeðferð sem lá henni til grundvallar, þ.á m. um fyrirliggjandi gögn, sbr. 9. gr. laga nr. 29/1947. Í þessu sambandi bendir vöggustofunefnd á að það var hlutverk barnaverndarnefndar að gæta hagsmuna barna og foreldra sem og réttaröryggis þeirra. Að mati vöggustofunefndar virðist töluverður misbrestur hafa verið á þessu í framkvæmd. Er niðurstaða nefndarinnar að þessu leyti á sama veg og niðurstaða vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 um málsmeðferð barnaverndarnefndar við ákvarðanir um vistun barna á Silungapólli, Reykjahlíð og Jaðri<sup>298</sup> Breiðavík á tímabilinu 1952-1979, vistheimilisins Kumbaravogs á tímabilinu 1965-1984, stúlkaheimilisins Bjargs á tímabilinu 1965-1967.<sup>299</sup>

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 29/1947 var formanni barnaverndarnefndar, eða fulltrúa í umboði hans, heimilt að framkvæma ráðstöfun ef vinda þurfti bráðan bug að henni, enda væri ráðstöfunin lögð til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd svo fljótt sem kostur væri. Eftir athugun á þeim gögnum sem nefndin hefur aflað telur hún ljóst að í einhverjum tilvikum hafi atvik eða aðstæður verið með þeim hætti að formanni eða fulltrúa nefndar var heimilt að framkvæma neyðarráðstöfun á borð við fyrirvaralausar vistun á vöggustofu. Nefndin bendir í því sambandi á að í vistunarskjölum kemur oftsinnis fyrir að starfsmaður barnaverndarnefndar hafi komið með barn að næturlagi úr slæmum og ótryggum heimilisaðstæðum.

Fundargerðabækur barnaverndarnefndar Reykjavíkur, sem og önnur gögn, benda hins vegar ekki til að slíkar ráðstafanir hafi almennt verið lagðar til fullnaðarákvörðunar nefndar „svo fljótt sem kostur [var]“, sbr. ákvæði 14. gr. laga nr. 29/1947. Því til stuðnings skal tekið fram að í skýrslu sem nefndarmaður í barnaverndarnefnd Reykjavíkur á árunum 1966-1974 gaf

---

<sup>297</sup> Skýrsla vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapólls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 82, 132 og 206.

<sup>298</sup> Skýrsla vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapólls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 82, 104 og 134.

<sup>299</sup> Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, kafli 9 í III. hluta, bls. 75-80. - Skýrsla vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 1 - kafli 5.1 í VII. og VIII. hluta, Reykjavík 2008, bls. 244 - 260 og 339 - 346.

fyrir vistheimilanevnd kom fram að slíkar ákvarðanir hafi almennt verið teknar af starfsmanni nefndarinnar. Hugsanlega var það í samráði við formann hennar en almennt voru þær ekki lagðar fyrir nefndina til formlegrar afgreiðslu og ákvarðanatöku.<sup>300</sup>

#### Niðurstaða

Með vísan til alls ofangreinds telur vöggustofunefnd að ekki séu forsendur til að fullyrða annað en að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi að jafnaði verið innan lögbundinna marka 26. og 27. gr. laga nr. 29/1947 þegar hún hóf afskipti af börnum sem síðar voru vistuð á Hlíðarenda. Í þeim tilvikum þar sem gögn eru til staðar um ástæður vistunar fær nefndin til dæmis ekki annað séð en að oftast nær hafi verið fullt tilefni til að taka ákvörðun um vistun barns á vöggustofu þegar vistunin kom til vegna bágra heimilisaðstæðna, þ.e. vegna háttsemi foreldra, veikinda eða vanrækslu. Þá telur nefndin að sama eigi við um afskipti og vistun barna sem átti sér stað á grundvelli 25. gr. laga nr. 29/1947 og kom til vegna þess að viðkomandi börn fengu ekki viðeigandi hjúkrun eða læknishjálp vegna veikinda.

Að sama skapi telur vöggustofunefnd að í einhverjum tilvikum kunni að hafa leikið vafi á því hvort barnaverndarnefnd hafi haft nægilegar forsendur að lögum til að taka slíka ákvörðun. Á það einkum við um mál þeirra barna sem vistuð voru á Hlíðarenda vegna dagvistunar-, húsnæðisvanda og fátæktar á heimili, en ekki beinlínis eða í meginatriðum vegna bágra uppeldisaðstæðna, sem rekja hafi mátt til veikinda, vanrækslu, ofbeldis eða óreglu foreldra. Í því sambandi er rétt að geta þess að samkvæmt barnaverndarlögum nr. 29/1947 var fortakslaust bann við að taka börn af heimilum eingöngu vegna fátæktar eða örbirgðar foreldra, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 29/1947 laganna. Þvert á móti bar barnaverndarnefndum skylda til að aðstoða foreldra og ráða bót á bágbörnum fjárhag þeirra og skyldi sá kostnaður greiðast úr bæjarsjóði.

Ljóst er að barnaverndarnefnd var þó oft vandi á höndum við þessar aðstæður. Gögn nefndarinnar bera til dæmis með sér að í fjölmörgum tilvikum bar vistun barns á vöggustofu upp með þeim hætti að móðir bað sérstaklega fyrir um barn sitt á vöggustofuna til þess að hún gæti unnið fyrir sér og sínum. Þá voru samsvarandi óskir settar fram um vistun barns til þess að móðir gæti lokið námi. Þar sem verulegur skortur var á dagvistunarræðum fyrir börn á þessum tíma er einsýnt að synjun barnaverndarnefndar á slíkum beiðnum hefði takmarkað verulega möguleika foreldra, og þá helst einstæðra mæðra, til að ala önn fyrir sér og börnum sínum eða afla sér menntunar. Jafnframt verður telja að fjárhagsleg fyrirgreiðsla Reykjavíkurborgar á þessum tíma hafi almennt verið lítt til þess fallin að koma í stað þeirra tekna sem foreldri gat aflað með launaðri vinnu. Með vísan til þessa og þegar litið er til þess að barnaverndarnefnd hafði á þessum tíma almenna heimild í 22. gr. þágildandi laga nr. 29/1947 til að láta mál til sín taka á á þann hátt, „er best þykir við eiga,

---

<sup>300</sup> Skýrsla vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 82.

eftir því sem á stendur“ þegar heimilishögum eða aðbúnaði barns var ábótavant verður að telja að barnaverndarnefnd hafi verið innan heimilda þágildandi laga þegar hún tók börn til vistunar á vöggustofu við slíkar aðstæður.

Á hinn bóginn verður að telja að það liggi skýrt fyrir að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi oft og tíðum ekki tekið ákvarðanir um vistun barna á Hlíðarenda í samræmi við þá málsmeðferð sem lög nr. 29/1947 gerðu ráð fyrir. Þannig virðist oft hafa skort á að nefndin tæki ákvörðun um vistun barns á ályktunarhæfum fundi með samþykki meirihluta nefndarmanna þegar ótvírætt samþykki foreldris lá fyrir um ráðstöfun barns. Jafnframt telur nefndin að í flestum tilvikum sem á reyndi hafi skort á að neyðarráðstafanir starfsmanna barnaverndarnefndar væru lagðar fyrir nefndina til formlegrar afgreiðslu og ákvarðanatöku í samræmi við ákvæði laga nr. 29/1947 um hvernig bæri að haga málsmeðferð og taka ákvörðun um neyðarvistanir barna.

### 6.1.2 Eftirlit með starfsemi vöggustofunnar Hlíðarenda

Þegar vöggustofan Hlíðarenda var starfrækt á árunum 1949 til 1963 voru eins og áður segir í gildi lög nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna. Eins og rakið er í kafla 2.5.6 hér að framan var gert ráð fyrir því í lögnum að barnaverndarnefnd héldi uppi virku eftirliti með starfsemi vöggustofunnar. Þannig var í 2. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947 kveðið á um að barnaverndarnefnd bæri að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu og fylgjast með högum og aðbúð barna. Skyldi nefndin jafnframt fylgjast afdrifum barna sem tekin væru af slíkum hælum eða stofnunum og samþykkja þá staði sem þau færu til ef ekki væri um að ræða heimili.

Í ljósi þess að Vöggustofan Hlíðarenda starfaði í Reykjavík var það barnaverndarnefnd Reykjavíkur sem bar ábyrgð á því að framfylgja eftirliti með vöggustofunni. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1947 var yfirumsjón með öllum barnahælum og uppeldisstofnunum í landinu á hendi Barnaverndarráðs. Auk þess voru lagðar sérstakar eftirlitsskyldur á herðar ráðsins með stofnunum sem starfræktar voru á grundvelli barnaverndarlaga sem þó voru breytilegar eftir eðli hverrar stofnunar.<sup>301</sup>

Í lögum nr. 29/1947 voru beinar eftirlitsskyldur Barnaverndarráðs með vist- og meðferðarheimilum takmarkaðar við heimili eða stofnanir sem tóku við börnum og unglingum hvaðanæva af landinu og vistuðu börn vegna eigin hegðunar eða lögbrotá. Barnaverndarráð hafði þó einnig yfirumsjón allra barnahæla/heimila og uppeldisstofnana í landinu og yfirumsjón með starfi allra barnaverndarnefnda. Verður af þeim sökum að gera ráð fyrir að Barnaverndarráð hafi a.m.k. borið að hafa reglulegt og virkt eftirlit með því hvort barnaverndarnefnd Reykjavíkur rækti lagalegar skyldur sínar vegna Hlíðarenda, meðal

---

<sup>301</sup> Ítarlega er fjallað um hlutverk og verkefni Barnaverndarráðs í kafla 2.3 í III. hluta fyrstu áfangaskýrslu vistheimilaneftndar, bls. 61 til 63.

annars um eftirlit, samkvæmt barnaverndarlögum á tímabilinu 1949 til 1963. Gögn sem fundist hafa bera enn fremur merki um að Barnaverndarráð hafi litið á það sem hluta af skyldum sínum að fylgjast með starfsemi vöggustofa og vistheimila sem Reykjavíkurborg annaðist rekstur á. Þannig liggur fyrir að ráðið heimsótti Vöggustofuna Hlíðarenda á starfstíma hennar, sem og barnaheimilið Silungapoll og vistheimilið Reykjahlíð.

Við túlkun og framkvæmd ofangreindra ákvæða íslenskra laga og reglugerða, sem giltu þegar börn voru vistuð á Hlíðarenda á árunum 1949-1963, og mat á því hvort eftirlit hafi verið fullnægjandi, telur vöggustofunefnd rétt að hafa hliðsjón af þeim skyldum sem hvíldu á íslenska ríkinu samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu. Samkvæmt 3. gr. sáttmálans skal „enginn maður sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.“ Á þetta ákvæði sérstaklega við um þau tilvik þar sem börn eru vistuð á stofnunum á vegum hins opinbera.

Í því samhengi verður að hafa í huga að nær allan þann tíma sem vöggustofurnar voru starfandi var íslenska ríkið skuldbundið að þjóðarétti til að fylgja ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu, sem var undirritaður af Íslands hálfu 4. nóvember 1950 og fullgiltur 19. júní 1953, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11, 9. febrúar 1954. Er það afstaða nefndarinnar að þegar lagt er mat á þær skyldur sem hvíldu á barnaverndaryfirvöldum verði að hafa til hliðsjónar þær kröfur sem leiddu af ofangreindum ákvæðum barnaverndarlaga, eins og þau bar að túlka til samræmis við 3. gr. Mannréttindasáttmálans. Undir ákvæðið hafa einkum verið taldar falla þær athafnir sem á grundvelli heildstæðs mats á atvikum og eftir hlutlægum mælikvarða valda tilteknum manni líkamlegu eða andlegu tjóni eða verulegri hættu á slíku tjóni (ómannúðleg meðferð).

Ákvæðið hefur nú verið lögfest, fyrst með 1. gr. laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu og síðar samsvarandi ákvæði í stjórnarskránni, sbr. 1. mgr. 68. gr., sjá 6. gr. stjórnskipunarlega nr. 97/1995. Lögfesting í stjórnarskrá var þó einungis árétting á þeim skyldum sem hvíldu áður á íslenska ríkinu að þjóðarétti og stjórnvöldum bar nauðsynlega að horfa til við túlkun og fyllingu landslaga. Er þar m.a. kveðið á um vistun manna á stofnunum í umsjá ríkisins.<sup>302</sup>

Ákvæði 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu hefur jafnframt verið skilið á þá leið að með því séu lagðar skyldur á aðildarríki sáttmálans til að tryggja að einstaklingar, einkum þeir sem eru í umsjá ríkisins, verði ekki fyrir athöfnum (eða athafnaleysi) sem valda líkamlegu eða andlegu tjóni - eða verulegri hættu á slíku tjóni - og teljast af þeim sökum til ómannúðlegrar eða vanvirðandi meðferðar. Rétt er að hafa í huga að eftirlitsskylda af þessum toga hefur sérstaka þýðingu þegar hún lýtur að heilsu og velferð barna, einkum ef börnin sem um ræðir eru í sérlega viðkvæmri stöðu og í umsjá stjórnvalda. Virkt eftirlit með að

---

<sup>302</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 40-41.



barnaverndarlögum, og eftir atvikum öðrum lögum, sé framfylgt á stofnunum þar sem börn eru vistuð er í reynd nauðsynlegur liður í því hlutverki stjórnvalda að tryggja að börn sæti hvorki illri meðferð né vanrækslu.

Þessi skylda á sér þó ákveðin mörk. Við mat á umfangi hennar verður að hafa í huga að stjórnvöld þurfa við framkvæmd eftirlits af þessum toga að taka ákvarðanir um forgangsröðun og nýtingu takmarkaðra fjármuna, auk þess sem erfitt er að sjá fyrir mannlega hegðun og þar með hvar eftirlits er helst þörf. Af því leiðir að Mannréttindadómstóll Evrópu telur ekki unnt að gera þá kröfu til stjórnvalda á grundvelli 3. gr. Mannréttinasáttmálans að þau bregðist við allri mögulegri hættu á illri meðferð þannig að komið sé alveg í veg fyrir að hún eigi sér stað. Þrátt fyrir þessa fyrirvara hefur þó engu að síður verið talið að stjórnvöld beri að lágmarki skyldu til að sinna eftirliti sínu á þann veg að komið sé í veg fyrir illa meðferð barna og annarra viðkvæmra hópa. Að auki eigi að grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir illa meðferð sem stjórnvöldum var eða átti að vera kunnugt um.<sup>303</sup>

Vöggustofunefnd kannaði allar fyrirliggjandi heimildir sem hægt var að komast yfir um störf barnverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarráðs á tímabilinu 1949 til 1973 í Borgarskjalasafni og Þjóðskjalasafni. Var meginmarkmiðið að varpa ljósi á hvernig þessi stjórnvöld sinntu eftirliti með Hlíðarenda. Fór nefndin af þessu tilefni yfir allar fundargerðir barnaverndarnefndar og Barnaverndarráðs á tímabilinu, sem og öll skjöl sem fundust og tengdust þeim börnum sem vistuð voru á Hlíðarenda.

Eins og getið er í kafla 3.3.2 er einungis bókað einu sinni í fundargerðum barnaverndarnefndar á þessu tímabili að nefndin hafi farið eftirlitsferð að Hlíðarenda. Sú bókun er í fundargerð, dags. 1. mars 1950, þar sem fram kemur að nefndin hafi farið að vöggustofunni Hlíðarenda laugardaginn 25. febrúar 1950 og lýst „ánægju sinni yfir stofnuninni“.<sup>304</sup> Þá kemur fram í fundargerð Barnaverndarráðs 26. maí 1950 að ráðið hafi skoðað Vöggustofuna Hlíðarenda 12. maí 1950 og þar tilgreint að Ólöf Sigurðardóttir sé forstöðukona heimilisins og Kristbjörn Tryggvason læknir þess, en starfsstúlkur á heimilinu séu alls níu talsins.<sup>305</sup> Er þetta eina heimsókn Barnaverndarráðs á Hlíðarenda sem getið er um á starfstíma vöggustofunnar. Hvorki fundargerðir barnaverndarnefndar né Barnaverndarráðs bera með sér hvaða þættir hafi verið skoðaðir í starfsemi vöggustofunnar og þar með hvort heimsókninni hafi í reynd fylgt eftirlit með starfsemi. Þá hafa engin önnur gögn fundist um heimsóknina. Til samanburðar má geta þess að í skýrslu um eftirlitsferðir borgarlæknis á vöggustofuna sem fjallað er um í kafla 3.2.2 er lýst skipulega þeim þáttum sem skoðaðir voru í heimsóknum embættisins.

---

<sup>303</sup> Mannréttindadómstóll Evrópu hefur talið að slíkar skyldur leiði af 3. gr. Mannréttinasáttmálans, sbr. dóm yfirdeildar dómstólsins frá 28. janúar 2014 í máli nr. 35810/09 *O'Keefe gegn Írlandi*, 144. málsgrein.

<sup>304</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Askja 238. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 12. maí 1948 til 14. nóvember 1951, bls. 356.

<sup>305</sup> Þjóðskjalasafn. Fundargerðir Barnaverndarráðs 11. júní 1942 til 11. júní 1958, bls. 150.



Eins og fram kemur í kafla 4.3.3 er fjallað um aðkomu barnaverndarnefndar að málefnum vöggustofunnar í gögnum sem Barnaverndarráð aflaði um starfsemi Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Var það gert vegna beiðni borgastjórnar Reykjavíkur um að ráðið tæki til athugunar hvort gagnrýni Sigurjóns Björnssonar ætti við rök að styðjast. Þar á meðal er yfirlýsing starfsmanns barnaverndarnefndar og síðar framkvæmdastjóra hennar, dags. 15. desember 1968, þar sem hann fullyrðir að hann hafi komið vikulega og stundum daglega að Hlíðarenda.

Vöggustofunefnd hefur ekki forsendur til að rengja þessar fullyrðingar. Nefndin telur hins vegar ekki hjá því komist að vekja athygli á því að í öllum þeim skriflegu gögnum sem nefndin hefur kannað eru litlar sem engar upplýsingar að finna sem benda til þess að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi sem stjórnvald haft virkt eftirlit með starfsemi Hlíðarenda. Eins og fram kemur í kafla 3.3.2 hér að framan er einungis getið um eina eftirlitsheimsókn nefndarinnar á Hlíðarenda í fundargerðum barnaverndarnefndar á þeim tæplega 14 árum sem vöggustofan var starfrækt. Sú heimsókn átti sér stað nokkrum mánuðum eftir opnun vöggustofunnar.

Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að geta þess að í fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur á þessu tímabili er ítrekað vikið að eftirlitsheimsóknnum hennar á önnur vistheimili, ýmist í umdæmi nefndarinnar eða annars staðar. Í fundargerðum barnaverndarnefndar á starfstíma Vöggustofunnar Hlíðarenda kemur til dæmis fram að nefndin hafi farið í alls sex eftirlitsheimsóknir á Silungapoll á sama tíma, eða 1. október 1952,<sup>306</sup> 15. febrúar 1956,<sup>307</sup> 27. mars 1957<sup>308</sup> og 18. september 1957,<sup>309</sup> 17. ágúst 1959<sup>310</sup> og 18. maí 1960.<sup>311</sup> Frá 21. apríl 1951 til 22. ágúst 1962 fór Barnaverndarráð auk þess í átta eftirlitsheimsóknir á Silungapoll.

Þá kemur fram í fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur að nefndin hafi skoðað aðstæður í Reykjahlíð 18. september 1957 og 12. mars 1958, 17. ágúst 1959 og 5. nóvember 1962.<sup>312</sup> Þá fór Barnaverndarráð í alls fjórar eftirlitsheimsóknir að Reykjahlíð á tímabilinu 11. nóvember 1957 til 22. ágúst 1962 en Reykjahlíð tók ekki til starfa fyrr en árið 1956.

Fundargerðir greina jafnframt frá að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi fjallað um skýrslur Símonar Jóhannesar Ágústssonar vegna eftirlitsheimsókna hans að vistheimilinu Breiðuvík á

---

<sup>306</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 21. nóvember 1951 til 7. október 1953, bls. 86.

<sup>307</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 21. nóvember 1951 til 7. október 1953.

<sup>308</sup> Sama heimild, bls. 232.

<sup>309</sup> Sama heimild bls. 270.

<sup>310</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 5. mars 1958 til 20. desember 1961, bls. 115.

<sup>311</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 5. mars 1958 til 20. desember 1961, bls. 115 og 174.

<sup>312</sup> Sjá m.a. BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 5. mars 1958 til 20. desember 1961, bls. 115.

fundum 17. ágúst 1959, 29. nóvember 1960,<sup>313</sup> 29. nóvember 1961,<sup>314</sup> 2. september 1963 og 12. ágúst 1965. Rétt er að taka fram að ofangreindar heimsóknir eru aðeins taldar í dæmaskyni og engan veginn er um tæmandi talningu að ræða.

Samkvæmt framangreindu bera skriflegar samtímaheimildir ekki annað með sér en að barnaverndarnefnd hafi lítið komið sjálf að eftirliti með starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda. Jafnframt benda sömu gögn til þess að vöggustofan hafi í reynd sætt töluvert minna eftirliti af hálfu barnaverndarnefndar og Barnaverndarráðs en önnur vistheimili sem Reykjavíkurborg rak. Í þessu sambandi er jafnframt rétt að geta þess að enginn þeirra starfsmanna Vöggustofunnar Hlíðarenda sem nefndin ræddi við minntist þess að fulltrúar barnaverndarnefndar hefðu komið inn á vöggustofuna nema vegna málefna einstakra barna.

Ljóst er þó að þegar leið að lokum starfsemi Hlíðarenda sem vöggustofu þar sem börn voru vistuð allan sólarhringinn þá taldi barnaverndarnefnd Reykjavíkur rétt að hafa afskipti af störfum forstöðukonunnar. Þetta sést í bréfi nefndarinnar til hennar, dags. 18. febrúar 1963, þar sem vakin er athygli á því að forstöðukonunni sé óheimilt að ráðstafa börnum á vöggustofuna og þaðan aftur án samráðs við barnaverndarnefnd. Ekki verður ráðið nánar af þeim gögnum sem liggja fyrir hvaða atvik urðu tilefni þessara bréfaskipta, t.d. hvaða börnum var ráðstafað út af vöggustofunni og hvert þau fóru. Bréfið sjálft ber hins vegar með sér að nefndin taldi forstöðukonuna fara út fyrir heimildir sínar og ljóst er að þetta mál var áfram rætt í nefndinni eftir að Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins tók til starfa, sbr. kafla 4.3.1 hér að framan.

Að því er varðar eftirlit nefndarinnar með högum einstakra barna þá verður ráðið af eftirlitsskýrslum starfsmanna barnaverndarnefndar frá 1949-1963 að starfsmenn hennar hafi í ýmsum tilvikum skráð upplýsingar um hagi barna á vöggustofunni. Eins og rakið er í kafla 3.3.2 bera þessar skýrslur með sér að bæði starfsfólk barnaverndarnefndar sem og forstöðukona vöggustofunnar hafi í ýmsum tilvikum haft áhyggjur af velferð þeirra barna sem dvöldu mjög lengi á vöggustofunni og ekki var séð fyrir að foreldrar gætu tekið aftur til sín. Í þeim tilvikum er oft vikið að því að barnið hafi verið of lengi á vöggustofunni og huga þurfi að því að koma því í fóstur. Af sömu skýrslum verður ráðið að ósjaldan gengu slíkar ráðagerðir ekki eftir vegna þess að foreldrar lögðust gegn þeim og barnið sem um ræddi fór því á annað vistheimili.

Umræddar eftirlitsskýrslur bera þó ekki alltaf merki um að hagir og líðan hvers barns á vöggustofunni hafi verið undir sérstöku eftirliti. Fjöl margar skýrslur bera þess vott að athugun starfsfólks barnaverndarnefndar á högum barnsins hafi einungis farið fram í formi símasamtals við forstöðukonu. Tillögur meirihluta samstarfsnefndar um barnaverndarmál

---

<sup>313</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 5. mars 1958 til 20. desember 1961, bls. 187.

<sup>314</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 5. mars 1958 til 20. desember 1961, bls. 291.

sem skilað var í febrúar 1966 og raktar eru í kafla 4.3.2. Þessa þess enn fremur merki að meirihlutinn taldi nauðsynlegt að endurskipuleggja og auka eftirlit barnaverndarnefndar með vistheimilum þar sem börn voru dvöldu. Þar kemur jafnframt fram að barnaverndarnefnd hafi alla tíð verið of liðfá miðað við þau verkefni sem henni var ætlað að fást við.

Við mat á því hvort viðunandi eftirlit hafi verið haft með Vöggustofunni Hlíðarenda verður einnig að líta til þess hvernig innra eftirliti þar hafi verið háttað með líðan og aðbúnaði barna, þ.e. af hálfu forstöðukvenna og starfsfólks undir þeirra stjórn. Vistunarskjöl sem fyrir liggja bera með sér að barnalæknar hafi komið nokkuð reglulega á vöggustofuna og skoðað börnin með tilliti til heilsufars en upplýsingar um veikindi og viðeigandi meðferð eru í mörgum tilvikum færðar inn í skjölin. Upplýsingar í þessum skjölum eru hins vegar mjög oft sáralitlar, t.d. um þroska barnanna, og það jafnvel þótt barn hafi dvalið mánuðum og jafnvel árum saman á vöggustofunni. Ekki hafa heldur fundist skriflegar heimildir um leiðbeiningar eða verklag varðandi umönnun barna sem vistuð voru á vöggustofunni.

Heimildir um starfshætti Hlíðarenda og umönnun barnanna frá degi til dags eru verulega takmarkaðar og nefndinni tókst aðeins að hafa uppi á fjórum starfsstúlkum sem enn eru á lífi og gátu lýst starfseminni. Eins og fram kemur í kafla 3.3.3 greindi ein þeirra frá því að Auður Jónsdóttir forstöðukona, hafi veitt starfsstúlkum tiltal fyrir að taka börnin upp úr rúmunum og sýna þeim frekari hlýju. Auk þess hafi forstöðukonan sjaldan verið sjáanleg inni á vöggustofunni sjálfri. Í þessu sambandi verður þó að hafa í huga að einungis ein fyrrverandi starfsstúlka bar vitni á þessa leið fyrir nefndinni og afar langt er um liðið frá þeim atvikum sem frásögnin lýtur að. Nokkrar frásagnir starfsfólks á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins voru hins vegar á sömu leið um að Auður Jónsdóttir hefði ekki komið oft inn á vöggustofuna sjálfa. Auður greindi hins vegar nefndinni frá því viðtali að hún hefði gengið í mörg verkefni á vöggustofunni.

Þær takmörkuðu skriflegu heimildir sem fyrir liggja um starfshætti Vöggustofunnar Hlíðarenda veita vísbendingar um að á tímabilum hafi ekki verið nægilega margir starfsmenn til að börnin sem þar voru vistuð fengju viðunandi umönnun. Þannig má ráða af umfjöllun *Vísis* sem birtist 13. apríl 1954 og gerð er grein fyrir í kafla 3.3.2 hér að framan að einungis ein vökukona hafi verið á Hlíðarenda frá klukkan tíu á kvöldin þar til fyrstu starfsstúlkurnar mættu til vinnu klukkan 7 morguninn eftir. Í bréfi barnaverndarnefndar Reykjavíkur til Barnaverndarráðs, dags. 16. janúar 1968, sem aflað var í tilefni af athugun ráðsins í kjölfar gagnrýni Sigurjóns Björnssonar á starfsemi vöggustofunnar í borgarstjórn Reykjavíkur, kemur auk þess fram að á árunum 1956 til 1963 hafi einungis verið ein stúlka á kvöldvakt og ein á næturvakt.<sup>315</sup>

---

<sup>315</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961 til 1971. Askja 83.

Í ljósi þess að vöggustofan hafði á þessum tíma pláss fyrir 22 börn og var auk þess að jafnaði fullnýtt verður að telja líklegt að kvöld- og næturvakt hafi á tíðum ekki verið nægilega mönnum til þess að unnt væri að sinna börnunum með fullnægjandi hætti.

Skriflegar heimildir um starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda bera með sér að starfsfólki hafi fækkað nokkuð á því tímabili sem vöggustofan starfaði. Í apríl 1954 voru t.d. starfandi sjö starfsstúlkur sem ætlað var að sinna börnum. Fjórum árum síðar, eða í frétt *Morgunblaðsins* 25. janúar 1958 kemur hins vegar fram að starfsstúlkurnar sem sinntu börnunum sérstaklega séu fimm talsins. Með vísan til þess að öll rými á vöggustofunni voru fullnýtt á þessum tíma og að starfsfólk sem nefndin hefur tekið skýrslu af hefur allt lýst starfseminni á þann veg að mikið annríki hafi verið má draga þá ályktun að möguleikar starfsfólks til að annast hvert og eitt vistbarna með fullnægjandi hætti hafi farið minnkandi á tímabilum í starfseminni.

Pegar tekin er afstaða til þess hvort barnaverndarnefnd, barnaverndarráð og önnur yfirvöld hafi fylgt lögbundinni eftirlitsskyldu sinni með vöggustofum hefur nefndin litið til þess hvort það liggi fyrir vísbendingar í gögnum málsins og munnlegum framburðum um skort eða vanrækslu á að gætt hafi verið að lögmætri umsjónar- og eftirlitsskyldu með líðan og velferð barnanna. Nefndin hefur haft ofangreindan grundvöll að leiðarljósi við ályktanir sínar og mat á þeim gögnum og upplýsingum, sem hún hefur aflað um atvik og aðstæður við vistun barna á þeim vöggustofum sem hún hefur haft til athugunar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það niðurstaða vöggustofunefndar að opinbert eftirlit með Vöggustofunni Hlíðarenda hafi verið afar takmarkað og í raun lítið sem ekkert á þeim tíma sem börn voru vistuð þar allan sólarhringinn 1949-1963. Bendir nefndin í því samhengi á að aðeins hefur verið unnt að afla skriflegra heimilda um eina eftirlitsheimsókn barnaverndarnefndar Reykjavíkur á Hlíðarenda á þessum tíma. Skriflegar heimildir benda auk þess til að barnaverndarnefnd fylgdist sem stjórnvald mun minna með starfi vöggustofunnar en annarra heimila í lögsögu nefndarinnar. Einnig virðist hafa skort á að heimsóknir starfsmanna barnaverndarnefndar Reykjavíkur, að því marki sem þær fóru fram, hafi verið skráðar með fullnægjandi hætti. Þá liggur fyrir að aldrei var bókað í fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur um eftirlitsheimsókn starfsmanna og skráningar í eftirlitsskýrslum um foreldra og börn þeirra. Bendir það til þess að eftirlit með aðbúnaði einstakra barna hafi verið takmarkað og eftirlitsskýrslur gefa til kynna að það hafi farið að miklu leyti fram símleiðis.

Þá liggur ekki annað fyrir en að skort hafi á að Barnaverndarráð hefði eftirlit með heimilinu, en áður hefur komið fram að ráðið fór einungis í eina eftirlitsheimsókn að Hlíðarenda þau tæplega 14 ár sem vöggustofan var starfrækt. Í þessu sambandi verður heldur ekki horft hjá því að þau gögn sem fyrir liggja gefa ekki mynd af því að hverju eftirlitsheimsóknirnar beindust og hvort eftirlit hafi í reynd farið fram með starfseminni. Að mati nefndarinnar er ekki útilokað að viðvarandi vanræksla stjórnvalda á árunum 1953-1963 við að tryggja viðhlítandi eftirlit með aðbúnaði og velferð þeirra barna sem sættu vistun á Vöggustofunni

Hlíðarenda, hafi eftir atvikum einnig getað farið í bága við þær jákvæðu skyldur sem hvíldu á stjórnvöldum á grundvelli 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Vöggustofunefnd telur einnig að kvöld- og næturvakt á Hlíðarenda hafi verið undirmönnuð á árunum 1954 til 1963 og að á þeim tíma hafi einungis ein vökukona átt að sinna 22 börnum undir 18 mánaða aldri frá klukkan tíu á kvöldin til sjö á morgnana. Nefndin telur ljóst að verulegum erfiðleikum hafi verið háð fyrir þann starfsmann að annast einn síns liðs tugi barna þannig að þau fengju viðeigandi umönnun.

### 6.1.3 Sættu börn illri meðferð eða ofbeldi á Vöggustofunni Hlíðarenda?

Eins og rakið er í kafla 1.2 hér að framan er það eitt af verkefnum vöggustofunefndar að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á vöggustofunni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á meðan dvölinni stóð, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022.

Í lögum er ekki skilgreint hvað felist í hugtökunum „ill meðferð“ og „ofbeldi“ í skilningi framangreinds ákvæðis. Í almennum athugasemdum frumvarps þess er varð að lögum nr. 45/2022 er hins vegar gengið út frá því að nefndin fái svigrúm við að meta með tilliti til þess verkefnis sem henni er ætlað að sinna hvað sé ill meðferð og ofbeldi gagnvart þeim börnum sem vistuð voru á vöggustofunum.

Það er afstaða nefndarinnar að við túlkun á hugtökunum ill meðferð og ofbeldi verði að horfa til þeirra laga- og reglugerðarfyrirmæla sem í gildi voru á þeim tíma sem könnun nefndarinnar lýtur að, þ.e. á árunum 1949-1973. Í fyrstu barnaverndarlögum nr. 43/1932 var mælt fyrir um heimild barna- verndarnefnda í kaupstöðum landsins til að úrskurða að barn skyldi tekið af heimili sínu. Í þeirri heimild fólst jafnframt að barnaverndarnefnd gat ráðstafað barni annars staðar þegar því væri „misboðið með líkamlegu ofbeldi, illu atlæti, of mikilli vinnu, slæmum aðbúnaði eða heimilisástæðurnar [væru] þannig, að leitt [gæti] til heilsutjóns fyrir það, svo og ef því [var] ekki séð fyrir lögskipuðu námi“, sbr. 4. tölul. 8. gr. laganna.

Barnaverndarlögin frá 1932 voru felld úr gildi með lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna. Í þeim lögum var sérstaklega kveðið á um að barnaverndarnefnd bæri að „hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu og fylgjast með högum og aðbúð barna þar“, sbr. 2. og 3. mgr. 35. gr. laganna. Þá var það einnig í verkahring barnaverndarnefndar að „fylgjast jafnan með, hvað yrði um börn, sem tekin væru af slíkum hælum, og samþykkja þá staði, sem þau fara til, ef ekki er um að ræða heimili foreldra.“

Í 35. gr. laga nr. 29/1947 var jafnframt kveðið á um að ef meðferð barns á barnahæli eða uppeldisstofnun væri óhæfileg eða rekstri slíks hælis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skyldi barnaverndarnefnd leitast við að bæta úr því sem áfátt væri með leiðbeiningum og áminningum. Kæmi það ekki að haldi, skyldi hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fengi eigi úr bætt, gæti það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra

svipt hæli eða stofnun rétti til áframhaldandi starfsemi að fengnum tilögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar.

Í 45. gr. sömu laga var einnig mælt fyrir um það að ef forstöðumaður eða starfsmaður barnahælis eða uppeldisstofnunar, kennari eða aðrir, sem falin væri forsjá barna og ungmennis allt að 18 ára, leiddi það á siðferðilega glapstigu, misbyði því eða vanrækti á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska væri mikil hættu búin, þá varðaði það refsingu samkvæmt 191. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var síðastnefnda ákvæðið fram til 2006 orðað á þann veg að ef nokkur misbyði „með stórfelldri vanrækslu eða móðgunum [...] barni sínu eða öðru barni eða unglingi undir 18 ára aldri, sem hann hefur til umsjónar eða fósturs“, eða manni, sem er skyldur honum eða tengdur í beinan legg upp á við, þá varðaði það fangelsi allt að 2 árum.

Ljóst er að ákvæði 45. gr. laga nr. 29/1947 var sérstaklega beint að forstöðumanni og starfsmanni barnahælis eða uppeldisstofnunar, kennara eða annarra, sem hafði verið falin umsjá barna eða ungmennis allt að 18 ára. Að mati vöggustofunefndar er ótvírætt að þessi regla átti við um forstöðukonur og aðra starfsmenn Hlíðarenda sem nefndin hefur nú tekið til könnunar á þeim starfstíma sem lög nr. 29/1947 voru í gildi, þ.e. á árunum 1949-1963. Nefndin leggur þó áherslu á að það er ekki viðfangsefni þessarar skýrslu að taka afstöðu til háttsemi einstaklinga úr hópi starfsfólks heldur beinist athugun nefndarinnar almennt að meðferð barnanna og því hvernig starfsháttum Vöggustofunnar Hlíðarenda var háttað.

Samhliða þeim reglum, sem fram koma í barnaverndarlögum nr. 29/1947, giltu á því tímabili sem athugun nefndarinnar nær til ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um líkamsmeiðingar og brot gegn frjálrsæði manna. Börn sem dvöldu á vöggustofunni Hlíðarenda nutu eðli málsins samkvæmt þeirrar réttarverndar sem leiddi af þessum ákvæðum.

Við nánari afmörkun á hugtökunum ill meðferð eða ofbeldi hefur nefndin auk þess litið til þess að á árinu 1953 var Mannréttindasáttmáli Evrópu fullgiltur af hálfu íslenska ríkisins, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Sáttmálinn öðlaðist þó ekki lagagildi fyrr en með lögum nr. 62/1994. Eins og rakið er í kafla 6.1.2. hér að framan telur nefndin þó ljóst að þegar lagt er mat á þær skyldur sem hvíldu á barnaverndaryfirvöldum, forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum vöggustofanna verði að hafa til hliðsjónar þær kröfur sem leiddu af ofangreindum ákvæðum barnaverndarlaga, eins og þau bar að túlka til samræmis við 3. gr. Mannréttindasáttmálans. Undir ákvæðið hafa einkum verið taldar falla þær athafnir sem á grundvelli heildstæðs mats á atvikum og eftir hlutlægum mælikvarða valda líkamlegu eða andlegu tjóni eða verulegri hættu á slíku tjóni (ómannúðleg meðferð).

Að öllu samanlögðu virtu telur nefndin að miða beri við það að undir hugtökin ill meðferð og ofbeldi, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022, falli hvers konar meðferð barns, sem vistað var á vöggustofum árin 1949 til 1973 sem eftir almennum mælikvarða má telja að hafi verið ómannúðleg eða vanvirðandi. Þar undir féll eðli málsins samkvæmt bein líkamleg valdbeiting gagnvart barni í formi refsinga, þar sem valdið var óþarfa sársauka. Í ljósi aldurs



þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofu fær nefndin ekki séð að forstöðumanni eða öðrum starfsmönnum á vöggustofu hafi undir nokkrum kringumstæðum verið heimilt að beita barn líkamlegu ofbeldi í agaskyni, eða í því skyni að að afstýra ofbeldi eða yfirvofandi hættu á slíku ofbeldi.

Af þeim gögnum sem vöggustofunefnd hefur kannað hefur nefndin fundið eitt tilvik þar sem rætt er um að barn hafi verið beitt ofbeldi á Vöggustofunni Hlíðarenda. Er það frásögn sem höfð er eftir móður í sjúkraskrá barns, 3. nóvember 1966, um að sonur hennar hafi verið með bólgu í eistanu við komu af Hlíðarenda á haustmánuðum 1954. Hafi lækni talið bólguna hafa orsakast af sparki. Vöggustofunefnd hefur átt í samskiptum við umræddan einstakling og hefur hann staðfest frásögn móður sinnar að þessu leyti. Í ljósi þess að engin frekari gögn eða heimildir liggja fyrir um atvikið telur nefndin hins vegar ekki unnt að slá því föstu að umrætt barn hafi verið beitt líkamlegu ofbeldi af hálfu starfsmanns vöggustofunnar eða hvort það hafi hlotið bólguna með öðrum hætti.

Augljóst er að hugtakið ill meðferð einskorðast ekki við beina líkamlega valdbeitingu. Undir hugtakið ill meðferð falla einnig athafnir gagnvart barni sem vistað var á stofnun sem voru ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi í garð barnsins. Þá féllu þar einnig undir athafnir eða athafnaleysi starfsmanna og eftir atvikum annarra opinberra aðila sem voru til þess fallnar að valda barni líkamlegum eða andlegum skaða.<sup>316</sup>

Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að hafa í huga að þau börn sem vistuð voru á Vöggustofunni Hlíðarenda voru þar langflest á fyrstu þrem árum ævi sinnar. Eins og rakið er í kafla 2.2 hér að framan markar þetta tímabil í ævi barns sérstakt næmiskeið þar sem þroski er mjög hraður og lagður er grunnurinn að margvíslegri færni barnsins síðar meir. Örvun frá umhverfinu, samskipti og tengsl við umönnunaraðila eru á þessu aldurs skeiði nauðsynleg forsenda þroska. Verði misbrestur þar á geta komið fram alvarleg þroskafrávik og geðræn vandamál síðar á ævinni.

Með vísan til þeirrar þekkingar sem var til staðar á starfstíma vöggustofunnar og gerð er grein fyrir í köflum 2.2.1 til 2.2.4 telur nefndin að skortur á samskiptum, hvatningu og örvun gagnvart börnum á fyrstu þrem árum ævinnar sé til þess fallinn að valda þeim líkamlegum og/eða andlegum skaða. Slíkur skortur geti því talist til vanrækslu barns og þar með til illrar meðferðar í skilningi laga nr. 45/2022. Horfir nefndin þá til þess hvaða áhrif lítil og fábreytt samskipti, hvatning og örvun hafa á hreyfi-, mál- og vitsmunapróska, sem og félags- og tilfinningapróska barna. Þannig lá til dæmis fyrir á þessum tíma að umhverfi barna gat haft bæði hvetjandi og letjandi áhrif á hreyfiþroska þeirra og jafnframt að hegðun umönnunaraðila gat í einhverjum tilfellum valdið seinkun í þroska. Slík áhrif hafi meðal annars birst í því að börn sem voru látin liggja langtímum í vöggum sínum og fengu þar með færri

---

<sup>316</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 42-43.



tækifæri til að þjálfa hreyfingu, sýndu bæði seinkun og frávik í hreyfiproska, sbr. kafla 2.2.2. hér að framan.

Við mat á því hvað telst til illrar meðferðar barna verður einnig að horfa til þess sem rakið er í kafla 2.2.3 að börn sem fá lítil tækifæri til samskipta, hljóta litla mállega örvun og búa við fábreytt áreiti í umhverfi sínu á þessu aldurs skeiði eru líkleg til að sýna frávik í málþroska og hafa minni orðaforða. Þessi frávik geta haft mikil áhrif á samskiptafærni og námsárangur síðar á lífsleiðinni. Skortur á samskiptum og örvun í umhverfi ungra barna er auk þess talinn einn af áhættuþáttum þroskahömlunar, sem er alvarleg taugaþroskaröskun og felst í skertum vitsmunaproska og skertri aðlögunarfærni, sjá kafla 2.2.4.

Þegar tekin er afstaða til þess hvað telst til illrar meðferðar í skilningi laga nr. 45/2022 verður enn fremur að leggja áherslu á þau sjónarmið sem rakin eru í kafla 2.2.5, um hversu mikilvæg tengsl barnsins við umönnunaraðila eru. Þau tengsl hafa ekki einungis verulega þýðingu fyrir þróun tilfinningastjórnunar heldur einnig málþroska og vitsmunaproska. Tengslamyndun barns er þannig grundvöllur að margvíslegum þroska og því afar mikilvægt ferli. Geðtengsl við nánustu umönnunaraðila eru ekki eingöngu mikilvæg fyrir líðan barns heldur eru þau nátengd málþroska, félagsþroska og vitsmunaproska. Fyrstu ár í lífi barns eru næmisskeið fyrir geðtengsl og ef það myndar ekki sterk geðtengsl við fullorðna umönnunaraðila getur það valdið frávikum í félagsþroska og geðrænum erfiðleikum síðar meir, sbr. kafla 2.2.5. Vanræksla á þessu sviði getur því haft veruleg áhrif á líf barns um ókomna tíð.

Loks verður ekki hjá því komist að horfa einnig til þeirra krafna sem leiddar verða af ákvæðum 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og gerð er grein fyrir hér að framan þegar tekin er afstaða til þess hvort börn hafi sætt illri meðferð í skilningi laga nr. 45/2022. Er þannig ekki útilokað að vanræksla stjórnvalda á árunum 1949-1963 við að tryggja viðhlítandi eftirlit með aðbúnaði og velferð barna á Vöggustofunni Hlíðarenda, hafi eftir atvikum getað farið í bága við þær jákvæðu skyldur sem hvíldu á stjórnvöldum á grundvelli 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Lýtur hún að þeirri skyldu að koma í veg fyrir að einstaklingar, og þá einkum börn og aðrir sem eru í viðkvæmri stöðu, sæti ómannlegri eða vanvirðandi meðferð, sbr. kafla 6.1.2. hér að framan.

#### *Grundvöllur fyrir ályktunum nefndarinnar*

Í kafla 1.5 hefur verið gerð grein fyrir aðferðum nefndarinnar og þeim grundvelli sem hún leggur að ályktunum sínum um einstök atriði. Snýr það m.a. að því hvort ill meðferð eða ofbeldi hafi átt sér stað á einhverjum tíma í sögu þeirra stofnana sem könnun nefndarinnar beinist að. Það skal þó áréttað að nefndin lítur ekki á það sem hlutverk sitt að leggja mat á sannleiksgildi frásagna hvers og eins þeirra sem komu til viðtals enda tæpast mögulegt að framkvæma slíkt mat þannig að niðurstöður geti talist áreiðanlegar. Hefur nefndin þá einkum í huga að um 40-60 ár eru liðin frá því að þeir starfsmenn og aðstandendur sem komu til viðtals hjá nefndinni urðu vitni að þeim atvikum sem þau lýstu.

Með vísan til þessa tíma og þegar haft er í huga hversu margir þeirra einstaklinga sem vitnað geta um einstök atvik eru fallnir frá telur nefndin ekki forsendur til þess að álykta um sannleiksgildi atvika í einstökum frásögnum miðað við þær kröfur sem gera verður til þess að stjórnvöld hafi fullnægjandi upplýsingar að baki slíkum ályktunum. Verður þá einnig að líta til þess að það er hvorki í verkahring nefndarinnar að álykta um refsí- né skaðabótaábyrgð tiltekinna einstaklinga.

Af þessum sökum hefur nefndin í störfum sínum leitast við að varpa almennu ljósi á sannleiksgildi frásagna. Með því er átt við að lagt hefur verið mat á sannleiksgildi frásagna út frá mælikvarðanum hvort telja verði, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að ill meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem nánar hefur verið rakin í kafla 6.1.2 hér að framan, hafi átt sér stað á starfstíma vöggustofunnar Hlíðarenda.

Að sama skapi telur nefndin sig ekki hafa forsendur til að fjalla sérstaklega um sannleiksgildi einstakra frásagna sem mynda þá heild sem ályktanir hennar eru byggðar á. Með þessu móti telur nefndin að heildarmat hennar og ályktanir af munnlegum framburði og fyrirliggjandi skriflegum gögnum séu reistar á viðunandi grundvelli, með þeim fyrirvörum sem áður hefur verið greint frá.<sup>317</sup>

Pau skriflegu gögn sem nefndin hefur undir höndum gefa til kynna að starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda hafi ekki tekið verulegum breytingum á þeim tíma sem athugun nefndarinnar tekur til. Kemur þar í fyrsta lagi til að Ólöf Sigurðardóttir gegndi forstöðu lengst af, eða frá 1949 til ársbyrjunar 1961, í rúmlega 11 ár á tæplega 13 ára starfstíma vöggustofunnar. Samkvæmt gögnum nefndarinnar urðu ekki verulegar breytingar á ástæðum þess að börn voru vistuð á vöggustofunni þennan tíma og meðalaldur barna við vistun sem og vistunartími barna hélst að miklu leyti óbreyttur. Þá verður ekki sérstaklega merkt, ef litið er í heild sinni á efni viðtala sem nefndin tók við fyrrverandi starfsfólk og fyrirliggjandi skrifleg gögn að starfsemin hafi verið ólík frá einum tíma til annars. Sú sem tók við forstöðu Hlíðarenda árið 1961 greindi nefndinni enn fremur frá því í viðtali að hún hefði ekki talið tilefni til breytinga þegar hún tók við.

Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar voru alls 475 börn vistuð á vöggustofunni Hlíðarenda fyrir tilstuðlan barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Langflest þeirra voru undir tveggja ára gömul þó dæmi hafi verið um að börn eldri en tveggja ára væru vistuð á vöggustofunni.

---

<sup>317</sup> Nefndin styðst að þessu leyti við sams konar mat og vistheimilanefnd lagði til grundvallar við mat á munnlegum framburðum í sínu starfi, sjá hér meðal annars skýrslur vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 13, sem og Áfangaskýrslu nr. 3 - Könnun á starfsemi Upptökuheimilis ríkisins 1945-1971, Unglingaheimilis ríkisins 1971-1994 og meðferðarheimilisins í Smáratúni og á Torfastöðum 1979-1994, bls. 22.

*Ályktanir af skýrslum fyrir nefndinni og skriflegum heimildum*

Eins og áður segir komu sex konur sem störfuðu á Vöggustofunni Hlíðarenda til viðtals við nefndina. Ein þeirra starfaði þar sumarlengt árið 1954, önnur á árunum 1958 til 1959 en fjórar þeirra störfuðu þar árin 1962 til 1963. Aðrar starfskonur sem nefndinni tókst að hafa uppi á eftir leit í skjalasöfnum eru látnar. Nefndin ræddi einnig við fyrrverandi forstöðukonu Hlíðarenda sem starfaði á heimilinu frá árinu 1961 til 20. júní 1963 þegar hún tók við rekstri hinnar nýstofnuðu vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Tvær starfsvennanna tóku fram að þær ættu að mestu leyti góðar minningar frá starfsárunum á Hlíðarenda. Vel hefði verið annast um börnin og þær hefðu aldrei orðið vitni að óeðlilegri háttsemi af hálfu starfsmanna gagnvart börnunum. Starfsemin hafi verið í mjög föstum skorðum og börnunum hafi verið gefið að borða og skipt á þeim á ákveðnum tímum. Sama hafi einnig gilt um hvenær börnin lögðu sig og fóru að sofa.

Aðrar tvær fyrrverandi starfskonur greindu nefndinni frá því að starfsstúlkum hafi sagt að vera helst ekki mikið með börnin í fanginu og að skipulag starfseminnar hafi miðast meira við að fylgja tímasetningum en þörfum barnanna. Hinar þrjár starfskonurnar sem mundu eftir dvöl sinni á Hlíðarenda könnuðust allar við að starfsemin hefði verið í föstum skorðum og lítill tími verið til að tengjast börnunum. Ein þeirra nefndi sérstaklega að starfsstúlkum hafi verið gefin fyrirmæli um að horfa ekki í augun í börnunum og þeim sagt að forðast að mynda tengsl við börnin. Hinar minntust þess þó ekki að hafa fengið fyrirmæli af þessum toga, en starfsmaður sem vann á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í starfsþjálfun árið 1964 bar þó á sama veg. Ein af starfskonunum lýsti miklum mun á Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins þar sem það hafi verið „þröngt, dimmt og hræðilegt að koma að Hlíðarenda, pissulykt af börnunum, vond lykt almennt“. Ein starfsvennanna kvaðst hafa starfað of stutt á Hlíðarenda til að eiga minningar þaðan. Allar fyrrverandi starfskonur báru að lítið hefði verið af leikföngum.

Þegar litið er til efnis ofangreindra framburða telur nefndin ekki fært að draga almennar ályktanir af þeim um starfsemi Hlíðarenda á árunum 1949-1963. Er þá ekki unnt að horfa framhjá því að tiltölulega fáar starfskonur eru enn á lífi sem geta borið vitni um starfsemina, auk þess sem konurnar störfuðu allar á ólíkum tímabilum á Hlíðarenda. Þá settu þær allar þann fyrirvara við framburð sinn að afar langt væri liðið frá því að þær störfuðu á vöggustofunni og þær gætu því ekki munað öll atvik sem hefðu þýðingu.

Fyrrverandi forstöðukona Hlíðarenda á árunum 1961 til 1963 sagði að enda þótt gler hefði aðskilið foreldra frá börnum hafi þeirri stefnu ekki verið framfylgt með svo ströngum hætti að foreldrar hafi aldrei mátt taka börn sín upp eða snerta þau. Það hafi hins vegar verið gert ef tilefni var til, t.d. ef um veikindi var að ræða eða ef hætta var talin á því að foreldrar tækju börnin. Í skýrslu lækna vöggustofanna sem Barnaverndarráð aflaði í kjölfar þess að opinber gagnrýni hafði komið fram á starfsemi vöggustofanna í borgarstjórn og rakin eru í kafla 4.3.3. er haft eftir forstöðukonum um tvö börn sem dvöldu á Hlíðarenda á tímabilum frá 1954 til 1955 og 1957 til 1958 að mæður þeirra hafi „[fengið] þau til sín“. Sams konar ummæli eru þó

ekki höfð eftir forstöðukonum um hin börnin 10 sem fjallað er um í skýrslunni og dvöldu á Hlíðarenda.

Premur starfskonum sem minntust tíma síns á Hlíðarenda bar hins vegar saman um það að foreldrar hafi ekki mátt heimsækja börn sín öðruvísi en að horfa á þau í gegnum gler og allar snertingar hafi verið bannaðar. Frásagnir aðstandenda fjögurra óskyldra vöggustofubarna sem vistuð voru á mismunandi tímum og nefndin hefur rætt við eru allar á sama veg. Einungis hafi verið heimilt að sjá börnin í gegnum gler og tekið hafi verið fyrir allt samneyti barnanna við aðstandendur. Nefndin hefur kannað skýrslur allra þessara barna sem og önnur gögn um börnin og foreldra þeirra. Ekki verður séð af þeim að umgengni við sömu aðstandendur hafi getað stofnað velferð barnanna í tvísýnu.

Tvær starfsskvennanna, sem störfuðu á tímabilinu 1962 til 1963 lýstu því með ákveðnum hætti að mæður sem heimsóttu börn sín hafi einungis mátt horfa á þau í gegnum rúðu og hvorki fengið að halda á þeim né snerta. Ber frásögnum þeirra að þessu leyti alfarið saman við frásagnir aðstandenda fyrir nefndinni sem lýstu heimsóknum sínum á Vöggustofuna Hlíðarenda og hvernig þau sem og mæður barnanna hafi engan kost átt annan en að sjá börnin í gegnum gler.

Þessir vitnisburðir starfsskvennanna eiga sér allir stoð í skriflegum samtímaheimildum um rekstur Vöggustofunnar Hlíðarenda. Eins og rakið er í kafla 3.3.2 er beinlínis haft eftir forstöðukonu vöggustofunnar í blaðaviðtali 13. apríl 1954 að börnin hafi verið einangruð frá öllu utanaðkomandi fólki og það fái aðeins að horfa á þau í gegnum gler, en einangrunin sé einn veigamesti þátturinn í heilbrigði barnanna. Í viðtali við forstöðukonuna tæplega fjórum árum síðar, eða 25. janúar 1958, sem rakið er í kafla 3.3.2, er haft eftir henni að heilsufar hafi „ætíð verið mjög gott á vöggustofunni“ og þá vísað til þess að vöggustofan [sé] lokuð, þ.e.a.s. engum gestum [sé] leyft að koma í heimsókn.“

Í sjúkraskýrslum barna sem vistuð voru á vöggustofunni frá sjöunda áratugnum frá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og eru varðveitt á Þjóðskjalasafni er ítrekað haft eftir foreldrum að þau hafi aldrei mátt snerta börnin á meðan vistun þeirra stóð. Einungis mátti horfa á börnin í gegnum gegnum gler. Skipulag húsnæðis vöggustofunnar rennir einnig stoðum undir allar þessar frásagnir. Þannig taldi nefndin ljóst við skoðun á húsnæðinu, 11. maí 2023, að þar væri beinlínis gert ráð fyrir því að horft væri á börn í gegnum gler og ekki væri aðgangur fyrir utanaðkomandi að öðrum svæðum hússins. Í frásögnum aðstandenda barna sem lýstu heimsóknum sínum á vöggustofuna fyrir nefndinni kom einnig fram að gengið hafi verið inn af götunni og inn á gang þar sem unnt var að sjá börnin í gegnum gler, án þess að þau hafi hitt neinn starfsmann. Að sama skapi liggur fyrir, sbr. bréf fræðslustjóra, dags. 15. apríl 1958, sem rakið er í kafla 3.3.2 hér að framan, að heimsóknir systkina voru alfarið bannaðar á vöggustofuna.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur nefndin meiri líkur en minni á því að foreldrum barna á Vöggustofunni Hlíðarenda hafi á tímabilum í reynd verið almennt meinað að

umgangast börn sín á meðan þau voru á vöggustofunni, hvort sem var að halda á þeim eða snerta með öðrum hætti. Þessi regla gilti enn fremur óháð því af hvaða ástæðum barn var vistað á vöggustofunni.

Nefndin fær ekki séð hvaða forsendur stóðu til þess að haga starfsemi vöggustofunnar með þessum hætti. Bendir nefndin í því sambandi á samkvæmt vistunarskjölum sem varðveist hafa um hvert og eitt barn og hafa að geyma upplýsingar frá læknum vöggustofanna um heilsufar barnanna voru langflest börnin á vöggustofunni heilbrigð á meðan dvölinni stóð. Verður því ekki séð að þau hafi verið sérstaklega viðkvæm fyrir sjúkdómum. Eins og rakið er í kafla 3.3.4 var einungis lítil hluti barna vistaður á vöggustofunni vegna veikinda eða fötlunar, en þar undir féllu meðal annars börn sem voru með Downs-heilkenni. Forstöðukona Hlíðarenda frá 1961 bar fyrir nefndinni að takmörkun á samneyti barna og foreldra hafi á þessum tíma verið með sama hætti og á sjúkrahúsum og að það hafi verið að erlendri fyrirmynd. Þá var framburður fyrrverandi starfsmanns á Hlíðarenda með sama hætti <sup>318</sup>

Þessir starfshættir leiddu til þess að tengsl barna og foreldra voru miklu leyti rofin án þess að séð verði að málefnalegar ástæður hafi staðið til þess. Að mati nefndarinnar verður að telja að starfshættir sem fela í sér að rjúfa með þessum hætti, oft á mjög löngum tímabilum, nær alfarið tengsl barn við foreldra, og eftir atvikum systkini sín, teljist til illrar meðferðar í skilningi 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022. Í því sambandi leggur nefndin áherslu á að mikilvægi persónulegra tengsla barns við foreldra, eftir atvikum aðra umönnunaraðila, á fyrstu þremur árum ævinnar var vel þekkt meðal fagfólks í málefnum barna á þeim tíma sem vöggustofunnar störfuðu eins og gerð er grein fyrir í kafla 2.2.5 hér að framan.

Sama gildir um þann skaða sem skortur á slíkum tengslum gat haft á þroska barns til framtíðar. Þá er rétt að minna á að niðurstöður fagfólks um mikilvægi persónulegra tengsla og áhrif þeirra voru auk þess vel kynntar í íslenskum samtímaheimildum, sbr. kafla 2.4 hér að framan. Nefndin telur að þessu leyti rétt að ítreka að fjöldi barna sem vistaður var á Hlíðarenda var ekki vistaður þar vegna þess að foreldra skorti hæfni til að annast barn, heldur fremur vegna félagslegra aðstæðna, svo sem þess að foreldri var einstætt, neyddist til að vinna úti og hafði ekki önnur úrræði um vistun barnsins.

Ljóst er að mögulegt var að draga úr skaðlegum áhrifum þessa tengslarofs við foreldra og, eftir atvikum, aðra umönnunaraðila, með því að veita hverju barni persónulega umönnun á vöggustofu. Jafnframt hefði mátt stuðla að sterkum og góðum félagslegum tengslum þess við tiltekna einstaklinga sem önnuðust umönnun barnsins. Eins áður er rakið telur nefndin ekki unnt að draga almennar ályktanir af skýrslum fyrrverandi starfsmanna um starfsemi vöggustofunnar Hlíðarenda árin 1949 til 1963 meðan hún vistaði börn allan sólarhringinn. Þau skriflegu gögn sem nefndin hefur aflað veita ekki skýra mynd af starfsháttum vöggustofunnar að þessu leyti.

---

<sup>318</sup> *Vísir*, 19. júlí 1958. bls. 3.

Með tilliti til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um fjölda starfsmanna, fyrirkomulag vaktaskipta og þess annrakis í störfum sem allir fyrrverandi starfsmenn greindu frá telur nefndin hins vegar afar ólíklegt að starfsfólk vöggustofunnar hafi verið í aðstöðu til að veita börnunum persónulega umönnun sem gat einhverju marki vegið upp á móti því áfalli sem hlaust af því að tengsl við foreldri voru alfarið rofin. Einnig er litið til þess að upplýsingar um vöggustofuna gefa ekki annað til kynna en að á tímabili hafi einungis verið einn starfsmaður á vakt sem sinnti yfir 20 börnum á vöggustofunni á kvöldin og að næturlagi. Einsýnt er að sá starfsmaður var engan veginn í aðstöðu til að veita börnunum persónulega umönnun af því tagi sem lýst er hér að framan.

Enn fremur verður ekki hjá því litið að í sjúkraskýrslum einstakra barna sem ritaðar voru áður en gagnrýni á starfsemi vöggustofanna komst í hárnæli er ítrekað haft eftir mæðrum að börnin hafi verið eftir á í þroska þegar þau komu af vöggustofunni. Þar sem umræddar skýrslur eru í öllum tilvikum ritaðar nokkru eftir að barn kom af vöggustofu og samtímaheimildir eru ekki til staðar um stöðu barnanna treystir nefndin sér ekki til að fullyrða hvort sú hafi verið raunin. Eins og rakið er í kafla 4.3.3 leiddu síðari tíma athuganir í ljós að sum barnanna glímdu við þroskafrávik og þroskahömlun sem almennt eru taldar arfgengar. Þetta á þó ekki við um öll börnin. Frásagnir í sjúkraskýrslum, sem bera með sér að vera sjálfstæðar og ótengdar innbyrðis, veita hins vegar að ákveðnu leyti vísbendingu um að börn hafi ekki hlotið nægilega örvun á Hlíðarenda. Einstaklingar sem vistaðir voru á Hlíðarenda hafa auk þess greint nefndinni frá því að þeir hafi að sögn fjölskyldu sinnar verið eftir á í þroska eftir dvöl á vöggustofunni.

Nefndin telur ljóst af því takmarkaða myndefni sem fundist hefur af vöggustofunni Hlíðarenda að umhverfi vöggustofunnar var mjög fábreytt og ekki til þess fallið að örva skynjun eða þroska barnanna. Myndir bera með sér að veggir hafi verið tómir og hvítir, auk þess sem lítið sem ekkert hafi verið um leikföng. Í ljósi þess hve lítið er til af myndum er þó erfitt að setja fram afgerandi ályktanir að þessu leyti.

Vöggustofunefnd getur ekki sett fram frekari ályktanir um starfshætti Vöggustofunnar Hlíðarenda og þá meðferð sem börn sættu þar á meðan þau voru vistuð á vöggustofunni. Nefndin bendir í því sambandi á að skráningu um starfshætti vöggustofunnar var að ýmsu leyti ábótavant. Nefndin telur ljóst að þessa ágalla á skráningu megi að ýmsu leyti rekja til skorts á opinberu eftirliti með starfsemi vöggustofunnar. Eins og rakið er í kafla 6.1.1 getur slíkur skortur á eftirliti falið í sér illa meðferð í skilningi laga nr. 45/2022.



## 6.2. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins

### 6.2.1 Tildrög þess að börn voru vistuð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins

#### *Ástæður vistunar*

Eins og rakið er í kafla 4.3.5 hér að framan gefa gögn nefndarinnar til kynna að alls hafi 608 börn verið vistuð á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, frá því hún hóf starfsemi í júlí 1963 fram til þess tíma sem rannsókn nefndarinnar er afmörkuð, þ.e. 31. desember 1973.

Af þeim gögnum sem vöggustofunefnd hefur aflað er ljóst að flest barnanna voru vistuð þar fyrir tilstilli barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Að sama skapi er ljóst að nokkur fjöldi barna var einnig vistaður á vöggustofunni án afskipta barnaverndarnefndar á árunum 1963 til seinni hluta árs 1967. Enda var svo búið um hnútana þegar Thorvaldsensfélagið afhenti Reykjavíkurborg vöggustofuna árið 1963 að félagið réði sjálft fimm plássum á vöggustofunni.

Rétt eins og í tilviki Vöggustofunnar Hlíðarenda þá eru upplýsingar um ástæður þess að barnaverndarnefnd hafði afskipti af málefnum barnanna og ákvað að vista þau á vöggustofunni oft og tíðum að finna í gögnum Borgarskjalasafns. Þetta eru einkum fundargerðir barnaverndarnefndar, eftirlitsskýrslur starfsmanna nefndarinnar og vistunarskjöl sem starfsfólk vöggustofunnar færði inn um hvert barn.

Eins og áður er rakið var gert ráð fyrir því í lögum nr. 29/1947 að sveitarfélög hefðu tiltæk úrræði fyrir þau börn sem vista varð utan heimilis vegna heimilisaðstæðna, veikinda eða þroska þeirra sjálfra, þótt ekki væri beinlínis kveðið á um þessa skyldu í lögnum sjálfum. Þetta breyttist síðan með tilkomu laga nr. 53/1966 en þar var beinlínis kveðið á um skyldu sveitarfélags til að setja á stofn og reka vistheimili eða stofnanir fyrir börn.

Á starfstíma Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 1963 til 1973 hafði barnaverndarnefnd í meginatriðum sams konar heimildir til afskipta af börnum á grundvelli laga nr. 29/1947 og síðar laga nr. 53/1966, en þessum heimildum er gerð skil í kafla 2.5.3. Samkvæmt ákvæðum laganna hafði barnaverndarnefnd nokkurt svigrúm til að meta til hvaða úrræða skyldi gripið þegar aðbúnaði eða atlæti barna var ábótavant, þar á meðal hvort barn skyldi vistað á stofnun á borð við vöggustofu.

Að því marki sem unnt hefur verið að staðreyna ástæður þess að barna var vistað á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins fyrir tilstilli barnaverndarnefndar bera fyrirbyggjandi gögn með sér að algengast sé að börn hafi verið vistuð vegna líkamlegra veikinda, sjúkrahúsinnlagnar foreldris/foreldra eða í 16,6% tilvika, húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt var tilgreind ástæða í 16,3% tilvika og aðrar ótilgreindar félagslegar ástæður í 16% tilvika en þar liggja að baki fjölbreytilegar ástæður s.s. ungur aldur móður, móðir óskaði eftir að barn færi í fóstur, erfiðar heimilisaðstæður og afskipti barnaverndarnefndar. Í 8,2% tilvika var geðrænn vandi foreldris/foreldra tilgreind ástæða og í 7,9% tilvika var tilgreind ástæða



áfengis- eða vímuefnaefnavandi foreldris/foreldra. Sem fyrr segir telur nefndin sig ekki geta fullyrt með vissu um nákvæmar ástæður vistunar hvers barns. Í 24,7% tilvika eru engar skráðar ástæður fyrir vistun barns á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Rétt eins og um vistanir á Vöggustofunni Hlíðarenda fær vöggustofunefnd ekki séð annað af þeim gögnum sem hún hefur aflað frá starfstíma Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á tímabilinu 1963 til 1973 en að afskipti barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi að öllu jöfnu verið í samræmi við ákvæði þágildandi barnaverndarlaga þegar hún hlutaðist til um að barn yrði vistað á vöggustofu sökum skertrar hæfni foreldra til að annast barnið. Um heimildir barnaverndarnefndar að þessu leyti fór eftir ákvæðum 26. og 27. gr. laga nr. 29/1947, og efnislega samsvarandi ákvæðum 26. og 27. gr. laga nr. 53/1966.

Skrifleg samtímagögn sem varðveist hafa, m.a. eftirlitsskýrslur barnaverndarnefndar, gefa til kynna að í langflestum tilvikum hafi starfsfólk barnaverndarnefndar lagt sig fram um að aðstoða fjölskyldur við að koma málefnum þeirra í eðlilegt horf áður en ákvörðun var tekin um að vista börn á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, meðal annars við neyðarvistanir um skamman tíma. Verður ekki annað séð að aðkoma barnaverndarnefndar Reykjavíkur og starfsfólks hennar að vistun barna hafi verið með áþekktum hætti að þessu leyti og þegar börn voru vistuð á Vöggustofunni Hlíðarenda, sbr. kafla 6.1.1 hér að framan.

Eins og í tilviki Hlíðarenda bera skýrslur barnaverndarnefndar um heimiliseftirlit þess þó áfram greinilega merki að eftirlitið hafi fremur beinst að foreldrum, einkum móður, en síður þá með beinum hætti að líðan og velferð barns eða barna. Í mörgum eftirlitsskýrslum er til dæmis látið við það sitja að skrá einungis upplýsingar um klæðnað og hreinlæti barna og hvernig umhorfs var á heimilinu. Þá má ráða af gögnunum að líkamleg veikindi foreldra voru ósjaldan ástæðan fyrir að barn var tekið af heimili. Oft var einnig ástæða fyrir vistun tilkomin vegna húsnæðis- dagvistunarvanda og fátæktar. Eins og áður hefur verið rakið þá skipti vöntun á dagvistunarræðum máli í þessu samhengi, sérlega fyrir einstæðar mæður sem þurftu gæslu fyrir börn sín til að geta unnið utan heimilis. Mjög oft var þó ástæðan fyrir vistun tilkomin vegna þess að foreldrar, oftast móðir, þarfnáðist gæslu fyrir börn sín vegna vinnu utan heimilis, t.d. sökum þess að hún var einstæð. Rétt er að leggja áherslu á að í fjölmörgum tilvikum þar sem börn voru vistuð af þessum ástæðum bendir ekkert til þess að móðirin hafi jafnframt átt við neina erfiðleika af öðrum toga að stríða, svo sem áfengis- eða vímuefnavanda, eða andleg eða líkamleg veikindi.

Rétt eins og í málum barna sem vistuð voru á Hlíðarenda bregður því oft við að lítið sé um gögn sem varða málefni hlutaðeigandi fjölskyldu. Ekki er óalgengt að engin gögn séu til umfram bókun í fundargerð barnaverndarnefndar um að móðir sé einstæð eða hún hafi nýlega orðið ekkja eða einstæð móðir í kjölfar skilnaðar og óski eftir aðstoð nefndarinnar þar sem hún hafi ekki tók á að hafa börn sín heima sökum vinnu utan heimilis.

Barnaverndarnefnd hafði auk þess skyldu til að hafa afskipti af sjúkum börnum sem fengu ekki viðunandi hjúkrun eða læknishjálp og gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni, sbr. 25.

gr. laga nr. 29/1947 og samsvarandi ákvæði 25. gr. laga nr. 53/1966. Kemur því ekki á óvart að finna megi dæmi um að börn hafi verið vistuð á vöggustofunni vegna veikinda eða þess að þau væru fötluð. Enn fremur voru níu fötluð börn sem síðar fluttust á barnadeild Kópavogshælis vistuð til bráðabirgða í húsnæði vöggustofustofunnar en ekki verður ráðið með skýrum hætti af gögnum hvort sú vistun hafi farið fram á vegum Reykjavíkurborgar eða ríkisins.

#### *Málsmeðferð*

Nefndin hefur tekið málsmeðferð barnaverndarnefndar Reykjavíkur til sérstakrar athugunar í málum sem varða vistun barna á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Í því skyni var farið yfir fundargerðir og önnur frumgögn frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur á tímabilinu júní 1963 til loka desember 1973. Rétt eins og raunin var í tilviki Hlíðarenda bera gögnin merki um að í fjölmörgum málum hafi orðið misbrestur á því að barnaverndarnefnd hagaði málsmeðferð sinni í samræmi við lög þegar hún tók ákvarðanir um að vista börn á vöggustofu. Þannig skortir sem fyrr oftsinnis að það sé fært til bókar að barnaverndarnefnd hafi tekið ákvörðun um vistun barns, auk þess sem ástæður vistunar eru oft alls ekki tilgreindar. Skráning í fundargerðum virðist að ýmsu leyti færð til betri vegar á þessu tímabili en á starfstíma Hlíðarenda. Hins vegar ber áfram á því að upplýsingar séu ekki skráðar í fundargerðum um að börn hafi verið vistuð á vöggustofunni, jafnvel þótt ljóst sé af gögnum vöggustofunnar að barnið sé vistað vegna afskipta barnaverndarnefndar og þá jafnvel á þann veg að starfsmaður nefndar hafi komið með það.

Prátt fyrir að fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1963-1973 hafi að geyma einstaka dæmi um að nefndin hafi kveðið upp formlega úrskurði heyrði það áfram til undantekninga. Gilti einu þótt ráðið verði af gögnum að foreldri hafi verið andvíggt vistun. Einnig eru dæmi þess að skrifleg gögn um börn og foreldra varpi engu ljósi á hvernig staðið hafi verið að ákvörðun um vistun.

Erfitt er þó að draga ályktanir um að hvaða marki þar hafi orðið misbrestur af hálfu barnaverndarnefndar við málsmeðferð að því er varðar tímabilið 1963 til 1967. Þannig kann vel að vera að umrædd börn hafi hreinlega ekki verið vistuð á vegum barnaverndarnefndar en Thorvaldsensfélagið réði á þessum tíma fimm af 30 rúmum vöggustofunnar, sbr. kafli 4.3.5.

Á starfstíma Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins gætti að vissu marki áfram þess vinnulags að starfsfólk barnaverndarnefndar tæki ákvarðanir um vistun barna án formlegrar aðkomu nefndarinnar sjálfar. Eins og rakið er í kafla 6.1.1 tóku heimildir fulltrúa eða annars starfsfólks nefndarinnar samkvæmt 10. gr. laga nr. 29/1947 ekki til þess að viðkomandi tækju einir ákvörðun um að vista barn á vöggustofu. Óháð því hvort slík ákvörðun var tekin gegn vilja foreldra eða með samþykki þeirra. Slíka heimild var heldur ekki að finna í efnislega samsvarandi ákvæði 10. gr. laga nr. 53/1966, né öðrum ákvæðum laganna.

Að því er varðar Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins telur nefndin jafnframt rétt að ítreka fyrri athugasemdir sínar úr kafla 6.1.1 um að verulega hafi skort á að neyðarráðstafanir sem starfsfólk barnaverndarnefndar greip til um vistun barna á vöggustofunni hafi verið lagðar fyrir nefndina eins og skylt var samkvæmt 14. gr. laga nr. 29/1947 og 15. gr. laga nr. 53/1966.

#### *Niðurstaða*

Í þeim tilvikum þar sem börn voru vistuð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins vegna bágra heimilisaðstæðna sem rekja mátti til háttsemi foreldra, m.a. áfengis- og vímuefnavanda eða vanrækslu, eða annarra atriða á borð við veikindi, og gögn eru til staðar um ástæður vistunarinnar, fær vöggustofunefnd ekki annað séð en að barnaverndarnefnd hafi að jafnaði verið innan lögbundinna marka 26. og 27. gr. laga nr. 29/1947 og samsvarandi ákvæða laga nr. 53/1966. Þar með hafi hún haft lögmætt tilefni til afskiptanna. Þá telur nefndin að sama eigi við um afskipti og vistun barna sem átti sér stað á grundvelli 25. gr. laga nr. 29/1947 og samsvarandi ákvæðis í 25. gr. laga nr. 53/1966 og kom til vegna þess að viðkomandi börn fengu ekki viðeigandi hjúkrun eða læknishjálp vegna veikinda.

Í ýmsum tilvikum kann hins vegar að leika vafi á því hvort barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi haft nægilegar forsendur að lögum til að taka ákvörðun um vistun barns á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Á það einkum við þegar börn voru vistuð vegna húsnæðis-, dagvistunarvanda og fátæktar á heimili eða þarfar móður eða foreldra fyrir gæslu fyrir börn sín, en vegna bágra uppeldisaðstæðna, sem rekja hafi mátt til veikinda, vanrækslu, ofbeldis eða óreglu foreldra. Minnir nefndin í því sambandi á fortakslaust bann við að taka börn af heimilum eingöngu vegna fátæktar eða örbirgðar foreldra eða forráðamanna, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 29/1947 laganna og samsvarandi ákvæði laga nr. 53/1966 og samhliða skyldu til að aðstoða foreldra og ráða bót á fjárhag þeirra. Í lokamálslið 2. mgr. 24. gr. síðastnefndu laganna var raunar bætt við sérstöku ákvæði um að þess skyldi jafnan gætt að aðstoð við heimili færi á undan öðrum framkvæmdum til úrbóta, að því leyti sem því yrði við komið.

Að sama skapi er ekki unnt að horfa fram hjá því að barnaverndarnefnd var oft í erfiðri stöðu að þessu leyti. Rétt eins og rakið er í kafla 6.1.1 um tildrög þess að börn voru vistuð á Hlíðarenda, þar vistun barns á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í fjölmörgum tilvikum að þannig að móðir bað barnaverndarnefnd fyrir um barn sitt á vöggustofuna til þess að hún gæti unnið fyrir fjölskyldu sinni eða lokið námi. Telja verður að í þessum tilvikum hafi naumast verið raunhæft fyrir barnaverndarnefnd að liðsinna foreldrum á annan hátt en að útvega dagvistunarúrræði fyrir barn. Eins og fyrr er rakið var hins vegar verulegur skortur var á dagvistunarúrræðum fyrir börn í borginni á þessum tíma og því einsýnt að synjun barnaverndarnefndar á slíkum beiðnum hefði takmarkað verulega möguleika foreldra, og þá helst einstæðra mæðra, til að ala önn fyrir sér og börnum sínum eða afla sér menntunar. Með vísan til þeirra heimilda sem barnaverndarnefnd hafði á þessum tíma verður að telja að nefndin hafi verið innan ramma þágildandi laga þegar hún tók börn til vistunar á vöggustofu við slíkar aðstæður. Verður þá að hafa í huga að samkvæmt 22. gr. þágildandi laga nr. 29/1947 og síðar samsvarandi ákvæðis 22. gr. laga nr. 53/1966 hafði barnaverndarnefnd

heimild til að láta mál til sín taka „á þann hátt, er bezt þykir við eiga, eftir því sem á stendur“ þegar heimilishögum eða aðbúnaði barns var ábótavant.

Rétt eins og raunin var með vistun barna á Hlíðarenda verður að telja að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi þó oft og tíðum ekki tekið ákvarðanir um vistun barna á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins með þeim hætti sem lög nr. 29/1947, og síðar lög nr. 53/1966, gerðu ráð fyrir. Þannig virðist sem fyrr oft hafa skort á að nefndin tæki ákvörðun um vistun barns á ályktunarhæfum fundi með samþykki meirihluta nefndarmanna þegar ótvírætt samþykki foreldris lá fyrir um ráðstöfun barns. Þá bera gögn með sér að áfram hafi verið misbrestur á því að barnaverndarnefnd tæki ákvörðun með skriflegum og rökstuddum úrskurði í þeim tilvikum þegar foreldrar voru andvíg vistun barns. Jafnframt telur vöggustofunefnd að í flestum tilvikum sem á reyndi hafi skort á að neyðarráðstafanir starfsmanna barnaverndarnefndar væru lagðar fyrir nefndina til formlegrar afgreiðslu og ákvarðanatöku í samræmi við ákvæði laga nr. 29/1947 og laga nr. 53/1966 um hvernig bæri að haga málsmeðferð og taka ákvörðun um neyðarvistanir barna.

### 6.2.3 Eftirlit með starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins

Rétt eins og gildi um Vöggustofuna Hlíðarenda og lýst er í kafla 6.1.2 hér að framan bar barnaverndarnefnd Reykjavíkur eftirlitsskyldu með starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 1963-1973. Auk þess bar Barnaverndarráði að hafa reglulegt og virkt eftirlit með því hvort barnaverndarnefnd Reykjavíkur rækti lagalegar skyldur sínar vegna vöggustofunnar, meðal annars um eftirlit, samkvæmt barnaverndarlögum á sama tímabili.

Við túlkun á eftirlitsskyldum barnaverndarnefndar og Barnaverndarráðs samkvæmt þágildandi barnaverndarlögum nr. 29/1947 og 53/1966 verður að hafa í huga ákvæði 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem leggur þá skyldu á stjórnvöld að huga sérstaklega að eftirliti að þessum toga. Eins og rakið er í kafla 6.1.2 er í því sambandi litið til þýðingar eftirlitskyldunnar fyrir heilsu og velferð barna, einkum þeirra sem eru í sérlega viðkvæmri stöðu og í umsjá stjórnvalda. Virkt eftirlit með að barnaverndarlögum, og eftir atvikum öðrum lögum, sé framfylgt á stofnunum þar sem börn eru vistuð er í reynd nauðsynlegur liður í því hlutverki stjórnvalda að tryggja að börn sæti þar hvorki illri meðferð né vanrækslu. Þótt þessi skylda eigi sér að vísu ákveðin mörk felur hún engu að síður í sér þá lágmarkskröfu til stjórnvalda að þau sinni eftirliti sínu á þann veg að komið sé í veg fyrir illa meðferð barna og annarra viðkvæmra hópa og að gerðar séu ráðstafanir til að koma í veg fyrir illa meðferð sem stjórnvöldum var eða átti að vera kunnugt um.

Vöggustofunefnd hafði sama hátt á og við athugun sína á Hlíðarenda varðandi eftirlit barnaverndarnefndar og Barnaverndarráðs með Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og lýst er í kafla 6.1.2. Þannig kannaði nefndin allar fyrirliggjandi heimildir sem hægt var að komast yfir um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarráðs á tímabilinu 1963 til 1973 í Borgarskjalasafni og Þjóðskjalasafni. Fór nefndin af þessu tilefni yfir allar fundargerðir

barnaverndarnefndar og Barnaverndarráðs á tímabilinu, sem og öll skjöl sem fundust á tímabilinu og tengdust þeim börnum sem vistuð voru á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Eins og rakið er í kafla 4.3.1 bera gögn barnaverndarnefndar Reykjavíkur með sér að nefndin hafi fljótlega eftir að starfsemi vöggustofunnar hófst talið ástæðu til að gera athugasemdir við að forstöðukona teldi sig hafa ákvörðunarvald yfir vistun barna. Ekki verður ráðið með skýrum hætti af gögnum hvort forstöðukonan hafi í reynd farið út fyrir heimildir sínar að þessu leyti, enda kemur þar ekkert fram um hvort viðkomandi börn hafi verið á vegum barnaverndarnefndar eða Thorvaldsensfélagsins. Eins og áður er rakið hafði félagið ákvörðunarvald um hvernig fimm plássum á vöggustofunni var ráðstafað samkvæmt kvöð sem fylgdi gjöf félagsins til Reykjavíkurborgar. Bréfaskiptin bera þó með sér að barnaverndarnefnd taldi mikilvægt að hafa skýra yfirsýn yfir hvaða börn komu á vöggustofuna og fóru þaðan. Eftir umræður innan nefndarinnar þar sem meðal annars var gagnrýnt að forstöðukonan væri „einráð“ um hvaða börn væru tekin á heimilið var niðurstaðan sú að forstöðukonan myndi ætíð beina umsókn um pláss á vöggustofunni til barnaverndarnefndar.

Samkvæmt fundargerðum barnaverndarnefndar fór nefndin í heimsókn á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 17. febrúar 1964 og skoðaði vöggustofuna. Af gögnum verður ekki ráðið hvaða þætti í starfseminni nefndin skoðaði í þeirri heimsókn. Ljóst er þó að á fundi 24. febrúar sama ár, eða viku eftir heimsóknina, lýsti Gyða Sigvaldadóttir, einn meðlima nefndarinnar og menntuð fóstra, yfir miklum áhyggjum af velferð barna á vöggustofunni og vísaði þá til þess að börnin skorti persónulega umönnun þrátt fyrir góðan aðbúnað.

Á næsta fundi nefndarinnar 2. mars 1964 var fært til bókar að ákveðið hafi verið að athugun færi fram á aðstæðum þeirra barna sem þá dvöldu á vöggustofunni. Ekki verður séð af þeim gögnum sem til eru hvort eða hvernig sú athugun fór fram. Þannig bera gögn sem fundist hafa aðeins með sér að 27. apríl 1964 hafi nefndin kallað á sinn fund Björn Júlíusson, barnalækni, sem starfaði í hlutastarfi á vöggustofunni. Þar kvað hann rekstur vöggustofunnar vera í góðu lagi. Engin gögn eru hins vegar til staðar um að rætt hafi verið við aðra starfsmenn vöggustofunnar eða starfshættir þar kannaðir sérstaklega. Þar sem Björn starfaði á þessum tíma sem barnalæknir á Landspítalanum og aðeins í hlutastarfi á vöggustofunni, verður að telja hæpið að hann einn hafi getað haft yfirsýn yfir alla starfsemi vöggustofunnar, þar á meðal hvernig umönnun barnanna var háttað allan sólarhringinn.

Eins og rakið er í kafla 4.3.1 gerði Gyða Sigvaldadóttir einnig athugasemdir við það innan barnaverndarnefndar að börn skyldu vistuð á vöggustofu allan sólarhringinn og að þar skorti starfsfólk með uppeldislega þekkingu. Fundargerð nefndarinnar frá 23. mars 1964 ber með sér að Gyða hafi sætt aðkasti vegna skoðana sinna og gagnrýni, þrátt fyrir að hún hafi hafi ekki sett fram viðhorf sín opinberlega. Ekki kemur fram í fundargerðinni hvaða aðilar hafi staðið þar að baki.

Gögn barnaverndarnefndar bera ekki með sér að nefndin hafi eftir þetta og fram til ársins 1973 farið í frekari heimsóknir á vöggustofuna. Á fundi nefndarinnar 28. apríl 1966 kom þó fram að Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar, hefði tekið að sér að annast uppeldislegar leiðbeiningar og „eftirlit á vöggustofunni“. Ekki hafa fundist gögn um hvernig því eftirliti var háttað. Þó liggur fyrir að Barnaverndarráð taldi nefndina ekki hafa nægilegt eftirlit með heimilum þar sem börn frá nefndinni voru vistuð. Þannig segir í fundargerð Barnaverndarráðs frá 28. apríl 1967 að prófessor Símon Jóhannes Ágústsson, einn ráðsmanna á þessum tíma, hafi rætt við formann barnaverndarnefndar Reykjavíkur um að nefndin yki eftirlit með þeim heimilum þar sem börn frá nefndinni voru vistuð. Tillögur meirihluta samstarfsnefndar um barnaverndarmál sem skilað var í febrúar 1966 og raktar eru í kafla 4.3.2. bera þess enn fremur merki að meirihlutinn taldi nauðsynlegt að endurskipuleggja og auka eftirlit barnaverndarnefndar með vistheimilum þar sem börn voru vistuð. Þar kemur jafnframt fram að barnaverndarnefnd hafi alla tíð verið of liðfá miðað við þau verkefni sem henni var ætlað að fást við.

Að því er varðar eftirlit barnaverndarnefndar með högum einstakra barna á vöggustofunni þá skráði starfsfólk nefndarinnar í ýmsum tilvikum hjá sér upplýsingar um hagi barna á vöggustofunni í eftirlitsskýrslum, sbr. kafla 4.3.3 hér að framan. Eins og þar er rakið kom ítrekað fyrir að starfsfólk barnaverndarnefndar lýsti áhyggjum af langri dvöl barna á vöggustofunni og að huga þyrfti að því að dvöl þeirra lyki, hvort sem þau færu heim til sín eða á einkaheimili í fóstur. Jafnframt er ljóst að þær ráðagerðir gengu ekki alltaf eftir, stundum vegna andstöðu foreldra. Eftirlitsskýrslur bera þess þó einnig merki að í ákveðnum tilvikum hafi verið brugðist við áhyggjum af þroska barna á vöggustofunni og þá gripið til þess ráðs að ákveðin stúlka hugsaði um barn, sbr. ódagsetta eftirlitsskýrslu starfsmanns barnaverndarnefndar um tiltekið barn sem gerð er grein fyrir í kafla 4.3.1 hér að framan.

Ekki verður séð að Barnaverndarráð hafi heimsótt Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins fyrr en 21. mars 1967. Fyrsta heimsóknin átti sér stað í kjölfar þess að Sigurjón Björnsson borgarfulltrúi gagnrýndi starfsemi vöggustofunnar opinberlega á fundi í borgarstjórn 2. mars 1967. Af þeirri heimsókn og þeirri skýrslu sem liggur fyrir um heimsóknina er ljóst að Barnaverndarráð taldi það vera á verkssviði sínu að hafa eftirlit með heimilinu.

Þrátt fyrir framangreint er á árunum 1963 til 1967 ekki bókað um neina heimsókn Barnaverndarráðs á vöggustofuna. Í þessu samhengi má geta þess að ráðið heimsótti barnaheimilið Silungapoll a.m.k. einu sinni á þessum tíma.<sup>319</sup> Í skýrslu vistheimilanefndar sem starfaði samkvæmt lögum nr. 26/2007 kemur jafnframt fram að Barnaverndarráð hafi a.m.k. þrívægis heimsótt barnaheimilið Reykjahlíð á þessu tímabili.<sup>320</sup> Í skýrslu sömu nefndar um

---

<sup>319</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Barnaverndarráð Íslands. 1989-B/34. Skýrsla Símonar Jóhannesar Ágústssonar, dags. 15. júlí 1964.

<sup>320</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 2, bls. 167.



könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins kemur auk þess fram að Símon Jóhannes Ágústsson hafi árin 1959 til 1972 farið árlega í eftirlitsferðir til Breiðavíkur.<sup>321</sup>

Fyrir liggur að fulltrúar Barnaverndarráðs fóru í eftirlitsheimsóknir á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 21. maí 1967, 2. júní 1967, 24. október 1967 og í júní 1969. Þessar heimsóknir áttu sér allar stað eftir að opinber gagnrýni hafði komið fram á starfsemi vöggustofanna. Um þessar heimsóknir voru gerðar skýrslur og er efni þeirra lýst í kafla 4.3.3 hér að framan. Er þar farið með almennum hætti yfir starfsmannahald á vöggustofunni, fjölda barna og ástæður þess að börn dvelji þar. Þá er auk þess lýst þeirri afstöðu að húsakynni séu góð, hreinlæti og aðbúnaður. Í skýrslunni 2. júní 1967 er síðan farið sérstaklega yfir þær breytingar sem Ragnheiður Jónsdóttir, sem þá hafði nýlega tekið við starfi forstöðukonu, hafði gert á starfsemi vöggustofunnar. Er þar farið sérstaklega yfir daglegt skipulag vöggustofunnar. Sams konar yfirferð er að finna um starfhætti vöggustofunnar í skýrslu starfsmanns ráðsins frá júní 1969, sem gerð var eftir að Brynhildur Sigurðardóttir tók við starfi forstöðukonu.

Framangreindar skýrslur eru einu skriflegu heimildirnar sem til staðar eru þar sem opinber eftirlitsaðili lýsir starfsháttum Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Í viðtali nefndarinnar hinn 31. mars 2023 við einn þeirra starfsmanna sem kom að umræddu eftirliti og rakið er í kafla 4.3.3, kemur þó fram að áhersla eftirlitsins hafi sennilega legið um of á ytri aðbúnað á vöggustofunni og huga hefði mátt betur að líðan barnanna.

Pegar tekin er afstaða til þess hvort viðunandi eftirlit hafi verið haft með Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins verður einnig að líta til þess hvernig innra eftirliti hafi verið háttáð með líðan og aðbúnaði barna af hálfu forstöðukvenna og starfsfólks. Vistunarskjöl sem fyrir liggja bera með sér að barnalæknar hafi komið nokkuð reglulega á vöggustofuna og skoðað börnin með tilliti til heilsufars en upplýsingar um veikindi og viðeigandi meðferð eru í mörgum tilvikum færðar inn í skjölin. Ekki hafa heldur fundist skriflegar heimildir um leiðbeiningar eða verklag varðandi umönnun barna sem vistuð voru á vöggustofunni.

Eins og rakið er í kafla 4.3.5 ræddi nefndin við vel á þriðja tug fyrrverandi starfsmanna Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Almennt rak starfsfólk ekki minni til þess að starfsfólk barnaverndarnefndar hefði komið inn á vöggustofuna í eftirlitsskygni, þótt það hefði í mörgum tilvikum komið með börn á vöggustofuna. Starfsfólk kvaðst flest enn fremur nánast aldrei hafa fengið upplýsingar frá starfsfólki barnaverndarnefndar eða öðrum um tildrög þess að börn komu á vöggustofu, líðan þeirra, fjölskylduaðstæður og hvort þau hefðu einhverjar sérstakar þarfir. Skýrslur barna sem vistuð voru á vöggustofunni eftir fjögurra ára aldur gáfu einnig til kynna að starfsfólk hafði enga vitneskju um þær erfiðu aðstæður sem þau voru að koma úr þegar þau voru vistuð. Nokkrir starfsmanna báru þó við að þessi upplýsingagjöf hefði breyst mjög snemma á áttunda áratugnum, en þá hafi færst í vöxt að félagsráðgjafar

---

<sup>321</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1972, Reykjavík 2008, bls. 62.



og aðrir starfsmenn barnaverndarnefndar kæmu í heimsókn á vöggustofuna og haldnir væru skipulegir fundir um málefni barnanna.

Það vinnulag að upplýsa ekki starfsfólk um tildrög þess að börn voru vistuð á vöggustofunni gerði að mati nefndarinnar það að verkum að möguleikar starfsfólks til þess að fylgjast með líðan barnanna og sinna persónulegum þörfum þeirra voru takmarkaðir. Ætla verður að vitneskja um persónulegar aðstæður barna og ástæður þess að þau komu á vöggustofu hafi oft og tíðum í reynd verið forsenda þess að unnt væri að veita þeim þá umönnun sem þörf var á. Í því sambandi leggur nefndin áherslu á að fjöldi barna kom á vöggustofuna í beinu framhaldi af því að þau voru tekin úr erfiðum aðstæðum á heimili, þar sem sum hver höfðu orðið vitni af ofbeldi foreldra gagnvart hvort öðru eða systkinum þeirra.

Starfsfólk sem starfaði á þeim tíma sem Auður Jónsdóttir gegndi hlutverki forstöðukonu bar flest vitni á þá leið að Auður hefði að jafnaði ekki haft mikla viðveru á vöggustofunni sjálfri. Hún hefði þó alltaf komið ef leitað var til hennar. Auður greindi hins vegar sjálf frá því að hún hefði gengið í ýmis störf, t.d. að undirbúa mat fyrir börnin. Starfsfólk sem starfaði samhliða Ragnheiði Jónsdóttur, Gyðu Sigvaldadóttur og Þorbjörgu Sigurðardóttur á meðan þær gegndu starfi forstöðukonu taldi hins vegar flest að þær hefðu verið að mestu leyti inni á vöggustofunni ásamt öðru starfsfólki að sinna börnunum.

Af skriflegum heimildum um starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, og þá einkum gögnum sem Barnaverndarráð aflaði við rannsókn sína í kjölfar gagnrýni Sigurjóns Björnssonar á starfshætti vöggustofanna, ásamt skýrslum af eftirlitsheimsóknum ráðsins, verður ráðið að hlutfall starfsmanna miðað við fjölda barna hafi hækkað nokkuð miðað við það sem raunin var á Vöggustofunni Hlíðarenda. Þannig má ráða af yfirlýsingu Auðar Jónsdóttur sem aflað var í tilefni af rannsókn Barnaverndarráðs á sínum tíma að framan af hafi um 9 starfsmenn sinnt börnunum sérstaklega á vöggustofunni á meðan hún gegndi starfi forstöðukonu, en á þeim tíma voru þar pláss fyrir 30 börn. Af sömu skýrslu er einnig ljóst að fleiri starfsmenn voru á næturvakt og þar hafi alltaf verið um sömu starfsmenn að ræða. Ekki verður þó ráðið hversu margir voru á hverri næturvakt.

Af eftirlitsskýrslu Barnaverndarráðs frá í mars 1967 verður ráðið að 15 starfsmenn hafi starfað á þremur deildum á vöggustofunni, þar sem ein fóstur var yfir hverri deild, og aldrei færri en tvær hjálparstúlkur í einu á daginn. Jafngildir þetta því að a.m.k. níu starfsmenn hafi sinnt rúmlega 30 börnum hverju sinni, en vöggustofan var að jafnaði fullnýtt. Í eftirlitsskýrslu frá í júní 1969 kemur fram að starfsmennirnir sem sinntu börnunum séu fjórir á hverri deild ásamt einni fósturu, en auk þess sé ljósmóðir á yngstu deildinni. Með vísan til þess að vöggustofan skiptist á þessum tíma í fjórar deildir, sem rúmuðu alls 44 börn eftir að viðbygging var tekin í notkun, jafngildir þetta því að alls hafi 17 starfsmenn starfað við umönnun barnanna. Ekki verður ráðið af skriflegum gögnum að allir þessir starfsmenn hafi verið að störfum í einu. Í viðtölum nefndarinnar við fyrrverandi starfsmenn kom þó fram að mönnun á vöggustofunni hefði verið góð miðað við fjölda barna og betri en síðar var á leikskólum sem þau störfuðu á.

Nefndinni var greint frá einu tilviki þar sem alvarlegt slys átti sér stað á vöggustofunni. Þannig sagði einn fyrrverandi starfsmaður nefndinni frá því að kviknað hefði í og eitt barn hefði skaðbrennst. Einhver eldri barnanna hefðu komist yfir eldspýtur en ekki hefði hefði verið í ljós leitt hvernig, t.d. hvort þær hefðu verið skildar eftir á glámbekk á vöggustofunni eða hvort einhver gestkomandi hefði misst þær úr vasa. Í gögnum Borgarskjalasafns kemur fram að gerð hafi verið bótakrafa á hendur Reykjavíkur fyrir hönd barnsins sem slasaðist en í gögnum hafa ekki fundist frekari upplýsingar um tildrög slyssins og afleiðingar þess.

Eins og rakið er í kafla 4.3.3 tók Barnaverndarráð starfsemi vöggustofunnar sérstaklega til rannsóknar samkvæmt beiðni borgarstjórnar frá 6. apríl 1967. Markmiðið var að rannsaka hvort staðhæfingar Sigurjóns Björnssonar á borgarstjórnarfundi mánuði áður um að sum barnaheimili væru „gróðastía andlegrar veiklunar“ hafi átt við rök að styðjast. Ekki er annað að sjá en að sú rannsókn hafi farið fram á grundvelli eftirlitsheimilda ráðsins í þágildandi lögum nr. 53/1966. Eins og Barnaverndarráð bendir á strax í bréfi sínu til borgarstjóra 2. nóvember 1967 fólst því efnislega í beiðni borgarstjórnar til ráðsins að það tæki afstöðu til atriða sem heyrðu undir eftirlit þess samkvæmt áður- og þágildandi lögum. Fyrirliggjandi gögn benda hins vegar til þess að Barnaverndarráð sinnti lítið sem ekkert eftirlitsskyldum sínum gagnvart bæði Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins fram til ársins 1967. Því verður að telja einkar óheppilegt að ráðið hafi fengið þetta verkefni. Þannig má vænta þess að ef ráðið setti fram gagnrýni á starfshætti vöggustofanna þá hefði hún a.m.k. að einhverju leyti verið til þess fallin að varpa ljósi á skort á eftirliti þess sjálfs með umræddum stofnunum.

Rannsókn Barnaverndarráðs tók um þrjú og hálf ár en með bréfi til borgarstjóra í október 1970 tilkynnti ráðið um niðurstöður sínar. Í bréfinu er jafnframt lýst skilmerkilega hvaða gagna ráðið aflaði í tilefni af rannsókninni. Af efni bréfsins og þeim gögnum sem fyrir liggja er ljóst að rannsókn Barnaverndarráðs beindist í öllum meginatriðum að því hvort þau alls tíu börn sem Sigurjón Björnsson taldi hafa beðið skaða af vist sinni á vöggustofum, átta á Hlíðarenda og tvö á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, hefðu í reynd beðið slíkan skaða. Var það niðurstaða ráðsins að ekki yrði greint hvort ástand barnanna hafi fremur átt rót sína að rekja til dvalar þeirra á vöggustofum en til annarra atburða og áfalla í lífi þeirra þegar þau komu til athugunar á geðverndardeild barna.

Ekki verður annað séð en að niðurstaða Barnaverndarráðs um framangreint atriði hafi að verulegu leyti byggst á álitsgerð sem Þórður Möller geðlæknir ritaði um börnin sem í hlut áttu. Af gögnum þeim sem fyrir liggja verður ráðið að álitsgerðin byggðist einkum á vistunarskjölum vöggustofanna og skýrslum geðverndardeildar barna. Auk þess var stuðst við upplýsingar sem aflað var munnlega frá forstöðukonum vöggustofanna og Porkeli Kristjánssyni, framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar Reykjavíkur, en hann hafði einnig gert útdrátt úr skýrslum nefndarinnar um börnin. Ekki verður hins vegar séð að Þórður hafi hitt börnin eða aðstandendur þeirra.

Vöggustofunefnd hefur ekki forsendur út frá fyrirbyggjandi gögnum til að álykta um það hvort mat geðlæknisins sem fram kemur í álitserð hans eigi við rök að styðjast. Nefndin telur hins vegar ekki hjá því komist að gera athugasemd við það að Barnaverndarráð skuli hafi tekið álitserðinni sem góðri og gildri, þegar ekki varð ráðið af henni hvort geðlæknirinn hafi hitt börnin og aðstandendur þeirra.

Að mati nefndarinnar eru það hins vegar öllu meiri og alvarlegri annmarkar á rannsókn Barnaverndarráðs hversu takmörkuð hún er við heilsufar tíu tiltekinna barna og hvort athugasemdir Sigurjóns Björnssonar um áhrif vöggustofuvistarinnar á þau hafi verið réttmætar. Í því sambandi verður ekki hjá því komist að benda á að gagnrýni Sigurjóns á starfsemi vöggustofanna var mun víðtækari og beindist einkum að þeirri miklu einangrun sem börnin upplifðu á bakvið gler og þeim tíðu vaktaskiptum sem þar tíðkuðust.

Þau gögn sem fyrir liggja gefa ekki til kynna að Barnaverndarráð hafi tekið þessi atriði sem og aðra starfshætti vöggustofunnar til sjálfstæðrar skoðunar. Þannig virðist hafa verið látið við það sitja að afla skriflegra yfirlýsinga frá fyrrverandi forstöðukonu vöggustofanna og framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar um starfsemi vöggustofunnar. Ekki verður hins vegar séð að Barnaverndarráð hafi rætt við starfsfólk vöggustofa eða foreldra barna sem þar voru vistuð um hvernig starfseminni var háttað.

Loks verður ekki hjá því komist að geta minnisblaðsins sem fannst í Borgarskjalasafni frá 17. febrúar 1968 og tekið er orðrétt upp í kafla 4.3.3. Þar var væntanlegum niðurstöðum ráðsins lýst rúmu tveimur og hálfri ári áður en þær voru kynntar í bréfi til borgarstjóra í október 1970 og vitnað til samtals við þáverandi formann Barnaverndarráðs. Þótt endanlegar niðurstöður ráðsins séu ekki í fullu samræmi við efni minnisblaðsins er ekki unnt að draga fjöður yfir að þær eru að miklu leyti sambærilegar. Þá er ljóst að mörg þeirra gagna sem ætla verður að hafi haft verulega þýðingu fyrir niðurstöðu Barnaverndarráðs lágu ekki fyrir þann dag sem minnisblaðið er dagsett. Þar má nefna álitserð Þórðar Möller geðlæknis um börnin sem leitað höfðu aðstoðar Geðverndardeildar barna, svo og yfirlýsingar Þorkels Kristjánssonar og Auðar Jónsdóttur um starfsemi vöggustofunnar. Að mati nefndarinnar verður að líta svo á að minnisblaðið sé til þess fallið að vekja alvarlegar efasemdir um hvort staðið hafi verið með málefnalegum og óhlutdrægum hætti að rannsókn Barnaverndarráðs á málefnum vöggustofanna.

Við mat á því hvort barnaverndarnefnd, barnaverndarráð og önnur yfirvöld hafi fylgt lögbundinni eftirlitsskyldu sinni með vöggustofum hefur nefndin litið til þess hvort gögn málsins og munnlegar skýrslur sýni fram á viðvarandi og reglubundinn skort eða vanrækslu. Nefndin hefur haft ofangreindan grundvöll að leiðarljósi við ályktanir sínar og mat á þeim gögnum og upplýsingum, sem hún hefur aflað um atvik og aðstæður við vistun barna á þeim stofnunum sem hún hefur nú tekið til könnunar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það niðurstaða vöggustofunefndar að opinbert eftirlit með Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi verið afar takmarkað og í raun hverfandi

á þeim tíma sem börn voru vistuð þar allan sólarhringinn á árunum 1963 til ársins 1967, eða þangað til að Sigurjón Björnsson setti fram gagnrýni sína í borgarstjórn. Bendir nefndin í því samhengi á að aðeins hefur verið unnt að afla skriflegra heimilda um eina eftirlitsheimsókn barnaverndarnefndar Reykjavíkur á vöggustofuna fram í mars 1967, þ.e. eftir að Sigurjón Björnsson hafði sett fram gagnrýni sína. Sú heimsókn, sem átti sér stað í febrúar 1964, varð til þess að einn nefndarmanna taldi rétt að gera stórvægilegar athugasemdir við starfsemi vöggustofunnar og þá einkum að börnin þar skorti persónulega umönnun. Þrátt fyrir framangreindar athugasemdir verður ekki séð að nefndin hafi talið ástæðu til að taka starfsemi vöggustofunnar til nánari athugunar umfram það að ræða við lækni vöggustofunnar sem var þar í hlutastarfi. Taldi hann starfsemina í góðu lagi.

Skriflegar heimildir benda auk þess til að barnaverndarnefnd fylgdist sem stjórnvald mun minna með starfi vöggustofunnar en annarra heimila í lögsögu nefndarinnar. Einnig virðist hafa skort á að heimsóknir starfsmanna barnaverndarnefndar Reykjavíkur, að því marki sem þær fóru fram, hafi verið skráðar með fullnægjandi hætti. Þá liggur fyrir að aldrei var bókað í fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur um eftirlitsheimsókn starfsmanna, að því marki sem þær fóru fram, og skráningar í eftirlitsskýrslum um foreldra og börn þeirra benda til þess að eftirlit með aðbúnaði einstakra barna hafi verið takmarkað. Starfsfólk vöggustofunnar sem nefndin ræddi við minntist þess heldur ekki að starfsmenn barnaverndarnefndar hafi komið í sérstakar eftirlitsheimsóknir til að fylgjast með högum barna á sjöunda áratugnum. Í viðtölum við starfsfólk vöggustofunnar kom þó fram að þetta hefði breyst snemma á áttunda áratugnum en þá hafi farið að tíðkast að starfsfólk Félagsmálastofnunar og barnaverndarnefndar héldu fundi um málefni barna á vöggustofunni.

Enn fremur verður ekki annað séð en að eftirlit Barnaverndarráðs með Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi verið takmarkað framan af. Nefndin hefur ekki fundið eitt einasta dæmi um heimsókn ráðsins á vöggustofuna fyrir árið 1967, eða eftir að gagnrýni á starfsemina kom fram í borgarstjórn. Í kjölfarið urðu eftirlitsheimsóknirnar hins vegar mun tíðari og þau gögn sem fyrir liggja bera skýr merki um að hverju eftirlitsheimsóknirnar beindust og hvort eftirlit hafi í reynd farið fram með starfseminni. Ekki hafa þó fundist dæmi um eftirlitsheimsóknir Barnaverndarráðs á vöggustofuna eftir að ráðið lauk rannsókninni sem það tók að sér að beiðni borgarstjórnar í apríl 1967.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það niðurstaða vöggustofunefndar að opinbert eftirlit með Vöggustofunni Hlíðarenda hafi verið afar takmarkað tímabilið 1963 til 1967.

### 6.2.3 Sættu börn illri meðferð eða ofbeldi á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins?

Eins og rakið er í kafla 6.1.2 hér að framan telur nefndin að miða beri við það að undir hugtökin ill meðferð og ofbeldi, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022, falli hvers konar meðferð barns sem eftir almennum mælikvarða má telja að hafi verið ómannúðleg eða

vanvirðandi. Þar undir féll eðli málsins samkvæmt bein líkamleg valdbeiting gagnvart barni í formi refsinga þar sem valdið var óþarfa sársauka.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram að ákvæði laga nr. 29/1947 um meðferð barna og önnur lagaákvæði sem þar er vitnað til giltu óbreytt til ársins 1966. Með lögum nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna voru barnaverndarlögin frá 1947 felld úr gildi. Ákvæði 43. og 45. gr. eldri laganna, sem vitnað er til í kafla 6.1.2. hér að framan voru þó tekin upp að nýju í lög nr. 53/1966, sbr. 45. og 47. gr. Þá var með skýrum hætti mælt fyrir um það í 6. mgr. 39. gr. laga nr. 53/1966 að „[líkamlegum] refsingum [mætti] ekki beita á heimilum eða í stofnunum“, sem um gat í lögnum.

Á grundvelli laga nr. 53/1966 var sett reglugerð nr. 105/1970, um vernd barna og ungmenna. Þar var í III. kafla fjallað með heildstæðum hætti meðal annars um vistheimili fyrir börn og ungmenni. Með 32. gr. reglugerðarinnar var ríkisstjórninni falið að setja á stofn vistheimili fyrir börn og ungmenni. Var þá gert ráð fyrir að slík vistheimili yrðu stofnuð að tillögum barnaverndarnefnda, Barnaverndarráðs eða annarra þar til bærara aðila, að því leyti sem nauðsynlegt væri talið til að fullnægja ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna, þar sem ekki yrði komið við leiðbeiningum við foreldra eða útvegum fósturheimilis. Var menntamálaráðuneytinu falið að láta semja og gefa út sérstakar nánari reglur og leiðbeiningar fyrir innri stjórn, starfsfólk og alla aðbúð slíkra heimila og sjá um birtingu þeirra. Til slíkra uppeldisheimila samkvæmt 2. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar töldust upptökuheimili, þar á meðal rannsókn- og gæsluheimili, þar sem börnum yrði veitt viðtaka um stundarsakir, eða þangað til þeim hefði verið fenginn varanlegt heimili.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. skyldi við stofnun og rekstur uppeldisheimila samkvæmt 2. mgr. sérstaklega huga að tilteknum atriðum, þar á meðal um „skipulag og stjórn“, sbr. b-lið, og um „aðbúð og gæzlu barna og ungmenna á heimilinu“, sbr. b-lið.

Í b-lið sama ákvæðis sagði að barnaheimili sem tæku börn um lengri eða skemmri tíma, ættu að koma í stað foreldraheimila og öll aðbúð miðast við að því takmarki verði náð á sem fullkornastan hátt, líkamlega og andlega. Gæta skyldi þess að hvert barn myndi njóta slíkrar aðbúðar og umönnunar, þar á meðal áhrifa í umgengni, lífsviðhorfum og tilfinningatengslum við þá, er það umgengist, að til andlegs og líkamlegs þroska horfði. Enn fremur skyldi vakað yfir andlegri og líkamlegri heilsu barna, læknis vitjað þegar ástæður krefðu, og kostað kapps um að þau öðluðust öryggiskennd og andlega staðfestu. Hvers konar refsingar voru bannaðar – nema að því er varðaði „heilbriggt agavald“ – líkamlegar sem aðrar, svo sem einangrun í refsiskyni o.s.frv.

Þá sagði í ákvæðinu að jafnan skyldi kappkosta að viðhafa frekar leiðbeiningar en ásakanir, þar sem því yrði við komið, ef um ávirðingar barna væri að ræða. Í V. kafla reglugerðar nr. 105/1970 var sérstaklega fjallað um „gæzlu siðferðis barna og ungmenna.“ Samkvæmt 41. gr. var jafnan skylt við uppeldi barna, hvort heldur á heimilum foreldra, fósturforeldra eða hvers konar dvalarheimilum, svo og í barnaskólum, að kenna þeim háttvísi og góða siði í

umgengni við aðra, eldri og yngri. Þá bar að forðast að hafa í frammi við þau hvers konar framferði í orði eða verki, er spillt gæti hugsunarhætti þeirra eða viðhorfi til lífsins.

Í ljósi aldurs þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofu fær nefndin ekki séð að forstöðumanni eða öðrum starfsmönnum á vöggustofu hafi undir nokkrum kringumstæðum verið heimilt að beita barn líkamlegu ofbeldi. Hvorki í agaskyni né því skyni að afstýra ofbeldi eða yfirvofandi hættu á slíku ofbeldi. Af þeim gögnum sem vöggustofunefnd hefur kannað og þeim skýrslum sem teknar voru af fyrrverandi vistbörnum hefur nefndin fundið eitt tilvik þar barn greindi frá því að hafa verið beitt ofbeldi á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Var það frásögn einstaklings sem hafði verið vistaður nokkurra ára gamall um eins árs skeið á vöggustofunni árið 1971 til 1972. Hann greindi frá því að gripið hafi verið í hár hans og hann sleginn. Nefndin telur frásögn þessa einstaklings trúverðuga en hefur ekki tekist varpa ljósi á frekari atvik þessa máls eða fengið upplýsingar um önnur atvik þar sem börn voru beitt ofbeldi af hálfu starfsfólks.

Eins og rakið er í kafla 6.1.2 einskorðast hugtakið „ill meðferð“ þó ekki við beina líkamlega valdbeitingu heldur tekur það einnig til athafna gagnvart barni sem vistað var á stofnun sem voru ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi í garð barnsins. Þá féllu þar einnig undir athafnir eða athafnaleysi starfsmanna og eftir atvikum annarra opinberra aðila sem voru til þess fallnar að valda barni líkamlegum eða andlegum skaða. Undir það fellur meðal annars skortur á samskiptum, hvatningu og örvun sem eru til þess fallin að valda barni líkamlegum og/eða andlegum skaða. Nánari grein er gerð fyrir þessum atriðum í kafla 6.1.2. Þá ítrekar nefndin fyrri sjónarmið um grundvöll fyrir ályktunum sem lýst er í sama kafla.

Þau skriflegu gögn sem nefndin hefur undir höndum gefa til kynna að starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi á fyrstu árunum haldist að miklu leyti með óbreyttu sniði frá því sem var á Hlíðarenda, ef frá er talin sú verulega breyting sem var á sjálfum húsakynnum stofnunarinnar. Þannig var sama forstöðukona yfir Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og hafði verið yfir Hlíðarenda síðustu þrjú ár starfseminnar. Gögn nefndarinnar gefa enn fremur ekki til kynna að verulegar breytingar hafi orðið á ástæðum þess að börn voru vistuð á vöggustofunni árin 1963 til 1967 og meðalaldur barna við vistun sem og vistunartími barna hélst að miklu leyti óbreyttur.

Samkvæmt gögnum sem nefndin athugaði á Borgarskjalasafni voru alls 608 börn vistuð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á tímabilinu 1963 til 1973. Ljóst er að rúmlega 80% barnanna voru vistuð fyrir tilstuðlan barnaverndarnefndar Reykjavíkur, en eins og áður greinir hafði Thorvaldsenfélagið fimm pláss til eigin ráðstöfunar fram til ársins 1967. Langflest barnanna á vöggustofunni voru undir tveggja ára aldri þó dæmi hafi verið um að börn eldri en tveggja ára væru vistuð þar. Eftir að viðbygging vöggustofunnar var tilbúin í lok árs 1968 voru eldri börn tekin á vöggustofuna, en byggingin var ætluð fyrir börn yfir 18 mánaða aldri. Eru þá allmörg dæmi um að börn eldri en fjögurra ára hafi verið vistuð á vöggustofunni.



*Ályktanir af skýrslum fyrir nefndinni og skriflegum heimildum*

Eins og áður er rakið komu 27 starfsmenn sem störfuðu á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins til viðtals við nefndina. Einn þeirra starfaði í fullu starfi frá upphafi eftir að hafa starfað á Hlíðarenda. Fimm starfsmenn störfuðu þar árið 1964 þar af tveir í fullu starfi en þrír í starfsnámi. Einn þeirra starfaði um nokkurra mánaða skeið árið 1964 og annar í fullu starfi árin 1966 til 1968. Þá tók nefndin viðtal við starfsmann sem starfaði á vöggustofunni um 8 mánaða skeið árið 1967 og tvo starfsmenn sem störfuðu í afleysingum sama ár. Þá ræddi nefndin við tvo starfsmenn sem störfuðu í fullu starfi á vöggustofunni árið 1968 og tvo sem voru starfsnemar sama ár. Einnig ræddi nefndin við tvo starfsmenn sem voru í fullu starfi á vöggustofunni árið 1968. Þá komu þrír starfsmenn til viðtals við nefndina sem voru í fullu starfi hjá vöggustofunni árin 1970 til 1972 og tveir aðrir sem voru í sumarstarfi sömu ár. Jafnframt ræddu við nefndina fimm starfsmenn sem störfuðu á Vöggustofunni árin 1972 til 1974.

Meðal þeirra starfsmanna sem nefndin ræddi við voru allar þrjár forstöðukonur Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1963 til 1975 sem enn eru á lífi.

Ljóst er að frásagnir fyrrverandi starfsfólks voru á margan hátt ólíkar eftir því hvort starfsfólkið starfaði á vöggustofunni fyrir eða eftir að breytingar voru gerðar á vöggustofunni um mitt ár 1967 eftir að gagnrýni var sett fram á starfshætti hennar í borgarstjórn. Allir nema tveir þeirra sem störfuðu á vöggustofunni árin 1963 til 1967 báru að umhverfið þar hefði verið afar fábreytt og lítið verið sem fangaði athygli barnanna eða örvaði skynjun þeirra. Þá hefði lítið sem ekkert verið af leikföngum og nokkrir báru að leikföng sem starfsnemar í Fóstruskóla Sumargjafar hefðu aflað af eigin frumkvæði hefðu ekki verið á meðal barnanna til lengdar.

Eins og rakið er í kafla 4.3.2 beindist gagnrýni Sigurjóns Björnssonar að starfsemi vöggustofunnar meðal annars að því að börnin þar væru höfð í mikilli einangrun og á bak við gler sem einhvers konar sýningargripir. Í yfirlýsingu forstöðukonunnar Auðar Jónsdóttir sem hún gaf út sumarið 1970 að beiðni formanns Barnaverndarráðs segir hins vegar að misskilningur sé að börnin hafi verið sýnd í gegnum gler.

Í skriflegum samtímaheimildum er ekki vikið með skýrum hætti að því hvort foreldrar hafi einungis mátt sjá börn sín í gegnum gler á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Í frétt sem birtist í *Vísí* 23. maí 1966 um fyrirhugaða viðbótarbyggingu við vöggustofuna, og rakin er í kafla 4.3.1, er þess hins vegar sérstaklega getið að þar verði sérstakt herbergi ætlað foreldrum sem koma í heimsókn og að samband foreldra við börn í framhaldsdeild vöggustofunnar eigi að geta orðið nánara en við yngri börn. Að mati nefndarinnar gefur þetta til kynna að samband foreldra við börn hafi verið takmarkað í heimsóknum á vöggustofunni á þessum tíma.

Einn fyrrverandi starfsmaður sem starfaði í fullu starfi á vöggustofunni árið 1965 kvað það ekki rétt að foreldrar hafi einungis mátt sjá börnin í gegnum gler. Fyrrverandi forstöðukona



vöggustofunnar árin 1963 til 1967 bar einnig á sama veg. Fjórir starfsmenn báru hins vegar með afdráttarlausum hætti að foreldrar hafi einungis mátt sjá börn sín í gegnum gler og lýstu því sérstaklega að erfitt hafi verið að sjá mæður horfa grátandi á börn sín við þessar aðstæður. Framburður starfmannanna var skýr og afdráttarlaus að þessu leyti. Með vísan til þess og að þarna var um að ræða óbreytta framkvæmd undir stjórn sömu forstöðukonu og áður hafði verið yfir starfsemi Hlíðarenda, þar sem heimsóknir voru með sams konar sniði, telur vöggustofunefnd ekki óvarlegt að álykta að það hafi a.m.k. komið reglulega fyrir að foreldrar hafi fram til ársins 1967, aðeins fengið að sjá börn sín í gegnum gler. Nefndin telur sig hins vegar ekki geta fullyrt að sú framkvæmd hafi verið afdráttarlaus og án undantekninga.

Allir starfsmenn sem störfuðu á vöggustofunni eftir að Sigurjón Björnsson setti fram gagnrýni sína og Ragnheiður Jónsdóttir tók við starfi forstöðukonu í maí árið 1967 báru hins vegar á sömu leið um að foreldrar hafi mátt vera með börn sín í fanginu í heimsóknum. Þá nefndu nokkrir að mæður hafi komið og gefið börnum brjóst. Eitt foreldri sem kom til viðtals hjá nefndinni greindi frá því að hafa einungis fengið að sjá barn sitt í gegnum gler árið 1968 en upplýsti nefndina þó jafnframt að barnið, sem síðar reyndist vera fjölfatlað, hafi á þessum tíma verið talið haldið sjúkdómi sem gæti verið smitandi.

Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í viðtölum var enn frekar liðkað fyrir heimsóknum foreldra upp úr 1972 og var þá tekin upp sú regla að þeir gætu komið á hverju kvöldi til að baða börn sín og svæfa.

Eins og rakið er í kafla 4.3.1 varð fyrsta heimsókn barnaverndarnefndar Reykjavíkur á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins til þess að einn nefndarmanna taldi ástæðu til að bóka athugasemdir við starfsemina í fundargerð nefndarinnar 24. febrúar 1964. Þá einkum helst að börn þar hafi skort persónulega umönnun. Nokkrar þeirra fyrrverandi starfskvenna sem nefndin ræddi við greindu frá með sams konar hætti. Þannig nefndi ein sem var í starfsþjálfun 1964 að starfsfólk hefði fengið þær leiðbeiningar að vera ekki að halda á börnunum þegar þeim var gefinn peli, heldur ætti að setja pelann í rúmið og ekki taka þau upp. Tvær aðrar, þar af ein sem starfaði í fullu starfi árin 1966 til 1968 og önnur sem starfaði í fullu starfi fyrri hluta árs 1967, báru á sömu leið. Þá nefndu tvær aðrar fyrrverandi starfsstúlkur sem voru á vöggustofunni í starfsnámi að pela hafi einungis mátt gefa á ákveðnum tímum. Er ljóst að þær starfsstúlkur sem voru í starfsnámi á vöggustofunni á tímabilinu 1963 til 1967 kváðust almennt hafa komið athugasemdum um starfshætti vöggustofunnar á framfæri við kennara sína í Fóstruskóla Sumargjafar, m.a. Valborgu Sigurðardóttur og Sigurjón Björnsson. Tvær starfskonur sem störfuðu á þessum tíma sögðu þó að þær hefðu tekið börnin upp ef þau grétu og önnur kvaðst hafa gefið þeim pela í fanginu á sér.

Ein fyrrverandi starfskona sem starfaði á vöggustofunni árið 1963 greindi nefndinni frá því að henni hefði verið falið að hugsa um tvö ákveðin börn. Frásögn starfskonunnar fær stoð í ódagsettri eftirlitsskýrslu um dreng sem vistaður var á vöggustofunni á sama tíma og hún starfaði þar, en fyrir þeirri skýrslu er gerð grein í kafla 4.3.1 hér að framan. Skýrslan ber með

sér að ákveðinni stúlkunni hafi verið falið að hugsa um drenginn vegna sérstakra aðstæðna hans, en hann hafði komið vannærður á vöggustofuna og þroskast seint. Gefur það vísbendingu um að það hafi almennt ekki verið vinnulag á vöggustofunni á þessum tíma að starfsfólkið hugsaði um tiltekin börn, en það hafi þó verið gert ef sérstakt tilefni þótti til þess. Annað fyrrverandi starfsfólk frá tímabilinu 1963 til 1967 átti aftur á móti engar minningar um að því hefði verið falið að hugsa um ákveðin börn. Fremur hafði verið lögð áhersla á að allt í umönnun barnanna ætti að vinna hratt. Í því sambandi var sérstaklega nefnt að það hefði átt börnin á mjög skömmum tíma. Fyrrverandi forstöðukona bar á þá leið að starfsfólk hefði tengst ákveðnum börnum persónulega og ekki hefðu verið gerðar athugasemdir við það.

Viðtöl nefndarinnar við fyrrverandi starfsfólk gefa til kynna að þetta hafi breyst eftir að Ragnheiður Jónsdóttir varð forstöðukona, en Gyða Sigvaldadóttir og Þorbjörg Sigurðardóttir hafi síðar lagt enn ríkari áherslu á að starfsfólk tengdist ákveðnum börnum persónulega.

Nokkrir fyrrverandi starfsmenn greindu nefndinni jafnframt frá því að börn hafi verið mikið í rúmum sínum og sumir töldu að þau hefðu verið óeðlilega lengi í rúmunum, t.d. þannig að þau hefðu verið háttuð of snemma. Frásagnir í samtímaheimildum, meðal annars í grein Valborgar Bentsdóttur, sem birtist í *Tímanum* 25. apríl 1967 og lýst er í kafla 4.3.2, en Valborg sat í barnaverndarnefnd Reykjavíkur á þessum tíma, renna stoðum undir þessar frásagnir. Upplýsingar sem fram koma í eftirlitsskýrslum Barnaverndarráðs árin 1967 til 1968 bera einnig að sama brúnni. Af skýrslu ráðsins, dags. 2. júní 1967 og rakin er í kafla 4.3.3, verður til dæmis ráðið að áður en Ragnheiður Jónsdóttir tók við starfi forstöðukonu hafi liðið 14 tímar frá því að börnum var ætlað að fara í rúmið þar til þau fengu morgunmat. Ragnheiður mun hafa stýtt þennan tíma um eina klukkustund en síðari skýrslur ráðsins benda til að tíminn hafi aftur lengst eftir að Brynhildur Sigurðardóttir tók við starfi forstöðukonu. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um skipulag starfseminnar eftir þann tíma þar sem engar eftirlitsskýrslur eru til staðar.

Samkvæmt frásögnum þriggja starfsmanna sem störfuðu á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1963 til 1968 var börnunum gefinn maukaður matur frá og þau mötuð með skeið til ársins 1967. Forstöðukona vöggustofunnar á tímabilinu 1963 til 1967 staðfesti einnig í viðtali að svo hafi verið. Einn starfsmaður greindi einnig frá því að starfsstúlkum hafi verið bannað að mynda augnsamband við börnin á meðan þau voru mötuð. Þá hafa nefndinni borist skriflegar frásagnir frá einstaklingum sem voru vistaðir á vöggustofunni að þau hafi ekki kunnað að tryggja mat þegar þau komu í fóstur á einkaheimili. Að sögn flestra starfsmannanna var matarvenjum hins vegar breytt eftir að Ragnheiður Jónsdóttir tók við forstöðu vöggustofunnar en tveir starfsmenn greindu þó frá því að matur hefði áfram verið maukaður ofan í börnin. Almennt bar starfsfólki þó saman um að hætt hefði verið að mata eldri börnin og þau látin borða sjálf sem hefði kallað á meiri vinnu starfsfólks við frágang og þrif, en vitaskuld verið betra fyrir þroska barnanna.

Eins og rakið er í kafla 4.3.4 báru nokkrir fyrrverandi starfsmenn að börn sem vistuð voru á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi farið lítið sem ekkert út úr húsi árin 1963 til 1967.

Fyrirverandi forstöðukona sagði frá að börn hefðu vissulega farið út en það hafi ekki verið nægilega mikið þar sem mannskap hefði skort til þess. Í samtímaheimildum og þá einkum umfjöllun dagblaða sem lýst er í kafla 4.3.1 verður hins vegar ráðið að börnin hafi farið út og myndir sem fylgja umfjölluninni eru til vitnis um það. Í greinum sem birtast í *Tímanum* árið 1964 og *Morgunblaðinu* 1965 og vitnað er til í fyrirnefndum kafla kemur til dæmis fram að eldri börnin séu úti mest allan daginn. Af þeim sökum treystir nefndin sér ekki til að fullyrða hvort fyrirverandi starfsfólk hafi munað atvik tengd útiveru barnanna með áreiðanlegum hætti.

Eftirlitsskýrslur Barnaverndarráðs um heimsókn á vöggustofuna 21. mars 1967, 19. maí 1967, í lok maí 1967, og í júní 1969 bera enn fremur allar vott um að börnin hafi stundað reglulega útiveru á þessum tíma. Ljósmyndir sem nefndinni hafa borist frá fyrirverandi starfsfólki og einstaklingum sýna börn á vöggustofunni að leik utan dyra við margs konar aðstæður á árunum 1968 til 1974. Samtímagögn og viðtöl við starfsfólk bera þó vott um að nokkuð hafi skort á að viðunandi leiktæki væru til staðar á þessum tíma.

Framburður starfsfólks sem starfaði á vöggustofunni árin 1963 til 1967 var í öllum meginatriðum á sömu leið um að umhverfi vöggustofunnar hafi verið afar fábreytt og þar hafi verið lítið sem örvaði skynjun barnanna. Starfstúlkur hafi almennt verið í hvítum sloppum, veggir hafi verið auðir og hvítir og lítið hafi verið um leikföng. Starfsfólki bar hins vegar almennt saman um að umhverfi vöggustofunnar hefði tekið miklum stakkaskiptum árin 1967 til 1973. Leikföngum og skreytingum á veggjum hafi smám saman fjölgað og um leið hafi færst meiri heimilisbragur yfir vöggustofuna, að því marki sem það var unnt. Fjöldi ljósmynda sem nefndinni hafa borist frá þessum tíma staðfesta frásagnir starfsfólks að þessu leyti.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur nefndin að rétt eins og í tilviki Vöggustofunnar Hlíðarenda séu merki um að foreldrum barna á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi á árunum 1963 til 1967, a.m.k. á ákveðnum tímabilum, í reynd verið almennt meinað að umgangast börn sín á meðan þau voru á vöggustofunni, hvort sem var að halda á þeim eða snerta þau með öðrum hætti. Nefndin telur þó ekki unnt að slá því föstu að þarna hafi verið um að ræða fastmótaða stefnu og ef slík stefna var til staðar telur nefndin ekki útilokað að einstaka undantekningar hafi verið þar á.

Nefndin fær sem fyrr ekki séð hvaða forsendur stóðu til þess að haga starfsemi vöggustofunnar með þessum hætti. Bendir nefndin í því sambandi á að samkvæmt vistunarskjölum sem varðveist hafa m.a. með upplýsingum frá læknum vöggustofanna um heilsufar barnanna voru langflest börnin á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins heilbrigð á meðan dvölinni stóð. Verður því ekki séð að þau hafi verið sérstaklega viðkvæm fyrir sjúkdómum.

Þessir starfshættir leiddu sem áður segir til þess að tengsl barna og foreldra voru miklu leyti rofin án þess að séð verði að málefnalegar ástæður hafi staðið til þess. Að mati nefndarinnar verður að telja að starfshættir sem fela í sér að rjúfa með þessum hætti alfarið tengsl barns

við foreldra, og eftir atvikum systkini, geti talist til illrar meðferðar í skilningi 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022. Í því sambandi leggur nefndin áherslu á að mikilvægi persónulegra tengsla barns við foreldra, eða aðra umönnunaraðila, á fyrstu þrem árum ævinnar var vel þekkt meðal fagfólks í málefnum barna á þeim tíma sem vöggustofurnar störfuðu. Er gerð nánar grein fyrir því í kafla 2.2.5 hér að framan. Sama gildir um þann skaða sem skortur á slíkum tengslum gat haft á þroska barns til framtíðar. Minnir nefndin í þessu sambandi á að fjöldi barna sem vistaður var á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins var ekki vistaður þar vegna þess að foreldra skorti hæfni til að annast barn, heldur fremur vegna félagslegra aðstæðna, svo sem að foreldri var einstætt, neyddist til að vinna úti og hafði ekki önnur úrræði um vistun barnsins.

Nefndin telur jafnframt rétt að geta þess að ekki verður séð að börnum hafi að jafnaði verið veitt persónuleg umönnun á vöggustofunni sem var til þess fallin að draga úr skaðlegum áhrifum þessa tengslarofs við umönnunaraðila. Samtímagögn benda þvert á móti til þess að slíka umönnun hafi skort, sbr. gagnrýni sem nefndarmaður í barnaverndarnefnd Reykjavíkur lét bóka á fundi 24. febrúar 1964. Þá gagnrýndi annar nefndarmaður í barnaverndarnefnd starfsemi vöggustofunnar í aðsendri grein í *Tímanum* í apríl 1967, eftir að Sigurjón Björnsson setti fram gagnrýni sína.

Frásagnir fyrrverandi starfsfólks renna að miklu leyti stoðum undir það sem fram kemur í þessum samtímaheimildum, meðal annars um að börn hafi verið óeðlilega lengi í rúmunum sínum. Þar að auki hafi ekki mátt mynda persónuleg tengsl við börnin.

Þá liggur fyrir samkvæmt frásögnum fyrrverandi starfsmanna að vöggustofan bauð upp á mjög takmarkaða örvun á skynjun og þroska barnanna, t.d. voru leikföng af skornum skammti, veggir og umhverfi vöggustofunnar var að mestu leyti hvítt og fábreytt og börnin fóru sjaldan út. Þar að auki var allur matur maukaður fram til 1967 og börnin mötuð óháð aldri. Ljóst er að slíkt vinnulag er mjög hamlandi fyrir þroska barna, t.d. takmarkar það sjálfstæði þeirra, minnkar tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handar, auk þess sem það að borða fasta fæðu örvar hreyfiproska í munninum sem er beintengt málþroska og framburðargetu barnsins.<sup>322</sup>

Pegar öll atriði eru virt heildstætt er það niðurstaða nefndarinnar að umönnun barna á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi í ýmsum tilvikum verið svo ábótavant á tímabilinu 1963 til 1967 að telja verði hana geta fallið undir illa meðferð í skilningi laga nr. 45/2022. Lítur þá nefndin sérstaklega til aldurs barnanna og þeirra afdrifaríku afleiðinga sem skortur

---

<sup>322</sup> Webber, C., Blissett, J., Addessi, E., Galloway, A. T., Shapiro, L., & Farrow, C. (2021). An infant-led approach to complementary feeding is positively associated with language development. *Maternal & Child Nutrition*, 17(4), e13206.

á tengslamyndun við foreldra, og eftir atvikum aðra umönnunaraðila, sem og skortur á örvun og skynáreitum, getur haft á heilbrigði og þroska barna.

Nefndin telur hins vegar ekki unnt að slá því föstu að börn sem dvöldu á vöggustofunni hafi sætt meðferð af þessum toga eftir mitt ár 1967. Vissulega voru áfram merki um að ýmsu hafi verið ábótavant í starfsemi vöggustofunnar á þessum tíma, einkum því hversu snemma börnin voru lögð í rúmið á hverju kvöldi. Þá telur nefndin umhugsunarefni að í nóvember 1967 hafi einungis verið gert ráð fyrir tveimur starfsmönnum á næturvakt í stofnun sem gerði ráð fyrir vistun 30 barna, sbr. skýrslu Barnaverndarráðs dags. 1. nóvember 1967, sem rakin er í kafla 4.3.3. Nefndin hefur engu að síður ekki forsendur til að leggja til grundvallar að börn hafi frá þeim tíma sætt illri meðferð í skilningi laga nr. 45/2022. Veldur þar mestu að almennt var opnað fyrir samskipti barna við foreldra sína á þessum tíma. Auk þess er ljóst að meiri áhersla var lögð á persónulega tengingu starfsfólks við börnin, ásamt því að matarvenjum var breytt, leikföngum fjölgað um leið og umhverfi vöggustofunnar tók miklum breytingum.

## 7. Tillögur

### 7.1. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt lögum nr. 45/2022 og samþykkt borgarráðs

Eins og áður greinir er það meðal verkefna nefndarinnar að leggja grundvöll að tillögum til Reykjavíkurborgar um frekari viðbrögð við athugun nefndarinnar ef ástæða þykir til, sbr. 5. tölulið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 og f-lið samþykktar borgarráðs frá 10. mars 2022. Í lögnum og samþykktinni er ekki að finna frekari viðmið um hvers efnis tillögur nefndarinnar eigi að vera að lokinni athugun. Í almennum athugasemdum við frumvarpið sem varð að lögum nr. 45/2022 kemur þó fram ákvæði laga nr. 45/2022 taka mið af ákvæðum laga nr. 26/2007 sem áður giltu um störf vistheimilaneftndar og hlutverki hennar. Í þeim lögum var gert ráð fyrir því að vistheimilaneftnd legði á það mat hvort og þá hvernig stjórnvöld skyldu bregðast við gagnvart þeim sem kynnu að hafa í reynd sætt illri meðferð eða ofbeldi, ef athugun nefndarinnar leiddi slíkt í ljós.<sup>323</sup>

Í samræmi við framangreint og þar sem vöggustofuneftnd er í meginatriðum ætlað sama hlutverk samkvæmt lögum nr. 45/2022 og samþykkt borgarráðs og vistheimilaneftnd voru áður falin á grundvelli laga nr. 26/2007 hefur nefndin tekið mið af því hvernig vistheimilaneftnd afmarkaði hlutverk sitt að þessu leyti við gerð tillagna sinna.

Í 6. kafla þessarar skýrslu er lýst ályktunum og niðurstöðum vöggustofuneftndar um tildrög þess að börn voru vistuð á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Þá er þar jafnframt fjallað um hvaða meðferð börnin sættu þar og hvort opinbert eftirlit með starfsemi vöggustofanna hafi verið viðunandi. Eins og þar greinir er niðurstaða nefndarinnar sú að telja verði meiri líkur en minni á því að börn hafi sætt illri meðferð á Vöggustofunni Hlíðarenda á tímabilum árin 1949 til 1963 í þeirri merkingu sem lögð hefur verið til grundvallar í skýrslunni. Er þá einkum litið til þeirra takmarkana sem voru á umgengni foreldra við börn sín, án þess að séð verði að þær hafi stuðst við málefnalegar ástæður. Þá telur nefndin einnig að ill meðferð hafi átt sér stað í ýmsum tilvikum á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1963 til 1967.

Jafnframt er það niðurstaða nefndarinnar að málsmeðferð barnaverndarneftndar Reykjavíkur hafi verið annmörkum háð þegar hún tók ákvarðanir um að vista börn á vöggustofum á því tímabili sem athugun nefndarinnar nær til 1949-1973. Þá hefur nefndin

---

<sup>323</sup> Þessum sjónarmiðum er lýst í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögnum, sjá [Alpt. A-deild, þskjal. 1019](#). Kemur þar einnig fram að við mat nefndarinnar á hvaða tillögur yrðu settar fram yrði meðal annars að horfa til þeirra lagareglna sem giltu á þeim tíma sem slík atvik kynnu að hafa átt sér stað og eftir atvikum þjóðréttarlega skuldbindinga.

einnig komist að þeirri niðurstöðu að opinbert eftirlit með starfsemi vöggustofanna hafi verið óviðunandi stærstan hluta þess tímabils sem þær störfuðu. Í því samhengi telur nefndin einnig athugunarvert hversu litlum upplýsingum virðist hafa verið haldið til haga um starfshætti vöggustofanna.

Í ljósi þess sem að framan er rakið og í samræmi við hlutverk nefndarinnar samkvæmt 5. tölulið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 og f-lið samþykktar borgarráðs frá 10. mars 2022 hefur nefndin lagt mat á hvaða tillögur komi til greina að setja fram í tilefni af niðurstöðum nefndarinnar. Við það mat hefur nefndin horft til þess hvernig vistheimilanefnd setti fram tillögur sínar en þær tillögur tóku jafnframt mið af því hvernig leitast hafði verið við að bregðast við niðurstöðum sem settar voru fram í skýrslum opinberra nefnda á Norðurlöndum um vistun barna á opinberum stofnunum fjarri foreldrum og öðrum forráðamönnum. Hefur þá jafnframt verið haft í huga að möguleikar stjórnvalda á að bregðast við niðurstöðunum eru á ýmsan hátt takmarkaðir í ljósi þess hversu langt er um liðið síðan þeir atburðir sem fjallað er um í skýrslunni áttu sér stað.

Eins og rakið er í 2. kafla liggur fyrir fjöldi vísindarannsókna sem sýna fram á að örvun frá umhverfinu, sem og samskipti og tengsl við umönnunaraðila, eru nauðsynleg forsenda fyrir þroska barns á fyrstu þremur æviárunum þegar grunnurinn er lagður að margvíslegri færni barnsins síðar meir. Misbrestur á því að barn njóti þessara þátta getur leitt til þess að alvarleg þroskafrávik og geðræn vandamál koma fram síðar á ævinni. Úr barnaverndarránsóknum er enn fremur þekkt að miklu skiptir hvernig staðið er að ákvörðunum um inngrip í lífi barna hvað snertir upplýsingar, foreldratengsl, eftirlit og eftirfylgd. Tengslarof eða strjált samband við foreldra eykur jafnan kvíða og öryggisleysi barna við slík skilyrði.<sup>324</sup>

Fjölmarginir þeirra sem voru vistaðir á vöggustofu hafa greint nefndinni frá heilsufarslegum og félagslegum erfiðleikum sem þeir telja að rekja megi að einhverju leyti til vistunar þeirra á vöggustofu. Þá er jafnframt ljóst, sbr. kafla 5.4., að dánartíðni er hærri í hópi þeirra sem vistaðir voru á vöggustofu í samanburði við aðra sem fæddust hérlendis á sama árabili og á það einnig við um sjálfsvígstíðni. Þá er örorka einnig hærri í þessum hópi miðað við sama árabil. Þótt það sé ekki í verkahring vöggustofunefndar að taka afstöðu til þess hvaða áhrif vöggustofuvistin hefur haft á þá einstaklinga sem þar voru vistaðir sem og hvort og að hvaða leyti aðrir þættir hafi einnig haft þar áhrif, telur nefndin engu að síður hafið yfir vafa að vöggustofuvistin hafi í mörgum tilvikum haft veruleg áhrif á líf og velferð viðkomandi til frambúðar.

Með hliðsjón af þessum atriðum hefur nefndin talið tilnefni til að setja fram alls fjórar tillögur. Fyrsta tillagan lýtur að hugsanlegum skaðabótageiðslum til þeirra sem vistaðir voru á vöggustofunum sem börn (kafla 7.2). Önnur tillagan fjallar um geðheilbrigðis- og

---

<sup>324</sup> Skýrsla vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, Reykjavík 2008, bls. 147 og þær heimildir sem þar er vitnað til.



sálfræðiþjónustu til sömu einstaklinga (kafla 7.3) en sú þriðja beinist að gildandi framkvæmd og eftirliti á sviði barnaverndarmála (kafla 7.4.). Fjórtá og síðasta tillagan lýtur að því að borgarráð taki afstöðu til þess hvort rétt sé að framhald verði á athugun á vöggustofum í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 45/2022.

## 7.2. Skaðabótaskylda hins opinbera

Ljóst er að með ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur um að setja á stofn nefnd til að gera heildstæða athugun á málefnum Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og ákvörðun Alþingis að samþykkja lög nr. 45/2022 voru stjórnvöld að bregðast við frásögnum sem fram höfðu komið opinberlega um vöggustofunnar og athugasemdum við hvernig staðið hefði verið að vistun barna þar sem og meðferð þeirra. Með þessum ákvörðunum lögðu Alþingi og borgarráð grundvöll að því að varpað yrði ljósi á atburði fortíðarinnar og þá með það í huga að taka afstöðu til þess hvernig hægt væri að bregðast við í nútímasamfélagi.

Með hliðsjón af þeim niðurstöðum sem fram koma í 6. kafla hefur vöggustofunefnd talið falla innan verkefnislýsingar sinnar samkvæmt lögum nr. 45/2022 og samþykkt borgarráðs frá 10. mars 2022, að taka til athugunar hvort rétt sé að leggja til við að brugðist verði við niðurstöðum nefndarinnar með fjárgreiðslum í formi skaðabóta til þeirra sem vistaðir voru sem börn á vöggustofunum, öllum eða hluta þeirra. Nefndinni er ljóst að á þingmálaskrá 154. löggjafarþings 2023-2024 er gert ráð fyrir að lagt sé fram frumvarp til laga um almennar sanngirnisbætur vegna háttsemi opinberra aðila hjá stofnunum ríkisins, sveitarfélögum eða af hálfu einkaaðila á grundvelli ákvörðunar eða samnings við opinberan aðila eða samkvæmt opinberu leyfi samkvæmt lögum sem valdið hefur þeim varanlegum skaða sem ekki fæst bættur á annan hátt. Gert er ráð fyrir að sérstök matsnefnd sanngirnisbóta taki við umsóknum, leggi mat á umsóknir og geri tillögu til sanngirnisbótanefndar um greiðslu sanngirnisbóta til einstaklinga sem falla undir gildissvið frumvarpsins. Sanngirnisbótanefnd taki síðan endanlega ákvörðun hverju sinni um greiðslu bóta til einstaklinga.

Nefndin telur engu að síður tilefni til að fjalla um ákveðin sjónarmið tengd bótaskyldu hins opinbera og þá einkum með hliðsjón af umfjöllun vistheimilaneftndar um sama málefni.

Fjallað er almennt um skaðabótageiðslur til þeirra sem dvöldu á vist- og meðferðarheimilum fyrir börn í fyrstu skýrslu vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007.<sup>325</sup> Við gerð þeirrar skýrslu aflaði nefndin álitsgerðar Viðars Más Matthíassonar, þá prófessors í

---

<sup>325</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, Reykjavík 2008, bls. 149 o.áfr.

skaðabótarétti við lagadeild Háskóla Íslands, um ýmis skaðabótaréttarleg álitæfni í tilefni af athugun nefndarinnar, en álitsgerðin er birt í heild sem fylgiskjal með skýrslunni.<sup>326</sup>

Í álitsgerðinni var lýst þeirri niðurstöðu að ákvarðanir stjórnvalda um vistun barna á vist- eða meðferðarheimilum, sem hafi verið ólögmætar og leitt til tjóns fyrir þau börn, sem í hlut áttu, leiði að öðru jöfnu til skaðabótaábyrgðar ríkisins eða þess sveitarfélags, sem stjórnvald kann að hafa heyrt undir. Í kjölfarið er síðan fjallað um skaðabótaskyldu ríkisins miðað við þær forsendur að barn hefði við dvöl á vist- eða meðferðarheimili á vegum hins opinbera orðið „með reglubundnum hætti [...] fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í merkingu refsilaga“ og „að starfsmenn ríkisins á viðkomandi vistheimili hafi í störfum sínum sýnt af sér almennt eða stórkostlegt gáleysi með því að rækja ekki umönnunar- og eftirlitsskyldur í samskiptum vistmanna“.

Út frá þessum tilteknu forsendum var það niðurstaða álitsgerðarinnar að ekki léki vafi á því að ríkið, sem vinnuveitandi þeirra starfsmanna sem í hlut ættu hefði borið ábyrgð á tjóni, sem valdið hefði verið með slíkri háttsemi. Væri þá jafnframt miðað við að „slík háttsemi hefði ekki getað átt sér stað ef eftirlit með starfsmönnum og starfseminni svo og gæsla á börnum [hefði] verið fullnægjandi“. Yrði þá að leggja til grundvallar að eftirlit og umönnun forstöðumanna hefði brugðist á heimili ef börn yrðu þar með reglubundnum hætti fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi.

Í álitsgerðinni er rakið að samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar yrði tjónþoli þó að sanna, að hann hefði í raun orðið fyrir tjóni og af hvaða háttsemi það hafi stafað, svo og að það væru orsakatengsl milli þeirrar háttsemi og tjónsins. Jafnvel þótt sú sönnun tækist, væri hins vegar ljóst að miðað við reglur um fyrningu skaðabótakrafna væri krafa tjónþolans á hendur íslenska ríkinu fyrnd. Í framhaldinu er rakið í álitsgerðinni að hugsa mætti sér leið sem fælist í því að sett yrðu lög þar sem veitt yrði heimild til að greiða bætur til þeirra sem orðið hefðu fyrir tjóni af völdum annarra vistmanna eða starfsmanna á meðan þeir dvöldu á vistheimili. Þá yrði nauðsynlegt að setja almennar reglur um skilyrði til bóta og almennar reglur um aðferð eða viðmiðanir við ákvörðun á fjárhæð bótanna. Enn fremur þyrfti að setja almennar reglur um hvort bætt yrði bæði tímabundið og varanlegt tjón, eða einungis hið síðarnefnda. Jafnframt yrði að taka af skarið um það, hvers konar bætur væri um að ræða, þ.e. hvort leitast ætti við að meta og bæta fjártjón vistmanna, eða hvort greiða eigi bætur vegna miska. Einnig mætti hugsa sér að bætur yrðu ákveðnar sem meðalhófsbætur, sem í sjálfu sér gætu bæði tekið til miska og fjártjóns. Meðalhófsbætur væru ekki ákveðnar eftir reglum skaðabótaréttar, heldur væru þær sanngirnibætur, ákveðnar eins fyrir alla eða eftir einföldum mælikvörðum, t.d. vistunartíma.<sup>327</sup>

<sup>326</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, Reykjavík 2008, bls. 342-354.

<sup>327</sup> Sjá hér álitsgerð um ýmis skaðabótaréttarleg atriði í tilefni af könnun nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 á starfsemi vistheimilisins Breiðavík á árunum 1952 til 1979, bls. 13.

Í skýrslu vistheimilaneftndar frá árinu 2009 tók nefndin að meginstefnu undir þau viðhorf sem fram komu í álitssgerðinni. Lagði nefndin til að stjórnvöld legðu á það mat í ljósi niðurstaðna í skýrslunni hvort og þá að hvaða marki yrði leitast við að rétta hlut þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á Breiðavíkurheimilinu, öllum eða hluta þeirra, með fjárgreiðslu í formi skaðabóta. Var það jafnframt tillaga nefndarinnar til stjórnvalda að þá yrði jafnframt tekin afstaða til þeirra leiða sem raktar væru í álitssgerðinni. Kæmi þá helst til greina annars að leysa úr hverju máli fyrir sig á grundvelli krafna tjónþola eða að sett yrðu lög er heimila að greiddar verði skaðabætur á almennum grundvelli.

Alþingi brást við ábendingum nefndarinnar með að setja lög nr. 47/2010, um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem féllu undir lög nr. 26/2007. Í lögnum var mælt fyrir um greiðslu sanngirnisbóta úr ríkissjóði til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða af „illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum“ sem féllu undir lög nr. 26/2007.“ Skilyrði bóta samkvæmt lögnum var þannig ekki takmarkað við tilvik þar sem barn hafði sætt líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi á stofnun eða heimili heldur náði það einnig til tilvika þar sem barn hafði sætt „illri meðferð“, en það hugtak var skilgreint sérstaklega í a til c-lið 1. mgr. 3. gr. laganna.<sup>328</sup> Meðal þeirra atriða sem töldust til illrar meðferðar samkvæmt ákvæðinu voru „athafnir til þess fallnar að misbjóða barni eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin“, sbr. c-lið ákvæðisins.

Í lögnum var einnig fjallað um skilyrði sanngirnisbóta, fjárhæð þeirra og málsmeðferð við úrlausn einstakra mála. Var þá sýslumanni falið að taka ákvörðun um hvort skilyrði til bóta væru fyrir hendi á grundvelli krafna sem honum kynnu að berast. Þá gerðu lögin ráð fyrir að sérstök úrskurðarnefnd um sanngirnisbætur tæki afstöðu til krafna um slíkar bætur.

Í 10. gr. laganna var síðan mælt fyrir um tengilið vegna vistheimila. Tengiliðurinn hafði annars vegar það hlutverk að koma að eigin frumkvæði á framfæri upplýsingum til þeirra sem kynnu að eiga bótarétt samkvæmt lögnum og eftir atvikum afkomenda þeirra. Í öðru lagi var það í verkahring tengiliðs að aðstoða fyrrverandi vistmenn sem kynnu að eiga bótarétt við að útbúa kröfugerð um sanngirnisbætur og að aðstoða þá við að sækja sér þjónustu sem ríki og sveitarfélög veittu fyrrverandi vistmönnum, s.s. geðheilbrigðisþjónustu.

Í annarri áfangaskýrslu sinni tók vistheimilaneftnd fram að með setningu laga nr. 47/2010 hefði ríkisstjórn og Alþingi brugðist með jákvæðum hætti við tillögum nefndarinnar um hugsanlegar skaðabótageiðslur til þeirra sem voru vistaðir á heimilum sem athuganir nefndarinnar höfðu beinst að. Ljóst er að fram til 1. janúar 2021 var í gildi heimild fyrir

---

<sup>328</sup> Ákvæðið var svohljóðandi: „ Með illri meðferð eða ofbeldi er átt við:

„a. hvers kyns refsiverða líkamlega valdbeitingu gagnvart barni og aðra líkamlega valdbeitingu þar sem valdið er óþarfa sársauka,

b. ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi athafnir gagnvart barni,

c. athafnir til þess fallnar að misbjóða barni eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin.“

greiðslu sanngirnisbóta úr ríkissjóði til allra þeirra sem urðu „fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum sem [féllu] undir lög um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, nr. 26/2007“, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2010. Fram til 1. janúar 2021 var það jafnframt skilyrði fyrir því að krafa yrði tekin til meðferðar samkvæmt lögnum að fyrir lægi skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 og innköllun sýslumanns.

Með setningu laga nr. 29/2020, um breytingu á lögum nr. 47/2010, um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 (lokauppgjör) var gildissviði laga nr. 47/2010 breytt frá og með 1. janúar 2021. Fól sú breyting í sér að heimild 1. mgr. 1. gr. laganna fyrir greiðslu sanngirnisbóta til þeirra sem dvöldu á heimilum sem vistheimilanefnd fjallaði um var felld brott. Í staðinn var heimild til greiðslu sanngirnisbóta í 1. mgr. 1. gr. laganna einskorðuð við þá sem urðu fyrir „varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum fyrir fötluð börn sem starfræktar voru á vegum hins opinbera og þar sem börn voru vistuð sólarhringsvistun“. Tóku lögin til starfsemi þessara stofnana fram til 1. febrúar 1993. Þá var 2. gr. laganna breytt á þann veg að þess var ekki lengur krafist að skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 lægi fyrir áður en bótakrafa væri tekin til efnislegrar meðferðar. Miðaði sú breyting að því að einfalda bótauppgjör þannig að unnt yrði að greiða sanngirnisbætur í nánar afmörkuðum tilvikum án þess að skýrsla vistheimilanefndar lægi fyrir.

Vöggustofunefnd telur ljóst að eins og núgildandi löggjöf er háttáð standa almennt ekki heimildir til greiðslu sanngirnisbóta eða sambærilegra greiðslna úr ríkissjóði til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á Vöggustofunni Hlíðarenda eða Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.<sup>329</sup> Ekki er þó útilokað að annað gildi um fötluð börn sem vistuð voru á vöggustofunum, sbr. núgildandi ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2010, enda liggur fyrir að fötluð börn voru vistuð ásamt öðrum börnum á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, þrátt fyrir að þau hafi einungis verið lítill hluti þeirra barna sem þar voru vistuð hverju sinni. Frávik frá þessu má finna á árunum 1970 til 1972, en þá voru nokkur fötluð börn vistuð að staðaldri á vöggustofunni meðan beðið var þess að ný deild á Kópavogshæli tæki til starfa. Þótt ekki verði með vissu ráðið hvort þau hafi verið í umsjá starfsmanna vöggustofunnar eða starfsmanna Kópavogshælis, eða eftir atvikum annarra stofnana ríkisins, verður ekki séð að það girði fyrir hugsanlegan rétt til sanngirnisbóta samkvæmt núgildandi lögum nr. 47/2010. Verður þá að líta til þess að gildissvið laganna er miðað við „stofnanir fyrir fötluð börn sem starfræktar voru á vegum hins opinbera og þar sem börn voru vistuð sólarhringsvistun.“

---

<sup>329</sup> Rétt er að taka fram að þótt vöggustofunefnd hafi ekki talið unnt að slá því föstu við athugun sína að börn hafi sætt ofbeldi á Vöggustofunni Hlíðarenda eða Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1949-1973, eða að meiri líkur en minni séu á því að börn hafi sætt illri meðferð á síðarnefndu vöggustofunni, þá er nefndinni ekki ætlað endanlegt úrskurðarvald að lögum um réttindi og skyldur einstaklinga, þar á meðal bótarétt þeirra sem dvöldu á vöggustofum. Vöggustofunefnd telur þannig ekki unnt að útiloka að nýjar upplýsingar geti komið fram sem gefi þá tilefni til að endurmeta niðurstöðu nefndarinnar í einstaka tilvikum.

Nefndinni er ljóst að fátt ef nokkuð getur í reynd bætt þann skaða sem einstaklingar hafa beðið af því að vera vistaðir langdvölum sem ungbörn fjarri foreldrum sínum án þess njóta neinnar raunverulegar umgengi við þau og án þess að til kæmu aðilar sem gætu veitt þeim persónulega umönnun að einhverju leyti í stað foreldra. Tillögur nefndarinnar eru hins vegar settar fram með það í huga að þegar sleppir opinberum yfirlýsingum stjórnvalda, þar sem mistök og atburðir liðinna tíma eru viðurkennd í nútímanum og beðist afsökunar, eru skaðabætur meðal þeirra fáu úrræða sem stjórnvöld hafa til að freista þess að rétta hlut þeirra sem eiga um sárt að binda.<sup>330</sup>

Með vísan til þessa leggur nefndin til að stjórnvöld meti það út frá niðurstöðum í skýrslunni hvort og þá að hvaða marki verði leitast við að rétta hlut þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins með fjárgreiðslu í formi skaðabóta. Er það jafnframt tillaga nefndarinnar til stjórnvalda að þá verði jafnframt tekin afstaða til þess hvort rétt sé að fara aftur þá leið sem farin var með setningu laga nr. 47/2010 og nógildandi lögum þá breytt til þess horfs að unnt sé að fjalla um umsóknir þeirra sem vistaðir voru á báðum vöggustofunum á meðan þar var sólhringsvistun. Sú leið byggir á því að leyst sé úr hverju máli fyrir sig á grundvelli krafna tjónþola. Önnur fær leið væri að sett væru ný lög sem heimiluðu að greiddar verði skaðabætur á almennum grundvelli. Nefndin tekur að öðru leyti ekki afstöðu til þessara leiða og hvort önnur sé æskilegri en hin.

### 7.3. Geðheilbrigðis- og sálfræðipjónusta

Á ríkisstjórnarfundi 13. febrúar 2007 var ákveðið að skipa þverfaglegt teymi á geðsviði Landspítalans til að meta þörf þeirra einstaklinga sem dvöldust á Breiðavík á barnsaldri fyrir aðstoð. Teymið var skipað þremur sérfræðingum, þ.e. geðlækni og tveimur sálfræðingum, þar af öðrum utan geðsviðs Landspítala. Í kjölfarið var geðsviði Landspítala falið að sjá um að taka á móti fyrrverandi vistmönnum sem leituðu eftir aðstoð.

Frá og með 31. maí 2007 var ákveðið að þessi þjónusta skyldi einnig standa til boða þeim er dvalið höfðu á öðrum vistheimilum eða stofnunum, sem rekin voru af framlögum ríkis eða sveitarfélaga, og sem töldu sig hafa þurft að þola illa meðferð eða ofbeldi af hálfu starfsmanna eða annarra vistmanna. Í tilkynningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins 16. mars 2007 var tekið fram að úrræði þetta væri tímabundið.

Í minnisblaði frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar/Barnavernd Reykjavíkur sem lagt var fram á fundi borgarráðs þann 6. mars 2008 var gerð grein fyrir aðgerðum sem gripið var til á velferðarsviði í kjölfar umræðu um starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Meðal annars var ákveðið að bjóða fyrrverandi vistmönnum aðstoð vegna náms þar sem ljóst var að vistmenn

---

<sup>330</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, Reykjavík 2008, bls. 149-155.

væru oft og tíðum illa staddir hvað varðaði nám og kunnáttu vegna skorts á grunnnámi þar sem kennsla var greinilega ábótavant á Breiðavík.<sup>331</sup>

Í skýrslu vistheimilaneftar um könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins sem út kom árið 2008 kemur fram að teymið sem skipað var hafi ákveðið að þjónustan sjálf færi fram utan spítalans hjá sálfræðingum er hefðu reynt af meðferð sams konar mála. Reyndur starfsmaður á geðsviði hafi verið skipaður tengiliður milli þeirra sem leituðu aðstoðar og þeirra sem veittu hana og til að hafa umsjón með þjónustunni. Þeim fyrrverandi vistmönnum, sem virtust vera í þörf fyrir bráðþjónustu var boðið að koma umsvifalaust á göngudeild geðsviðs spítalans þar sem þeir fengu viðeigandi aðstoð.<sup>332</sup>

Í sömu skýrslu segir einnig að þeim sem dvalið hefðu á fyrrgreindum vistheimilum og stofnunum og óskuðu eftir aðstoð hafi verið boðið að koma til viðtals við reyndan sálfræðing á deildinni, sem kannaði m.a. hvernig þeim leið og hversu mikið lá á að þeir fengju aðstoð samkvæmt áhættumati þar sem m.a. var litið til sjálfsvígshættu. Í framhaldi var viðkomandi svo boðið upp á meðferð hjá sálfræðingi á einkastofu með upplýsingum um að hún væri viðkomandi að kostnaðarlausu. Þeir sem af einhverjum ástæðum treystu sér ekki til að koma til viðtals á geðdeildina var boðin aðstoð hjá sálfræðingi á einkastofu þegar í stað, milliliðalaust. Í upphafi var boðið upp á sálfræðimeðferð í allt að 10 skipti fyrir hvern einstakling og að þeim loknum var lagt mat á þörf fyrir frekari aðstoð í samráði við teymið.<sup>333</sup>

Fyrir liggur að þegar skýrsla vistheimilaneftar kom út árið 2008 höfðu alls 44 einstaklingar sem dvalið höfðu vistheimilum fengið aðstoð. Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn á Alþingi árið 2008 kemur fram að sálfræðiaðstoð hafi staðið til boða öllum fyrrverandi vistmönnum stofnana eða vistheimila, sem rekin voru af opinberu fé, og leitað höfðu til geðsviðs Landspítala frá því um miðjan febrúar 2008. Geðsvið Landspítala hefði skipulagt þessa þjónustu en sálfræðimeðferðin sem veitt hefði verið utan stofnunarinnar væri einstaklingunum að kostnaðarlausu.<sup>334</sup>

Í ljósi niðurstaðna nefndarinnar í 6. kafla þessarar skýrslu en ekki síður þeim upplýsingum sem nefndin hefur tekið saman um afdrif vöggustofubarna í kafla 5.4., meðal annars um dánartíðni og -orsakir, sem og hlutfall örorku telur nefndin brýnt að stjórnvöld leggi á það ígrundað mat hvort og þá hvaða þörf sé á að tryggja geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu eða aðra sértæka aðstoð fyrir þá sem dvöldu á vöggustofunum. Við það mat verði þá tekið mið af þeirri reyntu sem þegar liggur fyrir í þeim efnum og rakin er hér að framan.

---

<sup>331</sup> Minnisblað R07020046.

<sup>332</sup> Skýrsla vistheimilaneftar samkvæmt lögum nr. 26/2007, Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, Reykjavík 2008, bls. 155.

<sup>333</sup> Sama heimild bls., bls. 155-156.

<sup>334</sup> 108 Alþt. 132. löggjafarþing 2007 – 2008, þskj. 200 – 186. mál.



Við nánara mat og undirbúning á frekari tillögum telur nefndin rökrétt og eðlilegt að annaðhvort verði gerðar viðhlítandi ráðstafanir á vettvangi Reykjavíkurborgar til að tryggja að vöggustofubörn fái geðheilbrigðis- eða sálfræðipjónustu eða, eftir atvikum, aðra sértæka aðstoð sér að kostnaðarlausu. Í því efni er þó æskilegt að skilgreina umfang og tímamörk þjónustunnar fyrirfram eftir almennum viðmiðum.

## 7.4. Eftirlit og framkvæmd á sviði barnaverndarmála

Athugunin sem þessi skýrsla byggist á tekur til ákvarðana og eftirlits með tilteknum stofnunum á sviði barnaverndarmála árin 1949-1973 á tímabili sem lauk fyrir tæplega fimmtíu árum. Vöggustofunefnd telur engu að síður að niðurstöður hennar, rétt eins og þær niðurstöður sem birtust í skýrslum vistheimilaneftndar á árunum 2008 til 2011 beri vott um mikilvægi þess að skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart börnum séu tryggðar. Er þá einkum brýnt að tryggja að réttindi barns, sem og þarfir þess og hagsmunir séu ávallt í fyrirrúmi og að öll vinnubrögð sem snerta aðdraganda og ákvörðun um ráðstöfun barns utan heimilis, framkvæmd ráðstöfunar, umsjá barnsins meðan á vistun stendur beri þess merki. Sama á við um allan undirbúning að ákvörðun um lok vistunar og að máli barns sé fylgt eftir í kjölfarið.

Eins og rakið er í þriðju áfangaskýrslu vistheimilaneftndar árið 2011 gegna barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra lykilhlutverki í aðdraganda þess að tekin er ákvörðun að vista barn utan heimilis, sem og því hvernig staðið er að því að framkvæma slíka ákvörðun og fylgja henni eftir. Þá hefur skipuleg skráning, gæðamat og rannsóknartengd þróunarvinna verulega þýðingu að þessu leyti.

Nefndin vill taka sérstaklega undir mikilvægi skipulegrar skráningar, gæðamats og rannsóknartengdrar þróunarvinnu í þessu samhengi. Eins og rakið hefur verið í skýrslu nefndarinnar þá var upplýsingaöflun að mörgu leyti annmörkum háð vegna þess hve illa var staðið að skipulegri skráningu sem aftur hefur áhrif á grundvöll, gegnsæi og þar með aðgengi allra hlutaðeigandi að upplýsingum um ákvarðanir sem teknar voru í tengslum við vistun á vöggustofu. Gæðamat þar með talið setning formlegra leiðbeininga/verklags fyrir starfsmenn sem sinna daglegri þjónustu við börn er afar mikilvægt. Með því er m.a. hægt að setja fram leiðbeiningar/kröfur um að byggt sé að sannreyndri þekkingu við þjónustu og í umönnun barna, að áherslur og nálgun í þjónustu sé samhæfð og í takti við það sem best kemur til móts við margbreytilegar og fjölbreyttar þarfir barna með tilliti til þroska og aldurs hvers barns. Athugun nefndarinnar leiddi m.a. í ljós að svo virðist sem að áherslur einstakra forstöðukvenna hafi ráðið mestu um innra starf og áherslur í umönnun barna á vöggustofunum og að ekki voru til staðar formlegar leiðbeiningar eða skilaboð frá rekstraraðila (barnaverndarnefnd) um hvaða áherslur skyldi leggja til grundvallar í þjónustu og umönnun þrátt fyrir að til staðar væri þekking á um hvaða þætti bæri að leggja áherslu á í umönnun og þjónustu við börn sem vistuð eru utan heimilis.



Fyrir liggur að laga- og starfsumhverfi barnaverndar hefur tekið algerum stakkaskiptum frá því tímabili lauk sem athugun vöggustofunefndar beinist að. Nefndinni er kunnugt um að í fyrrgreindu minnisblaði sem lagt var fram á fundi borgarráðs 5. mars 2008 var gripið til aðgerða sem m.a. fólu í sér að kortleggja sólarhringsúrræði fyrir börn á vegum Reykjavíkurborgar, fara yfir vinnulag, yfirfara eftirlitsferla varðandi aðbúnað og líðan barnanna meðan á vistun stendur og eftirfylgni að vistun lokinni. Í kjölfar niðurstaðna kortlagningar voru unnar tillögur að samhæfðum verkferlum vegna eftirlits, samninga og eftirfylgdar í tengslum við vistun barna.

Nefndinni er enn fremur kunnugt um að ráðist var í ákveðnar umbætur á starfsumhverfi barnaverndar í kjölfar ábendinga sem settar voru fram í þriðju áfangaskýrslu vistheimilaneftndar frá árinu 2011. Nefndin telur engu að síður rétt að áréttu fyrri ábendingar vistheimilaneftndar, þar sem mikilvægt er að rýna reglulega þær aðstæður og umhverfi sem starfsmenn barnaverndar starfa í. Nefndin telur því að niðurstöður hennar endurspegli nauðsyn þess að sveitarfélög tryggi að barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra hafi nægilegt svigrúm og tíma til að vinna hvert og eitt mál í samræmi við ákvæði laga og reglna. Í því felst að sett séu viðmið um takmörkun málafjöldi á hvern sérfræðing og tryggð sé sérhæfð þekking í mati, greiningu, meðferðaráætlun og eftirfylgd. Þá verður að huga sérstaklega að hæfni og reynslu nefndarmanna og stuðla að því að fagfólk á sviðinu geti aflað sér sí- og endurmenntunar. Sveitarfélög verða einnig að tryggja framboð af stuðningsúrræðum til að styrkja börn og fjölskyldur þeirra svo komast megi hjá vistun utan heimilis.<sup>335</sup>

## 7.5. Frekari athuganir á grundvelli laga nr. 45/2022

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 er Reykjavíkurborg heimilt að setja á fót nefnd til að kanna starfsemi vöggustofa fyrir börn sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld. Eins fram kemur í kafla 1.2. hefur nefndin lagt til grundvallar að verkefni hennar sé takmarkað við tímabilið 1949 til 1973. Með vísan til þess að Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins starfaði allt til ársins 1979 sem upptökuheimili barna allt til 12 ára aldurs telur nefndin aftur á móti rétt að Reykjavíkurborg taki afstöðu til þess að fenginni skýrslu nefndarinnar um tímabilið 1949 til 1973 hvort hún telji að tímabilið 1974 til 1979 verði tekið til frekari athugunar og þá með hliðsjón af breyttum verkefnum vöggustofunnar á því tímabili.

Nefndin telur rétt að borgarráð leggi á það mat, m.a. út frá niðurstöðum nefndarinnar hvort tilefni sé til að framhald verði á athugun af þeim toga sem nefndin hefur haft með höndum og þá í samræmi við þær almennu valdheimildir sem nefndinni eru fengnar með lögum 45/2022. Við það mat verði þá eftir atvikum tekin afstaða til þess hvort samsvarandi atriði og nefndin

---

<sup>335</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 3 - Könnun á starfsemi Upptökuheimilis ríkisins 1945-1971, Unglingaheimilis ríkisins 1971-1994 og meðferðarheimilisins í Smáratúni og á Torfastöðum 1979-1994, bls. 378.

hefur lýst í þessari skýrslu hafi þá verið fyrir hendi frá og með árinu 1974 eða hvort rök standi fremur til þess að láta nú staðar numið með starf nefndar samkvæmt lögum nr. 45/2022.

# Heimildaskrá

## Óbirtar heimildir

### Borgarskjalasafn Reykjavíkur

#### Dagvist barna

kassi 1 I. Uppbygging og rekstur dagvistarheimila, Sumargjöf, könnun á þörf fyrir dagvistarheimili 1957-1983.

kassi 2 II. Uppbygging og rekstur dagvistarheimila, reglur, biðlistar, framkvæmdaáætlun, innra starf, yfirlit um fjölda rýma 1968-1985.

kassi 3 III. Uppbygging og rekstur dagvistarheimila, tæki og búnaður, starfsmenn, laun og kjör, hönnun og teikningar 1965-84.

kassi 4 II. Samstarfsaðilar, Sumargjöf, foreldrar, íbúar, sveitarfélög, hópar, félög 1968-1983 III. Dagheimili á vegum Reykjavíkurbæjar 1945-1984.

kassi 13 Dagheimili 1968-1986.

### Skólaskrifstofa Reykjavíkur

5 Sálfræðingar skóla 1953-1974.

8 Barnavernd 1955-1962.

9 Barnaheimili 1946-1960.

331 Borgarstjóri og borgarráð, bréf 1963-1979.

346 Sálfræðideild 1972-1987.

700 Sumardvalir barna 1944-1969.

771 Heilbrigðiseftirlit ofl. 1910-1984.

779 Sálfræðipjónusta, skýrslur bréf ofl. 1955-1974.

### Félagsmálaráð Reykjavíkur

309 Skipulag FR, fjárhagsaðstoð, velferðarnefnd aldraðra, saga, samþykkt 1967-1986.

1128 Almennar reglur o.fl. 1973-1987.

1129 Ýmislegt varðandi FR 1971-1981.

F-4/3 (308.01.01) Fundargerðir.

1140 Samskipti við Félag einstæðra foreldra og kvennaathvarf, málefni fatlaðra 1959-1991.

1147 Barnaverndarmál. Dvalir á vistheimilum v. Mánagötu, Hraunberg, Mánagötu og Dalbraut 1963-1993.

1157 Samþykktir, skipulag, nefndir, umræður í borgarstjórn varðandi félagsþjónustu 1962-1993.

1169 Sumardvalir, vistheimili, dagvistun, Svefneyjar og ýmis málefni barna 1963-1986.

1170 Upphaf barnaverndarlaga 1930, skýrsla frá maí 2000, vistun barna, skjöl barnaverndarnefndar 1967-1968.

1171 Greinargerðir um þjónustu v/börn og unglinga, samstarfsnefnd um barnaverndarmál, skipulag og starfshættir barnaverndarnefndar o.fl. 1966-1994.

1185 Ýmsar kannanir og skýrslur á sviði félagsmála 1970-1993.

1191 Ýmsir þættir í tengslum við rekstur FR, saumastofa, vetrarhjálp o.fl. 1965-1994.

1196 Umsagnir um löggjöf á sviði félagsmála 1952-1994.

1197 Rekstur, reglur um framkvæmd og starfsmannahald.

### Fræðsluráð

138 Skólanefndir og Fræðsluráð 1959-1944.

1102 Fundargerðir Fræðsluráðs 1977-1984.

A 6271 Fundargerðir Fræðsluráðs án árt.

### Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur (Reykjavíkumdamis frá 1986; askja/örk)

F-4 /5 Fræðslustjórafundur 1974 - 1975.

F-6 /0 Málafundir 1947 - 1984. Fræðslulagafrumvarp - Fræðslustjóramót.

F-6/3,4, 6 Fræðslustjóramót 1970 -1976.

F-7/0 Fræðslustjóri - Fundir. Málafundir 1947 - 1984.

F-7/1 Fræðslustjóri. Ræður 1970 - 1972.

F-7/2 Fræðslustjóri. Erlend bréf 1950 - 1976.

F-7/5-6 Fundir: Fræðslustjóramót 1980-1981.

F-11/1 Minnisblöð, viðtöl og bréf fræðslustjóra 1963-1978.

F-18/4 Bréf frá borgarstjóra 1974 - 1981.

F-21/0 Skýrslur forskóladeildar barna-/grunnskóla Reykjavíkur 1970-1984 o.fl.

- 8-15/0 A-8-A-15 Bréf fræðslustjóra frá 1986.  
 48/0 M-1 Fræðslustjórar umdæma, fundargerðir 1988 - 1995.  
 50/0 M-3 Fræðslustjórar, mál höfuðborga Norðurlanda 1978-1996.  
 54 /0 M-7 Menntamálaráðuneyti - fræðslustjóri ýmis gögn 1988-1995.  
 56 A/0 A-16 Bréf frá fræðslustjóra 1986-1987.  
 57 B/0 A-18 Fræðslustjórar - ýmis gögn frá Fræðsluskrifstofu 1988-1991.  
 99, 101/0 Ýmis bréf, kannanir, námskeið, skýrslur, lög, reglugerðir og úrskurðir 1963-1986.  
 110/0 Bréf fræðslustjóra 1995-1996.  
 111/0 Fundargerðir 1991-1995.  
 131/0 Ýmislegt 1986-1995.

### Félagsmálaráð

- 15263 Fundargerðir Félagsmálaráðs Reykjavíkur 1972.  
 15780 Barnaheimili Reykjavíkurbæjar. Skýrslur framfærslunefndar. Komu- og brottfarardagar barna 1960-1961.  
 15781 Barnaheimili Reykjavíkurbæjar. Skýrslur framfærslunefndar. Komu- og brottfarardagar barna 1962-1963.  
 15782 Barnaheimili Reykjavíkurbæjar. Skýrslur framfærslunefndar. Komu- og brottfarardagar barna 1964-1965.

### Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar

- 6 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Ársyfirlit o.fl. 1932-1968.  
 19 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnavernd. Vistheimili barna. Barnaverndarmál.  
 20 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnavernd. Vistheimili barna. Barnaverndarmál.  
 21 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnavernd. Vistheimili barna. Barnaverndarmál.  
 22 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnavernd. Vistheimili barna. Barnaverndarmál.  
 44 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnavernd. Vistheimili barna. Barnaverndarmál.  
 45 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnavernd. Vistheimili barna. Barnaverndarmál.  
 39 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Eftirlitsskýrslur. Tímabil 1940-1964. Möppur 1-70.  
 40 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Eftirlitsskýrslur. Tímabil 1940-1964. Möppur 71-183.  
 41 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Eftirlitsskýrslur. Tímabil 1940-1964. Möppur 184-324.  
 42 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Eftirlitsskýrslur. Tímabil 1940-1964. Möppur 326-467.  
 43 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Eftirlitsskýrslur. Tímabil 1940-1964. Möppur 488-515.  
 47 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fræðslumál 1932-1970.  
 92 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Bréf vegna einstaklingsmála o.fl. 1967-1974.  
 126 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 127 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 128 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 129 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 130 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 131 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 132 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 133 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 134 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 135 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 136 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 137 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 138 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 139 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 147 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Ýmislegt v/sumardvala barna á sveitaheimilum 1933-1967.  
 148 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnaheimili 1932-1971.  
 149 Barnavernd, Barnaheimili, Elliðahvammur, Sólheimar í Grímsnesi.  
 160 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnaheimilið Silungapollur. Gögn um heilsufar barna 1961-1966.  
 161 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnaheimilið Silungapollur. Gögn um heilsufar barna 1967-1970.  
 170 Barnavernd. Skýrsla um eftirlit með börnum árið 1950, 1951, 1952 og 1953 eftir Porkel Kristjánsson.  
 238 Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1944-1951.  
 239 Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1951-1961.  
 240 Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1962-1970.  
 241 Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1970-1976.  
 273 Ársskýrslur barnaverndarnefndar 1932-1968.  
 285 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Skýrslur vegna barna 1962-1966.

C/428 Skrifstofa félagsmálastjóra. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins, Dalbraut, vistheimilið Silungapollur 1968-1984.

C/529 Skrifstofa félagsmálastjóra. Málefni barna, Sálfræðideild skóla, skammtímvistun, samstarfsaðilar 1964-1989.

C/549 Skrifstofa félagsmálastjóra. Barnaheimili, vistheimili 1953-1987.

### Skólaskrifstofa Reykjavíkur

Askja 5 Sálfræðingar skóla 1953-1974.

Askja 8 Barnavernd 1955-1962. Heimavistarskólarnir að Jaðri og Hlaðgerðarkoti.

Askja 9 Barnaheimili 1946-1960.

Askja 331 Borgarstjóri og borgarráð, bréf hingað 1963-1979.

Askja 346 Málasafn fræðsluskrifstofu. Sálfræðideild 1972-1987.

Askja 357 Málasafn fræðsluskrifstofu. Jaðar, bréf o.fl. 1944-1951.

Askja 385 Jaðar 1944-1972.

Askja 700 Sumardvalir barna 1944-1969.

Askja 771 Heilbrigðiseftirlit o.fl. 1910-1984.

Askja 777 Heimavistarskólinn að Jaðri. Bréf, greinargerðir, samningar o.fl. 1944-1973.

Askja 779 Sálfræðipjónusta. Skýrslur, bréf o.fl. 1955-1974.

### Skrifstofa Borgarstjóra. Málasafn

F-13 Barnavernd 1915-1952.

F-14 Vandræðabörn 1935-1956.

F 17 (A7622 a) Barnaheimilissjóðir Reykjavíkur og Thorvaldsensfélagsins 1925-1965.

F-17 Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins 1967-1968.

F-29 Barnavernd 1953-1968.

F-30 Barnavernd 1951-1962.

F-31 Barnavernd 1946-1973.

F-83 Vöggustofur 1961-1971.

F-124 Sálfræðideild skóla 1960-1969.

F-141 Jaðar 1945-1958.

F-146 Barnaheimili, dagheimili, leikskólar og vöggustofur 1920-1968.

Umræður í borgarstjórn 06.04.1967.

Umræður í borgarstjórn 02.11.1967.

PÍ = Þjóðskjalasafn Íslands

### Barnaverndarráð Íslands

2002-A/1 Fundargerðir Barnaverndarráðs 1930-1958.

2002-A/2 Fundargerðir Barnaverndarráðs 1958-1975.

2002-C/1 Ársskýrslur Barnaverndarráðs 1932-1983.

2002-G/1 Skýrslur barnaverndarnefnda 1946-1959.

2002-G/2 Skýrslur barnaverndarnefnda 1961-1963.

2002-G/3 Skýrslur barnaverndarnefnda 1964-1966.

2002-J/2 Skýrslur barnaverndarnefnda 1967-1968.

251

1989-B/15 Skýrslur barnaverndarnefnda 1970-1972.

1989-B/16 Skýrslur barnaverndarnefnda 1973-1974.

1989-B/28 Skýrslur um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1943-

1967. Ársskýrslur Félagsmálastofnunar Reykjavíkur 1969-1980.

1989-B/34 Eftirlitsferðir með vistheimilum og sumardvalarheimilum 1952-1978.

### Heilsuverndarstöð Reykjavíkur

2017/134. A Geðverndardeild (1960-1970).

### Kópavogshæli

B/3-1. Nafnalisti vistmanna 1970-1982.

### Birtar heimildir

American Psychiatric Association (2013). *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders, 5th ed. (DSM-5)*. American Psychiatric Association.

Ármann Snævarr (1959) Ættleiðing og ættleiðingarlöggjöf. *Tímarit lögfræðinga*, 65-118.

- Ása Gruda Skard (1949). *Barn á virkum degi*. Norðri. (Ísl. Þýðing Valborg Sigurðardóttir). Bækur fyrir mæður og verðandi mæður (1968). *Húsfreyjan 4t1b*, 19 árg., bls. 37.
- Bennett, M., Webster, A. A., Goodall, E., Rowland, S., Bennett, M., Webster, A. A., ... & Rowland, S. (2018). Establishing contexts for support: Undoing the legacy of the "refrigerator mother" myth. *Life on the autism spectrum: Translating myths and misconceptions into positive futures*, 61-80.
- Berk, L.A. (2012). *Child Development*, 9th ed. Pearson.
- Bradley S. (2001). Suffer the little children. The influence of nurses and parents in the evolution of open visiting in children's wards 1940-1970. *International history of nursing journal*, 6(2), 44-51.
- Bragi Guðbrandsson (2008): Barnavernd og uppeldisstofnanir. Saga stofnana fyrir börn og um samfélagsbreytingar um miðja 20. öld. Fylgiskjal nr. 2. Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Forsætisráðuneyti, Reykjavík.
- Bruce, M., Young, D., Turnbull, S., Rooksby, M., Chadwick, G., Oates, C., ... & Minnis, H. (2019). Reactive attachment disorder in maltreated young children in foster care. *Attachment & Human Development*, 21(2), 152-169.
- Center on the Developing Child (2007). *The Science of Early Childhood Development* (InBrief). Harvard University.
- deRegnier, R. A., Wewerka, S., Georgieff, M. K., Mattia, F., & Nelson, C. A. (2002). Influences of postconceptional age and postnatal experience on the development of auditory recognition memory in the newborn infant. *Developmental psychobiology*, 41(3), 216-225.
- Eggert Þór Bernharðsson (1998). Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990, síðari hluti.
- Fantz, R.L. (1961). The origin of form perception. *Scientific American*, 204, 66-72.
- Ginsburg, H. & Opper, S. (1969). *Piaget's Theory of Intellectual Development. An Introduction*. Prentice Hall.
- Guyon-Harris, K. L., Humphreys, K. L., Fox, N. A., Nelson, C. A., & Zeanah, C. H. (2018). Course of disinhibited social engagement disorder from early childhood to early adolescence. *Journal of the American Academy of Child & Adolescent Psychiatry*, 57(5), 329-335.
- Harlow, H. F. (1958). The nature of love. *American psychologist*, 13(12), 673-685.
- Hayes, S.C., Follette, W.C. & Follette V.M. (1995). Behavior Therapy: A Contextual Approach. Í A.S. Gurman & S.B. Messer (ritstj.) *Essential Psychotherapies* (bls. 128-225).
- Kagan, J., Kearsly, R.B. & Zelazo, P. (1978). *Infancy: It's place in human development*. Harvard University Press.
- Kail, R.V. (2007). *Children and their development*, 4th ed. Pearson Education.
- Keenan, T., Evans, S. & Crowley, K. (2016). *An Introduction to Child Development*, 3rd ed. Sage Publications.
- Knútur Arngrímsson (1980): *Thorvaldsensfélagið 100 ára - Afmælisrit*.
- National Scientific Council on the Developing Child. (2012). *The Science of Neglect: The Persistent Absence of Responsive Care Disrupts the Developing Brain: Working Paper 12*. Harvard University.
- Nelson, C.A. & Bosquet, M. (2000). Neurobiology of fetal and infant development: Implication for infant mental health. Í C.H. Zeanah (ritstj.) *Handbook of Infant Mental Health* (bls. 37-59). Guilford.
- Pallini, S., Baiocco, R., Schneider, B. H., Madigan, S., & Atkinson, L. (2014). Early child-parent attachment and peer relations: A meta-analysis of recent research. *Journal of Family Psychology*, 28(1), 118.
- Platt, H. (1959). *The Platt Report*, (formerly known as the *Welfare of Sick Children in Hospital*). Ministry of Health.
- Rowold, K. (2019). What do babies need to thrive? Changing interpretations of 'Hospitalism' in an international context, 1900-1945. *Social History of Medicine*, 32(4), 799-818.
- Schneider, B. H., Atkinson, L., & Tardif, C. (2001). Child-parent attachment and children's peer relations: A quantitative review. *Developmental psychology*, 37(1), 86.
- Schultz, D.P. & Schultz, S.E. (1987). *A History of Modern Psychology*, 4th ed. Harcourt, Brace & Jovanovich.
- Sigurjón Björnsson. (1964). *Úr hugarheimi*.
- Sigurjón Björnsson. (1967). Vistheimili fyrir ungbörn. *Réttur - tímarit um þjóðfélagsmál*, 40-44.
- Símon Jóhann Ágústsson (1949). Barn á virkum degi. Ritdómur. Morgunblaðið, 22. nóvember 1949 bls.4.
- Símon Jóhannes Ágústsson. (1952). Móðurvernd og föðurhandleiðsla"
- Símon Jóhannes Ágústsson. (1952). Móðurvernd og föðurhandleiðsla. *Andvari*, 78-94.
- Símon Jóhannes Ágústsson. (1952) Alþjóðleg ráðstefna um geðvernd. *Menntamál*, 53-58.
- Símon Jóhannes Ágústsson. (1962). Um ættleiðingu, Reykjavík 1964
- Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 (2008). *Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979*. Forsætisráðuneytið.
- Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 1. (2009). *Könnun á starfsemi Heyrnleysingjaskólans 1947-1992, vistheimilisins Kumbaravogs 1965-1984 og skólaheimilisins Bjargs 1965-1967*. Forsætisráðuneytið.

- Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 2. (2010). *Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistaraskólans að Jaðri 1946-1973*. Forsætisráðuneytið.
- Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 3. (2011). *Könnun á starfsemi Upptökuheimilis ríkisins 1945-1971, Unglingaheimilis ríkisins 1971-1994 og meðferðarheimilisins í Smáratúni og á Torfastöðum 1979-1994*. Forsætisráðuneytið.
- Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. *Könnun á vistun barna á Kópavogshæli* (2016). Forsætisráðuneytið.
- Sveinn Ragnarsson (2000). Sögulegt yfirlit félagsþjónustu. *Sveitarstjórnarmál*, 60(2), 100-105
- Taylor, J., Muller, D. & Harris, P. (1999). *Nursing Children: Psychology, Research and Practice*. Nelson Thornes.
- The Platt Report *British Journal of Medicine*, 1961;2:159
- Valborg Sigurðardóttir (1966). Fóstruskóli Sumargjafar. *Húsfreyjan*, 17 (4 tlb.), bls. 19-20.
- Van den Dries, L., Juffer, F., Van IJzendoorn, M. H., & Bakermans-Kranenburg, M. J. (2009). Fostering security? A meta-analysis of attachment in adopted children. *Children and youth services review*, 31(3), 410-421.
- Verndið börnin. Nokkrar leiðbeiningar handa foreldrum um barnaupveldi* (1950). Símon Jón. Ágústsson tók saman. Reykjavík: Barnaverndarnefnd Reykjavíkur.
- Vilmundur Jónsson (1950). *Leiðbeiningar um meðferð ungbarna*. Landlæknir
- Whitwer, A.N., Lawton, K. & Aman, M.G. (2013). Intellectual Disability. Í E.J. Mash & R.A. Barkley (ritstj.) *Child Psychopathology* (bls. 593-624). Guilford Press.
- Webber, C., Blissett, J., Addessi, E., Galloway, A. T., Shapiro, L., & Farrow, C. (2021). An infant-led approach to complementary feeding is positively associated with language development. *Maternal & Child Nutrition*, 17(4), e13206.
- Zauche, Lauren Head, Taylor A. Thul, Ashley E. Darcy Mahoney, and Jennifer L. Stapel-Wax (2016) Influence of language nutrition on children's language and cognitive development: An integrated review. *Early Childhood Research Quarterly* 36, 318-333.







Borgarráð

### ***Eftirfylgni á skýrslu nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins***

Nefnd um heildstæða athugun á starfsemi vöggustofa að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins (Vöggustofunefnd) kynnti skýrslu sína í borgarráði 5. október s.l. Hún komst að þeirri niðurstöðu að börn hafi sætt illri meðferð á Vöggustofunni Hlíðarenda á tímabilum yfir árin 1949 til 1963. Þá hafi börn í ýmsum tilvikum einnig sætt illri meðferð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á tímabilum frá 1963 til 1967. Skýrslan er ákaflega vel unnin og nefndarfélagið Kjartan Björgvinsson nýskipaður landsréttardómari, Urður Njarðvík prófessor í barnasálfræði og Ellý Þorsteinsdóttir félagsraðgjafi, eiga skilið mikla þökk fyrir gríðarlega umfangsmikla, vel rannsakaða og rökstudda skýrslu og vinnu. Hvatamönnum að því að rannsóknin yrði unnin eiga ekki síður skilið þakkið, þeir Árni H. Kristjánsson, Fjölur Geir Bragason, Hrafn Jökulsson, Tómas V. Albertsson og Viðar Eggertsson. Nú skiptir miklu máli að fylgja skýrslunni eftir og þeim tillögum sem þar koma fram.

Samkvæmt skýrslunni voru alls 1083 börn vistað á vöggustofunum frá 1949 til 1973. Vöggustofunefnd telur ljóst af skriflegum heimildum og frásögnum fyrrverandi starfsfólks að foreldrum barna á vöggustofunum hafi á tímabilum í reynd almennt verið meinað að umgangast börn sín á meðan þau voru á vöggustofunni, hvort sem var að halda á þeim eða snerta með öðrum hætti. Foreldrar hafi almennt einungis mátt sjá börnin í gegnum gler og gilti sú regla óháð því af hvaða ástæðum barn var vistað á vöggustofu. Með þessum starfsháttum voru tengsl barns við foreldra, og eftir atvikum systkini, rofin á mjög löngum tímabilum án þess að börnum væri veitt persónuleg umönnun sem var til þess fallin að draga úr skaðlegum áhrifum tengslarofs við foreldra eða aðra umönnunaraðila. Að mati nefndarinnar teljast slíkir starfshættir, með hliðsjón af öðrum aðstæðum á vöggustofunni, til illrar meðferðar í skilningi laga. Jafnframt er það niðurstaða nefndarinnar að málsmeðferð barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi verið annmörkum háð þegar hún tók ákvarðanir um að vista börn á vöggustofum á því tímabili sem athugun nefndarinnar nær til 1949-1973. Þá hefur nefndin einnig komist að þeirri niðurstöðu að opinbert eftirlit með starfsemi vöggustofanna hafi verið óviðunandi stærstan hluta þess tímabils sem þær störfuðu.

Með hliðsjón af þessum atriðum taldi vöggustofunefndin tilnefni til að setja fram alls fjórar tillögur. Fyrsta tillagan lýtur að hugsanlegum skaðabótageiðslum til þeirra sem vistaðir voru á vöggustofunum sem börn. Önnur tillagan fjallar um geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu til sömu einstaklinga en sú þriðja beinist að gildandi framkvæmd og eftirliti á sviði barnaverndarmála. Fjórða og síðasta tillagan lýtur að því að borgarráð taki afstöðu til þess hvort rétt sé að framhald verði á athugun á vöggustofum í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 45/2022. Hér verður farið nánar yfir tillögur vöggustofunefndar og jafnframt tillögur að málsmeðferð og umsögnum.





## 1. Skaðabótageiðslur

Tillaga vöggustofunefndar er að stjórnvöld meti það út frá niðurstöðum í skýrslunni hvort og þá að hvaða marki verði leitast við að rétta hlut þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins með fjárgreiðslu í formi skaðabóta. Tillaga vöggustofunefndar til stjórnvalda er að þá verði jafnframt tekin afstaða til þess hvort rétt sé að fara aftur þá leið sem farin var með setningu laga nr. 47/2010 og núgildandi lögum þá breytt til þess horfs að unnt sé að fjalla um umsóknir þeirra sem vistaðir voru á báðum vöggustofunum á meðan þar var sólahringsvistun. Sú leið byggir á því að leyst sé úr hverju máli fyrir sig á grundvelli krafna tjónþola. Önnur fær leið væri að sett væru ný lög sem heimiluðu að greiddar verði skaðabætur á almennum grundvelli. Á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar er frumvarp forsætisráðherra um sanngirnisebætur sem ætlað er að taka af skarið í þessum efnunum og skapa umgjörð og farveg fyrir þær.

## 2. Geðheilbrigðis- og sálfræðipjónusta

Vöggustofunefndin telur brýnt að stjórnvöld leggi á það ígrundað mat hvort og þá hvaða þörf sé á að tryggja geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu eða aðra sértæka aðstoð fyrir þá sem dvöldu á vöggustofunum. Við það mat verði þá tekið mið af þeirri reynslu sem þegar liggur fyrir í þeim efnunum. Við nánara mat og undirbúning á frekari tillögum telur nefndin rökrétt og eðlilegt að annaðhvort verði gerðar viðhlítandi ráðstafanir á vettvangi Reykjavíkurborgar til að tryggja að vöggustofubörn fái geðheilbrigðis- eða sálfræðipjónustu eða, eftir atvikum, aðra sértæka aðstoð sér að kostnaðarlausu. Í því efni er þó æskilegt að skilgreina umfang og tímamörk þjónustunnar fyrirfram eftir almennum viðmiðum.

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við sérfræðinga á þessu sviði, að láta vinna tillögu um nánari útfærslu sem tryggir vöggustofubörnum kostnaðarlausu geðheilbrigðis- eða sálfræðipjónustu sem fyrst. Tillagan verður lögð fram á fundi borgarráðs þegar hún liggur fyrir.

## 3. Eftirlit og framkvæmd á sviði barnaverndarmála

Vöggustofunefnd telur rétt að áréttu fyrri ábendingar vistheimilaneftndar, þar sem mikilvægt er að rýna reglulega þær aðstæður og umhverfi sem starfsmenn barnaverndar starfa í. Nefndin telur því að niðurstöður hennar endurspegli nauðsyn þess að sveitarfélög tryggi að barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra hafi nægilegt svigrúm og tíma til að vinna hvert og eitt mál í samræmi við ákvæði laga og reglna. Í því felst að sett séu viðmið um takmörkun mála fjöldi á hvern sérfræðing og tryggð sé sérhæfð þekking í mati, greiningu, meðferðaráætlun og eftirfylgd. Þá verður að huga sérstaklega að hæfni og reynslu nefndarmanna og stuðla að því að fagfólk á sviðinu geti aflað sér sí- og endurmenntunar. Sveitarfélög verða einnig að tryggja framboð af stuðningsúrræðum til að styrkja börn og fjölskyldur þeirra svo komast megi hjá vistun utan heimilis.

Lagt er til að borgarráð samþykki að vísa tillögu vöggustofunefndar um eftirlit og framkvæmd á sviði barnaverndarmála til umsagnar velferðarráðs og umdæmisráðs barnaverndar.

## 4. Frekari athuganir

Vöggustofunefndin telur rétt að borgarráð leggi á það mat, m.a. út frá niðurstöðum nefndarinnar hvort tilefni sé til að framhald verði á athugun af þeim toga sem nefndin hefur haft með höndum og þá í samræmi við þær almennu valdheimildir sem nefndinni eru fengnar með lögum 45/2022. Við það mat verði þá eftir atvikum tekin afstaða til þess hvort samsvarandi atriði og nefndin lýsti í vöggustofuskýrslunni hafi þá verið fyrir hendi frá og með



árinu 1974 eða hvort rök standi fremur til þess að láta nú staðar numið með starf nefndar samkvæmt lögum nr. 45/2022.

Lagt er til að borgarráð samþykki að vísa tillögu vöggustofunefndar um frekari athuganir til umsagnar borgarlögmans, velferðarráðs og mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs.

### **Umsagnir**

Lagt er til að borgarráð samþykki að vísa skýrslu vöggustofunefndarinnar í heild sinni til umræðu í borgarstjórn. Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki að leita umsagna eftirfarandi aðila um skýrsluna:

- Velferðarráði
- Umdæmisráði barnaverndar
- Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði
- Öldungaráði

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Öldungaráð

---

### ***Umsögn um skýrslu vöggustofunefndar á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og tillögu nefndarinnar um frekari athuganir***

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 10. mars 2022, að setja á stofn nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld undir eftirliti barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Á fundi borgarráðs þann 12. október s.l. var samþykkt tillaga borgarstjóra um eftirfylgni á skýrslu nefndarinnar og var henni vísað til umsagnar velferðarráðs, umdæmisráðs barnaverndar, öldungaráðs og mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs.

Öldungaráð þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um skýrslu vöggustofunefndar um starfsemi vöggustofa. Um afar vandaða vinnu nefndarinnar er að ræða sem fylgt er eftir með viðeigandi hætti og mikilvægt að tillögur skýrslunnar verði rýndar vandlega. Við lestur skýrslunnar er ljóst að þau börn sem dvöldu á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi þurft að þola mikla vanrækslu og grimmd sem er ekkert annað en gróft ofbeldi. Markvisst var reynt að rjúfa mikilvæga tengslamyndun barna og foreldra og átakanlegt að vita að aðeins líkamlegum þörfum barnanna hafi verið sinnt og markvisst stuðlað að félagslegri einangrun þeirra frá umheiminum. Börnin voru að mestu látin afskiptalaus í rúmum sínum og starfsfólki refsað ef að þau sýndu börnunum umhyggju eða athygli.

Dapurlegt er að vita að rekstur vöggustofanna hafi farið fram með þessum hætti þrátt fyrir að víðtæk þekking hafi verið meðal fagfólks á mikilvægi persónulegra tengsla barna við foreldra sína eða aðra umönnunaraðila á fyrstu þremur árum ævinnar. Gögn benda til þess að Barnaverndarráð Reykjavíkur virðist lítið sem ekkert hafa sinnt eftirlitsskyldum sínum gagnvart bæði Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins fram til ársins 1967. Skýrslan er mikilvæg staðfesting á staðreyndum sem áttu sér stað í skjóli borgaryfirvalda og því tekur öldungaráð heilshugar undir ályktun borgarstjórnar frá 17. október s.l. og biður þau börn sem vistuð voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og fjölskyldur þeirra innilegrar afsökunar á illri meðferð, vanrækslu og því óréttlæti sem þau urðu fyrir og sem lýst er í skýrslu vöggustofunefndar. Öldungaráð telur efni skýrslunnar gefa fullt tilfni til að fram fari frekari rannsókn á vistheimilum sem rekin voru undir eftirliti Reykjavíkurborgar eftir árið 1973 og styður þær tillögur sem lagðar eru fram hvað varðar sanngirnissbætur og geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu við þau sem þess þurfa og óska eftir.



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

**Efni:** *Umsögn um skýrslu nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins*

Á fundi borgarráðs þann 12. október sl. var samþykkt tillaga borgarstjóra um eftirfylgni á skýrslu nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins (vöggustofunefndar). Á fundi velferðarráðs þann 18. október sl. fór fram kynning á skýrslu vöggustofunefndar og tillögu borgarstjóra um eftirfylgni á skýrslunni.

Velferðarráð samþykkti svohljóðandi tillögu:

*Velferðarráð tekur heilshugar undir ályktun borgarstjórnar frá 17. október og biður börn sem vistuð voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og fjölskyldur þeirra afsökunar á illri meðferð og því óréttlæti sem lýst var í skýrslu vöggustofunefndar. Velferðarráð felur framkvæmdastjóra Barnaverndar að rýna hvort starfsmenn þeirra hafi nægilegt svigrúm og tíma til að vinna hvert og eitt mál í samræmi við ákvæði laga og reglna. Í því felst að viðmið séu til staðar um takmörkun mála fjölda á hvern sérfræðing. Að til staðar sé sérhæfð þekking í mati, greiningu, meðferðaráætlun og eftirfylgd. Eins hvort að næg sí- og endurmenntunartækifæri séu til staðar sem og hvort framboð af stuðningsúrræðum til að styrkja börn og fjölskyldur þeirra sé nægt. Velferðarráð felur sviðsstjóra að undirbúa umsögn.*

### **Umsögn**

Sú umfangsmikla og faglega vinna sem fram hefur farið af hálfu sjálfstæðar og óháðar nefndar sem Reykjavíkurborg skipaði til að rannsaka starfsemi Vöggustofanna Hlíðarenda (1949-1963) og Thorvaldsensfélagsins hefur leitt í ljós að með þeim starfsháttum sem voru viðhafðir hafi börn sætt illri meðferð. Tengsl barna við foreldra og fjölskyldur voru rofin á tímabilum og starfsemin ekki alltaf í samræmi við lög (m.a. eftirlit og málsmeðferð barnaverndarnefndar). Í skýrslunni setur vöggustofunefndin fram eftirfarandi tillögur:

1. Hugsanlega skaðabótaskyldu til þeirra sem vistaðir voru á vöggustofunni sem börn.
2. Geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu til sömu einstaklinga.
3. Gildandi framkvæmd og eftirlit á sviði barnaverndarmála.
4. Borgarráð taki afstöðu til þess hvort rétt sé að framhald verði á athugun á vöggustofum í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 45/2022.

Með bréfi borgarstjóra til borgarráðs um eftirfylgni á skýrslu nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins dags. 10. október 2023 eru lagðar fram tillögur um málsmeðferð og umsagnir. Fram kemur að á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar er frumvarp forsætisráðherra um sanngirnissbætur sem ætlað er að taka af skarið um skaðabótaskyldu. Að tillaga verði lögð fyrir borgarráð um útfærslu sem tryggir vöggustofubörnum kostnaðarlausu geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu sem fyrst. Að



tillögu vöggustofunefndar um eftirlit og framkvæmd á sviði barnaverndarmála verði vísað til umsagnar velferðarráðs og umdæmisráðs barnaverndar og að tillögu vöggustofunefndar um frekari athuganir á grundvelli laga nr. 45/2022 frá árinu 1974 verði vísað til umsagnar borgarlögmanns, velferðarráðs og mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs.

Velferðarráð tekur undir þær tillögur sem lagðar eru fram af borgarstjóra. Enn fremur er það mat velferðarráðs að ekki verði hjá því komist að tímabilið 1974 - 1979 verði tekið til frekari athugunar og þá með hliðsjón af breyttum verkefnum vöggustofunnar á því tímabili.

Hjá Barnavernd Reykjavíkur starfa fimm teymi ráðgjafa með mismunandi sérhæfingu. Alls eru þetta um 40 ráðgjafar sem allir hafa greiðan aðgang að deildarstjórum sem veita handleiðslu og stuðning. Lagt er upp með að á hverjum tíma sé hver ráðgjafi að vinna að málefnum 20 til 25 barna. Með því móti gefst tækifæri til þess að sinna reglulegu mati, á aðbúnaði barns og fjölskyldu, gera faglegar greiningar og fylgja eftir skýrum markmiðum meðferðaráætlana á grundvelli barnaverndarlaga. Mikilvægt er að viðkomandi ráðgjafi sé sýnilegur í lífi barns og/eða ungmennis og upplýsi um hlutverk sitt og með hvaða hætti má ná sambandi við hann. Lagt er upp með regluleg samskipti við bæði barnið og foreldrana sem fá víðtækan stuðning til að efla foreldrafærni sína og að auki er öll áhersla á að hlutaðeigandi séu upplýstir reglulega um stöðu mála.

Að auki starfa tveir sálfræðingar og tveir lögfræðingar hjá Barnavernd Reykjavíkur sem taka þátt í þverfaglegu samstarfi og móta áætlanir í málavinnslu.

Síðustu ár hefur verið unnið að því að draga úr málafjölda sem hver ráðgjafi sinnir og gefa þannig tíma og svigrúm til þess að hægt sé að fara út á vettvang, mynda meðferðarsamband og að ráðgjafinn sjálfur sé ætíð í stakk búinn til þess að nýta fagþekkingu sína sem allra best. Vinna ráðgjafans er mikilvægasta úrræðið sem barnaverndarstarf hefur upp á að bjóða, með tilliti til heildarsýnar á málefni barnsins og fjölskyldunnar.

Vistheimilið Mánaberg er hluti af starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur. Innan Mánabergs fer fram þrjúþætt starfsemi. *Greiningar- og leiðbeiningarvistun* felur í sér að foreldrar og börn búa á Mánabergi í 8 – 12 vikur og er þá markviss meðferðarvinna í gangi til þess að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og efla tengsl barna og foreldra þannig að foreldrar geti snúið aftur heim með börnin sín. Í ákveðnum tilvikum geta foreldrar gist með börnum sínum. Einnig gegnir Mánaberg hlutverki *vistheimilis* þar sem börn eru vistuð í mislangan tíma þegar taka þarf þau af heimili vegna óviðunandi ástands og ekki er um að ræða aðila í þeirra fjölskyldu sem getur tekið við umönnun þeirra. Að auki er á Mánabergi starfrækt *teymi sem fer heim* og fylgir eftir markmiðum meðferðaráætlunar á heimilum undir handleiðslu þess ráðgjafa sem fer fyrir málinu.

Kletturinn er vistheimili fyrir 12 til 18 ára börn sem rekið er af Klettabæ ehf. með þjónustusamningi. Mjög gott og faglegt starf er unnið þar og úrræðið er alltaf í fullri nýtingu.

Allir starfsmenn hjá Barnavernd Reykjavíkur eru hvattir til símenntunar og einnig að taka þátt í fjölbreyttri fræðslu sem bæði velferðarsvið og ýmsir samstarfsaðilar standa fyrir. Hvert teymi er með alls fjóra starfsdaga á ári þar sem markvisst er unnið að því að bæta verkferla, öðlast frekari þekkingu á nýjum áskorunum, kynna sér nýjar rannsóknir o.fl. Að auki eru starfsdagar haldnir árlega að vori sem allir starfsmenn taka þátt í. Í maí síðastliðnum var starfsdagurinn tileinkaður tveimur námskeiðum, annars vegar í áhugahvetjandi samtölum og hins vegar í skaðaminnkun.

Starfsumhverfi barnaverndarsérfræðinga er þungt að því leyti að um árabíl hefur skort á viðeigandi stuðnings- og meðferðarúrræði sem ríkinu ber að veita. Er þar átt við inniliggjandi





meðferðir fyrir ungmenni, búsetuúrræði fyrir þá sem eru með fjölþættan vanda og að auka hefur Barna- og fjölskyldustofu gengið illa að útvega fleiri fósturforeldra. Húsnæði Mánabergs, vistheimilis barna, getur ekki lengur mætt þörfum starfseminnar, og því er brýnt að fundið sé nýtt húsnæði sem fyrst, á meðan skipulag og uppbygging á framtíðarhúsnæði Mánabergs er í gangi. Áhersla er á að tryggja því starfsfólki sem sinnir barnaverndarþjónustu stuðning og ráðgjöf enda er um að ræða störf þar sem bæði ábyrgð og álag er mikið og orðsporsáhætta töluverð.

### Til umhugsunar

Það er óumflúið að við lestur á athugun vöggustofunefndar vakni upp sú hugsun hvort starfshættir stofnanna velferðarsviðs, þar sem börn dvelja allan sólarhringinn, séu þess eðlis að faglegur aðbúnaður barna, réttindi þeirra og foreldra séu tryggð. Er þá m.a. vísað til lagalegrar umgjarðar sem og samtímaþekkingar á þroska barna og ungmenna. Horfa verður til þess með hvaða hætti sagan gæti dæmt starfsemina eins og hún er í dag.

Í dag rekur velferðarsvið Reykjavíkurborgar tvö heimili fyrir fötluð börn, sex skammtímadvalir og vistheimili fyrir börn á grundvelli barnaverndarlaga nr. 18/2002 og laga um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Að auki dvelja börn í sólarhringsþjónustu hjá stuðningsfjölskyldum á grundvelli sömu laga. Samningar hafa einnig verið gerðir við einkaaðila um búsetu barna. Þau börn sem dvelja á heimilum, skammtímadvölum og hjá stuðningsfjölskyldum dvelja þar með samþykki og að ósk foreldra sem er mikilvægt að hafa í huga. Mikil áhersla er á að foreldrar séu sem virkastir þátttakendur í lífi barna þeirra og allar ákvarðanir séu teknar í samráði við foreldra. Áhersla er á að stuðningur á heimili barns sé fullreyndur áður en barn þarf að vistast utan heimilis. Á Mánabergi, vistheimili fyrir börn, er lögð á það áhersla að foreldrar séu eins mikið með börnum sínum og kostur er. Einnig hefur barnavernd keypt þjónustu af einkaaðilum sem vinna með viðkomandi foreldrum á heimili þeirra.

Í kröfulýsingum sem gerðar eru til þeirra sem reka heimili fyrir börn/tímabundna búsetu eða dvöl koma annars vegar fram kröfur sem lúta að rekstri, svo sem um skipulagi, ábyrgð, upplýsingaskyldu og eftirliti. Annars vegar er skilgreind sú þjónusta sem veita á börnum/ungmönnum þar sem fjallað er um hlutverk og þjónustuöryggi, ásamt lýsingu á helstu þáttum þjónustunnar. Starfsemin grundvallast á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, reglugerð um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir nr. 1038/2018, lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 og reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010, auk barnaverndarlaga nr. 80/2002. Meginmarkmiðið er að búa börnum/ungmönnum hlýlega, friðsæla og örugga dvöl með hliðsjón af einstaklingsbundnum þroska, getu og aldri þeirra. Tryggja skal góð og jákvæð samskipti við foreldra/forsjáraðila, starfsmenn líti á barn/ungmenni og foreldra/forsjáraðila sem mikilvæga samstarfsaðila og taki mið af þörfum og viðhorfum þeirra. Lögð skal áhersla á að samvinna og samtál starfsmanna og aðstandenda sé með þeim hætti að þarfir og væntingar barna/ungmenna og/eða aðstandenda séu höfð að leiðarljósi. Umönnun og uppeldi sem veitt er á heimilinu skal vera í samráði og samstarfi við forsjáraðila eftir því sem kostur er.

Sólarhringsþjónusta tryggir aðgengi foreldra/forsjáraðila að heimilinu eftir því sem við á. Börnum/ungmönnum skal tryggður réttur í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi og gera skal ráðstafanir gegn ofbeldi og misnotkun



Í kröfulýsingum kemur fram að verksali skuli tryggja að starfsemin sé ætíð mönnuð nægilega mörgum starfsmönnum svo að hægt sé að veita skilgreinda þjónustu og að minnsta kosti einn starfsmaður með fagmenntun sé til staðar á vöku tíma. Starfsmenn skulu hafa grunnþekkingu á uppeldi og umönnun barna og geta tileinkað sér leiðbeiningar sérfræðinga á sviði geð- og þroskaraskana. Nýir starfsmenn skulu í samræmi við störf þeirra, starfslýsingar og skriflega þjálfunaráætlun, fá þjálfun og handleiðslu á vettvangi í því verklagi sem þeim er ætlað að fylgja. Jafnframt skal öllum starfsmönnum kynntur V. kafli laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011, sem fjallar um ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk. Greina skal þörf á endurmenntun starfsmanna, gera áætlun þar um og hrinda henni í framkvæmd. Í kröfulýsingu er jafnframt getið um framkvæmd eftirlits með þjónustunni.

Einkaaðilar sem veita eða hyggjast veita þjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir eða samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, þurfa að afla starfsleyfis félagsmálaráðuneytisins. Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar sér um útgáfu starfsleyfanna. Öll þjónusta einkaaðila sem veitt er samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er starfsleyfisskyld. Þá nær starfsleyfisskylda einkaaðila einnig til þeirra sem sinna þjónustu sem ekki er lögbundin ef hún hefur þann megintilgang að veita fötluðu fólki sértæka aðstoð eða þjónustu.

Mat velferðarráðs er að ýmsar leiðir hafi verið farnar til að tryggja öryggi og aðbúnað barna í þjónustu sviðsins, með Reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra, skýru verklagi, þjálfun og endurmenntun, innleiðingu farsældarlaganna og gerð kröfulýsinga. Í Reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og foreldra þeirra er lögð mikil áhersla á samráð og samstarf við foreldra og að vistun barns utan heimilis eigi að koma til þegar annan stuðning þrýtur. Markmið kröfulýsinga er að tryggja umgjörð þeirrar þjónustu sem verið er að veita. Í kjölfar skýrslu vöggustofunefndar hafa kröfulýsingar verið rýndar að nýju og þykir rétt að þær verði endurskoðaðar og skýrar kveðið á um að uppeldi og tengsl barna og foreldra taki mið af viðurkenndum uppeldisaðferðum, tengsla- og áfallamiðaðri nálgun, fjölskyldumiðuðum stuðningi og samþættingu í þágu farsældar barna. Einnig hafa barnaverndarlög nr. 18/2002, lög um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 myndað skýran ramma um starfsemi velferðarsviðs sem byggir á þeim lögum.

Miðað við samtímaþekkingu, reynslu og úttektir og athuganir sem hafa verið gerðar á börnum sem vistast utan heimilis telur velferðarráð mikilvægt að huga að eftirfarandi:

- Að auka þurfi svigrúm til virks innra eftirlits með starfsemi sólarhringsstofnana.
- Skýra þurfi betur þær leiðir sem foreldrar og þau börn sem dvelja í sólarhringsúrræðum geta farið til að gera athugasemdir við og/eða lagt fram kvartanir yfir þjónustu.
- Að koma mætti í veg fyrir dvöl hóps barna utan heimilis ef auknu fjármagni væri t.d. veitt í NPA-samninga eða sólarhringsþjónustu inn á heimili. Hins vegar verður að hafa í huga að í sumum tilfellum er ekki hægt að koma á þjónustu við barn inn á heimili þess þrátt fyrir aukið fjármagn.
- Að sólarhringsstofnunum sé tryggt nægt fjármagn til ráðninga fagfólks sem hefur áhrif á þá faglegu umgjörð sem skapa þarf börnum og tryggir öryggi þeirra.



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

### ***Umsögn um skýrslu vöggustofunefndar á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og tillögu nefndarinnar um frekari athuganir***

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 10. mars 2022 að setja á stofn nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld undir eftirliti barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Á fundi borgarráðs þann 12. október sl. var samþykkt tillaga borgarstjóra um eftirfylgni á skýrslu nefndarinnar og var henni vísað til umsagnar velferðarráðs, umdæmisráðs barnaverndar, öldungaráðs og mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. Óskað var eftir því að Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð tæki fyrir tillögu nefndarinnar um að fram færu frekari athuganir á starfseminni.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þakkar fyrir tækifæri til að veita skýrslu nefndar um starfsemi vöggustofa umsögn. Nefndin hefur unnið afar mikilvægt starf og nú er þarft að þeirri vinnu verði fylgt eftir með viðeigandi hætti og að tillögur nefndarinnar um viðbrögð við niðurstöðum skýrslunnar verði skoðaðar vandlega. Af lestri skýrslunnar er ljóst að börnin sem dvöldu á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins þurftu að þola mikla vanrækslu sem jafna má við andlegt ofbeldi. Mikilvæg tengsl barna og foreldra voru rofin án þess að málefnalegar ástæður hafi staðið þar að baki og án þess að aðrir umönnunaraðilar hafi veitt börnunum nánd og hlýju í þeirra stað. Aðeins líkamlegum þörfum barnanna var sinnt og áhersla lögð á hreinlæti og einangrun þeirra frá umheiminum. Börnin voru að mestu látin afskiptalaus í rúmum sínum og starfsfólk ávítað ef að þau sýndu börnunum athygli umfram það sem nauðsynlegt var. Rekstur vöggustofanna fór fram með þessum hætti þrátt fyrir að mikilvægi persónulegra tengsla barna við foreldra sína eða aðra umönnunaraðila á fyrstu þremur árum ævinnar hafi verið vel þekkt meðal fagfólks á þeim tíma. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að Barnaverndarráð Reykjavíkur hafi lítið sem ekkert sinnt eftirlitsskyldum sínum gagnvart bæði Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins fram til ársins 1967. Í því samhengi ber að nefna að nær allan þann tíma sem vöggustofurnar voru starfandi var íslenska ríkið skuldbundið að þjóðarétti til að fylgja ákvæðum Mannréttinasáttmála Evrópu, sem var undirritaður af Íslands hálfu 4. nóvember 1950 og fullgiltur 19. júní 1953.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði hefur verið falið að veita umsögn um tillögu nefndarinnar um frekari athuganir á rekstri Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1973-1979. Í sérstakri greinargerð borgarstjóra, dags. 7. mars 2022, að baki tillögu þeirri sem síðan var samþykkt í borgarráði 10. mars, er lagt til grundvallar að vöggustofurnar hafi starfað frá árinu



1949 fram til ársins 1973 og afmarkaði nefndin störf sín við þetta tímabil. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins starfaði aftur á móti allt til ársins 1979 sem upptökuheimili barna frá þriggja mánaða til 12 ára aldurs. Í skýrslunni er rakið hvernig aðstæður á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi farið batnandi frá og með árinu 1967 eftir að opinber gagnrýni kom fram í borgarstjórn Reykjavíkur á starfseminni. Þá liggur fyrir að eftirlit Barnaverndarráðs með starfsemi vöggustofunnar hafi aukist eftir 1967. Áfram hafi þó ýmsu verið ábótavant í starfsemi vöggustofunnar á þessum tíma líkt og lýsingar fyrrum starfsfólks og einstaklinga sem muna eftir dvöl sinni á vöggustofunni sem börn bera merki um.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð telur efni skýrslunnar gefa fullt tilefni til að fram fari frekari rannsókn á vistheimilum sem rekin voru undir eftirliti Reykjavíkurborgar eftir árið 1973. Leiða má líkum að því að fjöldi ungra barna hafi verið vistaður á upptökuheimili Thorvaldsensfélagsins fram til ársins 1979. Í skýrslu nefndarinnar er fjallað sérstaklega um afdrif barna sem vistuð voru á vöggustofum en skaðleg áhrif dvalarinnar birtist m.a. í hærri dánar- og örorkutíðni. Er það í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og sjónarmið um jafnræði að fram fari áframhaldandi athugun á vöggustofum í Reykjavík.

### Samantekt

Niðurstöður skýrslu á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins gefa skýrt til kynna að börnin sem þar dvöldu hafi mátt þola illa meðferð í formi vanrækslu. Starfsfólk hafi eingöngu sinnt líkamlegum þörfum barnanna og verið skipað að forðast að tengjast börnunum tilfinningalega, þvert á það sem þekktist á þeim tíma um mikilvægi þess að börnum væri sýnd ást og umhyggja. Opinbert eftirlit með vöggustofunum var verulega takmarkað fram til ársins 1967 eftir að athugasemdir um starfsemina voru lagðar fram í borgarstjórn. Þrátt fyrir að stefna þeirra sem sáu um skipulag vöggustofanna hafi breyst í kjölfarið og umönnun barnanna batnað til muna benda heimildir til þess að enn hafi margt verið athugunarvert við umönnun barnanna næstu árin. Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð telur brýnt að frekari athugun fari fram og gengið verði úr skugga um það hvort börnin sem dvöldu á vistheimilinu næstu árin hafi mátt þola illa meðferð af hendi starfsmanna stofnunarinnar.





## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

**Sendandi:** Borgarlögmaður

### ***Umsögn borgarlögmanns um tillögu um frekari athuganir á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins***

Vísað er til tölvuskeytis skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 20. desember 2023, þar sem óskað er umsagnar borgarlögmanns um 4. lið tillögu borgarstjóra varðandi eftirfylgni á skýrslu nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem samþykkt var á fundi borgarráðs 12. október 2023.

Tilvitnaður 4. liður fjallar um frekari athuganir og er svohljóðandi:

*„Vöggustofunefndin telur rétt að borgarráð leggi á það mat, m.a. út frá niðurstöðum nefndarinnar hvort tilefni sé til að framhald verði á athugun af þeim toga sem nefndin hefur haft með höndum og þá í samræmi við þær almennu valdheimildir sem nefndinni eru fengnar með lögum 45/2022. Við það mat verði þá eftir atvikum tekin afstaða til þess hvort samsvarandi atriði og nefndin lýsti í vöggustofuskýrslunni hafi þá verið fyrir hendi frá og með árinu 1974 eða hvort rök standi fremur til þess að láta nú staðar numið með starf nefndar samkvæmt lögum nr. 45/2022. Lagt er til að borgarráð samþykki að vísa tillögu vöggustofunefndar um frekari athuganir til umsagnar borgarlögmanns, velferðarráðs og mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs.“*

Hér á eftir fylgir umbeðin umsögn borgarlögmanns.

Með vísan til þess sem kemur fram í 1. kafla í fyrrnefndri skýrslu vöggustofunefndar er í umræddum 4. lið að finna tillögu þess efnis að borgarráð leggi mat á það hvort tilefni sé til að halda áfram athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1974-1979, en á þessu tímabili var í hluta vöggustofunnar rekið vistheimili fyrir 23 börn frá þriggja mánaða til 12 ára aldurs. Þannig kemur fram í skýrslunni að með samþykkt Félagsmálaráðs frá 8. febrúar 1973 hafi verið ákveðið að húsnæði vöggustofunnar yrði annars vegar að mestu leyti nýtt sem dagheimili þar sem börn dveldu hluta úr degi en hins vegar að hluti vöggustofunnar yrði nýttur sem vistheimili með framangreindum hætti og að sú starfsemi hafi verið rekin til ársins 1979. Þar sem að í kafla 1.2 í tilvitnaðri skýrslu greinir að athugun vöggustofunefndar hafi einskorðast við starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1949-1973, þ.e. að nefndin hafi miðað við að heimildir hennar til athugunar hafi náð til loka ársins 1973, verður að telja tilefni til þess að borgarráð hlutist til um að gerð verði frekari athugun á starfsemi síðarnefndu vöggustofunnar árin 1974-1979.

Með vísan til skýrrar heimildar í ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 um heimild Reykjavíkurborgar til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vöggustofa, og þess sem kemur fram í áður nefndri skýrslu vöggustofunefndar telur undirrituð tilefni til þess að borgarráð samþykki að skipa nefnd til að gera frekari athugun, þ.e. heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins tímabilið 1974-1979 meðal annars með hliðsjón af breyttum verkefnum vöggustofunnar á því tímabili.

Ebba Schram



***Tillaga um skipan nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins (upptökuheimil barna) árin 1974-1979***

Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 11. janúar 2024 um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda (upptökuheimili barna) árin 1974-1979, er lagt til að borgarráð staðfesti tillögu að skipan nefndar þriggja óháðra sérfræðinga sem hafi það verkefni að gera heildstæða athugun á starfsemi vöggustofunnar. Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir sömu reglum og koma fram í 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Nefndarmönnum er skylt að leggja fram skrá um hagsmunatengsl sín, sbr. reglur Reykjavíkurborgar um hagsmunaskráningu embættismanna. Lagt er til að nefndina skipi Trausti Fannar Valsson lögfræðingur og dósent við Háskóla Íslands sem yrði formaður, Urður Njarðvík prófessor í barnasálfræði og fyrrverandi deildarforseti Sálfræðideildar HÍ og Ellý Þorsteinsdóttir félagsráðgjafi. Nefndinni verður heimilt að ráða starfsmann. Jafnframt að kalla eftir aðstoð og upplýsingum frá aðilum innan og utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar við einstaka þætti athugunarinnar. Nefndin og starfsmaður hennar hafi aðsetur og afnot af húsakynnum Innri endurskoðunar og ráðgjafar.

***Greinargerð:***

Borgarráð samþykkti 11. janúar sl. að skipuð verði nefnd þriggja óháðra sérfræðinga sem hafi það verkefni að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins (upptökuheimili barna) á tímabilinu 1974 til 1979, þ.á.m. með hliðsjón af breyttum verkefnum vöggustofunnar á því tímabili. Nefndin skal vera sjálfstæð og óháð í störfum sínum og verður heimilt að kalla eftir aðstoð og upplýsingum frá aðilum innan og utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar við einstaka þætti athugunarinnar. Fundir nefndarinnar skulu vera lokaðir. Nefndarmenn og starfsmaður hennar eru bundnir þagnarskyldu um hvaðeina er varðar einkalíf manna sem þeir fá upplýsingar um við störf nefndarinnar. Þagnarskylda um slík atriði helst þegar störfum nefndarinnar er lokið. Formanni nefndarinnar er heimilt að veita almennar upplýsingar um störf nefndarinnar og verklag meðan hún starfar. Nefndin skal leggja fyrir borgarráð tíma- og verkáætlun um störf nefndarinnar innan mánaðar frá skipan nefndarinnar, þar sem fram komi meðal annars umfang og áherslur í starfinu, auk áætlaðs kostnaðar sem skal jafnframt yfirfarinn af fjármála- og áhættustýringasviði Reykjavíkurborgar. Miðað er við að nefndin skili lokaskýrslu sinni til borgarráðs eigi síðar en 15. desember 2024. Borgarráð ákveður þá meðferð sem lokaskýrsla nefndarinnar skal fá. Kjaranefnd Reykjavíkurborgar skal ákvarða laun og önnur starfskjör nefndarmanna og taka laun starfsmanns nefndarinnar mið af því. Kostnaður af starfi nefndarinnar skal greiddast úr borgarsjóði nema annað sé ákveðið.





Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga til borgarráðs um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins (upptökuheimili barna) árin 1974-1979.

Skýrsla nefndar um heildstæða athugun á starfsemi vöggustofa í Reykjavík 1949-1973. Athugun á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, útgefin október 2023.



**Reykjavík**





Borgarráð

**Heildstæð athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins (upptökuheimili barna) árin 1974-1979**

Lagt er til að borgarráð samþykki að skipuð verði nefnd þriggja óháðra sérfræðinga á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 um heimild Reykjavíkurborgar til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vöggustofa. Hlutverk og verkefni nefndarinnar verði að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á tímabilinu 1974 til 1979, þ.á.m. með hliðsjón af breyttum verkefnum vöggustofunnar á því tímabili. Tillaga að skipan nefndarinnar skal lögð fyrir borgarráð til staðfestingar. Nefndin getur ráðið sér starfsmann.

**Greinargerð:**

Sjálfstæð og óháð nefnd (hér eftir vöggustofunefnd) sem borgarráð skipaði endanlega 22. júlí 2022 til að gera heildstæða athugun á starfsemi vöggustofa sem reknar voru í Reykjavík árin 1949 til 1973 kynnti niðurstöður sínar á fundi borgarráðs fimmtudaginn 5. október 2023. Niðurstöður nefndarinnar voru á þá leið að börn höfðu sætt illri meðferð á Vöggustofunni Hlíðarenda á tímabilum yfir árin 1949 til 1963. Þá hafi börn í ýmsum tilvikum einnig sætt illri meðferð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á tímabilum frá 1963 til 1967.

Á meðal verkefna vöggustofunefndarinnar var jafnframt að leggja grundvöll að tillögum til borgarráðs um frekari viðbrögð ef ástæða þætti til, sbr. 5. tölulið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 og f-lið samþykktar borgarráðs frá 10. mars 2022. Vöggustofunefndin taldi tilefni til að setja fram alls fjórar tillögur. Fyrsta tillaga nefndarinnar lýtur að hugsanlegum skaðabótageiðslum til þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á vöggustofunum sem börn. Fyrir liggur að á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar er frumvarp forsætisráðherra til laga um almennar sanngirnisbætur sem er ætlað að taka af skarið í þessum efnunum og skapa umgjörð og farveg fyrir þær en frumvarpið er um þessar mundir í þinglegri meðferð. Önnur tillaga nefndarinnar fjallar um geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu til sömu einstaklinga og hefur Reykjavíkurborg þegar komið slíku úrræði af stað. Þriðja tillaga nefndarinnar beinist að gildandi framkvæmd og eftirliti á sviði barnaverndarmála og liggur fyrir umsögn velferðarráðs Reykjavíkurborgar um málið. Fjórða og síðasta tillaga nefndarinnar lýtur síðan að því að borgarráð leggi á það mat, m.a. út frá fyrrnefndum niðurstöðum vöggustofunefndarinnar, hvort tilefni sé til að framhald verði á athugun af þeim toga sem vöggustofunefndin hafði með höndum og þá í samræmi við þær almennu valdheimildir sem henni voru fengnar með lögum 45/2022, með vísan til þess að Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins starfaði allt til ársins 1979 eða sem upptökuheimili barna allt til 12 ára aldurs frá árinu 1973.



Borgarráð samþykkti á fundi sínum 12. október 2023 að vísa fjórðu og síðustu tillögu vöggustofunefndar til umsagnar borgarlögmans, velferðarráðs og mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs en skýrslunni í heild sinni til umsagnar velferðarráðs, umdæmisráðs barnaverndar, mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs og öldungaráðs. Umsagnir bárust frá þessum aðilum að undanskyldu umdæmisráði barnaverndar sem kaus að skila ekki inn umsögn.

Umsagnirnar bera allar að sama brunni, þ.e. að rétt sé að Reykjavíkurborg láti fara fram frekari athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins eða fyrir tímabilið 1974 til 1979, m.a. með hliðsjón af breyttum verkefnum vöggustofunnar á því tímabili. Því er lagt til að skipuð verði sjálfstæð nefnd á grundvelli heimildar í ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022, til að gera heildstæða athugun á starfsemi fyrrnefndrar vöggustofu tímabilið 1974 til 1979 og að við þá athugun verði höfð til hliðsjónar samsvarandi atriði og vöggustofunefndin lýsti í áður nefndri skýrslu um starfsemi vöggustofa í Reykjavík árin 1949-1973.

Markmið athugunarinnar og meginverkefni nefndarinnar fyrir tímabilið 1974 til 1979 skulu vera eftirtalin:

- a. Að lýsa starfsemi vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, hlutverki hennar í barnaverndar- og/eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir.
- b. Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.
- c. Að lýsa því hvernig eftirliti Reykjavíkurborgar og ríkisins með vöggustofunum var háttað.
- d. Að lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofunnar og nefndin telur þarfnast skoðunar.
- e. Leggja grundvöll að tillögum til borgarráðs um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.
- f. Nefndin skal skila skýrslu um störf sín til borgarráðs.

Nefndin og starfsmaður hennar hafi aðsetur og afnot af húsakynnum Innri endurskoðunar og ráðgjafar sem er jafnframt tengiliður Reykjavíkurborgar við nefndina.

Nefndin skal vera sjálfstæð og óháð í störfum sínum og verður heimilt að kalla eftir aðstoð og upplýsingum frá aðilum innan og utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar við einstaka þætti athugunarinnar.

Fundir nefndarinnar skulu vera lokaðir.

Nefndarmenn og starfsmaður nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um hvaðeina er varðar einkalíf manna sem þeir fá upplýsingar um við störf nefndarinnar. Þagnarskylda um slík atriði helst þegar störfum nefndarinnar er lokið.

Formanni nefndarinnar er heimilt að veita almennar upplýsingar um störf nefndarinnar og verklag meðan hún starfar.



Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir sömu reglum og koma fram í 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Nefndarmönnum er skylt að leggja fram skrá um hagsmunatengsl sín, sbr. reglur Reykjavíkurborgar um hagsmunaskráningu embættismanna.

Nefndin skal leggja fyrir borgarráð tíma- og verkáætlun um störf nefndarinnar innan mánaðar frá skipun nefndarinnar, þar sem fram komi meðal annars umfang og áherslur í starfinu, auk áætlaðs kostnaðar sem skal jafnframt yfirfarinn af fjármála- og áhættustýringasviði Reykjavíkurborgar.

Miðað er við að nefndin skili lokaskýrslu sinni, sbr. f-liður hér að framan, til borgarráðs eigi síðar en 30. júní 2024. Borgarráð ákveður þá meðferð sem lokaskýrsla nefndarinnar skal fá.

Kjaranefnd Reykjavíkurborgar skal ákvarða laun og önnur starfskjör nefndarmanna. Kostnaður af starfi nefndarinnar og starfsmanns hennar skal greiddast úr borgarsjóði nema annað sé ákveðið.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Skýrsla nefndar um heildstæða athugun á starfsemi vöggustofa að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins, dags. október 2023.

Tillaga til borgarráðs um eftirfylgni á skýrslu nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins, dags. 10. október 2023.

Umsögn velferðarráðs um skýrslu vöggustofunefndar, dags. 6. desember 2023.

Umsögn öldungaráðs um skýrslu og tillögu vöggustofunefndar, dags. 8. nóvember 2023.

Umsögn MO um skýrslu og tillögu vöggustofunefndar, dags. 31. október 2023.

Umsögn borgarlögmanns um tillögu vöggustofunendar, dags. 4. janúar 2024.





# Starfsemi vöggustofa í Reykjavík 1949-1973

---

Athugun á Vöggustofunni Hlíðarenda  
og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins



Reykjavík

2023



## Útgefandi

Nefnd um heildstæða athugun á starfsemi vöggustofa  
að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Október 2023

### Höfundar skýrslu:

Kjartan Bjarni Björgvinsson

Urður Njarðvík

Ellý Alda Þorsteinsdóttir

<https://reykjavik.is/voggustofunefnd>

© 2023 Reykjavíkurborg

[reykjavik.is](https://reykjavik.is)

*Forsíðu- og baksíðumynd: Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins við Dyngjuveg 18 í Reykjavík.*

*Mynd frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur.*

# Efnisyfirlit

<b>1. Um rannsókn nefndarinnar.....</b>	<b>4</b>
1.1 Tilefni og aðdragandi	4
1.2 Umfang og viðfangsefni rannsóknar	6
1.3 Málsmeðferð, rannsóknarheimildir og gagnaöflun	9
1.4 Skýrslutökur	13
1.5 Grundvöllur að ályktunum vöggustofunefndar	17
1.6 Helstu niðurstöður	20
<b>2. Sálfræðileg, félagsleg og lagaleg atriði sem hafa þýðingu við mat á starfsemi vöggustofa .....</b>	<b>26</b>
2.1 Inngangur	26
2.2 Proski barna fyrstu þrjú ár ævinnar	27
2.2.1 Inngangur .....	27
2.2.2 Hreyfiþroski.....	28
2.2.3 Málþroski .....	29
2.2.3 Vitsmunapróska.....	31
2.2.4 Félags- og tilfinningapróska.....	32
2.2.5 Samtímaþekking 1949-1973 á þroska ungra barna.....	35
2.2.6 Samantekt.....	39
2.3 Samfélagslegar breytingar í Reykjavík 1949-1973	40
2.3.1. Breytingar á tímalengd vistunar, aldri barna og ástæðum vistana .....	43
2.4 Viðhorf í íslenskum samtímaheimildum um meðferð og umönnun ungra barna	50
2.5 Lagaleg umgjörð um vöggustofur á tímabilinu 1949 -1973	59
2.5.1 Inngangur .....	59
2.5.2 Skipulag og meginhlutverk barnaverndarnefnda .....	59
2.5.3 Heimildir og skyldur barnaverndarnefndar til að hafa afskipti af börnum .....	62
2.5.4 Málsmeðferð í barnaverndarmálum.....	63
2.5.5 Lagaákvæði um rekstur vistheimila fyrir börn .....	67
2.5.6 Eftirlitsskylda barnaverndarnefnda og Barnaverndarráðs með starfsemi vöggustofa .....	68
<b>3. Vöggustofan Hlíðarenda (1949-1963).....</b>	<b>71</b>
3.1 Undirbúningur að stofnun vöggustofunnar Hlíðarenda	71
3.2 Lagalegur grundvöllur fyrir starfsemi vöggustofunnar	71
3.3 Upplýsingar um starfsemi vöggustofunnar Hlíðarenda	72
3.3.1 Gagnaöflun .....	72
3.3.2 Skriflegar heimildir.....	73
3.3.3 Viðtöl við starfsfólk og gesti á Vöggustofu Hlíðarenda .....	86
3.3.4 Fjöldi vistbarna, aldur, lengd og ástæða dvalar .....	91
3.3.5 Menntun og reynsla forstöðukvenna .....	98

<b>4. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins (1963-1973)</b>	<b>100</b>
4.1 Undirbúningur og aðdragandi	100
4.2 Lagalegur grundvöllur fyrir starfsemi vöggustofunnar	101
4.3 Upplýsingar um starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins	102
4.3.1 Skriflegar heimildir	102
4.3.2 Aðkoma borgarstjórnar Reykjavíkur að málefnum vöggustofunnar	109
4.3.3 Rannsókn Barnaverndarráðs í kjölfar ummæla Sigurjóns	130
4.3.4 Breytingar á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins	145
4.3.4 Viðtöl við starfsfólk, gesti og vistbörn	152
4.3.5 Fjöldi vistbarna, aldur, lengd og ástæða dvalar	171
4.3.6 Menntun og reynsla forstöðukvenna	177
<b>5. Afdrif barna sem voru vistuð á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins</b>	<b>179</b>
5.1 Inngangur	179
5.2 Dvöl á öðrum vistheimilum	181
5.3 Börn sem fóru í fóstur	184
5.4 Örorka og andlát	189
<b>6. Niðurstöður</b>	<b>195</b>
6.1 Vöggustofan Hlíðarenda	195
6.1.1 Tildrög þess að börn voru vistuð á Vöggustofunni Hlíðarenda	195
6.1.2 Eftirlit með starfsemi vöggustofunnar Hlíðarenda	201
6.1.3 Sættu börn illri meðferð eða ofbeldi á Vöggustofunni Hlíðarenda?	208
6.2. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins	217
6.2.1 Tildrög þess að börn voru vistuð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins	217
6.2.3 Eftirlit með starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins	221
6.2.3 Sættu börn illri meðferð eða ofbeldi á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins?	228
<b>7. Tillögur</b>	<b>237</b>
7.1. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt lögum nr. 45/2022 og samþykkt borgarráðs	237
7.2. Skaðabótaskylda hins opinbera	239
7.3. Geðheilbrigðis- og sálfræðipjónusta	243
7.4. Eftirlit og framkvæmd á sviði barnaverndarmála	245
7.5. Frekari athuganir á grundvelli laga nr. 45/2022	246
<b>Heimildaskrá</b>	<b>248</b>



# 1. Um rannsókn nefndarinnar

## 1.1 Tilefni og aðdragandi

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti 10. mars 2022 að setja á stofn nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld undir eftirliti barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Samkvæmt samþykktinni skyldu markmið athugunarinnar og meginverkefni nefndarinnar vera eftirtalin:

- a. Að lýsa starfsemi vöggustofanna, hlutverki þeirra í barnaverndar- og/eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir.
- b. Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.
- c. Að lýsa því hvernig eftirliti Reykjavíkurborgar og ríkisins með vöggustofunum var háttað.
- d. Að lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofanna og nefndin telur þarfnast skoðunar.
- e. Nefndin skal skila skýrslu um störf sín til borgarráðs.
- f. Leggja grundvöll að tillögum til borgarráðs um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

Vöggustofan Hlíðarenda við Sunnutorg tók til starfa 1. október 1949 og var rekin fram á mitt ár 1963. Þá flutti vöggustofan í nýbyggt hús að Dyngjuvegi 18, sem Thorvaldsensfélagið færði borginni að gjöf en félagið hafði safnað fyrir húsinu frá 1925. Sú vöggustofa bar upp frá því heitið Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins.

Báðar þessar stofnanir voru vistheimili þar sem börn voru vistuð allan sólarhringinn, flest undir tveggja ára aldri og samneyti þeirra við foreldra var að jafnaði mjög takmarkað. Á Vöggustofunni Hlíðarenda var pláss fyrir 22 börn hverju sinni en Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins hafði rými fyrir 32 börn, en alls 46, eftir að viðbygging var reist árið 1968. Með viðbyggingunni var starfseminni skipt í vöggustofu fyrir 30 börn á aldrinum 0 - 2 ára og vistheimili fyrir börn á aldrinum 2 - 3 ára.<sup>1</sup>

Starfsemin var síðan rekin með þessu sniði þangað til henni var breytt samkvæmt samþykkt félagsmálaráðs 8. febrúar 1973. Með þeirri breytingu var ákveðið að nýta húsnæði vöggustofunnar að mestu leyti sem dagheimili, auk tveggja lítilla vistheimila fyrir börn.<sup>2</sup>

---

<sup>1</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar 1969, bls. 21.

<sup>2</sup> BSR (Borgarskjalasafn Reykjavíkur). Fundargerðir félagsmálaráðs 1973, fundargerð 8. febrúar 1973 og Þjóðviljinn 18. febrúar 1973, bls. 2.

Í ársskýrslu Félagsmálastofnunar árið 1975 er breytingunni lýst nánar á þann veg að í samráði við Thorvaldsensfélagið hafi verið samþykkt að breyta rekstri heimilisins þannig að framvegis yrðu þar 2 vistdeildir fyrir samtals 23 börn en jafnframt væri í húsakynnum rekin dagvistarstofnun fyrir 34 börn.<sup>3</sup> Var þá gert ráð fyrir að börnin þyrftu ekki að skipta um vistheimili vegna aldurs heldur að þau gætu dvalið þar á unga aldri fram á unglingsár.<sup>4</sup> Hefur þessari breytingu einnig verið lýst þannig að Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi árið 1973 verið breytt í upptökuheimili fyrir 23 börn frá þriggja mánaða til 12 ára aldurs.<sup>5</sup>

Dagheimilið sem Reykjavíkurborg stofnaði í hluta af húsnæði Thorvaldsensfélagsins fékk nafnið Dyngjuborg og tók til starfa 20. ágúst 1974.<sup>6</sup> Vistheimilið sem sett var á laggirnar gekk hins vegar ýmist undir nafninu Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins eða Vistheimilið við Dyngjuveg þar til það var sameinað Upptökuheimilinu við Dalbraut árið 1979 og þá nefnt Uppeldisstofnunin við Dalbraut.<sup>7</sup>

Samþykkt borgarráðs um stofnun nefndarinnar átti sér nokkurn aðdraganda. Í greinargerð borgarstjóra til borgarráðs 7. mars 2022 er rakið að borið hafi á gagnrýni á starfsemi vöggustofanna í gegnum tíðina og að ófagrar lýsingar hafi komið fram á aðbúnaði barna sem þar dvöldu, bæði á vettvangi borgarstjórnar og í fjölmiðlum. Sumarið 2021 hafi fimm einstaklingar sem höfðu dvalið á vöggustofunum óskað eftir því við borgarstjórn að komið yrði á fót teymi sérfræðinga til að rannsaka starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1949-1973 en vöggustofan hafi verið starfrækt til þess tíma en þá verið breytt í upptökuheimili fyrir börn frá 3 mánaða til 12 ára aldur.

Á fundi borgarráðs 22. júlí 2021 var samþykkt tillaga staðgengils borgarstjóra um að þess yrði farið á leit við forsætisráðherra að fram færi „heildstæð athugun á starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og eftir atvikum annarra vöggustofa á tilteknu tímabili.“ Óskaði Reykjavíkurborg í framhaldinu eftir því við forsætisráðherra að gerðar yrðu nauðsynlegar breytingar á lögum til að mæla fyrir um úttekt á starfsemi vöggustofa sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld.

Forsætisráðherra lagði fram frumvarp á Alþingi 1. apríl 2022 þar sem kveðið var á um að Reykjavíkurborg fengi heimild til að skipa nefnd sem hefði viðhlítandi lagaheimildir til að rannsaka starfsemi vöggustofanna. Mælti forsætisráðherra fyrir frumvarpinu á Alþingi 8. apríl sama ár en í framsöguræðu sinni sagði hún það vera flutt „af gefnu dapurlegu tilefni“. Vöggustofurnar væru „dökkur blettur á sögu barna á Íslandi og það [væri] mjög mikilvægt, bæði fyrir börnin og foreldra þeirra sem tengjast vöggustofunum“ að málið yrði upplýst.<sup>8</sup>

---

<sup>3</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar 1975, bls. 38.

<sup>4</sup> [Tíminn 8. febrúar 1974, bls. 19.](#)

<sup>5</sup> Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir. Reykjavík 2008, bls. 36, 39-40, 42-44.

<sup>6</sup> [Sumardagurinn fyrsti, 42. tbl. 1975, bls. 8.](#)

<sup>7</sup> [Vísir 22. maí 1979, bls. 8.](#)

<sup>8</sup> [152. löggjafarþing — 67. fundur, 8. apríl 2022, 599. mál.](#)

Með setningu laga nr. 45/2022, sem tóku gildi 7. júlí 2022, fékk Reykjavíkurborg heimild til þess að setja á fót nefnd til að rannsaka málefni vöggustofa sem reknar voru í borginni á síðustu öld. Í 3. gr. laganna var kveðið á um að nefndin skyldi hafa óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslum stjórnvalda sem vörðuðu starfsemi þeirra vöggustofa sem lögin giltu um. Þar á meðal væru gögn sem hefðu að geyma almennar og viðkvæmar persónuupplýsingar.

Borgarráð samþykkti endanlega skipun vöggustofunefndarinnar á fundi 21. júlí 2022. Í samþykkt borgarinnar var ákveðið að Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari yrði formaður nefndarinnar og að með honum störfuðu Urður Njarðvík prófessor í barnasálfræði við Háskóla Íslands og Ellý Alda Þorsteinsdóttir félagsráðgjafi og fyrrverandi skrifstofustjóri í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar og framkvæmdastjóri barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Með samþykkt borgarráðs 21. júlí 2022 var jafnframt breytt d-lið í upphaflegri samþykkt ráðsins frá 10. mars 2022 um verkefni nefndarinnar. Samkvæmt d-lið, eins og orðalagið var í kjölfar breytingarinnar, var það jafnframt verkefni nefndarinnar að „lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofanna og nefndin telur þarfnast skoðunar, þar á meðal eins og kostur er afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunum eftir að dvölinni lauk“.

Af greinargerð með tillögunni sem varð að samþykkt borgarráðs verður ráðið að þessi breyting hafi verið gerð til að gæta til samræmis við 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. nýsamþykktra laga nr. 45/2022 um heimild Reykjavíkurborgar til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vöggustofa. Er d-liður samþykktar borgarráðs orðaður í samræmi við orðalag lagaákvæðisins.

## 1.2 Umfang og viðfangsefni rannsóknar

Við lestur þessarar skýrslu er nauðsynlegt að hafa í huga að efni hennar ræðst að miklu leyti af því hvernig verkefni vöggustofunefndar eru afmörkuð í lögum og samþykktum borgarráðs. Um athugun nefndarinnar gilda sem fyrr segir lög nr. 45/2022, en með 1. mgr. 1. gr. laganna er Reykjavíkurborg veitt heimild til að skipa nefnd til að kanna starfsemi „vöggustofa fyrir börn sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld“. Í lögnum er ekki skilgreint með beinum hætti hvaða stofnanir falli undir vöggustofur í skilningi laganna. Samkvæmt samþykkt borgarráðs frá 10. mars 2022 sem vitnað er til hér að framan hefur nefndin hins vegar það verkefni að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld.

Pegar tekin er afstaða til þess hvaða starfsemi falli undir verkefni nefndarinnar samkvæmt lögum nr. 45/2022 verður að hafa í huga að ákvæði laganna fela í sér yfirgripsmiklar heimildir til þess að afla upplýsinga um einstaklinga og hagi þeirra. Í ljósi þeirrar verndar sem friðhelgi einkalífs nýtur samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar sem og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu telur vöggustofunefnd einsýnt að þær heimildir sem byggja á ákvæðum laganna sem

og samþykkt borgarstjórnar verða eðli málsins samkvæmt ekki túlkaðar rúmt. Í þessu sambandi verður nefndin einnig að horfa til þess að hún er bundin af ákvæðum laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og verður að gæta þess að ekki leiki vafi á heimild hennar til að vinna með upplýsingar á grundvelli 9. og 11. gr. þeirra laga.

Að mati nefndarinnar liggur ljóst fyrir að starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda hófst formlega 10. október 1949 og stóð þar óslitið og að meginstefnu óbreytt þar til að starfsemin fluttist í húsnæði Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 20. júní 1963. Samkvæmt þeim gögnum sem nefndin hefur aflað var starfsemin rekin að miklu leyti í sams konar mynd til ársins 1973.

Eins og áður getur var ákveðið að breyta starfsemi vöggustofunnar með samþykkt Félagsmálaráðs 8. febrúar 1973 þannig að húsnæði vöggustofunnar yrði að mestu leyti nýtt sem dagheimili þar sem börn dvöldu einungis hluta úr degi. Á sama tíma var ákveðið að hluti vöggustofunnar yrði nýttur sem vistheimili fyrir börn frá 3 mánaða til 12 ára aldurs. Það vistheimili gekk síðan ýmist undir undir nafninu Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins eða Vistheimilið við Dyngjuveg þar til það var sameinað Upptökuheimilinu við Dalbraut árið 1979 og þá nefnt Uppeldisstofnunin við Dalbraut.<sup>9</sup>

Í sérstakri greinargerð borgarstjóra, dags. 7. mars 2022, að baki tillögu þeirri sem samþykkt var í borgarráði 10. mars 2022 um athugun nefndarinnar er lagt til grundvallar að vöggustofunnar hafi starfað frá 1949 til 1973. Sama tímabil er einnig tiltekið í bréfi því sem ritað var til borgarstjórnar, dags. 13. júní 2021, en bréfið fylgdi tillögu borgarstjóra til borgarráðs. Þá verður enn fremur að hafa í huga að í almennum athugasemdum um nauðsyn lagasetningar í frumvarpi því er varð að lögum nr. 45/2022 eru Vöggustofan Hlíðarenda og Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins nefndar sérstaklega sem vöggustofur sem heyrðu undir barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Sú fyrrnefnda hafi starfað frá 1949 til 1963 en sú síðarnefnda frá 1963 til 1973, þar til henni hafi verið breytt í „upptökuheimili“ fyrir 23 börn á aldrinum þriggja mánaða til tólf ára en sú starfsemi hafi verið rekin til ársins 1979.<sup>10</sup>

Í samræmi við framangreint hefur athugun nefndarinnar verið afmörkuð við starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árabílinu 1949-1973. Hefur nefndin þá miðað við að heimildir hennar til athugunar nái til loka árs 1973. Í því sambandi er einnig litið til þess að þær breytingar sem gerðar voru árið 1973 lúta að sjálfu eðli starfseminnar og börn sem vistuð voru í kjölfar þeirra voru á mjög breytilegum aldri. Loks telur nefndin nauðsynlegt að hafa í huga með samþykkt borgarráðs 10. mars 2022 var horfið frá þeirri ráðagerð sem fram kom í eldri samþykkt borgarráðs frá 22. júlí 2021 um að athugunin tæki „eftir atvikum [til] annarra vöggustofa á tilteknu árabíli“, þ.e. utan tímabilsins 1949-1973.

---

<sup>9</sup> Vísir 22. maí 1979, bls. 8.

<sup>10</sup> Alþingistíðindi A-deild, Þingskjal 841, 599. mál. Aðgengilegt á <https://www.althingi.is/alttext/152/s/0841.html>.

Að því er varðar viðfangsefni nefndarinnar þá hefur Alþingi skilgreint markmið athugunarinnar og meginverkefni nefndarinnar með eftirfarandi hætti í 1. til 5. tölulið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022:

1. Að lýsa starfsemi vöggustofanna, hlutverki þeirra í barnaverndar- eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir.
2. Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á vöggustofunum hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.
3. Að lýsa því hvernig eftirliti Reykjavíkurborgar og ríkisins með vöggustofunum var háttað.
4. Að lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofanna og nefndin telur þarfnast skoðunar, þar á meðal eins og kostur er afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunum eftir að dvölinni lauk.
5. Að leggja grundvöll að tillögum til Reykjavíkurborgar um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

Framangreind ákvæði svara að mestu efnislega til þess hvernig markmiðum athugunarinnar er lýst í samþykkt borgarráðs 10. mars 2022, sbr. liði a) til f), en í e)-lið samþykktarinnar er þó kveðið á um að nefndin skuli skila skýrslu um störf sín til borgarráðs. Er samsvarandi ákvæði í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022. Nefndin er bundin af ofangreindum ákvæðum laga og samþykktarinnar og tekur efni þessarar skýrslu mið af því.

Nefndin hefur ákveðið að fjalla sérstaklega um starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda í 3. kafla, sem spannar tímabilið 1. október 1949 til 19. júní 1963, og í 4. kafla um starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, frá 20. júní 1963 til 31. desember 1973. Í þessum köflum er leitast við að lýsa starfsemi vöggustofanna eins og kostur er, hlutverki þeirra í barna- og uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar.

Ástæður þess að fjallað er um hvora vöggustofuna um sig lúta í meginatriðum að ólíku skipulagi þeirra og fyrirkomulagi rekstrarins. Þannig liggur fyrir að það var alfarið í verkahring barnaverndarnefndar Reykjavíkur að taka ákvarðanir um vistun barna á Vöggustofunni Hlíðarenda. Á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins var málum hins vegar háttað þannig að Thorvaldsensfélagið hafði sjálft fimm pláss sem það gat ráðstafað samkvæmt skilmálum sem gerðir voru þegar félagið afsalaði Reykjavíkurborg húsnæði vöggustofunnar. Hést sú skipan allt til ársins 1967.

Umsvif Hlíðarenda voru auk þess nokkuð minni en síðar varð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Síðastnefnda stofnunin hafði við opnun rými fyrir alls 32 börn og síðan 46 börn eftir að viðbótarálma var tekin í notkun í febrúar 1969. Hlíðarendi hafði hins vegar aldrei rými fyrir fleiri en 22 börn.

Í 5. kafla er síðan fjallað sérstaklega um afdrif barna sem vistuð voru á vöggustofum, meðal annars hversu mörg þeirra fóru í fóstur eða á önnur vistheimili. Þá er þar einnig fjallað um

dánar- og örorkutíðni í hópi þeirra og hvernig hún horfir við í samanburði við aðra einstaklinga sem fæddust á sama tíma á Íslandi. Loks hefur 6. kafli að geyma niðurstöður nefndarinnar um tildrög þess að börn voru vistuð á vöggustofunum og jafnframt hvort og þá í hvaða mæli þau börn hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð. Í sama kafla er einnig gerð grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar um hvernig eftirliti Reykjavíkurborgar og ríkisins með vöggustofunum var háttað.

### 1.3 Málsmeðferð, rannsóknarheimildir og gagnaöflun

Það leiðir af 1. mgr. 2. gr. laga nr. 45/2022 að nefndin var sjálfstæð og óháð í störfum sínum og þar með óháð fyrirmælum frá öðrum, meðal annars Reykjavíkurborg, ef frá er talin sú afmörkun rannsóknar sem fram kemur í samþykkt borgarráðs frá 10. mars 2022, með síðari breytingum.

Um rannsóknarheimildir nefndarinnar er fjallað í 3. gr. laganna. Í 1. mgr. 3. gr. var kveðið á um að nefndin skyldi hafa óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslum stjórnvalda sem vörðuðu starfsemi þeirra vöggustofa sem lögin giltu um. Þar á meðal væru gögn sem hefðu að geyma almennar og viðkvæmar persónuupplýsingar. Þá var í ákvæðinu mælt fyrir um það að stjórnvöld skyldu taka saman skriflegar greinargerðir um einstaka þætti könnunarinnar ef nefndin óskaði þess.

Á grundvelli framangreindra rannsóknarheimilda fékk nefndin aðgang að öllum gögnum Borgarskjalasafns sem hugsanlega höfðu að geyma upplýsingar um vöggustofur. Miðað við upphaflega áætlun safnsins sjálfs, sbr. bréf safnsins til borgarritara 20. september 2021, námu þessi gögn um 6000 skjölum. Við lok rannsóknar var ljóst að gögnin sem tekin voru til skoðunar voru talsvert fleiri. Þannig fór nefndin yfir efni skjala í 114 öskjum í Borgarskjalasafni en áætlað er að fjöldi skjala í öskjunum nemi á bilinu 25.000 til 30.000.

Í þeim gögnum sem Borgarskjalasafn hefur í vörslum sínum eru upplýsingar um starfsemi og rekstur vöggustofanna, en einnig gögn um innheimtu dvalargjalda og kostnað við vistun á vöggustofum. Þar er einnig að finna upplýsingar í skjölum sem merkt eru sem *Heilsufar barna* í skjalasafni Vöggustofunnar Hlíðarenda og sem *Dagálar* í skjalasafni Thorvaldsensfélagsins en þessi gögn bera með sér að hafa verið færð á vöggustofunum sjálfum. Til hægðarauka verður eftirleiðis í þessari skýrslu vísað til þessara skjala undir heitinu „vistunarskjöl“.

Í þessum skjölum er að jafnaði að finna upplýsingar um hvenær hvert og eitt barn var vistað og hvenær það fór af vöggustofunni, heilsufar barnsins við læknisskoðanir, svo og hverjir foreldrar þess eru. Þá er þar jafnframt eftir atvikum að finna upplýsingar um ástæður



vistunar á vöggustofu.<sup>11</sup> Gögnin sem um ræðir eru að mati nefndarinnar áreiðanlegustu heimildirnar um hvort barn hafi verið vistað á vöggustofu og hversu lengi en af þeim verður ráðið að alls hafi 1.083 börn verið vistuð á umræddum vöggustofum frá 1. október 1949 til 31. desember 1973.<sup>12</sup>

Vöggustofunefnd vekur athygli á því að við rannsókn hennar varð ekki séð að neinar skipulegar skrár hafi verið haldnar um hvaða börn voru vistuð voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Vöggustofunefnd varð því sjálf að ráða fram úr með athugun á hverju og einasta gagni sem fannst um hvert barn í Borgarskjalasafni hvaða börn voru vistuð á vöggustofunum. Eðli málsins samkvæmt var sú athugun tímafrek.

Í ljósi þess að nefndinni var falið það lögbundna hlutverk að lýsa tildrögum vistunar og vistunarskjöl geyma oft og tíðum engar upplýsingar um þau taldi nefndin enn fremur nauðsynlegt að fara yfir öll tiltæk gögn barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Félagsmálastofnunar Reykjavíkur. Formaður og starfsmaður nefndarinnar fóru yfir allar fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur á tímabilinu 1949 til 1973 til að kanna hvort þar væru upplýsingar um ástæður vistunar. Fundargerðirnar varpa einnig ljósi á starfsemi vöggustofanna og hlutverk þeirra í barnaverndar- eða uppeldismálum, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022, svo og því hvernig eftirliti Reykjavíkurborgar og ríkisins var háttað með vöggustofunum, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 1. gr. sömu laga. Er þar meðal annars fjallað um hvenær barnaverndarnefnd fór í eftirlitsheimsóknir og auk þess er þar fjallað um almenna stefnumörkun.

Í þessum fundargerðum er oft og tíðum að finna upplýsingar um hvort barnaverndarnefnd hafi haft afskipti af högum foreldra og hvenær barn hafi verið vistað á vöggustofu. Þá er þar eftir atvikum að finna upplýsingar um ástæður vistunar. Ekki verður þó með vissu ráðið að ákvörðun um vistun barns á vöggustofu hafi verið færð í fundargerð í hverju tilviki en um það er fjallað í köflum 6.1.1 og 6.2.1.

Þá leitaði nefndin jafnframt í einstökum málum í málafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur eftir heiti foreldra eða barna í því skyni að upplýsa frekar hvers vegna barn var vistað á

---

<sup>11</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins. Askja 294. Sjá einnig BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Vistheimili barna. Barnavernd. Upplýsingar um börn sem dvöldu á vistheimili barna (dagálar barna). Öskjur 126 -139.

<sup>12</sup> Í ódagsettu bréfi Kristbjörns Tryggvasonar og Björns Júlíussonar, lækna vöggustofanna, til Barnaverndarráðs, sem ritað var í tilefni af athugun ráðsins vegna gagnrýni Sigurjóns Björnssonar á starfsemi vöggustofanna í borgarráð í mars 1967, segir að umrædd skjöl séu skráð af lækni vöggustofanna. Þar sé oft getið um andlegan þroska og breytingar á honum, en þá hafi ætíð verið rætt við forstöðukonu og annað starfsfólk sem annaðist börn og fylgdist daglega með þeim. Athugasemdir í skjölunum varðandi það atriði séu því að meirihluta álit forstöðukonu en að sjálfsögðu talin rétt af skrásetjanda, lækni sem ráðinn var á vöggustofuna eða staðgengli í hans fjarveru. Að jafnaði hafi ekki verið skráð neitt um börn sem talin voru andlega heilbrigð og því beri að líta svo á að barn sé andlega heilbriggt, nema annars væri getið í skjali.



vöggustofu. Fyrir liggur að umrædd gögn, ásamt fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur, námu nokkur þúsund blaðsíðum sem voru nær eingöngu handskrifaðar.

Í gögnum Borgarskjalasafns var í ákveðnum tilvikum að finna ítarlegri upplýsingar um tiltekna einstaklinga sem vistaðir voru á vöggustofum. Þannig fann nefndin rannsóknargögn frá Geðverndardeild barna sem starfrækt var á Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg. Þar er fjallað um 10 börn sem vistuð voru á vöggustofunni Hlíðarenda á árabílinu 1949 til 1962. Af efni gagnanna verður ráðið að þar er um að ræða sálfræðilegar rannsóknir á börnunum sem lúta meðal annars að því hvaða áhrif dvöl á vöggustofu kann að hafa haft á börnin til lengdar en um slíkar rannsóknir var fjallað um í borgarráði 1967 í tengslum við gagnrýni sem þar var sett fram á starfsemi vöggustofa, sbr. kafla 4.3.2. Þá er þar einnig að finna gögn sem Barnaverndarráð Íslands aflaði um sömu börn í kjölfar samþykktar borgarráðs frá 6. apríl 1967. Um þessi gögn er fjallað nánar í kafla 4.3.3 hér á eftir.

Hjá Borgarskjalasafni var einnig að finna skjöl með almennari lýsingu á aðstæðum barna á Hlíðarenda, svo og yfirlit yfir foreldra og börn vegna innheimtu daggjalda fyrir árin 1950 og 1952.<sup>13</sup> Í málafni félagsmálastofnunar, skrifstofu félagsmálastjóra er að finna skýrslu nefndar frá 20. mars 1957 *Tillögur um barnaheimili í Reykjavík*.<sup>14</sup> Auk þess var að finna margvísleg gögn um málefni vöggustofanna í málafni borgarstjóra. Þannig er fjallað um vöggustofur í skýrslum um barnaheimili í Reykjavík tímabilið 1951 til 1962 og um barnavernd almennt í Reykjavík tímabilið 1951-1962.

Þá er einnig að finna upplýsingar um vöggustofur í tillögum Jónasar B. Jónssonar, fræðslustjóra, og Jónasar Pálssonar, forstöðumanns sálfræðideildar skóla frá nóvember 1962, umsögn barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 10. mars 1963, tillögum Jónasar B. Jónssonar og Ásgeirs Guðmundssonar, dags. 4. mars 1963 um byggingu dagheimila og leikskóla, kostnaðaráætlun Gunnlaugs Péturssonar og Jónasar B. Jónssonar, dags. 7. mars 1963, um byggingu vistheimila sem lagðar voru fram í borgarráði 26. mars 1963. Auk þess er fjallað um vöggustofur í skýrslunni *Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar* sem lögð var fram í félagsmálaráði 18. september 1969.<sup>15</sup> Í fundargerðum borgarráðs milli 1949 til 1973 er einnig að finna margháttaðar upplýsingar um vöggustofur og aðkomu Reykjavíkurborgar að rekstri þeirra.<sup>16</sup>

Nefndin aflaði einnig gagna hjá Þjóðskjalasafni Íslands, meðal annars úr skjalasafni Geðverndardeildar barna á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur til að freista þess að varpa ljósi

---

<sup>13</sup> BSR. Málafni Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 148. Trúnaðarmál. Barnaheimili. Vöggustofan Hlíðarenda.

<sup>14</sup> BSR. Málafni Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 149. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Trúnaðarmál. Barnavernd, Barnaheimili. Barnaheimili ýmislegt vegna barnaverndar 1932 til 1959.

<sup>15</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafni. F-31. Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar. Lagt fram í félagsmálaráði 18. september 1969.

<sup>16</sup> Sjá hér meðal annars fundargerð borgarráðs frá 5. nóvember 1971 þar sem fram kemur að borgarráð og félagsmálaráð séu að kanna til hlítar hvernig nýta megi betur það fjármagn sem sé til ráðstöfunar þess að reisa barnaheimili á hverju ári.

á hvaða áhrif dvöl á vöggustofu hefði haft á viðkomandi börn. Tók nefndin meðal annars til athugunar gögn frá geðverndardeildinni um önnur börn sem voru vistuð á vöggustofu en þau sem voru hluti af rannsóknum Sigurjóns Björnssonar sem fjallað var um í borgarráði Reykjavíkur árið 1967 með það fyrir augum hvort fjallað væri um áhrif dvalarinnar á heilsu þeirra.

Þá kannaði nefndin gögn hjá safninu um starfsemi Barnaverndarráðs Íslands, meðal annars um það hvernig eftirliti hafi verið háttað með barnaverndarnefnd Reykjavíkur, einkum þá því hvernig nefndin rækti starfsskyldur sínar um rekstur vöggustofanna og eftirlit með velferð þeirra barna sem þar dvöldu. Eins og áður segir var rekstur vöggustofanna undir eftirliti barnaverndarnefndar á þeim tíma sem rannsókn nefndarinnar tók til.

Fyrir liggur að Barnaverndarráð tók starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins til sérstakrar athugunar árið 1967. Var það gert að beiðni borgarstjóra í kjölfar þess að gagnrýni var sett fram á starfsemi vöggustofuanna í borgarráði. Þeirri athugun lauk 8. október 1970. Gögn um rannsókn Barnaverndarráðs hafa ekki fundist á Þjóðskjalasafni þrátt fyrir ítarlega leit starfsmanna safnsins. Í bréfi formanns Barnaverndarráðs til borgarstjóra frá í október 1970 er hins vegar gerð grein fyrir þeim gögnum sem ráðið aflaði vegna athugunar sinnar. Við athugun nefndarinnar verður hins vegar ekki annað séð en að þau gögn sem vísað er til með þessum hætti í bréfinu hafi verið varðveitt á Borgarskjalasafni.<sup>17</sup>

Við rannsókn nefndarinnar á skjalasafni Borgarskjalsafns kom í ljós að 199 börn sem vistuð voru á vöggustofum voru ekki auðkennd með nafni í þeim skjölum sem þar voru varðveitt. Einungis var vísað til þeirra með fæðingardegi og nöfnum foreldra. Um tíu þessara barna dvöldu skemur en einn mánuð á vöggustofunum. Í þessum hópi er hins vegar einnig barn sem dvaldi alls tvö ár á vöggustofunni og annað barn sem dvaldi lengur en eitt ár, auk þriggja barna sem dvöldu lengur en hálf ár.

Af því tilefni leitaði nefndin upplýsinga frá Þjóðskrá Íslands vegna athugunar sinnar til þess að nefndinni væri unnt að bera kennsl á þennan hóp ónafngreindra barna og kanna tildrög þess hvers vegna þau voru vistuð á vöggustofum. Með upplýsingum frá Þjóðskrá tókst að bera kennsl á öll börn nema tvö sem ekki voru auðkennd með nafni í skjölum Borgarskjalasafns.

Nefndin studdist einnig við upplýsingar sem birst höfðu opinberlega í fjölmiðlum um starfsemi vöggustofanna. Ber þá helst að nefna samtíma fréttaumfjöllun þar sem aðstæðum á vöggustofunum er lýst og einnig blaðgreinar þar sem sett er fram gagnrýni á starfsemi vöggustofanna. Auk þess hefur nefndin litið til viðtala sem birst hafa við einstaklinga sem dvalið hafa á vöggustofu eða starfað þar.

---

<sup>17</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja 83.

Þá aflaði nefndin einnig upplýsinga frá Tryggingastofnun ríkisins til að athuga tíðni örorku hjá þeim einstaklingum sem vistaðir voru á vöggustofum og hvernig sú tíðni væri í samanburði við aðra Íslendinga sem fæddir voru á sama árabili. Var það gert í því skyni að varpa ljósi á afdrif þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofum og hvaða áhrif vistunin hefði haft á þau til frambúðar. Sömu gögn veittu upplýsingar um dánartíðni einstaklinga sem vistaðir voru á vöggustofu í samanburði við einstaklinga sem fæddir voru á sama árabili. Þá fékk nefndin upplýsingar úr dánarmeinaskrá hjá embætti Landlæknis í því skyni að varpa ljósi á dánarorsakir þeirra sem vistaðir voru á vöggustofu og nú eru fallnir frá.

Loks aflaði nefndin gagna úr skjalasafni vistheimilaneftndar og hjá sanngirnisbótanefnd. Með þeirri gagnaöflun var leitast við að afla upplýsinga um hversu mörg barnanna sem vistuð voru á vöggustofu dvöldu síðar á vistheimilum og hversu mörg hefðu fengið greiddar sanngirnisbætur vegna þeirrar dvalar. Með hvoru tveggja er lagður grunnur að lýsingu nefndarinnar á afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunum eftir að dvölinni lauk, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022.

Ljóst er að skjöl og upplýsingar sem varðveittar eru í opinberum skjalasöfnum hafa gegnt lykilhlutverki í rannsókn nefndarinnar. Vinna við þessi gögn var umfangsmikil og naut nefndin við hana liðsinnis Péturs Hrafns Árnasonar, sagnfræðings, sem var starfsmaður nefndarinnar. Rétt er að taka fram að opinberar stofnanir sem höfðu umrædd gögn og upplýsingar í vörslum sínum svöruðu nær allar fyrirspurnum nefndarinnar greiðlega og starfsmenn voru jafnframt boðnir og búnir að aðstoða nefndina við að vinna frekar úr upplýsingum og gagnasöfnum þegar á reyndi. Kann nefndin þeim öllum bestu þakkir fyrir framlag sitt til starfa nefndarinnar að þessu leyti. Nefndin telur þó rétt að færa sérstakar þakkir til Kristínar Fjólu Fannberg, lögfræðings Borgarskjalasafns, Guðmundar Hjaltalín, kerfisfræðings hjá Tryggingastofnun, og Benedikts Eypórssonar, fagstjóra upplýsingaþjónustu Þjóðskjalasafns, sem veittu nefndinni sérlega lipra og mjög þýðingarmikla aðstoð við gagnaöflun og greiningu gagna.

## 1.4 Skýrslutökur

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 45/2022 var nefndinni heimilt að taka skýrslur af einstaklingum sem dvöldu á vöggustofunum og hverjum þeim sem talið var að byggju yfir vitneskju sem kæmi að notum, ef þeir samþykktu. Í 3. mgr. 3. gr. var jafnframt kveðið á um að læknum, öðru heilbrigðisstarfsfólki, starfsmönnum sveitarfélaga og opinberum starfsmönnum, sem ella væru bundnir þagnarskyldu, væri skylt að veita nefndinni upplýsingar sem lúta að starfsemi vöggustofanna væri þess óskað, eftir atvikum með því að gefa nefndinni skýrslu. Hið sama gilti um þá sem látið hefðu af störfum.

Þar sem starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda lauk formlega 20. júní 1963 þegar starfsemin fluttist yfir í vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, fyrir 60 árum, tókst nefndinni einungis að hafa upp á sex fyrrverandi starfsmönnum sem höfðu heilsu til ræða við nefndina. Af þeim fimmtán

Öðrum einstaklingum sem nefndin gat staðreynt að starfað höfðu á Hlíðarenda á tímabilinu 1949 til 1963 eru allir látnir. Nefndin tók hins vegar skýrslur af 27 einstaklingum sem störfuðu á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins innan þess tímabils sem rannsókn nefndarinnar tók til.

Einstaklingarnir sem störfuðu á vöggustofum Reykjavíkurborgar á fyrrgreindu tímabili eru ýmist á áttæðis- eða níuæðisaldri. Af samtölum við þá var ljóst að reynslan af starfi á vöggustofu hafði verið sumum þeirra þungbær en öðrum ekki. Vegna aldurs og heilsu margra þessara einstaklinga fór skýrslutakan í flestum tilvikum þannig fram að viðkomandi voru sóttir heim. Markaði nefndin jafnframt þá stefnu í upphafi viðtala sinna að starfsmenn yrðu ekki nafngreindir í þessari skýrslu og ekki vitnað til orða þeirra með nafni í skýrslunni nema leitað yrði samþykkis þeirra sérstaklega. Var hverjum og einum starfsmanni gerð grein fyrir þessu verklagi í upphafi viðtals.

Einungis einn starfsmaður vöggustofanna sem nefndin taldi þörf á að taka skýrslu af synjaði beiðni nefndarinnar um viðtal. Var þar um að ræða fóstru sem starfaði á vöggustofunni árin 1969 til 1970.

Sigurjón Björnsson, fyrrverandi forstöðumaður Geðverndardeildar barna, færðist enn fremur undan beiðni nefndarinnar um að koma í viðtal vegna aldurs og heilsufarsástæðna. Í samtali við formann nefndarinnar sem fór fram símileiðis 5. maí 2023 kvaðst Sigurjón þó standa við þá gagnrýni sem hann hefði sett fram á starfsemi vöggustofanna á sínum tíma.

#### *Skýrslur af þeim sem dvöldu á vöggustofum og aðstandendum þeirra*

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 45/2022 var nefndinni heimilt að taka skýrslur af einstaklingum sem dvöldu á vöggustofunum og hverjum þeim öðrum sem nefndin telur að búi yfir vitneskju sem komi að notum í starfi hennar enda veiti þeir samþykki sitt.

Eins og áður greinir hefur nefndin staðreynt að alls hafi 1.083 einstaklingar verið vistaðir á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins þann tíma sem rannsókn nefndarinnar tekur til. Á sjötta tug einstaklinga leitaði til nefndarinnar og óskaði eftir að koma á framfæri upplýsingum við nefndina, ýmist með tölvupósti eða viðtali að eigin frumkvæði eftir að skipun nefndar var tilkynnt og fréttir bárust af því að rannsókn væri hafin. Þá leituðu á þriðja tug einstaklinga til nefndarinnar af sama tilefni eftir að nefndin auglýsti sérstaklega að hún tæki á móti einstaklingum sem vistaðir voru á vöggustofum í viðtöl. Auglýsing þar um birtist sérstaklega á heimasíðu Reykjavíkurborgar 27. apríl 2023 og var fjallað um þá auglýsingu í fjölmiðlum.<sup>18</sup> Frá þeirri auglýsingu var enn fremur greint sérstaklega í sérstökum hópi á samfélagsmiðlinum Facebook sem helgaður er málefnum vöggustofanna 27. apríl og 27. maí 2023 en í þeim hópi eru fleiri en 500 einstaklingar. Í sama hópi hafði áður, eða 23. nóvember 2022 og 13. mars 2023 verið greint frá að nefndin óskaði eftir að ræða við

---

<sup>18</sup> [www.mbl.is/frettir/innlent/2023/04/27/oska\\_eftir\\_vidtolum\\_vegna\\_voggustofa\\_reykjavikur/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/04/27/oska_eftir_vidtolum_vegna_voggustofa_reykjavikur/)

aðstandendur vöggustofubarna og aðra sem myndu eftir vistun barnanna og aðbúnaði á vöggustofunum.

Samkvæmt þeim gögnum sem nefndin hefur aflað voru langflestir þessara einstaklinga sem nefndin ræddi við vistaðir á vöggustofum undir 2 ára aldri. Af gögnum sem nefndin hefur aflað voru einungis 10,6% barna sem dvöldu á vöggustofunum 1949 til 1973 eldri en 2 ára.

Um rannsóknir á áreiðanleika vitnisburða af atvikum sem einstaklingar upplifa á þessu aldurs skeiði er fjallað almennt um í annarri áfangaskýrslu vistheimilaneftndar sem kom út árið 2010. Er þar rakið að við mat á frásögnum fullorðinna um atburði sem gerðust snemma í æsku þurfi að hafa í huga að slík upprifjun sé háð minnisleysi og að flestir muni fátt af því sem gerðist fyrir fimm ára aldur.<sup>19</sup> Þannig lýsi fólk gjarnan frekar almennri þekkingu sinni á atburðum þegar það reynir að rifja upp minningar frá því fyrir fimm ára aldur en að það gefi nákvæmar lýsingar á þeim.<sup>20</sup> Þegar fullorðnir rifja upp minningar frá fyrstu árum ævinnar komi oft fram að þeir vita ekki hvort minningarnar séu raunverulegar eða hvort þær byggist á frásögnum úr fjölskyldunni eða því sem þeir hafa séð á ljósmyndum.<sup>21</sup>

Í skýrslu rannsóknarnefndar Breska sálfræðingafélagsins, *Guidelines on Memory and the Law. Recommendations from the Scientific Study of Human Memory* (2008), sem vitnað er til í annarri áfangaskýrslu vistheimilaneftndar, kemur einnig fram að flestir muni lítið eða ekkert frá því fyrir þriggja ára aldur og er þetta aldurs skeið stundum nefnt tímabil æskuminnisleysis (childhood amnesia). Í sömu skýrslu er lagt til grundvallar að fólk muni fátt frá aldurs skeiðinu þriggja til fimm ára, en meira sem gerðist þegar það var fimm til sjö ára gamalt. Að sama skapi virðist mun auðveldara að rifja upp æskuminningar frá átta ára aldri og eftirleidis og ekki fyrr en um tíu ára aldurinn sem minningar fá á sig mynd, innihald og skipulag þess sem gerist á fullorðinsárum.<sup>22</sup>

Skýrsluhöfundar rannsóknarnefndar Breska sálfræðingafélagsins segja að almennt sé ekki hægt að líta svo á að minningar um atburði sem eiga að hafa átt sér stað fyrir sjö ára aldur séu traustar ef ekki er unnt að staðfesta þær með utanaðkomandi óháðum sönnunargögnum. Er þar mælt með því að vel skipulögðum minningum af smáatriðum sem eiga að hafa gerst á aldrinum fimm til sjö ára sé tekið með fyrirvara og að hafður sé verulegur fyrirvari gagnvart sams konar minningum af smáatriðum sem eiga að hafa gerst á aldrinum þriggja til fimm ára.

---

<sup>19</sup> Sjá hér skýrslu rannsóknarnefndar Breska sálfræðingafélagsins, *Guidelines on Memory and the Law. Recommendations from the Scientific Study of Human Memory* (2008) og Waldfogel, S.: „The frequency and affective character of childhood memories“. – Wang, Q.: „Infantile amnesia reconsidered“

<sup>20</sup> Sjá hér einnig skýrslu vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 – Áfangaskýrsla nr. 2 – Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 46-48.

Skýrslan er aðgengileg á vef forsætisráðuneytisins á slóðinni: <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Skyrslur/afangaskyrsla2.pdf>

<sup>21</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 – Áfangaskýrsla nr. 2 – Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 46-48.

<sup>22</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 – Áfangaskýrsla nr. 2, Reykjavík 2010, bls. 46-48.

Pá er þar enn fremur mælt með því að öllum minningum af atburðum sem eigi að hafa átt sér stað fyrir þriggja ára aldur sé tekið með miklum fyrirvara og ekki sé litið á þær sem raunverulegar minningar án óháðra sönnunargagna.<sup>23</sup>

Eins og rakið er í skýrslu vistheimilaneftndar gefa rannsóknir til kynna margar og misvísandi ástæður þess hvers vegna svo erfitt er að rifja upp snemmbúna reynslu. Ljóst sé að málproski hafi þar áhrif því í fyrstu skráist reynsla ekki í minni á munnlegan hátt. Auk þess virðist málproski þegar atburðurinn á sér stað hafa áhrif á hvernig börnum tekst að rifja hann upp. Þá hafi rannsóknir líka sýnt að félagsleg samskipti hafi áhrif á minni því börn byrji að mynda langtíma minningar þegar þau byrja að tala um reynslu sína við aðra og gera þannig æviminningarnar merkingarbærari.<sup>24</sup>

Í ljósi framangreinds taldi vöggustofunefnd almennt rétt að gæta varfærni við mat á áreiðanleika frásagna um dvöl á vöggustofu að því marki sem þær frásagnir komu frá einstaklingum sem dvöldust þar sjálfir. Viðtöl nefndarinnar við þá voru því einkum miðuð við að afla upplýsinga um hvaða áhrif þeir teldu að vöggustofan hefði haft á líf þeirra og hver afdrif þeirra hefðu orðið, enda lutu viðtölin í öllum meginatriðum að því efni. Nefndin ræddi hins vegar einnig við einstaklinga sem dvöldu á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins um langa hríð eftir 4 ára aldur og fram yfir sex ára því þeir áttu eftir atvikum skýrari minningar um dvöl sína og daglegt líf á vöggustofunni.

Ljóst er að vegna aldurs og fjölda þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á vöggustofum Hlíðarenda og Thorvaldsensfélagsins var það ákveðnum erfiðleikum bundið fyrir nefndina að hafa samband við þá bréfleiðis eða símleiðis og óska eftir viðtali. Með vísan til þessa fjölda, sem og hversu ólíklegt væri að umræddir einstaklingar byggju yfir áreiðanlegum upplýsingum um viðfangsefni rannsóknar nefndarinnar út frá eigin minni, bæði í ljósi þess tíma sem liðinn er frá vistun á vöggustofu og ungs aldurs þegar vistunin átti sér stað, tók nefndin þá ákvörðun að hún hefði ekki frumkvæði að því að óska eftir viðtali við þessa einstaklinga.

Nefndin hafði þá ekki síður í huga að þeim sem vistaðir voru á vöggustofu kunni að vera afar þungbært að rifja þá staðreynd upp og ekki er unnt að ganga út frá því að viðkomandi kærði sig yfirhöfuð um slíka upprifjun fyrir tilstilli opinberrar nefndar. Þá var einnig viðbúið að einstaklingum sem vistaðir voru á vöggustofu væri hreinlega alls ókunnugt um að þeir hefðu dvalið á vöggustofu.

Af þeim sökum var það mat nefndarinnar að ekki væri útilokað að fyrirvaralaus tilkynning frá nefndinni og ósk um viðtal við ákveðinn einstakling kynni að fela í sér verulega röskun á friðhelgi einkalífs viðkomandi. Þegar litið væri til takmarkaðrar þýðingar slíkra viðtala fyrir upplýsingaöflun nefndarinnar taldi nefndin því ekki rétt að hún hefði almennt frumkvæði að

---

<sup>23</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 – Áfangaskýrsla nr. 2, Reykjavík 2010, bls. 46-48.

<sup>24</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 – Áfangaskýrsla nr. 2, Reykjavík 2010, bls. 46-48.



Því að óska eftir formlegum viðtölum við einstaklinga sem dvalið hefðu á vöggustofum Reykjavíkurborgar á árunum 1949 til 1973. Lét nefndin því við það sitja að birta þær opinberu tilkynningar sem vikið er að hér að framan um hvar og hvernig þau sem vildu koma á framfæri upplýsingum gætu haft samband við nefndina.

Nefndin tók viðtöl við þá einstaklinga sem dvalið höfðu á vöggustofum og leituðu til nefndarinnar að eigin frumkvæði, sem og aðstandendur, sem treystu sér til að greina frá atvikum sem þau höfðu orðið vitni að og nefndin taldi til þess fallin að varpa ljósi á starfshætti vöggustofanna. Nefndin telur rétt að þakka sérstaklega öllum þeim einstaklingum sem vistaðir voru á vöggustofum og gáfu sig fram til að deila reynslu sinni. Nefndinni er ljóst að það hefur ekki verið auðvelt að deila þessum frásögnum og það hefur krafist hugrekks. Sama gildir um aðstandendur sem í mörgum tilvikum hafa rifjað upp reynslu sem var sár og erfið.

Rétt er að taka fram að nokkrir einstaklingar höfðu samband við nefndina í síma og tölvupósti til að greina henni frá reynslu sinni í tengslum við og í kjölfar dvalar á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins án þess að óska eftir að koma viðtal. Þá ræddi nefndin með sama hætti við fyrrverandi starfsmann sem treysti sér ekki að koma í formlega skýrslutöku af heilsufarsástæðum.

Nefndin hefur tekið tillit til þeirra upplýsinga sem henni hafa borist með þessum hætti í ályktunum sínum og niðurstöðum eins og nánar er rakið í 6. kafla þessarar skýrslu. Þó skal tekið fram að upplýsingar um atburði, atvik og aðstæður á vöggustofu, sem hafa borist símleiðis eða í tölvupósti, hafa eðli málsins samkvæmt ekki sama vægi í ályktunum og þær sem nefndinni hafa verið veittar með formlegum viðtölum. Í viðtölum hafa nefndarmenn átt þess kost að spyrja um tiltekin atriði og þar með hefur þeim gefist kostur á að leggja efnislegt mat á framburði viðmælenda. Viðtöl nefndarmanna við fyrrverandi starfsmenn, aðstandendur og þá sem muna eftir eigin vist eru þannig megingrundvöllur ályktana nefndarinnar á trúverðugleika einstakra frásagna. Um slíkt er ekki að ræða þegar nefndinni berast upplýsingar í formi símtala eða tölvupósta.

## 1.5 Grundvöllur að ályktunum vöggustofunefndar

Eins og rakið er hér að framan tekur rannsókn nefndarinnar til tímabilsins 1949 til 1973. Af því leiðir að einstaklingar sem gáfu nefndinni skýrslu, hvort sem um er að ræða fyrrverandi starfsmenn, aðstandendur, vistbörn eða önnur vitni eru þar að lýsa atvikum sem áttu sér stað fyrir 50 til 70 árum. Í ljósi þess hversu langt er um liðið frá þeim atvikum sem rannsókn nefndarinnar tekur til þá reyndist mörgum erfitt eða ómögulegt að rifja upp atriði varðandi ákveðna þætti í starfsemi vöggustofanna. Sumir þeirra sem tengdust starfsemi vöggustofanna náíð, annaðhvort sem forstöðukonur, starfsmenn eða meðlimir barnaverndarnefnda eru látnir eða gátu ekki gefið skýrslu fyrir nefndinni af heilsufarsástæðum.



Við athugun nefndarinnar var tekið mið af því að sönnunargildi þeirra skýrslna sem einstaklingar gáfu kunni að vera takmarkað. Er þá sem fyrr horft til þess hversu langt er um liðið síðan þau atvik sem rannsóknin tekur til áttu sér stað og að minni einstaklinga um atvik svo löngu síðar er ekki alltaf áreiðanlegt. Í því efni kunna samræður við aðra einnig að hafa áhrif á upprifjun atburða sem og frásagnir annarra sem viðkomandi hefur síðar öðlast vitneskju um. Þá verður að hafa í huga að áherslur stjórnenda, opinber fyrirmæli, upplýsingar um verklag stofnana og fjárveitingar vöggustofanna kunna að ýmsu leyti að hafa haft áhrif á hvernig einstaklingum var sinnt sem börnum á vöggustofu. Enn fremur er rétt að vekja athygli á því að samkvæmt viðtölum nefndarinnar var stór hluti starfsfólks mjög ungar stúlkur sem sumar hverjar bjuggu á vöggustofunni og áttu því verulegra hagsmuna að gæta á sínum tíma samhliða því að halda starfi sínu.

Í þeim tilvikum þar sem fullorðnir lýsa reynslu sinni af atvikum sem þeir upplifðu sem börn er enn fremur ekki alltaf víst að þeir hafi fulla yfirsýn yfir aðstæðurnar sem höfðu áhrif á þá reynslu. Þannig er alls óvíst um hvort börn sem vistuð voru á vöggustofum árin 1949 til 1967 hafi haft vitneskju um að heimsóknir foreldra sættu á þeim tíma miklum takmörkunum. Í einhverjum tilvikum kann þetta hafa leitt til þess að börn ályktuðu ranglega að foreldrar þeirra vildu ekki rækta samband sitt við þau.

Pegar lagt er mat á skýrslur einstaklinga fyrir nefndinni hefur nefndin oft og tíðum getað stuðst við skriflegar samtímaheimildir sem varðveist hafa og lúta meðal annars að starfsemi vöggustofanna, barnaverndarnefndar Reykjavíkur, Barnaverndarráðs og aðkomu borgarstjórnar að rekstri vöggustofanna. Í þessum heimildum eru til dæmis skjöl sem varpa frekara ljósi á daglegan rekstur vöggustofanna, skipulag og tildrög þess að börn voru vistuð.

Í ljósi þess hvernig verkefni nefndarinnar eru skilgreind í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022, og samþykkt borgarráðs frá 10. mars 2022 var það hlutverk hennar að „staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á vöggustofunum hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð“. Að sama skapi var það ekki í verkahring nefndarinnar að meta nein lögfræðileg atriði sem varpað geta ljósi á hvort einstaklingar skuli sæta ábyrgð, t.d. refsí- eða skaðabótaábyrgð.<sup>25</sup> Þegar litið er til þess tíma sem liðinn er frá atvikum og réttarreglna um fyrningu sakar og bótakrafna verður einnig að leggja til grundvallar að slíkri ábyrgð verði ekki viðkomið.

Í samræmi við framangreint hefur athugun nefndarinnar beinst með almennum hætti þeim atriðum sem tilgreind eru í 1. gr. laga nr. 45/2022, einkum hvort börn hafi sætt illri meðferð

---

<sup>25</sup> Sjá hér til hliðsjónar 3. mgr. 2. gr. laga nr. 68/2011, um rannsóknarnefndir, en þar segir að sé rannsóknarnefnd falið að meta lögfræðileg atriði sem geta varpað ljósi á það hvort einstaklingar skuli sæta ábyrgð skuli nefndarmenn vera þrír hið minnsta.

eða ofbeldi við dvöl á umræddum stofnunum, en ekki að því hvort tilteknir einstaklingar hafi borið þar lagalega ábyrgð.<sup>26</sup>

Það er ekki markmið þeirrar athugunar sem mælt hefur verið fyrir á grundvelli laga nr. 45/2022 og í samþykkt borgarráðs frá 10. mars 2022 að nefndin fjalli um og leggi mat á sannleiksgildi frásagna um einstök atvik, t.d. um hvort tiltekinn atburður hafi átt sér stað. Í ljósi fyrirliggjandi gagna og hversu langt er um liðið telur nefndin ekki unnt að leggja mat á einstök atvik þannig að niðurstöður þar um geti talist öruggar eða viðhlítandi. Kemur þar í fyrsta lagi til að ýmsir þeirra sem varpað geta ljósi á einstök tímabil í starfsemi vöggustofanna, vistbörn, aðstandendur og starfsmenn eru látnir. Þá liggur jafnframt fyrir að ekki er að öllu leyti fullt samræmi í frásögnum um aðstæður á vöggustofunum, sem er eðlilegt í ljósi þess tíma sem er liðinn. Þá er ljóst að einstakar frásagnir um illa meðferð og/eða ofbeldi fá ekki stoð í fyrirliggjandi heimildum frá þessum tíma sem nefndin hefur aflað.

Af þessum sökum hefur nefndin í störfum sínum leitast við að varpa almennu ljósi á sannleiksgildi frásagna. Þá er nánar tiltekið átt við að nefndin hefur lagt mat á sannleiksgildi frásagna út frá mælikvarðanum um hvort telja verði, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að ill meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu, sem nánar verður rakin í 6. kafla hafi átt sér stað á einstökum tímabilum í starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Við það mat hefur nefndin einnig litið til þeirra skriflegu heimilda sem fyrir liggja.

Nefndin telur sig hins vegar ekki hafa forsendur til að fjalla sérstaklega um sannleiksgildi einstakra frásagna sem mynda þá heild sem nefndin leggur til grundvallar ályktunum sínum. Hefur nefndin þannig lagt sams konar aðferðafræði til grundvallar og vistheimilanefnd sem starfaði samkvæmt áðurgildandi lögum nr. 26/2007 gerði í sínum skýrslum en hlutverk vöggustofunefndar eins og því er lýst í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 er að þessu leyti áþekkt hlutverki fyrrnefndu nefndarinnar samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007.<sup>27</sup>

Í samræmi við framangreint hefur ekki verið leitast sérstaklega við að upplýsa einstök og afmörkuð tilvik þar sem barn sætti illri meðferð. Athugun nefndarinnar hefur þess í stað beinst að því hvort nefndin taldi unnt að draga þá ályktun af fyrirliggjandi gögnum og skýrslum aðila að ill meðferð í formi vanrækslu hafi almennt viðgengist á vöggustofunum ákveðnum tímabilum, án þess að hægt væri að ráða fram úr því með vissu hvort tiltekinn einstaklingur hafi borið þar ábyrgð. Við það mat hafa skriflegar samtímaheimildir mest vægi.

---

<sup>26</sup> Um er að ræða sambærilega nálgun og vistheimilanefnd lagði til grundvallar í sínum athugunum á grundvelli laga nr. 26/2007, um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.

<sup>27</sup> Sjá hér m.a. skýrslu vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, Reykjavík 2008, bls. 17-18 og skýrslu sömu nefndar, áfangaskýrslu nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 17 og 18.

Ef einstaklingur sem vistaður var á vöggustofu bar því við í skýrslutöku fyrir nefndinni eða öðrum samskiptum við nefndina að hann hafði sætt þar illri meðferð freistaði nefndin þess að upplýsa það nánar. Frásagnir af einstökum tilvikum höfðu þó ekki úrslitapýðingu fyrir mat nefndarinnar að þessu leyti, enda miðaðist athugun hennar sem fyrr segir að upplýsa hvort börn höfðu almennt sætt vanrækslu eða illri meðferð á vöggustofunum. Með þetta í huga hefur nefndin leitast eftir fremsta megni við að gera grein fyrir mati sínu á atvikum og aðstæðum við rannsókn sína og við framsetningu ályktana um heildarmat á sannleiksgildi frásagna í kafla 6.

Af ofangreindum ástæðum er ekki í skýrslunni gerð grein fyrir nöfnum vistbarna eða starfsmanna á vöggustofunum, annarra en forstöðukvenna, sem einstakar frásagnir varða með beinum eða óbeinum hætti. Ekki er þó mögulegt, meðal annars vegna umfjöllunar fjölmiðla sem þegar hefur átt sér stað um starfsemi vöggustofanna, að girða með öllu fyrir að hægt sé að greina við hvern er átt í skýrslu nefndarinnar þótt viðkomandi einstaklingur sé þar ekki nafngreindur.

Eins og rakið er í kafla 1.2 hér að framan ber nefndinni að fjalla um tildrög þess að börn voru vistuð á vöggustofunum og hvernig háttað var opinberu eftirliti með starfsemi þeirra á meðan þær voru í rekstri. Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir um gildandi lög á þeim tíma sem vöggustofurnar störfuðu telur nefndin að mögulegt sé að varpa nokkru ljósi á verklag stjórnvalda, einkum barnaverndarnefnda, og málsmeðferð í tengslum við vistun barna á vöggustofunum. Sama gildir um opinbert eftirlit sem viðhaft var með starfseminni.

Eins og nánar verður rakið í skýrslunni kann þó að þurfa að gera ákveðna fyrirvara við ályktanir nefndarinnar í þessu sambandi vegna þess skorts sem er á opinberum gögnum frá þessum tíma og hversu litlar upplýsingar eru oft skráðar í þessum heimildum. Nefndin hefur þó lagt áherslu á að leggja eins ígrundað mat og kostur er á þennan þátt í athugun sinni, enda ljóst að ályktanir í þessum efnum hljóta að vera forsenda þess að unnt sé að draga einhvern lærdóm af sögu vöggustofanna. Endanlegar ályktanir og niðurstöður nefndarinnar um það efni eru raktar í heild í 6. kafla. Næsti kafli hefur hins vegar að geyma stutta samantekt á helstu niðurstöðum nefndarinnar.

## 1.6 Helstu niðurstöður

Samkvæmt niðurstöðum nefndarinnar voru samanlagt 1083 börn vistuð á vöggustofunum árin 1949 til 1973. Þar af voru 475 vistuð á Vöggustofunni Hlíðarenda og 608 á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Við athugun sína á hver væru tildrög þess að börn voru vistuð á vöggustofunum á þessu tímabili tók nefndin annars vegar til athugunar hvaða ástæður lágu að baki því að barn var vistað og hins vegar hvernig barnaverndarnefnd Reykjavíkur hagaði málsmeðferð sinni í þeim tilvikum.

Eins og neðangreind tafla ber með sér voru mjög ólíkar ástæður fyrir því að börn voru vistuð á vöggustofunum. Í gögnum vöggustofanna og barnaverndarnefndar er oftast vísað til ótilgreindra félagslegra ástæðna. Annars var algengast að börn væru vistuð á vöggustofum vegna líkamlegra veikinda foreldra eða fátæktar, húsnæðisvanda eða skorts á dagvistunarræðum, en síðastnefndu þættirnir tengdust yfirleitt innbyrðis. Fyrir tæp 35% þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofum Reykjavíkurborgar var hins vegar engar upplýsingar að finna um hvers vegna þau voru vistuð á vöggustofunum.<sup>28</sup>

Þessi skortur á upplýsingum er töluvert meira áberandi fyrir Vöggustofuna Hlíðarenda. Þannig eru engar upplýsingar um ástæður vistunar fyrir 47,8% allra þeirra barna sem þar voru vistuð. Þá skortir upplýsingar um ástæður vistunar fyrir 38,8% barna sem voru vistuð voru 180 daga eða lengur á Hlíðarenda.

Í tilviki þeirra barna sem vistuð voru á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins skortir upplýsingar um ástæður vistunar fyrir 24,7% allra barna og 18,6% barna sem vistuð voru 180 daga eða lengur.

---

<sup>28</sup> Ítarlegri lýsingu á ástæðum þess að börn voru vistuð á vöggustofum má finna í kafla 3.3.4, sem fjallar um Vöggustofuna Hlíðarenda, og kafla 4.3.5. sem fjallar um Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Tafla 1: Ástæður þess að börn voru vistuð á vöggustofum 1949-1973

Skráð ástæða vistunar	Öll börn	Börn vistuð >180 daga
	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)
Andlát foreldris	6 (0,6%)	4 (1,3%)
Áfengis og vímuefnavandi foreldris/foreldra	56 (5,2%)	20 (6,3%)
Geðræn veikindi foreldris/foreldra	59 (5,4%)	20 (6,3%)
Líkamleg veikindi foreldris/foreldra	146 (13,5%)	25 (7,9%)
Meðganga fæðing annars barns	26 (2,4%)	1 (0,3%)
Húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt	130 (12,0%)	35 (11,0%)
Aðrar eða ótilgreindar félagslegar ástæður	208 (19,2%)	83 (26,2%)
Proskahömlun foreldris	9 (0,8%)	6 (1,9%)
Fötlun barns	17 (1,6%)	10 (3,2%)
Veikindi barns	33 (3,0%)	11 (3,5%)
Barnið er fyrirburi	10 (0,9%)	3 (0,9%)
Foreldri starfar á vöggustofu	6 (0,6%)	2 (0,6%)
Engar upplýsingar skráðar um ástæðu vistunar	377 (34,8%)	97 (30,6%)
Alls	1083 (100%)	317 (100%)

Í þeim tilvikum þar sem barnaverndarnefnd vistaði börn á vöggustofunum vegna háttsemi foreldra, veikinda eða vanrækslu, er það niðurstaða vöggustofunefndar að afskipti barnaverndarnefndar hafi í langflestum tilvikum fallið innan marka þágildandi barnaverndarlaga. Þá telur nefndin að sama eigi við um afskipti og vistun barna sem átti sér stað á grundvelli barnaverndarlaga og kom til vegna þess að viðkomandi börn fengu ekki viðeigandi hjúkrun eða læknishjálp vegna veikinda.

Að sama skapi telur vöggustofunefnd að í einhverjum tilvikum kunni að hafa leikið vafi á því hvort barnaverndarnefnd hafi haft nægilegar forsendur að lögum til að taka ákvörðun um að vista barn á vöggustofu. Á það einkum við um mál þeirra barna sem vistuð voru á Hlíðarenda vegna dagvistunar-, húsnæðisvanda og fátæktar á heimili, en ekki beinlínis eða í meginatriðum vegna bágra uppeldisaðstæðna, sem rekja hafi mátt til veikinda, vanrækslu, ofbeldis eða óreglu foreldra. Í því sambandi er rétt að geta þess að samkvæmt þágildandi barnaverndarlögum var fortakslaust bann við að taka börn af heimilum eingöngu vegna fátæktar eða örbirgðar foreldra. Þvert á móti bar barnaverndarnefndum skylda til að aðstoða foreldra og ráða bót á bágbornum fjárhag þeirra og skyldi sá kostnaður greiddast úr bæjarsjóði.

Ljóst er að barnaverndarnefnd var þó oft vandi á höndum við þessar aðstæður. Gögn nefndarinnar bera til dæmis með sér að í fjölmörgum tilvikum bar vistun barns á vöggustofu upp með þeim hætti að móðir bað sérstaklega fyrir um barn sitt á vöggustofuna til þess að

hún gæti unnið fyrir sér og sínum. Þá voru samsvarandi óskir settar fram um vistun barns til þess að móðir gæti lokið námi. Þar sem verulegur skortur var á dagvistunarúrræðum fyrir börn á þessum tíma er einsýnt að synjun barnaverndarnefndar á slíkum beiðnum hefði takmarkað verulega möguleika foreldra, og þá helst einstæðra mæðra, til að ala önn fyrir sér og börnum sínum eða afla sér menntunar. Jafnframt verður telja að fjárhagsleg fyrirgreiðsla Reykjavíkurborgar á þessum tíma hafi almennt verið lítt til þess fallin að koma í stað þeirra tekna sem foreldri gat aflað með launaðri vinnu

Vöggustofunefnd telur að þau skriflegu gögn sem liggja fyrir um málsmeðferð barnaverndarnefndar Reykjavíkur á tímabilinu 1949 til 1973 beri með sér að málsmeðferð barnaverndarnefndar hafi í mörgum tilvikum ekki verið í samræmi við þær skyldur sem hvíldu á nefndinni samkvæmt þágildandi lögum. Umrædd gögn bera til dæmis með sér að formaður eða einstakir starfsmenn hafi oft tekið ákvarðanir um vistun barna án þess að þær ákvarðanir hafi verið lagðar fyrir nefndina í samræmi við ákvæði laga.

Það er einnig niðurstaða vöggustofunefndar að opinbert eftirlit með Vöggustofunni Hlíðarenda hafi verið afar takmarkað og í raun lítið sem ekkert á þeim tíma sem börn voru vistuð þar allan sólarhringinn árið 1949 til 1963. Einungis hefur verið unnt að afla skriflegra heimilda um eina heimsókn barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarráðs á þessu tímabili. Skriflegar samtímaheimildir bera með sér að mun minna eftirlit hafi verið haft með Hlíðarenda en öðrum stofnunum þar sem börn voru vistuð allan sólarhringinn.

Vöggustofunefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu um eftirlit barnaverndarnefndar og Barnaverndarráðs með Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1963 til 1967 hafi einnig verið afar takmarkað. Fyrir liggur þó að eftirlit með starfsemi vöggustofunnar var aukið árið 1967 eftir að opinber gagnrýni kom fram í borgarstjórn Reykjavíkur á starfsemi vöggustofanna.

Vöggustofunefnd telur ljóst af skriflegum heimildum og frásögnum fyrrverandi starfsfólks Vöggustofunnar Hlíðarenda að foreldrum barna á vöggustofunni hafi á tímabilum í reynd almennt verið meinað að umgangast börn sín á meðan þau voru á vöggustofunni, hvort sem var að halda á þeim eða snerta með öðrum hætti. Foreldrar hafi almennt einungis mátt sjá börnin í gegnum gler og gilti sú regla óháð því af hvaða ástæðum barn var vistað á vöggustofu.

Þessir starfshættir leiddu til þess að tengsl barna og foreldra voru miklu leyti rofin án þess að séð verði að málefnalegar ástæður hafi staðið til þess. Að mati nefndarinnar verður að telja að starfshættir sem fela í sér að rjúfa með þessum hætti, oft á mjög löngum tímabilum, nær alfarið tengsl barns við foreldra, og eftir atvikum systkini sín, teljist til illrar meðferðar í skilningi 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022. Í því sambandi leggur nefndin áherslu á að mikilvægi persónulegra tengsla barns við foreldra, eftir atvikum aðra umönnunaraðila, á fyrstu þremur árum ævinnar var vel þekkt meðal fagfólks í málefnum barna á þeim tíma sem vöggustofunnar störfuðu.



Nefndin telur einnig merki um að foreldrum barna á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi á árunum 1963 til 1967, a.m.k. á ákveðnum tímabilum, í reynd verið almennt meinað að umgangast börn sín á meðan þau voru á vöggustofunni, hvort sem var að halda á þeim eða snerta þau með öðrum hætti. Nefndin telur þó ekki unnt að slá því föstu að þarna hafi verið um að ræða fastmótaða stefnu sem hafi verið framkvæmd án undantekninga.

Nefndin telur jafnframt rétt að geta þess að ekki verður séð að börnum hafi að jafnaði verið veitt persónuleg umönnun á vöggustofunum sem var til þess fallin að draga úr skaðlegum áhrifum tengslarofs við foreldra eða aðra umönnunaraðila. Samtímaheimildir benda þvert á móti til þess að slíka umönnun hafi skort, sbr. gagnrýni sem nefndarmaður í barnaverndarnefnd Reykjavíkur lét bóka á fundi 24. febrúar 1964.

Frásagnir fyrrverandi starfsfólks renna að miklu leyti stoðum undir það sem fram kemur í skriflegum samtímaheimildum. Starfsfólkið greindi meðal annars frá því að börn hafi verið óeðlilega lengi í rúmum sínum. Þar að auki hafi ekki mátt mynda persónuleg tengsl við börnin.

Þá liggur fyrir samkvæmt frásögnum fyrrverandi starfsmanna að vöggustofan bauð upp á mjög takmarkaða örvun á skynjun og þroska barnanna, t.d. voru leikföng af skornum skammti, veggir og umhverfi vöggustofunnar var að mestu leyti hvítt og fábreytt og börnin fóru sjaldan út. Þar að auki var allur matur maukaður fram til 1967 og börnin mötuð óháð aldri. Ljóst er að slíkt vinnulag er mjög hamlandi fyrir þroska barna, t.d. takmarkar það sjálfstæði þeirra, minnkar tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handar, auk þess sem það að borða fasta fæðu örvar hreyfiproska í munni sem er beintengt málþroska og framburðargetu barnsins.<sup>29</sup>

Þegar öll atriði eru virt heildstætt er það niðurstaða nefndarinnar að umönnun barna á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi í ýmsum tilvikum verið svo ábótavant á tímabilinu 1963 til 1967 að telja verði hana geta fallið undir illa meðferð í skilningi laga nr. 45/2022. Lítur þá nefndin sérstaklega til aldurs barnanna og þeirra afdrifaríku afleiðinga sem skortur á tengslamyndun við foreldra, og eftir atvikum aðra umönnunaraðila, sem og skortur á örvun og skynáreitum, getur haft á heilbrigði og þroska barna.

Nefndin telur hins vegar ekki unnt að slá því föstu að börn sem dvöldu á vöggustofunni hafi sætt meðferð af þessum toga eftir mitt ár 1967. Vissulega voru áfram merki um að ýmsu hafi verið ábótavant í starfsemi vöggustofunnar á þessum tíma, meðal annars því hversu snemma börnin voru lögð í rúmið á hverju kvöldi. Nefndin telur þó starfshætti þar, almennt séð, ekki geta talist til illrar meðferðar í skilningi laga nr. 45/2022.

---

<sup>29</sup> Webber, C., Blissett, J., Addessi, E., Galloway, A. T., Shapiro, L., & Farrow, C. (2021). An infant-led approach to complementary feeding is positively associated with language development. *Maternal & Child Nutrition*, 17(4), e13206.

Athugun vöggustofunefndar á afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1949 til 1973 leiddi í ljós að 13,9% voru síðar vistuð á öðrum stofnunum sem áttu að þjóna sem úrræði á sviði barnaverndar. Samkvæmt athugun nefndarinnar fóru 16,5% þeirra barna sem vistuð voru á Hlíðarenda í nokkurs konar fóstur en 15,3% þeirra barna sem vistuð voru á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Þetta jafngildir því að um sjötta hvert barn sem vistað var á vöggustofunum á fyrrnefndu árabili hafi farið í fóstur.

Gögn sem aflað var hjá Tryggingastofnun sýna að 34,3% þeirra sem vistaðir voru lengur en einn mánuð á vöggustofu á fyrrnefndu tímabili hafa fengið örorkumat eða endurhæfingarlífeyri. Samsvarandi tala fyrir jafnaldra úr hópi allra Íslendinga er 22,4%. Þar af höfðu 17,0% þeirra sem vistaðir voru á vöggustofunum lengur en mánuð fengið örorkumat eða endurhæfingarlífeyri fyrir 48 ára aldur en samsvarandi tala fyrir jafnaldra þeirra úr hópi allra Íslendinga er 8,6%.

Samkvæmt sömu gögnum og gögnum úr dánarmeinaskrá Landlæknis eru 14,4% þeirra sem vistaðir voru lengur en mánuð á vöggustofu látnir. Til samanburðar er 8,6% dánartíðni ef miðað er við jafnaldra þeirra úr hópi allra Íslendinga. Úr sama hópi vöggustofubarna voru 7,1% látnir fyrir 48 ára aldur, en 3,2% jafnaldra úr hópi allra Íslendinga. Nánari upplýsingar um ástæður örorku, dánartíðni og dánarmein má finna í kafla 5.4.

## 2. Sálfræðileg, félagsleg og lagaleg atriði sem hafa þýðingu við mat á starfsemi vöggustofa

### 2.1 Inngangur

Við mat nefndarinnar á því hvort börn sem vistuð voru á vöggustofum Reykjavíkurborgar hafi sætt þar illri meðferð eða ofbeldi er óhjákvæmilegt að hafa í huga að börnin sem um ræðir voru mjög ung og langflest undir þriggja ára aldri. Fyrir liggur að börn á þessu aldurskeiði eru sérlega viðkvæm fyrir því hvernig umönnun þeirra og meðferð er háttað en ófullnægjandi uppeldisskilyrði á þessu tímabili geta haft miklar og langvarandi afleiðingar fyrir líf viðkomandi síðar meir.

Nefndin telur ljóst að ekki sé hægt að gera viðunandi grein fyrir starfsemi vöggustofanna án þess að fjallað sé um mikilvægustu atriðin í þroska barna á fyrstu þremur árum þeirra og þá um leið þær grundvallarþarfir sem börn hafa á þessum tíma. Um þessi atriði er fjallað í kafla 2.2. hér aftar og þá með áherslu á hreyfi-, mál- og vitsmunabroska, ásamt félags- og tilfinningabroska (kaflar 2.2.1 til 2.2.4).

Ekki verður horft fram hjá því að rannsókn nefndarinnar tekur til tímabils sem spannar tæplega aldarfjórðung og hófst fyrir 74 árum en lauk fyrir 50 árum. Á þeim tíma hafa orðið töluverðar breytingar bæði á viðurkenndum hugmyndum um hvað teljist rétt og viðunandi meðferð ungra barna sem og annarra barna. Þá hafa á sama tíma orðið miklar breytingar á samfélaginu, meðal annars varðandi framboð á dagvistunarræðum, uppbyggingu húsnæðis og umgjörð félagslegrar þjónustu. Af því leiðir að hlutverk nefndarinnar felur meðal annars í sér að meta verður atvik og aðstæður í samfélagi sem var um margt frábrugðið nútímasamfélagi.

Nefndin hefur gengið út frá því í störfum sínum að ekki sé réttmætt að meta starfshætti opinberra stofnana á borð við vöggustofa alfarið í samræmi við vitneskju og viðhorf sem þróast hafa í rannsóknum fagfólks á meira en hálfri aldar tímabili eftir starfseminni lauk. Af þeim sökum hefur nefndin lagt áherslu á það í störfum sínum að líta í þessu sambandi til þeirra viðhorfa og þekkingar sem almennt lágu fyrir og voru viðurkennd við umönnun barna á þeim tíma. Er þá jafnframt höfð hliðsjón af því að hvaða leyti sömu viðhorf og þekking voru aðgengileg almenningi og ófaglærðum einstaklingum sem komu að rekstri vöggustofanna, sbr. kafla 2.2.5 og 2.2.6.

Pá taldi nefndin ekki unnt að horfa framhjá félagslegum og efnahagslegum aðstæðum á þeim tíma sem vöggustofurnar störfuðu, menntun og þjálfun starfsfólks vöggustofanna og þeim sérstöku áskorunum sem fylgdu uppbyggingu og þróun barnaverndarstarfs í Reykjavík á sama tíma. Um þessi atriði er fjallað í kafla 2.3. Þá er fjallað sérstaklega um þau viðhorf sem birtust um meðferð og umönnun ungra barna á íslensku á því tímabili sem vöggustofurnar störfuðu í kafla 2.4.).

Loks hefur nefndin ekki talið réttmætt að leggja gildandi lagareglur til grundvallar þegar metið er hvort börn hafi sætt illri meðferð á Vöggustofunni Hlíðarenda eða Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Að mati nefndarinnar færi slík nálgun í bága við sjónarmið sem liggja að baki þeirri almennu meginreglu að lagareglu skuli ekki beitt afturvirkkt, þ.e. um atvik sem áttu sér stað áður en reglan tók gildi. Hefur nefndin af þeim sökum litið til þeirra lagareglna sem í gildi voru á þeim tíma sem vöggustofurnar störfuðu við mat sitt að þessu leyti.<sup>30</sup> Um þessi atriði er fjallað í kafla 2.5.

## 2.2 Proski barna fyrstu þrjú ár ævinnar

### 2.2.1 Inngangur

Proski barna er flókið ferli þar sem barnið öðlast sífellt meiri færni og skilning á umhverfi sínu. Proska er gjarnan skipt í fjögur megin svið; hreyfiproska; málproska; vitsmunaproska; og félags- og tilfinningaproska. Þessi þroskasvið eru þó ekki aðskilin ferli heldur fléttast þau saman og hefur proski á einu sviði áhrif á framvindu þroska á öðru sviði. Sem dæmi getur hreyfiproski haft áhrif á vitsmunaproska, þar sem aukin hreyfigeta fjölgar tækifærum barnsins til að kanna umhverfi sitt. Í þessum kafla skýrslunnar verður fjallað almennt um þroska barna til að varpa ljósi á þroskatengdar þarfir þeirra og mögulegar afleiðingar þess að þeim þörfum sé ekki sinnt sem skyldi. Vöggustofur Reykjavíkurborgar sem hér eru til skoðunar voru fyrst og fremst ætlaðar börnum frá 0-3 ára og verður því einblínt á það aldurs skeið.

Fyrstu þrjú ár ævinnar einkennast af gríðarlega hröðum þroska á öllum sviðum enda þróast heilbriggt barn á þessum tíma frá nánast ósjálfbjarga ungabarni yfir í einstakling sem getur framkvæmt mjög krefjandi athafnir, eins og t.d. að syngja lag með flóknum texta meðan það klífrar upp stiga. Í þessum hraða þroska felast gífurlega örar breytingar í virkni og vexti

---

<sup>30</sup> Sjá hér meðal annars til hliðsjónar skýrslu vistheimilaneftar samkvæmt lögum nr. 26/2007, Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, Reykjavík 2008, bls. 34 og skýrslu sömu nefndar, áfangaskýrslu nr. 2, Reykjavík 2010, bls. 36.

heilans, enda áætlað að á fyrstu æviárunum verði um milljón nýjar tengingar milli taugafrumna á sekúndu.<sup>31</sup>

Þessi fyrstu æviár eru næmisskeið (e. *sensitive period*) þar sem samspil erfða og reynslu barnsins mótar uppbyggingu heilans sem seinni tíma þroski byggir á. Með næmisskeiði er átt við ákveðin tímabil þar sem barnið er móttækilegra fyrir tilteknum umhverfisáreitum en á öðrum tímum og þroski er hraðari. Í frumbersku myndast þessi mikli fjöldi tenginga milli taugafrumna, en síðar hefst grisjunarferli þar sem tengingar í heila verða afkastameiri og sérhæfðari. Sveigjanleiki (e. *plasticity*) heilafrumna er mestur á fyrstu æviárunum en minnkar síðan eftir því sem heilinn þroskast og verður sérhæfðari í að framkvæma sífellt flóknari aðgerðir.<sup>31</sup> Frávik í þroska á fyrstu árum ævinnar geta því haft langvarandi áhrif á námsgetu og almenna færni barnsins síðar meir.

Áhrif umhverfisins eru þarna ekki síður mikilvæg en áhrif erfða. Ótal vísindarannsóknir hafa sýnt fram á hvernig gagnvirk samskipti barns við umönnunaraðila eru hornsteinninn að margvíslegum þroska.<sup>32</sup> Í gegnum hjál, babl, bendingar og orð hefur barnið samskipti við umönnunaraðila sem svarar með sama hætti í gegnum hljóð og bendingar og úr verður samspil sem mætti líkja við tennis þar sem bolti flýgur á milli leikenda. Ef svörun þess fullorðna við barninu er óáreiðanleg, óviðeigandi eða hreinlega ekki til staðar getur það truflað þroska heilans og haft síðar neikvæð áhrif á nám, hegðun og heilsu barnsins.<sup>32</sup>

## 2.2.2 Hreyfiþroski

Líkamlegur þroski barns nær yfir hvoru tveggja líkamsvöxt og hreyfiþroska sem einkennast af því að þroskinn er annars vegar ofansækinn (e. *cephalocaudal*) (byrjar höfuðmegin og færir niður eftir líkamanum); og hins vegar útsækinn (e. *proximodistal*) (beinist frá líkamsmiðju til útlíma).<sup>33,34</sup> Þetta þýðir t.d. að barnið nær fyrst stjórn á hreyfingum handleggja, svo handa og loks fingra. Við fæðingu er hreyfiþroski barns skammt kominn þó ýmis meðfædd viðbrögð tryggja að einhverju leyti afkomu þess (t.d. sog-, leitar- og gripviðbragðið). Á fyrsta árinu nær barnið hins vegar örum hreyfiþroska og eru flest 12-15 mánaða börn t.d. farin að ganga óstudd og nota tangargrip (taka upp hlut með fingurgómum vísifingurs og þumals).<sup>33</sup> Hreyfiþroski er þrepaskiptur þroski, en í því felst að öll börn fara í gegnum sömu þrep, í sömu röð, þó einstaklingsmunur sé í hraða þroskans milli þrepa. Umhverfistengdir þættir geta haft áhrif á hraða barns í gegnum þrepin en ekki í hvaða röð þrepunum er náð. Þannig þarf barn t.d. að geta setið án stuðnings áður en það getur staðið óstutt. Helstu þrep

---

<sup>31</sup> Center on the Developing Child (2007). *The Science of Early Childhood Development* (InBrief). Harvard University.

<sup>32</sup> National Scientific Council on the Developing Child. (2012). *The Science of Neglect: The Persistent Absence of Responsive Care Disrupts the Developing Brain: Working Paper 12*. Harvard University.

<sup>33</sup> Keenan, T., Evans, S. & Crowley, K. (2016). *An Introduction to Child Development, 3rd ed.* Sage Publications.

<sup>34</sup> Berk, L.A. (2012). *Child Development, 9th ed.* Pearson.

hreyfiþroska barns fyrsta árið eru: að halda höfði; velta sér frá baki yfir á kvið; sitja óstutt; standa án stuðnings; ganga með því að halda sér í húsgögn/hluti; ganga óstutt.<sup>33,34,35</sup> Flest börn skríða einnig milli þriðja og fimmta þreps, en þó ekki öll.

Sem fyrr segir fara öll heilbrigð börn í gegnum sömu þrep í hreyfiþroska en á mismunandi hraða, enda er hreyfiþroski gagnvirkt ferli þar sem umhverfistengdir þættir hafa umtalsverð áhrif. Rannsóknir sýna að á menningarsvæðum þar sem börn

fá mikla örvun og hvatningu til að sitja og ganga, er þessum þroska náð að meðaltali fyrr en á meðal barna sem búa á svæðum þar sem minni hvatning eða örvun er veitt.<sup>33</sup> Rannsóknir hafa einnig sýnt að börn sem látin eru liggja mikið í vöggum sínum og fá þar með færri tækifæri til þjálfunar, sýna bæði seinkun og frávik í hreyfiþroska.<sup>34</sup> Því er ljóst að umhverfi barna getur haft bæði hvetjandi og letjandi áhrif á hreyfiþroska þeirra og að hegðun umönnunaraðila getur í einhverjum tilfellum valdið seinkun í þroska.

### 2.2.3 Málþroski

Málþroski nær yfir máltjáningu og málskilning barnsins og er nátengdur bæði vitsmuna- og félagsþroska. Líkt og í hreyfiþroska er máltaka barna svipað ferli um allan heim og byggir á samspili erfða og umhverfis. Flest börn segja fyrstu orðin í kringum 10-13 mánaða aldur<sup>36</sup> en málþroskaferlið hefst þó löngu fyrr. Við fæðingu eru börn strax tilbúin í samskipti og sýna rannsóknir t.d. að nýfædd börn kjósa að hlusta á mansraddir umfram önnur hljóð og að þau þekkja rödd móður sinnar.<sup>37</sup> Grátur er í upphafi notaður til að tjá vanlíðan en ungabörn eru fljótlega farin að nota hann á markvissari hátt í samskiptum.<sup>36</sup>

Um 1 mánaða aldur fara börn að hjala (gefa frá sér hljóð sem byggja sérhljóðum t.d. „oo“ eða „aa“), fara að babla um ó mánaða aldur (raða sérhljóðum og samhljóðum saman í hljóðrunur t.d. „dadadada“) sem síðan þróast yfir í bullmál þar sem barnið notar flóknari hljóðasamsetningar sem líkja eftir raunverulegum orðum og setningum. Þessi þrjú stig frá hjali yfir í bullmál koma fram í sömu röð óháð menningarsvæðum og eru talin fylgja þroska raddbanda og hreyfibarkar í heila.<sup>36</sup> Á aldrinum 12-18 mánaða fara börn svo að nota fyrstu orðin en tjá sig einnig mikið með bendingum. Við 18 mánaða aldur hefst svo þroskaskeið þar sem orðaforði barnsins stækkar ógnarhratt og bæta þau við sig tugum orða á viku þannig að

---

<sup>35</sup> Kail, R.V. (2007). *Children and their development*, 4th ed. Pearson Education.

<sup>36</sup> Keenan, T., Evans, S. & Crowley, K. (2016). *An Introduction to Child Development*, 3rd ed. Sage Publications.

<sup>37</sup> deRegnier, R. A., Wewerka, S., Georgieff, M. K., Mattia, F., & Nelson, C. A. (2002). Influences of postconceptional age and postnatal experience on the development of auditory recognition memory in the newborn infant. *Developmental psychobiology*, 41(3), 216-225.

barn með eðlilega þroskaframvindu fer frá því að þekkja um 10-20 orð við 18 mánaða aldur upp í 8-10 þúsund orð við 6 ára aldur.<sup>36,38,39</sup>

Þetta þroskaferli er ekki eingöngu nauðsynlegt fyrir samskiptafærni barnsins heldur er það einnig grundvöllur náms þegar barnið eldist, því orðaforði er undirstaða ýmissar námstengdrar færni, s.s. lestrar. Sem dæmi má nefna að orðaforði barns við þriggja ára aldur spáir vel fyrir um lestrargetu þess í 3. bekk, sem síðan gefur sterka forspá um námsárangur í eldri bekkjum.<sup>40</sup>

Pótt máltökuferlið sé eins um allan heim er það þó alls ekki sjálfvirkt líffræðilegt ferli því rannsóknir sýna að hegðun umönnunaraðila er einnig svipuð milli menningarhópa og örvun frá umhverfi barnsins og samskipti við aðra eru undirstaða málþroska.<sup>36,38,39,40</sup> Í samskiptum við mjög ung börn nota fullorðnir sérstakt barnamál (e. *child-directed-speech*), sem felst í því að tala hægar, nota ýkt svipbrigði og ýkja hrynjandann í tungumálinu sem talið er fanga athygli barnsins betur. Þessi hegðun sést alls staðar í heiminum, óháð menningu og er talin mikilvægur hlekkur í málþroska.<sup>40</sup>

Samskipti umönnunaraðila og barna felast einnig oft í því að þeir fullorðnu hafa tilhneigingu til að segja upphátt nöfn hluta og athafna sem þeir nota í daglegri umönnun barnsins og barnið hefur tilhneigingu til að benda á áreiti í umhverfinu sem hinir fullorðnu bregðast við með því að nefna áreitið. Þetta samspil milli umönnunaraðila og barns skilar sér í sístækkandi orðaforða barnsins, sem í upphafi tengist fyrst og fremst hlutum í nærumhverfi barnsins eins og líkamspörtum, áhöldum, fatnaði og leikföngum, en einnig athöfnum eins og að labba, sofa, detta, borða eða sitja.<sup>41,42</sup> Orðaforði barns er því bæði háður samskiptum við aðra og fjölbreytni áreita í umhverfi þess.

Málþroski er þannig gagnvirkt ferli sem byggir að miklu leyti á félagslegum samskiptum við umönnunaraðila. Barn sem hefur fá tækifæri til samskipta, fær litla mállega örvun og býr við fábreytt áreiti í umhverfi sínu er því líklegt til að sýna frávík í málþroska og hafa minni orðaforða, sem hefur mikil áhrif á samskiptafærni og námsárangur síðar á lífsleiðinni.

---

<sup>38</sup> Berk, L.A. (2012). *Child Development, 9th ed.* Pearson.

<sup>39</sup> Kail, R.V. (2007). *Children and their development, 4th ed.* Pearson Education.

<sup>40</sup> Zauche, Lauren Head, Taylor A. Thul, Ashley E. Darcy Mahoney, and Jennifer L. Stapel-Wax (2016) Influence of language nutrition on children's language and cognitive development: An integrated review. *Early Childhood Research Quarterly* 36, 318-333.

<sup>41</sup> Keenan, T., Evans, S. & Crowley, K. (2016). *An Introduction to Child Development, 3rd ed.* Sage Publications.

<sup>42</sup> Zauche, Lauren Head, Taylor A. Thul, Ashley E. Darcy Mahoney, and Jennifer L. Stapel-Wax (2016) Influence of language nutrition on children's language and cognitive development: An integrated review. *Early Childhood Research Quarterly* 36, 318-333.



### 2.2.3 Vitsmunaproski

Hugtakið vitsmunaproski vísar til hugræns þroska barnsins og nær yfir margslungin ferli, s.s. getu barnsins til að vinna með upplýsingar og getu þess til að hugsa, álykta og skilja umhverfi sitt. Vitsmunaproski nær yfir hugræn ferli eins og minni, rökhugsun og þrautalausn auk ýmissar námstengdrar færni. Vitsmunaproski er nátengdur málþroska og félagsþroska enda öðlast börn mikla þekkingu og skilning á heiminum í gegnum samskipti við umönnunaraðila.<sup>41,43</sup> Vitsmunaproski er þó talinn byggja fyrst og fremst á reynslu barnsins af því að kanna umhverfi sitt og því er forsenda þessa þroskaferlis sú að barnið fái tækifæri til að kynnast ólíkum áreitum.<sup>44</sup>

Könnun umhverfisins hefst strax hjá nýfæddum börnum en rannsóknir sýna að þótt þau sjái ekki mjög vel í byrjun þá eru þau virk í að skanna sjónræn áreiti í kringum sig. Þau veita sérstaklega athygli áreitum á hreyfingu, áreitum með skörp skil eins og svart-hvítum mynstrum og áreitum sem hafa flókin mynstur, en andlit og mynstur sem líkja eftir þeim fá þó mesta athygli.<sup>45</sup> Um tveggja mánaða aldur geta þau aðgreint alla liti og hafa betri sjónskerpu þannig að geta þeirra til að fókusera á hluti er orðin svipuð og hjá fullorðnum.<sup>43</sup> Um 3-4 mánaða aldur fer barnið að geta gripið í hluti og 4-5 mánaða getur það bæði skipt á milli handa og haldið á hlut í annarri hendi og þreifað á honum með fingrum hinnar handarinnar.<sup>43</sup> Eftir það verður barnið sífellt færara í að kanna hluti og eftir því sem hreyfigeta þess eykst nær það að skoða hluti á sífellt stærra svæði.

Fræðimenn á þessu sviði greinir á um hvort vitsmunaproski sé þrepaskiptur eða sívaxandi, en eru sammála um það að reynsla barnsins sé undirstaðan og að börn læri fyrst og fremst af því að kanna umhverfi sitt. Hugmyndin um að barnið sé eins og vísindamaður sem rannsaki umhverfi sitt og öðlist skilning á því með því að skoða, handfjatla og hreyfa áreiti í umhverfi sínu kom fyrst fram hjá Jean Piaget, sem setti fram kenningar sínar um vitsmunaproska á þriðja áratug 20. aldar.<sup>46</sup> Samkvæmt Piaget skiptist vitsmunaproski í 4 þrep (0-2 ára; 2-7 ára; 7-11 ára; og 12 ára og eldri) þar sem barnið fæst við mismunandi verkefni á hverju þrepi. Fyrstu verkefnin snúa að því að átta sig á umheiminum og læra að skilja eðli hluta í tíma og rúmi, en síðar að ná betri færni í að framkvæma sífellt flóknari hugrænar aðgerðir.<sup>47,48,49,50</sup>

Á svipuðum tíma setti L.S.Vygotsky fram sínar kenningar um vitsmunaproska sem lögðu meiri áherslu á áhrif menningar og tungumálsins en með svipuðum áherslum á reynslu barnsins af umhverfisáreitum. Vygotsky taldi hlutverk umönnunaraðila þó ekki síður mikilvægt en

---

<sup>43</sup> Berk, L.A. (2012). *Child Development*, 9th ed. Pearson.

<sup>44</sup> Kail, R.V. (2007). *Children and their development*, 4th ed. Pearson Education.

<sup>45</sup> Fantz, R.L. (1961). The origin of form perception. *Scientific American*, 204, 66-72.

<sup>46</sup> Ginsburg, H. & Oppen, S. (1969). Piaget's Theory of Intellectual Development. An Introduction. Prentice Hall.

<sup>47</sup> Keenan, T., Evans, S. & Crowley, K. (2016). *An Introduction to Child Development*, 3rd ed. Sage Publications

<sup>48</sup> Berk, L.A. (2012). *Child Development*, 9th ed. Pearson.

<sup>49</sup> Kail, R.V. (2007). *Children and their development*, 4th ed. Pearson Education

<sup>50</sup> Ginsburg, H. & Oppen, S. (1969). Piaget's Theory of Intellectual Development. An Introduction. Prentice Hall.

reynslu barnsins en hugmyndir hans um þroskasvæði (e. *zone of proximal development*) fólust í því að með leiðsögn og hvatningu fullorðins einstaklings gæti barnið sýnt mun meiri færni en þegar það væri eitt og óstutt að leysa verkefni.<sup>47,48,49</sup> Það má því segja að á meðan Piaget leit á barnið sem e.k. vísindamann í könnunarleiðangri, leit Vygotsky á barnið sem lærling hjá hinum fullorðnu.

Kenningar Piaget og Vygotsky eru enn ráðandi í þroskásálfræði þó rannsóknir hafi sýnt að börn hafi meiri námsgetu og séu yngri en Piaget taldi þegar þau ná ákveðinni færni og að Vygotsky hafi ofmetið áhrif menningar á vitsmunaproska.<sup>47,48,49</sup> Nýrri kenningar líta á vitsmunaproska sem vaxandi færni í gagnavinnslu þar sem vinnsluhraði, vinnsluminni og langtímaminni barnsins verði sífellt afkastameiri, en þessar kenningar hafa áfram sömu áherslur á að reynsla barnsins af fjölbreyttum umhverfisáreitum sé undirstaða vitsmunaproska.<sup>47,49</sup>

Kenningar um vitsmunaproska hafa því staðið lítið breyttar í nær heila öld þrátt fyrir mikla rannsóknarvirgni og stýðja ótal rannsóknir þær hugmyndir að vitsmunir barna þroskist fyrst og fremst við það að kynnast, skoða og prófa áreiti í umhverfi þeirra. Börn sem búa við fábreytni áreita í umhverfi sínu og vanörvun eru því líkleg til að sýna frávik í vitsmunaproska. Þetta sést einna best á því að skortur á samskiptum og örvun í umhverfi ungra barna er talinn einn af áhættuþáttum þroskahömlunar, sem er alvarleg taugaþroskaröskun og felst í skertum vitsmunaproska og skertri aðlögunarfærni.<sup>51,52</sup>

## 2.2.4 Félags- og tilfinningaproski

Hugtakið félags- og tilfinningaproski vísar til þroska barnsins í tjáningu tilfinninga, tilfinningastjórnunar, félagslegra samskipta og tengsla þess við aðra. Eins og fram kom í umfjöllun hér á undan um málþroska er nýfædd börn tilbúin til samskipta og byrja strax að hafa áhrif á umhverfi sitt með gráti og hjali. Þau búa einnig mjög snemma yfir getu til að herma eftir svipbrigðum annarra og fara að brosa á fyrstu vikunum.<sup>47,48,49</sup> Tjáning grunntilfinninga með svipbrigðum (ótti, undrun, gleði, viðbjóður) virðist meðfædd og sést hjá öllum óháð menningu.<sup>49</sup> Við fæðingu getur barn strax tjáð vanlíðan en eftir því sem barnið eldist og þroskast kemur flóknari tilfinningatjáning fram. Við 3-7 mánaða aldur sýnir það t.d. viðbjóð, vanlíðan, ótta, félagslegt bros, reiði, hlátur, áhuga, undrun og depurð; við 18-24 mánaða skömm og stolt; og 2-3 ára börn sýna bæði öfund og sektarkennd.<sup>49</sup>

Tilfinningastjórnun er frumstæð hjá nýburum, þau snúa sér frá óþægilegu áreiti eða sjúga hendur/fingur en komast auðveldlega í uppnám vegna sterkra tilfinninga og þurfa þá inngrip

---

<sup>51</sup> American Psychiatric Association (2013). *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders, 5th ed. (DSM-5)*. American Psychiatric Association.

<sup>52</sup> Whitwer, A.N., Lawton, K. & Aman, M.G. (2013). Intellectual Disability. Í E.J. Mash & R.A. Barkley (ritstj.) *Child Psychopathology* (bls. 593-624). Guilford Press.

umönnunaraðila til að jafna sig (láta halda á sér, rugga sér, tala rólega við sig).<sup>53</sup> Við 4 mánaða aldur er hægt að færa athygli þeirra annað með því að sýna þeim eitthvað og við 12 mánaða aldur nær barnið að stýra sér betur sjálft þar sem aukin hreyfigeta (skríða, ganga) gefur því tækifæri til að nálgast og forðast áreiti að vild.<sup>53</sup> Eftir eins árs aldur gefur málþroski barninu síðan fleiri leiðir til að tjá og stjórna tilfinningum og má sjá t.d. að 2 ára börn tala mikið um tilfinningar sínar og við 3 ára aldur nota þau sjálfstal til að róa sig í óttavekjandi aðstæðum.<sup>53</sup>

Samskipti og tengsl við umönnunaraðila eru því að mörgu leyti grundvöllur að þróun tilfinningastjórnunar. Rannsóknir sýna t.d. að ef umönnunaraðilar bregðast ekki við barni fyrr en það er komið í mikið uppnám og stýra ekki streituvaldandi aðstæðum ungbarna getur það orðið til þess að heilastöðvar sem dempa streituvíðbrögð þroskist ekki eðlilega, sem síðan getur leitt til þess að barnið bregðist hart við tilfinningalega, verði kvíðið og sýni lakari tilfinningastjórnun.<sup>54</sup> Rannsóknir hafa einnig sýnt að börn sem hafa orðið fyrir alvarlegri félagslegri vanrækslu snemma á ævinni sýna minni rafvirkni í heila (EEG mælingar); frávik í taugavirkni þegar unnið er með áreiti eins og andlitsmyndir og svipbrigði; og minni tengingar milli heilasvæða sem eru mikilvæg fyrir samhæfingu flókinna hugrænna, félagslegra og tilfinningalegra upplýsinga.<sup>55</sup>

Eins og sést af ofangreindu eru tengsl barnsins við umönnunaraðila gríðarlega mikilvæg, ekki eingöngu fyrir þróun tilfinningastjórnunar heldur einnig málþroska og vitsmunaproska. Tengslamyndun barns er þannig grundvöllur að margvíslegum þroska og því afar mikilvægt ferli. Við fæðingu eru börn strax tilbúin til að mynda tengsl við umönnunaraðila en eins og áður kom fram þekkja þau rödd móðurinnar, kjósa mannsraddir umfram önnur hljóð, sýna andlitum sérstakan áhuga og byrja mjög snemma að brosa á félagslegan hátt.<sup>53,56,57,58</sup>

Geðtengsl eru skilgreind sem sérstakt samband barns við einn eða fleiri einstaklinga, oftast þá sem sinna því og örva. Barnið leitar til þessa fólks eftir huggun þegar því líður illa eða vantar eitthvað, sefast auðveldlega hjá þessu fólki, sýnir merki um ótta þegar það er ekki nærri og tekst betur á við nýja hluti og áreiti ef það er með þessar lykelpersónur nálægt sér.<sup>53,57</sup> Grunnurinn að þessum geðtengslum er ekki fæðugjöf heldur öryggi, eins og Harlow sýndi fram á með tilraunum sínum árið 1958.<sup>59</sup> Nýfædd börn gera í fyrstu ekki mikinn greinarmun á einstaklingum en fara um 2 mánaða aldur að beina tengslahegðun meira að kunnuglegum umönnunaraðilum frekar en ókunnugum. Um 7-8 mánaða aldur fer að koma

---

<sup>53</sup> Berk, L.A. (2012). *Child Development*, 9th ed. Pearson.

<sup>54</sup> Nelson, C.A. & Bosquet, M. (2000). Neurobiology of fetal and infant development: Implication for infant mental health. Í C.H. Zeanah (ritstj.) *Handbook of Infant Mental Health* (bls. 37-59). Guilford.

<sup>55</sup> National Scientific Council on the Developing Child. (2012). *The Science of Neglect: The Persistent Absence of Responsive Care Disrupts the Developing Brain: Working Paper 12*. Harvard University.

<sup>56</sup> Keenan, T., Evans, S. & Crowley, K. (2016). *An Introduction to Child Development*, 3rd ed. Sage Publications

<sup>57</sup> Kail, R.V. (2007). *Children and their development*, 4th ed. Pearson Education

<sup>58</sup> deRegnier, R. A., Wewerka, S., Georgieff, M. K., Mattia, F., & Nelson, C. A. (2002). Influences of postconceptional age and postnatal experience on the development of auditory recognition memory in the newborn infant. *Developmental psychobiology*, 41(3), 216-225.

<sup>59</sup> Harlow, H. F. (1958). The nature of love. *American psychologist*, 13(12), 673-685.

fram ótti við ókunnuga sem nær síðan hámarki með miklum aðskilnaðarkvíða 12-16 mánaða, sem dvínar síðan og hverfur að mestu milli 2-3 ára aldurs. Þetta ferli kemur fram í svipuðu mynstri hjá öllum börnum, óháð menningarsamfélagi.<sup>60</sup>

Margir fræðimenn telja geðtengsl við 1 árs aldur vera grunninn að félagslegum tengslum síðar á ævinni og sýndu t.d. allsherjargreiningar á 63 rannsóknum annars vegar<sup>61</sup> og 44 hins vegar<sup>62</sup> að börn með örugg geðtengsl við 1 árs aldur hefðu betri tengsl við jafnaldra á unglingsárum. Geðtengsl hafa hins vegar ekki eingöngu áhrif á líðan barns og félagsþroska heldur einnig vitsmunaproska þar sem börn kanna meira umhverfi sitt í návist þeirra aðila sem þau hafa sterk geðtengsl við. Eitt besta dæmið um þetta er félagslegt viðmið (e. *social referencing*) sem byrjar að sjást hjá 8-10 mánaða gömlum börnum og felst í því að barnið nýtir sér tilfinningaleg svipbrigði umönnunaraðila til að meta aðstæður.<sup>53,56,57</sup> Fjölmargar rannsóknir sýna að börn forðast áreiti ef umönnunaraðili sýnir neikvæð svipbrigði en nálgast áreitið greiðlega ef viðbrögðin eru jákvæð. Þau horfa einnig fyrst til þessarar manneskju til að athuga hennar viðbrögð, áður en þau nálgast ný áreiti.<sup>53,57</sup> Þannig hafa geðtengsl óbein áhrif á það hversu mikið barn kannar umhverfi sitt og ný áreiti, sem aftur hefur mikil áhrif á þróun vitsmunaproska.

Ef geðtengsl eru veik eða myndast ekki getur það einnig haft neikvæð áhrif á geðheilsu barna og tengslamyndun þeirra síðar meir. Tengslaraskanir eru geðraskanir í flokki streitu- og áfallaraskana sem eru greindar hjá börnum sem eru 9 mánaða eða eldri og skiptast í svörunartengslaröskun (e. *Reactive Attachment Disorder*) og afhamlaða tengslaröskun (e. *Disinhibited Social Engagement Disorder*). Í greiningarskilmerkjum beggja raskanna þarf barn að hafa orðið fyrir alvarlegri tilfinningalegri vanrækslu, s.s. búið við tíðar breytingar á megin umönnunaraðila eða dvalist á stofnun þar sem skert tækifæri eru til að mynda sértæk tengsl við tiltekinn aðila og þurfa einkennin að koma fram fyrir 5 ára aldur og vera til staðar í a.m.k eitt ár.<sup>63</sup>

Einkenni svörunartengslaröskunar felast í því að barnið sýnir félagslega hömlun og dregur sig tilfinningalega tilbaka í samskiptum við fullorðna; barnið leitar sjaldan eftir huggun og sýnir litla svörun við tilraunum til að hugga það; það sýnir litla félagslega svörun við öðrum; hefur takmörkuð jákvæð geðhrif; og/eða sýnir óútskýrða depurð, þirring eða ótta í samskiptum við fullorðna umönnunaraðila.<sup>63</sup>

Afhömluð tengslaröskun felst í einkennum sem sýna mynstur hegðunar þar sem barnið er virkt í að nálgast og eiga samskipti við ókunnugt fullorðið fólk; sýnir litla eða enga hlédrægni

---

<sup>60</sup> Kagan, J., Kearsly, R.B. & Zelazo, P. (1978). *Infancy: It's place in human development*. Harvard University Press.

<sup>61</sup> Schneider, B. H., Atkinson, L., & Tardif, C. (2001). Child-parent attachment and children's peer relations: A quantitative review. *Developmental psychology*, 37(1), 86.

<sup>62</sup> Pallini, S., Baiocco, R., Schneider, B. H., Madigan, S., & Atkinson, L. (2014). Early child-parent attachment and peer relations: A meta-analysis of recent research. *Journal of Family Psychology*, 28, 118.

<sup>63</sup> American Psychiatric Association (2013). *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders, 5th ed. (DSM-5)*. American Psychiatric Association

við að nálgast það; sýnir of mikla nánd í mállegri og líkamlegri hegðun sem er ekki aldurssvarandi; gerir litla eða enga tilraun til að athuga með umönnunaraðila þegar það er í ókunnugum aðstæðum; og/eða er tilbúið til að fara burtu með ókunnugum fullorðnum aðilum hiklaust eða sýnir lítið hik.<sup>63</sup>

Báðar þessar raskanir eru sjaldgæfar og þekkjast nær eingöngu meðal barna sem alast upp í fósturkerfum eða á stofnunum.<sup>63</sup> Talið er að meðal barna sem alast upp við þessar erfiðu aðstæður sé tíðni svörunartengslaröskunar um 10% og afhamlaðrar tengslaröskunar 20%.<sup>63</sup> Styttri dvöl á stofnunum og bættar aðstæður eftir að barn fer af stofnun á fast heimili geta minnkað einkenni tengslaraskana, en mörg þeirra glíma þó við áframhaldandi tengslavanda.<sup>64,65</sup> Aldur barnsins getur þarna skipt miklu máli en í nýlegri allsherjargreiningu á 39 rannsóknum á tengslamyndun ættleiddra barna, barna í fóstur og barna sem ólust upp á stofnunum sýndu niðurstöður að ef ættleiðing eða fóstur átti sér stað eftir 12 mánaða aldur væru meiri líkur á frávikum í félagslegum tengslum á unglingsaldri heldur en ef það gerðist fyrir 12 mánaða aldur.<sup>66</sup>

Eins og sjá má af ofangreindri yfirferð er félagsproski mjög háður samskiptum við umönnunaraðila sem hefjast strax við fæðingu. Geðtengsl við nánustu umönnunaraðila eru ekki eingöngu mikilvæg fyrir líðan barns heldur eru þau nátengd málþroska, félagsproska og vitsmunaproska. Fyrstu ár í lífi barns eru næmisskeið fyrir geðtengsl og ef það myndar ekki sterk geðtengsl við fullorðna umönnunaraðila getur það valdið frávikum í félagsproska og geðrænum erfiðleikum síðar meir.

## 2.2.5 Samtímaþekking 1949-1973 á þroska ungra barna

Hér á undan hefur verið fjallað um þroska ungra barna og mögulegar afleiðingar þess að þroskatengdum þörfum sé ekki sinnt, en þegar starfsemi sem átti sér stað fyrir 50-74 árum er til rannsóknar þarf að skoða hana í ljósi samtímaþekkingar fagfólks. Skoða þarf þá sérstaklega hvort ríkjandi kenningar á þessum tíma geti skýrt skipulag starfseminnar og/eða hvort tiltekin þekking hafi ekki verið komin fram á þessum árum.

Samtímaþekking á mikilvægi fyrstu æviáranna í þroska barns, sem og mikilvægi tengsla við umönnunaraðila var ekki sú sama og í dag, enda takmarkaðist þekking á taugafræðilegum grunni þroska af því að ýmsar rannsóknaraðferðir eins og myndgreiningar voru skammt á

---

<sup>64</sup> Guyon-Harris, K. L., Humphreys, K. L., Fox, N. A., Nelson, C. A., & Zeanah, C. H. (2018). Course of disinhibited social engagement disorder from early childhood to early adolescence. *Journal of the American Academy of Child & Adolescent Psychiatry*, 57(5), 329-335.

<sup>65</sup> Bruce, M., Young, D., Turnbull, S., Rooksby, M., Chadwick, G., Oates, C., ... & Minnis, H. (2019). Reactive attachment disorder in maltreated young children in foster care. *Attachment & Human Development*, 21(2), 152-169.

<sup>66</sup> Van den Dries, L., Juffer, F., Van IJzendoorn, M. H., & Bakermans-Kranenburg, M. J. (2009). Fostering security? A meta-analysis of attachment in adopted children. *Children and youth services review*, 31(3), 410-421.

veg komnar. Á þessum árum var þó gríðarleg áhersla á barnæskuna innan geðheilbrigðisgreina, jafnvel meiri en í dag. Þarna var t.d. sálarafskeningin (e. *psychodynamic theory*) alls ráðandi innan bæði geðlæknisfræði og sálfræði, en hún kom fram um 1890 og náði hápunkti sínum milli 1950-1960. Kenningin grundvallast á þeirri hugmynd að atvik í bernsku hafi umtalsverð áhrif á líf fullorðinna og móti persónuleika einstaklingsins.<sup>67</sup>

Á sama tíma voru atferliskenningar einnig að ryðja sér til rúms en þær byggja á því að umhverfisáreiti móti hegðun einstaklingsins og að nám verði fyrir tilstilli reynslu. Þessar kenningar komu fram í byrjun 20. aldar og fóru að hafa mikil áhrif innan geðheilbrigðisþjónustu, kennslu og hvers kyns þjálfunar um miðja öldina.<sup>67,68</sup> Atferlisfræði og sálarafskeningar tókust á um nokkurn tíma uns sú síðarnefnda missti fylgi á áttunda og níunda áratugunum samhliða sívaxandi vísindalegum stuðningi við meðferðir byggðar á atferlisfræði og hugrænum kenningum.<sup>67,68</sup> Þó kenningarnar séu gjörólíkar, eiga þær þó það sameiginlegt að leggja áherslu á að umhverfi barns hafi mikil áhrif á þróun hegðunar þess síðar meir. Þrátt fyrir þessi umskipti er því ljóst að þekking fagfólks og áhersla þeirra á mikilvægi góðrar umönnunar í frumbersku er óumdeild, sama hvora kenninguna það aðhylltist.

Fyrirnefndar kenningar Piaget og Vygotsky um vitsmunaproska komu einnig fram áður en vöggustofurnar tóku til starfa og höfðu náð slíkri útbreiðslu á heimsvísu um 1950 að ætla má að fagfólk hafi þekkt til þeirra. Piaget byrjar að skrifa í kringum 1920 um hvernig barnið öðlast aukinn vitsmunaproska með því að kanna umhverfi sitt og í bók um störf hans frá 1969 rita höfundar í formála að frá því 1950 hafi öllum barnasálfræðingum, uppeldismenntuðum fagstéttum og fólki í margbreytilegum greinum verið ljóst að Piaget sé fremsti fræðimaður á sviði vitsmunaproska enda hafi hann ritað yfir 30 bækur og meira en 100 fræðigreinar um efnið.<sup>69</sup> Má því ætla að fólk með uppeldismenntun á Íslandi hafi á þessum tíma haft þekkingu á mikilvægi örvunar og fjölbreytileika áreita í umhverfi barns. Í grein sem Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri ritaði árið 1966 í tilefni 20 ára afmælis Fóstruskóla Sumargjafar kemur einmitt fram að aðalnámsgreinar skólans séu uppeldisfræði og sálfræði og að mikil áhersla sé lögð á að vekja skilning nemenda á þroskaferli barnanna og kenna þeim að velja leikföng sem hæfi hverju aldursskeiði.<sup>70</sup> Jafnframt er ljóst að læknar sem störfuðu á vöggustofunni þekktu afleiðingar vanörvunar á þroska enda var greiningin „Retardio mentis causa psycho-socialis“ eða þroskahömlun af sálfélagslegum orsökum notuð á þessum tíma

---

<sup>67</sup> Schultz, D.P. & Schultz, S.E. (1987). *A History of Modern Psychology, 4th ed.* Harcourt, Brace & Jovanovich.

<sup>68</sup> Hayes, S.C., Follette, W.C. & Follette V.M. (1995). Behavior Therapy: A Contextual Approach. Í A.S. Gurman & S.B. Messer (ritstj.) *Essential Psychotherapies* (bls. 128-225).

<sup>69</sup> Ginsburg, H. & Opper, S. (1969). Piaget's Theory of Intellectual Development. An Introduction. Prentice Hall.

<sup>70</sup> Valborg Sigurðardóttir (1966). Fóstruskóli Sumargjafar. *Húsfreyjan*, 17 (4 tlbl.), bls. 19-20.



og var m.a. eitt barn á vöggustofunni greint með þessa röskun árið 1970 og ritað í sjúkraskrá „líklegt er að vanþroski drengsins stafi af skorti á umhyggju og uppeldi“.<sup>71</sup>

Ekki er að sjá að starfsemi vöggustofanna hafi byggt á sérstökum kenningum um tilfinninga- og félagsþroska eða ríkjandi viðhorfum fagfólks á þessum tíma. Hins vegar er til fjöldi heimilda frá þessum tíma sem undirstrika mikilvægi þess að börnum sé sýnd ástúð og gott atlæti. Sem dæmi má nefna bókina „*Barn á virkum degi*“ sem var skrifuð sem leiðbeiningarrit fyrir almenning af norska fræðimanninum Ása Gruda Skard og kom út í íslenskri þýðingu 1949.<sup>72</sup> Í ritdómi Símonar Jóhanns Ágústssonar sálfræðings um bókina sem birtist í Morgunblaðinu í nóvember 1949 kemur fram að meginþráður bókarinnar sé þörf barna fyrir skilningsríka ástúð og að barn sem fái ekki nægilega ástúð í uppeldinu sé „svipt því dýrmætasta sem uppalendur geti látið því í tje.“<sup>73</sup> Þessi bók hefur greinilega fengið góða útbreiðslu því 1968, 19 árum eftir að hún kom út birtist hún á stuttum lista tímaritsins Húsfreyjan yfir „Bækur fyrir mæður og verðandi mæður.“<sup>74</sup>

Mikilvægi tengsla við móður var einnig fyrirferðamikil í skrifum geðlækna og sálfræðinga á þessum tíma. Árið 1950 kom Bruno Bettelheim fram með kenningu sína um ísskápsmæður (e. *refrigerator mothers*) sem vísaði til mæðra sem tengdust börnum sínum illa og sýndu þeim ekki nægilega ástúðlegt uppeldi. Að mati Bettelheim var þessi skortur á tengslum orsök alvarlegs geðræns vanda og taldi hann bæði einhverfu (e. *autism*) og geðklofa (e. *schizophrenia*) hjá börnum orsakast af þessari neikvæðu hegðun mæðra þeirra.<sup>75</sup> Þessi kenning varð mjög lífseig, breiddist hratt út um allan heim og var ríkjandi í skrifum og umræðu um þessar raskanir þar til seint á áttunda áratugnum þegar vísindarannsóknir sýndu fram á að erfðir væru að stærstum hluta orsakir beggja kvilla.<sup>75</sup> Það er því ljóst að á þeim árum sem rannsókn á vöggustofunum nær til, 1949-1973, var samtímaþekking með þeim hætti að skortur á tengslum við móður eða staðgengil hennar var talinn orsaka mjög alvarlegar geðraskanir hjá börnum.

Á því tímabili sem vöggustofurnar voru reknar voru skrif Johns Bowlby og Renee Spitz einnig áberandi þar sem báðir vöruðu við stofnunum af þessu tagi fyrir ung börn og töldu þær geta orðið börnunum að heilsutjóni vegna skorts á tengslamyndun við umönnunaraðila.<sup>76</sup> Talsvert var fjallað um þeirra skrif hérlendis í tengslum við umræðu um vöggustofurnar og ljóst að sú

---

<sup>71</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur 2017/134. A Geðverndardeild (1960-1970). AA Sjúkraskrár (1970-1970). Askja 35.

<sup>72</sup> Ása Gruda Skard (1949). *Barn á virkum degi*. Norðri. (Ísl. Þýðing Valborg Sigurðardóttir).

<sup>73</sup> Ritdómur: Símon Jóhann Ágústsson (1949). *Barn á virkum degi*. Ritdómur. Morgunblaðið, 22. nóvember 1949 bls. 4.

<sup>74</sup> *Bækur fyrir mæður og verðandi mæður* (1968). *Húsfreyjan* 4t1b, 19 árg., bls. 37

<sup>75</sup> Bennett, M., Webster, A. A., Goodall, E., Rowland, S., Bennett, M., Webster, A. A., ... & Rowland, S. (2018). Establishing contexts for support: Undoing the legacy of the “refrigerator mother” myth. *Life on the autism spectrum: Translating myths and misconceptions into positive futures*, 61-80.

<sup>76</sup> Rowold, K. (2019). What do babies need to thrive? Changing interpretations of ‘Hospitalism’ in an international context, 1900-1945. *Social History of Medicine*, 32(4), 799-818.



umræða fór ekki fram hjá barnaverndaryfirvöldum eða stjórnendum borgarinnar (sjá nánar í kafla 2.4. hér á eftir).

Ekki finnast neinar kenningar eða fræðiskrif frá þessum tíma eða áratuginum á undan um að fyrstu æviárin séu ekki mikilvæg í þroska, að tengsl við aðra en foreldra geti skaðað þau á einhvern hátt eða að gott sé fyrir þau að liggja í rúmum afskiptalaus. Þó kom fram í bæklingi Landlæknis um umönnun ungbarna 1950 að láta ætti barnið eins afskiptalaus og unnt væri milli máltíða og ekki ætti taka það upp til að leika við það. Af textanum má þó ráða að þarna er verið að tala um börn upp að 9 mánaða aldri en ekki eldri börn.<sup>77</sup> Þessar leiðbeiningar í bæklingi Landlæknis stangast einnig á við bækling sem Barnaverndarnefnd Reykjavíkur gaf út sama ár, 1950.<sup>78</sup> Í þeim bæklingi er rætt um félagsþörf ungra barna og lögð áhersla á að ekki eigi að láta barnið vera of mikið eitt því það hafi neikvæð áhrif á málþroska og einangrun tefji fyrir andlegum þroska barnsins. Þar er einnig rætt um mikilvægi hreyfingar, leiks og leikfanga fyrir þroska barnsins og ýmis ráð gefin um val á leikföngum.

Takmörkun heimsóknna foreldra og annarra ættingja átti sér fyrirmynd í skipulagi sjúkrahússtofnanna á þessum tíma og þekktist það á alþjóðavísu á barnadeildum sjúkrahúsa að foreldrar fengju einungis að heimsækja börnin sín á ákveðnum dögum.<sup>79</sup> Ekki finnast þó skriflegar samtímaheimildir um að á þessum stofnunum hafi foreldrum verið meinað að snerta börn sín og einungis fengið að sjá þau í gegnum gler. Í viðtölum við fyrrverandi forstöðukonu Hlíðarenda og starfsmann vöggustofunnar kom þó fram að þannig hafi það verið á barnadeild Landspítalans snemma á sjöunda áratugnum, sjá kafla 3.3.3.

Árið 1959 kom út skýrsla nefndar á vegum breska heilbrigðisráðuneytisins<sup>80</sup> þar sem aðstæður barna á sjúkrahúsum voru rannsakaðar. Niðurstaðan var að sjúkrahús væru ömurlegur staður fyrir börn þar sem tækifæri til leikja væru of fá, of strangar takmarkanir á heimsóknnum foreldra og var lagt var til að börn skyldu fá óheftan aðgang að foreldrum sínum á meðan að á sjúkrahúsvist stæði. Breska læknafélagið staðfesti niðurstöðurnar skriflega tveimur árum síðar<sup>81</sup> og hefur skýrslan haft mikil áhrif alþjóðlega þó það hafi tekið langan tíma að innleiða breytingarnar.<sup>82</sup>

---

<sup>77</sup> Vilmundur Jónsson (1950). *Leiðbeiningar um meðferð ungbarna*. Landlæknir

<sup>78</sup> *Verndið börnin. Nokkrar leiðbeiningar handa foreldrum um barnaupveldi*. Símon Jóh. Ágústsson tók saman. Reykjavík: Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, 1950.

<sup>79</sup> Bradley S. (2001). Suffer the little children. The influence of nurses and parents in the evolution of open visiting in children's wards 1940-1970. *International history of nursing journal*, 6(2), 44-51.

<sup>80</sup> Platt, H. (1959). *The Platt Report*, (formerly known as the *Welfare of Sick Children in Hospital*). Ministry of Health.

<sup>81</sup> The Platt Report *British Journal of Medicine*, 1961;2:159.

<sup>82</sup> Taylor, J., Muller, D. & Harris, P. (1999). *Nursing Children: Psychology, Research and Practice*. Nelson Thornes.

## 2.2.6 Samantekt

Af ofangreindu er ljóst að ógrynni vísindarannsókna sýna að fyrstu þrjú ár í lífi barns eru næmisskeið þar sem þroski er mjög hraður og lagður er grunnurinn að margvíslegri færni barnsins síðar meir. Örvun frá umhverfinu, samskipti og tengsl við umönnunaraðila eru nauðsynleg forsenda þessa þroska og verði misbrestur þar á geta komið fram alvarleg þroskafrávik og geðræn vandamál síðar á ævinni. Ljóst er að samtímaþekking fagfólks var með þeim hætti að mikilvægi frumbersku var vel þekkt, sem og nauðsyn þess að barnið myndaði tengsl við umönnunaraðila. Engar samtíma heimildir, kenningar eða fræðiskrif styðja takmarkanir á örvun, samskiptum eða tengslum barna aðrar en einn íslenskur bæklingur um umönnun ungbarna, sem þó stangaðist á við bækling Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um leiðbeiningar til foreldra sem gefinn var út á sama tíma. Í almennri skipulagningu sjúkrahúsa á þessum tíma voru takmarkanir á heimsóknum foreldra til barna sinna. Þar var þó um að ræða veik börn sem lágu inni í stuttan tíma vegna sjúkdóma, aðgerða eða slysa og mikilvægt að halda því til haga að börnin á vöggustofunum voru langflest fullfrísk og ekki vistuð þar vegna eigin veikinda nema í undantekningartilvikum. Rannsóknarnefndin hefur lesið vistunarskjöl allra þeirra 1083 barna sem vistuð voru á vöggustofunum 1949-1973 og þar kemur ekkert fram sem gefur til kynna að heilsufar þeirra hafi verið lakara en almennt þekkist hjá börnum á þessum aldri. Takmarkanir heimsókna skýrast því ekki af veikindum barna sem þarna voru vistuð.

## 2.3 Samfélagslegar breytingar í Reykjavík 1949-1973

Eins og áður hefur komið frá þá tekur athugun nefndarinnar til atburða sem áttu sér stað á 24 ára tímabili fyrir 50 til rúmlega 70 árum síðan. Umtalsverðar breytingar á samfélaginu áttu sér stað á þessum tímabili. Reykjavík árið 1949 var borg í örum uppveiti, fólk fluttist til borgarinnar í miklum mæli í leit að vinnu og húsnæði. Seinni heimstyrjöldinni hafði lokið fimm árum fyrr.

Fjöldi íbúa í Reykjavík: <sup>83</sup>			
Árið 1940	38.308	Árið 1953	60.124
Árið 1944	44.281	Árið 1967	80.090
Árið 1949	54.707	Árið 1973	84.333

Húsnæðisuppbygging var ekki í takti við fólksfjölgun og margir bjuggu í ófullnægjandi húsnæði, m.a. í bröggum frá hernámstímanum. Þá voru dagvistunarræði fyrir börn takmörkuð og lífsbaráttan hörð á margan hátt.

Atvinnuleysi í Reykjavík, sem hafði ekki mælst mikið á stríðsárunum, jókst í framhaldi af stríðinu. Sveiflur í atvinnuleysistölum voru þó töluverðar, bæði vegna árstíðasveiflna í atvinnuleysi (meira að vetrarlagi en sumarlagi að öllu jöfnu) en einnig virðist skráningu vera ábótavant. Árin 1959, 1960 og 1967 er til dæmis ekkert atvinnuleysi skráð í Reykjavík sem verður að teljast ólíklegt. Þrír Reykvíkingar voru á atvinnuleysisskrá í febrúar 1947, í febrúar 1952 voru þeir 718 talsins, átta talsins 1961 og 1361 talsins í febrúar 1969.<sup>84</sup>

Árið 1942 var 48 stunda vinnuviku með 8 stunda dagvinnu komið á þar sem unnið var sex vinnudaga. Fyrir þann tíma var vinnuvikan oft 60 tímar og eðlileg dagvinna taldist 10 tímar. Árið 1965 var síðan náð fram með kjarasamningum 44 stunda vinnuviku. Þessi vinnutími mun þó illa hafa staðist og varð oft og tíðum lengri.<sup>85</sup> Núgildandi lög nr. 88/1971, um 40 stunda vinnuviku, hafa ákvæði um að ekki skuli unnar fleiri en 40 dagvinnustundir í hverri viku.

Ofanverður fimmti áratugurinn markaði einnig upphafið að svonefndri „barnasprengju“. Fæðingartíðni hafði lækkað á Íslandi (líkt og á öðrum Vesturlöndum) samfelld frá miðbiki 19. aldar. Hún lækkaði svo enn meira á fjórða áratugnum í tíð heimskreppunnar miklu og náði hún sögulegu lágmarki á árunum 1936–40 (2,8 börn á ævi hvernar konu). Fæðingartíðni hélst svo áfram fremur lág í flestum löndum Evrópu á árum seinni heimstyrjaldarinnar 1939–45 en svo var ekki á Norðurlöndum þar sem greina má aukna frjósemi fljótlega upp úr 1940. Hér

<sup>83</sup> Upplýsingar fengnar úr talnabrunni Reykjavíkurborgar á vefsíðunni [tolur.reykjavik.is](http://tolur.reykjavik.is).

<sup>84</sup> [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Sogulegar/Sogulegar\\_sogul\\_vinumarkadur/SOG05003.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Sogulegar/Sogulegar_sogul_vinumarkadur/SOG05003.px)

<sup>85</sup> Þingræða Eðvarðs Sigurðssonar um frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku, Alþt. 1970-1971, C-deild, dalkur 583.

náði frjósemi hámarki árið 1960 en þá fæddust hverri íslenskri konu rúmlega fjögur börn en eftir það fór hún lækkandi á ný.<sup>86</sup>

Eftirspurnin eftir vistun ungbarna jókst verulega á stríðsárunum og brást Hjálpræðisherinn fyrst við með því að reka vöggustofu á árunum 1941-43. Barnavinafélagið Sumargjöf sem hafði byggt upp dagvistunarheimili í bænum frá fjórða áratugnum starfrækti slík vistheimili í Vesturborg 1941 og Tjarnarborg 1941-1943.<sup>87</sup> Áður hafði félagið haft forgöngu um að opnað yrði barnaheimili í Reykjavík árið 1924 og var það sumardagheimili sem var rekið í tvö ár. Vetrardagheimili bættist við árið 1938 og leikskóli að erlendri fyrirmynd var fyrst starfræktur árið 1940 fyrir börn þriggja til sex ára.<sup>88</sup> Árið 1945 rak Sumargjöf þrjú barnaheimili og 1950 voru þau orðin átta talsins, þeim fjölgaði síðan í 12 árið 1960 og voru orðin 20 talsins árið 1970.<sup>89</sup>

Byggingafélag verkamanna í Reykjavík var stofnað vorið 1930 til að bregðast við miklum húsnæðisskortri í borginni. Þá þegar var hafinn undirbúningur að byggingu verkmanabústaða við Hringbraut. Fyrsti áfangi var tekinn í notkun 1932 en alls voru byggðar 172 íbúðir fram til ársins 1937. Árið 1932 voru samþykkt lög um byggingarsamvinnufélög og í framhaldinu urðu til nokkur félög sem byggðu íbúðir sem seldar voru til félagsmanna með betri kjörum en almennt voru í boði.<sup>90</sup> Borgaryfirvöld stóðu einnig að uppbyggingu húsnæðis m.a. á Skúlagötu, alls 72 íbúðir sem voru allar komnar í notkun árið 1948.<sup>91</sup> Á árunum 1956-1970 reisti Byggingarfélag verkamanna rúmlega 500 íbúðir í Reykjavík. Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Breiðholti afhenti fyrstu íbúðirnar þar árið 1968 en átakið um uppbyggingu íbúða þar kvað á um rúmlega 1000 íbúðir í Breiðholti sem ætlaðar voru efnaminna fólki.<sup>92</sup>

Staða kvenna breyttist með vaxandi þéttbýli. Fyrst um sinn hélst hins vegar mjög skýr verkaskipting milli kynjanna. Karlmenn fóru út á vinnumarkaðinn en konur voru áfram heima, sinntu börnum og búi. Allt fram til 1950 var atvinnuþátttaka kvenna í kringum 35% fyrir utan árin 1910 og 1930 þar sem atvinnuþátttaka kvenna fór í tæplega 40%. Atvinnuþátttaka kvenna var 34% árið 1960 og 51% árið 1971.<sup>93</sup> Hlutverk flestra kvenna var því lengst af því tímabili sem um ræðir að sinna umönnun barna og uppeldi og annast heimilishald.

Takmarkaðir möguleikar til dagvistunar fyrir börn höfðu mikil áhrif á þátttöku kvenna á vinnumarkaði en lengstan hluta tímabilsins sem um ræðir var mikil vöntun á dagvistarúrræðum. Það að konur komust ekki út á vinnumarkað hafði síðan áhrif á

---

<sup>86</sup> <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/faedingar-2022/>

<sup>87</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, bls. 181-82.

<sup>88</sup> Dagheimili og leikskólar á vegum Sumargjafar, e.d. Sótt af: <https://sumargjof.is/barnaheimilin-2/>

<sup>89</sup> Saga Sumargjafar, e.d. Sótt af: <https://sumargjof.is/saga/>

<sup>90</sup> Saga Reykjavíkur 1870-1940, Guðjón Friðriksson, 1994, bls. 304-306

<sup>91</sup> Undir bárujárnsboga, braggalíf í Reykjavík, Eggert Þór Bernharðsson, 2000, bls. 226

<sup>92</sup> Þjóðviljinn, 16. mars 1983 (159 tbl), bls. 8

<sup>93</sup> Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland, bls. 216.

fjárhagslega afkomu heimilanna þar sem laun einnar fyrirvinnu voru oft og tíðum ekki nægileg til framfærslu, sérlega þegar um barnmörg heimili var að ræða. Þá hafði vöntun dagvistarúrræða enn afdrifaríkari áhrif á afkomu einstæðra mæðra sem oft og tíðum sáu þann eina kost að óska eftir vistun fyrir börn sín til að geta séð sér farborða.

Í máli borgarstjóra á fundi bæjarstjórnar 18. október 1956 kom til dæmis fram að á hverju ári yrði erfiðara að finna samastað fyrir munaðarlaus börn í Reykjavík. Í greinargerð með tillögum barnaheimilisnefndar um byggingu dagheimila, sem lágu fyrir í mars 1957 og lagðar voru fram í bæjarstjórn 1958, er staðhæft að árið 1955 hafi 1.160 börn í Reykjavík verið börn einstæðra mæðra. Er þar jafnframt lýst því sjónarmiði að uppeldi og framtíð þeirra barna gæti beinlínis verið undir því komin að þau fengju vist á dagheimili. Ef ekki þá neyddist móðir sem varð að vinna fyrir barni sínu að skilja það eftir umhirðu- og gæslulaust.

Umsögn barnaverndarnefndar til borgarstjóra frá 10. mars 1963 ber einnig að sama brunninum um hversu algengar félagslegar aðstæður af þessum toga voru við lok starfstíma Vöggustofunnar Hlíðarenda og skömmu áður en Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins tók til starfa. Barnaverndarnefnd lýsti þar þeirri skoðun sinni að fjölgun dagvöggustofa, aukin aðstoð við einstæðar mæður og heimavistarskólar fyrir börn gætu dregið verulega úr fjölda þeirra barna sem ráðstafa þyrfti á barnaheimili. Vísaði nefndin í því sambandi til þess að samkvæmt athugun sem hún hefði gert ári áður, eða 1962, hefðu níu af þeim börnum sem þá dvöldu á Hlíðarenda getað verið á dagvöggustofu.

Við upphaf sjötta áratugarins gætti einnig áfram niðursveiflu efnahagslífsins sem hafist hafði skömmu eftir lok seinni heimstyrjaldarinnar sem hafði meðal annars í för með sér skömmtun á innfluttum varningi sem hafði áhrif á afkomu fólks.<sup>94</sup>

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti 20. júlí 1967 nýja skipan félagsmála í Reykjavík. Í samþykkt borgarstjórnar sagði m.a. að stefnt skyldi að því að félagsmálastarfsemi Reykjavíkurborgar yrði samræmd með því að fella hana undir eina stjórn. Megináherslu skyldi leggja á fjölskylduvernd, fyrirbyggjandi starf og endurhæfingu fjölskyldna og einstaklinga og að sami félagsmálastarfsmaður fjallaði sem mest um hvert heimili. Tilgreind verkefni hinnar nýju Félagsmálastofnunar voru meðal annars starfsemi sem áður heyrði undir skrifstofu félags- og framfærslumála, rekstur barnaheimila (vistheimila) og umsjón með rekstri barnaheimila Barnavinafélagsins Sumargjafar og barnaverndarstarf, að svo miklu leyti sem lög um vernd barna og ungmenna heimiluðu (tilgreint var að skrifstofa barnaverndarnefndar yrði deild í Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar). Í framhaldi af stofnun Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar var lögð áhersla á að menntað starfsfólk ynni hjá stofnuninni við að framfylgja lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga og lögum

---

<sup>94</sup> Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð, bls. 19.

um vernd barna og ungmenna. Voru meðal annars veittir sérstakir námsstyrkir fyrir starfsmenn til að nema félagsráðgjöf á öðrum Norðurlöndum.<sup>95</sup>

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, kemur fram að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi skrifstofu sem sé opin daglega, að nefndin hafi hjúkrunarkonu í sinni þjónustu sem hafi eftirlit með uppeldi og aðbúð barna og láti heimilum í té margs konar hjálp og aðstoð og að sérfróður maður annist rannsókn á börnum og ungmennum og veiti foreldrum leiðbeiningar. Jafnframt kom fram að barnaverndarnefnd hafi ráðið fulltrúa til að annast dagleg störf nefndarinnar í umboði hennar. Ofangreint var nefnt til staðfestingar á því hve starf til verndar börnum og ungmennum í Reykjavík hafði aukist hin síðustu ár eins og segir í greinargerðinni.<sup>96</sup>

Við athugun nefndarinnar á gögnum og fundargerðum barnaverndarnefndar eftir 1950 kemur í ljós að oft og tíðum voru nefndarmenn sjálfir að sinna eftirliti með heimilum. Að auki eru tilgreindir í gögnum barnaverndarnefndar hjúkrunarfræðingar, lögreglukona, heimiliráðunautur og læknir sem sinntu eftirliti auk starfsmanns Barnaverndarnefndar. Árið 1958 eru tilgreindir 3 starfsmenn hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur, auk skrifstofustúlku sem vann hluta af degi. Leitað var til sálfræðinga um þjónustu vegna einstakra mála.

Hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur störfuðu 10 starfsmenn árið 1969.<sup>97</sup> Árið 1970 var skipulag Félagsmálastofnunar með þeim hætti að ein deild, fjölskyldudeild, annaðist meðferð mála einstaklinga hvort sem um var ræða framfærslu-, barnaverndar- eða áfengismál.<sup>98</sup> Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda starfsmanna í ársskýrslum næstu ára. Næstu ár fjölgaði dagvistarúrræðum og öðrum stuðningsúrræðum til handa barnafjölskyldum, m.a. opnaði Mæðraheimili Reykjavíkurborgar í mars 1971 en þar gátu mæður dvalist tímabundið með börn sín.<sup>99</sup>

Af ofangreindu má sjá að umrætt tímabil er tímabil mikilla breytinga á margan hátt og er hér einungis tæpt á nokkrum helstu þáttum til að setja í samhengi við rekstur vöggustofa á tímabilinu 1949-1973.

### 2.3.1. Breytingar á tímalengd vistunar, aldri barna og ástæðum vistana

Þegar skoðaðar eru vistanir á vöggustofu á tímabilinu er hægt að greina mismun innan tímabilsins til dæmis varðandi tímalengd vistunar í dögum eftir komuári og meðalaldurs barns í dögum þegar fyrsta vistun hefst eftir komuári, auk þróunar varðandi ástæður vistana.

---

<sup>95</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar 1969, bls. 2-4.

<sup>96</sup> Alpt. 1946-1947, A-deild, bls. 329.

<sup>97</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar 1969, bls. 34.

<sup>98</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar 1970, bls. 6-7.

<sup>99</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar 1971, bls. 22-24.

Þannig má sjá að undir lok tímabilsins styttist dvöl barnanna á vöggustofu samhliða því sem þau eru eldri við komu á vöggustofu.

**Tafla 2: Meðallengd vistunar í dögum eftir komuári**

Komuár	Fjöldi	Meðallengd (sf)	Stysta vistun	Lengsta vistun (ár)
1949	16	310,4 (241,1)	13	789 (2,2)
1950	34	278,6 (304,6)	10	1535 (4,2)
1951	23	268,0 (177,3)	14	600 (1,6)
1952	36	173,9 (176,0)	4	734 (2,0)
1953	29	197,3 (244,9)	7	1116 (3,1)
1954	30	249,4 (259,4)	8	881 (2,4)
1955	20	284,7 (215,6)	30	946 (2,6)
1956	40	205,5 (169,2)	7	701 (1,9)
1957	19	266,2 (176,4)	11	542 (1,5)
1958	43	196,5 (158,4)	14	536 (1,5)
1959	36	229,5 (247,9)	4	1150 (3,2)
1960	45	180,5 (267,7)	5	1689 (4,6)
1961	31	166,2 (202,6)	4	766 (2,1)
1962	21	295,5 (280,4)	2	936 (2,6)
1963	42	220,4 (238,3)	3	1012 (2,8)
1964	55	218,7 (241,0)	4	957 (2,6)
1965	58	202,0 (203,1)	7	706 (1,9)
1966	48	205,7 (280,4)	3	1500 (4,1)
1967	56	119,3 (142,2)	3	934 (2,6)
1968	53	154,4 (263,7)	5	1678 (4,6)
1969	59	112,9 (166,2)	2	1188 (3,2)
1970	81	96,6 (120,6)	1	538 (1,5)
1971	55	90,5 (90,2)	1	371 (1,0)
1972	60	94,6 (92,6)	1	503 (1,4)
1973	30	62,2 (55,5)	1	192 (0,5)
Alls	1020*	176,4 (211,0)	1	1689 (4,6)

\*Upplýsingar um dvalarlengd vantaði fyrir 63 börn; sf= staðalfrávik

ATH. Lengsta dvöl á við um það barn sem dvaldi lengst af þeim börnum sem komu inn sama ár. Komuár miðast við fyrstu komu barns og þar sem mörg börn komu inn oftast en einu sinni endurspeglar fjöldatölur ekki fjölda þeirra barna sem vistuð voru hvert ár.

Pegar þróun tímabilsins alls, 1949-1973 er skoðuð kemur í ljós að vistun styttist nokkuð undir lok tímabilsins (sjá töflu 2). Hafa ber þó í huga að meðaltölin gefa ekki mjög skýra mynd af vistunartíma þar sem mikil dreifing var á dvalarlengd innan hópsins, eða allt frá 1 degi upp í 1689 daga (4,6 ár). Dvalarlengdin endurspeglar heildardvöl hvers barns, en þó nokkur þeirra voru vistuð oftast en einu sinni. Meðaltölin byggja á vistunartíma 1020 barna eða 94,2%




barnanna, en upplýsingar um dvalarlengd vantaði fyrir 63 börn (5,8%). Priðjungur barnanna var vistaður í 6 mánuði eða lengur (sjá töflu 3).

**Tafla 3: Lengd vistunar á vöggustofunum 1949-1973**

Lengd vistunar	Fjöldi (%)
< 1 mánuð	205 (18,9%)
1-3 mánuðir	275 (25,4%)
3-6 mánuðir	223 (20,6%)
>6 mánuðir	317 (29,3%)
Ekki skráð	63 (5,8%)
Alls	1083 (100%)

Stytting vistunartímans undir lok tímabilsins sést einnig nokkuð vel á mynd 1 þar sem meðallengd vistunar árána 1949-1973 er sett upp í línurit.

**Mynd 1: Meðallengd vistunar í dögum eftir komuári 1949-1973**



Þegar þróun alls tímabilsins er skoðuð kemur einnig í ljós að aldur barnanna við fyrstu vistun hækkar nokkuð undir lok tímabilsins. Í töflu 4 má sjá meðalaldur barna í dögum við fyrstu vistun eftir komuári. Hafa þó í huga að meðaltölin gefa ekki mjög skýra mynd þar sem mikil dreifing var á aldri barnanna innan hópsins, eða allt frá 0 daga við fyrstu komu upp í tæplega 7 ára. Meðaltölin byggja á aldri 1070 barna eða 98,8% barnanna, en upplýsingar um dvalarlengd vantaði fyrir 13 börn (1,2%).

Tafla 4: Meðalaldur barna í dögum við fyrstu vistun eftir komuári


Komuár	Fjöldi	Meðalaldur (sf)	Yngst	Elst (ár)
1949	16	186,7 (139,8)	1	409 (1,1)
1950	35	133,6 (153,4)	0	791 (2,2)
1951	24	135,7 (129,7)	1	484 (1,3)
1952	37	158,5 (171,8)	6	671 (1,8)
1953	32	129,8 (141,5)	7	581 (1,6)
1954	35	149,2 (128,3)	7	552 (1,5)
1955	25	139,0 (131,7)	8	435 (1,2)
1956	41	125,6 (137,5)	6	658 (1,8)
1957	27	91,7 (88,6)	6	325 (0,9)
1958	43	129,7 (113,0)	6	450 (1,2)
1959	38	114,9 (117,9)	6	487 (1,3)
1960	45	129,2 (113,5)	7	401 (1,1)
1961	32	210,3 (129,6)	8	534 (1,5)
1962	22	133,0 (119,3)	7	508 (1,4)
1963	43	235,4 (205,2)	12	1091 (2,9)
1964	56	192,6 (186,1)	7	726 (1,9)
1965	60	182,5 (161,0)	9	597 (1,6)
1966	49	216,8 (185,4)	4	729 (2,0)
1967	57	257,7 (222,2)	7	799 (2,2)
1968	53	284,3 (221,7)	7	727 (2,0)
1969	59	509,3 (429,1)	6	1670 (4,5)
1970	88	674,6 (678,1)	6	2316 (6,3)
1971	58	877,2 (669,8)	7	2455 (6,7)
1972	61	635,7 (565,5)	3	2073 (5,7)
1973	34	578,7 (611,0)	0	2238 (6,1)
Alls	1070*	311,8 (416,3)	0	2455 (6,7)

\*Upplýsingar um aldur vantaði fyrir 13 börn; sf= staðalfrávik

ATH: komuár miðast við fyrstu komu barns og þar sem mörg börn komu inn oftast en einu sinni endurspeglar fjöldatölur ekki fjölda þeirra barna sem vistuð voru hvert ár.

Hækkandi meðalaldur barnanna við fyrstu vistun sést einnig nokkuð vel á mynd 2 þar sem meðalaldur barna sem vistuð voru á vöggustofu á árunum 1949-1973 er sett upp í línurit.

**Mynd 2: Meðalaldur barna (í dögum) við fyrstu vistun eftir komuári**



Starfstími vöggustofanna spannar 25 ár, frá 1949-1973. Sé þessum tíma skipt jafnt upp í 5 ára tímabil kemur í ljós á síðustu 5 árin, frá 1969-1973, er dvalartími barnanna marktækt styttri en á öllum hinum tímabilunum ( $p < .01$ ) (einhliða dreifigreining (ANOVA) og Tukey post-hoc próf). Enginn marktækur munur finnst hins vegar á dvalarlengd milli tímabilanna 1949-1969 (sjá töflu 5).

**Tafla 5: Fimm ára tímabil: Meðallengd vistunar í dögum eftir komuári**

Komuár	Fjöldi	Meðallengd (sf)	Stysta vistun	Lengsta vistun (ár)
1949-1953	138	236,1 (237,7)	4	1535 (4,2)
1954-1958	152	229,6 (194,8)	7	946 (2,6)
1959-1963	175	211,4 (248,1)	2	1689 (4,6)
1964-1968	270	179,5 (230,5)	3	1678 (4,6)
1969-1973	285	94,8 (116,5)**	1	1188 (3,2)
Alls	1020*	176,4 (211,0)	1	1689 (4,6)

\*Upplýsingar um dvalarlengd vantaði fyrir 63 börn; sf= staðalfrávik

\*\* $p < .01$ , tímabilið 1969-1973 hefur marktækt styttri meðallengd vistunar en öll hin 4 tímabilin á undan

Sömu þróun má sjá þegar meðalaldur barna við fyrstu vistun er skoðaður út frá fimm ára tímabilum, en meðalaldur barnanna síðustu 5 árin, frá 1969-1973, er marktækt hærri en á öllum hinum tímabilunum á undan ( $p < .01$ ) (einhliða dreifigreining (ANOVA) og Tukey post-hoc próf). Enginn marktækur munur finnst hins vegar á meðalaldri milli tímabilanna 1949-1969 (sjá töflu 6).

Tafla 6: Fimm ára tímabil: Meðalaldur við fyrstu vistun í dögum

Komuár	Fjöldi	Meðalaldur (sf)	Yngst	Elst (ár)
1949-1953	144	145,4 (149,8)	0	791 (2,2)
1954-1958	171	128,1 (121,9)	6	658 (1,8)
1959-1963	180	166,4 (151,7)	6	1091(2,9)
1964-1968	275	225,9 (198,7)	4	799 (2,2)
1969-1973	300	662,5 (612,5)**	0	2455 (6,7)
Alls	1070*	311,8 (416,3)	0	2455 (6,7)

\*Upplýsingar um aldur vantaði fyrir 13 börn; sf= staðalfrávik

\*\* $p < .01$ , tímabilið 1969-1973 hefur marktækt hærri meðalaldur en öll hin 4 tímabilin á undan

Nokkrar breytingar urðu í ytra umhverfi vöggustofanna árið 1967 sem hugsanlega hafa haft áhrif á ofangreindar breytingar á vistun barna. Fyrst ber að nefna opnun viðbótarálmu vöggustofunnar sem afhent var í nóvember 1968 og ætluð var fyrir 16 til 18 börn frá 18 mánaða til þriggja og hálfis árs aldurs. Árið 1967 kom einnig fram gagnrýni á rekstur vöggustofanna í borgarstjórn eins og rakið er í kafla 4.3.2. Eins að ofan er rakið þá hafði dagvistarúrræðum í borginni einnig fjölgað hægt og þétt frá 1950 auk þess sem árið 1967 var samþykkt ný skipan í félagslegri þjónustu með stofnun Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar þar sem megináherslu skyldi leggja á fjölskylduvernd, fyrirbyggjandi starf og endurhæfingu fjölskyldna og einstaklinga samhliða áherslu um fjölgun og menntun starfsmanna í þessari þjónustu.

Eins og sjá má í töflu 7 um ástæður vistunar á vöggustofum þá er hlutfall þar sem engar upplýsingar eru skráðar um ástæðu vistunar tæp 35% af heildarfjölda barna og rúm 30% hjá börnum sem vistuð voru lengur en í 180 daga. Hlutfall tilvika þar sem ekki eru skráðar upplýsingar um ástæðu vistunar er töluvert hærra á Hlíðarenda en Thorvaldsen eða 47,8% á Hlíðarenda fyrir öll börn (og 38,8% hjá börnum sem vistuð voru 180 daga eða lengur) á móti 24,7% á Thorvaldsen vöggustofunni fyrir öll börn (18,6% hjá börnum sem vistuð voru 180 daga eða lengur).

**Tafla 7: Ástæða vistunar á vöggustofum 1949-1973**

Skráð ástæða vistunar	Öll börn	Börn vistuð >180 daga
	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)
Andlát foreldris	6 (0,6%)	4 (1,3%)
Áfengis og vímuefnavandi foreldris/foreldra	56 (5,2%)	20 (6,3%)
Geðræn veikindi foreldris/foreldra	59 (5,4%)	20 (6,3%)
Líkamleg veikindi foreldra	146 (13,5%)	25 (7,9%)
Meðganga/fæðing annars barns	26 (2,4%)	1 (0,3%)
Húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt	130 (12,0%)	35 (11,0%)
Aðrar eða ótilgreindar félagslegar ástæður	208 (19,2%)	83 (26,2%)
Proskahömlun foreldris	9 (0,8%)	6 (1,9%)
Fötlun barns	17 (1,6%)	10 (3,2%)
Veikindi barns	33 (3,0%)	11 (3,5%)
Barnið er fyrirburi	10 (0,9%)	3 (0,9%)
Foreldri starfar á vöggustofu	6 (0,6%)	2 (0,6%)
Engar upplýsingar skráðar um ástæðu vistunar	377 (34,8%)	97 (30,6%)
Alls	1083 (100%)	317 (100%)

Nokkur munur var einnig milli vöggustofanna á ástæðum vistunar í öðrum flokkum. Aðrar eða ótilgreindar félagslegar ástæður voru grunnur vistunar í 23,4% tilvika í Hlíðarenda hjá heildarfjölda barna og í 16% tilvika á Thorvaldsen. Líkamleg veikindi voru tilgreind ástæða í 9,5% tilvika hjá heildarfjölda barna í Hlíðarenda og í 16,6% á Thorvaldsen. Einkennandi er að börnum sem vistuð eru á grunni líkamlegra veikinda foreldra fer mjög fækkandi þegar tímalengd vistunar fer í og yfir 180 daga og gildir það bæði um Hlíðarenda og Thorvaldsen. Ástæðan húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt var mun oftast tilgreind sem ástæða vistunar hjá Thorvaldsen en Hlíðarenda eða í 16,3% hjá heildarfjölda barna á Thorvaldsen á móti 6,5% hjá heildarfjölda barna á Hlíðarenda. Af gögnum sem nefndin skoðaði má ráða að vegna dagvistarvanda í borginni var móður oft nauðugur sá kostur að fá vistun fyrir barn sitt á vöggustofu til að geta unnið fyrir sér.

## 2.4 Viðhorf í íslenskum samtímaheimildum um meðferð og umönnun ungra barna

Eins og áður er fram komið beindi landlæknir um langt skeið þeim leiðbeiningum til mæðra á Íslandi að láta ungbörn eins afskiptalaus og unnt væri á milli máltíða. Þau skyldi ekki taka upp til að hampa þeim og leika við þau, enda væru þau ekki leikföng fyrir fullorðna fólkið.<sup>100</sup> Þessar leiðbeiningar voru miðaðar við ungbörn upp að níu mánaða aldri.

Hins vegar kvað við annan tón í grein Símonar Jóhannesar Ágústssonar, sálfræðings „Móðurvernd og föðurhandleiðsla“ sem birtist í *Andvara* árið 1952. Þar fjallaði höfundur um mikilvægi þess að ungbörnum sé sýnd blíða og umhyggja en um það segir svo:

Víst þykir að hæfileg blíðuáttot glæði bæði andlegan og líkamlegan þroska barna. Við það, stókur og gælur örvast blóðrás, andardráttur og önnur líffærastörf. [...] Það örvar líkamlegan en þó einkum andlegan þroska barna, ef þeim er sinnt mikið, brosað við þeim, talað við þau og þau oft tekin í fangið.

Í sömu grein er einnig fjallað um um atlæti ungbarna á stofnunum en um það farast höfundi svo orð:

Það hafa raunar aldrei þótt góðir uppeldishættir, að skipta oft um uppaldendur barna. „Alinn upp á flækingsi“, með þessum orðum er þessari tegund óheppilegs uppeldis lýst. Því verður að fylgja þeirri meginreglu, ef móðir deyr, veikist, eða getur af einhverjum ástæðum ekki gegnt móðurhlutverkinu, að kappkosta að fá barninu staðgengil hennar, fósturu, sem gengur barninu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í móður stað.

Af þessu leiðir, að líkamlega og andlega heilbrigðum börnum er betra að alast upp á einkaheimili, ef það er sæmilegt, en á uppeldisstofnum, eins og þær eru nú almennt reknar. Stafar þetta af því, að á uppeldisstofnunum er börnunum sinnt of lítið, en þó einkum af því að þau tengjast þar ekki náíð og til langframa einum og ákveðnum manni, heldur sinna margar fósturur barninu sitt á hvað. Flest barnaheimili eru alltof stór og tíð mannaskipti verða á þeim. Allt þetta rýrir mjög uppeldisgildi þeirra. Djúpstætt vantraust og öryggiskennd heltaka barnið; það verður kuldastrá og afleiðingarnar koma oft fram fyrir eða síðar í sálarstríði og ýmsum hegðunarvandkvæðum, ófullnægjandi félagslegri aðlögun og siðferðilegum vanþroska og sljóleika. Ef börn dveljast á uppeldisheimili eða barnaspítala, jafnvel þótt um stundarsakir sé, þarf hvert barn að hafa sömu fósturuna, sem sinnir því sérstaklega og gengur því í móður stað. Flutning barna á milli barnaheimila, eins og nú tíðkast of víða algerlega að óþörfu, ber mjög að forðast. Með því móti festa börnin

---

<sup>100</sup> Leiðbeiningar um meðferð ungbarna. Landlæknisembættið 1950, bls. 1.

hvergi rætur. Ef ekki er hægt að koma munaðarlausu barni í fóstur skömmu eftir fæðingu, svo að setja þarf að á vöggustofu, ætti að kappkosta að koma því þaðan í framtidarfóstur, svo að úr því geti það alist upp á sama heimilinu.<sup>101</sup>

Sama ár birtist í ritinu *Menntamál* grein eftir sama höfund þar sem hann fjallaði um Alþjóðlega ráðstefnu um geðvernd barna sem haldin var í Noregi 21. apríl til 3. maí 1952 og höfundur sótti að tilhlutan landlæknis ásamt Brodda Jóhannessyni, sálfræðingi, og Helga Tómassyni, geðlækni. Í greininni fjallar Símon um þau efni ráðstefnunnar sem honum þykja sérstaklega mikilvæg og mest áhersla var lögð á, þ.e. samband móður og barns. Var þar sérstök áhersla á skrif breska geðlæknisins John Bowlby, einkum nýútkomna bók hans *Maternal Care and Mental Health*. Í grein Símonar segir svo um þetta atriði:

Óvirkætt hefur verið sýnt fram á að geðheilsu ungbarns, sem ekki nýtur ástúðar og umhyggju móður eða einhvers, sem gengur því í móður stað, er stofnað í voða. Var komið fram með mjög óræk dæmi þess að börn hafi hætt að taka framförum og verið á leið með að veslast upp, ef þeim var ekki sýnd móðurleg blíða, enda þótt þau væru í „fyrirmyndarstofnum“. Þótt hreinlæti og líkamleg umhyggja væri eins og best er á kosið, eru börnin vansæl og þrífast stundum ekki, ef þau skortir gælur og gott atlæti. [...]

Ef barninu er ekki þegar frá fæðingu sýnd nákvæmni og ástúð, tengist það ekki öðrum mönnum og umhverfinu á réttan hátt. Með því myndast djúpstætt vantraust, öryggisleysiskennd, sem gerir það vansælt og mjög erfitt er að uppræta síðar. Geðheilsa og allur andlegur þroski barnsins er mjög undir því kominn að það treysti móður sinni, sem sér fyrir öllum þörfum þess, meðan það er ósjálfbjarga og er ávallt til staðar til að sinna því fljótt og vel. Háskasamlegur er sá ósiður, sem um skeið hefur gilt sem góð latína hjá ýmsum læknum og sálfræðingum og almenningur hefur því miður tekið nokkuð upp, að láta börn gráta tímunum saman af hungri eða vanlíðan án þess að taka þau upp, sinna þeim, eða gefa þeim að drekka. Barninu verður að sinna eftir þörfum þess, en ekki eftir því hvað klukkan er. Með því að gæla við barnið og láta vel að því örvast bæði andlegur og líkamlegur þroski þess [...].<sup>102</sup>

Í framhaldinu fjallar höfundur um hvað beri að varast í tengslum við vistun barna á stofnunum og lýsir þar sams konar sjónarmiðum og hann gerir í greininni sem vitnað er til hér að ofan. Víkur hann meðal annars að því að rannsóknir bendi eindregið til þess að barni sé hollara að alast upp á einkaheimili, jafnvel þótt það sé talsvert gallað, en á uppeldisstofnunum eins og þær séu almennt reknar. Er þá vísað til þess að á uppeldisstofnunum sé börnunum sinnt of lítið, þau tengist þar ekki einum ákveðnum einstaklingi og það sé því ótvírætt miklu ákjósanlegra að koma börnum í fóstur á sæmilegum einkaheimilum en á uppeldisstofnunum.

<sup>101</sup> Símon Jóh. Ágústsson „Móðurvernd og föðurhandleiðsla“ Andvari, 1. tbl. 1952, bls. 82-83.

<sup>102</sup> Símon Jóh. Ágústsson: „Alþjóðleg ráðstefna um geðvernd.“ Menntamál 2. tbl. 1952, bls. 54-55.



Leggur höfundur í því sambandi áherslu á að það sé „sannkallað neyðarúrræði að þurfa að ala upp líkamlega og andlega heilbrigð börn í stofnunum.“

Höfundur vísar síðan að því að þessi grundvallarsjónarmið þurfi að gerbreyta rekstri allra uppeldisstofnana, þar á meðal barnaheimila, barnaspítala eða hvaða nafni sem þær nefnast. Á öllum slíkum stofnunum þurfi barn að hafa sömu fósturum, sem gangi því í móður stað, jafnvel þótt það sé þar aðeins um stundarsakir. Þá beri að forðast flutning barna á milli heimila og æskilegast sé að koma munaðarlausum börnum sem fyrst í fóstur. Að því er varðar uppeldisheimili sé langbest að þau séu lítil og sem líkust venjulegu heimili þar sem börn á ýmsum aldri og af báðum kynjum alast upp. Þá sé heppilegasti hátturinn að gera barngóðum hjónum eða konu kleift að taka nokkur börn í fóstur

Í framhaldinu fjallar höfundur um mikilvægi samneytis foreldra við þau börn sem vistuð eru utan heimilis:

Þá hefur komið fram þegar vista verður barn (eða ungling) utan heimilis að afar áriðandi er að það hafi sem allra nánast samband við foreldra sína eða ættmenn og þau heimsæki það eins oft og við verður komið, jafnvel þótt um mjög gallaða foreldra sé að ræða. Flest bendir til þess að það sé alröng og hættuleg stefna sem víðast er tíðkuð að banna annað hvort foreldrum alveg að heimsækja börnin eða þá leyfa heimsóknir mjög sjaldan og stutt í einu. Engin veit hvílíkt tjón og þjáningar slíkir hættir hafa bakað börnum.<sup>103</sup>

Í afmælisriti Thorvaldsensfélagsins eftir Knút Arngrímsson sem kom út árið 1980 er rakið að þeir Símon, Broddi og Helgi hafi komið á fund í Thorvaldsensfélaginu vorið 1952. Hafði félagið tveimur árum áður samþykkt að hefjast handa með byggingu vöggustofu fyrir 22 börn sem ekki var hafin á þessum tíma. Á fundinum gerðu þeir grein fyrir efni ráðstefnunnar sem þeir sóttu og hvöttu í framhaldinu félagskonur eindregið til að stofna heldur uppeldisheimili en vöggustofu, eins og mikið hafði áður verið talað um. Í framhaldinu var ákveðið með öllum greiddum atkvæðum að hefjast handa svo fljótt sem unnt væri að stofna slíkt heimili, ef „góð kona“ fengist til að taka það sér.<sup>104</sup>

Í afmælisritinu kemur fram að félagskonur hafi í kjölfarið skoðað hús fyrir slíkt heimili og heimild hafi verið veitt til kaupa á húsi á fundi félagsins í maí 1953. Á félagsfundum 18. júní 1953

<sup>103</sup> Símon Jóh. Ágústsson: „Alþjóðleg ráðstefna um geðvernd.“ Menntamál 2. tbl. 1952, bls. 56. Í grein Ármanns Snævarrs lagaprófessors „Ættleiðing og ættleiðingarlöggjöf“ sem birtist í Tímariti lögfræðinga árið 1959, bls. 80, er einnig vísað til þess að nýjustu rannsóknir í uppeldisfræði, sálfræði og sakfræði hafi leitt í ljós að vistun á uppeldisstofnunum til langframa sé ekki æskilegt uppeldisúrræði, ef ekki er annarra úrkosta, þar sem börn fari þar margs á mis, jafnvel þótt aðbúnaður að þeim sé allur jafngóður og frekast verður kosið. Þessar rannsóknir bendi ótvírætt til þess að uppeldi á einkaheimili sé að öðru jöfnu farsælla en uppeldi á uppeldisstofnunum og þær skjóti gildum stöðum undir úrræði eins og fóstur og ættleiðingu.

<sup>104</sup> Knútur Arngrímsson: Thorvaldsensfélagið 100 ára - Afmælisrit. Thorvaldsensfélagið, Reykjavík 1980, bls. 98-106.

var lagður fyrir samningur til kaupa á húsi en félagskonur felldu samninginn með 16 atkvæðum gegn 13.

Af samtímaheimildum verður ráðið að þörf á fleiri barnaheimilum hafi vaxið hratt á þessum árum. Í júní 1956 skrifaði Jónas B. Jónsson fræðslustjóri Reykjavíkur greinargerð fyrir borgarstjóra um barnaheimili á vegum Reykjavíkurborgar ásamt tillögum um breytingar og umbætur. Þar var talið aðkallandi að hefjast handa við nýbyggingar og að æskilegast væri að staðsetja vistheimilin á kyrrlátum stað rétt utan bæjar og byggja þau í „nokkurs konar hverfi [...]“. Var hugmyndin þá sú að níu mismunandi heimili yrðu í hverfinu, vöggustofa, vistheimili og heimavistarskólar, og kæmu þau í stað þáverandi stofnana sem Reykjavíkurbær starfrækti.<sup>105</sup>

Í máli Gunnars Thoroddsen bæjarstjóra á fundi bæjarstjórnar 18. október 1956 kom fram að á hverju ári yrði erfiðara að finna samastað fyrir munaðarlaus börn í Reykjavík og því væri þörf að byggja fleiri barnaheimili í Reykjavík, sem og að búa svo vel að þessum málum sem föng væru á. Í máli bæjarstjóra kom fram að sérfróðir menn í þessum efnum teldu æskilegt að byggja lítil barnaheimili þar sem börnin væru helst ekki fleiri en 10 á hverju heimili, svo að góður fjölskyldubragur gæti myndast og ekki þyrfti að flytja börnin á milli heimila. Einnig væri þörf á fleiri dagheimilum í bænum og leikskólum.<sup>106</sup>

Sama dag skipaði bæjarstjóri 5 manna nefnd („barnaheimilisnefnd“) til þess að gera athuganir og tillögur í barnaheimilismálum bæjarins, um byggingu nýrra heimila, stærð þeirra, staðsetningu og gerð. Í nefndina voru skipuð, Símon Jóhannes Ágústsson, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Auður Auðuns, forseti bæjarstjórnar, Magnús Sigurðsson skólastjóri, Petrína Jakobsson, bæjarfulltrúi og Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri Fóstruskólans.

Nefndin skilaði niðurstöðum sínum tæplega hálfu áru síðar. Í tillögum nefndarinnar frá 20. mars 1957 er meðal annars lagt til að húsnæði leikskóla verði breytt þannig að þar megi reka dagheimili og að reistar verði 10 nýjar byggingar þar sem starfrækt verði dagheimili og vöggustofur. Var þar miðað við að pláss á dagheimilum myndu meira en tvöfaldast ef tillögunum yrði hrint í framkvæmd.

Í greinargerð sem fylgdi tillögunum kemur fram að árið 1955 hafi 1160 börn í Reykjavík verið börn einstæðra mæðra. Er þar jafnframt lýst því sjónarmiði að uppeldi og framtíð þeirra gæti beinlínis verið undir því komin að þau fengju vist á dagheimili. Ef ekki, þá ætti móðir barns einungis um þá kosti að velja að geta ekki unnið fyrir barni sínu eða að skilja það eftir umhirðu- og gæslulaust. Í samræmi við þetta lagði nefndin til að barnaheimilin yrðu fyrst og fremst dagheimili eða 2/3 af öllum barnaheimilum. Í greinargerðinni segir svo um þetta atriði:

---

<sup>105</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-31. Greinargerð fræðslustjóra Reykjavíkur um barnaheimili á vegum Reykjavíkur ásamt tillögum um breytingar og umbætur, dags. 14. júní 1956.

<sup>106</sup> [Morgunblaðið 19. október 1956, bls. 2.](#)

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga um þörfina á dagheimilum, dagvöggustofum og leikskólum hjá framkvæmdastjóra Sumargjafar og forstöðukonum þeirra stofnana sem hún rekur. Fyrir hendi eru nú tvöfalt fleiri leikskólapláss en dagheimilapláss, en þörfin á auknum rekstri dagheimila er hins vegar miklu brýnni, því að leikskólarnir bæta ekki úr þörf þeirra mæðra og heimila sem þurfa að koma börnunum fyrir allan daginn. Sérstaklega er eftirspurn mikil eftir plássum á dagvöggustofum og dagheimilum fyrir börn til 3ja ára aldurs. Þessari eftirspurn er ekki hægt að verða við nema að mjög litlu leyti, þar sem dagvöggustofa er aðeins ein í bænum, í Laufásborg. [...]

Dagheimili bæta einkum úr þörf einstæðra mæðra, ekkna og fráskilinna kvenna sem verða að vinna úti til að sjá heimili sínu farborða. Miðað við þjóðfélagsaðstæður hér, kemur naumast önnur hjálp þessum konum almennt að haldi. Í ýmsum öðrum tilvikum bæta dagheimilin úr brýnni þörf, svo sem í veikindatilfellum á heimilinu, einnig þar sem um ekkjumenn með börn er að ræða, sem hafa ófullnægjandi húshjálp, gift námsfólk o.fl. – Leikskólarnir eru hins vegar fremur ætlaðir til þess að létta barnaumsjá af húsmæðrum nokkurn hluta dagsins, láta börnunum í té örugga gæslu og veita þeim hentug og þroskandi skilyrði til leikja og starfa úti og inni. Má ef til vil komast svo að orði að leikskólarnir séu æskilegar stofnanir, ein dagheimilin blátt áfram nauðsynleg þegar haft er í huga hlutverk þeirra.

Í greinargerðinni fjallar nefndin um að sérstaklega mikil eftirspurn sé eftir dagvöggustofum. Lýsir nefndin því viðhorfi að einsætt sé að fara beri inn á þá braut að efla dagvöggustofur en um það atriði segir í greinargerðinni:

Mörg móðir verður nú að skiljast við barn sitt og koma því fyrir á vöggustofu af því að ekki er unnt að taka það á dagvöggustofu. Verður þessi aðskilnaður í mörgum tilvikum til þess að móðirin smáhættir að sinna barninu, svo að það verður í raun munaðarlaust. Dagvöggustofur eiga því að gegna mikilvægu hlutverki í þessu efni.<sup>107</sup>

Í greinargerð nefndarinnar er einnig fjallað um rekstrarfyrirkomulag vistheimila og þar lýst því sjónarmiði að heimilin eigi að vera „lítil og að búnaði þeirra og rekstri sé svo fyrirkomið að þau séu líkust einkaheimilum, svo að börnin alist upp við sem svipuðust viðhorf og aðstæður og í fjölskyldu.“ Síðan segir:

Kjarni allra uppeldisáhrifa er fólgin í persónulegum áhrifum og sambandi milli barnanna og uppalenda þeirra, en frumskilyrði þess er, að heimilin séu fámenn. Á þetta þó helst við um munaðarlaus börn, sem alast algerlega upp á vistheimilum. Hvarvetna erlendis hefur fengist vond reynsla af hinum stóru vistheimilum, sem

---

<sup>107</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 149. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Trúnaðarmál. Barnavernd, Barnaheimili. Barnaheimili ýmislegt vegna barnaverndar 1932 til 1959, bls. 2.

tíðkast hafa til skamms tíma. Rekstur þeirra er miklum erfiðleikum bundinn af ýmsum ástæðum, ekki síst vegna þess, að náíð persónulegt samband myndast þar yfirleitt ekki á milli barna og uppalenda. Uppeldislegur árangur af starfsemi þessara heimila hefur verð lakari enn menn gerðu sér ljóst.<sup>108</sup>

Í greinargerðinni er einnig fjallað um rekstur vistheimila en um það segir meðal annars:

Nú orðið þykir mjög óheppilegt, að börn sofi mörg saman í stórum svefnsölum. Eitt andvaka barn getur haldið vöku fyrir öllum hinum. Stórir svefnsalir auka á taugaspennu barnanna. Á nýjum vistheimilum erlendis búa unglingar einir sér í herbergi eða tveir saman, á skólaaldri 2-3 börn og á forskólaaldri 4-6 börn. Á litlum (10 barna) vistheimilum matast allir við sama borð, á stærri heimilum við smáborð, 4 saman. Lögð er áhersla á, að borðbúnaður sé einsog tíðkast í fjölskyldum, en hann var víðast áður frámunalega ljótur og klunnalegur. Börn sem ólust upp í stofnunum, höfðu kannski aldrei drukkið úr venjulegum bolla heldur krúsum eða föntum, fyrr en þau voru farin þaðan. Þetta afkáralega dæmi er eitt af fjölmörgum. En margt smátt gerir eitt stórt, og þegar slíkir smámunir komu margir saman, áttu þeir mikinn þátt í að mynda gerviheim þann, sem börnum hefur lengi verið búinn á uppeldisheimilum. – Sama máli gegnir um húsgögn o.fl. sem haft er til augnayndis og prýði. Allt er nú haft sem líkast því og tíðkast í fjölskyldum. Með þessu er reynt að forðast að vistheimilið fái á sig „stofnunarvip“, sem orkar meira og dýpra á barnið en margur hyggur og vekur hæglega með því vanmetakennd, smánartilfinningu og gremju, en þaðan er skammur vegur til andfélagslegra hneigða.<sup>109</sup>

Í greinargerð með tillögum barnaheimilisnefndar er vikið sérstaklega að áformum Thorvaldsensfélagsins um að reisa vöggustofu fyrir 30 til 40 börn og er þar haft eftir forstöðukonu Hlíðarenda að staðsetningin sé viðeigandi eftir að Langholtsvegur var malbikaður. Þá sé lóðin það stór að hávaði frá umferð valdi ekki óþægindum.

Í tillögum nefndarinnar er lagt til að greint verði á milli nýju og gömlu vöggustofunnar þannig að þær starfi í tveimur deildum. Yngri börnin yrðu þá í annarri vöggustofunni en eldri börnin í hinni til 1 ½ árs til 3 ára aldurs, en alls myndu vöggustofunnar þá rúma 50-55 börn. Í tillögum nefndarinnar segir síðan:

„Núverandi vöggustofa rúmar 23 börn, svo að hér er um mikla aukningu að ræða. Ætti þessi aukning að duga um allan skeið, og lóðin er svo stór, að auka mætti verulega við húsakost vöggustofanna. Vöggustofur eru ávallt ætlaðar til þess að bæta úr sárri nauð; þegar móðir veikist, deyr, eða aðrar aðstæður gera henni ókleift að

---

<sup>108</sup> Sama heimild, bls. 2. Um vaxandi þörf fyrir dagvistun í Reykjavík á þessum tíma er fjallað í kafla 2.3.

<sup>109</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 149. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Trúnaðarmál. Barnavernd, Barnaheimili. Barnaheimili ýmislegt vegna barnaverndar 1932 til 1959. Greinargerð barnaheimilisnefndar frá 20. mars 1957, bls. 4.

hafa barn sitt hjá sér eða loks, að hún er óhæf til að hafa barn í umsjá sinni. Aðskilnaður móður og nýfædds barns leiðir nær alltaf til þess, að tengslin milli þeirra verða ekki jafn innileg og verða myndi, ef þau væru í samvistum. Því ber að sporna við því, að vöggustofur séu misnotaðar, þ.e. þeim börnum sé komið á vöggustofu, sem móðir gæti haft hjá sér, því slíkt verður til tjóns bæði móður og barni. Ber því að stuðla á því á allan hátt, að mæður skiljist ekki að nauðsynjalausu við nýfædd börn sín, nema þá að þær komi þeim í varanlegt fóstur.<sup>110</sup>

Tillögur nefndarinnar voru lagðar fyrir fund bæjarstjórnar Reykjavíkur 4. júlí 1958. Á fundinum samþykkti bæjarstjórn tillögur og greinargerð nefndarinnar um staðsetningu nýrra dagheimila og leikskóla og að þegar skyldi hafinn undirbúningur og bygging nýrra leikskóla. Jafnframt samþykkti bæjarstjórn að bæjarstjóra og bæjarráði yrði falið að gera athugun á því hvort framkvæmanlegt og hagkvæmt væri að stækka leikskólahús sem fyrir væru til samræmis við tillögur barnaheimilisnefndar.<sup>111</sup>

Ljóst er að á þessum tíma var vaxandi vitund um nauðsyn þess að hugað væri að því að sinna tilfinningalegum þörfum ungbarna og örva þroska þeirra. Nokkrum árum síðar kom út ritið *Um ættleiðingu*, eftir Símon Jóhannes Ágústsson en hann var á þessum tíma jafnframt sérlegur ráðgjafi Barnaverndarráðs. Í ritinu segir meðal annars:

Nútíma rannsóknarmenn hafa leitt að því mjög sterk rök, að allt frá þriggja mánaða aldri og einkum úr því að barnið er 6 mánaða, er það í hættu, þegar það er vanrækt tilfinningalega. Tilfinningaleg vanræksla sem stendur lengur en þrjá mánuði hefur skaðsamlegar afleiðingar fyrir barnið og ef hún stendur lengur en eitt ár, má búast við því að barnið kunni að bera hennar menjar alla ævi. Hér er átt við börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára.

Án hæfilegra fjölbreyttra ytri skynhrifa og félagslegrar örvunar sljóvgast og visnar sálarlíf barnsins. Þessi örvun fer fram á margvíslegan hátt: með líkamlegri nálægð og snertingu móðurinnar [...] Ef barnið fer að miklu leyti á mis við þessa örvun, einkum úr því að það er þriggja mánaða, hefur það skaðsamleg áhrif á allan sálarþroska þess og persónugerð.<sup>112</sup>

Í sama riti fjallar höfundur sérstaklega um vöggustofur og þær áskoranir sem fylgja því að reka slíkar stofnanir:

---

<sup>110</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 149. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Trúnaðarmál. Barnavernd, Barnaheimili. Barnaheimili ýmislegt vegna barnaverndar 1932 til 1959. Greinargerð barnaheimilisnefndar frá 20. mars 1957, bls. 2.

<sup>111</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 149. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Trúnaðarmál. Barnavernd, Barnaheimili. Barnaheimili ýmislegt vegna barnaverndar 1932 til 1959. Samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur 4. júlí 1957.

<sup>112</sup> Símon Jóh. Ágústsson: *Um ættleiðingu*, Reykjavík 1964, bls. 108.

Mikið vandhæfi er á að reka vöggustofur á þann hátt, að börn fái þær næga örvun. Þeim er yfirleitt ekki sinnt nóg, svo að þau skortir hvatningu, sem mannlegur félagsskapur og umhverfi annars veitir þeim í góðum og sæmilegum fjölskyldum. Oft er aukið á þessa einangrun með óheppilegu og úreltu fyrirkomulagi. [...] Fjölmargar rannsóknir, á börnum sem lengi hafa verið á vöggustofum reknur á þennan hátt, hafa óvírætt leitt í ljós að einangrun, skortur á örvun og félagstengslum við aðra, stórheftir allan andlegan þroska þeirra. Kemur það fram á ýmsan hátt: sem deyfð, áhugaleysi, þunglyndi og tilfinningasljóleiki.<sup>113</sup>

Síðan segir í ritinu:

[M]á fullyrða, að of fábreytt umhverfi, þar sem ungbarnið skortir skynjunarörvun og er ekki í eðlilegum félagstengslum við móður sína (staðgengil hennar) og síðan við annað fólk, sé mjög óhagstætt öllum andlegum þroska þess. Ef þetta brestur mikið sakir afskiptaleysis og einangrunar, er andlegur þroski barna að miklu leyti kyrktur í fæðingunni og persónugerð þeirra raskast. Slík meðferð barna er sama eðlis og hinn óhugnanlegi „heilapvottur“ sem flestir ekki nógu sterk orð til að fordæma.<sup>114</sup>

Um tengsl ungbarna og foreldra er einnig fjallað í bókinni *Úr hugarheimi* eftir Sigurjón Björnsson sálfræðing sem kom út sama ár en þar segir meðal annars:

Veigamikil undirstaða andlegs heilbrigðis er eðlileg þróun geðtengsla. Hefur verið lögð áhersla á, að skilyrði fyrir slíkri þróun sé stöðugt og náið samband barnsins við heilbrigða foreldra, einkum móðurina. Ef það samband rofnar, má búast við sálrænum truflunum, sem geta verið alvarlegs eðlis. Einkum gildir þetta um ungbörn og er aldurinn 6 - 18 mánuðir talinn varasamastur. Þá myndar barnið fyrstu tengsl sín við mannheim og mistakist það, er hætt við að öll viðfangsþróun þess verði meira og minna brengluð.

Brautryðjandi í rannsókn þessara mála var Englendingurinn J. Bowlby en niðurstöður hans [...] vöktu mikla athygli.

Bowlby komst að þeirri niðurstöðu, að þrenns konar aðstæður gætu valdið alvarlegum truflunum á geðheilsu barna. [...]. a) Alger skortur á tengslum við móður (eða staðgengil hennar) fyrstu þrjú æviár barnsins. b) Barnið er svipt móður sinni um skemmri tíma, a.m.k. í þrjú mánuði, ein þó líklega öllu fremur ef fjarvistirnar eru lengri en sex mánuðir, - á fyrstu þrem, fjórum árunum. c) Tíð skipti móður og staðgenglum hennar á fyrrnefndu aldurskeiði.

---

<sup>113</sup> Sama rit, bls. 108-109.

<sup>114</sup> Sama rit, bls. 109.

Truflanirnar geta lýst sér með mörgu móti og verið ýmist tímabundnar eða varanlegar. Bowlby nefnir eftirfarandi fjögur atriði: a) Barnið bregst illa við móðurinni, þegar það kemur til hennar aftur og lætur stundum sem það þekkir hana ekki. b) Barnið verður ákaflega kröfuhart við móðurina eða staðgengil hennar [...]. Mikil afbrýðissemi og skapofsaköst gera vart við sig. c) Glaðleg, en tilfinningalega yfirborðsleg framkoma barnsins við fullorðið fólk, sem það umgengst. d) Tilfinningalegur sljóleiki. Barnið myndar engin geðtengsl við aðra. Oft fylgja þessu sérstakar, reglubundnar líkamshreyfingar (róa sér fram og aftur og rugga) og stundum sækir barnið í að berja höfðinu við eitthvað það, sem er í námunda (veggi, rúmgöfl).<sup>115</sup>

Í riti Sigurjóns kemur fram að niðurstöður Bowlbys hafi aðallega stuðst við athugun á börnum, sem höfðu verið svipt móður sinni um lengri eða skemmri tíma. Þeim hafi verið komið fyrir á barnaheimilum, sjúkrahúsum og í fóstur hjá einstaklingum. Svo hafi verið að sjá sem andleg líðan og þroski barnanna færi lítið eftir líkamlegri umönnun þeirra. Þeim börnum hafi líðið best sem fengu staðgengil móður og þau gátu tengst sterkum böndum. Aftur á móti hafi mikil hætta verið á ferðum þegar barnið dvaldist á stofnunum, þar sem enginn einn tók það að sér og umsjá þess var skipt á milli mismunandi fóstura og hjúkrunarliðs.<sup>116</sup>

Sigurjón vísar einnig að því að samanburður, sem R. Spitz gerði á börnum tveggja stofnana, þ.e. fæðingarheimilis og upptökuheimilis, sé athyglisverður. Bæði heimilin hafi verið ágæt hvað varðaði húsakynni, hreinlæti, mataræði og klæðnað barnanna. Á fyrrnefnda heimilinu hafi verið eitthvað meira af leikföngum og börnunum var gert auðveldara fyrir að hreyfa sig. Aðalmunurinn hafi þó verið fólgin í því að á upptökuheimilinu voru börnin að öllu leyti í umsjá hjúkrunarliðs og hver stúlka hafði veg og vanda af 8 börnum. Á fæðingarheimilinu hafi mæðurnar aftur á móti dvalið með börnunum og hlutverk hjúkrunarkvennanna hafi verið að kenna þeim að annast börnin. Þótt börn upptökuheimilisins hafi vírst andlega talsvert betur úr garði gerð hafi þau fljótt dregist mjög aftur úr um þroska. Í riti Sigurjóns segir svo um þetta:

Þegar Spitz reyndi að finna ástæðurnar fyrir þessum greinilega mun á börnum hinna tveggja stofnana, gat hann ekki ályktað öðruvísi en svo: „Það er sannfæring vor, að þau (þ.e. börn upptökuheimilisins) þjáist af því að skynheimi þeirra vantar mannlegan félagskap, af því að einangrunin kemur í veg fyrir örvun frá móðurstaðgengli.<sup>117</sup>

<sup>115</sup> Sigurjón Björnsson: *Úr hugarheimi*. Reykjavík 1964, bls. 190 til 191.

<sup>116</sup> Sigurjón Björnsson: *Úr hugarheimi*. Reykjavík 1964, bls. 191.

<sup>117</sup> Sigurjón Björnsson: *Úr hugarheimi*. Reykjavík 1964, bls. 190 til 191.



## 2.5 Lagaleg umgjörð um vöggustofur á tímabilinu 1949 - 1973

### 2.5.1 Inngangur

Eins og rakið var hér að framan er það meðal verkefna nefndarinnar að lýsa starfsemi vöggustofanna, hlutverki þeirra í barnaverndar- eða uppeldismálum og því hvernig eftirliti Reykjavíkurborgar og ríkisins var háttað. Til að gera þessu efni skil er einnig nauðsynlegt að rekja þær lagareglur sem giltu um starfsemina á þeim tíma sem rannsókn nefndarinnar tekur til. Þá hafa sömu reglur einnig þýðingu við mat nefndarinnar á því hvort börn hafi sætt ofbeldi eða illri meðferð á vöggustofum í ljósi þeirra viðmiða sem nefndin hefur ákveðið að leggja til grundvallar og gerð er grein fyrir í köflum 6.1.3 og 6.2.3. hér á eftir.

Segja má að grunnurinn fyrir aðkomu sveitarfélaga að stofnun og rekstri vistheimila fyrir börn hafi verið lagður með gildistöku bráðabirgðalaga um eftirlit með ungmennum o.fl. nr. 122/1941. Í þeim lögum var gengið út frá því að ef barni var ráðstafað á vistheimili vegna bágra heimilisaðstæðna, vanrækslu eða ofbeldis þá væri það hlutverk sveitarfélaganna að sjá fyrir slíku úrræði.

Þetta hlutverk hélst að meginstefnu óbreytt þegar lög nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna tóku gildi. Þau lög höfðu hins vegar að geyma ítarlegri og fyllri ákvæði um störf og starfshætti barnaverndarnefnda og Barnaverndarráðs en voru í lögum nr. 122/1941. Til dæmis höfðu lögin að geyma nákvæmari ákvæði um tilkynningarskyldu opinberra starfsmanna og lögreglu til barnaverndarnefnda. Þá var kveðið á um að skylt væri að láta fara fram rannsókn á barni áður en barnaverndarnefnd ráðstafaði barni frá heimili.

### 2.5.2 Skipulag og meginhlutverk barnaverndarnefnda

Barnaverndarnefnd í hverju sveitarfélagi hafði það hlutverk samkvæmt lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, að sjá um almennt eftirlit með börnum og ungmennum í sínu umdæmi. Þá var það jafnframt í verkahring nefndarinnar að hafa eftirlit með barnaverndarstarfi innan síns umdæmis og þá sérstaklega með uppeldisstofnunum sem þar voru starfræktar. Eftirlit með stofnunum sem vistuðu börn hvaðanæva af landinu var hins vegar í höndum Barnaverndarráðs samkvæmt 53. gr. sömu laga.

Samkvæmt 4. gr. laganna skyldu barnaverndarnefndir vera í hverjum kaupstað. Í 6. gr. var síðan kveðið sérstaklega á um að bæjarstjórn í Reykjavík skyldi kjósa sjö menn í barnaverndarnefnd og sjö menn til vara. Efnislega sambærilegt ákvæði var í 6. gr. laga nr. 53/1966 þegar þau tóku gildi og leystu eldri lögin af hólmi. Kjörgengir í barnaverndarnefnd voru þeir sem nutu kjörgengis til sveitarstjórna og voru kunnir að grandvarleika og báru sem

best skyn á þau mál sem barnaverndarnefnd fjallaði um. Ekki var hins vegar kveðið á um hæfi nefndarmanna að öðru leyti, svo sem um að þeir skyldu hafa sérþekkingu á sviði uppeldis- eða barnaverndarmála. Kjörtími barnaverndarnefnda var sá sami og bæjarstjórna og var það borgaraleg skylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þeir gátu þó skorast undan sem voru 60 ára og eldri og þeir sem höfðu setið í barnaverndarnefnd kjörtímabil á undan. Kostnaður af störfum barnaverndarnefnda var á hendi sveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 29/1947 og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 53/1966.

Nefndarmönnum í barnaverndarnefnd bar samkvæmt 9. gr. laga nr. 29/1947 og 9. gr. laga nr. 53/1966 að skipta með sér störfum og kjósa formann, varaformann og ritara. Samkvæmt sömu ákvæðum bar ritara að halda „nákvæma fundarbók um störf nefndar“ og senda Barnaverndarráði skýrslu um þau fyrir miðjan febrúar hvert ár. Barnaverndarráði var skylt að gefa út skýrslu um starfsemi barnaverndarnefnda eigi sjaldnar en annað hvert ár. Í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 53/1966 var gert ráð fyrir að ráðherra setti reglugerð um starfshætti barnaverndarnefnda, þ.á m. um boðun funda, bókun fundargerða og boðun varamanna. Eftir gildistöku síðastnefndu laganna var fjallað nánar um starfshætti barnaverndarnefnda í II. kafla reglugerðar nr. 105/1970, um vernd barna og ungmenna.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 29/1947 og 10. gr. laga nr. 53/1966 hafði barnaverndarnefnd heimild til að ráða sérhæft starfslíð til að annast dagleg störf nefndarinnar í umboði hennar. Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 29/1947 var kveðið á um skyldu bæjarráðs í Reykjavík, að fengnum tillögum barnaverndarnefndar, til að ráða fulltrúa er annaðist dagleg störf nefndarinnar. Skyldi sá aðili vera kunnáttumaður um uppeldismál. Þá gat barnaverndarnefnd Reykjavíkur ráðið annað starfsfólk með heimild bæjarráðs, sbr. 2. mgr. 10. gr. sömu laga.

Í samræmi við stækkun sveitarfélaga og aukin verkefni barnaverndarnefndar var síðan í 10. gr. laga nr. 53/1966 kveðið á um heimild þeirra til að ráða, að fenginni heimild sveitarstjórnar, „sérhæft starfslíð sem annast skyldi dagleg störf barnaverndarnefndar í umboði hennar svo og annað starfsfólk“. Samkvæmt ákvæðum sömu laga var barnaverndarnefnd heimilt að fela fulltrúa sínum eða sérhæfðu starfslíði umboð til að annast „dagleg störf“ nefndarinnar.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 29/1947 var barnaverndarnefnd ályktunarfær þegar fullur helmingur nefndarmanna sat fund, enda væri formaður eða varaformaður á fundi. Ef svipta átti forráðamenn barns umráðarétti yfir því, þurftu hið minnsta fimm meðlimir barnaverndarnefndar Reykjavíkur að samþykkja slíka ráðstöfun, enda var sú nefnd sjö manna nefnd samkvæmt lögnum. Við forföll nefndarmanns boðaði formaður varamann í hans stað. Í 14. gr. laga nr. 29/1947 sagði að ef vinda þyrfti „bráðan bug [...] að ráðstöfun, sem [bæri] undir barnaverndarnefnd, [gæti] formaður - eða fulltrúi í umboði hans - framkvæmt hana, en leggja [skyldi] málið til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd svo fljótt sem kostur [væri].“

Samsvarandi ákvæði um ályktunarhæfi barnaverndarnefndar og heimild formanns, eða fulltrúa í hans umboði, til að vinda bráðan bug að ráðstöfun sem bæri undir

barnaverndarnefnd, var að finna í 13. og 15. gr. laga nr. 53/1966. Foreldrar eða forráðamenn barna sem áttu hagsmuna að gæta varðandi slíkar ráðstafanir barnaverndarnefndar gátu borið mál undir Barnaverndarráð til úrlausnar samkvæmt 56. gr. laganna. Úrskurðir Barnaverndarráðs voru fullnaðarúrskurðir sem ekki var unnt að skjóta til menntamálaráðuneytis.

Prátt fyrir að gert hafi verið ráð fyrir því allt frá gildistöku laga nr. 29/1947 að starfslið barnaverndarnefndar annaðist dagleg störf nefndarinnar, t.d. könnun og meðferð einstakra mála, var ávallt gengið út frá því að barnaverndarnefnd tæki allar meiri háttar ákvarðanir á borð við að taka barn af heimili. Átti það við hvort sem slíkar ákvarðanir voru teknar á grundvelli laga nr. 29/1947 eða laga nr. 53/1966.

Samkvæmt lokamálslið 3. mgr. 14. gr. laga nr. 53/1966 hafði menntamálaráðherra heimild til að setja reglugerð um verkaskiptingu innan fjölmennari nefnda, svo og um starfsmenn og ráðunauta barnaverndarnefnda. Með 1. gr. laga nr. 31/1968 var síðan bætt nýrri 5. málsgrein við 6. gr. laga nr. 53/1966 þar sem menntamálaráðherra var veitt heimild til að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf barnaverndarnefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Var þar jafnframt kveðið á um að ráðherra skyldi mæla nánar fyrir um starfssvið nefndarinnar í reglugerð, en skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil skyldi ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.

Í samræmi við framangreint setti menntamálaráðherra reglugerð nr. 96/1970, um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Samkvæmt 1. og 6. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar var barnaverndarnefnd Reykjavíkur meðal annars falið að fara með eftirlit með uppeldisstofnunum, enda væri eftirlitið ekki falið öðrum samkvæmt sérstökum lögum. Auk þess var það hlutverk barnaverndarnefndar að úrskurða um meiri háttar mál er vörðuðu ráðstafanir gagnvart börnum eða forráðamönnum þeirra, sbr. 13. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.<sup>118</sup> Með 3. tölul. 3. gr. reglugerðarinnar var félagsmálaráði falin ráðstöfun í vist eða fóstur og eftirlit með því að öðru leyti en greinir í áður nefndum 6. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar.<sup>119</sup> Um barnaverndarnefndir, störf þeirra og starfsháttu voru einnig sett nánari ákvæði í II. kafla reglugerðar nr. 105/1970, um vernd barna og ungmenna.

---

<sup>118</sup> Í 6. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 96/1970 er vísað til 14. gr. laga um vernd barna og ungmenna. Verður ekki annað ráðið en að um misritun sé að ræða þar sem ákvæði 14. gr. laga um vernd barna og ungmenna varðaði hæfi nefndarmanna barnaverndarnefnda. Um úrskurði barnaverndarnefnda var fjallað í 13. gr. laganna.

<sup>119</sup> Með 1. gr. laga nr. 94/1969 var menntamálaráðherra veitt almenn heimild með nýrri 6. mgr. 6. gr. laga nr. 53/1966 til að fela störf barnaverndarnefndar í sveitarfélagi utan Reykjavíkur félagsmálaráði að nokkru eða öllu leyti, enda óskaði sveitarstjórn eftir því og ákveðið væri af hennar hálfu að stofna til félagsmálaráðs.

### 2.5.3 Heimildir og skyldur barnaverndarnefndar til að hafa afskipti af börnum

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 29/1947 var barnaverndarnefnd falið að fylgjast sem best með framferði, uppeldi og aðbúð barna og ungmenna í umdæmi sínu og hafa stöðugt samband við aðra þá aðila, sem stöðu sinnar vegna öðluðust vitneskju um þessi efni. Þetta sem og önnur ákvæði laganna bera með sér að eftirlitsskyldur barnaverndarnefnda voru víðtækar og að þær fólu í senn í sér skyldu til að sinna almennu eftirliti með börnum innan hvers umdæmis svo og eftirliti með einstökum börnum. Í lögnum var jafnframt mælt fyrir um ýmis úrræði eða ráðstafanir sem barnaverndarnefndir gátu gripið til, ýmist til verndar tilteknum börnum eða ungmennum eða ungmennum og börnum í heild. Þá var þar einnig skýrt kveðið á um hvenær barnaverndarnefnd bæri að hafa afskipti af börnum og heimilum þeirra og því lýst við hvaða aðstæður þessar skyldur nefndarinnar yrðu virkar.

Ákvæði laga nr. 53/1966, sem tóku gildi við birtingu laganna í maí 1966 á starfstíma Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, voru í meginráttum samhljóða ákvæðum laga nr. 29/1947 um heimild barnaverndarnefnda til afskipta af börnum. Þannig bera reglur laganna um störf barnaverndarnefnda, sbr. IV. kafla laga nr. 29/1947 og IV. kafla laga nr. 53/1966, með sér að barnaverndarnefnd bar fortakslaust skylda til að hafa afskipti af börnum sem voru forsjárlaus og koma þeim í fóstur á góð heimili. Á þeim tíma sem vöggustofurnar voru starfræktar hafði barnaverndarnefnd sams konar skyldu til að hafa afskipti af sjúkum börnum sem fengu ekki viðunandi hjúkrun eða læknishjálp og gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni, sbr. 25. gr. laga nr. 29/1947 og 25. gr. laga nr. 53/1966. Í síðastnefndu greininni var bætt við sérstöku ákvæði um skyldu barnaverndarnefndar til að gera ráðstafanir vegna barna sem væru andlega vanþroska og fengu ekki nauðsynlega umönnun.

Barnaverndarnefnd var jafnframt skylt að hafa afskipti af börnum ef uppeldi þeirra, aðbúnaði eða atlæti var ábótavant vegna hirðuleysis foreldra, vankunnáttu þeirra, andlegra eða siðferðilegra annmarka, líkamlegrar eða andlegrar vanheilsu, drykkjuskapar, eiturfjaneyslu, lauslætis o.fl., sbr. 26. og 27. gr. laga nr. 29/1947 og 26. og 27. gr. laga nr. 53/1966. Loks bar barnaverndarnefnd að hafa afskipti af börnum ef hegðun þeirra sjálfra var ábótavant, sbr. 28. gr. laga nr. 29/1947 og samsvarandi grein laga nr. 53/1966. Eins og vænta má í ljósi aldurs þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofum bera gögn nefndarinnar ekki með sér að nokkru sinni hafi reynt á síðastnefndu ákvæðin við vistun barns á vöggustofu.

Úrræðin sem barnaverndarnefnd gat beitt við ofangreindar aðstæður fóru eftir eðli máls hverju sinni og hafði nefndin þá töluvert svigrúm um hvaða leið hún valdi, bæði samkvæmt barnaverndarlöggjöfinni frá 1947 og 1966. Ef uppeldi barns, aðbúnaði þess eða atlæti var ábótavant vegna hirðuleysis, vankunnáttu foreldra eða forráðamanna, drykkjuskapar, lauslætis eða annarra atriða var gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd leiðbeindi fyrst foreldrum um uppeldi barna þeirra. Í lögnum var þó ekki nánar skilgreint í hverju slíkar leiðbeiningar skyldu þá fólgnar. Gera verður ráð fyrir að annaðhvort starfsmaður nefndar eða meðlimur hennar hafi þá átt að veita foreldri tilsögn um uppeldi og aðbúnað barns, ásamt nauðsynlegri aðstoð til að koma málefnum barns og fjölskyldu í eðlilegt horf.

Ef þessi úrræði dugðu ekki til gat barnaverndarnefnd áminnt foreldra og forráðamenn, fjarlæggt þau af heimili eða tekið barnið af heimilinu ef það þótt best henta og þá falið öðrum forræði, sbr. 26. gr. laga nr. 29/1947 og 26. gr. laga nr. 53/1966. Barnaverndarnefnd hafði auk þess heimild til að skipa heimili eftirlitsmann samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 29/1947 og nr. 53/1966. Í lögnum var þó ekki skilgreint nánar í hverju hlutverk eftirlitsmanns væri fólgið, t.d. hvort hann ætti eingöngu að hafa beint eftirlit með heimili eða veita fjölskyldu aðstoð.<sup>120</sup>

#### 2.5.4 Málsmeðferð í barnaverndarmálum

Frá gildistöku laga nr. 29/1947 voru í gildi reglur um meðferð úrskurðarmála, þ.e. meiri háttar barnaverndarmála, fyrir barnaverndarnefndum. Barnaverndarlög nr. 29/1947 voru þó fáorð um í hverju málsmeðferðin fólst. Þegar lög nr. 53/1966 tóku gildi voru hins vegar settar frekari og ítarlegri reglur um málsmeðferðina og styrktist þá réttarstaða aðila máls til muna. Auk þess áttu reglurnar að stuðla að því að meðferð hvers máls yrði vandaðri.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 29/1947 hafði barnaverndarnefnd heimild til að svipta forráðamenn umráðarétti barns. Hvorki var þó í texta ákvæðisins né í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 29/1947 skilgreint hvað átt væri við með slíkri sviptingu, þ.e. hvort hún fæli í sér fulla sviptingu forsjár eða einungis að barn yrði vistað utan heimilis gegn vilja forráðamanna. Í 20. gr. laganna var hins vegar gengið út frá því að taka barns af heimili væri „meiri háttar ráðstöfun“, og jafnan skyldi leita, ef þess væri kostur, „umsagnar foreldra eða forráðamanna barns eða ungmennis, áður en slíkar ráðstafanir væru framkvæmdar.“

Ef svipta átti forráðamenn barns umráðarétti yfir því, leiddi hins vegar af 13. gr. laga nr. 29/1947 að þá þurfti hið fæsta fimm nefndarmenn í barnaverndarnefnd Reykjavíkur til að samþykkja slíka ráðstöfun, enda var sú nefnd skipuð 7 mönnum.<sup>121</sup> Ákvæði 13. gr. fól að þessu leyti í sér kröfu um að barnaverndarnefnd tæki ávallt formlega ákvörðun, með tilskildum meirihluta, um að svipta foreldra umráðarétti yfir barni. Undantekning var frá þessu ef vinda þurfti bráðan bug að ráðstöfun, sem varð að bera undir nefndina en þá gat formaður nefndarinnar, eða fulltrúi í umboði hans, framkvæmt hana, sbr. 14. gr. laga nr. 29/1947. Í síðastnefnda ákvæðinu var þó jafnframt mælt fyrir um að leggja skyldi málið til

---

<sup>120</sup> Ítarlegri ákvæði um hlutverk og skyldur eftirlitsmanns samkvæmt 26. gr. laga nr. 53/1966 voru síðan sett í reglugerð nr. 105/1970 vernd barna og ungmenna. Í 2. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar var hlutverki hans lýst þannig að hann ætti að veita skjólstæðingi sínum leiðsögn og stuðning. Eftirlitsmanni bar að hafa samvinnu við skóla eða vinnuveitanda skjólstæðings og hafa forgöngu um, ef skjólstæðingur hans var ungmenni, að tengja skjólstæðing við heilbrigða æskulýðsstarfsemi. Þá bar eftirlitsmanni að stuðla að því að á milli hans og skjólstæðings myndast gagnkvæmt traust svo að tilgangi með störfum hans yrði best náð. Á hinn bóginn átti eftirlitsmaður að forðast að gera skjólstæðing sinn háðan sér um of. Eftirlitsmaður var trúnaðarmaður barnaverndarnefndar og starfaði í tengslum við barnaverndarnefnd.

<sup>121</sup> Ef nefndarmaður forfallaðist bar formanni að boða varamann í hans stað.

fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd, svo fljótt sem kostur væri. Samsvarandi ákvæði um ályktunarhæfi barnaverndarnefndar og heimildir formanns og fulltrúa í hans umboði sem og skyldu þeirra til að leggja mál fyrir barnaverndarnefnd var að finna í 13. og 15. gr. laga nr. 53/1966.

Af orðalagi 13. gr. laga nr. 29/1947 var ljóst að sú skylda hvíldi á barnaverndarnefndum að kveða upp úrskurð í málum er vörðuðu sviptingu forráðamanna á umráðarétti. Þótt það verði ekki með skýrum hætti ráðið af orðalagi ákvæðisins verður að taka undir það mat vistheimilanefndar, sem sett er fram í fyrstu áfangaskýrslu nefndarinnar, að ákvæðið hafi átt við um hliðstæðar íþyngjandi ákvarðanir, eins og töku barns af heimili og vistun á vöggustofu gegn vilja foreldra.<sup>122</sup>

Þegar lög nr. 53/1966 tóku gildi héldust ofangreind ákvæði 13. og 20. gr. laga nr. 29/1947 að meginstefnu óbreytt, en í 13. gr. þeirra laga var sérstaklega fjallað um töku barns af heimili, sviptingu foreldravalds, kröfu um að barn skuli flutt frá fósturforeldrum eða kröfu um að felldur yrði niður úrskurður um töku barns af heimili eða sviptingu foreldravalds. Voru þessi mál þá flokkuð sem meiri háttar barnaverndarmál. Samkvæmt ákvæði 13. gr. laga nr. 53/1966 urðu slík mál eingöngu leidd til lykta að undangengnum úrskurði barnaverndarnefndar og að uppfylltum málsmeðferðarreglum laganna.

Kröfur um hvernig ætti að haga lyktum meiri háttar barnaverndarmála með úrskurði komu fram í ákvæðum 13., 14. og 20. gr. laga nr. 53/1966. Í 1. mgr. 13. gr. var sérstaklega kveðið á um að fundur barnaverndarnefndar væri eingöngu ályktunarfær þegar meirihluti nefndarmanna sæti fundinn. Í 2. mgr. 14. gr. laganna var síðan kveðið sérstaklega á um að úrskurðir skyldu vera skriflegir og rökstuddir. Úrskurði bar að tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt og vekja þá jafnframt athygli aðila á heimild til að skjóta máli til Barnaverndarráðs, sbr. 56. gr., ef því væri að skipta. Í 20. gr. laga nr. 53/1966 var síðan ítrekað að áður en meiri háttar barnaverndarmáli, sbr. 13. gr., væri ráðið til lykta með úrskurði, bæri að veita foreldrum eða forráðamönnum barns kost á að tjá sig um málið, munnlega eða skriflega, þ.á m. með liðsinni lögmannna. Að jafnaði bæri einnig að veita barni eða ungmenni kost á að koma á fund barnaverndarnefndar, þegar svo stæði á.

Í lögum nr. 29/1947 og nr. 53/1966 var gert ráð fyrir að upphaf barnaverndarmáls gæti borið að með tvennum hætti, annars vegar að eigin frumkvæði viðkomandi barnaverndarnefndar og hins vegar með tilkynningu opinberra aðila eða annarra til nefndarinnar.<sup>123</sup> Ef

---

<sup>122</sup> Sjá nánar áfangaskýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 nr. 1, bls. 71.

<sup>123</sup> Í 21. gr. laga nr. 29/1947 og 21. gr. laga nr. 53/1966 var sérstaklega kveðið á um þá skyldu barnaverndarnefnda að hafa stöðugt samband við þá aðila sem stöðu sinnar vegna öðluðust vitneskju um framferði, uppeldi og aðbúnað barna og ungmenna. Auk þess voru í lögnum ákvæði um tilkynningarskyldu opinberra starfsmanna og annarra einstaklinga gagnvart barnaverndarnefndum ef þeir urðu þess varir að aðbúnaði, uppeldi eða hegðun barna var ábótavant. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 29/1947 og 18. gr. laga nr. 53/1966 var opinberum starfsmönnum skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef þeir urðu í starfi sínu varir við misfellur í uppeldi og aðbúð barna.



barnaverndarnefnd varð þess áskynja eða fékk tilkynningu um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska gæti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hálfu annarra eða eigin hegðunar, bar nefndinni að meta hvort um rökstuddan grun væri að ræða.

Barnaverndarnefnd bar ábyrgð á að allra nauðsynlegra upplýsinga yrði aflað um mál áður en hún greip til ákvarðana, sbr. 16. gr. laga nr. 29/1947 og 16. gr. laganna nr. 53/1966. Var slík rannsókn jafnframt forsenda fyrir framhaldi barnaverndarmáls. Barnaverndarnefnd hafði víðtækar heimildir til að annast rannsókn sína en í því skyni gat hún meðal annars farið inn á heimili og stofnanir þar sem börn voru vistuð til að kanna hagi barns.<sup>124</sup> Þá gat hún tekið skýrslur af foreldrum og forráðamönnum og hverjum þeim sem vitneskju höfðu um hagi barns. Einnig gat barnaverndarnefnd krafist vitnaleiðslu fyrir dómi ef svo bar undir.

Ef rannsókn barnaverndarnefndar leiddi í ljós að barn bjó ekki við viðunandi uppeldisaðstæður, bar nefndinni að láta mál viðkomandi til sín taka og leita úrlausna í málum viðkomandi. Í 22. gr. laga nr. 29/1947 og 22. gr. laga nr. 53/1966 var að finna nokkra leiðsögn fyrir barnaverndarnefndir um framhald máls og þau úrræði sem barnaverndarnefnd kaus að beita í hvert sinn. Samkvæmt ákvæðum laganna skyldi barnaverndarnefnd „láta málið til sín taka á þann hátt, er bezt þykir við eiga, eftir því sem á stendur.“ Í því sambandi er þó rétt að geta þess að samkvæmt lögnum frá 1947 og 1966 var þó fortakslaust bann við að taka börn af heimilum eingöngu vegna fátæktar eða örbirgðar foreldra, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 29/1947 og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 53/1966. Barnaverndarnefndum bar þá skylda til að aðstoða foreldra og ráða bót á bágbornum fjárhag þeirra og skyldi sá kostnaður greiddast úr bæjarsjóði.

Við gildistöku laga nr. 53/1966 var sett nýtt ákvæði í 3. mgr. 16. gr. laganna um hvaða sjónarmið barnaverndarnefndir áttu að hafa til hliðsjónar við val á úrræðum í einstökum málum. Í ákvæðinu var kveðið á um að þegar barnaverndarnefnd leysti úr máli skyldi hún jafnan það ráð upp taka sem ætla mætti að væri barni fyrir bestu. Enn fremur bar nefndinni að forðast að sundra systkinahópi, sbr. 3. mgr. 16. gr.

Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 53/1966 voru engar frekari skýringar eða athugasemdir með þessu nýja ákvæði. Í ljósi annarra ákvæða laganna, t.a.m. 16. gr. um rannsóknarskyldu barnaverndarnefndar, verður að ætla að barnaverndarnefnd hafi borið

---

Sérstaklega var kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum og síðar samkvæmt 18. gr. laga nr. 53/1966, einnig sálfræðingum, félagsráðgjöfum og þeim sem fóru með framfærslumál, skylt að fylgjast eftir föngum með hegðun og uppeldi barna og hafa náði samstarf við barnaverndarnefndir.

Samkvæmt 46. gr. laga nr. 29/1947 var sú skylda einnig lögð á almenning að tilkynna þegar til viðkomandi barnaverndarnefndar ef foreldrar, forráðamenn, starfsmenn uppeldisstofnunar eða aðrir sem forsjá barns hafði verið falin, leiddu barn á siðferðilega glapstigu, misbuðu því eða vanræktu uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska væri hættu búin. Varðaði vanræksla í þeim efnun sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum. Samsvarandi ákvæði var í 48. gr. laga nr. 53/1966.

<sup>124</sup> Í lögnum er notast við hugtakið „hæli“ um staði þar sem börn eru vistuð samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar og eru ekki einkaheimili.



að kanna allar aðstæður barns, kynnast barninu og taka ákvarðanir með hagsmuni þess í huga, en ekki hagsmuni, óskir eða vilja foreldra, nema að því leyti sem þessi atriði vörðuðu hagsmuni barnsins sjálfs.

Áður hefur verið getið þeirra úrræða sem barnaverndarnefndir gátu gripið til við meðferð einstakra mála. Barnaverndarlög nr. 29/1947 og 53/1966 gerðu ráð fyrir að barnaverndarnefnd gripi til vægari úrræða ef hún teldi slíkar ráðstafanir fullnægjandi. Engu að síður verður að gera ráð fyrir að í mörgum tilvikum hafi uppeldisaðstæður barns verið þess eðlis að grípa hafi þurft til úrræða eins og að taka barnið af heimili. Eftir atvikum hafi svo þurft vista það á stofnunum á vegum ríkis eða sveitarfélaga eða einkaaðila.

Rétt er að geta þess að með lögum nr. 53/1966 kom inn nýtt ákvæði í 1. mgr. 32. gr. um samvinnu barnaverndarnefnda við foreldra barns. Ef ekki yrði hjá því komist að taka barn af heimili, bar barnaverndarnefnd að leita eftir samþykki foreldra eða annarra lögráðamanna til slíkrar ráðstöfunar. Fengist slíkt samþykki ekki var það skylda barnaverndarnefndar að fara með málið samkvæmt ákvæði 13. gr. og ljúka því með úrskurði.

Í ljósi þess að í lögum nr. 29/1947 og nr. 53/1966 var ekki kveðið á um skyldu til að ákveða vistun barns á stofnun á borð við vöggustofu í skriflegum úrskurði þegar foreldrar eða forráðamenn samþykktu slíka ráðstöfun eru ekki efni til þess að fullyrða að barnaverndarnefnd hafi ávallt borið skylda kveða upp formlega úrskurði um slíka vistun. Þó verður að telja hæpið að barnaverndarnefnd hafi að lögum verið stætt á því að taka ákvarðanir um vistun af þessum toga án þess að fjalla efnislega um málið á ályktunarhæfum fundi þar sem a.m.k. meirihluti nefndarmanna var viðstaddur. Verður þá að líta til þess að samkvæmt 14. gr. laga nr. 29/1947 og 15. gr. laga nr. 53/1966 var ávallt skylt að leggja mál til fullnaðarákvörðunar barnaverndarnefndar svo fljótt sem kostur var, einnig í þeim tilvikum þar sem formaður nefndar eða fulltrúi í umboði hans greip til neyðarráðstöfunar án undangenginnar málsmeðferðar barnaverndarnefndar.

Ef mál kom til úrskurðar barnaverndarnefndar höfðu foreldrar eða forráðamenn barns rétt til að tjá sig fyrir barnaverndarnefnd áður en úrskurður var kveðinn upp, sbr. 20. gr. laga nr. 29/1947 og 20. gr. laga nr. 53/1966. Samkvæmt 20. gr. laga nr. 29/1947 bar barnaverndarnefnd að leita, ef þess væri nokkur kostur, umsagnar foreldra eða forráðamanna barns eða ungmennis áður en framkvæmdar yrðu meiri háttar ráðstafanir svo sem að fjarlægja barn af heimili. Efnislega samsvarandi ákvæði var í 20. gr. laga nr. 53/1966 en auk þess höfðu foreldrar þar heimild til að tjá sig munnlega eða skriflega og með liðsinni lögmanns. Í síðari málslið 20. gr. yngri laganna var jafnframt kveðið á um rétt barns til að tjá sig fyrir barnaverndarnefnd áður en úrskurður um málefni þess yrði kveðinn upp.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið mælt fyrir um að úrskurðir barnaverndarnefndar skyldu vera skriflegir eða rökstuddir í lögum nr. 29/1947 verður að ganga út frá að barnaverndarnefnd hafi borið að upplýsa aðila máls um úrskurð, enda var það forsenda fyrir því að viðkomandi hefði vitneskju um umsjá barns síns og skyldur í því sambandi. Sem fyrr greinir bar

barnaverndarnefnd samkvæmt 9. gr. sömu laga að halda nákvæma fundargerðabók um störf sín.

### 2.5.5 Lagaákvæði um rekstur vistheimila fyrir börn

Í lögum nr. 29/1947 var ekki kveðið með beinum hætti á um skyldu sveitarfélaga til að setja á stofn og reka vistheimili fyrir tiltekinn hóp barna. Engu að síður má ráða af ákvæðum laganna að gert hafi verið ráð fyrir að slíkar stofnanir væru til og að sveitarfélögum væri skylt að hafa tiltæk úrræði fyrir þau börn sem vista varð utan heimilis vegna heimilisaðstæðna eða veikinda og þroska þeirra sjálfra. Birtist það einkum með því að barnaverndarnefnd var við ákveðnar aðstæður skylt að taka barn af heimili, sbr. 26. og 27. gr. laganna, en af því leiðir að sveitarfélagi bar jafnframt að tryggja að barn hefði þá öruggan samastað.

Í lögnum var jafnframt gengið út frá því að óheimilt væri að koma á fót eða reka barnaheimili, þar með talin vistheimili, dagheimili og leikskóla, eða aðra slíka uppeldisstofnun, nema leyfi menntamálaráðherra væri til staðar, sbr. 1. mgr. 35. gr. laganna. Sagði þar enn fremur að leita skyldi umsagnar barnaverndarráðs áður en leyfi væri veitt. Lögin höfðu hins vegar ekki að geyma nein frekari ákvæði um hvaða skilyrði þyrftu að vera uppfyllt til þess að slíkt leyfi fengist, t.d. um fjölda barna, fjölda starfsmanna og rekstur vistheimilis og aðbúnað.<sup>125</sup>

Í 1. mgr. 35. gr. var jafnframt kveðið á um að ekki mætti fela öðrum forstöðu vistheimilis en þeim sem barnaverndarnefnd teldi þar til hæfa, eða barnaverndarráð, ef heimili var ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum úr fleiri barnaverndarumdæmum en einu. Lögin höfðu þó ekki að geyma nein frekari sjónarmið um til hvaða atriða ætti að líta við slíkt hæfnismat, frekar en við það þegar leyfi voru veitt til þess að reka vistheimili.

Með lögum nr. 53/1966 var síðan beinlínis kveðið á um skyldu sveitarfélags til að setja á stofn og reka vistheimili eða stofnanir fyrir börn. Eins og fyrr greinir hafði sveitarfélögum fram til þess borið skylda til að hafa tiltæk „úrræði“ fyrir þau börn sem einstakar barnaverndarnefndir höfðu afskipti af, m.a. vistheimili fyrir börn sem tekin höfðu verið úr umsjá foreldra. Þessi beina skylda sveitarfélaga birtist í 3. mgr. 39. gr. laganna, en þar sagði meðal annars að sveitarfélög skyldu eitt eða fleiri saman setja á stofn og reka heimili eða stofnanir til að „annast uppeldi, og ef þörf krefur fræðslu, þeirra barna, sem eru frá heimilum er vanrækja svo mjög uppeldishlutverk sitt, að varhugavert er fyrir börn að dveljast þar.“, sbr. a-lið 3. mgr. 39. gr. Þá var var samsvarandi skylda á sveitarfélög til að reka heimili eða stofnanir sem önnuðust uppeldi „gáfnasljórra eða andlega vanþroska barna“, ef þörf krefði, sbr. c-lið sama ákvæðis.

---

<sup>125</sup> Sjá hér einnig 1. áfangaskýrslu vistheimilaneftdar, bls. 80.

Í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 53/1966 var með sams konar hætti og í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 29/1947, kveðið á um að óheimilt væri að koma á fót eða reka barnaheimili, þar með talin vistheimili, dagheimili og leikskóla, eða aðra slíka uppeldisstofnun, nema leyfi menntamálaráðherra kæmi til. Sagði þar jafnframt að áður en leyfi væri veitt, skyldi leita umsagnar barnaverndarráðs. Ekki mætti fela forstöðu slíks heimilis eða stofnunar öðrum en þeim sem hlutaðeigandi barnaverndarnefnd teldi þar til hæfa, eða barnaverndarráð, ef heimili var ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum úr fleiri barnaverndarumdæmum en einu.

Enda þótt lög nr. 53/1966 hafi haft að geyma lagaheimild fyrir sveitarfélög og eftir atvikum einkaaðila til að reka vistheimili fyrir börn, að fenginni umsögn þar til bærra barnaverndaryfirvalda, voru löginn sem fyrr afar fáorð um hvaða skilyrði væru fyrir að slíkt leyfi væri veitt. Gilti það t.d. um fjölda barna, fjölda starfsmanna og rekstur vistheimilis og aðbúnað. Í III. kafla reglugerðar nr. 105/1970, um vernd barna og ungmenna, sem sett var á grundvelli laganna voru hins vegar ítarleg ákvæði um vistheimili fyrir börn og ungmenni, fóstur á einkaheimilum til skamms tíma og dagvistun.

### 2.5.6 Eftirlitsskylda barnaverndarnefnda og Barnaverndarráðs með starfsemi vöggustofa

Á meðan Vöggustofan Hlíðarendi og Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins voru starfræktar hvíldi sérstök skylda á barnaverndarnefndum að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum sem rekin voru innan umdæmis hennar, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947 og 2. mgr. 37. gr. laga nr. 53/1966. Í þeirri skyldu fólst að barnaverndarnefnd bar að fylgjast þar með högum og aðbúð barna og auk þess með því hvað yrði um börn sem tekin væru af slíkum hælum. Henni bar og að samþykkja þá staði sem þau færu til ef ekki væri um heimili foreldra að ræða. Jafnframt skyldi nefndin sjá til þess að í umdæmi hennar væru ekki rekin hæli eða stofnanir sem ekki hefðu hlotið löggildingu samkvæmt lögum.

Í 3. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947 var kveðið sérstaklega á um það að ef meðferð barns á barnahæli eða uppeldisstofnun væri óhæfileg eða rekstrinum á annan hátt ábótavant skyldi barnaverndarnefnd leitast við að bæta úr því sem áfátt væri með leiðbeiningum og áminningum. Ef það kæmi ekki að haldi skyldi barnaverndarnefnd leggja málið fyrir Barnaverndarráð. Ef Barnaverndarráð fengi ekki úr bætt gat það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt hæli eða stofnun rétti til rekstrar að fengnum tillögum ráðsins og barnaverndarnefndar. Í ákvæðinu var jafnframt tekið fram að bera mætti slík mál undir dómstóla en það frestaði engu að síður ekki framkvæmd úrskurðar barnaverndarráðs eða ráðherra.

Í 2. mgr. 37. gr. laga nr. 53/1966 var að finna sambærilegt ákvæði og áður var í 2. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947 um skyldur barnaverndarnefndar til að hafa eftirlit með barnaheimilum í sínu umdæmi og að fylgjast með afdrifum barna þegar þau færu af slíkum heimilum. Þá var einnig í 4. mgr. 37. gr. að finna samsvarandi ákvæði og áður var í 3. mgr. 35. gr. nr. 29/1947

um skyldur barnaverndarnefndar til að bregðast við ef meðferð barns á barnaheimili eða uppeldisstofnun var ábótavant.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 29/1947 var það hlutverk Barnaverndarráðs að hafa yfirumsjón með starfi allra barnaverndarnefnda á landinu og veita hvers konar leiðbeiningar um störf þeirra, m.a. skilning á lagaákvæðum sem þær vörðuðu. Í 50. gr. laganna var kveðið á um það að ef Barnaverndarráð yrði þess áskynja að barnaverndarnefnd rækti ekki þau störf sem henni væru falin í lögum, skyldi það krefja nefndina skýrslna og hvetja hana til að fylgja starfsskyldum. Gat Barnaverndarráð jafnframt tekið mál í umdæmi barnaverndarnefndar til meðferðar ef því þótti ástæða til, hvort sem það hefði áður fjallað um það eða ekki. Efnislega samsvarandi ákvæði var síðar að finna í 51. til 53. gr. laga nr. 53/1966 eftir að þau lög voru sett.

Í 53. gr. laga nr. 29/1947 var síðan mælt fyrir um að Barnaverndarráð hefði yfirumsjón allra barnahæla og uppeldisstofnana á landinu sem væru ætluð til viðtöku börnum hvaðanæva af landinu. Var þar jafnframt kveðið á um að það skyldi fela einum ráðsmanna eða sérstökum fulltrúa að stunda eftirlit með hæli eða stofnun svo oft sem þurfa þætti og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Var forráðamanni þeirrar stofnunar sem í hlut ætti þá skylt að greiða fyrir eftirliti og veita eftirlitsmanni færi á að rannsaka börn og ungmenni sem þar væru vistuð, húsakynni þeirra, þrif, heilsufar, eldi, aðbúnað og þroska og veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunar. Samsvarandi ákvæði var síðar að finna í 55. gr. laga nr. 53/1966.

Í ljósi þessa verður að gera ráð fyrir að Barnaverndarráð hafi borið að hafa reglulegt og virkt eftirlit með því hvort barnaverndarnefnd Reykjavíkur rækti lagalegar skyldur sínar á tímabilinu 1949 til 1973. Þá var það einnig verkefni Barnaverndarráðs að tryggja að framkvæmd barnaverndarlaga um eftirlit með vistheimilinu væri í samræmi við efnisreglur og markmið laganna.

Í 3. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947 og 4. mgr. 37. gr. laga nr. 53/1966 var enn fremur kveðið á um heimildir ráðherra til að svipta aðila leyfi til að reka heimili eða stofnun. Áður en til þess ráðs yrði gripið bar barnaverndarnefnd að leitast við að fá viðkomandi forstöðumann með leiðbeiningum og áminningum til að bæta úr því sem áfátt var. Þá var kveðið á um að ef barnaverndarnefnd fengi ekki úr því bætt sem áfátt væri í rekstri viðkomandi stofnunar eða varðandi umönnun þeirra barna sem þar dvöldu, skyldi Barnaverndarráð leitast við að fá úr því bætt sem áfátt væri. Bæru umvandanir Barnaverndarráðs ekki árangur gat ráðið svipt forstöðumann starfinu og ráðherra svipt heimili eða stofnun rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarnefndar og Barnaverndarráðs.

Lög nr. 29/1947 og lög nr. 53/1966 kváðu þannig á um þá meginreglu að hið opinbera, stofnanir ríkis og sveitarfélaga, hefðu eftirlit með líkamlegri og andlegri velferð barna sem tekin voru af heimili og vistuð á uppeldisstofnunum á borð við vöggustofur sem reknar voru

af hálfu Reykjavíkurborgar samkvæmt opinberu leyfi, hvort sem tilefni vistunar voru atvik eða aðstæður sem vörðudu barnið sjálf, heimili þess eða foreldra.

Þegar tekin er afstaða til þess hvort eftirlit barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarráðs á tímabilinu 1949 til 1973 með starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi verið fullnægjandi, bæði hvað varðar starfsemi vöggustofanna og velferð þeirra barna sem þar voru vistuð, verður að horfa til þess hvernig skipulagi eftirlitskerfisins og framkvæmd þess var háttað. Þar verður einkum að draga ályktanir af þeim skriflegu gögnum sem vöggustofunefnd hefur undir höndum. Auk þess verður einnig að líta til þeirra upplýsinga sem nefndin hefur aflað með viðtölum við fyrrverandi starfsmenn vöggustofanna og aðra einstaklinga sem gáfu skýrslu fyrir nefndinni.

## 3. Vöggustofan Hlíðarenda (1949-1963)

### 3.1 Undirbúningur að stofnun vöggustofunnar Hlíðarenda

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum 21. nóvember 1947 að fara þess á leit við bæjarráð að húsið Hlíðarendi við Sunnutorg á Langholtsvegi yrði þegar „tekið í notkun fyrir vöggustofu og aðra þá starfsemi sem þar gæti farið fram og væri nauðsynleg að mati nefndarinnar.“<sup>126</sup> Hafði bæjarsjóður þá nýlega keypt það af Helgu Eggertsdóttur, ekkju Lúðvíks Kaaber bankastjóra. Bæjarstjórn tók málið formlega til skoðunar og var barnaverndarnefnd jafnframt falið að annast frekari athugun. Nefndin hlutaðist í kjölfarið til um það að gerðar yrðu tillögur og teikningar um að húsnæðinu Hlíðarenda yrði breytt til þess að hægt yrði að reka þar vöggustofu.

Teikningar og tillögur lágu fyrir í janúar 1948. Bæjarstjórn lét í framhaldinu gera áætlun um kostnað við að breyta húsinu og sótt var um leyfi til fjárfestingar og innkaupa til fjárhagsráðs. Þegar þau voru til staðar var ráðist í framkvæmdir árið 1949. Samkvæmt bæjarreikningum nam kostnaðurinn við breytingarnar það ár alls 171 þúsund krónum, en auk þess voru keyptir innanstokksmunir fyrir 77 þúsund krónur. Á þeim lista var þó ekki að finna nein leikföng.

Vöggustofan að Hlíðarenda tók síðan til starfa 1. október 1949 og annaðist barnaverndarnefnd Reykjavíkur rekstur vöggustofunnar samkvæmt ákvörðun borgarstjóra. Starfsmenn voru alls 10, allt stúlkur, en á vöggustofunni störfuðu einnig nemendur frá Húsmæðraskólanum samhliða námi.

### 3.2 Lagalegur grundvöllur fyrir starfsemi vöggustofunnar

Þótt lög nr. 29/1947 hafi ekki með beinum hætti kveðið á um skyldu tiltekins aðila til að setja á stofn og reka vistheimili fyrir börn sem þjuggu við bágar heimilisaðstæður má ráða af ákvæðum laganna að gert hafi verið ráð fyrir tilvist slíkra stofnana. Eins og rakið er í 2.5.5. hér að framan má enn fremur draga þá ályktun af lögnum að sveitarfélögum hafi borið að hafa tiltæk úrræði fyrir þau börn og ungmenni sem vista varð utan heimilis vegna erfiðra

---

<sup>126</sup> Lesbók Morgunblaðsins, 20. október 1957, bls. 548.

heimilisaðstæðna, vanrækslu eða ofbeldis.<sup>127</sup> Þá var sérstaklega mælt fyrir um heimild menntamálaráðherra til að veita leyfi til rekstrar vistheimilis eða annarrar slíkrar uppeldisstofnunar í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Engin gögn hafa fundist um að ráðherra hafi veitt sérstakt leyfi fyrir starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda, hvorki til handa barnaverndarnefnd Reykjavíkur né Reykjavík sem sveitarfélagi. Það er hins vegar mat nefndarinnar að þau gögn sem hún hefur aflað varpi nægilega skýru ljósi á það hvers vegna var stofnað til rekstrar vöggustofunnar og þann lagagrundvöll sem starfsemin byggðist á. Miðað við þau gögn telur nefndin að Vöggustofan Hlíðarenda hafi haft það hlutverk í merkingu laga nr. 29/1947 að vera stofnun þar sem vistuð skyldu börn sem bjuggu við aðstæður þar sem uppeldi þeirra, aðbúnaði eða atlæti var ábótavant.

## 3.3 Upplýsingar um starfsemi vöggustofunnar Hlíðarenda

### 3.3.1 Gagnaöflun

Frumgögn um málefni vöggustofunnar Hlíðarenda er að finna á Borgarskjalasafni Reykjavíkur, nánar tiltekið í skjalasöfnum Félagsmálastofnunar Reykjavíkur, fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og í málafni borgarstjóra. Þá er einnig að finna gögn í skjalasafni Barnaverndarráðs Íslands á Þjóðskjalasafni Íslands. Gögn um einstaklingsmál margra þeirra barna sem vistuð voru á Hlíðarenda er að finna í skjalasafni Félagsmálastofnunar Reykjavíkur á Borgarskjalasafni.

Almenn gögn um fjárhagslegan rekstur Hlíðarenda, starfsmannahald og húsnæðismál auk ýmissa annarra bréfastípta um málefni heimilisins fram til ársins 1968 er helst að finna í skjalasafni fræðsluskrifstofu Reykjavíkur á Borgarskjalasafni. Í skjalasafni Félagsmálastofnunar Reykjavíkur á sama safni, eru m.a. skjöl barnaverndarnefndar Reykjavíkur og skrifstofu félagsmálastjóra. Í skjalasafninu er einnig að finna gögn sem almennt varða málefni Hlíðarenda. Þar að auki má finna þar gögn um þau börn sem dvöldu á Hlíðarenda á vegum barnaverndarnefndar, bæði almenn gögn, heilsufarsskýrslur og eyðublöð yfir komu- og brottfarardaga einstakra barna, sem og einstaklingsgögn um málefni þeirra sem vistuð voru, svonefnd einstaklingsmál.

Í málafni borgarstjóra er að finna gögn sem varða málefni Vöggustofunnar Hlíðarenda, auk gagna sem varða barnavernd almennt. Þessi gögn lúta að mestu leyti að almennum skýrslum,

---

<sup>127</sup> Á hinn bóginn var í megindráttum gert ráð fyrir að ríkið annaðist málefni barna sem þyrfti að hafa afskipti af vegna eigin hegðunar (barn sem gerandi). Um þennan greinarmun er fjallað nánar í 1. kafla II. hluta fyrstu áfangaskýrslu vistheimilisnefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, sem kom út árið 2008.



tillögum og umsögnum um vistheimili á vegum borgarinnar en þar er með ýmsum hætti vikið að Vöggustofunni Hlíðarenda.

Formaður nefndarinnar og starfsmaður hennar fóru einnig yfir allar fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur á árunum 1949-1963 með skipulegum hætti til að kanna hvort þar væri að finna upplýsingar umfram það sem nefndin hafði þá þegar undir höndum. Í mars 2023 fóru formaður og starfsmaður nefndarinnar einnig yfir einstaklingsmál vistbarna á Vöggustofunni Hlíðarenda í skjalasafni Félagsmálastofnunar á Borgarskjalasafni að því marki sem nefndin taldi tildrög vistunar enn óljós útfra þeim gögnum sem hún hafði þegar aflað. Samkvæmt gögnum nefndarinnar dvöldu alls 475 börn til lengri eða skemmri tíma á Vöggustofunni Hlíðarenda árin 1949 til 1963 á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Í skjalasafni Barnaverndarráðs Íslands á Þjóðskjalasafni með bréfum og öðrum gögnum er engin sérstök mappa merkt Vöggustofunni Hlíðarenda. Á skjalasafninu er að finna fundargerðabækur ráðsins en þar er ekki vikið að vöggustofunni. Formaður og starfsmaður nefndarinnar fóru yfir safn Barnaverndarráðs og leituðu að fleiri gögnum um Vöggustofuna Hlíðarenda. Fundargerðir ráðsins frá árunum 1949-1973 voru skoðaðar og farið var skipulega yfir þær eftirlitsskýrslur ráðsins sem fundust. Veitti Þjóðskjalasafn nefndinni aðgang að gögnum jafnharðan og beiðnir þess efnis bárust.

### 3.3.2 Skriflegar heimildir

Í frétt sem birtist í *Morgunblaðinu* 5. október 1949 í tilefni af opnun Vöggustofunnar Hlíðarenda kemur fram að þegar vöggustofan tók til starfa hafi verið þar pláss fyrir samtals 22 börn. Tekið hafi verið á móti börnum í sólarhringsvistun allt frá því að þau voru nýfædd og var miðað við að þar gætu þau dvalist til eins og hálfes eða jafnvel til tveggja ára aldurs. Börnunum var skipt í þrjár stofur, þannig að 6 voru í tveimur stofum en 8 börn á aldrinum 12 til 18 mánaða í þriðju stofunni.

Í umfjöllun *Morgunblaðsins* er húsakynnum vöggustofunnar lýst nánar á þann veg að aðaleldhús stofnunarinnar sé í kjallara og þar sé einnig borðstofa fyrir starfsfólkið. Þar hafi einnig verið eldhús fyrir matargerð handa börnunum og þvottahús. Uppi á hæðinni hafi síðan verið þrjár stofur, sérstakt sjúkrahvergi, einangrunarstofa og lækningastofa vöggustofunnar. Á sömu hæð hafi síðan verið baðherbergi, „herbergi vökukonunnar o.fl.“ Á suðurhlíð hússins hafi síðan verið settar svalir fyrir börnin til að vera úti á í vögnum. Þá er aðstæðum barnanna lýst á þann veg að í leikgrindum og á gólfinu hafi verið „mikið af leikföngum, boltum, hringlum, dýrum af ýmsu tagi úr gúmmí og plasti og mætti lengi telja.“ Í fréttinni segir einnig að á vöggustofunni sé „biðsalur, því mæður barnanna fá ekki að fara inn í stofurnar sjálfar af öryggisástæðum, heldur verð[i] börnin borin fram á biðstofuna.“

Í fundargerð Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, 7. desember 1949 kemur fram að Kristbjörn Tryggvason hafi verið ráðinn læknir vöggustofunnar og að hann hafi verið annar tveggja

umsækjanda.<sup>128</sup> Í fundargerð nefndarinnar, dags. 1. mars 1950, kemur fram að nefndin hafi farið að vöggustofunni Hlíðarenda laugardaginn 25. febrúar 1950 og lýsti nefndin þar ánægju sinni yfir stofnuninni.<sup>129</sup> Fundargerðin hefur ekki að geyma neinar frekari upplýsingar um heimsóknina. Þá verður ekki séð af fundargerðum barnaverndarnefndar að hún hafi farið í aðra heimsókn á vöggustofuna á meðan hún starfaði sem sólarhrings vöggustofa árin 1949 til 1963. Í fundargerð Barnaverndarráðs kemur einnig fram að fulltrúar þess hafi farið í heimsókn að Hlíðarenda 26. maí 1950 og að þar hafi þá verið vistuð 22 börn allt til 18 mánaða aldurs.<sup>130</sup>

Í skýrslu úr skjalasafni borgarlæknis kemur fram að embættið hafi farið eftirlitsferð á vöggustofuna bæði 25. október 1951 og 17. mars 1953. Í skýrslunni kemur fram að starfsfólk hafi á þessum tíma verið níu talsins en einnig þar hafi einnig starfað tveir nemandar frá húsmæðraskólanum. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að „trékubbar og plastikleikföng“ séu á vöggustofunni og er gluggum og birtu lýst sem „sæmilegu“. Þá er því lýst að hægt sé að ganga út á svalir frá stofu og geti „öll börnin verið úti í einu“. Loks tekið fram að „þrifnaður og umgengni [séu] ágæt.“

Ólöf Sigurðardóttir hjúkrunarkona var ráðin forstöðukona Hlíðarenda um mitt ár 1950, en hún starfaði áður sem hjúkrunarkona barnaverndarnefndar Reykjavíkur.<sup>131</sup> Gegndi hún starfinu allt til 1960.

Ólöf og læknir vöggustofunnar, Kristbjörn Tryggvason, virðast fljótlega eftir opnun hennar hafa verið þeirrar skoðunar hún væri ekki nægilega stór til að uppfylla þær þarfir sem væru fyrir þjónustu hennar. Á fundi Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 3. maí 1950 töldu þau heppilegast að stækka vöggustofuna það mikið að þar væri hægt að starfrækja tvær deildir, með 20 börn á hvorri. Við það ætti einnig að sparast rekstrarkostnaður, starfsmannahald og fleira.<sup>132</sup>

Um svipað leyti óskaði Thorvaldsensfélagið eftir því við bæjarráð Reykjavíkur að félagið fengi lóð fyrir vöggustofu sem það hygðist reisa við Laugarásveg en á fundi sínum 25. ágúst samþykkti bæjarráð að gefa félaginu kost á lóð undir vöggustofu, „eftir nánari útvísun síðar.“<sup>133</sup> Í nóvember sama ár birtust síðan fréttir af því að félagið hefði fengið úthlutað lóð

---

<sup>128</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Askja 238. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 12. maí 1948 til 14. nóvember 1951, bls. 337.

<sup>129</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Askja 238. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 12. maí 1948 til 14. nóvember 1951, bls. 356.

<sup>130</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Fundargerðir Barnaverndarráðs 11. júní 1942 til 11. júní 1958, bls. 150.

<sup>131</sup> [Alþýðublaðið 3. júní 1950.](#)

<sup>132</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Askja 238. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 12. maí 1948 til 14. nóvember 1951, bls. 371.

<sup>133</sup> [Vísir 28. ágúst 1950, bls. 2.](#)

við Hlíðarenda og gert yrði ráð fyrir því að hún yrði rekin í sambandi við vöggustofu bæjarins sem fyrir væri.<sup>134</sup>

Ljóst er að barnaverndarnefnd var áhugasöm um stækkun vöggustofunnar en í fundargerð, dags. 14. janúar 1952, kemur fram að formaður og fulltrúar nefndarinnar hafi rætt við fulltrúa Thorvaldsensfélagsins um barnaheimili sem félagið vilji styrkja með að leggja til húsnæði.<sup>135</sup>

Fjallað er um vöggustofuna í grein *Vísis* 13. apríl 1954 undir fyrirsögninni „Heimsókn í vöggustofuna á Hlíðarenda - Þar njóta yngstu borgararnir móðurlegrar umönnunar, sem þeir ella færu á mis við.“ Rætt er við Ólöfu Sigurðardóttur, forstöðukonu vöggustofunnar þar sem hún lýsir starfsháttum vöggustofunnar. Í viðtalinu er haft eftir Ólöfu að aðsóknin sé afar mikil þar sem hvert rúm sem losni fyllist um leið aftur. Þá séu það „aðallega veikar mæður og einstæðingsmæður sem sendi börn sín á vöggustofuna“. Hagur sumra þeirra batni þannig að þær geti tekið börnin aftur til sín, en annars séu börnin sett á barnaheimili eða þeim ráðstafað í fóstur. Síðan segir Ólöf aðspurð um hvernig heilsufarið sé á börnunum:

Yfirleitt er það afar gott. Það er undantekning ef börnin veikjast á meðan þau dvelja hérna. Þau eru meðhöndluð eftir fyrsta flokks reglum. Þeim er gefin sú bezta og næringarríkasta fæða sem völ er á. Á veturna fá þau öll ljósböð og þegar veður er þurr og gott eru þau öll sett út á svalir. Einn veigamesti þáttur í heilbrigði barnanna er einangrun þeirra frá öllu utanaðkomandi fólki. Það fær aðeins að horfa á þau í gegnum gler.

Þegar barn kemur til dvalar í Vöggustofuna er það fyrst sett í ofurlítið herbergi sem aðeins er ætlað fyrir einn, einangrunarherbergið, og þar dvelur það þar til læknirinn hefur skoðað það og gengið úr skugga um að það sé algjörlega heilbrigt svo hægt sé að láta það inn til hinna barnanna.<sup>136</sup>

Í viðtalinu segir Ólöf að alls starfi 9 stúlkur á vöggustofunni, þar af 6 fóstrur, enda krefjist mikils úthalds að annast þessu litlu börn. Af lista yfir starfstúlkur á Hlíðarenda, dags. 6. maí 1954, verður ráðið að á þeim tíma hafi verið alls 11 starfsmenn, að forstöðukonunni meðtalinni.<sup>137</sup>

Í greininni í *Vísi* 13. apríl 1954 er einnig rætt við Ólöfu um daglegt skipulag vöggustofunnar. Segir þar að fyrstu stúlkurnar komi klukkan 7 árdegis og að þær taki við af næturvaktinni við að mata, en síðan sé byrjað að baða og gangi svo dagurinn í það að skipta á þeim, mata þau

---

<sup>134</sup> [Alþýðublaðið 18. nóvember 1950, bls. 3.](#)

<sup>135</sup> BSR Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Askja 239. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 21. nóvember 1951 til 7. október 1952, bls. 123-124.

<sup>136</sup> [Vísir 13. apríl 1954, bls. 7.](#)

<sup>137</sup> BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 8. Barnavernd 1955-1962. Vöggustofan Hlíðarenda.

og gefa þela. Öllu starfi sé lokið kl. 7 e.h. Þá taki kvöldvaktin við, en vökukonan komi kl. 10 um kvöldið og annast þau yfir nóttina. Síðan er haft eftir Ólöfu:

Börnin þurfa á meiru að halda en næringarríkum mat eða hlýjum fötum; einnig að finna móðurlega hlýju. Ég brýni því fyrir fósturunum að tala við hvert barn á meðan þær meðhöndla það og sýna því hlýju.

Í framhaldinu lýsir blaðamaður umhverfi vöggustofunnar með þeim hætti að úr anddyrinu komi gestir inn í aflangt herbergi og taki meðal annars eftir þremur gluggum sem ná eftir því endilöngu.

Við lítum inn um einn gluggann og við okkur blasir stór og björt stofa, þar sem lítil uppþúin barnarúm standa í röð meðfram veggjum. En þegar betur er að gáð þá sjáum við örlítill höfuð gægjast upp undan sængunum. Þarna er þá aðsetur yngstu barnanna og eru þau flest steinsofandi, enda ríkir þar einkennileg kyrrð og friður.

Í næstu stofu getur að líta börn sem eru talsvert stálpaðri en hin. Það er kátbroslegt, en um leið ánægjulegt, að sjá tilraunir þeirra til að standa upp og skríða eða mjaka sér áfram.

Frú Ólöf gekk þarna um eins og ástrík móðir, reisti sum þeirra upp, breiddi ofan á önnur og hlúði eitthvað að þeim öllum.

Þegar að þriðju stofunni kom, þar sem eldri börnin voru, þurfti engin að vera í vafa um hvern hug börnin báru til þessarar hlýlegu og góðu konu. Um leið og hún birtist ráku þau upp gleðióp og réttu út hendurnar eða komu hlaupandi í áttina til hennar. Hún sótti þá skál með kexi í og gaf þeim sína kökuna hverju.

Við skyggnumst svo inn í fjórðu stofuna, einangrunarherbergið. Í rúminu var lítil grátandi drengur, sem komið hafði þangað um daginn, stíflaður af kvefi og með illt í eyrunum. Hann stakk talsvert mikið í stúf við glaðlegu og heilbrigðu börnin í hinum stofunum.

Að síðustu er haft eftir Ólöfu að hún geti vart hugsað sér „dásamlegra starf.“ Þar sé „eilífur gróður“ og „sá grundvöllur sem lagður [sé] að lífi barnsins fyrstu æviárin endist ævilangt.“<sup>138</sup>

Í viðtali við Þorbjörgu Árnadóttur, hjúkrunarkonu barnaverndarnefndar Reykjavíkur, í *Hjúkrunarkvennablaðinu* árið 1955 er rætt almennt um þau vistheimili sem barnaverndarnefnd kom að á þessum tíma, meðal annars Vöggustofuna Hlíðarenda. Er þar vikið að því að mörg barnanna dvelji aðeins á heimilunum um stundarsakir vegna veikinda móðurinnar, skilnaðar foreldra, húsnæðisleysis eða annarra vandræða. Ef útséð þyki um það að móðirin geti tekið barnið til sín sé reynt að fá því gott fóstur ef móðirin samþykkir. Í

---

<sup>138</sup> Vísir 13. apríl 1954, bls. 7.

framhaldinu er síðan haft eftir Þorbjörgu að dagheimilin, leikskólarnir og dagvöggustofan sem barnavinnafélagið Sumargjöf reki sé mikil hjálp fyrir útvinandi mæður sem þau hafa þann kost að barnið rofni síður úr tengslum við móðurina þegar hún geti haft það hjá sér á nóttunni. Þar sem um veikindi móður væri að ræða myndi einnig oft vera hægt að komast hjá því að fjarlægja börnin af heimilinu ef húshjálp væri fánæg.<sup>139</sup>

Í bréfi frá framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar Reykjavíkur til barnaverndarráðs sem ritað var 15. janúar 1968, eftir að rannsókn hófst á fram kominni gagnrýni á vöggustofuna, segir að árin 1956 til 1963 hafi að jafnaði verið 22 til 23 börn á Hlíðarenda í senn. Er því lýst að á þeim tíma hafi deildum verið skipt þannig að ein var með börnum á aldrinum 0 til 1 árs, önnur með börn á aldrinum eins til eins og hálf árs og sú þriðja með börn eins og hálf árs og eldri. Er það í samræmi við upplýsingar sem komu fram í fjölmiðlum við opnun vöggustofunnar. Í sama bréfi segir að 8 börn hafi verið á deild fyrir yngstu börnin, 8 á miðdeild og 6 til 7 börn á deild fyrir elstu börnin. Að jafnaði hafi 7 stúlkur sinnt börnum sérstaklega og heyrði þá til undantekninga ef einhver þeirra hafði fóstrumenntun, en ekki hafi verið óalgennt að fóstrunemar væru við gæslu barnanna.<sup>140</sup>

Í öðru bréfi framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar sem ritað er daginn eftir, eða 16. janúar 1968, segir um starfsemi Hlíðarenda á sama tíma, það er 1956 til 1963, að vaktir þeirra stúlkna sem sinntu börnunum sérstaklega hafi verið þrjár, dagvakt, kvöldvakt og næturvakt. Dagvaktin hafi verið tvískipt þannig að þrjár til fjórar stúlkur sinntu börnunum í senn. Á kvöldvakt og næturvakt hafi hins vegar verið ein stúlka á hverri vakt en þess beri að geta að forstöðukonan hafi búið á vöggustofunni.<sup>141</sup>

Í Borgarskjalasafni hafa fundist tveir listar yfir eignir í eigu Vöggustofunnar Hlíðarenda, dags. 1. janúar 1958 og 1. janúar 1959 sem forstöðukona vöggustofunnar ritaði og sendi fræðslufulltrúa Reykjavíkur. Í þeim listum kemur fram að 23 barnarúm og dýnur í barnarúm hafi verið í eigu vöggustofunnar, sem og 25 dúnsængur, 22 barnaskeiðar, 18 koppar og 60 pelar. Þá kemur fram að 2 leikgrindur hafi verið í eigu vöggustofunnar. Ekki verður hins vegar ráðið af listunum að nein leikföng hafi verið meðal eigna vöggustofunnar á þessum tíma.<sup>142</sup>

Í frétt sem birtist í *Morgunblaðinu* 25. janúar 1958 er meginráttum um vistun barnanna lýst með sama hætti og í frétt blaðsins um opnun vöggustofunnar árið 1949 og grein blaðsins 1954, þ.e. að börnum væri skipt í þrjár mismunandi stofur eftir aldri og að þau væru vistuð á vöggustofunni frá fæðingu til 18 mánaða aldurs. Segir þar líka að 35-40 börn séu að meðaltali

---

<sup>139</sup> [Hjúkrunarkvænnablaðið, 3. tbl. 1955, bls. 7.](#)

<sup>140</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja 83. Bréf framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar Reykjavíkur til Barnaverndarráðs Íslands, dags. 15. janúar 1967. Í bréfinu kemur fram að þessar upplýsingar séu að mestu fengnar frá fyrrverandi forstöðukonum Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, þeim Ólöfu Sigurðardóttur og Auði Jónsdóttur.

<sup>141</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja 83. Bréf framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar Reykjavíkur til Barnaverndarráðs Íslands, dags. 15. janúar 1967.

<sup>142</sup> BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Barnaheimili 1946-1960. Askja 9.

á vöggustofunni hvert ár og sé þá oftast hvert rúm setið en börnunum sé ráðstafað í „samráði við barnaverndarnefnd Reykjavíkur.“<sup>143</sup>

Í sömu frétt er haft eftir Ólöfu Sigurðardóttur, forstöðukonu vöggustofunnar, að umsóknir hafi verið svipaðar þau ár sem hún hafi starfað. Um tildrög vistunar barnanna segir Ólöf að „börnin séu aðeins tekin þegar um einhleypar mæður eða sjúkar er að ræða“. Nokkrum sinnum hafi „ungbörn verið tekin af stúlkum sem [séu] að ljúka námi.“ Sum börnin komi beint af fæðingardeildinni en önnur séu eldri þegar þau komi. Flest börnin séu á vöggustofunni til 18 mánaða aldurs en önnur skemur. Þá segir að ef mæðurnar hafi ekki tök á að sjá börnunum farborða þegar þau hafa náð 18 mánaða aldri sé þeim komið fyrir annars staðar.

Í sömu frétt er haft eftir forstöðukonunni að það sé tvímælalaust best fyrir móður og barn að vera saman, ef allt sé með felldu. Vöggustofa hljóti „alltaf að vera neyðarúrræði, þó að hún sé nauðsynleg til að hjálpa þeim mæðrum sem ekki hafa tök á að sinna börnum sínum sjálfar.“ Á góðri vöggustofu „hljóti börnin reyndar alltaf að njóta hlýju af hálfu þeirra sem annast þau og þar eigi þau að vera fullkomlega örugg, enda eigi slík stofnun ekki rétt á sér nema svo sé“. Í máli Ólafar kemur fram að auk hennar starfi fimm fósturur á vöggustofunni en ekki veiti af þar sem mikið sé að starfa. Það þurfi að mata öll börnin, auk þess sem þau séu öll með bleiu, þannig að „hirðingin“ sé mikið verk.“

Í fréttinni frá 25. janúar 1958 er ekki, frekar en í blaðagreininni sem birtist í Vísi árið 1954, rætt um hlutverk biðstofunnar og heimsóknir þangað með sama hætti og fjallað var um opnun vöggustofunnar 1949. Þvert á móti er haft eftir forstöðukonunni í fréttinni að heilsufar hafi „ætíð verið mjög gott á vöggustofunni“. Börnin fái yfirleitt engar farsóttir, enda „sé vöggustofan lokuð, þ.e.a.s. engum gestum er leyft að koma í heimsókn.“

Samtímaheimildir benda þó til þess foreldrar hafi fengið að koma í heimsókn á tilteknum og fyrirfram ákveðnum heimsóknartímum þótt ekki fari sögum af því að þau hafi mátt snerta börn sín, halda á þeim eða eiga önnur bein samskipti við þau. Strangari reglur virðast síðan hafa gilt um systkini barna. Í bréfi föður stúlkubarns á vöggustofunni til Jónasar B. Jónssonar, fræðslufulltrúa í Reykjavík, dags. 9. apríl 1958, er kvartað sérstaklega yfir framkomu forstöðukonunnar. Þáskadag sama ár höfðu þau komið með dreng á fjórða ári með sér að heimsækja dóttur sína á vöggustofuna<sup>144</sup>. Í bréfinu segir:

Parna inni voru stúlkur og gerðu þær enga athugasemd við komu okkar og gengu framhjá okkur á ganginum. En er við höfðum staðið inni ca fimm til sjö mínútur kom kvenmaður sem virtist vera í mjög æstu skapi til okkar og sagði hún hvað þetta væri, hvort við værum hér með barn. Og sagði að við yrðum að fara strax út. Mér fannst þetta harla leiðinlegt þar sem það var hvergi auglýst að barnaheimsóknir væru

<sup>143</sup> Morgunblaðið 25. janúar 1958, bls. 8.

<sup>144</sup> Fjárhagslegur rekstur og starfsmannahald vistheimila Reykjavíkurborgar var á þessum tíma á könnu Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, sjá hér [Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 2, bls. 51.](#)

bannaðar og spurði ég hana hvers vegna börn mættu ekki koma og af hverju hún auglýsti það þá ekki. Hún kvað þetta vera reglur heimilisins og okkur kæmu þær ekki við. Konan mín fór að biðjast afsökunar en það virtist sem við hefðum framið þann glæp sem ekki yrði fyrirgefinn. Því hún elti okkur út í ystu dyr og kallaði á eftir okkur orðrétt: „Þið skuluð ekki eiga við að koma hér framvegis. Ég hef ekki gert orð eftir ykkur.“ Og skyldi þar með okkur því hún skellti hurð að stöfum. Satt að segja féll okkur þetta mjög illa og hefðum við síst getað búist við slíkri framkomu af konu sem trúað er fyrir mörgum smábörnum. Ég hef haldið fram að þessu að slík kona þyrfti að kunna almenna kurteisi og kunna að hafa stjórn á skapi sínu. En hvorugt virðist vera fyrir hendi hjá henni. Nú vil ég eindregið mælast til þess að þér hlutist til um að þarna verði sett upp skilti. Þar sem barnaheimsóknir eru bannaðar. Því ég þori að fullyrða að það eru margir fleiri en við sem ekki hafa hugmynd um að þær séu bannaðar. Enda segist kona mín tvisvar hafa séð börn þar inni. En forstöðukonan hefur sennilega ekki verið nógu vel vakandi þá.

Nú vil ég spyrja yður, hvort þér álítið (þegar þér hafið kynnt yður allar aðstæður) að við höfum brotið það af okkur að við mættum ekki koma í heimsókn á nefndan stað. Ef okkur kynni að langa til þess.<sup>145</sup>

Í svarbréfi sem sent er f.h. fræðslustjóra til föðurins, dags. 15. apríl 1958, kemur fram að efni bréfsins hafi verið kynnt formanni barnaverndarnefndar og að umsagnar hans hafi verið aflað. Síðan segir:

Öllum sem fylgja settum reglum, er heimilt að heimsækja Vöggustofuna. Heimsóknir barna í Vöggustofuna eru ekki leyfðar og ber forstöðukonunni að framfylgja þeirri reglu.

Kvörtun yðar hefur verið rædd við forstöðukonuna og einnig ábending yðar um auglýsingu heimsóknartíma.<sup>146</sup>

Ekki hafa fundist heimildir umfram ofangreind bréfaskipti hvaða settu reglur hafi gilt um heimsóknir á Vöggustofu Hlíðarenda. Aðrar samtímaheimildir gefa hins vegar til kynna að heimsóknir hafi að ýmsu leyti verið takmarkaðar. Í stefnuskrá Alþýðubandalagsins sem birt var fyrir borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 12. maí 1962 er lagt til að gerð verði grundvallarbreyting á rekstri Vöggustofunnar Hlíðarenda, „þannig að horfið yrði frá lokuðu spítalafyrirkomulagi, heimsóknir leyfðar og börnunum búin sem eðlilegust þroskaskilyrði.“<sup>147</sup>

<sup>145</sup> BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 8. Barnavernd 1955-1962. Vöggustofan Hlíðarenda.

<sup>146</sup> BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 9. Barnaheimili 1946-1960.

<sup>147</sup> Ekki er ljóst af stefnuskránni hvað er átt við með lokuðu spítalafyrirkomulagi. Í umfjöllun Morgunblaðsins 24. desember 1958 um Barnaspítala Landspítalans segir hins vegar að á spítalanum sé heimsóknartími tvisvar í viku, á fimmtudögum og sunnudögum. Er þar haft eftir yfirhjúkrunarkonu spítalans að „daglegar heimsóknir til barnanna trufli of mikið“. Með þessu fyrirkomulagi „verði heimsóknardagarnir nokkurs konar hátíðisdagar sem



Pá var lagt til að gerð yrði „tilraun með vikuvistar vöggustofu á sama stað“. Jafnframt skyldi stofnuð sérstök deild fyrir 1 ½ árs börn til 3ja ára börn, annaðhvort í tengslum við Vöggustofu Hlíðarenda eða í Reykjahlíð og þeim börnum tryggð þroskavænleg skilyrði jafnt úti sem inni.<sup>148</sup>

Ljóst er að æskilegt rekstrarfyrirkomulag vistheimila var hugleikið ýmsum sem komu að málefnum barna á þessum tíma. Þannig var Símoni Jóhannesi Ágústssyni prófessor og Jónasi Pálssyni forstöðumanni sálfræðideildar skóla falið að gera álitserð um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík. Er sú álitserð dagsett 8. júní 1961 en þar segir meðal annars:

Barnaverndarstarfsemi í flestum vestrænum löndum eftir heimsstyrjöldina síðari einkennist framar öllu af því að þau eru í miklu stærra mæli en áður fyrr unnin utan stofnana. Miklu meira starfi er nú varið til þess að hjálpa og leiðbeina foreldrum með þeim árangri að fjölda mörg börn, sem annars hefði þurft að vista í stofnunum, geta fyrir þessar aðgerðir hlotið sómasamlegt uppeldi hjá foreldrum sínum. Stefnt er að því markvisst í mörgum löndum að koma öllum heilbrigðum börnum í fóstur á góðum einkaheimilum við þeirra hæfi eða til ættleiðingar ef þau geta ekki alist upp hjá móður eða foreldrum. Hafa sumar þjóðir að mestu náð þessu markmiði. Ástæðurnar til þessara breyttu vinnubragða eru einkum tvær: Rannsóknir sem gerðar hafa verið í mörgum löndum hafa ótvírætt sannað að heilbrigðum börnum er miklu hollara að alast upp á góðu eða jafnvel sæmilegu einkaheimili, þar sem það hefur gott atlæti og er í eðlilegri og persónulegri tengslum við fólk en í stofnunum. Einkum hefur sannast að uppeldi í stofnunum með gamla laginu, þar sem e.t.v. 30-40 eða fleiri börn voru höfð í einum hópi og tíð mannskipti voru, hafði ákaflega skaðsamleg áhrif á þau, svo að þau biðu þess aldrei bætur. Jafnvel uppeldi í góðum stofnunum þar sem 10-15 börn alast upp með sömu uppalendum jafngildir ekki fóstur á góðu einkaheimili, enda þótt svo vel sé borgað með börnunum að fósturforeldrar þeirra séu skaðlausir af dvöl þeirra. Þegar með er talinn allur kostnaður við eftirlit og útveggun heimila er varlega áætlað að uppeldi tveggja barna í einkafóstri kosti öllu minna en eins barns í stofnun.

[...]

Gildi þessara úrræðis að koma sem flestum eða öllum heilbrigðum börnum í einkafóstur er algerlega undir því komið hvernig hér er unnið. Ef starfi þessu er mjög áfátt, lítt hæfir menn hafa það á hendi eða of fáir og mikið handahóf er á vali heimilanna, vali barnanna á þau og eftirliti er ábótavant leiðir þetta úrræði, sem tíðkast hefur raunar frá fornöld, oft til stórfelldra og hörmulegra mistaka, sem bitna

---

börnin hlakki til, en svo hafi þau ró og næði á milli. Annars valdi það yfirleitt engum vandræðum, þó foreldrarnir komi í heimsókn, nema kannski fyrstu vikuna. Eftir það séu börn eins og heima hjá sér á sjúkrahúsinu.”  
Morgunblaðið 24. desember 1958, bls. 36-37.

<sup>148</sup> Þjóðviljinn, 12. maí 1962, bls. 5.

á börnum þeim er þannig er ráðstafað. Gæti þá hagur barnanna orðið jafnvel enn verri en í lélegri stofnun.<sup>149</sup>

Á grundvelli álitsgerðarinnar gerði Jónas B. Jónsson fræðslustjóri tillögur um byggingu barnaheimila og afhenti borgarstjóra í nóvember 1961.<sup>150</sup> Í tillögum Jónasar B. Jónssonar, fræðslustjóra, og Jónasar Pálssonar forstöðumanns sálfræðideildar skóla frá í nóvember 1962 um rekstur barnaheimila borgarinnar og meðfylgjandi greinargerð kemur fram að þeir telji foreldraheimili vera æskilegustu uppeldisstofnun sem völ er á og að ef hún bregðist verði að leita lausna sem svipi sem mest til slíks heimilis. Af þeim sökum telja höfundar að fóstur á einkaheimilum (ekki ættleiðing) sé yfirleitt besta úrræðið fyrir börn sem séu andlega og líkamlega heilbrigð og ætla verður að svipt séu foreldraheimili til langframa. Fyrir þau börn sem ekki er æskilegt eða unnt að útvega einkafóstur leggja höfundar til að þau fái vist á „fremur fámennum vistheimilum þar sem unnt [sé] að koma við persónulegu og manneskjulegu sambandi við börnin“.<sup>151</sup>

Af gögnum sem fundist hafa í Borgarskjalasafni verður ráðið að borgarstjóri hafi einnig leitað umsagnar barnaverndarnefndar Reykjavíkur um þær tillögur sem þá lágu fyrir um ráðstafanir vegna barna sem ekki gátu dvalist á heimilum sínum vegna ýmissa orsaka. Nefndin skilaði umsögn 10. mars 1963 til borgarstjóra. Þar lýsti nefndin meðal annars þeirri skoðun að fjölgun dagvöggustofa, aukin aðstoð við einstæðar mæður og heimavistarskólar fyrir börn gætu dregið verulega úr fjölda þeirra barna sem ráðstafa þyrfti á barnaheimili. Vísaði nefndin í því sambandi til þess að samkvæmt athugun sem hún hefði gert ári áður hefðu 9 af þeim börnum sem þá dvöldu á Hlíðarenda getað verið á dagvöggustofu.

Í framhaldinu fjallaði nefndin um fóstur, og ber umfjöllunin efnislega með sér að hún er sett fram í tengslum við fram komnar tillögur Jónasar B. Jónssonar og Jónasar Pálssonar:

Nú mun þykja undarlegt að barnverndarnefnd skuli ekki í ríkara mæli hafa valið þá leið að koma börnum í fóstur á einkaheimili þar sem sú leið hefur svo augljósa yfirburði.

En hér er við framkvæmdarerfiðleika að etja, en þeir erfiðleikar stafa ekki fyrst og fremst af skorti af fólki er taka vilji börn í fóstur því að framboð á fósturforeldrum hefur um árabíl verið mun meira en eftirspurnin. Ástæðan til þess að

<sup>149</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. F-31. Álitsgerð Símonar Jóhannesar Ágústssonar og Jónasar Pálssonar um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík, dags. 8. júní 1961

<sup>150</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. F-31. Álitsgerð Símonar Jóhannesar Ágústssonar og Jónasar Pálssonar um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík, dags. 8. júní 1961. - Tillögur Jónasar B. Jónssonar um byggingu barnaheimila í Reykjavík næstu ár, dags. 3. nóvember 1961.

<sup>151</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. F-31. Tillögur Jónasar B. Jónssonar og Jónasar Pálssonar varðandi ráðstafanir vegna barna sem geta ekki dvalizt á heimilum sínum af ýmsum orsökum, ódags. í nóvember 1962. - Umsögn barnaverndar Reykjavíkur ásamt áætlun um byggingu vistheimila 1963-1968, dags. 10. mars 1963.

barnaverndarnefnd hefur ekki komið fleiri börnum í fóstur á einkaheimili er sú að slíkt hefur ekki verið framkvæmanlegt án valdbeitingar.

Á barnaheimilum borgarinnar (Reykjahlíð, Silungapólli) dvelja engin munaðarlaus börn né börn sem aðstandendur hafa fallist á að færu í fóstur.

Í flestum tilvikum neita foreldrar eða einstæðar mæður barna þeirra er á barnaheimilum dvelja að börnum þeirra sé ráðstafað í fóstur á barnaheimili. Ástæðan er sú að flestir þessara foreldra ala þá von að aðstæður þeirra breytist svo síðar að þeim verði fært að annast uppeldi barna sinna. Séu börnin á barnaheimili er endurheimtin auðveldari, en hefðu börnin fest rætur hjá fósturforeldrum.

Barnaverndarnefnd hefur að vísu heimild í lögum til að ráðstafa börnum í trássi við foreldra, ef um alvarlega vanrækslu af hálfu þeirra er að ræða (sbr. 26. gr. laga nr. 29/1949, um vernd barna og unglunga). Þótt heimild þessi hafi stöku sinnum verið notuð eru tórnarkí á að ofangreind lagagrein verði notuð til lausnar barnaverndarmála í þeim málum sem framkvæmd tillögunnar krefst.

Meir eða minna varanlegur aðskilnaður foreldra og barna, eins og fóstur hlýtur að hafa í för með sér, er mjög viðkvæmt einkamál. Af þeim sökum einum er ástæða til gætni. Þeir annmarkar sem gera foreldra óhæfa til að annast börn sín, geta verið tímabundnir og a.m.k. flestir eiga réttlætiskröfu á að þeim sem gefinn nokkur kostur á að bæta úr annmörkum sínum.

Ráðstöfun barna í fóstur í trássi við vilja foreldra er, sem að líkum lætur, mjög óvinsæl ráðstöfun. Í annan stað er lagagrein sú sem barnaverndarnefnd hlyti að styðjast við í slíkum aðgerðum mjög almennt orðuð. Fyrirsjáanlegt er að bíða þarf dómsúrskurða í slíkum málum, eigi einhver reynsla að fást af því hvað barnaverndarnefnd er fært í þessum málum og hvað ekki. Vegna þess hve sérstæð mál þessi eru í eðli sínu, má og búast við, að myndun slíks fordæmis tæki langan tíma. [...]

Af framangreindu er ljóst að tillagan að sem flestum börnum verði komið í fóstur á einkaheimili þarf nánari athugun við, einkum vegna þess að þeir framkvæmdaerfiðleikar sem við er að etja eru í reynd allt aðrir og meiri en gert er ráð fyrir í tillögunum. Erfiðleikarnir eru þess eðlis að ekki verður séð að vistun barna á fósturheimilum geti orðið það meginúrræði sem tillögunar gera ráð fyrir.<sup>152</sup>

Í skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur fyrir tímabilið 1949 til 1963 er þess hins vegar ekki að finna mörg dæmi að fjallað sé beint um starfshætti Vöggustofunnar Hlíðarenda og forstöðukonu hennar. Þar er þó að finna bréf, dags. 20. febrúar 1963, til Auðar Jónsdóttur,

<sup>152</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 148. Trúnaðarmál. Barnaheimili. Vöggustofan Hlíðarenda.

forstöðukonu vöggustofunnar, þar sem henni er tilkynnt að nefndin hafi á fundi sínum 18. febrúar 1963 samþykkt að vekja athygli hennar á því að henni væri óheimilt að ráðstafa börnum á vöggustofuna og þaðan aftur án samráðs við barnaverndarnefnd.<sup>153</sup> Í Borgarskjalasafni hefur einnig fundist óundirritað bréf frá barnaverndarnefnd til forstöðukonunnar, einnig dagsett 20. febrúar 1963, en þar óskar nefndin eftir upplýsingum um hvenær tiltekið barn hafi komið á vöggustofuna, hver hafi beðið fyrir barnið og burtfarardag. Þá var jafnframt óskað eftir upplýsingum um hvert barnið hefði farið, hjá hverjum það dvaldi og hver hefði haft milligöngu um að útvega dvalarstað.<sup>154</sup>

Í útvarpsþættinum „Eins og dýr í búi“ eftir Viðar Eggertsson sem frumfluttur var á Rás 1 árið 1993 er frásögn móður höfundar Huldu Kristinsdóttir þar sem hún greinir frá því að tvö börn hennar hafi dvalið á Vöggustofunni Hlíðarenda um meira en tvö ár, eða frá árinu 1954 til 1956. Á þeim tíma hafi hún einungis fengið að heimsækja þau vikulega og þá aðeins til að horfa á þau í gegnum glervegg.<sup>155</sup>

Vegna rannsóknar sinnar hefur nefndin aflað sjúkraskýrslna frá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur um börn sem hlutu þjónustu Geðverndardeildar barna á tímabilinu 1960-1970 og höfðu dvalið á Vöggustofunni Hlíðarenda.<sup>156</sup> Í skýrslu um 9 ára dreng sem kom á Geðverndardeild barna vegna hræðslu og taugaveiklunar segir í færslu, dags. 3. nóvember 1966, að drengurinn hafi dvalið á Vöggustofunni Hlíðarenda frá 1953 til 1954 í alls 17 mánuði.<sup>157</sup> Þar hafi móðir hans heimsótt hann vikulega en henni ekki verið leyft að heimsækja hann oftast mest allan þann tíma sem drengurinn dvaldi á vöggustofunni. Allan þennan tíma hafi hún aldrei fengið að snerta barnið heldur einungis horfa á hann í gegnum glerrúðu.

Í sömu skýrslu segir að þegar drengurinn kom af vöggustofunni hafi hann verið lítill og pasturslaus, talað sama og ekkert, virst sljór og apatískur og ekki kunnað að leika sér. Hann hafi setið og róið sér, viðbrögð hans hafi verið óeðlileg og hann hafi ekki myndað geðtengsl. Við heimkomuna hafi drengurinn verið með bólgu í öðru eistanu og er hann kastaði af sér þvagi hafi það verið blóðlitað. Læknisúrskurður hafi verið á þann veg að drengurinn hafi orðið fyrir sparki og bólgan orsakast af því.

Í skýrslu Geðverndardeildar barna um 7 ára dreng, dags. 3. nóvember 1960 sem dvaldi á Hlíðarenda frá því að hann var mánaðargamall í rúmlega hálf ár frá hausti 1953 til vors 1954 er eftirfarandi haft eftir móður barnsins: „[H]ann hafi verið mjög undarlegur, er hann kom af vöggustofu, dauflegur ekki hjalað neitt og verið hræðslulegur, þó ekki verið óþekkur“ og

---

<sup>153</sup> Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Askja 238. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 3. janúar 1962 til 16. desember 1962, bls. 112.

<sup>154</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 148. Trúnaðarmál. Barnaheimili. Vöggustofan Hlíðarenda.

<sup>155</sup> Nefndin hefur staðreynt að umrædd börn dvöldu á vöggustofunni frá 5. júlí 1954 til 2. desember 1956.

<sup>156</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur 2017/134. A Geðverndardeild (1960-1970). AA Sjúkraskrár (1960-1970).

<sup>157</sup> Samkvæmt gögnum nefndarinnar var drengurinn á Vöggustofunni Hlíðarenda frá 6. september 1957 til 20. desember 1958.

hann „horfði svo undarlega á mann.“ Í umsögn læknis í skýrslunni segir um drenginn að „öryggiskennd hans og sjálfstæði sé sáralítið“ og sé það almenn skýring læknisins „að geðtengsl barnsins á fyrsta ári við annað fólk hafi verið léleg og neikvæð.“<sup>158</sup> Ljóst er að á þeim tíma var drengurinn vistaður á vöggustofu.

Í skýrslu Geðverndardeildar barna um sex ára dreng, dags. 6. september 1963, sem var á Hlíðarenda frá 3 mánaða aldri til tólf mánaða segir að móðir hafi eingöngu séð barnið um helgar. Hún hafi þó ekki „orðið vör við annað en að [drengurinn] væri ánægður á vöggustofunni“, enda hafi hann verið „alltaf frískur og meðfærulegur“.<sup>159</sup>

Í skýrslu Geðverndardeildar barna um 4 ára stúlku, dags. 28. september 1966, sem dvaldi á Hlíðarenda í tæplega eitt og hálft ár en síðan á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins um fimm mánaða skeið segir að móðir hafi lítið fengið að heimsækja hana á vöggustofuna og „stundum einungis í gegnum gler.“ Þá hafi hún aldrei fengið að taka dóttur sína heim um helgar eða um jól og verið sagt að hún ef hún gerði það yrði hún að taka barnið endanlega.

Í skýrslunni segir jafnframt að þegar stúlkan kom heim af Hlíðarenda tveggja ára gömul hafi hún skriðið meira en gengið og ekki haldið höfði. Hún hafi verið óvön að nota kopp og alltaf haft bleiu. Hún hafi ekki kunnað að tyggja og einungis drukkið mjólk og því hafi þurft að kenna henni að tyggja. Þá hafi hún lengi vel tekið lítið eftir umhverfinu og grátið ef hurðir voru lokaðar eins og á Hlíðarenda. Einnig er haft eftir móður að hún hafi átt í erfiðleikum með hvað barnið sótti inn í ókunn hús og upp í fangið á öllum.<sup>160</sup>

Í skýrslu Geðverndardeildar barna um 7 ára dreng, dags. 21. október 1966, segir að hann hafi dvalið á Hlíðarenda frá 2 til 18 mánaða aldurs. Hann hafi „þótt erfiður á Hlíðarenda og mjög erfiður þegar hann kom heim“, auk þess að vera „seinn til máls.“<sup>161</sup>

Í skýrslu Geðverndardeildar barna um 6 ára stúlku, dags. 21. desember 1968, kemur fram að hún hafi verið látin á vöggustofu 11 daga gömul og hún hafi verið þar til eins og háls árs aldurs. Segir jafnframt að móðir hennar hafi starfað á vöggustofunni þegar hún var 4 til 8 mánaða gömul og hún hafi „[fengið] þá alveg að hugsa um hana“. Þegar hún hafi komið af vöggustofunni hafi stúlkan verið „mjög róleg og framtakslítill“. Hún hafi ekkert leikið sér og tekið við hlutum sem henni voru réttir, skoðað þá og látið þá detta. Þá hafi hún ekki borðað nema stappaðan mat en annan mat hafi hún skoðað og hent. Hún hafi þó tekið fljótt við sér.<sup>162</sup>

Eins og vikið er að í kafla 4.3.2. ritaði Adda Bára Sigfúsdóttir borgarfulltrúi grein 14. apríl 1967, eftir að opinber gagnrýni hafi komið fram á starfsemi vöggustofanna, þar sem hún lýsti því að stúlka sem hún þekkti hafi komist í þær aðstæður 1957 að þurfa að biðja

<sup>158</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. A Geðverndardeild 1960 - 1970. AA Sjúkraskrár.

<sup>159</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. A Geðverndardeild 1960 - 1970. AA Sjúkraskrár.

<sup>160</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. A Geðverndardeild 1960 - 1970. AA Sjúkraskrár.

<sup>161</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. A Geðverndardeild 1960 - 1970. AA Sjúkraskrár.

<sup>162</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. A Geðverndardeild 1960 - 1970. AA Sjúkraskrár.

vöggustofuna á Hlíðarenda fyrir barn sitt í nokkra mánuði. Barnið hafi verið eðlilega þroskað þegar það fór þangað - en þegar það kom þaðan sjö mánaða gamalt hafi það ekki haldið höfði. Sjálf hafi hún þá átt barn á sama reki og munurinn hafi skorið hastarlega í augu. Í greininni segir síðan að sem betur fer hafi barnið ekki beðið varanlegt tjón af vistinni, sem hafi heldur ekki verið löng.<sup>163</sup>

Í skýrslu Vistheimilisnefndar um Kópavogshæli er vitnað í sjúkraskýrslu frá árinu 1979 hjá vistmanni sem þá var 18 ára og hafði áður dvalið Vöggustofunni Hlíðarenda og síðar á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins en þar segir svo:

Fullvíst er þó að dvöl [X] á vöggustofu frá fæðingu til tæplega 5 ára aldurs og í framhaldi af því vist á yfirfullri kvennadeild, hefur ekki orðið til þess að auka vitsmunalegan þroska [X], heldur þvert á móti. Leiða má að því [líkur], að vist á vöggustofu eins og [X] var á, hafi leitt til verulegrar greindarskerðingar, enda þótt líkur séu á því að [X] sé að upplagi eitthvað greindarskert ... Ef ferill [X] er athugaður og lýsingar á atferli ..., kemur þetta heim og saman við það sem vitað er um börn sem skaðast hafa af langri stofnanavist.“ X þótti hafa talsverða þroskamöguleika og enda þótt nokkuð seint væri byrjað á markvissum aðgerðum í þjálfun og meðferð þótti líklegt að hægt yrði að búa X „tilveru sem [væri] nær því að vera mannsæmandi en það sem [X hefði] búið við fyrstu 18 æviárin“. Í skilafundargerð frá 1992 sagði: „... dvöl [X] á vöggustofu ... og í framhaldi af því á yfirfullri deild hefur leitt til alvarlegrar greindarskerðingar og tengslaleysis við aðra og sem barn og unglingur búið við tilfinningalega vanrækslu, vöntun á félagsmótun og öðrum uppeldisaðgerðum. Þannig mætti lengja telja en þetta hefur verið nefnt stofnanabarn.“<sup>164</sup>

Í gögnum þeim sem vöggustofunefnd hefur aflað er einnig að finna vistunarskjal um barn sem vistað var frá fæðingu í rúmlega fjögur og hálf ár og svarar í öllum meginatriðum til þeirrar lýsingar sem fram kemur að ofan.

Vöggustofunefnd hefur einnig farið yfir eftirlitsskýrslur starfsfólks barnaverndarnefndar á tímabilinu 1949 til 1963 í því skyni að varpa frekara ljósi á starfsemi vöggustofunnar og ástæður þess að börn voru vistuð þar.<sup>165</sup> Þessar skýrslur fjalla að miklu leyti um foreldra sem barnaverndarnefnd eða starfsfólk hennar taldi tilefni til þess að fylgjast með þar sem áhyggjur voru af því að börnum þeirra væru ekki búin viðunandi uppeldisskilyrði á heimili sínu.

<sup>163</sup> Þjóðviljinn 14. apríl 1967, bls. 5. Þótt Adda Bára nefni ekki vöggustofuna á Hlíðarenda beint í greininni er einsýnt af samhenginu og til þess tíma sem vísað er til að þar er átt við vöggustofuna Hlíðarenda.

<sup>164</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: Könnun á vistun barna á Kópavogshæli 1952-1993 Reykjavík 2016, bls. 270.

<sup>165</sup> Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Eftirlitsskýrslur. Tímabil 1940-1964. Möppur 1-70. Askja 39, Möppur 71-183. Askja 40, Möppur 184-324. Askja 41, Möppur 326-467. Askja 42 og Möppur 488-515. Askja 43.



Í þessum skýrslum bregður því hins vegar ósjaldan við að starfsfólk greinir frá samskiptum sínum við Ólöfu Sigurðardóttur, forstöðukonu Hlíðarenda, þar sem greint er frá upplýsingum um hagi barna á vöggustofunni. Verður ráðið að þessi samskipti hafi átt sér stað símleiddis og er einkum vikið að málefnum barna sem dvalið höfðu lengi á vöggustofunni. Upplýsingarnar sem færðar eru í eftirlitsskýrslu bera jafnframt með sér að bæði starfsfólk barnaverndarnefndar sem og forstöðukona vöggustofunnar hafi talið óæskilegt að börn væru þar lengi. Er þá ritað í eftirlitsskýrslu að brýnt sé að athugað verði að koma barni í fóstur til að það dveljist ekki lengur á vöggustofu, geti foreldri á annað borð ekki tekið það aftur heim til sín.

### 3.3.3 Viðtöl við starfsfólk og gesti á Vöggustofu Hlíðarenda

Í þeim skriflegu gögnum sem nefndin hefur aflað og þeim viðtölum sem tekin hafa verið hafa komið upplýsingar um nöfn alls 20 einstaklinga sem störfuðu á Vöggustofunni Hlíðarenda á starfstíma hennar. Þar af eru 6 á lífi en 14 látnir. Nefndin tók skýrslur af öllum fyrrverandi starfsmönnum heimilisins sem fundist hafa og eru á lífi, m.a. aðra af tveimur forstöðukonum Hlíðarenda. Óskað var eftir viðtali við starfsmenn vöggustofunnar svo heildarmynd fengist af dvöl barnanna á heimilinu, eins og hún horfði við starfsmönnum. Þá ræddi nefndin einnig við einstaklinga sem áttu systkini á heimilinu og komu þangað sem gestir.

Í viðtali nefndarinnar 10. febrúar 2023 við [A], eldri systur barns sem vistað var í 21 mánuð á Vöggustofunni Hlíðarenda frá 1954 til 1956, minntist hún þess að hún hefði farið mjög reglulega í heimsókn á vöggustofuna með móður sinni þann tíma sem bróðir hennar dvaldi á vöggustofu en hún hefði á þeim tíma verið 9 til 11 ára gömul. Í öll þau skipti hefðu þau einungis horft á bróður hennar í gegnum gler. Aðstæður hafi alltaf verið eins, bróðir hennar hafi legið í rúmi og hvorki hafi átt sér stað snerting né samskipti. Hún minntist þess ekki að hafa náð augnsambandi við bróður sinn á þessum tíma. [B] greindi einnig frá því í viðtali við nefndina 24. maí 2023 að hún hafi heimsótt frænda sinn á vöggustofuna sem vistaður var þar árin 1955 til 1956 og einungis séð hann í gegnum gler. Þá hafa nefndinni borist upplýsingar í tölvupósti frá systkinum einstaklinga sem vistaðir voru á Hlíðarenda 1954 þess efnis að þau hafi einungis mátt sjá systkini sitt í gegnum gler.

[C] sem starfaði á vöggustofunni sumarið 1954 minntist þess í viðtali 8. júní 2023 að starfið hafi verið í mjög föstum skorðum og frekar tilbreytingarsnautt. Börnin hafi fengið nóg að borða en að jafnaði verið mötuð og látin snemma í rúmið. Eitthvað hafi verið til af leikföngum en ekki mikið.

[D] sem starfaði á Hlíðarenda um 6-7 mánaða skeið árið 1958 á aldrinum 17 til 18 ára kvaðst í viðtali við nefndina 13. apríl 2023 hafa notið þess vel að starfa á Hlíðarenda og hugsa um börnin, enda hafi starfsfólkið verið gott en Ólöf Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur hefði þá verið forstöðukona. [D] kveðst hafa starfað með yngstu börnunum, sem hafi verið nýfædd og einungis drukkið af pela, en einnig eldri börnunum sem voru farin að borða og ganga.



Starfið hafi verið í föstum skorðum, skipt hafi verið á börnunum og þau þvegin og klædd þegar þau vöknudu og þeim gefið að borða en þau síðan sett aftur upp í rúm. Börnin hefðu verið tekin upp og hugguð þegar þau grétu, en síðan látin aftur upp í rúm þegar þau hættu. Að sögn [D] hafi starfsstúlkur þó talað við börnin í rúmunum. Þegar vel viðraði á sumrin hafi rúm barnanna verið tekin út. [D] kvað börn almennt ekki hafa verið sett á gólfið, en hún hafi þó tekið börn upp og leikið við þau. Fyrir eldri börnin hafi verið rugguhestur á gólfinu sem þau hafi leikið sér með. [D] kvað börn almennt ekki hafa farið út lengra en á svalir vöggustofunnar.

[D] lýsti því sérstaklega að það hafi verið erfið lífsreynsla að verða vitni að því að mæður sem áttu börn á Hlíðarenda hafi einungis mátt sjá börn sín í gegnum rúðu og það hafi hún aldrei getað felld sig við. Mæður sem heimsóttu börnin hafi staðið við rúðuna og grátið þar sem þær hefðu hvorki fengið að snerta börnin sín né halda á þeim.

[D] kvað lítinn tíma hafa gefist í starfinu til að tengjast ákveðnum börnum sérstaklega, þar sem verkin sem sinna þurfti hafi verið mörg. [D] kvaðst ekki muna eftir að leikföng hefðu verið á vöggustofunum, en taldi þó að þar hefðu getað verið boltar. Ekki hefði neitt á veggjum vöggustofunnar, umhverfið hefði verið „steriliserað og allt hvítt“, t.d. hafi starfsstúlkur jafnan verið íklæddar hvítum sloppum en [D] taldi að þetta hefði verið að danskri fyrirmynd.

Í viðtali við [E] 10. febrúar 2023 sem starfaði á vöggustofunni frá ársbyrjun 1962 fram til september 1962 greindi hún frá því að hún hefði starfað mest á deildinni þar sem börn voru alveg að verða 2 ára. Hún lýsti daglegu skipulagi þannig að börnin hefðu fengið þela klukkan 7 á morgnana og þá hafi ekki mátt halda á þeim heldur aðeins setja bleiu undir pelann svo þau gætu sögið. Starfstúlkur hafi einungis mátt skipta á börnunum á ákveðnum tímum, en þess á milli hafi þær ekki átt að skipta sér af þeim heldur aðeins að láta þau liggja í rúminu. Börnin hafi grátið fyrstu dagana og vikunnar en starfsfólk hafi ekki mátt gera neitt nema eftir klukkunni.

Að sögn [E] mátti til dæmis ekki taka börnin upp og hugga þau og það hafi verið passað upp á að starfstúlkurnar gerðu ekkert sem þær máttu ekki gera. Þá hafi ekki mátt horfa í augun á börnunum þegar þeim var gefið að borða og alls ekki hafi mátt leika við þau. Rík áhersla hafi verið á að starfsmenn mættu ekki mynda augnsamband því það myndi valda börnunum svo mikilli sorg. Ekki hafi heldur mátt taka sængina af börnunum í heimsóknartíma og starfstúlkum hafi verið sagt að snúa baki í mæðurnar.

[E] lýsti því fyrir nefndinni að hún hefði spurst fyrir um hvort ekki mætti gera eitthvað fyrir börnin en fengið þau svör frá forstöðukonu að hún hefði ekkert vit á þessu. Hún hafi sjálf haft samband við mann sem var að smíða leikföng og hann hefði smíðað tvo vörubíla fyrir vöggustofuna en auk þess hefði hún keypt tvær tuskudúkkur. Bílarnir hefðu verið fjarlægðir skömmu síðar, en dúkkurnar hafi fengið að vera lengur. Þá hefðu börnin ekki fengið að fara neitt út þrátt fyrir vilja starfsmanna til þess og þrátt fyrir að stórar svalir hafi verið við húsið.

Hún hafi frétt síðar af því að börn hafi farið út en það hafi ekki verið fyrr en eftir að hún hætti störfum í september 1962.

Í viðtalinu lýsti [E] heimsóknartímanum þannig að hleypt hafi verið inn í hollum því ekki allir máttu koma inn í einu. Foreldrar hafi horft á barn sitt í gegnum gler en barnið hafi verið í vöggunni og starfsfólk hafi alls ekki mátt taka þau upp og ekki hugga þau ef þau grétu. Sum börnin hafi aldrei verið heimsótt en önnur fengið heimsókn alla sunnudaga. [E] er minnisstætt að ein móðir hafi komið í hvern einasta heimsóknartíma og staðið grátandi við gluggann allan þann tíma sem hún mátti vera.

[E] lýsti fatnaði barnanna á þessum tíma þannig að börnin hafi alltaf verið klædd í hvítar samfellur en strákarnir hafi verið í tvískiptum samfellum. Starfsfólkið hafi síðan verið klætt hvítum sloppum. Maturinn hafi allur verið maukaður og börnunum hafi verið gefið að borða með skeið. Börn sem gátu setið í stól hafi stundum fengið að sitja þegar þau borðuðu en annars hafi þau verið í rúmunum, líka þegar þau fengu að borða. Þá hafi þau einnig verið þvegin með þvottaklút í rúminu. Bleiuskipti hafi einungis farið fram á ákveðnum tímum, nema barn væri á sýklalyfjum og „gerði upp á axlir“. Starfsstúlkur hafi yfirleitt verið tvær inni í stofunni. Börnin hafi verið í rúminu meira og minna allan tímann en ekki að skríða á gólfinu eða leika þar. Þegar hún var að láta af störfum hafi komið stólar og borð á vöggustofuna.

Í viðtali við [F] 13. apríl 2023 sem starfaði um mánaðarskeið á Vöggustofunni Hlíðarenda í starfsþjálfun að loknu bóklegu námi í Fóstruskóla Sumargjafar á dagvakt tímabilið 1962 til 1963 lýsti hún því að starfstúlkum hafi verið settar ákveðnar reglur um hvenær mætti skipta á börnum og gefa þeim að borða og þeim hefði verið sagt að vera helst ekki með börnin mikið í fanginu. Þá hafi börnin sem höfðu náð ákveðnum aldri verið sett á kopp á sama tíma.

Aðspurð um hver hafi veitt þessar leiðbeiningar kvaðst [F] ekki muna hvort þær hefðu staðið á vegg eða hvort Auður Jónsdóttir, forstöðukona vöggustofunnar hafi veitt þær munnlega, en starfsstúlkunum hafi þótt þetta „mjög óþægilegt“. [F] lýsti því jafnframt að ef hún eða starfsmenn hefðu tengst ákveðnum börnum og viljað hlúa að þeim og knúsa þau hefði það verið bannað. Hafi þá sú ástæða verið gefin að það yrði erfiðara fyrir börnin að fara aftur til foreldrana ef þau fengu hlýju starfsstúlkna. Ef starfstúlkur hefðu tekið börnin upp og sinnt þeim frekar hefði forstöðukonan veitt þeim tiltal. [F] kvað starfsstúlkurnar almennt hafa verið mjög ungar.

[F] starfaði á þessum tíma á deild eldri barnanna sem voru aðeins farin að ganga og tjá sig. Að sögn [F] fóru börnin út ef vel viðraði en lítið hafi verið um leiktæki. Aðspurð um hvað börnin hafi fengist við þegar þau voru innanhúss kvað hún starfsstúlkur hafa „staðið yfir þeim og reynt að leika við þau“, hún minntist þess ekki að neitt hafi verið í leikstofu vöggustofunnar sem hægt var að hafa hönd á en eitthvað hafi verið um leikföng þar sem börnin sváfu. Það hafi verið þó frekar lítið.

[F] kvað samskipti sín við Auði Jónsdóttur forstöðukonu hafa verið góð en forstöðukonan hafi lítið komið inn á vöggustofuna og ekki verið þar dagsdaglega til að fylgjast með störfum fólks. Engin önnur hafi beinlínis stýrt starfseminni og starfsfólk hafi fundið sjálft út úr málunum sín á milli. Matmálstíma kvað [F] hafa farið fram með þeim hætti að engin börnin hafi setið við borð, heldur hafi þau flest öll verið mötuð í fanginu á starfsstúlkum. Hún minntist þess ekki að hafa fundist neitt athugavert við matinn sjálfan. Starfsstúlkurnar hefðu hins vegar klæðst hvítum sloppum í vinnunni. Um ástæður vistunar barna kvað [F] algengast að börn hafi verið vistuð vegna veikinda foreldra og þá helst móður.

[F] lýsti því að heimsóknir á Hlíðarenda á þessum tíma hefðu verið mjög sjaldgæfar, en heimsóknartímar hafi verið takmarkaðir. Þegar foreldrar komu í heimsókn hafi þeir einungis fengið að sjá börnin í gegnum gler og þau hafi yfirleitt verið sýnd í rúmi. Minntist [F] þess að fyrirkomulagið hefði verið með áþekku sniði og á sjúkrahúsum á þessum tíma, en barn hennar hafi dvalið um svipað leyti á sjúkrahúsi og henni hafi verið meinað að sjá það öðruvísi en í gegnum gler.

Að sögn [F] ræddu samnemendur í Fóstruskóla Sumargjafar starfsemi vöggustofunnar sín á milli og hversu gríðarlega ólík hún væri starfsemi leikskólanna, þar sem á vöggustofunni hafi „allt hefði verið svo lokað og eins og fangelsi“. [F] minntist þess jafnframt að forstöðukona vöggustofunnar hefði boðið henni vist fyrir ófætt barn sitt á vöggustofunni og fast starf þar meðfram dvöl barnsins, en [F] hefði á þessum tíma verið einstæð og í húsnæðisvandráðum. [F] kvaðst hins vegar hafa afþakkað það boð og ekki getað hugsað sér að hafa barnið þarna, þrátt fyrir vandræði sín. Þá bætti [F] við að mikil vanlíðan hefði fylgt því að horfa upp á að vöggustofubörnin gætu ekki verið eins og venjuleg börn og þess vegna hefði hún ekki látið barnið sitt þangað.

Í viðtali við nefndina 23. febrúar 2023 greindi [G] frá því að hún hefði hafið störf á Hlíðarenda vorið 1963 en sama sumar hefði starfsemin verið flutt yfir á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í næsta húsi. [G] lýsir miklum mun á þessum stöðum. Það hafi „verið þröngt, dimmt og hræðilegt að koma að Hlíðarenda, pissulykt af börnunum, vond lykt almennt.“ Í húsinu hafi verið þröngur stigi niður en börnin hafi verið á efri hæðinni. Börnin hafi verið í venjulegum stofum, rúmum hafi verið raðað í röð og leikpláss líklega í sömu stofunni en hún myndi það þó ekki alveg. Fyrsta verk á morgunvakt hafi verið að klæða börnin, þrifa þau og gefa morgunmat. Börnin hafi ekki verið í sínum fötum, heldur hafi þau verið í samfestingum hneppum á öxlunum þannig að þau gátu ekki losað sjálf.

[H] var með dóttur sína á Hlíðarenda frá janúar til september 1958, þar sem hún var að ljúka námi og stunda vinnu og hafði ekki aðstöðu til að vera með barn hjá sér. Í viðtali við nefndina 13. apríl 2023 kvaðst [H] ekki hafa neitt slæmt um vöggustofuna að segja „fyrir utan að hún hafi ekki fengið að snerta barnið sitt.“ Það hafi verið sérlega erfitt að horfa á dóttur sína í gegnum rúðu og ekki fengið að taka hana upp og hugga þegar hún grét. Í eitt skiptið hefði [H] orðið svo mikið um þetta að hún hefði hlaupið grátandi út af vöggustofunni og sagst ekki geta

Þetta lengur. Vinnuaðstæður hennar hafi hins vegar verið erfiðar á þessum tíma, auk þess sem hún hafði þá ekki í nein hús að venda.

[H] kvaðst aldrei hafa fengið upplýsingar um hvers vegna fyrirkomulagi heimsóknna hefði verið háttað með þessum hætti heldur einungis verið tilkynnt að þetta væru reglur. Kvaðst [H] gera ráð fyrir að þáverandi forstöðukona vöggustofunnar hafi innleitt þetta að danskri fyrirmynd þannig að börnum yrði haldið „sterílum“. Allt hafi verið hreint á vöggustofunni, einnig börnin, „en allt annað hafi vantað.“

[H] kvað hafa verið erfitt að fá vist á vöggustofunni á þessum tíma en góð vinkona hennar hafi þekkt til forstöðukonu Hlíðarenda og aðstoðað hana við að fá pláss. [H] kvaðst hafa fengið mjög litlar upplýsingar um dóttur sína á þessum tíma og aldrei átt nein samskipti við starfsfólk. Heimsóknir hafi farið þannig fram að foreldrar gengu beint inn og sáu börnin sín aðeins í gegnum glerið. Einu sinni hafi hún þó fengið sérstakt leyfi forstöðukonunnar til að hægt væri að taka mynd af henni með dóttur sína og það hafi verið eina skiptið sem hún hélt á dóttur sinni á 8 mánaða tímabili.

[H] kvað vistina á vöggustofunni bæði hafa haft áhrif á dóttur sína og tengsl þeirra mæðgna, enda hefði hún átt erfiðara með að tengjast henni en systkinum hennar. Það hefði verið áberandi að dóttir hennar svaf og borðaði á ákveðnum tímum eftir að hún kom af vöggustofunni. Hún kvaðst hafa tekið vist dóttur sinnar á vöggustofunni svo nærri sér að hún hefði ekki rætt málið fyrir en á sjötugsaldri.

Auður Jónsdóttir forstöðukona greindi frá því í viðtali við nefndina 23. ágúst 2023 að þegar hún var ráðin á Hlíðarenda hefði hún starfað sem hjúkrunarfræðingur á barnadeild Landspítalans þar sem hún hafði unnið með bæði Kristbirni Tryggvasyni og Birni Júlíussyni, læknum vöggustofunnar. Auður lýsti því fyrir nefndinni að hún hefði tekið við góðu búi af fyrrverandi forstöðukonu, sem hefði verið góð við börnin, og hún hefði ekki talið sig þurfa að breyta miklu. Húsnæðið á Hlíðarenda hefði hins vegar verið þröngt og óhentugt fyrir starfsemi vöggustofunnar og engin aðstaða hafi verið fyrir foreldra sem komu að hitta börn sín. Foreldrar hafi séð börnin í gegnum gler, en sami háttur hafi verið hafður á barnadeild Landspítalans þar sem hún starfaði áður. Auður sagðist ekki hafa gert athugasemdir við glerið þar sem það hafi auðveldað starfsfólki að fylgjast með börnunum. Aðspurð um hátíðir sagði Auður að ekki hefði haldið upp á afmæli barnanna og ekki hefði verið hægt að vera með jólatré. Sagði hún það hafa verið vegna eldhættu.

Auður kvað starfstúlkurnar flestar hafa verið mjög ungar og að það hafi verið nauðsynlegt að kenna þeim til verka. Ekki hafi þó verið erfitt að fá fólk til starfa. Þá hafi starfstúlkur almennt staðið sig vel í að sinna börnunum. Mikið annríki hafi verið á vöggustofunum og hún hafi sjálf sinnt þar ýmsum störfum, m.a. að blanda mjólk í pela fyrir börnin og undirbúa mat.

Auður greindi frá því að í starfi sínu sem forstöðukona Hlíðarenda og síðar Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1963-67 hefði hún átt mikil samskipti við Jónas B. Jónasson

fræðslustjóra, þar sem vöggustofan hefði innheimt gjald fyrir dvölinu sem síðan hefði verið skilað á skrifstofu fræðslustjóra. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefði greitt gjaldið fyrir þau börn þar sem foreldrar eða aðrir forráðamenn höfðu ekki efni á því. Almennt séð hefði rekstur vöggustofunnar verið frekar einfaldur.

Auður kvaðst á sínum tíma hafa átt í miklum samskiptum við barnaverndarnefnd um þau börn sem vistuð voru á vöggustofunni, þá einkum Þorkel Kristjánsson, framkvæmdastjóra nefndarinnar og Sigrúnu Schneider, starfsmann nefndarinnar. Hefðu þau þá jafnan veitt henni upplýsingar um ástæður þess að barn kom á vöggustofuna. Þær hefðu verið með ýmsum hætti og meðal annars lotið að óreglu og veikindum foreldra, en einnig hefði verið mikil fátækt á þessum tíma.

### 3.3.4 Fjöldi vistbarna, aldur, lengd og ástæða dvalar

Ekki liggja fyrir í gögnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur nafnalistar yfir öll börn sem vistuð voru á vöggustofunni Hlíðarenda, heldur einungis listi með 100 nöfnum frá öndverðum sjötta áratugnum. Hins vegar hafa varðveist vistunarskjöl með upplýsingum um heiti barns og aldur, foreldra svo og dagsetningu komu og brottfarar. Þau skjöl eru misjöfn að gæðum. Í sumum þeirra er eingöngu færð inn komudagsetning og í nokkrum engar dagsetningar. Í öðrum er aftur á móti að finna ítarlegar upplýsingar um heilsufar barna og eftir atvikum aðstæður á heimilinu.

Eftirfarandi greining byggir einkum á þessum vistunarskjölum þar sem aðrar eru ekki fyrir hendi, ef undan eru skildar fundargerðir og eftirlitsskýrslur barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Í nokkrum tilvikum komu þar fram upplýsingar um vistun sem gáfu aðra mynd af umfangi vistunar en vistunarskjöl.

Samkvæmt þessum heimildum voru 1.083 börn tekin til vistunar á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á öllu tímabilinu 1949-1973. Í fyrstu voru 199 börn án nafns í gögnum vöggustofanna. Eftir nánari eftirgrennslan vöggustofunefndar þar sem meðal annars var litið til nafna foreldra og fæðingardaga barna voru einungis átta börn sem ekki tókst að bera kennsl á og upplýsa að dvalið hefði á vöggustofu út frá sömu gögnum. Þar á meðal var barn sem átti erlenda foreldra og fór aftur til heimalands síns ásamt móður samkvæmt skráningu í vistunarskjali. Ekki er hægt að tímasetja dvalarlengd 63 barna út frá fyrirbyggjandi gögnum þar sem dagsetningu við komu og/eða útskrift var ekki getið.

Af þessum 1.083 börnum voru 475 vistuð á vöggustofunni Hlíðarenda, frá því hún hóf starfsemi í október 1949 þar til að vöggustofa Thorvaldsensfélagsins leysti hana af hólmi í júní 1963. Af þeim voru 203 stúlkur og 272 piltar.

Ljóst er að þessum tölum ber ekki að öllu leyti saman við ársskýrslur barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá sama tímabili, einkum hvað varðar árin 1962 og 1963. Í þeim síðarnefndu var stopult birt tölfræði yfir starfsemi þeirra vistunarstofnana sem reknar voru undir eftirliti

nefndarinnar. Tölfræðin er mjög brotarkennd hvað snertir vöggustofur, stundum er getið heildar innlagna á tilteknu ári og stundum er getið dvalardaga allra barna, þ.e. heildarlengdar vistunar á umræddri vöggustofu. Þá hefur vöggustofunefnd fundið nokkur dæmi um innbyrðis ósamræmi í þeirri tölfræði. Í því sambandi má geta þess að í nokkrum tilvikum árið 1963 ber á gagnrýni í fundargerðum barnaverndarnefndar í garð forstöðukonu Hlíðarenda.<sup>166</sup> Er henni þar legið á hálsi fyrir að ráðstafa börnum inn og út af vöggustofunni án samráðs við nefndina. Þetta hefur án efa skekkt tækifæri barnaverndarnefndar til að hafa yfirsýn yfir starfsemina og þar með áreiðanleika þeirrar tölfræði sem tekin var saman.


Vöggustofunefnd telur vistunarskjölin áreiðanlegri heimildir. Í fyrsta lagi veita þau sérgreindar upplýsingar um hvert barn. Í öðru lagi má nefna að í öllum þeim gögnum sem nefndin hefur skoðað um vistanir barna á Hlíðarenda, m.a. frá barnaverndarnefnd og Heilsuverndarstöðinni, þá hefur hún einungis fundið þrjú nöfn sem ekki eru skráð í vistunarskjölum vöggustofu. Þessi þrjú börn dvöldu þar öll mjög skamman tíma sem gæti bent til að þetta misræmi sé að einhverju leyti komið til vegna þess að fleiri börn hafi dvalið þar skamma hríð og ekki verið skráð í vistunarskjali. Af þeim tugum einstaklinga sem hafa haft samband við nefndina og greint henni frá vist af vöggustofu er enn fremur aðeins einn einstaklingur sem ekki finnst vistunarskjal um.

---

<sup>166</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Askja 238. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 3. janúar 1962 til 15. desember 1963, bls. 112.

Á mynd 3 sést samanburður á dvalardögum samkvæmt vistunarskjölum og ætlaðri heildargetu vöggustofunnar. Þegar Hlíðarendi tók til starfa 1949 var þess getið í fjölmiðlum að þar væri rými til að taka á móti 23 börnum allt að 18 mánaða gömlum. Í ársskýrslum barnaverndarnefndar er hins vegar miðað við 22 börn og þannig fæst út að hámarksgeta stofunnar á ári væru  $22 \times 365$  dagar eða 8.030 (8.052 á hlaupári). Þannig sést að á a.m.k. fjórum árum hafi fleiri en 22 börn verið inni hverju sinni þar sem heildarfjöldi dvalardaga fer yfir áðurnefnt hámark.

Mynd 3: Fjöldi dvalardaga á Hlíðarenda 1949-1963





Vistunarskjöl veita upplýsingar um aldur 467 barna þegar þau voru fyrst vistuð á vöggustofuna (sjá töflu 8). Meðalaldur hvers barns við upphaf vistunar var 141,7 dagar, eða tæplega fimm mánaða. Langflest þeirra komu á fyrsta aldursári, eða 91,3% en 8,2% á öðru ári. Tvö börn voru á þriðja ári (0,4%).

**Tafla 8 Hlíðarendi: Meðalaldur barna í dögum við vistun eftir komuári**

Komuár	Fjöldi	Meðalaldur (sf)	Yngst	Elst (ár)
1949	16	186,7 (139,8)	1	409 (1,1)
1950	35	133,6 (153,4)	0	791 (2,2)
1951	24	135,7 (129,7)	1	484 (1,3)
1952	37	158,5 (171,8)	6	671 (1,8)
1953	32	129,8 (141,5)	7	581 (1,6)
1954	35	149,2 (128,3)	7	552 (1,5)
1955	25	139,0 (131,7)	8	435 (1,2)
1956	41	125,6 (137,5)	6	658 (1,8)
1957	27	91,7 (88,6)	6	325 (0,9)
1958	43	129,7 (113,0)	6	450 (1,2)
1959	38	114,9 (117,9)	6	487 (1,3)
1960	45	129,2 (113,5)	7	401 (1,1)
1961	32	210,3 (129,6)	8	534 (1,5)
1962	22	133,0 (119,3)	7	508 (1,4)
1963	15	234,7 (257,3)	12	1091 (2,9)
Alls	467*	141,7 (138,3)	0	1091 (2,9)

\*Upplýsingar um aldur vantaði fyrir 8 börn; sf= staðalfrávik

Hvert barn dvaldi þar að meðaltali í 224,2 daga eða sjö og hálfan mánuð. Í töflu 9 sést hvernig meðallengd vistunar er hæst 310,4 dagar í tilviki þeirra barna sem komu árið 1949 en lægst 166,2 dagar árið 1961. Eins og sést eru staðalfrávikin í öllum tilfellum mjög stór enda dreifingin á dvalarlengd mjög mikil innan hópsins. Stysta dvöl barns á þessu tímabili er 2 dagar en það barn sem dvaldist lengst á Hlíðarenda var þar í 1689 daga, eða rúmlega fjögur og hálf átt ár.

**Tafla 9: Hlíðarendi: Meðallengd vistunar í dögum eftir komuári**

Komuár	Fjöldi	Meðallengd (sf)	Stysta vistun	Lengsta vistun (ár)
1949	16	310,4 (241,1)	13	789 (2,2)
1950	34	278,6 (304,6)	10	1535 (4,2)
1951	23	268,0 (177,3)	14	600 (1,6)
1952	36	173,9 (176,0)	4	734 (2,0)
1953	29	197,3 (244,9)	7	1116 (3,1)
1954	30	249,4 (259,4)	8	881 (2,4)
1955	20	284,7 (215,6)	30	946 (2,6)
1956	40	205,5 (169,2)	7	701 (1,9)
1957	19	266,2 (176,4)	11	542 (1,5)
1958	43	196,5 (158,4)	14	536 (1,5)
1959	36	229,5 (247,9)	4	1150 (3,2)
1960	45	180,5 (267,7)	5	1689 (4,6)
1961	31	166,2 (202,6)	4	766 (2,1)
1962	21	295,5 (280,4)	2	936 (2,6)
1963	15	197,0 (181,3)	3	682 (1,9)
Alls	438*	224,2 (226,3)	2	1689 (4,6)

\*Upplýsingar um dvalarlengd vantaði fyrir 37 börn; sf= staðalfrávik

ATH. Lengsta dvöl á við um það barn sem dvaldi lengst af þeim börnum sem komu inn sama ár.

Ef barn var vistað oft en einu sinni var reiknuð samanlögð dvalarlengd.

Af þeim 438 börnum þar sem lengd vistunartíma liggur fyrir dvöldu 188 börn eða 39,6% lengur en sex mánuði, 92 eða 19,4% þrjá til sex mánuði og 158 eða 33,3% styttra en þrjá mánuði. Hins vegar vantaði upplýsingar um dvalarlengd 37 barna á Hlíðarenda eða 7,8% (sjá töflur 9 og 10).

**Tafla 10: Lengd vistunar á Hlíðarenda 1949-1963**

Lengd vistunar	Fjöldi (%)
< 1 mánuð	53 (11,2%)
1-3 mánuðir	105 (22,1%)
3-6 mánuðir	92 (19,4%)
>6 mánuðir	188 (39,6%)
Ekki skráð	37 (7,8%)
Alls	475 (100%)

Nefndin fann í vistunarskjöllum upplýsingar um ástæður vistunar hjá 65,2% þeirra barna sem dvöldu á vöggustofum Hlíðarenda og Thorvaldsensfélagsins, þar af 52,2% í tilviki fyrrnefndrar stofu. Þær var einkum að finna í áðurnefndum vistunarskjöllum þar sem í mörgum tilvikum er stuttlega greint frá forsendum þess að viðkomandi barn hafi verið flutt á stofu. Einnig voru upplýsingar um ástæður vistunar í fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarráðs Íslands sem og eftirlitsskýrslum barnaverndarnefndar.

Nefndin notaði eftirfarandi flokkun við greiningu gagnanna: 1) andlát aðstandenda, 2) áfengis- og vímuefnavandi foreldris/foreldra, 3) geðræn vandamál foreldris/foreldra, 4) líkamleg veikindi/sjúkrahúsvist foreldris, 5) meðganga/fæðing annars barns 6) húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt 7) ótilgreindar félagslegar ástæður eða aðrar en í 6), 8) þroskahömlun foreldris, 9) fötlun barns, 10) veikindi barns, 11) fyrirburi og 12) foreldri starfar á vöggustofu.

Sú flokkun sem hér er lögð fram hefur að leiðarljósi að varpa eins skýrri mynd og unnt er af ástæðum þess að börn voru vistuð á vöggustofunni. Mikilvægt er að hafa í huga að skráningu var á ýmsan hátt ábótavant eins og m.a. kemur fram í fjölda þeirra tilvika þar sem engar upplýsingar eru skráðar um ástæður vistunar. Í ýmsum tilvikum liggur fyrir með nokkuð skýrum hætti af gögnum sem fundist hafa hver sé ástæða vistunar, t.d. hvort andlát eða veikindi hafi borið að í fjölskyldunni, óregla hafi verið á heimili vegna áfengis- og/eða vímuefnaneyslu foreldra eða hvort barnið sjálft hafi átt við vanheilsu eða fötlun að stríða. Rétt er þó að hafa í huga að ósjaldan eru tilgreindar fleiri en ein ástæða fyrir því að barn var vistað á vöggustofu. Í þeim tilvikum hefur nefndin lagt á það mat út frá fyrirliggjandi gögnum hver sé þá meginástæða vistunarinnar og hagað flokkun eftir því.

Niðurstöður greiningar á ástæðum vistana má sjá í töflu 11, annars vegar miðað við öll börnin og hins vegar þau sem dvöldu þar lengst (þ.e. lengur en 180 daga). Algengasta ástæða

vistunar var „aðrar ótilgreindar félagslegar ástæður“ en sú ástæða tekur til rúmlega 23% allra þeirra barna sem vistuð voru á Hlíðarenda og 26,1% barna sem voru vistuð þar lengur en í 6 mánuði. Nokkuð fjölbreytilegar aðstæður falla undir flokkinn „aðrar ótilgreindar félagslegar ástæður“, s.s. ungur aldur móður, móðir óskar eftir að barn fari í fóstur, erfiðar heimilisaðstæður og afskipti barnverndarnefndar.

Líkamleg veikindi, sjúkrahúsinnlögn foreldra er ástæða vistunar í tæplega 10% tilvika allra barna sem vistuð voru á Hlíðarenda og í 9% þeirra sem vistuð voru í 6 mánuði eða lengur. Húsnæðis, dagvistunarvandi og fátækt er ástæða vistunar í 9% tilvika hjá börnum sem vistuð voru í 6 mánuði eða lengur.

Nefndin getur ekki fullyrt með vissu út frá fyrirliggjandi gögnum um nákvæmar ástæður vistunar hvers barns og fleiri en ein ástæða getur verið tilgreind í hverju tilviki. Þá er vakin athygli á að ekki liggja fyrir upplýsingar um ástæðu vistunar hjá tæplega 50% þeirra barna sem vistuð voru á Hlíðarenda. Þá skortir upplýsingar um ástæðu vistunar hjá tæplega 40% barna sem dvöldu á Hlíðarenda lengur en í 6 mánuði.

**Tafla 11: Ástæða vistunar barna á Hlíðarenda 1949-1963**

Skráð ástæða vistunar	Öll börn	Börn vistuð >180 daga
	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)
Andlát foreldris	4 (0,8%)	3 (1,6%)
Áfengis og vímuefnavandi foreldris/foreldra	8 (1,7%)	4 (2,1%)
Geðræn veikindi foreldris/foreldra	9 (1,9%)	6 (3,2%)
Líkamleg veikindi, sjúkrahúsinnlögn foreldra	45 (9,5%)	17 (9,0%)
Meðganga/fæðing annars barns	4 (0,8%)	0 (0,0%)
Húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt	31 (6,5%)	17 (9,0%)
Aðrar eða ótilgreindar félagslegar ástæður	111 (23,4%)	49 (26,1%)
Proskahömlun foreldris	5 (1,1%)	3 (1,6%)
Fötlun barns	6 (1,3%)	5 (2,7%)
Veikindi barns	19 (4,0%)	9 (4,8%)
Barnið er fyrirburi	4 (0,8%)	2 (1,1%)
Foreldri starfar á vöggustofu	2 (0,4%)	0 (0,0%)
Engar upplýsingar skráðar um ástæðu vistunar	227 (47,8%)	73 (38,8%)
Alls	475 (100%)	188 (100%)

Samkvæmt þeim gögnum sem nefndin hefur athugað létust alls þrjú börn sem vistuð voru á Hlíðarenda á þeim tíma sem vöggustofan starfaði með sólarhringsvistun. Í maí 1950 lést níu mánaða drengur og er aðstæðum lýst þannig í gögnum að barnið hafi fundist látið með sæng yfir höfði og að lífgunartilraunir hafi verið án árangurs. Þá er greint frá því í gögnum

vöggustofunnar að níu mánaða stúlka hafi látist í desember 1957 eftir að hafa verið flutt veik á Landspítalann. Loks segir í gögnum vöggustofunnar að tæplega hálfis árs drengur hafi látist á vöggustofunni í maí 1962. Dánarorsök er ekki skráð en dánarstund tilgreind.

### 3.3.5 Menntun og reynsla forstöðukvenna

Af þeim gögnum sem nefndin hefur aflað verður ráðið að Ólöf Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur hafi verið forstöðukona Vöggustofunnar Hlíðarenda frá upphafi rekstrarins allt þar til hún lét af störfum í lok árs 1960. Leysti Auður Jónsdóttir þá hana af hólmi í starfi forstöðukonu. Ólöf var fædd 29. desember 1898 en lést 7. mars 1985. Hún mun hafa aflað sér hjúkrunarfræðimenntunar í Danmörku en einnig hafa lokið sérnámi í barnahjúkrun á Dronning Louise-barnaspítalanum í Kaupmannahöfn.<sup>167</sup> Í gögnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur kemur fram að Ólöf hafi farið í ferð til Norðurlanda í maí 1954 meðal annars í þeim tilgangi að kynnst rekstri og fyrirkomulagi barnaheimila. Er jafnframt greint frá að formaður nefndarinnar hafi hlutast til um að Ólöf fengi nauðsynlegan gjaldeyri til ferðarinnar.<sup>168</sup>

Þegar Ólöf hætti störfum á vöggustofunni síðla árs 1960 var starf hennar auglýst laust til umsóknar en af fundargerðum barnaverndarnefndar verður ráðið að aðeins ein umsókn hafi borist.<sup>169</sup> Sá umsækjandi var þó ekki ráðinn. Gögn sem fundist hafa í Borgarskjalasafni bera með sér að starf forstöðukonu hafi síðan verið auglýst að nýju. Í minnisblaði fulltrúa barnaverndarnefndar til borgarstjóra, dags. 3. mars 1961, kemur fram að tvær umsóknir hafi borist, annars vegar frá Kristínu Jakobsdóttur fósturu og hins vegar frá Auði Jónsdóttur hjúkrunarkonu. Í minnisblaðinu kemur fram að fulltrúinn hafi rætt umsóknirnar við formann barnaverndarnefndar og Kristbjörn Tryggvason, lækni vöggustofunnar, og þeir orðið sammála um að mæla með því að Auður yrði ráðin til starfans.<sup>170</sup> Var Auður í kjölfarið ráðin forstöðukona vöggustofunnar.

Auður er fædd 14. febrúar 1936 og hjúkrunarfræðingur að mennt en hún tók síðan við starfi forstöðukonu á Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins þegar sú vöggustofa tók til starfa 20. júní 1963 og gegndi þeirri stöðu allt til apríl 1967. Ekki verður ráðið af þeim gögnum sem vöggustofunefnd hefur aflað hvort Auður hafi aflað sér formlegrar menntunar um meðferð og umönnun ungbarna áður en hún tók við starfi forstöðukonu Hlíðarenda en ljóst er að hún hafði áður starfað á barnadeild Landspítalans. Í auglýsingu um starf forstöðukonu sem birt var í *Vísi* 1. nóvember 1960 var ekki gerð krafa um sérstaka menntun. Í þeim gögnum sem

---

<sup>167</sup> Morgunblaðið 17. mars 1985, bls. 57.

<sup>168</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Vöggustofan Hlíðarenda. Askja 148. Bréf formanns barnaverndarnefndar, dags. 20. apríl 1954.

<sup>169</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðir 5. mars 1958 til 20. desember 1961, bls. 216

<sup>170</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Vöggustofan Hlíðarenda. Minnisblað fulltrúa barnaverndarnefndar, dags. 3. mars 1961.

Barnaverndarráð afluði við athugun á því hvort gagnrýni Sigurjóns Björnssonar á starfshætti vöggustofunnar sem fram kom árið 1967 hafi átt við rök að styðjast kemur þó fram að Auður hafi haft starfsreynslu af umönnun barna og að hún hafi starfað áður á barnadeild Landspítalans. Þá hafi hún heimsótt barnaheimili í Danmörku og Svíþjóð og kynnt sér aðstæður þar.

## 4. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins (1963-1973)

### 4.1 Undirbúningur og aðdragandi

Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins leysti Hlíðarenda af hólmi þegar félagið afhenti borginni nýja byggingu til rekstrarins árið 1963 að Dyngjuvegi við Sunnutorg. Barnauppléttissjóður Thorvaldsensfélagsins stóð straum af byggingarkostnaði og hafði söfnun á hans vegum í þessum tilgangi þá staðið yfir í meira en hálfa öld. Í frétt *Morgunblaðsins* frá 28. febrúar 1961 er tildrögum söfnunarinnar lýst á þann veg að þegar sjóðurinn hafi var stofnaður hafi svifið fyrir hugskotssjónum félagskvenna „mynd af fullkomnu barnaheimili“. Í framhaldinu segir í fréttinni að verkið muni hefjast næsta haust og 600 fm bygging muni rísa við Sunnutorg. Þar verði „fullkomin vöggustofa fyrir 32 börn innan við 18 mánaða aldur og íbúðir fyrir starfsfólk“ og að „óskadraumur“ félagskvenna sé sem sagt að rætast.<sup>171</sup>

Þrátt fyrir að Thorvaldsensfélagið hafi lengi safnað fjármunum má segja að fyrst hafi komist rekspökur á byggingu nýrrar vöggustofu á 6. áratug síðustu aldar. Árið 1954 úthlutaði borgarstjóri félaginu lóð að Hlíðarenda við Sunnutorg, eða á lóðinni við hliðina á Vöggustofunni Hlíðarenda. Fékk félagið Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt til að teikna nýja byggingu sem gert var ráð fyrir að gæti hýst 22-30 ungbörn allt frá fæðingu til tveggja ára aldurs.<sup>172</sup> Framkvæmdir hófust síðan 2. september 1960 í samráði við borgarstjóra.

Eins og rakið er kafla 3.2.2. var það skoðun forstöðukonu og læknis Vöggustofunnar Hlíðarenda strax á fyrstu starfsárunum að hún annaði ekki eftirspurninni eftir þjónustu hennar. Samtímaheimildir bera þess einnig vitni að veruleg þörf hafi verið talin á fleiri rýmum fyrir börn á þessum tíma. Í viðtali við Þorbjörgu Árnadóttur, hjúkrunarkonu barnaverndarnefndar Reykjavíkur, árið 1955, kemur fram að raunveruleg vöntun hafi þótt vera á heimilum fyrir börn frá eins til tveggja ára aldurs en fyrirhuguð viðbygging við Vöggustofuna Hlíðarenda hafi verið hugsuð fyrir börn á þeim aldri.<sup>173</sup> Í bréfi formanns barnaverndarnefndar Reykjavíkur til Innflutningsskrifstofunnar, dags. 5. september 1956, er vikið að áformum Thorvaldsensfélagsins um byggingu vöggustofu og eindregið mælt til þess að félaginu verði veitt leyfi til fjárfestingar.<sup>174</sup> Er þá vísað til þess að þörfin fyrir fleiri

<sup>171</sup> *Morgunblaðið*, 28. febrúar 1961, bls. 13.

<sup>172</sup> *Vísir* 8. janúar 1955, bls. 1.

<sup>173</sup> *Hjúkrunarkvænablaðið*, 3. tbl. 1955, bls. 7.

<sup>174</sup> Samkvæmt þágildandi lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o.fl. voru allar framkvæmdir sem voru stærri en 520 rúmmetra íbúð háðar leyfi innflutningsskrifstofunnar, sbr. 8. gr. laganna.



barnaheimili í Reykjavík sé orðin mjög brýn og því fari fjarri að unnt sé að greiða fyrir öllum umsóknum sem berast um vist fyrir börn á heimilum bæjarins.<sup>175</sup>

Þegar Thorvaldsensfélagið afhenti Reykjavíkurborg vöggustofuna til rekstrar 20. júní 1963 var það gert með þeim skilmálum að félagið hefði sjálft umráð yfir 5 plássum og að aldur barnanna yrði á bilinu 0 til 18 mánaða og að haft yrði samráð við félagið um meiri háttar breytingar á starfrækslu vöggustofunnar.<sup>176</sup>

Með tilkomu hinnar nýju vöggustofu var þannig rýmum fjölgað í 30 eða um 8 frá því sem var á Hlíðarenda. Vöggustofunni var skipt í þrjár deildir eftir aldri barnanna. Á þeirri fyrstu voru börn undir sex mánaða aldri, á þeirri annarri börn milli 6-12 mánaða en börn milli eins til tveggja ára á þeirri þriðju. Á hverri deild voru 10 börn og var þar sérstök svefn- og leikstofa fyrir hvern aldursflokk.

Við vöggustofuna var jafnframt sérstakt starfsmannahús þar sem íbúðir voru fyrir forstöðukonu og matráðskonu, ásamt nokkrum herbergjum fyrir annað starfsfólk. Þá var þar einnig skrifstofa og biðstofa. Á fyrsta heila starfsári vöggustofunnar voru 12 starfsmenn í einu, auk forstöðukonu, ásamt matráðskonu og þvottaráðskonu. Auður Jónsdóttir, sem nokkrum árum áður hafði tekið við starfi forstöðukonu Hlíðarenda, var forstöðukona nýju vöggustofunnar frá upphafi.<sup>177</sup>

Árið 1967 hófst undirbúningur að byggingu nýrrar álmu við Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Viðbótarálman átti að rúma 14 börn og var einkum ætluð þeim börnum sem orðin voru of gömul til að dvelja á þeim hluta vöggustofunnar sem þá var í rekstri.<sup>178</sup>

## 4.2 Lagalegur grundvöllur fyrir starfsemi vöggustofunnar

Lög nr. 29/1947 voru enn í gildi þegar Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins tók til starfa árið 1963. Var því ekki á þessum tíma kveðið beinlínis á um skyldu sveitarfélags til að setja á stofn og reka vistheimili fyrir börn sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður. Samt má draga þá ályktun af lögnum að sveitarfélögum hafi að minnsta kosti borið að hafa tiltæk úrræði fyrir þau börn og ungmenni sem vista varð utan heimilis vegna erfiðra heimilisaðstæðna, vanrækslu eða ofbeldis, sbr. kafla 2.5 og 3.2.<sup>179</sup> Þá var í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947

<sup>175</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 148. Trúnaðarmál. Barnaheimili. Vöggustofan Hlíðarenda.

<sup>176</sup> Málafn Félagsmálastofnunar o.fl. Askja 148. Trúnaðarmál. Barnaheimili. Vöggustofan Hlíðarenda.

<sup>177</sup> [Alþýðublaðið 21. júní 1962, bls. 5.](#)

<sup>178</sup> Ársskýrsla Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1967, bls. 12.

<sup>179</sup> Á hinn bóginn var í megindráttum gert ráð fyrir að ríkið annaðist málefni barna sem þyrfti að hafa afskipti af vegna eigin hegðunar (barn sem gerandi). Um þennan greinarmun er fjallað nánar í 1. kafla II. hluta fyrstu áfangaskýrslu vistheimilisnefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, sem kom út árið 2008.

sérstaklega mælt fyrir um heimild menntamálaráðherra til að veita leyfi til rekstrar vistheimilis eða annarrar slíkrar uppeldisstofnunar að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Engin gögn hafa fundist um að veitt hafi verið sérstakt leyfi fyrir starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, hvorki til handa barnaverndarnefnd Reykjavíkur né Reykjavík sem sveitarfélagi. Það er hins vegar mat nefndarinnar að þau gögn sem hún hefur aflað varpi nægilega skýru ljósi á það hvers vegna var stofnað til rekstrar vöggustofunnar og þann lagagrundvöll sem starfsemin byggðist á. Miðað við þau gögn telur nefndin að Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins hafi haft það hlutverk í merkingu laga nr. 29/1947 að vera stofnun þar sem vistuð skyldu börn sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður, einkum vegna háttsemi, veikinda og vanrækslu foreldra.

## 4.3 Upplýsingar um starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins

### 4.3.1 Skriflegar heimildir

Samkvæmt fréttaflutningi í tengslum við opnun Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hófst starfsemi hennar að Reykjavíkurborg var afhent vöggustofan 19. júní 1963. Í *Alþýðublaðinu* 21. júní 1963 er rætt við Auði Jónsdóttur, forstöðukonu vöggustofunnar, í tilefni af opnuninni. Er þar haft eftir henni að hægt verði að hafa þar 32 börn. Flest séu „þetta börn frá vandræðaheimilum og eins heimilum þar sem foreldrar eiga við veikindi að stríða“. Í viðtalinu er haft eftir Auði að barnaverndarnefnd sjái oft um að koma börnum fyrir á vöggustofunni, en fólk geti eins „snúið sér beint til forstöðukonunnar og rannsakar hún þá aðstæður heimilanna, og hvort börnin skuli tekin.“<sup>180</sup> Í sömu umfjöllun kemur fram að börn eldri en 18 mánaða séu ekki tekin á vöggustofuna, en börn geti verið þar allt til þriggja ára aldurs. Af vöggustofunni fari börnin síðan á barnaheimilin á Silungapólli og í Reykjahlíð í Mosfellssveit.

Eins og áður er komið fram var gjöf Thorvaldsensfélagsins til Reykjavíkurborgar á húsnæði vöggustofunnar bundin þeim skilmálum að félagið réði sjálft hvernig fimm plássum vöggustofunnar yrði ráðstafað. Ekki verður hins vegar ráðið að heimilt hafi verið samkvæmt þágildandi lögum að fela forstöðukonu vöggustofunnar vald til þess að ákveða hvaða önnur börn skyldu vistuð á vöggustofunni.

Upplýsingar úr fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur á þessum tíma benda hins vegar til þess að nefndin hafi ítrekað gert athugasemdir við að forstöðukonan teldi sig hafa ákvörðunarvald hvaða börn kæmu inn á vöggustofuna og hvaða börn væru útskrifuð þaðan. Í fundargerð nefndarinnar 18. febrúar 1963 kemur til dæmis fram að „af gefnu tilefni

---

<sup>180</sup> *Alþýðublaðið*, 21. júní 1963. bls. 4.

samþykkir nefndin að skrifa forstöðukonunni“ og „vekja athygli hennar á því að henni sé óheimilt að ráðstafa börnum á vöggustofuna og þaðan aftur án samráðs við barnaverndarnefnd.“<sup>181</sup> Á fundi nefndarinnar 2. september 1963 er fært til bókar að upplýst hafi verið að forstöðukonan haldi áfram að ráðstafa börnum á vöggustofuna án samráðs við barnaverndarnefnd.<sup>182</sup> Eldri fundargerðir barnaverndarnefndar benda til þess að annað vinnulag hafi verið viðhaft á Hlíðarenda þegar Ólöf Sigurðardóttir gegndi þar starfi forstöðukonu. Í fundargerð nefndarinnar frá 3. september 1958 kemur til dæmis fram að Ólöf hafi leitað álits nefndarinnar um hvort henni væri heimilt að taka tiltekin börn inn á heimilið sem Rauði krossinn hafði beðið fyrir.<sup>183</sup>

Fleiri fjölmiðlar fjölluðu um vöggustofuna eftir að hún tók til starfa. 14. júlí 1963 birtist í *Morgunblaðinu* umfjöllun um heimsókn blaðamanns og ljósmyndara á vöggustofuna með fyrirsögninni „Hér heyrst ekki hljóð eftir klukkan 7 á kvöldin.“ Þar segir meðal annars svo:

Ágústa fóstura hafði í mörg horn að líta í miðdeildinni (börn á aldrinum 8-12 mánaða) eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Sömu sögu mátti segja um aðrar fóstrur á vöggustofunni. Dagurinn byrjar þar kl. 6 á morgnana þá fá börnin pelann og um 8-leytið eru þau klædd og böðuð. Eftir matinn fá þau sér blund. Um sjöleytið eru þau aftur komin í bólið og eftir það heyrst ekki hljóð, nema þegar ný börn koma. Það tekur um 1-2 sólarhringa að venja þau á reglur heimilisins.“

[...]

Krakkarnir á miðdeildinni eru ekki farin að ganga. Sum skríða um gólfíð en önnur fá að sitja í stólum, eins og sjást á myndinni. Þeir eru á hjólum og börnin rétt tylla tánum í gólfíð. Smátt og smátt komast þau upp á lag með að færa stólana úr stað og ganga í þeim. Enn önnur una sér í leikgrindum, eins og sjást á myndinni.

Krakkarnir í elstu deildinni eru allt upp í tveggja ára. Sum hlaupa um allt en önnur fara fetið og detta í öðru hvoru spori. Þau fá að leika sér að leikföngum af ýmsu tagi og litla stúlkan sem sést á myndinni, sat hreykin á rugguhestinum eins og hún vildi segja: „Sko hvað ég get“.<sup>184</sup>

Rúmlega 10 mánuðum eftir opnun vöggustofunnar er síðan fjallað um starfsemi hennar í *Tímanum*, sbr. frétt 26. apríl 1964 undir fyrirsögninni „Bossar þvegnir og skipt á bleium fyrir nóttina“. Í þeirri frétt er haft eftir Auði Jónsdóttur, forstöðukonu, að á vöggustofuna séu

<sup>181</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur – Fundargerðir 3. janúar 1962 til 16. desember 1963, bls. 112.

<sup>182</sup> Sama heimild, bls. 158.

<sup>183</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur – Fundargerðir 5. mars 1958 til 20. desember 1961, bls. 29.

<sup>184</sup> [Morgunblaðið 14. júlí 1963, bls. 3.](#)

eingöngu tekin börn af einhleypum mæðrum, eða frá heimilum, þar sem eru veikindi og barnaverndarnefnd álitur að koma þurfi börnum fyrir. Síðan er haft eftir Auði:

Börnin eru höfð hérna nótt og dag, allt til 2ja ára aldurs. Sum hafa verið hér alla sína ævi, ef svo má segja. Það eru þau sem hafa komið hingað beint af fæðingardeild, og einhleypar mæður hafa ekki aðstöðu til þess að annast um. Þegar börnin eru orðin 2ja ára, hvert fara þau? Þau fara á dagheimili. Hérna fyrir neðan er gamla vöggustofan Hlíðarendi, sem rekin er af barnaverndarfélaginu Sumargjöf, og hún tekur við börnunum, ef móðirin hefur þá ekki aðstöðu til þess að sjá um þau. Annars taka margar mæður börnin, þegar þau eru orðin þetta gömul, en þá þurfa þær að fara með þau á dagheimili á morgnana og sækja aftur á kvöldin.

Vöggustofan er orðin alltof lítil, þegar börnin eru hérna svona langan tíma, þá eru takmörk fyrir því sem hægt er að bæta við, og þyrfti að fara að reisa fleiri slíkar stofnanir.<sup>185</sup>

Í fréttinni kemur fram að heimsóknartími sé tvisvar í viku, á fimmtudögum og sunnudögum fyrir foreldra og aðstandendur, en svo sé fyrirspurnum varðandi börnin svarað í síma á morgnana. Ef mæðurnar hafi ekki tíma til þess að koma á föstum viðtalstímum, þá geti þær pantað heimsóknartíma.

Vikið er óbeint að starfsháttum vöggustofunnar í einstaka gögnum í skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Í ódagsettri eftirlitsskýrslu Sigrúnar Schneider, fulltrúa nefndarinnar, er fjallað um ungan dreng sem vistaður var á vöggustofunni Hlíðarenda frá 18. maí til 20. júní 1963 en uppfrá því á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins til 30. mars 1965. Í skýrslunni, sem gerð er eftir að barnið fór af vöggustofunni, kemur fram að drengurinn hafi verið sóttur í braggahúsnæði í Reykjavík tæplega þriggja mánaða gamall eftir að móðir hans var flutt í fangageymslu. Hann hafi verið „sérlega lítið barn, vannært og illa hirt“ og segir svo í skýrslunni:

Ekki tók [...] miklum framförum á vöggustofunni. Hann var alltaf ákaflega lystarlítill, lá dögum saman í deyfð í rúminu, og að sögn læknisins taugaveiklaður og seinþroska. Hann hrökk við þegar hurð skelltist, eða komið var snögglega að honum. Mannafælinn var hann mjög. Loks var gripið til þess ráðs að ákveðin stúlka hugsaði um hann og tók hann þá dálitlum framförum og átti betur með að borða. Að öðru leyti var engin breyting og hann talaði ekki. Þegar ég flutti hann að Skála var hann mjög óttaslegin í bílnum og tók langan tíma að róa hann þegar inn var komið. Með okkur var þó stúlkan sem hafði hugsað um hann.

Fyrstu vikurnar vaknaði hann upp á nóttunni og var órólegur. Einnig tók það mjög langan tíma að svæfa hann á kvöldin og koma honum í ró. Forstöðukonan hafði

---

<sup>185</sup> Sama heimild, bls. 3.

hann því hjá sér og smá saman róaðist hann og öðlaðist öryggi. Hann fékk matarlyst, losnaði við hræðsluna og byrjaði að babla. Eftir árið var hann orðinn nokkurn veginn eðlilegt barn, talaði að vísu óskýrt, en frjálstur og fjörugur. Hann er mjög hændur að fóstur móður sinni og kallar hana mömmu.

Í fundargerðum Barnaverndarnefndar Reykjavíkur kemur fram að nefndin skoðaði Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 17. febrúar 1964 og hélt í kjölfarið fund sinn í húsnæði hennar. Í fundargerðinni sem færð var þennan dag er ekkert fjallað um afstöðu nefndarmanna til starfseminnar.<sup>186</sup>

Á fundi nefndarinnar sem haldinn var 24. febrúar 1964, eða viku eftir heimsóknina, lýsti einn nefndarmanna aftur á móti yfir miklum áhyggjum af velferð barnanna á vöggustofunni.<sup>187</sup> Þannig lét Gyða Sigvaldadóttir fóstura, sem þá hafði setið í nefndinni um tveggja ára skeið, færa sérstaklega til bókar að hún teldi „að börn sem dvelji á vöggustofunni skorti persónulega umönnun þrátt fyrir góðan aðbúnað“. Taldi hún úrbóta þörf í þessu skyni þar sem börnin mótuðust hvað mest á þessum árum. Þá átalði hún það fyrirkomulag að forstöðukonan á Hlíðarenda væri einráð um hvaða börn væru tekin á heimilið.<sup>188</sup>

Í sömu heimild kemur fram að á næsta fundi barnaverndarnefndar 2. mars 1964 hafi formaður nefndarinnar skýrt frá því að hann hafi rætt við lækni vöggustofunnar, Björn Júlíusson. Bornar hefðu verið undir hann þær athugasemdir sem fram komu á fundinum 24. febrúar 1964 en læknirinn hafi sagt „rekstur vöggustofunnar í góðu lagi“. Á sama fundi er haft eftir Gyðu Sigvaldadóttur að hún væri sem fyrr þeirrar skoðunar að „innritun á vöggustofuna ætti að vera í höndum nefndarinnar“. Í framhaldinu er fært til bókar að „ákveðið [sé] að athugun fari fram á aðstæðum þeirra barna sem nú dvelja á Vöggustofunni að Hlíðarenda.“<sup>189</sup>

Af fundargerðum barnaverndarnefndar verður ekki ráðið með skýrum hætti hvort og þá hvernig nefndin hafi tekið aðstæður barna á vöggustofunni til frekari athugunar. Ljóst er þó að nefndin fjallaði áfram um vöggustofuna á næstu fundum. Á fundi nefndarinnar 9. mars 1964 komu fram upplýsingar um að forstöðukona vöggustofunnar myndi framvegis beina umsókn um pláss á vöggustofunni til barnaverndarnefndar. Á þarnæsta fundi, eða 23. mars 1964, mun formaður nefndarinnar hafa greint frá því að Björn Júlíusson, læknir vöggustofunnar, hafi lýst sig fúsan að koma á fund hjá nefndinni og ræða um rekstur

<sup>186</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur – Fundargerðir 6. janúar 1964 til 16. júní 1966, bls. 16.

<sup>187</sup> Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 21. júní 1962 voru eftirtaldir einstaklingar kjörnir í barnaverndarnefnd: Ólafur Jónsson, lögreglustjórafulltrúi, formaður, Guðrún Erlendsdóttir, lögfræðingur, Kristín Sigurðardóttir, Jónína Guðmundsdóttir, Guðný Helgadóttir, Gyða Sigvaldadóttir og Valborg Bentsdóttir. BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur – Fundargerðir 3. janúar 1962 til 16. desember 1963, bls. 39. Í fundargerðunum er jafnan vísað til „Vöggustofunnar að Hlíðarenda“ en augljóst af samhenginu að átt er við vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

<sup>188</sup> Barnaverndarnefnd Reykjavíkur – Fundargerðir 6. janúar 1964 til 16. júní 1966, bls. 18.

<sup>189</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur – Fundargerðir 6. janúar 1963 til 16. júní 1964, bls. 20.

vöggustofunnar að Hlíðarenda.<sup>190</sup> Björn mun síðan hafa komið á fund nefndarinnar 27. apríl 1964, svarað þar fyrirspurnum og rætt um ýmislegt varðandi rekstur barnaheimila borgarinnar. Er þar haft eftir Birni að hann teldi „rekstur vöggustofunnar á Hlíðarenda í góðu lagi“ en hins vegar hefði hann á talið það fyrirkomulag að vista sumardvalarbörn á Silungapölli.<sup>191</sup>

Fundargerðir barnaverndarnefndar bera með sér að skoðanir nefndarmanna hafi verið skiptar um það fyrirkomulag að vista börn á vöggustofu allan sólarhringinn. Á fundi nefndarinnar 23. mars 1964 lét Gyða Sigvaldadóttir bóka að þegar hún hefði sjálf starfað á barnaheimili hefði engum dulist sá mikli munur sem hafi verið á andlegum þroska og lífsgleði barna sem vistuð voru allan sólarhringinn að staðaldri á vöggustofu og þeirra sem einungis dvöldu þar á daginn. Í kjölfarið lýsti Gyða þeirri skoðun sinni að „svona stofnanir ættu ekki að vera til, en ef þær af illri þjóðfélagslegri nauðsyn yrðu að vera til þyrftu þær að vera allra stofnana fullkomnastar og bestar, ekki aðeins frá byggingarlegu sjónarmiði, heldur fyrst og fremst frá uppeldislegu sjónarmiði“. Það sem mest stæði þessum stofnunum fyrir þrifum væri að þar væri starfsfólk sem kæmi og færi. Starfsfólk sem hefði enga uppeldislega þekkingu en gott hjartalag, enn fremur fólk sem væri algerlega áhugalaust um uppeldislega hlið starfsins, en passaði vel börn. Síðan lét Gyða bóka orðrétt:

Báðar þessar hliðar má örugglega bæta með fræðslu, uppörvun og ábyrgri gagnrýni og einlægri og góðri samvinnu við forstöðukonur allra þessara stofnana. Verður að teljast forkastanlegt að barnaverndarnefnd skuli ekki fyrir löngu hafa horfið að þessu ráði, eins og allar nágrannaþjóðir okkar hafa gert og þegar er fengin nokkur reynsla af hérlendis hjá Barnavinafélaginu Sumargjöf.

Í framhaldinu er fært orðrétt eftir Gyðu:

Ég hef oft áður talað um við ykkur um þá miklu hættu sem fylgir því að hafa barn langdvöllum á stofnunum – fyrir barnið, móðurina og þjóðfélagið. Sagði m.a. í mikilli einlægni frá minni eigin reynslu, en ég lét mitt fyrsta barn á sólarhrings vöggustofu. Ég fullyrði að yrði sú dvöl löng væri næsta skrefið vanrækslan. Ég sagði til samanburðar dæmi um unga móður sem lét sitt barn á sömu stofnun og sama tíma. Ég gat leyst úr mínum vandræðum (húsnæðisleysi) á tveim mánuðum og tekið mitt barn, en barn hinnar konunnar mun hafa dvalið á stofnunum í fimm ár. Við þekkjum það sem eitt af okkar stóru brotabörnum. Ég spurði ykkur: Var þessi kona þeim mun lakari kona, var hennar barn þeim mun lakari efniviður? Ég benti líka á það hvað foreldrar væru miklu svipt ef þau slyppu við framfærsluskyldu barns síns og hversu mikilli lausung það byði heim. Þessi málflutningur minn fékk lítinn hljómgrunn. Ég flutti líka fyrr mín varnaðarorð varðandi þann innritunarhátt sem hafður var á vöggustofunni að Hlíðarenda. Benti jafnframt á að afleiðing þess háttar er, að börnin

<sup>190</sup> Sama heimild, bls. 29.

<sup>191</sup> Sama heimild, bls. 41.

fara af stofnuninni án undangenginnar rannsóknar barnaverndarnefndar. Vitnaði í því sambandi máli mínu til stuðnings til orða Guðmundar Vignis Jósefssonar. Á fundi sem haldinn var 24. febrúar 1964 upphóf ég enn mín varnaðarorð. Hvatti til samstöðu okkar á milli varðandi vistheimilismálin. Hvatti til ábyrgar gagnrýni og til þess að leggja á brattann varðandi holla uppeldishætti allra þessara stofnana, sem við berum ábyrgð á og erum málsvarar fyrir. Þeir atburðir hafa nú gerst að ég hef sætt miklu aðkasti vegna þessara hóflegu ummæla minna, sem ég er reiðubúin að standa við, hvar og hvenær sem er, séu þau ekki slitin úr sambandi eða rangtúlkuð.

Ekki verður ráðið að málefni vöggustofunnar hafi komið til sérstakrar umfjöllunar í barnaverndarnefnd Reykjavíkur næstu árin. Ef frá eru talin vistunarskjöl um börn sem dvöldu á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins er fremur lítið um skriflegar heimildir um hvernig aðstæðum á vöggustofunni var háttað á þessum árum.

Pó kom fyrir að fjallað væri um vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í skrifum dagblaða. Í grein í *Tímanum* 26. apríl 1964 sem fjallað er um hér á undan er haft eftir Auði Jónsdóttur að vöggustofan geti tekið á móti 32 börnum og hún sé alltaf fullskipuð. Í greininni segir síðan að öll börn eigi að vera sofnuð kl. 7 og að eftir endilöngu húsinu liggi langur gangur. Á honum séu 3 stórir gluggar og í gegnum þá sé hægt að fylgjast með börnunum. Síðan segir:

Hér eru þau elstu, segir Auður, þau eru öll háttuð en ekki komin ró á þau öll, sum eru að hjala saman, einn herramaðurinn þrífur lakið úr rúminu sínu og hendir því út á gólf og sum eru að búa sig undir svefninn. Í næstu stofu eru þau töluvert yngri, eða um það bil einu ári. Reynt að hafa börn á svipuðum aldri í sömu stofu.

Þessir tveir drengir hafa verið hér alla ævi, segir Auður, en þeir komu beint af fæðingardeildinni og eru nú orðnir 8 mánaða gamlir. Öll börnin hafa sín númer, sem er hið sama og á rúminu þeirra og fötum. Flest eru þau skírð þegar þau koma og nefnum við þau öll með nöfnum.

Pú ert raunverulega móðir þeirra allra, Auður? Ekki get ég sagt það, segir hún blíðlega, en mér þykir vænt um þau öll.

Í síðustu stofunni eru þau yngstu, sum eru sofnuð, önnur leika sér að tánum á sér. Yngstu börnin hafa þau forréttindi að þau hafa sér baðherbergi, en þau eldri hafa eitt sameiginlegt. Þar inni er verið að þvo nokkra bossa og skipta á bleyjum fyrir nóttina. Börnunum er séð fyrir öllum fatnaði, nema útigöllum. Í einu herberginu standa barnavagnar í röð, sumir eru bláir aðrir bleikir. Fyrst voru drengirnir settir í þá bláu, og telpurnar í bleiku, en nú er þetta farið að ruglast, enda ekki gott að gera við því. Þau börn, sem eru orðin nógu gömul til þess að leika sér úti, eru höfð úti mest allan daginn, en þau yngri aðeins part úr degi.

Aftur er fjallað um vöggustofuna í frétt í *Morgunblaðinu* 18. mars 1965 þar sem fram kemur að börnin á vöggustofunni hafi verið úti í sólskininu daginn áður. Af myndum og texta sem



fylgdu fréttinni má sjá að á vöggustofunni hafi verið til útiföt fyrir börnin og að þau sem voru úti hafi verið allt frá 10 mánaða til 2 ára gömul.<sup>192</sup>

Í nóvember sama ár kemur fram í fréttum að Thorvaldsensfélagið hafi gefið Reykjavíkurborg eina milljón króna til viðbótarbyggingar við vöggustofuna í tilefni af 90 ára afmæli félagsins.<sup>193</sup> Borgarráð samþykkti viðbygginguna í maí 1965 en í fréttum á sama tíma kemur fram að henni sé ætlað að hýsa deild fyrir um 20 börn á aldrinum 2 til 4 ára. Með henni verði bætt úr hinni „miklu þörf sem er fyrir samastað fyrir börn sem eru orðin of gömul til að vera á vöggustofu en mæður eða aðstandendur geta ekki tekið til sín, sbr. frétt sem birtist í *Vísir* 23. maí 1966. Í fréttinni segir jafnframt:

Í þessari nýju viðbyggingu sem staðsett verður suðaustan við aðalbygginguna verða svefnstofur, leikstofur, vökukonuherbergi og herbergi ætluð fyrir foreldra sem koma í heimsókn, en samband foreldra við börn í framhaldsdeild á að geta orðið nánara en við yngri börn. Matur allur verður gerður í eldhúsi aðalheimilisins, en það er mjög fullkomið eins og allt annað á vöggustofunni, enda er það álit sérfróðra útlendinga, sem skoðað hafa vöggustofuna að hún sé meðal þeirra fullkomnustu á Norðurlöndunum.<sup>194</sup>

Á fundi barnaverndarnefndar Reykjavíkur 28. apríl 1966 var skýrt frá því að Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar hefði tekið að sér að annast uppeldislegar leiðbeiningar og eftirlit á vöggustofunni. Enn fremur hefði verið ákveðið að ráða fósturu á vöggustofuna.<sup>195</sup>

Í viðtali sem birtist í *Þjóðviljanum* 19. maí 1966 vakti Gyða Sigvaldadóttir athygli á málefnum vöggustofa, en hún sat þá enn í barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Í viðtalinu er haft eftir Gyðu að ungar einstæðar mæður hafi stundum orðið að láta sitt fyrsta barn á sólarhringsvöggustofu vegna þess að dagvöggupláss hafi ekki verið fyrir hendi. Slík vistun í frumbersku feli jafnan í sér „mikla hættu á að móðir og barn tengist aldrei eðlilegum tilfinningaböndum“, sem geti haft „mjög alvarlegar afleiðingar fyrir barnið, fyrir móðurina og fyrir þjóðfélagið“. Þá lýsir Gyða þeirri skoðun sinni að æskilegast væri að leita einkafósters til handa fleiri börnum en þegar væri gert. Sú skoðun byggir á því að heilbrigðu lífi verði ekki lifað á stofnunum heldur á heimilum þar sem systkini alast upp saman hjá fólki í eðlilegri og ástríkrri sambúð.<sup>196</sup>

---

<sup>192</sup> Morgunblaðið 18. mars 1965, bls. 3.

<sup>193</sup> Sjá m.a. til hliðsjónar, *Vísir* 19. nóvember 1965, bls. 9. - *Íslendingur* 25. nóvember 1965, bls. 7. - *Alþýðublaðið* 8. desember 1965, bls. 7.

<sup>194</sup> *Vísir* 23. maí 1966, bls. 3.

<sup>195</sup> BSR. Félagsmálastofnun Reykjavíkur. Fundargerðir Barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá 6. janúar 1964 til 16. júní 1966.

<sup>196</sup> *Þjóðviljinn* 19. maí 1966, bls. 2.

Í eftirlitsskýrslum starfsmanna barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá fyrstu árum Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins kemur fram að starfsfólkið lýsti oft yfir áhyggjum af því að barn hefði dvalið of lengi á vöggustofu. Því þurfi að leita úrræða til að koma barni í fóstur á einkaheimili. Slíkar umleitanir voru hins vegar oft ekki reyndar vegna andstöðu foreldra.<sup>197</sup>

#### 4.3.2 Aðkoma borgarstjórnar Reykjavíkur að málefnum vöggustofunnar

Ljóst er að skipulag og starfshættir barnaverndarmála í Reykjavík voru til skoðunar hjá borgarstjórn um svipað leyti en í maí 1964 var þar samþykkt að skipa nefnd til að gera tillögur um starfshætti barnaverndarmála. Var hún fullskipuð í lok sumars sama ár eftirfarandi einstaklingum: Jónasi B. Jónssyni fræðslustjóra, formanni nefndarinnar, Guðrúnu Erlendsdóttur, lögfræðingi, Kristjáni J. Gunnarssyni, skólastjóra, svo og sálfræðingunum Erni Helgasyni og Sigurjóni Björnssyni. Nefndin starfaði um tæplega tveggja ára skeið og skilaði að lokum tveimur aðskildum tillögum í febrúar 1966 þar sem ekki náðist sátt um niðurstöðu.

Í tillögum Arnar Helgasonar og Sigurjóns Björnssonar var meðal annars lagt til að barnaverndarnefnd tæki alfarið að sér rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar úr höndum barnaheimila- og leikvallanefndar og barnaverndarnefndar. Í því sambandi bentu Örn og Sigurjón á að samkvæmt lögum væri gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd annaðist þennan rekstur.<sup>198</sup>

Í tillögum meirihluta nefndarinnar, þeirra Jónasar, Guðrúnar og Kristjáns, var meðal annars lagt til að það eftirlit sem barnaverndarnefnd hefði með einkaheimilum, fósturheimilum, upptökuheimilum, vistheimilum og öðrum barnaheimilum yrði endurskipulagt og aukið. Þá segir þar jafnframt að barnaverndarnefnd hafi alla tíð verið of liðfá miðað við þau verkefni sem henni er ætlað að fást við. Þá var þar lagt til að skjólstæðingar barnaverndarnefndar, sem átt gætu samstöðu með öðrum börnum á dagheimilum, vöggustofum og leikskólum gengju fyrir um vistun á þeim stofnunum.<sup>199</sup>

Á fundi borgarstjórnar 2. mars 1967 voru tillögur samstarfsnefndar um barnaverndarmál til umræðu. Þar beindi Sigurjón Björnsson, borgarfulltrúi Alþýðubandalagsins, og forstöðumaður Geðverndardeildar barna hjá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, þeirri fyrirspurn til Geirs Hallgrímssonar borgarstjóra, hvernig umræddum tillögum miðaði.<sup>200</sup> Í

---

<sup>197</sup> BSR. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Eftirlitsskýrslur. Tímabil 1940-1964. Öskjur 39 til 43. Möppur 1-515.

<sup>198</sup> BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 8. Samstarfsnefnd um barnaverndarmál. Tillögur um skipulag barnaverndarmála í Reykjavík, dags. 26. febrúar 1966.

<sup>199</sup> BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 8. Samstarfsnefnd um barnaverndarmál. Tillögur um skipulag barnaverndarmála í Reykjavík, dags. 26. febrúar 1966.

<sup>200</sup> Geðverndardeild barna í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur tók til starfa 1. október 1960 og var Sigurjón Björnsson þá ráðinn forstöðumaður. Hlutverk deildarinnar var að annast sálfræðilegar og geðfræðilegar rannsóknir á börnum í Reykjavík. Deildin tók við börnum fram að 15 ára aldri en börn yngri en 7 ára nutu að jafnaði forgangs. sjá [Menntamál, 3. tbl. 1960, bls. 259](#).

kjölfarið gagnrýndi Sigurjón hvernig meirihlutinn hefði staðið að barnaverndarmálum og vék í því sambandi meðal annars að rekstri barnaheimila í borginni:

Hvað er með barnaheimilismálin? Ber þar ekki að sama brunni? Allir vita, í hverjum ólestri þau eru. Það er ekkert launungarmál, að barnaheimilisskortur er tilfinnanlegur og það er heldur ekkert launungarmál, að sum barnaheimilin, sem rekin eru hér í borg og eru reyndar óhæfilega dýr í rekstri, eru fyrir neðan allar hellur á marga lund og í stað þess að verða sú heilsulind, sem þau í raun og veru eiga að vera, verða þau hvorki meira né minna en hrein gróðrarstía andlegrar veiklunar.<sup>201</sup>

Í annarri ræðu á fundinum vék Sigurjón sérstaklega að Vöggustofunni Hlíðarenda og hafði um hana svofelld orð:

Það er vitað mál allra þeirra, sem til þekkja og hafa einhverja faglega þekkingu í þessum málum að barnaheimilið á Hlíðarenda er rekið eftir algerlega úreltu fyrirkomulagi. Og allir fagmenn á þessum sviðum, barnageðlæknar og fjöldamargir aðrir hafa kvatt sér hljóðs um það víðs vegar í erlendum fagtímaritum og það hefur meira segja komið fram hér á landi þó að það sé náttúrliga varla von, að það hafi borist inn fyrir þessa vegg, að barnaheimili ætti alls ekki að reka með því fyrirkomulagi sem þar er gert, þ.e. þessum tíðu vaktaskiptum, sem þar tíðkast og þessari miklu einangrun sem börnin eru í. Þau eru á bak við gler og höfð sem einhvers konar sýnisgripir þar og allt algerlega steriliserað á alla lund. Þetta er viðurkennt fyrir löngu, að þetta er talið mjög skaðlegt fyrirkomulag og hefur beinlínis verið sannað með þar til gerðum rannsóknum í London og víðar, Bandaríkjunum að af þessu getur leitt og leiðir iðulega til mjög alvarlegra sjúkdóma hjá börnunum, bæði andlega og líkamlegra sjúkdóma og að dauðsföll á þessum heimilum, þar sem börnin dveljast töluvert lengi, eru miklu miklu tíðari heldur en á öðrum heimilum sem eru rekin með öðru fyrirkomulagi. Þetta er algerlega sannað mál. Og þrátt fyrir þetta hefur enginn talið ástæðu til þess að breyta fyrirkomulagi þess heimilis.

Við getum kannski spurt: Hefur Hlíðarendi einhverja sérstöðu með það, að það verði ekki vart slíkrar veiklunar eða slíkra sjúkdóma á því heimili? Ég hef ekki neinar dauðsfallatölur um það, en hins vegar hef ég miklar upplýsingar um það og gæti meir að segja safnað þeim saman og talið þær upp ef þess er óskað, um börn sem hafa beinlínis orðið mjög alvarlega veik, af andlegri veiklun eftir dvölinu á Hlíðarenda. Það er ekki lengra síðan í morgun ég sá eitt barn t.d., sem þaðan kom. Og þau skipta örugglega tugum, þau börn, sem bera alvarlegar menjar sinnar dvalar þar. Þetta er þekktur sjúkdómur og orsakir hans eru vel kunnar og þarf held ég ekki að fjölyrða um það. Það getur hver, sem er aflað sér upplýsinga um það, skráðar í kennslubækur og ef menn óska eftir því að vita um það, geta þeir hreinlega lesið sér

---

<sup>201</sup> BSR. Málafn Borgarstjóra. Umræður í borgarstjórn 2. mars 1967.

til um það. Það er sjúkdómur sem hefur verið þekktur frá því árið 1945 eða fyrr jafnvel og nefndur hospitalismi. Við höfum séð mörg börn með þennan sjúkdóm frá Hlíðarenda og hann er alvarlegur og yfirleitt talinn ólæknanlegur. Þetta tel ég, að sé mjög alvarlegt mál og sýni það, að þegar orsakir þessa sjúkdóms eru kunnar, að barnaheimilið getur ekki verið rekið á réttan hátt og þar eiga sér stað alvarleg mistök stað, sem eru virkilega vítaverð.<sup>202</sup>

Borgarstjóri, Geir Hallgrímsson, tók til máls í kjölfar Sigurjóns og brást við orðum hans með svofelldum hætti:

Nú geta verið skiptar skoðanir, um hvernig reka skuli vöggustofu slíka sem á Hlíðarenda er rekin, og ég skal ekki fjalla um það fyrirkomulag sem nú er á rekstrinum eða hvort ástæða sé til að breyta því fyrirkomulagi og þá á hvern veg. En ég vil hins vegar halda því fram að það sé mikill ábyrgðarhluti af hálfu borgarfulltrúa að fullyrða það, að börnin hafi tugum saman, sem dvalið hafi á Hlíðarenda, beðið tjón á sálu sinni og heilsu sinni, og jafnvel gefa í skyn að þarna sé um það að ræða, að til dauðsfalla hafi dregið af þeirri ástæðu hvernig rekstrarfyrirkomulagið er. Ég held, að ég hafi heyrt það réttilega af hálfu borgarfulltrúans, að hann sagði, að hann sjálfur hefði kynnst þessum dæmum tugum saman og síðast í morgun hefði eitt barnanna komist undir hans hendur. Ég verð þá að spyrja borgarfulltrúann um það hefur hann þegar hann verða þessara dæma var tugum saman jafnvel, þá gert það, sem sjálfsagt er sem forstöðumaður einnar borgarstofnunar og það er að skrifa þeim sem eru ábyrgir fyrir rekstri barnaheimilisins? Hefur hann skrifað fræðslustjóra? Hefur hann skrifað barnaheimila- og leikvallanefnd? Hefur hann skrifað yfirmönnum sínum, stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar, eða borgarlækni? Eða hefur hann þegjandi fylgst með þessu sem starfsmaður og trúnaðarmaður borgarinnar, án þess að láta þessa menn vita það, að tugum saman sé börnum á barnaheimili borgarinnar stefnt í voða heilsufarslega séð? Ég verð að segja það alveg eins og ég meina, að það er ábyrgðarleysi, ef hann hefur þegjandi undanfarnar vikur, mánuði og ár í þjónustu borgarinnar ekki séð ástæðu til þess að skrifa þeim trúnaðarmönnum, sem ábyrgð bera á rekstri stofnunar sem þessarar. Og að gera rekstrarfyrirkomulag stofnunarinnar að pólitísku bitbeini hér í borgarstjórn sýnir best, hve lítilsvert það er borgarfulltrúa í sjálfu sér að koma á þarna endurbótum. Hann hefur þá starfsaðstöðu innan borgarkerfisins, að mark verður auðvitað tekið á orðum hans sem forstöðumanns geðverndardeildar barna. Og ég vonast til þess, að hann sem slíkur muni benda bæði öðrum borgarstofnunum og þeim nefndum og ráðum, sem um þau mál fjalla á það, sem aflaga fer, en hreyfa ekki fyrst hér í borgarstjórn máli, sem er jafnt viðkvæmt eins og það sem hann hreyfði nú og er vissulega til þess fallið að menn

---

<sup>202</sup> BSR. Málafn Borgarstjóra. Umræður í borgarstjórn 2. mars 1967.

beri traust til orða borgarfulltrúans sem ég hefði þó haldið að unnt væri að gera sem fagmanns, og vil enn þá halda.<sup>203</sup>

Sigurjón brást við þessum orðum borgarstjóra með eftirfarandi hætti:

Ég ætla ekki að hafa mörg orð í þetta sinn, því mér skilst, að þetta sé orðið svona karp á milli mín og borgarstjóra út af þessum málum. En ég vil aðeins taka það fram og spyrja borgarstjóra að því, hvort hann haldi virkilega, að þetta sé í fyrsta skipti, sem ég hreyfi þessu máli, síðan ég fór að starfa hjá borginni? (Borgarstjóri: Hefur hann skrifað einhverri annarri borgarstofnun?) Ég hef ekki skrifað bréf um þetta, en ég hef hvað eftir annað vakið máls á þessu, bæði við fræðslustjóra, borgarlækni, og aðila í barnaverndarnefnd og fjölda marga aðila og þó að ég hafi ekki talið ástæðu til að skrifa þeim beinlínis um þetta, vegna þess að þetta er ekki aðeins viðkvæmt mál fyrir mig eða þá, sem vinna við þetta, heldur líka viðkvæmt mál fyrir ýmsa aðra innan borgarinnar, sem sjá um rekstur Hlíðarenda. En hins vegar hef ég skrifað um þetta á öðrum vettvangi og það er ýmislegt, sem ég hef skrifað um þetta, þannig að ég held, að það sé ekkert launungarmál og hafi alls ekkert verið neitt launungarmál undanfarin ár, hvaða skoðanir ég hef haft á rekstri Hlíðarenda og ef borgarstjóri óskar eftir skýrslu frá mér um það, þá er það velkomið. Það er alger misskilningur, að ég geri mér leik að því að gera þetta mál að pólitísku bitbeini. Ég kem með það hérna af því að það er seinasta úrræðið, sem ég hef til að koma þessum málum á framfæri. Ég vil að borgarfulltrúar viti um þetta. (Gripið fram í: Hvað um barnaverndarnefnd? Hefur því verið komið á framfæri þar?) Já, ég hef komið því á framfæri við barnaverndarnefnd. Það er fyrir löngu síðan og margir aðilar í barnaverndarnefnd vita vel um þetta, þó að ekkert hafi verið gert og þó heimilið standi undir umsjón barnaverndarnefndar, a.m.k að einhverju leyti.<sup>204</sup>

Borgarstjóri tók í kjölfarið til máls og sagði:

Ég held því fram, að það sé skylda þess sem rannsakar og ber ábyrgð á stofnun, sem rannsakar heilsu barna að skrifa skýrslu um hvert barn, sem til rannsóknar kemur og senda þeim, sem ábyrgð ber á þeirri stofnun, sem á þátt í því að barn missir heilsu sína að einhverju eða öllu leyti og m.a. svo alvarlega, að til dauða hefur leitt eða hefur getað leitt eftir orðum borgarfulltrúans. Og mér finnst ákæra borgarfulltrúans það alvarleg og orð hans öfgafull, að því er ég vona, að ég mun þegar útskrift berst af þessum umræðum, senda viðkomandi borgarstofnunum afrit og óska eftir því að borgarfulltrúinn geri grein fyrir ummælum sínum að þeim viðstöddum á

<sup>203</sup> BSR. Málasafn Borgarstjóra. Umræður í borgarstjórn 2. mars 1967.

<sup>204</sup> Í frétt í [Þjóðviljanum 10. mars 1967](#) kom Sigurjón Björnsson því á framfæri að ummæli hans um vöggustofu á Hlíðarenda hafi einungis átt við um Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, en ekki dagvöggustofu Sumargjafar sem einnig væri staðsett á Hlíðarenda. Auk þess hefði hann einungis átt við vistheimili þegar hann ræddi barnaheimili, en hvorki dagheimili né leikskóla.

fundu hjá mér. (SB: Mér þykir mjög vænt um, að borgarstjóri skuli taka þannig á þessu og það skal ekki standa á mér að standa rækilega fyrir máli mínu.) Það hefði betur fyrr verið gert.<sup>205</sup>

Tveimur dögum eftir borgarstjórnarfundinn, eða laugardaginn 4. mars 1967, birtist í *Alþýðublaðinu* og *Þjóðviljanum* auglýsing þar sem Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur auglýsti starf forstöðukonu vöggustofu Thorvaldsensfélagsins laust til umsóknar. Var umsóknarfrestur til 21. mars sama ár.<sup>206</sup> Önnur sams konar auglýsing birtist í *Morgunblaðinu* daginn eftir og í dagblaðinu *Vísir* tveimur dögum síðar, eða mánudaginn 6. mars.<sup>207</sup>

Viku eftir fund borgarstjórnar, eða 9. mars 1967 var haldinn fundur í fundarherbergi borgarráðs í Austurstræti 16 um málefni vöggustofunnar að undirlagi borgarstjóra. Stóð fundurinn frá kl. 16:00 til 19:30 þennan dag. Á fundinum voru Jónas B. Jónsson fræðslustjóri og formaður barnaheimila- og leikvallanefndar, Þórir Kr. Þórðarson varaformaður barnaverndarnefndar, Unnur Schram, formaður Thorvaldsensfélagsins, Auður Jónsdóttir forstöðukona Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og lækna vöggustofunnar, þeir Kristbjörn Tryggvason og Björn Júlíusson. Einnig voru á fundinum Sigurjón Björnsson, Geir Hallgrímsson, borgarstjóri, ásamt Jóni Sigurðssyni, borgarlækni og Jóni G. Tómassyni, skrifstofustjóra borgarstjóra. Í fundargerð fundarins segir:

Þetta gerðist: Borgarstjóri kvað tilefni fundarins vera þau ummæli Sigurjóns Björnssonar borgarftr. á fundi borgarstjórnar 2. þ.m., að sum barnaheimili borgarinnar væru gróðrarstía andlegrar veiklunar og hefði hann þar sérstaklega nefnt sem dæmi vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Kvaðst borgarstjóri vilja kanna annars vegar, hvaða samskipti hefðu átt sér stað milli fundarmanna um þetta ástand barnaheimilanna, sem borgarftr. hefði lýst og hvaða hátt hinar ýmsu borgarstofnanir hefðu staðið að þessum málum. Fræðslustjóri kvaðst ekki minnst þess, að Sigurjón Björnsson hefði kvartað við sig um ástand vöggustofunnar eða starfsfyrirkomulagið þar. Borgarlæknir kvaðst aldrei hafa heyrt það fyrr, að börn hefðu beðið andlegt heilsutjón við dvöl sína á vöggustofunni eða á barnaheimilinu Hlíðarenda og aldrei hefði Sigurjón Björnsson nefnt þetta við sig. Sigurjón Björnsson kvaðst ekki gera aths. við ummæli borgarlæknis, en hins vegar taldi hann sig hafa nefnt þetta atriði einu sinni við fræðslustjóra á fundi samstarfsnefndar um barnaverndarmál. Þá tók Sigurjón Björnsson fram, að hann hefði ekki talið ástæðu til að skrifa um þetta mál til annarra borgarstofnana, þar eð hann teldi, að þeim aðilum væru þessi atriði vel ljós. Þá tók Sigurjón Björnsson einnig fram, að hann hefði ekki hreyft þessu máli við lækna vöggustofunnar eða forstöðukonu. Sigurjón Björnsson kvaðst telja stöðu geðverndardeildar barna innan borgarkerfisins afar óljósa og þar sem hann hafi eigi séð sér aðrar leiðir opnar til að koma skoðun deildarinnar á framfæri, hafi hann ekki

<sup>205</sup> BSR. Málafn Borgarstjóra. Umræður í borgarstjórn 2. mars 1967.

<sup>206</sup> *Þjóðviljinn* 4. mars 1967. - *Alþýðublaðið* 4. mars 1967.

<sup>207</sup> *Morgunblaðið* 5. mars 1967. - *Vísir* 6. mars 1967.



talið sig hafa annað úrræði en að velja sér þann vettvang, sem hann nú stendur á. Borgarstjóri tók fram að hann teldi þessa leið ekki síðasta úrræðið, heldur það fyrsta og eina, sem borgarfr. hafði reynt. Sýndi þetta að ekki var um vanrækslu að ræða hjá öðrum borgarstofnunum að hafa ekki brugðið við aðvörunum Sigurjóns Björnssonar um skaðleg áhrif á andlega heilsu barna, þar sem þessar aðvaranir hefðu ekki borist.

Sigurjón Björnsson flutti nú allítarlega skýrslu um ýmis uppeldisatriði, sem haft geta skaðleg áhrif á sálarheill barna. Rakti hann einnig með hverjum hætti hann teldi, að haga beri rekstri upptöku- og vistheimila, þannig að börnin verði fyrir sem minnstum skaðlegum áhrifum vegna dvalar sinnar þar. Taldi hann, að þar sem vöggustofa Thorvaldsensfélagsins væri ekki rekin með hliðsjón af þeim endurbótum og því rekstrarfyrirkomulagi sem nú væri viðurkennt, væri engin von annars en að mörg þeirra barna, sem þar hefðu dvalið, hefðu beðið alvarlegt tjón á sálarheill sinni. Sigurjón Björnsson skýrði frá því, að frá októbermánuði 1960 hefðu komið 960 börn til meðferðar á geðverndardeild barna og þar af hefðu 14 þeirra dvalið á vöggustofunni. Björn Júlíusson upplýsti, að af þessum börnum hefðu aðeins tvö verið vistuð á hinn nýju vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Auður Jónsdóttir kvaðst vilja taka fram, að Sigurjón Björnsson hefði aldrei stigið fæti inn fyrir dyr vöggustofunnar eftir því, sem hún vissi til. Sigurjón Björnsson kvaðst ekki vilja tjá sig um það, hvort eða hvenær hann hefði komið þar inn, en rétt væri, að hann hefði ekki hitt forstöðukonuna að máli þar í húsinu.

Borgarfr. [Sigurjón] fór nú yfir skýrslur sínar um hvert hinn 14 framangreindra barna og lét í ljós þær ályktanir, sem geðverndardeild barna hefur dregið af athugunum sínum á þessum börnum um afleiðingar dvalar þeirra á vöggustofunni. Af skýrslum lækna kom enn fremur fram að mjög ber á milli við álit geðverndardeildarinnar um ástand barnanna, þegar þau fóru af vöggustofunum og enn fremur um orsakir þess, er þeim var þá ábótavant. Sigurjón Björnsson tók fram, að hann taldi dvöl barnanna á vöggustofunni ekki einu ástæðuna fyrir eftirfarandi erfiðleikum þeirra, þótt að vísu teldi hann dvölinu höfuðorsökina.

Í þessum umr. kom fram að geðverndardeild barna hefur ekki aflað sér upplýsinga eða skýrslna frá læknum vöggustofunnar um athugun þeirra á börnunum, meðan þau dvöldu á vöggustofunni. Síðan segir: „Kristbjörn Tryggvason óskaði sérstaklega bókað að í skýrslu geðverndardeildar barna um eitt barnanna er það tekið fram að systkini barnsins séu eðlileg. Skýrt var frá því að frá því í júní 1963 hefðu samtals 255 börn verið vistuð á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, þar af 168 á vegum barnaverndarnefndar. Eftir yfirferð framangreindra skýrslna taldi Sigurjón Björnsson að í 10 tilvikum hefðu börn borið skaðleg áhrif frá dvöl sinni á vöggustofunni. Þá tók Sigurjón Björnsson fram, að eftir að hafa hlýtt á skýrslur lækna, teldi hann sig sjá fleiri orsakir eftirfarandi veiklunar barna, sem dvalið hafa á vöggustofunni en hann hefði haldið fram til þessa. Borgarstjóri lagði áherslu á að



hann taldi ótvírætt að forstöðumanni geðverndardeildar barna bæri skylda til að afla sér allra upplýsinga frá læknum vöggustofunnar um skoðun þeirra á þeim börnum, sem deildin fær síðan til meðferðar eftir dvöl á vöggustofunni. Borgarstjóri kvaðst telja rétt, að tekin væri útskrift af skýrslum geðverndardeildarinnar og læknanna af öllum þeim tilvikum, sem geðverndardeildin telur, að börn hafi borið skaðleg áhrif við dvöl sína á vöggustofunni. Reynt verði síðan að samræma skoðanir aðila samkv. þessum skýrslum og komast að raun um, hverjar væru orsakir eftirfarandi erfiðleika barna, sem þar hefðu dvalið. Eftir að útskrift þessi hefur verið gerð, verður mál þetta tekið fyrir á nýjan leik.

Borgarstjóri kvaðst einnig vilja taka fram, að sér væri kunnugt um að skoðanir manna á rekstrarfyrirkomulagi vöggustofunnar væru skiptar og því væru þessi mál í athugun sérfræðinga og væri sjálfsagt að halda þeirri athugun áfram. Hins vegar taldi borgarstjóri áfellingisdóm Sigurjóns Björnssonar á borgarstjórnarfundinum 2. þ.m. svo alvarlegan, að rannsaka bæri til botns öll þau tilvik, sem Sigurjón Björnsson hefði nú nefnt sem dæmi þess, að börn hefðu borið alvarlegar andlegar menjar dvalar sinnar á vöggustofunni og væri höfuðnauðsyn að bæta úr því, sem aflaga kann að hafa farið. Að gefnu tilefni kvaðst borgarstjóri vilja spyrja Sigurjón Björnsson að því hvort hann teldi, að fleiri barnaheimili borgarinnar væru gróðrarstía andlegrar veiklunar. Þessari fyrirspurn svaraði Sigurjón Björnsson ekki, en sagði hins vegar að ef hafa ætti um þetta mörg orð og ef niðurstöðum geðverndardeildar barna væri alls ekki treyst, sæi hann ekki ástæðu til annars en að segja upp starfi sínu sem forstöðumaður stofnunarinnar. Borgarstjóri ítrekaði að hann liti mál þetta og ásakanir Sigurjóns Björnssonar svo alvarlegum augum, að hann mundi láta rannsaka málið til hlítar og ganga úr skugga eftir því sem auðið væri, hvort ásakanir Sigurjóns Björnssonar hefðu við rök að styðjast. Kristbjörn Tryggvason lét þess getið að sjúkdómur sá, sem nefndur er hospitalismi væri umdeildur á meðal fræðimanna og enn fremur orsakir hans og væri fremur á teoríustigi en sem viðurkenndur absolut sjúkdómur. Björn Júlíusson gaf skýrslu um starfsháttu vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og gat þess m.a. að mæður gætu hvenær sem er fengið að heimsækja börn sín þar. Enn fremur að frá byrjun hefðu starfað fóstrur þar, ein eða fleiri við vöggustofuna nema eitt sinn um sex mánaða skeið er þeirra var ekki völ. Þá gat hann þess, að af 32 plássum við vöggustofuna hefði barnaverndarnefnd til ráðstöfunar 27. Væri það staðreynd að mörg þessara barna hefðu áður búið við mjög erfiðar heimilisaðstæður og raunar oft verið vannærð og veik þegar þau komu á stofnunina.

Borgarstjóri ítrekaði fyrri fsp. sína til Sigurjóns Björnssonar um það, hvort hann hefði í huga fleiri heimili en vöggustofuna. Sigurjón Björnsson kvaðst með ummælum sínum í borgarstjórn hafa átt við hringferð sem sum börn þurfa að fara á milli viststofnana borgarinnar, og væri það sitt álit að þessi heimili gætu ekki búið börnunum þroskavænleg uppeldisskilyrði. Að öðru leyti svaraði hann ekki fsp. borgarstjóra. Og Unnur Schram tók fram að hún væri tíður gestur á vöggustofunni og

væri henni þá heimilað að leika við börnin og væri það svo um allar mæður, sem þar ættu börn. Fundargerðin var lesin upp og fundi slitið.<sup>208</sup>

Hinn 13. mars 1967 óskaði borgarstjóri eftir að geðverndardeild barna og Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins, þ.e.a.s. einkum læknar þeirra heimila, legðu skriflega fram þær greinargerðir sem þeir hefðu munnlega flutt á fundinum. Næsta dag bárust skýrslur frá læknum Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins frá læknum heimilanna, þeim Kristbirni Tryggvasyni og Birni Júlíussyni. Ljóst er að greinargerð Sigurjóns hefur einnig borist, enda er hún einnig varðveitt í málasafni borgarstjóra.

Um svipað leyti birtust í dagblöðum greinar sem konur í Thorvaldsensfélaginu rituðu í kjölfar gagnrýni Sigurjóns. Í *Morgunblaðinu* 11. mars 1967 birtist t.d. greinin „Hugleiðing að gefnu tilefni“ eftir Guðnýju Albertsson, sem starfaði meðal annars sem gjaldkeri barnauppeldissjóðs félagsins. Í grein Guðnýjar er rakið að hún geti ekki orða bundist yfir gagnrýni Sigurjóns og lýsir í því sambandi helstu kostum vöggustofunnar:

Hversu úrelta sem sálfræðingurinn telur Vöggustofuna vera, þá er hún bara tæpra 4 ára gömul, og þá byggð samkvæmt nýjustu og fullkornustu kröfum um slíkar stofnanir. Mér er óhætt að segja að þar hafi allt verið miðað við það besta fánlegasta og ekkert til sparað.

Í samræmi við það var líka forstöðukonan valin. Það var hvorki „pólítík“ eða tilviljun sem réði því að frk. Auður Jónsdóttir var valin í þá stöðu heldur hitt að hún uppfyllti allar þær kröfur sem til þurfti. – Í fyrsta lagi er hún útlærð hjúkrunarkonan með lofsverðan starfsferil að baki. Í öðru lagi hefur hún sérmenntun í meðferð ungbarna og stjórn á slíkri stofnun. Þess utan hafði hún einróma meðmæli allra sem til hennar þekktu sem góð og heiðarleg manneskja, sem hún hefur síðar sannað að ekki var neitt oflof. Er því illa farið að heimilið skuli ekki geta notið starfskrafta hennar áfram – en hún hefur sagt upp starfi frá 1. maí nk.

Úrvals læknar, barnalæknar (sérfr.) hafa alltaf verið við heimilið, og starfsfólk valist vel – yfirleitt. Enda aldrei vantað og færri komist að en vildu, og er það enn eitt dæmi um yfirburði forstöðukonunnar.

Mörg dæmi er um að þarna hafa komið erlendir læknar, og annað fólk með áhuga á svipaðri starfsemi, og hafa allir lokið lofsorði á þessa stofnun, eftir að hafa kynnt sér hana. M.a. get ég getið þess hér að þekktur læknir í einu af fylkjum Bandaríkjanna - sem var hér á ferð - mæltist til að fá að sjá Vöggustofuna, sem hann og fékk. Ég innti hann svo eftir því hvað honum fyndist, eða hvort hún myndi ekki fullnægja þeim kröfum sem til slíkra stofnana væru gerðar? Hann svaraði því til að auk þess sem hún gerði það, þá væri þó annað sem enginn gæti komist hjá að veita

---

<sup>208</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

athygli – sem inn kæmi – og það væri reglan og stjórnsemin, ásamt ánægjunni og vellíðaninni sem skini út úr hverju einasta litlu andlitanna“.

Í kjölfarið vikur Guðný máli sínu að Sigurjóni Björnssyni, sem sé aldeilis ekki á sömu skoðun, „enda varla von þar sem hann mun þar aldrei inn fyrir dyr hafa komið, að mér er tjáð.“ Kveður Guðný sér vera óskiljanlegt af hvaða rótum gagnrýnin sé runnin, og að „jafn óskiljanlegt sé í sjálfur sér að um leið og [Sigurjón] bregður öðrum um aðgerðir sem ganga glæpi næst, þá auglýsir hann í rauninni sjálfan sig meðsekan með því að þegja um það.“<sup>209</sup>

Í frétt í *Þjóðviljanum* 16. mars 1967 kemur fram að Sigurjón Björnsson hafi sagt lausu starfi sínu sem forstöðumaður Geðverndardeildar barna á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur eftir að hafa starfað þar um sjö ára skeið. Í fréttinni er haft eftir Sigurjóni að uppsögn hans hafi átt sér langan aðdraganda. Um ástæður uppsagnarinnar vísaði Sigurjón einkum til þess að þrátt fyrir að innan Heilsuverndarstöðvar hefði safnast hópur sérfræðinga með sérþekkingu á málefnum fjölskyldna í Reykjavík hefðu borgaryfirvöld litið hirt um að nýta sér hana við stefnumótun.<sup>210</sup>

Sigurjón lýsti því síðar í viðtalinu að hann hafi af þessum sökum látið reyna á það að fylgja málefnum barna eftir á vettvangi borgarstjórnar sem kjörinn borgarfulltrúi. Síðan er haft eftir Sigurjóni:

Ég komst að því þegar ég var að reyna að fara þessa leið að fagmannsjónarmiðin eru látin víkja þegar út í pólitíkina er komið og segja má að rangt sé að blanda þessum málum saman við pólitík og flokkadrætti en önnur leið virtist ekki fær. En þegar því er haldið fram að borgarstarfsmenn megi ekki ræða þessi málefni innan borgarstjórnar og þeir hafa enga aðra möguleika til þess, er óneitanlega komið í eins konar sjálfheldu.

Þá er aðeins um tvennt að ræða: annaðhvort að draga sig út úr stjórn máluum og sætta sig við seinaganginn og aðgerðaleysið eða að velja þá leið að hafa frjálsar hendur til að gagnrýna það sem miður fer og koma með tillögur sem verða taldar til úrbóta.

Og ég vil taka það fram að það er mikill misskilningur að halda að það sé verið að deila á stofnanirnar sjálfar og starfsfólk þeirra þegar gagnrýni á borð við þá á vöggustofuna kemur fram. Hér er verið að deila á fyrirkomulagið og þá sem stjórna þessum málum. Barnaverndarmál hafa ekki verið skipulögð en það verður að vinda bráðan bug að því að það verði gert, ekki síst þar sem Reykjavík er vaxandi borg.<sup>211</sup>

<sup>209</sup> Morgunblaðið 11. mars 1967, bls. 8.

<sup>210</sup> Þjóðviljinn 16. mars 1967, bls. 12.

<sup>211</sup> Þjóðviljinn 16. mars 1967, bls. 12.

Í grein sem birtist í *Morgunblaðinu* daginn eftir voru gerðar athugasemdir við frásögn Sigurjóns og fullyrt að uppsögn hans væri „greinilega af öðrum rötum spunnin en hann vill nú láta í veðri vaka, enda hafði áður farið fram á það við stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar að hann yrði aðeins laust ráðinn hluta af föstum starfstíma.“<sup>212</sup>

Með bréfi til forstöðumanns geðverndardeildar barna, Sigurjóns Björnssonar, dags. 21. mars 1967, ítrekaði borgarstjóri beiðni sína um að hann legði fram skriflega þá greinargerð sem hann hefði flutt á fundinum 9. mars 1967. Því bréfi svaraði forstöðumaður geðverndardeildarinnar, Sigurjón Björnsson, með bréfi, dags. 28. mars 1967, með þeim orðum að sú útskrift sem hann hefði lesið á fundinum hefði verið fullnægjandi til þess að gera sér grein fyrir því við hvaða rök ummæli hans á fundinum hefðu að styðjast.

Þann 21. mars 1967 fóru þau Símon Jóhannes Ágústsson og starfsmaður Barnaverndarráðs í eftirlitsferð á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Er þetta einungis annað dæmið sem finnst í skriflegum gögnum um eftirlitsheimsóknir Barnaverndarráðs á Vöggustofuna Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins frá árinu 1949. Af fundargerðum Barnaverndarráðs frá 1949 til 1967 verður þó ráðið að eftirlitsheimsóknir hafi farið fram nær árlega á öll önnur barnaheimili, þar á meðal Silungapoll sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur annaðist rekstur á.

Á fundi borgarstjórnar 6. apríl 1967 beindi Sigríður Thorlacius borgarfulltrúi Framsóknarflokksins þeirri fyrirspurn til borgarstjóra hvort farið hefði fram rannsókn á ummælum Sigurjóns Björnssonar um vöggustofu Thorvaldsensfélagsins að Hlíðarenda og fleiri barnaheimili. Borgarstjóri tók til máls og gerði borgarstjórn ítarlega grein fyrir fundinum 9. mars 1967 með því að lesa orðrétt upp fundargerð þess fundar. Vék borgarstjóri síðan að því að engin mótmæli hefðu komið fram á fundinum við þeirri ósk hans um að geðverndardeild barna og Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins, þ.e.a.s. einkum læknar þeirra heimila, legðu skriflega fram þær greinargerðir sem þeir hefðu munnlega flutt á fundinum.

Á sama fundi var lögð fram tillaga borgarfulltrúa Alþýðubandalagsins að skipa nefnd þriggja manna, sérmenntaðra í uppeldisfræði, sálfræði og geðlækningum, til að rannsaka fyrirkomulag og uppeldisskilyrði í Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins að Hlíðarenda. Í framhaldinu lagði borgarstjóri fram þá tillögu að borgarstjórn myndi óska eftir því við Barnaverndarráð að það léti „rannsaka, hvort staðhæfingar Sigurjóns Björnssonar á borgarstjórnarfundi 2. mars sl. um, að sum barnaheimili hér í borg séu „gróðastía andlegrar veiklunar“ hafi við rök að styðjast.“ Tillagan var samþykkt á fundinum með átta atkvæðum gegn sjö og var borgarstjóra þar jafnframt falið að „safna öllum gögnum varðandi málið og leggja þau fyrir barnaverndarráð“.

Borgarstjóri óskaði síðan eftir því að Sigurjón skilaði honum skýrslu yfir þau börn sem hlotið hefðu skaða af vistheimilisdvöl. Í bréfi Sigurjóns til borgarstjóra, dags. 6. apríl 1967, segir að

---

<sup>212</sup> [Morgunblaðið 17. mars 1967, bls. 2.](#)

síðan Geðverndardeild barna tók til starfa í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur haustið 1960 hafi verið vísað þangað „til rannsóknar og ev. therapeutískra aðgerða 14 börnum á aldrinum 4-13 ára, sem dvalist höfðu á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins að Hlíðarenda á 1. og/eða 2. ári.“ Við rannsókn barnanna hafi komið í ljós að „há a.m.k. 10 þeirra virtust vera mestar líkur á því að sköddun sú sem orðið hafi á sálarlífi barnanna hlyti að hafa orðið mjög snemma í bernsku, þ.e. á 1. eða 2. ári. Síðan segir:

Symptomatologia þessara barna var í góðu samræmi við alþekktar kenningar, sem halda því fram að slík symptom-flora, sé algeng afleiðing af frustrationum og sveiflum varðandi myndun object-tengsla í frumbernsku.

Þess háttar ástand skapast nálega einvörðungu við dvöl barna á stofnunum fyrir ungbörn þar sem möguleikar á object tengslum eru litlir.

Erfitt var því að sniðganga þá ályktun að dvöl hinna 10 barna á Vöggustofunni hafi verið þeim til andlegs meins. Í þessu sambandi má minna á að margoft hefur verið bent á að sensitivitet barna sé mest á aldrinum 6-18 mánaða og því sé á þeim aldri mest hættu á að kontakt-möguleikar þeirra rýrni ef ekki er sinnt um að veita þeim varanlegt og politivt object. Þessi 10 börn dvöldust á Vöggustofunni mikinn hluta þessa tímabils og sum allan tímann. Aftur á móti dvöldust hin börnin fjögur skemmri tíma eða þá fyrir 6 mánaða aldur. Hér staðfestir því material okkar kenninguna, enda þótt augljóst sé að gera þyrfti stærri systematiska könnun til að full víska fáist.<sup>213</sup>

Sigurjón lýsir síðan nánar þessum tíu börnum og gerir grein fyrir helstu einkennum þeirra. Tvö barnanna eru sögð hafa haft mjög alvarleg einkenni bæði geðrofs- og einhverfurófsraskanna. Þau hafi haft skyntruflanir, stegldar hreyfingar, slegið höfðinu við og jafnvel haft sögu um stjarfa. Allt hefði bent til þess að einkennin hefðu átt upphaf sitt sem þunglyndi af völdum tengslaleysis á fyrsta ári. Hinum 8 börnunum lýsir Sigurjón þannig að þau hafi sýnt vægari einkenni og nokkuð fjölbreytta sjúkdómsmynd, en hjá þeim hafi verið mest áberandi takmörkuð tilfinningaleg tjáning, flöt svipbrigði og frávik í skynúrvinnslu sem hefðu valdið börnunum vanlíðan og orsakað skerðingu á vitsmunalegri og tilfinningalegri virkni. Að lokum segir Sigurjón:

Þessi stuttorða frásögn er - í mjög samanþjöppuðu og ófullkomnu formi - kjarni að rökstuðningi fyrir fyrri ummælum mínum um þessi mál. Vænti ég þess að sérfróðir menn geti við lestur hennar gert sér grein fyrir því í hvaða átt gagnrýni mín stefnir. Þegar svo rannsóknarnefnd sérfræðinga hefur verið skipuð mun ég ásamt

<sup>213</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. F 83.

samstarfsmönnum mínum leggja fram frumgögn öll og munum við túlka þau og skýra fyrir nefndarmönnum.<sup>214</sup>

Í greinargerð sem Sigurjón skilaði borgarstjóra í kjölfarið, rakti hann rannsóknir á áhrifum umhverfisins á þroska ungbarna. Þá benti hann á það sem birst hefði á íslensku um þær í bókum Símonar Jóhannesar Ágústssonar og hans sjálfs sem komu út árið 1964 og vitnað er til hér að ofan. Vísaði Sigurjón þar sérstaklega til rannsókna John Bowlby og René A. Spitz. Í framhaldinu rakti Sigurjón helstu drættina í því hvernig hann teldi að reka beri slíkar stofnanir í ljósi þessara rannsókna þannig að börn biðu sem minnst tjón af:

Eins og áður getur ber af öllum mætti að forðast, að tengsl móður og barns rofni meira en nauðsynlegt er: Það er þungamiðja alls og allar ráðstafanir stefna að því, að hamla gegn aðskilnaði eða þá að reyna að bæta barninu hann upp með öllum ráðum. Af þessum sökum er móðurinni gert að skyldu – þegar hægt er að koma því við – að heimsækja barnið á hverjum degi og annast það að einhverju leyti, t.d. gefa því að borða. Er mæðrunum þá séð fyrir viðeigandi aðstöðu til að sinna börnum sínum. Þar sem mörg börn þola þessi tengslarof sérstaklega illa á aldrinum 6-18 mánaða, er á sumum hinna bestu barnaheimila ætluð sérstök herbergi til þess að mæður geti dvalist þar hjá börnum sínum.

Ég sagði, að mæðrum væri gert að skyldu að heimsækja og annast barnið. Á því er vissulega reginmunur og hinu, að mæðrum sé leyft að heimsækja barnið, en að öðru leyti láttnar afskiptalausar. Gott barnaheimili greinir frá slæmu ekki minnst í því, að á hinu fyrrnefnda er góður skilningur á þýðingu móðurinnar fyrir barnið og allt gert til þess að treysta og viðhalda nánu sambandi á milli þeirra. Nú er það svo að margar mæður, sem setja börn sín á vistheimili, að þær eru óþroskaðar, fákunnandi og lítt til móðurumhyggju fallnar af mörgum ástæðum. Öllum ber saman um, að nauðsynlegt sé að kenna þessum mæðrum umönnun barna sinna, brýna fyrir þeim skyldur þeirra og ábyrgð. Því þarf forstöðukona heimilisins og sérfræðilegir ráðunautar að leggja mikla alúð við þessa hlið málsins. Sé þessu atriði gefinn góður gaumur kemur fljótt í ljós hvaða mæður geta tekið börnin aftur, er aðstæður þeirra breytast og hverjar þarf að svipta forræði. Þetta er mjög þýðingarmikið, vegna þess að með því móti er hægt að ganga fljótt úr skugga um, hvaða börnum þarf að sjá fyrir varanlegu einkafóstri. Miða ber að því að hafa barnaheimiladvölinu eins skamma og mögulegt er, en að sjá barninu sem fyrst fyrir móðurstaðgengi.<sup>215</sup>

Sigurjón vék síðan að því hvernig rekstrarfyrirkomulagi þessarar stofnana væri best háttað:

---

<sup>215</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83. Sigurjón birti greinargerðina opinberlega í tímaritinu Rétti sama ár, en upplýsingar um persónulega hagi barna og auðkenni þeirra höfðu þó verið afmáð, sjá Sigurjón Björnsson: „Vistheimili fyrir ungbörn.“ *Tímaritið Réttur*, 1967, bls. 43.

Allir eru sammála um að það sé í hæsta máta óheppilegt að reka vöggustofur sem sjúkrahús. Séu þau börn, er koma á vöggustofuna veik - eða veikist þau - á vitaskuld að stunda þau á barnadeildum sjúkrahúsa eins og önnur börn. Engin rök mæla með því, að vöggustofur skuli líkjast sjúkrahúsum. Margar röksemdir eru hins vegar á móti. Allur svipur vöggustofunnar verður einhæfari og óheimilislegri, umönnun oft ópersónulegri, óþörf áhersla á kerfisbundna reglusemi, og sérviskulegt hreinlæti. Allt þetta er í andstöðu við þá eðlilegu grósku og lífræna frjálsræði, sem þarf að umlykja barnið til þess að það fái notið sín.

Samkvæmt þessu á forstöðukona vöggustofunnar að vera fóstura með haldgóða sérmenntun og þjálfun í meðferð ungbarna. Hún þarf að búa yfir traustri þekkingu á þörfum barna og þroskaskilyrðum þeirra og vera vel vitandi um þær hættur, sem geta verið samfara starfsrækslu vöggustofu. Forstaða slíkrar stofnunar er vissulega vandasöm staða og ekki á færi annarra en úrvalkvenna að gegna henni svo að vel fari. Það er vonandi ekki úr vegi að geta þessa hér, þar sem nú mun standa fyrir dyrum ráðning forstöðukonu á þá stofnun sem hefur orðið tilefni þessarar greinargerðar.

Nánasti ráðgjafi forstöðukonunnar er barnasálfræðingurinn og hún þarf einnig að eiga greiðan aðgang að félagsráðgjafa varðandi samstarfið við mæðurnar, en sá starfsmaður hefur einnig með höndum að aðstoða mæðurnar í einkamálum þeirra og stuðla sem best að því, að þær geti tekið við börnum sínum og búið þeim viðunanleg uppeldisskilyrði. Í þriðja sæti kemur svo hinn ráðgefandi barnalæknir, einnig má hann gjarnan hafa svólítið meira til brunns að bera en hina venjulegu barnalæknismenntun sína.

Leggja ber mikla áherslu á hæfni og undirbúning aðstoðarstúlkna. Það er með öllu óverjandi, að til þess starfa séu teknar ungar stúlkur utan af götunni undirbúningslaust. Best er vitaskuld, að aðstoðarstúlkurnar hafi fósturmenntun, en sé ekki hægt að koma því við, er óhjákvæmilegt að þær eigi kost á nokkurri verklegri þjálfun og bóklegri fræðslu, áður en þær taka til starfa, auk þess sem þær þarf að velja sérstaklega með tilliti til umgengni við börn, skapgerðar og almenns persónuþroska.

Talið er hæfilegt að ekki séu fleiri en 2-4 börn í umsjá hvernar fósturu. Fóstran sér um sömu börnin ávallt, nema þegar skipt er um vakt, en þá tekur önnur fóstura við og er það einnig ávallt hin sama.

Margir mæla með því, að hverri vöggustofu sé skipt niður í litlar einingar, sem hafa á sér heimilislegan blæ og hlýlegan. Nægilegt þarf að vera af leikföngum og öðrum úrræðum til að örva skynjun barnsins. En sjaldnast er það nóg, því að þrátt fyrir þetta verður fyrir okkur hinn erfiði tálmi flestra barnaheimila: vaktaskiptakerfið. Margir hafa rætt um það mál, því allir eru sammála um, að það sé hinn mesti bagi



barnaheimila. Fáir treysta sér til að halda því fram að hægt sé með öllu að komast hjá vaktaskiptum starfsfólks, en unnt er þó að gera þar verulega bót á, ef góður vilji er fyrir hendi. Eins og ég gat um, er æskilegast að sama fósttran skipti sér sem mest af sama barninu og reyni allt hvað hún getur til að ganga því í móður stað. Vel er hægt að koma því þannig fyrir, að ekki annist fleiri en tvær fósturur sama barnið. Mörg börn þola það, ef dvölin er ekki mjög löng. Þar sem sjáanlegt er að andlegri heilsu barnsins hrakar eða því fer óeðlilega lítið fram – og það leynir sér vitaskuld ekki – er ekki annað til ráða en að sú fósttra, er annast barnið mest, taki það alveg að sér meðan það er að ná sér. Þarf þá fósttran að búa á barnaheimilinu og sjá um barnið dag og nótt eins og móðir myndi gera.<sup>216</sup>

Sigurjón fjallar síðan í greinargerð sinni um vistunartíma ungbarna:

Áður gat ég þess, að nauðsynlegt væri að hafa dvöl barnsins á barnaheimilinu eins stutta og mögulegt er. Fari barnið á vistheimili strax eftir fæðingu, er þó tiltölulega lítil hætta á ferðum, þó að barnið dveljist þar til 5-6 mánaða aldurs, sé heimilið rekið samkvæmt framangreindum meginreglum. En úr því eykst hættan hröðum skrefum. Þess vegna þarf að leggja allt kapp á að sjá barninu fyrir hæfilegum varanlegum dvalarstað, áður en það er hálfis árs gamalt. Fyrir þann tíma þarf að ganga frá fósttri allra þeirra barna, sem ekki eiga afturkvæmt til móður sinnar, enda á það yfirleitt að vera hægt, nema alveg sérstakar aðstæður komi til. Ætli móðirin sjálf að annast barnið, þarf að leggja mikla áherslu á að hún geti tekið það fyrir hálfis árs aldur – og oft mun hún þarfnast aðstoðar við að búa sér og barni sínu heimili. Dragist þetta lengur, er óhjákvæmilegt að móðirin auki verulega afskipti sín af barninu, uns hún fær það með öllu.

Sérstaka varúð þarf að viðhafa, þegar um vistun 6–18 mánaða barna ræðir. Þar má *aldrei* nota barnaheimilið, nema sem algert neyðarúrræði, þegar engir möguleikar eru á einkafósttri, sem hæfir. Reynist hins vegar óumflýjanlegt að leita á náðir barnaheimilis má dvöl barnsins helst ekki fara fram úr tveimur mánuðum. Þeim börnum þarf þar að auki að sinna sérstaklega í samræmi við það sem að ofan greinir.

Eftir því sem nú hefur verið sagt, ætti að liggja ljóst fyrir, að barnaheimili fyrir ungbörn, sem rekið er með sjúkrahúsyrirkomulagi, þar sem þorri starfsfólks er lítt eða ekkert þjálfður, þar sem vaktaskiptakerfinu er beitt, þar sem afskipti mæðrana af börnunum eru lítil og ekkert er gert til að auka þau, þar sem dvöl barnanna, margra hver er of löng – heimili, sem þannig starfar hefur ekki tekið tillit til þeirra endurbóta,

---

<sup>216</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

sem nú þykja sjálfsagðar og nauðsynlegar og er því engin von til annars en að mörg börn, er þar dveljast hljóti veruleg og varanleg mein.

Ég vil nú gera grein fyrir þeim börnum sem Geðverndardeildin hefur haft afskipti af á undanförunum árum og dvalist hafa á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á Hlíðarenda. Eins og að líkum lætur get ég ekki sagt nema lítið eitt um hvert barn fyrir sig. Mér dylst heldur ekki að fleiri ástæður en Hlíðarendadvölin kunni að hafa haft áhrif á andlegt ásigkomulag barnsins, eins og það var þegar það kom í okkar hendur. Ég er þó persónulega sannfærður um að barnaheimilisdvölin hefur átt drýgstan þátt í að raska jafnvægi þessara barna.

Þessi 14 börn sem ég get um hér á eftir eru tekin úr hópi 960 barna sem við höfum séð á árunum 1960-1967. Vera má að fleiri Hlíðarendabörn leynist í okkar skrá, þar sem um 60 börn af þessum hópi eru ekki fullrannsökuð og upplýsingar ekki enn fengnar um dvalarstaði þeirra frá fæðingu. Að öðru leyti hafa öll börn verið tekin úr okkar skrá sem dvöldust á Hlíðarenda. Ég taldi rétt að velja þar ekkert úr ef ske kynni að einnig fyndust börn sem ekki hefðu hlotið nein mein af dvölinni. Þess er vitaskuld rétt að geta að þessi tala 14 börn segir ekkert um það hversu mörg börn í heild hafa beðið tjón af barnaheimilivist. Um það veit enginn að svo stöddu. Tel ég að nauðsyn beri til að rannsaka það í heild sinni sem allra fyrst á vísindalegan hátt þar sem um svo alvarlegt mál er að ræða.

Loks má nefna að auk þeirra 960 skýrslna sem þessi 14 börn eru tekin úr, hef ég undir höndum um 1600 skýrslur yfir börn sem ég eða samverkamenn mínir hafa séð á liðnum árum. Flest þeirra eru úr Reykjavík. Mér hefur ekki unnist tími til að kanna þær skýrslur, en að óathuguðu máli og eftir því sem minni mitt segir hef ég ekki ástæðu til að ætla að útkoman sé önnur úr þeim hópi.<sup>217</sup>

Á meðan þessum bréfaskiptum gekk komu málefni vöggustofunnar til frekari umfjöllunar á opinberum vettvangi. Í grein sem Adda Bára Sigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sósíalístaflakksins 1962 til 1966 ritaði í *Þjóðviljann* 14. apríl 1967, sagði að síðastliðin fimm ár hefði ekki linnt aðfinnslum um vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, bæði í barnaverndarnefnd og barna- og leikvallanefnd. Í greininni segir:

Fyrir einu ári þóttist ég vera búin að fylgjast nægilega lengi með þessu máli til að vita með vissu að engin breyting fengist fram nema gripið væri til annarra aðgerða en að ræða málið fyrir luktum dyrum þessara tveggja nefnda. Ég fól því fulltrúa Alþýðubandalagsins í barnaheimila- og leikvallanefnd í samráði við fulltrúa þess í barnaverndarnefnd, Gyðu Sigvaldadóttur, að tilkynna framkvæmdastjóra nefndarinnar Jónasi B. Jónssyni fræðslustjóra, að ég myndi taka málið fyrir á borgarstjórnarfundum, ef ekki yrðu gerðar ráðstafanir til úrbóta. Árangur þessarar

<sup>217</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. F 83.

hótunar var sá að fenginn var uppeldisfræðingur, frú Valborg Sigurðardóttir, til að líta reglulega eftir heimilinu, tvær fósturur voru ráðnar og leikföng keypt, en eftir því sem ég best veit hefur sjálfu uppeldisfyrirkomulaginu í engu verið breytt.<sup>218</sup>

Í kjölfarið fjallar Adda Bára um þá annmarka sem hún telur enn vera á rekstri vöggustofunnar:

En hvað er þá athugunarvert við heimilið? Fyrstu kynni mín af því voru þau að stúlka sem ég þekkti komst í þær aðstæður fyrir um það bil 10 árum að þurfa að biðja stofnunina fyrir barn sitt í nokkra mánuði. Barnið var eðlilega þroskað þegar það fór þangað – en þegar það kom þaðan sjö mánaða gamalt hélt það ekki höfði. Sjálf átti ég þá barn á sama reki og munurinn skar hastarlega í augu. Sem betur fer beið þetta barn ekki varanlegt tjón af vistinni, sem var heldur ekki löng.<sup>219</sup>

Adda Bára nefndi einnig í grein sinni að hún hefði á fundi í Kvenréttindafélagi Íslands rætt við menntaskólastúlku sem hafði unnið á Silungapolli sumarlangt og sagt eitthvað á þá leið að það væri ótrúlegt hvað börnin sem kæmu frá Hlíðarenda væru vesöl. Starfstúlkur á Silungapolli væru látnar punda í þau lýsi til að láta braggast, en börnin kynnu ekki að borða sjálf og þau væru gersamlega ótalandi. Nokkru síðar hefði hún komist í kynni við Idu Ingólfssdóttur fósturu í Steinahlíð sem hefði lesið henni pistilinn sem borgarfulltrúa með svofelldum hætti:

Borgarstjórnin rekur á Hlíðarenda stofnun sem er til skammar. Stofnunin er skipulögð og starfrækt eins og um spítala væri að ræða. Starfsstúlkur ganga þar vaktir og barnið kynnist ekki neinni þeirra annarri fremur, það fær engan staðgengil fyrir móður sína. Börnin eru mötuð með skeið allan tímann (fram yfir tveggja ára aldur) og allur matur er í kássuformi. Þau eru óhæfilega mikinn hluta sólarhringsins í rúminu. Það er farið að undirbúa nóttina klukkan hálf fimm, og frá klukkan sex og til morguns eiga þau að sofa nætursvefni. Börnin læra ekki að umgangast hluti á eðlilegan hátt, í herbergjum þeirra eru tæpast önnur húsgögn en rúmin ein. Allar aðstæður eru þannig úti og inni að börnin hafa engin skilyrði til eðlilegs þroska.

Fyrir nokkrum áratugum mun hafa verið talið eðlilegt að hafa vöggustofur með þessu sniði. Menn tóku að vísu eftir því að börn sem dvöldust á slíkum stofnunum urðu langt á eftir öðrum börnum um þroska, en töldu að við því væri ekkert að gera. Þeir gerðu sér grein fyrir því hve háskalegar afleiðingarnar gátu orðið fyrir börnin síðar í lífi þeirra.

---

<sup>218</sup> Þjóðviljinn 14. apríl 1967, bls. 5.

<sup>219</sup> Þjóðviljinn 14. apríl 1967, bls. 5. Eins og fram kemur í kafla 4.3.1. hér að framan var skýrt frá því á fundi barnaverndarnefndar Reykjavíkur 28. apríl 1966 að Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar, hefði tekið að sér að annast uppeldislegar leiðbeiningar og eftirlit á vöggustofunni. Enn fremur sagði í fundargerðinni að ákveðið hefði verið að ráða fósturu á vöggustofuna.

Fyrirkomulag vöggustofunnar á Hlíðarenda er arfur frá þessum tíma. Thorvaldsenskonur, sem áratugum saman hafa unnið fórnfúst starf við fjársöfnun fyrir vöggustofuna, vilja auðvitað vel en þeir sem þarna stjórna og skipuleggja hafa bara ekki fylgst með tímanum.

Í framhaldinu fjallar greinarhöfundur um fundinn sem borgarstjóri kallaði saman eftir framkomna gagnrýni Sigurjóns Björnssonar. Jafnframt gagnrýndi hún að Valborg Sigurðardóttir, fóstura og skólastjóri fóstruskólans Sumargjafar hafi ekki mætt á fundinn og að álit hennar hafi hvergi komið fram.

Enn var fjallað um málefni vöggustofunnar í grein sem birtist *Tímanum* 25. apríl 1967 eftir Valborgu Bentsdóttir, sem þá sat í barnaverndarnefnd Reykjavíkur og var auk þess ritari nefndarinnar. Valborg hafði þá setið í barnaverndarnefnd síðan 1962. Greinin bar heitið „Bænaskrár á barnadaginn“ en þar var starfsemi vöggustofunnar gagnrýnd harðlega og henni lýst á þann veg að stofan væri

[...] hús úr harðviði og gleri til að láta litlar manneskjur hýrast þar í skugga ástleysis í köldu og persónulausu spítalahreinlæti, áratug eftir að aðrar menningarþjóðir voru í óðaönn að dæma dvalarvöggustofur ónothæfar og unnu því markvisst að því að leggja þær niður.

Í greininni beinir höfundur orðum sínum til félagskvenna Thorvaldsensfélagsins og veltir upp hugmyndinni hvort rekstur vöggustofunnar í þáverandi mynd feli í sér mistök:

En mistökin á dvalarvöggustofunni eru ekki fyrst og fremst byggingin heldur einkum og sér í lagi reksturinn. Stofnun sem ætluð er heilbrigðum börnum til uppeldis er rekin með sjúkrahúsyrirkomulagi með lækna og hjúkrunarlið í fyrirsvari í stað uppeldisfræðinga og fóstura.

Viljið þið koma með mér í litlu dagvöggustofuna sem eru á sömu lóð í húsi sem er lítið og lágkúrulegt við hliðina á stóra steinhúsinu ykkar. Á þessu heimili hefur að mínu viti verið gert allt til að gera litlum öngum vistina góða, meðan mæður verður að gegna því hlutverki að vinna sér og þeim farborða. Litlu hnokkarnir eiga flestir móðurfaðminn að hverfa að og geta til næsta morguns og alla almenna frídaga notið nærveru móður og umhyggju hennar. Þau geta sofnað hvert kvöld með vitund um móður sem þykir vænt um þau.

Um það bil sem þau eru að búast til heimferðar með mæðrum sínum skulum við bregða okkur aftur að stóra, fallega húsinu og litast þar um bekk. Litlu öngunum þar er ætlað að byrja nótt upp úr nóni. Þau eru nú komin ofan í rúm. Þau þekkja ekki að til sé nokkur mannvera sem láti sér annt um þau öðru fremur. Móðirin er fjarverandi af einhverjum orsökum og engin hefur gert tilraun til að koma í hennar stað. Þau liggja sápuþvegin og sljó, í hvítum rúmfötum þar sem varla sést blettur eða hrukka, hreinlætið fullkomið en kuldinn alger. Þau eru þess ekki umkomin að gráta

vöntun sína. Vitund þeirra hefur ekki þroskast til að hafa einhvers að sakna. Máskæ liggur einhver litli snáðinn á fjórum fótum og ruggar sér fram og aftur eins og var þegar ég kom þar fyrir skömmu. Sérfræðingar segja að þetta sé merki um taugaveiklun og sé mjög algengt að hún stafi af tilfinningalegri vanhírðu. En borin von er að nokkur gangi hjá sem sinnir slíku. Og þessi litla manneskja sofnar að lokum vansæl án þess að skynja það. Og næsti dagur sama sagan, sápuþvottur, algert athafnaleysi og matur úr skeið.

Og nú spyr ég, góðu konur, gætuð þið hugsað ykkur slíkt hlutskipti handa börnum ykkar og barnabörnum tvö fyrstu æviárin eða lengur?<sup>220</sup>

Unnur Schram, formaður Thorvaldsensfélagsins, gerði athugasemdir við grein Valborgar fyrir hönd félagsins sem birtust í *Tímanum*, *Morgunblaðinu*, *Alþýðublaðinu* og *Þjóðviljanum* 29. apríl 1967. Var þar bent á að Reykjavíkurborg annaðist starfsemi vöggustofunnar og rekstur hennar væri því félaginu óviðkomandi. Um þá gagnrýni sem fram hefði komið á fyrirkomulag vöggustofunnar sagði svo í grein Unnar:

Þegar félagskonur réðust í byggingu þessa fyrir 7 árum var leitað til heilbrigðismálanefndar, sérfræðinga í byggingarmálum, forstöðukvenna dagheimila, hjúkrunarkvenna, lækna o.fl.

Arkitekt byggingarinnar og fræðslustjóri fóru utan til þess að kynna sér fyrirkomulag slíkra stofnana í nágrannalöndunum og seinna fór ráðin forstöðukona vöggustofunnar og dvaldist á vöggustofum til að kynna sér rekstur þeirra.

Er byggingin hófst var allt í samræmi við ströngustu kröfur í nágrannalöndunum.

Frú Valborg fer því ekki með rétt mál þar sem hún segir að vöggustofa þessi sé byggð eftir löngu úreltu fyrirkomulagi.

[...]

Forstöðukona var ráðin frk. Auður Jónsdóttir, er hafði hin ágætustu meðmæli frá hjúkrunarkonum og læknum og einn af okkar færustu barnalæknum var ráðinn að heimilinu. Félagskonur sáu áralangt erfiði að baki, horfðu glaðar fram á veginn til baráttu að ný. Allt gekk að óskum þar til stofnunin dróst inn í hina pólitísku hringiðu.

Heilbrigð gagnrýni er í öllu ákjósanleg, ef hún er byggð á reynslu og þekkingu.

---

<sup>220</sup> *Tíminn* 25. apríl 1967, bls. 8.

Eitt vildum við taka fram að hvorki Sigurjón Björnsson eða Adda Bára Sigfúsdóttir er mest hafa gagnrýnt þetta heimili hafa aldrei þar inn fyrir dyr komið.

Við erum mjög undrandi yfir að aðili að barnaverndarnefnd borgarinnar skuli ráðast að stofnun þessari þar sem henni er kunnugt um að þetta er eini staðurinn sem einstæðar mæður geta haft börn sín til dvalar yfir sólarhringinn, vitandi það að allt er gert til að láta þeim líða sem best. Dagheimili eru ágæt og ákjósanleg fyrir þær mæður er geta notfært sér þau. Það gerist margt hér í borginni á morgnanna áður en flest fólk vaknar. Þær mæður sem hafa börn sín á dagheimilum eru sjálfsagt örpreyttar er þær mæta til vinnu á morgnanna. Íslensk veðráttta hefur löngum verið miskunnarlaus og hörð yfir vetrarmánuðina. Er því hægt að geta sér þess til, hvílkir erfiðleikar eru hjá þessum mæðrum, sem þurfa að brjóta sér langar leiðir til dagheimila með börn, annaðhvort í barnavögnum eða með þau í fanginu til strætisvagna, því fæstar af þeim hafa bíl til umráða.<sup>221</sup>

Morgunblaðið og Þjóðviljinn birtu 28. og 29. apríl yfirlýsingu frá móður tveggja barna á vöggustofunni þar sem hún lýsti með jákvæðum hætti reynslu sinni af vöggustofunni en annað barnið dveldi þar enn.<sup>222</sup> Í yfirlýsingunni segir:

Það er ekki áreynslulaust fyrir móður að þurfa að láta barnið sitt frá sér, jafnvel þótt um stundarsakir sé. Mér var það því ómetanlegur styrkur er ég kom þar fyrst með barn mitt, að fá það í hendur forstöðukonunni, sem tók við því sem blíðasta móðir og fannst mér og finnst að þannig ættu forstöðukonur einmitt að vera. Síðan kynntist ég öðrum starfsstúlkum vöggustofunnar. Samskipti þeirra við börnin eru að mínum dómi með þeim ágætum að þeim sem þekkja þar ekki til getur ekki órað fyrir því. Ég hefi aftur á móti verið þar tíður gestur um lengri tíma og því getað fylgst með þessum börnum sem mér hefur ætíð virst dafna svo vel. Og hvað viðkemur mínum börnum þá vil ég taka það fram að ég stend í mikilli þakkarskuld við Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins því að þar fengu þau þá umönnun sem þau þörfuðust en sem ég um skeið gat ekki búið þeim hjá mér. Og svo raunveruleg var hrifning mín af þessari starfsemi Thorvaldsensfélagsins að ég sótti um inngöngu í félagið til þess að eiga þess kost, þegar aðstæður mínar leyfðu, að leggja lið hugsjón þeirra kvenna „sem vörðu tíma sínum og kröftum til að safna fé til að hýsa munaðarlaus og veglaus börn.“

Svo er að sjá sem „gróðrarstía andlegrar veiklunar“ sé til hér í bæ, en hana er svo sannarlega ekki að finna í Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins að Hlíðarenda.

---

<sup>221</sup> Tíminn 29. apríl 1967, bls. 2.

<sup>222</sup> Vöggustofunefnd hefur staðreynt að tvö börn konu með sama nafni voru vistuð á á vöggustofunni,

Vona ég að vöggustofan megi hér eftir njóta sannmælis og þær konur og starfslíð sem að þessari stofnun standa fá frið til að vinna áfram mannúðarstarf sitt fyrir minnstu borgaranna.“<sup>223</sup>

Í annarri grein sem Valborg Bentsdóttir ritaði í *Tímann* 26. maí 1967 fagnaði hún því sérstaklega að „sú stefnubreyting hefði orðið á málefnum yngstu skjólstæðinga Reykjavíkur“ að fósturmenntuð kona hefði tekið að sér að veita Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins forstöðu. Tilkynnt hafði verið um ráðningu Ragnheiðar Jónsdóttur 25. apríl 1967. Í greininni tók Valborg fram að hvað sem liði kostum og menntun Ragnheiðar haggðaði það ekki þeirri staðreynd að best færi á því að sem fæst börn dveldu á vöggustofunni og þá sem skemmst. Síðan viku hún að grein formanns Thorvaldsensfélagsins:

Formaður Thorvaldsensfélagsins var að senda mér tóninn í blöðunum á dögnum vegna ummæla mína um dvalarvöggustofu sem ber nafn þess félags. Vegna nafngiftarinnar tel ég að stofnunin starfi að nokkru leyti í skjóli félagsins, þótt ég viti mætavel að Reykjavíkurborg ber rekstrarkostnaðinn.

Formaður ergir sig yfir því að ég skuli vera að benda á að ráðist hafi verið í þessa byggingu löngu eftir að aðrar menningarþjóðir voru farnar að vinna að því að leggja slíkar stofnanir niður, einfaldlega vegna þess að þær hafa gefist illa, hversu mikil alúð sem við þær hefur verið lögð. Formaðurinn segir að þessi bygging hafi hafist fyrir sjö árum, myndi það ekki vera um 1960. Árið 1951 kom út í Genf skýrsla sem Englendingurinn dr. Bowlby hafði samið. Bowlby starfaði á vegum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar og byggði skýrslu sína á rannsóknum sérfræðinga víðs vegar í heiminum. Sérfræðingarnir voru sammála um að börn væru í alvarlegri hættu varðandi geðheilsu ef þau væru svipt móðurumhyggju í frumbernsku. Skýrsla þessi varð til þess að breyta starfsemi ungbarnavistana og markvisst var farið að vinna að því að leggja dvalarvöggustofur niður. Tæpum áratug síðar er farið að grafa fyrir stórrí dvalarvöggustofu til að gefa Reykjavíkurborg hana. Þetta er það sem ég var að vekja athygli á í grein sem ég skrifaði á barnadaginn.

Í framhaldinu fjallar Valborg um það sem hún telur skipta mestu máli við uppbyggingu barnaheimila:

Ég harma það hve ráðunautar Thorvaldsensfélagsins hafa verið því til lítilla heilla hafi þeir bent hinum áhugasömu konum á þessa tegund heimila æskilega og aðkallandi. En eitt ég vil fullvissa um að slíkar stofnanir hafa ekki verið á óskalista heildarsamtaka kvenna hér á landi þá rúma tvo tugi ára sem ég hef kynnt mér samþykktir þeirra. Á óskalista kvennasamtakanna standa stofnanir eins og

---

<sup>223</sup> Morgunblaðið 28. apríl 1967, bls. 21 og Þjóðviljinn 29. apríl 1967, bls. 4. Í vistunarskjölum kemur ekki fram hvers vegna eldra barn konunnar var vistað á vöggustofunni. Um yngra barnið segir hins vegar að það hafi verið vistað á vegum Thorvaldsensfélagsins þar sem móðirin vinni úti og faðirinn sé í háskólanámi.



dagvöggustofur, dagheimili, leikskólar, systkinaheimili og síðast en ekki síst mæðraheimili. Að slíkum samþykktum stendur fjöldi kvenna úr öllum stjórnmalaflokkum víðs vegar af landinu. Segir það ekki einhverja sögu um hvar þörfin er talin brýnust af þeim sem gerst þekktja?

Það hefur verið álit kvenna að börn þyrftu að eiga athvarf hjá móður eða fósturmóður til að geta dafnað og móðir þurfi að hafa barn sitt í skjóli eigi hún að vera hamingjusöm. Þess vegna hefur barátta kvennasamtakanna beinst að því að gera konunni kleifa þá skyldu að láta börnum sínum umhyggju í té, þótt nútíma atvinnuhættir valdi því að hún þarf að koma þeim í gæslu hluta sólarhrings.

Konur hafa löngum talið að veruleg dvöl ungbarns fjarri móður sé ekki holl. Þetta álit hafa þær að mestu byggt á eigin brjóstviti og reynslu, en nú styðja það sérfræðingar um allan heim og sanna á vísindalegan hátt. Þess vegna er það [raunalegt] að nú sé hástöfum verið að mæla því bót í blaðaskrifum formanns kvenfélags sem telur sig bera hag barna fyrir brjósti að vegna óblíðrar veðráttu og mikilla vegalengda sé það indælst að geta vistað börn til langframa á dvalarvöggustofu. Vegna veru minnar í barnaverndarnefnd eru mér kunn of mörg mál þar sem tengsl móður og barns hafa rofnað vegna þess að þessi kostur var valinn og þegar átti að taka upp þráðinn að nýju var það um seinan og óhamingja og mistök á næsta leiti.

Borgarstjóri ritaði Barnaverndarráði bréf, dags. 19. maí 1967, þar sem hann sendi ráðinu samþykkt borgarstjórnar frá 6. apríl sama ár, um að óskað yrði eftir því við Barnaverndarráð að það tæki til athugunar hvort þær staðhæfingar sem Sigurjón Björnsson setti fram á fundi borgarstjórnar 2. mars, um að sum barnaheimili væru „gróðrarstía andlegrar veiklunar“, ættu við rök að styðjast. Fór borgarstjóri þess á leit að ráðið tæki erindið til meðferðar en bréf borgarstjóra ber með sér að því hafi fylgt ákveðin gögn, m.a. fundargerð fundarins 9. mars 1967, sem og þau bréfaskipti borgarstjóra og Sigurjóns sem að framan eru rakin. Þá fylgdi bréfinu einnig skýrsla lækna vöggustofunnar til borgarstjóra, sem móttækin var 14. mars 1967. Í bréfi borgarstjóra vakti hann athygli á tilmælum Sigurjóns um að með skýrslur hans yrði farið sem trúnaðarmál og að Sigurjón óskaði eftir því að vera viðstaddur þegar mál hans yrði tekið til afgreiðslu. Þá lýsti borgarstjóri því að hann liti svo á að sama ætti við um skýrslur lækna vöggustofunnar og að hann teldi eðlilegt að þeim yrði gefinn kostur á að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum við afgreiðslu málsins.<sup>224</sup>

Á fundi borgarstjórnar 3. nóvember 1967 spurðist Sigurjón fyrir um það hvað miðaði rannsókninni á starfsháttum Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem borgarstjórn hefði samþykkt að fela Barnaverndarráði Íslands. Í svari borgarstjóra á fundinum las hann upp bréf ráðsins þar sem fram kom að ráðsmenn hefðu kynnt sér þessi mál og meðal annars leitað

<sup>224</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. F 83.

upplýsinga erlendis um þær kenningar sem uppi væri um rekstur slíkra stofnana. Rannsókn málsins væri hins vegar ekki lokið og endanlegs svars væri ekki að vænta strax. Sigurjón ítreaði í kjölfarið kröfu sína um „undanbragðalausar rannsókn á málinu“ og kvaðst vænta þess að ýtt yrði við rannsókninni.

Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur sama ár bera þess merki að aukin vitund hafi verið gagnvart þeirri hættu sem væri samfara því að börn dveldu of lengi á vöggustofu. Á fundi barnaverndarnefndar Reykjavíkur 7. maí 1967 var fjallað um málefni þriggja bræðra sem höfðu ýmist dvalið meira en hálf tveimur og á þriðja ár á vöggustofunni. Í fundargerð er rakið að það hafi verið samdóma álit læknis og forstöðukonu vöggustofunnar sem og sálfræðings barnaverndarnefndar að drengirnir þyrftu meiri og nákvæmari umönnun en barnaheimili er fært að veita, enda væri ekki gert ráð fyrir að börn dvelji svo lengi á vöggustofunni sem þeir hefðu gert og hvað þá lengur. Kemur fram að drengirnir hafi síðan farið í fóstur.<sup>225</sup>

Vöggustofunefnd hefur einnig farið yfir skýrslur vegna einstakra barna sem starfsfólk barnaverndarnefndar Reykjavíkur færði á tímabilinu 1962 til 1966 og bréf nefndarinnar vegna einstaklingsmála á tímabilinu 1967 til 1974. Var það gert til þess að varpa ljósi á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og ástæður þess að börn voru vistuð þar.<sup>226</sup> Skýrslurnar fjalla að miklu leyti um foreldra sem barnaverndarnefnd eða starfsfólk hennar taldi tilefni til þess að fylgjast með þar sem áhyggjur voru af því að börnum væru ekki búin viðunandi uppeldisskilyrði. Í þessum skýrslum er, rétt eins og í málum foreldra sem áttu börn á Vöggustofunni Hlíðarenda, oft vikið að aðstæðum barna sem ekki gátu farið aftur heim til foreldra og lýst yfir áhyggjum starfsfólks af því að þau hafi dvalið of lengi á vöggustofu. Væri rétt að huga að því hvort unnt sé að koma þeim í fóstur, ef vandi foreldra leystist ekki.

#### 4.3.3 Rannsókn Barnaverndarráðs í kjölfar ummæla Sigurjóns

Ljóst er að Barnaverndarráð varð við þeirri beiðni sem sett var fram í samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur frá 6. apríl og bréfi borgarstjóra til ráðsins 19. maí sama ár um að „rannsaka, hvort staðhæfingar Sigurjóns Björnssonar á borgarstjórnarfundi 2. mars sl. um, að sum barnaheimili hér í borg séu „gróðastía andlegrar veiklunar“ hafi við rök að styðjast.“

---

<sup>225</sup> BSR. Félagsmálastofnun. Fundargerðir Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 23. júní 1966 til 25. febrúar 1970, bls. 114-115.

<sup>226</sup> BSR. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Skýrslur vegna barna 250 1962-1966. Askja 285. - Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Bréf vegna einstaklingsmála o.fl. 1967-1974, Askja 92.

Í bréfi Sigurjóns til Barnaverndarráðs, dags. 15. júní 1967, kemur fram að hann hefði í borgarstjórn greitt atkvæði gegn tillögunni í þeirri mynd sem hún var borin upp í borgarstjórn. Um ástæður þessa vísaði Sigurjón til þess að honum hafi í fyrsta lagi þótt eðlilegra að rannsóknin beindist að því sem gagnrýnt var, fremur en gagnrýninni sjálfri. Í öðru lagi lýsti Sigurjón efasemdum um að Barnaverndarráð teldist hlutlaus rannsóknaraðili þar sem líklegt mætti telja að rannsóknin leiddi í ljós að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefði ekki rækt eftirlit sitt með vöggustofunni sem skyldi, en nefndin heyrði undir ráðið. Síðan segir:

Enda þótt sú hafi orðið raunin á að mál þetta er komið í hendur Barnaverndarráðs vil ég taka fram að ég sé ekki ástæðu til þess að amast við þeirri málsmeðferð þó að mér þyki hún óþarflega hæpin formlega séð. Ástæðan til þess að ég sætti mig við orðinn hlut er að af þeim kynnum sem ég hef haft af núverandi Barnaverndarráðsmönnum finnst mér ég geta fyllilega treyst dómhæfni þeirra og sanngirni til að meta þetta mál og gera sér grein fyrir hvort ráðið getur talist málsaðili eða ekki.

Jafnframt sem ég vildi skýra Barnaverndarráði frá þessari afstöðu minni vil ég einnig minnast á tvennt annað.

Í þeim gögnum sem Barnaverndarráði hafa borist mun ekki koma nægilega skýrt fram hverjar aðalumbætur ég tel að gera þurfi á vöggustofunni svo að starfsræksla hennar geti talist í samræmi við nútíma sjónarmið. Í erindi sem ég flutti á fundi með Borgarstjóra o.fl. þann 9. mars sl. kom þetta hins vegar nokkuð ljóst fram. Því læt ég erindi þetta fylgja þessu bréfi.

Þegar þessar tillögur mínar eru athugaðar í ljósi þess sem gerst hefur síðan gagnrýnin kom fyrst fram dylst ekki að forráðamenn vöggustofunnar hafa gert ýmsar þær umbætur sem ég tel að miði í rétta átt. Þar sem það var vitaskuld tilgangur gagnrýninnar að stuðla að umbótum leiðir af þessu að ég tel rannsókn á fyrirkomulagi og uppeldisskilyrðum stofnunarinnar ekki eins aðkallandi og í upphafi.

Að lokum vildi ég svo mega minna á að Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins var ekki á dagskrá á fundi borgarstjórnar þann 2. mars sl. þegar gagnrýnin var sett fram heldur fléttaðist sú stofnun inn í umræðurnar. Þessar umræður urðu nokkuð harðar og geri ég ráð fyrir að ég myndi hafa orðað ummæli mín öllu vægilegar ef öðru vísi hefði staðið á þótt ég haldi fast við að verulegra umbóta hafi verið (og sé að nokkru leyti enn) þörf á starfsrækslu vöggustofunnar.

Í bréfi til Barnaverndarráðs, dags. 31. október 1967, spurði borgarstjóri hvernig liði afgreiðslu á erindi borgarstjórnar til ráðsins, dags. 19. maí 1967, um ummæli Sigurjóns Björnssonar um rekstur vöggustofanna. Á borgarstjórnarfundi 2. nóvember 1967 spurðist Sigurjón einnig fyrir um hvernig rannsókninni miðaði.

Í bréfi Barnaverndarráðs til borgarstjóra, dags. 2. nóvember 1967, sem allir meðlimir ráðsins undirrituðu, kemur fram að því hafi þótt rétt að taka málið til athugunar enda þótt því væri ljóst að starf þess sjálfs gæti komið til athugunar varðandi eftirlit með barnaheimilum Reykjavíkurborgar. Hefði ráðið talið rétt „að gera tilraun til að kanna það“ eftir að hafa rætt við „aðstandendur málsins“ eins og segir í bréfinu. Síðan segir:

Barnaverndarráð byrjaði á því að kanna á ný rekstur og ástand tiltekinna barnaheimila í borginni, þ.á m. vöggustofunnar að Hlíðarenda og bera það saman við það ástand er það taldi og telur að eigi að vera á slíkum stofnunum. Það hófst einnig handa um athugun á fyrirkomulagi og rekstri slíkra heimila erlendis og nýjustu kenninga á þeim sviðum. Af því efni fór formaður barnaverndarráðs á síðastliðnu sumri til Noregs og Danmörku til að kynna að nokkru rekstri slíkra heimila þar. Virðast skoðanir fræðimanna að vissu leyti skiptar og breytilegar.

Að því er varðar þann litla hluta málefnsins er veit að nánari könnun á rekstri barnaheimilanna frá upphafi og áhrif vistar þar á sálarlíf barnanna, hefur barnaverndarráð ekki lokið afgreiðslu málsins. Getur það að sjálfsgöðu orðið flókin og torsótt rannsókn sem hlýtur að taka langan tíma og þarfnast aðstoðar fræðimanna. Liggur ljóst fyrir að fræðilegur og hagnýtur árangur hennar verður næsta óviss.

Barnaverndarráð hefur þess vegna ekki enn lokið afgreiðslu þessa máls, svo að endanlegs svars þess er ekki að vænta þegar í stað. Skortir það enn einnig mikilvæg gögn ýmsum atriðum til skýringar. Að þeim fengnum mun það reyna að hraða álitinu.

Barnaverndarstarfið er erfitt og vanþakklátt starf og því mjög áriðandi að allir sem geta leggi því lið. Jafnvíst er hitt að allir sem vinna að því, hvort sem það er ríkisstjórn, bæjar- eða borgarstjórnir, sveitarstjórnir, barnaverndarráð, barnaverndarnefndir eða starfslíð greindra stofnana vilja eftir fremsta megni leggja sig fram til þess að sem bestur árangur náist. Naumast verður þess þó vænst að allir þeir aðilar sem eigi að hafa einhver afskipti að rekstri eða stjórn barnaheimila geti fylgst nákvæmlega með daglegum innanhúss rekstri þeirra.

Það er að sjálfsgöðu best fyrir málefnið að allir þeir sem um það eiga að fjalla styðji hver annan sem best, og jafnvel aðfinnslur, áminningar og hvers konar gagnrýni geta komið og koma að góðu haldi til umbóta og framfara, enda séu þær gerðar af þekkingu, skilningi og sanngirni.

Meginmáli skiptir að umrædd vöggustofa og önnur barnaheimili borgarinnar séu rekin eins vel og kostur er á, þ.e. í samræmi við uppeldisleg megin sjónarmið, sem flestir sérfræðingar telja að gæta beri við rekstur barnaheimila á hverjum tíma.

Rannsókn Barnaverndarráðs tók um þrjú og hálf ár frá því að borgarráð vísaði málinu til þess í apríl 1967 en ráðið kynnti ekki í niðurstöður sínar fyrr en í október 1970. Í bréfi Barnaverndarráðs til borgarstjóra sem ritað er í október 1970, án þess að frekari dagsetning sé þar tilgreind, kemur fram að ráðið hafi aflað ýmissa gagna í þágu rannsóknar sinnar sem gerð er grein fyrir í bréfinu. Þannig er rakið í bréfinu að Barnaverndarráð hafi kannað sérstaklega feril 10 barna sem Sigurjón Björnsson hafi vísað til í gagnrýni sinni. Segir þar í fyrsta lagi um gagnaöflunina að ráðið hafi aflað skýrslna frá forstöðukonum vöggustofanna um hvert þessara barna við komu í vöggustofuna og brottför þaðan og einnig fengið skýrslur frá læknum vöggustofanna. Þá hafi einnig legið fyrir útdráttur Sigurjóns Björnssonar úr gögnum Geðverndardeildar barna um sömu börn.

Eins og rakið er hér að framan, fékk borgarstjóri skýrslu lækna vöggustofanna 14. mars 1967 og sendi Barnaverndarráði með bréfi sínu, dags. 19. maí 1967. Í skýrslunni kemur fram að þar sé fjallað um alls 14 börn sem hafi dvalið á vöggustofum borgarinnar og síðar komið til rannsókna á Geðverndardeild barna. Segir þar jafnframt að 12 þessara barna hafi dvalið á Vöggustofunni Hlíðarenda en 2 á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Í skýrslu lækna er einnig lýst högum barnanna samkvæmt upplýsingum forstöðukvenna vöggustofanna og Þorkels Kristjánssonar, framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar. Af þessum upplýsingum er ljóst að mismunandi ástæður voru fyrir því að börnin voru vistuð á vöggustofunum. Þannig voru sum barnanna vistuð vegna óreglu foreldra, en önnur vegna veikinda, dagvistunar- og húsnæðisvanda eða þess að móðir vann úti. Þá var eitt barnanna vistað vegna þess að grunur var um ofbeldi móður gegn barni. Einungis er fjallað um heimsóknir til tveggja þessara barna í skýrslu lækna, en bæði börnin dvöldu á Hlíðarenda. Er þess þá getið sérstaklega getið í öðru tilvikinu um heimsóknir móður til sonar á tímabilinu september 1957 til desember 1958 að hún hafi „heimsótt hann reglulega“ og „[fengið] hann til sín.“ Í hinu tilvikinu segir um heimsóknir móður til dóttur á tímabilinu nóvember 1954 til júlí 1955 að hún hafi „jafnan [fengið] barnið til sín og [haft] það frammi á skrifstofu og látið vel að því“.<sup>227</sup>

Samkvæmt bréfi barnaverndarráðs til borgarstjóra fékk Barnaverndarráð Þórð Möller geðlækni til að gera athugun á skýrslum vöggustofanna og ummælum Sigurjóns og skilaði hann skýrslu um börnin, sem dagsett er 20. janúar 1969. Þá fékk ráðið skýrslur frá öðrum aðilum um börnin á meðan rannsókn þess stóð yfir, meðal annars frá skólum, um ástand barnanna, að því leyti sem unnt var að afla þeirra.

Af skýrslu Þórðar sem liggur fyrir í gögnum Borgarskjalasafns verður ráðið að hann hafi kannað vistunarskjöl hvers og eins barns á vöggustofunni ásamt skýrslum geðverndardeildar barna. Auk þess var aflað upplýsinga um það hvernig börnunum reiddi af síðar meir. Í skýrslu Þórðar kemur fram að tvö barnanna hafi síðar verið greind á einhverfurófi en eitt þeirra með

---

<sup>227</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

alvarlega þroskahömlun. Í öðrum tilvikum er rætt um að skemmdir á líkamsvefjum og hugsanleg flogaveiki hafi ekki verið könnuð. Auk þess hafi sum barnanna búið við vanrækslu heima fyrir og að aðstæður þeirra hafi verið undir eftirliti barnaverndarnefndar og kallað á íhlutun nefndarinnar. Þá hafi síðar verið upplýst um tilefni vandamála annars drengs sem leitað hafi til geðverndardeildar, en þau hafi m.a. mátt rekja til hrottalegs eineltis og ofsókna af hendi annarra barna. Í skýrslu Þórðar segir síðan svo:

Af framangreindum upplýsingum virðist mér liggja nokkuð ljóst fyrir að í öllum tilvikunum 10 eru fyrir hendi veruleg atriði önnur en vöggustofudvölin sem gætu verið skýring á vandkvæðum barnanna. Í nokkrum tilvikum eru hugsanlegir möguleikar á því að vöggustofudvölin hafi verið hlekkur í atvikakeðju er verið hafi heilsuhnekkir fyrir barnið en vart öllu veigameiri en aðrir. Í nokkrum tilvikum er um að ræða fyrirbrigði sem engar örugglega þekktar skýringar eru á.<sup>228</sup>

Barnaverndarráð freistaði þess einnig að afla upplýsinga um daglega starfsemi vöggustofanna. Í fyrrnefndu bréfi ráðsins til borgarstjóra kemur fram að það hafi í þessu skyni aflað skýrslu barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 15. og 18. janúar 1967, skýrslu [...], fulltrúa barnaverndarráðs og Símonar Jóhannesar Ágústssonar, dags. 21. mars 1967, 21. maí 1967 og 1. nóvember 1967. Þá hafi Barnaverndarráð einnig aflað skýrslu Þorkels Kristjánssonar fyrrverandi fulltrúa barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 15. desember 1968 og skýrslu Auðar Jónsdóttur, sem gefin var sumarið 1970 samkvæmt ósk formanns Barnaverndarráðs. Þá er einnig vísað til skýrslu stafsmanns Barnaverndarráðs frá í júní 1969.

Umrædd gögn hafa öll fundist í Borgarskjalasafni. Í yfirlýsingu Þorkels Kristjánssonar, starfsmanns barnaverndarnefndar og síðar framkvæmdastjóra hennar, dags. 15. desember 1968, segir meðal annars svo:

Samkvæmt beiðni formanns Barnaverndarráðs Íslands sendi ég hér með lýsingu af kynnum mínum varðandi aðbúð barna er dvöldu á vöggustofunni Hlíðarenda.

Vöggustofan á Hlíðarenda var tekin í notkun í byrjun októbermánaðar 1949 og var frú Ólöf Sigurðardóttir ráðin forstöðukona stofnunarinnar. Frú Ólöf er hjúkrunarkona með sérmenntun í barnahjúkrun. Hjá Barnaverndarnefnd hafði frú Ólöf starfað um 5 ára skeið og var í alla staði talin valin starfskraftur og kom það einkum fram í því hvað hún var láginn í því að laða að sér börn og umgangast þau. Vegna þessara og annarra kosta var Ólöf valin til þess að stjórna vöggustofunni, enda reyndist hún þegar í stað hin ágætasti stjórnandi. Barnaverndarnefnd ráðstafaði á stofnun þessa börnum vegna margs konar heimilisaðstæðna, svo sem veikinda, vanhírðu, óreglu foreldra og fl. Yfirléitt var börnum ekki ráðstafað að Hlíðarenda, nema í neyðartilfellum og voru sum þessara barna mjög illa farin, vegna vankunnáttu

---

<sup>228</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961 til 1971. Askja F 83.

eða kæruleysis uppalanda. Flest þessara barna tóku þegar miklum framförum á Hlíðarenda. Ég kom alltaf vikulega og stundum daglega að Hlíðarenda og var oft viðstaddur þegar verið var að baða börnin og gefa þeim að borða á morgnanna. Virtust vinna að þessu ágætis stúlkur sem skiptu börnunum á milli sín þannig að hvert barn hafði sína fóstru eftir því sem við var komið. Virtust stúlkurnar sýna þeim stökustu nærgætni, töluðu og gældu við þau á meðan þær voru að gefa þeim að borða. Forstöðukonan leiðbeindi stúlkunum og eftir að borðhaldið var afstaðið og börnin komin inn á stofurnar fór hún þangað inn, tók hvert barn í fang sitt og lét vel að því. Þau sem komin voru á fót þyrptust utan um hana, en eftir að hún hafði tekið þau upp og kjassað þau fóru þau að leika sér að gullum sínum. Minni börnin tókust á loft í rúmumum, réttu upp hendurnar og heimtuðu að gert væri við sig og fengu þau eins og hin börnin eitthvað til að leika sér að og var við hvers eins hæfi.

Mér er ljúft að votta það að á Hlíðarenda var allt gert fyrir börnin sem hægt var og stóð í mannlegu valdi til þess að þeim liði vel og er ég viss um að sumum þeirra leið betur á Hlíðarenda en sínum eigin heimilum.<sup>229</sup>

Við athugun Barnaverndarráðs var einnig aflað undirritaðrar yfirlýsingar frá Auði Jónsdóttur sem þá hafði látið af störfum sem forstöðukona vöggustofunnar. Er þar lýst að barnaverndarnefnd hafi haft vöggustofuna til umsjónar og að börnin hafi komið frá heimilum sem nefndin taldi nauðsynlegt að kæmust að heiman. Fyrir því hafi getað legið margar ástæður, t.d. óregla á heimilum, veikindi o.fl. Þá hafi Thorvaldsensfélagið haft umráð yfir 5 plássum. Börnin á heimilinu hafi verið á aldrinum 0 til 2 ára, en vöggustofunni hafi verið skipt í þrjár deildir, með þeim hætti sem áður er rakið í skýrslunni. Síðan segir:

Í hverri deild voru 10 börn. Starfsstúlkurnar höfðu vaktavinnu eða 8 stunda vinnutíma, samkvæmt reglugerð starfsstúlknafélagsins Sóknar. Stúlkurnar unnu alltaf á sömu deildinni, nema á frídögum eða í forföllum. Tvær fóstrur höfðu eldri deildirnar til umsjónar, hvor hafði sinn víska hóp að hugsa um. Á yngstu deildinni var barneplejerske eða ungbarnafóstra frá Noregi. Með fóstrunum störfuðu starfsstúlkur á vakt. Voru tvær stúlkur á hvorri deild. Auk starfsstúlkna voru tvær stúlkur í eldhúsi, önnur sá um alla mjólkurblöndu í ungbörnin. Ein stúlka var í þvottahúsi. Á næturvakt voru alltaf sömu konurnar. Forstöðukona sem var hjúkrunarkona bjó í húsinu og var til taks dag og nótt ef með þurfti.

Dagurinn byrjaði snemma og endaði snemma. Á yngstu deildinni fengu börnin sína fyrstu máltíð kl. 6 en síðustu kl. 22. Eins og er samkvæmt ungbarnaskema. Á eldri deildinni vöknuðu börnin kl. 6 til 7, þá var þeim gefinn hafragrautur. Kl. 8.30 voru öll komin á fætur og ef veður var gott fóru þau út kl. 9. Áður en þau fóru út fengu þau brauð og ávexti. Um kl. 11:30 fengu þau hádegisverð. Frá kl. 12 til 14 var

---

<sup>229</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.



eftirmiðdagsblundur. Þegar börnin vöknudu fengu þau að drekka og fóru aftur út ef veður leyfði, annars á leikstofu.

Kvöldmáltíð var frá kl. 6 til 7. Við þennan tíma var miðað en ekki einskorðað. Læknir kom einu sinni í viku og skoðaði börnin og oftast ef með þurfti. Farið var með börnin í Heilsuverndarstöðina í sínar barnasprautur. Börn voru ekki lánuð út af heimilinu nema með leyfi barnaverndarnefndar. Heimsóknartímar voru tvisvar í viku sunnudag og fimmtudaga, voru þá mæður með börn sín. Misskilningur er að börnin hafi verið sýnd í gegnum gler á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Oft var fámenn í heimsóknartímum og ef til vill ekki hentað öllum sá tími. Mæður voru alltaf velkomnar að koma ef þær höfðu áhuga á því. Barnaverndarnefnd kom tvisvar til þrisvar yfir árið, og gerði hún aldrei neinar athugasemdir. Þorkell Kristjánsson kom oftast og hafði einna mest samband við heimilið. Ekkert samband var við Geðverndardeildina í Heilsuverndarstöðinni. Forstöðumaður Geðverndardeildarinnar Sigurjón Björnsson sálfræðingur kom aldrei á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, né fékk þar upplýsingar um heimilið. Er hann því mér með öllu ókunnugur.<sup>230</sup>

Í yfirlýsingu Auðar segir einnig að vöggustofan hafi verið rekin með svipuðu sniði og hún hefði kynnt sér á Norðurlöndum. Áður en heimilið tók til starfa hefði hún fengið styrk frá Thorvaldsensfélaginu til utanfarar og farið í gegnum danska hjúkrunarfélagið inn á fjórar vöggustofur í Danmörku en ein þeirra hafi verið dagvöggustofa. Þá hafi hún heimsótt tvær vöggustofur í Stokkhólmi.<sup>231</sup>

Í ódagsettri eftirlitsskýrslu kemur fram að Símon Jóhannes Ágústsson og starfsmaður Barnaverndarráðs hafi farið í eftirlitsferð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 21. mars 1967. Í skýrslunni eru forstöðukona og læknir nafngreind sérstaklega, en þar kemur einnig fram að auk þeirra hafi starfað tvær fóstrur, ein „barneplejerske“ norsk, 12 hjálparstúlkur, auk næturvaktar. Er þar jafnframt fjallað um deildaskiptingu og að „barneplejersken“ sé yfir yngstu deildinni en lærðar fóstrur yfir hinum deildunum, ein á hvorri. Auk þess séu hjálparstúlkur við allar deildirnar og aldrei færri en tvær í einu á daginn. Börnin séu úti á daginn, og þau fái þarna öll föt nema hlífðarföt. Öll börnin séu lögð inn á vegum barnaverndarnefndar, nema í fimm rúm sem Thorvaldsensfélagið hafi til ráðstöfunar. Síðan segir:

Að sögn forstöðukonu eru yfirleitt erfiðleikar, óregla og óreiða á heimilum barna þeirra, sem þarna eru, stundum veikindi. Foreldrar sumra barnanna eru lítið gefnir og lítilsigldir. Heimsóknartími er tvisvar í viku, og koma þá sumar mæðurnar en ekki allar. Börnunum eru ekki veitt rúm þarna nema til þriggja mánaða í senn. Að

---

<sup>230</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

<sup>231</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

lokinni dvöl fara sum börnin heim, hafi aðstæður batnað, önnur í fóstur, ýmist á einkaheimili eða á Silungapoll. Einstaka eru ættleidd.

Húsakynni eru góð, svo og hreinlæti og aðbúnaður.<sup>232</sup>

Í annarri handskrifaðri eftirlitsskýrslu Barnaverndarráðs, sem ber með sér að Símon Jóhannes Ágústsson hafi skrifað hana einn, í kjölfar heimsóknar 19. maí 1967, segir að alls sinni 16 stúlkur börnunum. Þar af séu 4 með yngstu deildina, 2 til 3 í einu, en 8 með efri deildirnar. Þá segir að alls vinni 23 stúlkur við heimilið, en þar af vinni tvær hálfan daginn.<sup>233</sup>

Í skýrslunni kemur fram að þrír sandkassar hafi verið settir upp á lóðinni fyrir þremur dögum og að börnin hafi verið úti og leikið sér í sandkössunum þegar heimsóknin fór fram. Kemur jafnframt fram að Símon hafi hringt í Ragnheiði Jónsdóttur, nýráðna forstöðukonu vöggustofunnar, í kjölfar heimsóknarinnar. Kom þar fram að hún hefði breytt ýmsu um rekstur en það yrði rætt við Barnaverndarráð í heimsókn sem fram færi á næstunni.<sup>234</sup>

Gögn í Borgarskjalasafni bera með sér að sú heimsókn hafi síðan farið fram í lok maí 1967, sbr. skýrslu, dags. 2. júní 1967. Segir þar að Ragnheiður hafi „breytt rekstri vöggustofunnar í ýmsu og virðist þær breytingar vera allar til bóta.“ Þá segir þar jafnframt að Ragnheiður reyni að „sinna og láta sinna börnunum eins mikið og unnt er.“ Í skýrslu Barnaverndarráðs er síðan rakið hvernig daglegu skipulagi á vöggustofunni var háttað eftir að Ragnheiður tók við:

Morgunverður kl. 8:30. Heilhveitibrauð og mjólk (fyrir eldri börn). Morgunverður var hafður kl. 6 áður.

Hádegisverður er nú milli 11 og 11:30. Var áður kl. 10:30.

Miðdegissvefn. Sofa til kl. 1 – 1:30 eða rúman kl. tíma. Nú eru börnin svæfð, verið hjá þeim á meðan þau eru að sofna. Síðan er farið með þau út.

Kl. 2:30 – 3. Heilhveitibrauð og mjólk.

Kl. 4 – 4:30. Appelsínusafi.

Kvöldmatur kl. 5:30 – 6. Síðan voru börnin böðuð og þau fara í rúm um kl. 7. Áður að sögn um kl. 3:30 – 4.

Börnin voru höfð eins mikið úti og unnt er. Þegar veður leyfir. Nú eru þau alltaf böðuð einu sinni á dag.

---

<sup>232</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

<sup>233</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

<sup>234</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

Heimsóknir eru tvisvar í viku, fimmtudaga og sunnudaga, auk þess eftir samkomulagi.

Læknir: Björn Júlíusson kemur reglulega á heimilið og auk þess þegar þörf krefur.<sup>235</sup>

Í minnisblaði um eftirlitsferð starfsmanns Barnaverndarráðs 24. október 1967, dags. 1. nóvember 1967, eru raktar frekari breytingar sem gerðar voru á rekstri og fyrirkomulagi vöggustofunnar eftir að Ragnheiður Jónsdóttir tók þar við forstöðu. Kemur þar fram að öll börn komi nú frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur en áður hafi Thorvaldsensfélagið haft fimm rúm til ráðstöfunar. Þar segir einnig:

Ragnheiður kveðst vilja leggja meiri áherslu á að hvert barn dveldist sem styst en gert hefði verið.

Matmálstímum var seinkað svo að eldri börnin eru klædd við máltíðir og sitja til borðs. Áður voru þau á náttfötum og voru mötuð, við morgunverð og kvöldverð.

Sandkassar voru fengnir, sem ekki voru áður.

Nýir stólar með örmum og vel stöðugir hafa verið teknir í notkun en þeir sem áður voru voru valtir.

Herbergjaskipan hefur verið breytt þannig að úr baðherbergi sem börnin ganga í beint úr garði koma leikstofur og inn af þeim svefnherbergi. Áður var röðin öfug, ganga þurfti í gegnum svefnherbergi til að komast í leikstofur. Ný rúmteppi í skærum litum hafa verið fengin á rúmin.

Heimilið rúmar 30 börn. Forstöðukonu finnst það of margt, finnst hæfilegt að hafa 24-26 börn og reynir að stefna að því.

[...]

Starfsfólk er: forstöðukona, 2 fóstrur, 1 ljósmóðir. Auk þess stúlkur sem gæta barnanna, eru þær samtals 11 1/2. Koma 4 á morgunvakt, en 1 fer til annarra starfa kl. 9:30, um miðjan dag eru 3, en á kvöldin eða eftir kl. 4 eru 4.

Á næturnar er föst vakt, 3 stúlkur, sem skiptast á og eru tvær í einu.<sup>236</sup>

Barnaverndarráð skoðaði vöggustofuna aftur í júní 1969 og kemur þar fram í skýrslu starfsmanns ráðsins að Brynhildur Sigurðardóttir fóstara hafi tekið við starfi forstöðukonu 1. maí 1968. Í skýrslunni kemur fram að heimilinu sé sem fyrr skipt í þrjár deildir eftir aldri

---

<sup>235</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

<sup>236</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. Askja F 83.

barnanna og starfi fjórar stúlkur á hverri. Þar af sé ein á hverri deild fóstura, en á yngstu deildinni sé auk þess ljósmóðir en hver deild sé ætluð 10 börnum. Síðan segir:

Ný viðbótarbygging var tekin í notkun í febrúar sl. sem ætluð var börnum á aldrinum 2-4 ára. Í þetta skipti dvöldust þar 9 börn. Hefur heimilið þá náð fullri stærð. Nýbygging þessi er mjög vistleg, smáherbergi, sem hvert um sig er ætlað 2-3 börnum, stór matsalur og býtibúr. Galli er þó fyrir starfsstúlkur að langt er að sækja matinn, sem sendur er úr eldhúsi í hinn enda byggingarinnar.

Börnin fá morgunmat kl. 8, eru síðan úti fram að hádegisverði, sem er kl. 11. - 11:30. Þau yngstu leggja sig eftir mat, eða flest tveggja ára og yngri. Síðan eru þau úti aftur, fá mjólk og brauð kl. 2:30 og appelsínusafa kl. 5. Þau borða kvöldmat kl. 6 og háttu síðan. Á sumrin eru þau úti til kl. 5-6.

Börn innan 2 ára eru böðuð á hverjum degi.

Farið er með yngri börnin í smágönguferðir og á róluvöll í nágrenninu en leiktæki eru væntanleg á heimilið.

Læknir heimilisins Björn Júlíusson kemur einu sinni í viku og skoðar börnin.

Heimsóknardagar eru tveir í viku og eru börnin yfirleitt alltaf heimsótt. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur ráðstafar flestum börnunum, en Thorvaldsensfélagið getur þó fengið rúm. Börnunum er ekki ætlað að dveljast lengur en 3 mánuði, þar sem þetta er upptökuheimili, en vegna ýmiss konar erfiðleika verður dvalartími oft lengri.

Hinn 31. mars 2023 veitti skýrslu starfsmaður Barnaverndarráðs sem hafði m.a. stundað eftirlit með vistheimilum í hlutastarfi á sjöunda og áttunda áratugnum. Kom þar fram að hann hefði heimsótt Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á starfstíma sínum í ráðinu en hann myndi þó ekki tilefnið. Að sögn starfsmannsins hafi eftirlit á þessum tíma einkum horft til ytri aðbúnaðar og hugsanlega einblínt um of á þætti á borð við aðstöðu, hreinlæti og mat. Eftir á að hyggja hefði átt að huga betur að líðan barna á vistheimilinu í eftirlitinu. Nefndi starfsmaðurinn í því sambandi sem dæmi að við eftirlitið hefði verið rætt reglulega við starfsfólk en ekki hafi verið rætt sérstaklega við börnin. Þá hafi eftirlitinu verið hagað þannig að heimsóknir voru boðaðar fyrirfram.

Í bréfi Barnaverndarráðs til borgarstjóra sem ritað er í október 1970, án þess að frekari dagsetning sé þar tilgreind, er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum ráðsins. Þá einkum sannleiksgildi ummæla Sigurjóns Björnssonar um að sum barnaheimili í Reykjavík væru rekin með þeim hætti að „í stað þess að verða sú heilsulind, sem þau í raun og veru eiga að vera, verði þau hvorki meira né minna en hrein gróðrarstía andlegrar veiklunar“.

Í bréfinu kemur fram að barnaverndarráð telji ekki um villst að með ummælunum hafi verið vísað til Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og vöggustofunnar sem Reykjavíkurborg hefði

áður starfrækt að Hlíðarenda, miðað við þau tilvik sem Sigurjón nefndi í gagnrýni sinni. Þá lýsir ráðið í bréfinu að því hafi þótt eðlilegra eftir atvikum að Reykjavíkurborg leitaði álits hjá nefnd dómkvaddra sérfræðinga á viðkomandi sviði, eins og það hefði gert borgarstjóra grein fyrir í bréfi 2. nóvember 1967. Í ljósi þess að aðilar málsins hefðu sérstaklega lýst trausti til ráðsins, hefði ráðið þó talið rétt að freista þess að rannsaka grundvöll þrætuefnisins og láta í ljós skoðun á þeim rökum sem ummælin voru talin byggjast á.

Barnaverndarráð lýsir í bréfi sínu þeim gögnum sem það aflaði við rannsókn sína og einnig helstu niðurstöðum. Kemur þar fram að við rannsóknina hafi Barnaverndarráð aflað ýmissa gagna, sem rakin hafa verið hér að framan, m.a. upplýsinga um umræður á fundi borgarstjórnar 2. mars 1967 og þá fundi og bréfaskipti sem áttu sér stað í kjölfarið. Þá hafi ráðið aflað skýrslunnar frá læknum vöggustofanna þar sem fjallað er um börn sem síðar komu á Geðverndardeild barna, auk upplýsinga frá forstöðukonum um hagi barnanna og ástæður þess að þau voru vistuð á vöggustofunum. Einnig hafi Barnaverndarráð aflað skýrslna um börnin frá þáverandi dvalarstöðum um ástand þeirra, að því leyti sem unnt hafi verið að afla þessara upplýsinga. Enn fremur vísar ráðið til þess að það hafi aflað álitsgerðar Þórðar Möller, geðlæknis, útdráttar úr gögnum Sigurjóns Björnssonar um börn sem vistuð voru á vöggustofunum, sem og umsagnar Sigurjóns um álitsgerð geðlæknisins. Loks lýsir ráðið því að það hafi sjálft farið í eftirlitsferðir á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og aflað þeirra skýrslna frá Auði Jónsdóttur og Þorkeli Kristjánssyni sem vitnað er til hér að framan.

Í niðurstöðum ráðsins segir síðan:

Sigurjón Björnsson segir í skýrslu sinni á fundi með borgarstjóra hinn 9. mars 1967 að frá októbermánuði 1960 til fundardags hefðu komið 960 börn til meðferðar í geðverndardeild barna, og þar af hefðu 14 dvalist á vöggustofunni. Síðar á sama fundi segir hann, að eftir yfirferð skýrslna geðverndardeildar barna teldi hann að í 10 tilvikum hefði dvöl barna á vöggustofunni haft skaðleg áhrif á þau. Af þessum tíu börnum hafi 8 verið á eldri vöggustofunni á Hlíðarenda, en 2 á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Þá tók hann fram að eftir að hafa hlýtt á skýrslur lækna vöggustofunnar teldi hann sig sjá fleiri orsakir til veiklunar barna sem dvalist hafa á vöggustofunni en hann hefði haldið til þessa, sbr. fskj. 12.

Skýrslan á fskj. 1 er frá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur varðandi aðdraganda og stofnun framangreindra vöggustofa.

Eins og skýrslan ber með sér var valin nefnd manna sem þekkingu höfðu á barnaverndarmálum til að gera tillögur um vistheimili og er álitsgerð nefndarinnar, dags. 20. mars 1957, eða nokkuð áður en hafist var handa um byggingu Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á lóð Hlíðarenda. Vísast til nefndra tillagna og skýrslu.

Um daglega hætti á slíkum heimilum verður að sjálfsgöðu naumast aflað nákvæmra upplýsinga eftir á, en þó hefur barnaverndarráð reynt það, svo sem því

hefur verið unnt. Meðal upplýsinga sem það hefur aflað um þetta efni telur það rétt að vísa til skýrslna á fskj. 2 - 10, þe. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 15. og 18. jan. 1967, [...], fulltrúa barnaverndarráðs og Símonar Jóh. Ágústssonar, dags. 21. mars 1967; skýrslu Símonar Jóh. Ágústssonar, dags. 21. mars 1967; skýrslu Símonar Jóh. Ágústssonar, dags. 21. maí 1967; skýrslu Símonar Jóh. Ágústssonar og [...], dags. 1. nóv. 1967; skýrslu Þorkels Kristjánssonar fyrrv. fulltrúa Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 15. des. 1968 og skýrslu Auðar Jónsdóttur, sem gefin var á sl. sumri samkvæmt ósk formanns barnaverndarráðs. Þá vísast til skýrslu [starfsmanns Barnaverndarráðs], dags. í júní 1969.“

Í bréfi Barnaverndarráðs segir síðan að af framangreindum skýrslum verði ekki betur séð en að allur ytri aðdragandi, stofnun og rekstur vöggustofanna hafi, af hálfu borgaryfirvalda „verið með eðlilegum hætti og að reynt hafa verið að haga þeim í samræmi við almennt viðurkenndar reglur á þessum sviðum, eins og þær tíðkast með öðrum menningarþjóðum.“ Megi í því sambandi nefna „að miðað við verðlag á þeim tímum sem vöggustofurnar voru stofnaðar virðist ekkert hafa verið sparað í fé til þess að þær yrðu sem fullkomnastar og næðu sem best markmiði sínu“. Enn fremur megji benda á að Thorvaldsensfélagið, félagsskapur sem löngum hafi látið gott af sér leiða á sviðum velferðarmála barna og ungmenna, hafi gefið Reykjavíkurborg vöggustofu í námunda við aðra sem starfrækt var áður á Hlíðarenda. Einnig „virðist að Thorvaldsensfélagið og stjórnendur þess hafi gert allt sem í valdi þeirra stóð til þess að stofnunin yrði sem best úr garði gerð og komi að sem fyllstum notum.“ Síðan segir í bréfi Barnaverndarráðs:

Þá er ástæða til að geta þess að forstöðukonur beggja vöggustofanna höfðu kynnt sér rækilega rekstur slíkra stofnana erlendis áður en þær hófu starf og höfðu þær aflað sér menntunar í þessum efnum áður. Hvernig slík starfsemi kann að hafa tekist í framkvæmd í einstökum tilvikum er að sjálfsögðu torvelt að dæma um löngu eftir á, þótt reynt hafi verið að fara eftir almennt viðurkenndum reglum, venjum og kenningum um rekstur vöggustofa. Það er almennt viðurkennt að ekki beri að nota slíkar stofnanir nema í brýnni þörf og stuðla eigi að því á allan hátt að börnin alist upp með foreldrum sínum eða mæðrum. En hitt er einnig staðreynd að dauði, heilsuleysi, vanhæfi og örðugar aðstæður mæðra (foreldra) leiða til þess að sum börn geta ekki verið í umsjá þeirra. Verður þá að grípa til annarra uppeldisúrræða. Besti kosturinn er yfirleitt sá að koma þeim börnum sem heilbrigði eru til sálar og líkama í gott einkafóstur, til langs eða skamms tíma, eftir ástæðum. En þetta úrræði er þó langt frá því að vera einhlítt því að ekki tekst að finna hæfa fósturforeldra eða fósturmæður handa öllum þeim börnum sem geta ekki notið umönnunar foreldra sinna eða mæðra. Eru því uppeldisstofnanir eins og vöggustofur óhjákvæmilegar í nútímaþjóðfélagi, þótt notkun þeirra sé haldið í lágmarki og að börn séu ekki vistuð þar nema þegar önnur uppeldisúrræði þrjóta og brýn þörf er á, svo sem í veikindum og forföllum móður og sakir uppeldislegs vanhæfis hennar eða loks meðan er verið að finna börnum gott einkafóstur til frambúðar. Rekstur vöggustofa er ávallt mjög vandasamur þar sem

hvert barn þarfnast mikillar einstaklingslegrar umönnunar og góðs atlætis, svo að eðlileg geðtengsl myndist milli þess og fóstunar, en þau eru mikilvæg öllum þroska barnsins í bráð og lengd.

Í framhaldinu er síðan vikið sérstaklega að gagnrýni Sigurjóns en um hana segir í bréfinu

Gagnrýni Sigurjóns Björnssonar á rekstri framangreindra vöggustofa er byggð á því að dvöl barnanna hafi valdið þeim varanlegum, skaðlegum áhrifum, vegna einangrunar um of langan tíma frá móður eða móðurstaðgengli. Upplýsingar sínar um meðferð barnanna á vöggustofunum byggir hann í öllum tilvikum á framburði mæðra þeirra, sem komu til viðtals á geðverndardeild. Líður skemmst 2 ár og 10 mán; en hið lengsta 11 ár og 8 mán. frá brottför barns af vöggustofu til afskipta geðverndardeildar. Nánar greint er tíminn þessi hjá hinum 10 börnum, töldum í númeraröð.

Við hvert barn er einnig getið dvalartíma þess á vöggustofunni.

Nr. 1	2 ár	10 mán.	Dvöl á vöggust. 21 ½ mán.
2	5	10	10
3	3	9	10 ½
4	7	5	7 ½
5	9	2	22
6	5	3	21
7	7	9	15 ½
8	11	8	8
9	14	4	15

Í flestum tilvikum voru börnin tekin af mæðrunum og sett á vöggustofurnar vegna vanrækslu eða annars getuleysis þeirra til að rækja á viðunandi hátt líkamlegt og/eða andlegt uppeldi barnanna. Eigi verður séð að sálfræðingurinn eða aðrir starfsmenn geðverndardeildar er könnuðu ástand barnanna þegar þau komu á deildina hafi með eigin athugun kynnt sér ástand og meðferð þeirra meðan þau dvöldu á vöggustofunum eða á tímabilunum frá brottför barnanna af vöggustofunum til komu þeirra á geðverndardeildum, eða á tímabilunum frá athugun þeirra á geðverndardeild til þess dags sem gagnrýnin var borin fram.

Þegar athugaðar eru og bornar saman í fyrsta lagi skýrslur vöggustofanna, þar með talið vætti forstöðukvenna, fulltrúa Barnaverndarnefndar Reykjavíkur og lækna vöggustofanna; í öðru lagi útdráttur Sigurjóns Björnssonar úr gögnum geðverndardeildar, og í þriðja lagi skýrslur geðlæknis þess, er barnaverndarráð fékk til að kanna framangreindar skýrslur, er auðsætt að mikið ber á milli. Vísast til niðurstöðu álitsgerðar Þórðar Möller geðlæknis um þetta á bls. 2 hér að framan. Ástand barnanna virðist ekki heldur veita neinar frekari sannanir né rök.



Athygli skal vakin á því að af þeim 960 börnum sem komið höfðu á geðverndardeildina frá því í október 1960 til 9. mars 1967 er aðeins talað um ástand þeirra 10 barna er á vöggustofu höfðu dvaldist. Hvað um hin 950? Hér vísast til fskj. 13 um heildartölur bana á vöggustofunum.

Í greinargerð fyrir gagnrýni sinni er Sigurjón Björnsson flutti á fundi hjá borgarstjóra hinn 9. mars 1967, færir hann þau rök fyrir skoðun sinni að það sé almennt álit vísindamanna á þessu sviði að skilnaður barns við móður á fyrstu æviárum þeirra sé þeim í flestum tilvikum mjög skaðlegur eða til þess fallinn að mynda með þeim ýmis andleg mein. Ber hann aðallega fyrir sig kenningar hins þekhta geðlæknis Johns Bowlbys, er hafi á árunum 1940 - 50 og síðar ritað um þetta vísindaritgerðir. Vitnar hann til þeirra.

Barnaverndarráð hefur kynnt sér nokkuð rit fræðimanna á framangreindu tímabili og síðar um þetta efni og komist að raun um að skoðanir sumra þeirra, þar á meðal Johns Bowlbys sjálfs, hafa breyst í veigamiklum atriðum. Í fyrsta lagi munu þeir vera nú í nokkrum meiri vafa um það en áður, hvort viðskilnaður barns við móður eða móðurstaðgengil hafi jafn almenn og skaðsamleg áhrif á geðheilsu barna og fyrr var talið. En eftir sem áður má þó víst telja að viðskilnaður barns við móður sé alltaf alvarlegur og neikvæður atburður og er torvelt, ef ekki ókleift, að reka vöggustofur og aðrar uppeldisstofnanir á þann veg að börnum verði bættur að fullu þessi missir. Í öðru lagi hefur komið fram af nýjum rannsóknum að ýmsir fræðimenn hafa borið brigður á og telja engan veginn sannað að dvöl í stofnunum sé eins skaðsamleg og Bowlby hugsaði í fyrstu. Ef um mjög vanhæfa móður eða heimili er að ræða má telja líklegt að vist í stofnunum sé barni til meiri heilla en að það búi áfram við fyrri aðstæður. En vitaskuld þarf ávallt að gæta mikillar árvekni í rekstri allra barnaheimila, ekki hvað síst vöggustofa. Rekstur þeirra má ekki staðna í hefðbundnum og úreltum venjum og hugmyndum, heldur verður forstöðufólk þeirra að fylgjast með þróun og nýjungum sem verða á þessu sviði og hagnýta þær í starfi. Án efa hefur þetta vakað yfir Sigurjóni Björnssyni er hann kom fram með gagnrýni sína.

[...]

Rétt hefur þótt að taka upp inngang og niðurstöður hverra hinna tilvitnuðu rita á sérstök blöð, er fylgja álitserð þessari sem fskj. 27-30.

Sérstaklega er vakin athygli á grein eftir John Bowlby o.fl. British Journal of Medical Psychology 29, 1956.

Barnaverndarráð vill geta þess að það hefur nokkrum sinnum leitað aðstoðar Sigurjóns Björnssonar í vandasömum málum. Myndi ráðið ekki hafa gert það nema það teldi hann mjög færar í sinni grein og góðviljaðan. Í því tilviki sem hér um ræðir

kann honum að hafa hlaupið fullmikið kapp í kinn og virðist hann ekki hafa kynnt sér með eigin athugunum rekstur vöggustofanna. Gagnrýni hans hefur þó hvatt menn er sinna barnaverndarmálum til aukinnar árvekni og þá til skilnings á mikilvægi náinna og jákvæðra geðtengsla barna og uppalenda þeirra, sérstaklega á vöggustofum og öðrum uppeldisstofnunum.

Lokaniðurstaða Barnaverndarráðs í þessu máli er sú að ekki verði annað séð en að þráttnefndar vöggustofur hafi verið stofnaðar og reknar á líkan hátt og vöggustofur eru almennt hjá öðrum menningarþjóðum og að ekki verði greint hvort ástand hinna 10 umræddu barna, þegar þau komu til athugunar á geðverndardeild, hafi fremur átt rót sína að rekja til dvalar þeirra á vöggustofum en til annarra atburða og áfalla í lífi þeirra.

Afgreiðsla máls þessa hefur að sjálfsögðu tekið nokkuð langan tíma og kostað rækilegar og víðtækar athuganir er ná yfir langt tímabil, eins og skjöl málsins bera með sér. Slík athugun verður svo best að einhverju gagni að öll meginatriði séu rakin sem kostur er á. Má því sambandi að lokum benda á að skoðanir færustu vísindamanna um þessi efni hafa verið og eru misjafnar og breytast sífellt eftir því sem tímar líða og rannsóknum fleygir fram.

Ljóst er að um þrjú og hálf ár leið frá því að borgarstjórn Reykjavíkur óskaði eftir rannsókn Barnaverndarráðs á ummælum Sigurjóns þar til að ráðið lauk rannsókn sinni. Af þeim gögnum sem fundist hafa í skjalasöfnum verður ekki ráðið að borgarstjórn eða annar aðili á vegum Reykjavíkurborgar hafi átt í formlegum samskiptum við Barnaverndarráð á meðan rannsókninni stóð. Undantekningin eru bréfaskipti borgarstjóra og ráðsins frá október og nóvember 1967 þar sem borgarstjóri spurðist fyrir um hvað liði afgreiðslu ráðsins á erindi borgarstjórnar. Í Borgarskjalsafni hefur hins vegar fundist undirritað minnisblað, dags. 17. febrúar 1968, eða tæpu ári eftir að óskað var eftir rannsókninni. Minnisblaðið, sem er merkt sérstaklega sem „trúnaðarmál“ ber ekki með sér hverjum það var ætlað en þar segir orðrétt:

Svbj. J. [Sveinbjörn Jónsson formaður Barnaverndarráðs] ræddi við mig og sagði að skýrsla Barnaverndarráðs væri væntanleg innan skamms. Hann sagði að eftirfarandi væri ljóst:

1. Börnin hefðu fengið góðan og vítalausan aðbúnað og aðhlyningu á heimilinu.
2. Ekkert benti til þess að þau hefðu skaðast af dvöl sinni þar - hins vegar væri þetta atriði sem hvorki væri unnt að sanna eða afsanna.
3. S.Bj. [Sigurjón Björnsson] hafði ofmælt.

Hann sagði að ofangreind atriði m.m. kæmu fram í skýrslunni, svo og, að S. Bj. viðurkenndi að þetta væri rétt og honum væri ljóst, að hann hefði gengið allt of langt í árásum sínum á heimilið.<sup>237</sup>

Í viðtali við Sigurjón Björnsson sem birtist í héraðsfréttablaðinu *Feyki* í desember 2006 ræddi hann aðkomu sína að málefnum vöggustofanna og hann hefði veitt því athygli að ekki væri allt með felldu. Í viðtalinu er eftirfarandi haft eftir Sigurjóni:

Parna komu kornung börn sem ekki gátu verið hjá foreldrum sínum. Þetta var sólarhringsstofnun í þessum gamla stíl. Veggirnir hvítir og berir og foreldrarnir máttu ekki sjá börnin nema bara í gegnum gler og heimsóttu þau kannski ekki nema einu sinni í viku. Þetta var alveg hræðilegt og ég var farinn að fá til mín fleiri og fleiri börn sem höfðu verið á þessum vöggustofum og báru þess alvarleg merki. Við sem unnum á Geðverndardeildinni á Heilsuverndarstöðinni tókum eftir því að nærsamskipti við þessi börn gátu verið afskaplega erfið og viðkomandi börn áttu ákaflega erfitt með að ná þeim.

Á þeim árum sem ég hafði verið við nám og starf í Kaupmannahöfn höfðu verið miklar umræður í Danmörku um heimili af þessu tagi. Í kringum 1950 var breskur geðlæknir John Bowlby að nafni fenginn til þess að gera rannsóknir á vöggustofum af þessu tagi víðsvegar um Evrópu því það þótti ekki einleikið hve mikið var um dauðsföll á þessum stofnunum. Hann komst að þeirri niðurstöðu að þarna væri um að kenna samskiptaleysi ungbarnanna og þeirra sem áttu að annast þau. Börnin væru látin vera allt of mikið ein. Þetta sama mynstur sá ég á vöggustofunni að Hlíðarenda.

Svo gerist það að ég er kominn í borgarstjórn og fer að hreyfa við þessu máli og það verður bókstaflega allt vitlaust. Við Geir Hallgrímsson, sem þá var borgarstjóri, lendum í rosalegri rimmu og læknir vöggustofunnar, Kristbjörn Tryggvason, varð alveg óður. Heilsuverndarstöðin heyrði undir borgina og átökin við borgarstjóra urðu til þess að ég sagði starfi mínu þar lausu árið 1967.<sup>238</sup>

#### 4.3.4 Breytingar á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins

Samhliða því að umræður áttu sér stað í borgarstjórn um starfshætti vöggustofunnar voru framkvæmdir um stækkun vöggustofunnar í undirbúningi. Voru framkvæmdirnar ræddar á fundi barnaverndarnefndar, dags. 31. maí 1967, en í fundargerð er bókað að þangað hafi komið Skarphéðinn Jóhannsson, arkitekt viðbyggingarinnar, Símon Jóhannes Ágústsson, formaður Barnaverndarráðs og nýráðin forstöðukona vöggustofunnar, Ragnheiður Jónsdóttir. Í fundargerðinni er rakið að fyrirhugað sé að byggja viðbótarálmu fyrir

<sup>237</sup> BSR. Skrifstofa Borgarstjóra. Vöggustofur 1961-1971. F 83.

<sup>238</sup> *Feykir*, 6. desember 2006.

vöggustofuna fyrir 18 börn og að þetta rými sé einkum ætlað þeim börnum sem séu of gömul til að vera á vöggustofunni.

Í fundargerðinni kemur fram að Símon hafi talið of mörgum börnum vera ætluð vistun í hinu nýja húsnæði og að „hin uppeldislega aðstaða væri lakari þar sem börnin væru þetta mörg saman“. Ragnheiður Jónsdóttir forstöðukona tók undir þau orð Símonar að gert væri ráð fyrir of stórum einingum og að erfitt yrði að sinna börnunum sem skyldi ef um svo mikinn fjölda væri að ræða. Arkitektinn óskaði eftir því að barnaverndarnefnd sameinaðist um ákveðnar breytingartillögur og mun formaður hennar hafa stungið upp á því í kjölfarið að fela forstöðukonu vöggustofunnar, svo og framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar og sálfræðingi hennar að huga að slíkum breytingartillögum í samráði við Símon.<sup>239</sup> Þessar breytingartillögur voru síðan lagðar fram á fundi nefndarinnar 7. júní 1967 og komið á framfæri við arkitektinn sem og formann barnaheimila- og leikvallanefndar.

Í fundargerð barnaverndarnefndar frá 21. júní 1967 kemur fram að varaformaður nefndarinnar hafi rætt við Unni Schram, formann Thorvaldsensfélagsins. Þar er því lýst að raddir hafi verið uppi innan félagsins um að hætta við frekari byggingarframkvæmdir við vöggustofuna vegna þeirrar gagnrýni sem fram hefði komið á rekstur hennar og vegna framkominna breytingatillagna barnaverndarnefndar um gerð hússins. Er í kjölfarið fært til bókar að nefndin telji fulla nauðsyn þess að viðbótarbyggingunni sé komið upp og var varaformanni falið að ræða við aðila.<sup>240</sup>

Viðbygging vöggustofunnar var síðan aftur rædd á fundi nefndarinnar 28. júní 1967. Á fundinum mun arkitekt byggingarinnar hafa lýst því að hann teldi vafasamt að unnt væri að taka tillit til óskar nefndarinnar um fyrirkomulag byggingarinnar, t.d. um tvennar dyr, nema teikna húsið á nýjan leik. Til álita kæmi hins vegar að fækka plássum í 16 og að börn yrðu höfð í tveimur aðskildum deildum. Kemur fram að nefndin hafi lýst sig samþykka þessari hugmynd en einn nefndarmanna hafi þó setið hjá við atkvæðagreiðslu.<sup>241</sup>

Í frétt sem birtist í *Tímanum* 15. september 1967 er greint frá því að gestir á landsfundi Landsamtaka íslenskra barnaverndarfélaganna hafi heimsótt vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 14. september sama ár þar sem Ragnheiður Jónsdóttir, sem nýlega hafi verið tekin við sem forstöðukona, hafi lýst starfsemi stofnunarinnar fyrir gestum. Í fréttinni kemur fram að á vöggustofunni hafi verið vistuð 26 börn, mörg hver á vegum barnaverndar og borgarinnar. Í fréttinni kemur fram að starfsemi vöggustofunnar sæti talsverðum breytingum um þær mundir sem fréttin er skrifuð. Þannig segir þar að stefni í það horf að „hver fóstura fái ákveðinn

---

<sup>239</sup> BSR. Félagsmálastofnun. Fundargerðir Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 23. júní 1966 til 25. febrúar 1970, bls. 110 og 113.

<sup>240</sup> BSR. Félagsmálastofnun. Fundargerðir Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 23. júní 1966 til 25. febrúar 1970, bls. 121-122.

<sup>241</sup> BSR. Félagsmálastofnun. Fundargerðir Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 23. júní 1966 til 25. febrúar 1970, bls. 110 og 113.

hóp barna, sem hún hænir að sér og hugsar um sem móðir og stefnt [sé] að því að koma á sem mestum heimilisbrag.“<sup>242</sup>

Skýrsla starfsmanns barnaverndarráðs, sem rakin er í kafla 4.3.3. hér að framan ber að sama brunni. Eins og þar kemur fram vildi Ragnheiður leggja aukna áherslu á að börnin dveldust sem styst á vöggustofunni, auk þess sem matmálistímum var seinkað og eldri börnin voru klædd við máltíðir og sátu til borðs. Áður fyrr voru þau á náttfötum og voru mötuð, við morgunverð og kvöldverð. Þá voru í fyrsta sinn settir upp sandkassar og rúmteppi í skærum litum lögð á rúmin.

Aðrar skriflegar heimildir í skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur bera þess einnig vott að starfsháttum vöggustofunnar hafi verið breytt undir forstöðu Ragnheiðar Jónsdóttur.<sup>243</sup> Í eftirlitsskýrslu barnaverndarnefndar um barn sem var í vistun á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins segir að móðir barnsins hafi dvalið í nokkur skipti á Vöggustofunni til þess að gefa drengnum að borða þvo honum og skipta á honum undir leiðsögn forstöðukonu. Hafði það dvalið þar frá 14. október 1967 til 27. mars 1968, frá fjögurra mánaða aldri, samkvæmt fyrirmælum barnalæknis þar sem það var í heilsuspillandi húsnæði. Er sagt um móðurina í eftirlitsskýrslunni að henni hafi farist þessi verk vel úr hendi og hún sé mjög ánægð með veru sína þar. Hún þrái hins vegar að fá barnið heim og reyni allt til þess að fá íbúð. Í skýrslunni kemur fram að móðirin flytji í íbúð 23. mars 1967 en samkvæmt gögnum nefndarinnar fór barnið af vöggustofunni nokkrum dögum síðar.

Skriflegar heimildir benda jafnframt til þess að heimsóknir hafi áfram verið með frjálslegri hætti næstu árin. Í minnisblaði um vistun drengs á fyrsta aldursári sem dvaldi á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins frá 27. apríl til 6. október 1972 kemur fram að móðir komi að heimsækja hann í flestum heimsóknartímum en sé hálf hrædd við að baða hann og snerta.

Skriflegar heimildir bera þess einnig merki að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi breytt stefnu sinni um æskilegt fyrirkomulag vistheimila á þessum tíma. Í ársskýrslu nefndarinnar fyrir árið 1967 kemur fram að einu fóstunarheimili hafi verið komið á fót og það hafi verið hið fyrsta sinnar tegundar. Var fyrirkomulagi slíkra heimila síðan lýst nánar í skýrslunni þannig að í þeim fælist að samið yrði við einkaaðila, venjuleg hjón, um að þau tækju að sér fáein börn í einu til skemmri dvalar gegn ákveðinni þóknun. Kostir slíkra heimila væru einkum þeir, að vegna smæðar þeirra væri hægt að „búa börnum persónulegra og heimilislegra umhverfi en á stærri barnaheimilum“. Auk þess væri dvalarkostnaður venjulega nokkru minni. Fyrirhugað væri að koma upp fleiri fóstunarheimilum á næsta ári.

---

<sup>242</sup> Tíminn 15. september 1967, bls. 3 og bls. 14.

<sup>243</sup> BSR. Félagsmálastofnun. Skrifstofa félagsmálastjóra. Barnavernd Reykjavíkur. Barnaverndarmál A - Ö. Askja 45.

Í skýrslunni kom jafnframt fram að með stækkun upptökuheimilisins við Dalbraut, Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og með fleiri fóstrunarheimilum ætti í fyrirsjáanlegri framtíð að vera unnt að fullnægja þörf fyrir tímabundna vistun barna.<sup>244</sup>

Með samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur 20. júlí árið 1967 var allt félagsmálastarf Reykjavíkurborgar sameinað undir merkjum Félagsmálastofnunar sem starfaði undir stjórn félagsmálaráðs. Í sömu samþykkt var kveðið á um að Félagsmálastofnun tæki við rekstri vistheimila borgarinnar og var Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins þar á meðal.

Í þessari breytingu fólst að skrifstofur barnaverndarnefndar Reykjavíkur og félags- og framfærslumála voru sameinaðar í Félagsmálastofnun Reykjavíkur og tók hún formlega til starfa 1. janúar 1968. Unnið var út frá þeirri grundvallarhugmynd að málefni hvernar fjölskyldu í heild væru í höndum eins og sama starfsmannsins og bæri hann ábyrgð á þeirri aðstoð sem hún nyti. Með þessu vildu borgaryfirvöld stefna að vandaðri vinnubrögðum í málum skjólstæðinga sinna. Var samtímis lögð áhersla á aukna aðkomu fagfólks að málefnum barna. Samhliða varð það viðhorf meira ríkjandi að heppilegra væri að ráðstafa börnum í fóstur frekar en á vistheimili og að þau vistheimili sem nauðsynlegt reyndist að hafa fyrir hendi yrðu starfrækt sem minni einingar.<sup>245</sup>

Fundargerðir Barnaverndarráðs frá árinu 1968 bera með sér að Símon Jóhannes Ágústsson, einn ráðsmanna, hafi rætt við formann barnaverndarnefndar Reykjavíkur um að nefndin yki eftirlit með þeim heimilum þar sem börn frá nefndinni væru vistuð.<sup>246</sup> Sama ár var byggingu við viðbótarálmu Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins lokið og rúmaði hún 14 börn.<sup>247</sup> Afhenti Thorvaldsensfélagið Reykjavíkurborg bygginguna til eignar 19. nóvember 1968 og var afsal fyrir henni lagt fram í borgarráði sama dag. Í fréttatilkynningu frá borgarstjóra sem birt var í dagblöðum á þessum tíma kemur fram að byggingin sé rúmir 300 fermetrar að flatarmáli og húsið sé „mjög vandað að efni og frágangi“. Kemur þar jafnframt fram að viðbyggingin muni taka við börnum frá 18 mánaða til þriggja og hálfis árs aldurs og hún sé ætluð fyrir 16 til 18 börn.<sup>248</sup>

Í kjölfar þess að viðbótarálma vöggustofunnar var tekin í notkun var strax byrjað að flytja börn sem voru vistuð að Silungapólli á nýja deild vöggustofunnar. Þegar vistheimilið að Silungapólli var lagt niður við lok ársins 1969 fóru þau fáu börn sem eftir voru yfir á vöggustofuna.<sup>249</sup>

---

<sup>244</sup> Ársskýrsla Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1967, bls. 12.

<sup>245</sup> Sveinn H. Ragnarsson: „Sögulegt yfirlit félagsþjónustu“, bls. 104. – Eggert Þór Bernharðsson: Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990, síðari hluti, bls. 4-7. – Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 34. – Skýrsla um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1967.

<sup>246</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Barnaverndarráð Íslands. 2002-A/2. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 28. apríl 1967.

<sup>247</sup> Ársskýrsla Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1967, bls. 12. – Heilbrigðisskýrslur Landlæknis 1968, bls. 115.

<sup>248</sup> Morgunblaðið 23. nóvember 1968, bls. 27. – Tíminn, 3. desember 1968, bls. 18.

<sup>249</sup> Þjóðviljinn 16. janúar 1970, bls. 9.

Prátt fyrir tilkomu viðbyggingarinnar og fleiri rými á vöggustofunni kemur fram í gögnum að forstöðukona vöggustofunnar hafi talið ýmsu ábótavant um aðstæður á vöggustofunni. Í minnispunktum Teits Finnbogasonar, deildarfulltrúa á Félagsmálastofnun, vegna fundar hans með Brynhildi Sigurðardóttur, þáverandi forstöðukonu, dags. 20. ágúst 1969, kemur fram að Brynhildur hafi gert athugasemd við að lóð hafi ekki verið standsett á þessum tíma og engin leiktæki væru fyrir eldri börn. Þá segir að Brynhildur hafi talið það mjög áriðandi vegna eldri deildar að ljúka þessum verkum. Auk þess væru nokkur verulega andlega fötluð börn á vöggustofunni sem væru erfið í umgengni.<sup>250</sup>

Í skýrslu um rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar sem lögð var fram í félagsmálaráði 18. september 1969 kemur fram að vöggustofur taki við börnum allt frá fæðingu til 2 ára aldurs. Þar segir jafnframt að sérstök áhersla sé lögð á það að notkun vöggustofa verði eigi umfram umfram brýnustu þarfir þar sem talið sé óeðlilegt að börn á þessum aldri dvelji allan sólarhringinn fjarri móður. Því sé hnykkt á því að hafa beri sem stystan dvalartíma á vöggustofu. Þá ætti hver fóstura að annast tiltölulega fá börn svo náin tengsl skapist á milli fósturunnar og barnsins og hún geti þannig veitt því sem mesta umhyggju. Vöggustofur séu dýrar stofnanir í rekstri, þar sem starfsmannafjöldi sé yfirleitt mikill.<sup>251</sup>

Þá kemur einnig fram í skýrslunni að dvöl barns á foreldraheimili sé að jafnaði talin eðlilegust fyrir barnið og að aðstoð til þess að svo geti orðið sé veitt í sífelld auknum mæli. Þegar barn geti ekki dvalið lengur í foreldrahúsum sé sú skoðun ríkjandi að fóstur á einkaheimilum, bæði skammtíma og til langframa sé að öllu jöfnu eðlilegri og heppilegri leið en fóstur á stofnunum. Þar fari saman hagsmunir barnsins út frá uppeldislegu sjónarmiði og fjárhagslegir hagsmunir sveitarfélags.

Á þessum tíma var einnig unnið að því að draga úr umfangi vistheimila á vegum borgarinnar og auka fóstur á einkaheimilum í samræmi við sjónarmið sem komu fram í ársskýrslu barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1967. Í viðtali við Sigurlaugu Bjarnadóttur, sem þá sat í barnaverndarnefnd og félagsmálaráði Reykjavíkur og birtist í *Morgunblaðinu* 18. mars 1970, er vikið að þessari þróun sem og breyttum viðhorfum í tengslum vöggustofur og langtíma vistun barna á þeim. Um hlutverk vöggustofu Thorvaldsensfélagsins að þessu leyti fórust Sigurlaugu svo orð:

Fyrir nokkrum árum voru vöggustofur taldar góðar og gildar, gott ef þær voru ekki beinlínis í tísku. Nú mun það almennt talið að dvöl á vöggustofu í meira en tvö ár samfleytt sé uppeldislega mjög óæskileg, og helst ekki nema sem neyðarúrræði. Sjálfsagt þurfa slíkar stofnanir að vera til, en helst sem bráðabirgðaúrræði aðeins.<sup>252</sup>

---

<sup>250</sup> BSR. Skrifstofa Félagsmálastjóra. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins, o.fl. Kassi C/428.

<sup>251</sup> BSR. Skrifstofa Félagsmálastjóra. *Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar* sem lögð var fram í félagsmálaráði 18. september 1969.

<sup>252</sup> [Morgunblaðið 18. mars 1970, bls. 11.](#)



Í samtímaheimildum má finna dæmi þess að læknar hafi rakið þroskafrávik barna til langvarandi dvalar á vöggustofu. Í sjúkraskýrslu barns, dags. 10. febrúar 1970, er vikið að því að það hafi dvalið á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á annað ár. Samkvæmt vistunarskjölum mun barnið hins vegar hafa dvalið þar samfelld frá 4. nóvember 1968 til 26. janúar 1970.

Í sjúkraskýrslunni, sem undirrituð er af Birni Júlíussyni barnalækni á Barnaspítala Hringsins, sem einnig var á meðal lækna vöggustofunnar, er því lýst að barnið sé ekkert farið tala, göngulagið sé afkárlegt og það sé erfitt í umgengni. Í niðurstöðu sjúkraskýrslunnar segir að líklegt sé að greind barnsins sé nokkurn veginn innan eðlilegra marka en að „vanþroski“ þess stafi „eflaust af skorti á umhyggju og uppeldi“. Síðan segir í skýrslunni:

Athuganir okkar drógu ekki fram neina organiska vankanta og er því drengurinn útskrifaður aftur á vöggustofuna, sem er þó langt frá því að vera æskilegt uppeldisheimili fyrir þennan dreng, en önnur ráð eru ekki tiltæk að sinni.

Æskilegt væri að þessi drengur færi í fóstur þar sem hann gæti komist í nánara persónulegt samband og myndað eðlilegri tilfinningatengsl en unnt er á vöggustofu.<sup>253</sup>

Samkvæmt vistunarskjölum sem nefndin hefur aflað var umrætt barn, þrátt fyrir fyrrgreind tilmæli barnalæknis, vistað á vöggustofunni í rúmlega ár í viðbót eða til 25. febrúar 1971, eftir að umrætt mat læknisins lá fyrir. Í kjölfarið fór það í fóstur.

Í frétt í *Morgunblaðinu* 7. nóvember 1970 kemur fram að stofnuð hafi verið deild fyrir 6-8 verulega fötluð börn á vöggustofunni sem hafi ekki verið fullnýtt en þau hafi ekki komist að á Kópavogshæli.<sup>254</sup> Í fréttum á sama tíma kemur fram að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafi fallist á að heimiluð verði stofnun bráðabirgðadeildar fyrir „vangefin börn í hluta húsakynna“ vöggustofunnar.<sup>255</sup> Skömmu áður en barnadeildir Kópavogshælis opnuðu voru nokkur þessara barna vistuð til bráðabirgða á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.<sup>256</sup>

Í skýrslu Félagsmálastofnunar árið 1970 er rakið að vöggustofan hafi þetta ár verið heimili fyrir 19 börn að tveggja ára aldri og 14 börn á aldrinum 2-6 ára. Þá hafi verið tekin í notkun deild fyrir „7 örvita“ á árinu.<sup>257</sup> Samsvarandi upplýsingar er að finna í ársskýrslum Félagsmálastofnunar árin 1971 og 1972.<sup>258</sup>

---

<sup>253</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur 2017/134. A Geðverndardeild (1960-1970). AA Sjúkraskrár (1970-1970). Askja 35.

<sup>254</sup> [Morgunblaðið 7. nóvember 1970, bls. 2.](#)

<sup>255</sup> [Þjóðviljinn 11. nóvember 1970, bls. 6.](#)

<sup>256</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: Könnun á vistun barna á Kópavogshæli, Reykjavík 2016, bls. 160.

<sup>257</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar árið 1970, bls. 23.

<sup>258</sup> Ársskýrsla Félagsmálastofnunar árið 1971, bls. 24 og 1972, bls. 36.

Með vísan til þess að fyrrverandi starfsfólk vöggustofunnar hefur lýst því í skýrslutökum að börn sem fóru af vöggustofunni á Kópavogshæli voru öll mjög fötluð og að þau fóru í ársbyrjun 1972 á Kópavogshæli, eftir að opnuð var hjúkrunardeild fyrir þau verulega fötluðu börn sem þurftu mesta hjúkrun og aðhlyningu, verður að ætla að í þessum skýrslum Félagsmálastofnunar sé vísað til barna sem síðar fóru á Kópavogshæli.<sup>259</sup>

Af samanburði á vistunarskjölum Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og listum yfir vistfólk Kópavogshælis árið 1972 verður ráðið að alls hafi níu börn verið vistuð á vöggustofunni sem síðar voru vistuð á barnadeildum Kópavogshælis þegar þær opnuðu árið 1972.<sup>260</sup> Engar upplýsingar eru hins vegar færðar um heilsufar þessara barna í gögnum vöggustofunnar. Í viðtölum við starfsfólk vöggustofunnar frá þessum tíma kom fram að starfsemin fyrir börnin sem síðar fóru á Kópavogshæli hafi verið aðskilin frá annarri starfsemi vöggustofunnar. Þá greindi starfsmaður vöggustofunnar nefndinni frá því að börnin hefðu ekki verið í umsjá starfsmanna vöggustofunnar heldur starfsmanna Kópavogshælis. Af þeim gögnum sem fundist hafa um starfsfólk á launaskrá vöggustofunnar á þessum tíma verður ekki ráðið hvort starfsfólkið sem sinnti þessum börnum hafi verið á launaskrá borgarinnar og börnin hafi þar með verið í umsjá borgarstarfsmanna.

Í ljósi þessa verður ekki ráðið með vissu hvort umrædd börn hafi verið vistuð á vöggustofunni á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur og þar með Reykjavíkurborgar eða hvort þau hafi verið vistuð á vegum og undir umsjón Kópavogshælis sem á þessum tíma var rekið á vegum íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 53/1967. Fyrir liggur að meðferð þeirra barna sem vistuð voru á Kópavogshæli á þessum tíma hefur verið gagnrýnd.<sup>261</sup>

Gögn sem fundist hafa í Borgarskjalasafni bera með sér að á fyrri hluta árs 1971 hafi foreldrum ekki verið heimilt að taka börnin sín heim af vöggustofunni um helgar þrátt fyrir eindreginn vilja. Í bréfi Þórönnu Þórðardóttur, forstöðukonu vöggustofunnar til Sveins Ragnarssonar félagsmálastjóra, dags. 17. mars 1971, kemur fram að synjað hafi verið beiðni ungrar móður um að fá mánaðargamalt barn sitt heim um helgi. Segir í bréfinu að af „heilbrigðisástæðum geti heimilið ekki gefið samþykki sitt fyrir svona ráðstöfunum þar sem“ það geti ekki „ábyrgst heilsu barnsins undir svona kringumstæðum og að barnið beri ekki hingað alls konar sjúkdóma.“ Segir enn fremur í bréfinu að „sú regla hafi verið í gildi síðan heimilið var stofnað að börn fari ekki heim um helgar og [hafi] sú regla orðið að gilda að ofangreindum ástæðum og þar sem fleiri kunni að koma og sækja um helgarleyfi fyrir börnin“.

<sup>262</sup>

<sup>259</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: Könnun á vistun barna á Kópavogshæli, Reykjavík 2016, bls. 161.

<sup>260</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Kópavogshæli. B/3–1. Nafnalisti vistmanna 1970–1982. Samkvæmt upplýsingum vöggustofunefndar eru fimm þessara einstaklinga nú látnir en fjórir á lífi.

<sup>261</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: Könnun á vistun barna á Kópavogshæli 1952-1993 Reykjavík 2016, bls. 313. o.á

<sup>262</sup> BSR. Skrifstofa félagsmálastjóra. Vöggustofa Thorvaldsen. Askja 428.

Af gögnum Félagsmálaráðs verður ráðið að fjallað var um breytingar á rekstri vöggustofunnar árið 1972 en á fundi, dags. 7. desember 1972, var félagsmálastjóra falið að leita samkomulags við stjórn Thorvaldsensfélagsins um væntanlegar breytingar.<sup>263</sup> Í ársbyrjun 1974 birtist frétt um að breytingar hafi farið fram á húsnæði vöggustofunnar að undanfögnu en börnum þar hafi farið fækkandi vegna tilkomu fleiri fjölskylduheimila í borginni þar sem börn væru vistuð allan sólarhringinn. Í fréttinni kemur fram að alls séu fjögur slík heimili starfandi í borginni en fimm til sjö börn séu í vistun á hverju heimili. Auk þess séu 15 til 18 börn á heimili við Dalbraut. Í fréttinni er lýst áformum um að taka næsta vor 38 börn á aldrinum þriggja mánaða til um 2 og hálfis árs á dagvöggustofu og dagheimili í húsi Thorvaldsensfélagsins. Síðan segir:

Þá hafa einnig verið gerðar breytingar á húsi Thorvaldsensfélagsins með tilliti til þess að börnin sem þar eigi heimili sitt munu nú skiptast í tvo hópa, 10-11 börn í hvorum. Eftir þessa breytingu er ætlunin að börnin verði á heimilinu fram á unglingsár eða eins lengi og þau þurfa á að halda.<sup>264</sup>

Ljóst er að eftir þær breytingar sem gerðar voru á starfsemi vöggustofunnar við áramótin 1973 til 1974 var ýmist vísað til starfseminnar undir nafni Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins eða „Upptökuheimilisins að Dyngjuvegi 18.“<sup>265</sup>

#### 4.3.4 Viðtöl við starfsfólk, gesti og vistbörn

##### 1963

Auður Jónsdóttir, sem var ráðin forstöðukona Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins þegar vöggustofan tók til starfa lýsti því í viðtali við nefndina 23. ágúst 2023 að það hefði verið mikið framfaraskref þegar nýtt húsnæði var tekið í notkun árið 1963. Húsnæðið hefði verið miklu rýmra utan um starfsemina og þar hefði m.a. verið unnt að koma upp setustofu þar sem foreldrar gátu hitt börn sín. Auður sagði að á þessum tíma hafi það ekki verið þannig að foreldrar hafi einungis mátt sjá börn sín í gegnum gler, en þó hafi það verið svo ef ástæða var til, til dæmis þegar veikindi voru fyrir hendi eða hætta var talin á að foreldrar tækju börnin. Þótt stefnan hafi verið sú sama og á sjúkrahúsum hafi enginn verið svo strangur að meina foreldrum að snerta börnin og taka þau og jafnvel fara með þau fram á gang.

Í viðtali við nefndina 2. mars 2023 greindi [J] frá því að hún hefði komið fyrst á vöggustofuna skömmu eftir opnun hennar árið 1963 í starfskynningu ásamt öðrum nemendum úr Fóstruskóla Sumargjafar. [J] greindi nefndinni frá því að henni og öðrum nemendum hefði

<sup>263</sup> BSR. Fundargerðir félagsmálaráðs. 1972.

<sup>264</sup> *Tíminn*, 8. febrúar 1974, bls. 19.

<sup>265</sup> Samkvæmt minnisblaði frá Félagsmálastofnun sem dagsett er í júní 1981 og undirritað af Guðrúnu Kristinsdóttur, var plássnum á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins fækkað úr 42 í 23 í lok árs 1973, sbr. BSR. Félagsmálastofnun Reykjavíkur. Rekstur sólarhringsvistheimila Reykjavíkurborgar 1968-1978.

verið mjög brugðið í heimsókninni þar sem vöggustofan hafi verið rekin eins og spítali. Ein stofan hafi verið fyrir yngstu börnin og hún hafi verið búin rúmum eins og á fæðingardeild. Í næstu stofu hafa einungis verið hvít rimlarúm. Að öðru leyti hafi ekkert verið þarna inni, engin leikföng og ekkert á veggjum. Herbergin hafi öll verið máluð hvít og starfsfólkið hafi verið í hvítum sloppum. Stúlkurnar sem unnu þarna hafi auk þess verið mjög ungar, eða yngri en nemendurnir í fóstruskólanum, sem á þessum tíma voru margar á þrítugsaldri. Foreldrar hafi aðeins mátt heimsækja börnin tvisvar í viku og þá ekki mátt vera með börnunum.

Í viðtalinu kom fram að [J] og samnemendur hennar hefðu í kjölfar heimsóknarinnar rætt þetta við Gyðu Sigvaldadóttur, kennara sinn í fóstruskólanum, en einnig við Sigurjón Björnsson, sálfræðing og síðar borgarfulltrúa. [J] greindi frá því að nemendum hefði liðið afar illa yfir því hversu fábrotið umhverfi vöggustofunnar var og hversu lítið væri af leikföngum. Nemendurnir hafi í framhaldinu tekið sig saman um að kaupa leikföng og búa þau til, auk þess sem þær hafi fengið gefins myndir eftir Mugg um Dimmalimm til að skreyta veggi, en allt þetta hafi þær síðan farið með á vöggustofuna.

[J] greindi jafnframt frá því í viðtali við nefndina að hún hefði vikutíma verið í starfsþjálfun á vöggustofunni ári eftir heimsóknina. Hefði það verið hluti af fóstrunámi hennar að vera í starfsþjálfun þar sem reyndi á umönnun ungra barna. Þá hafi hún fengið þær leiðbeiningar að ekki mætti halda á börnunum, t.d. þegar þeim var gefinn peli heldur hefði pelinn verið settur í rúmið hjá börnunum og ekki mætti taka þau upp. Aðspurð um ástæður þessa sagði [J] það hafa verið út af sýklahræðslu, en hjúkrunarkonan sem stýrði vöggustofunni hefði verið afar hrædd við að veikindi bærust inn á vöggustofuna og hún hefði verið mjög upptekin af sóttvörnum.

[J] kvað starfið hafa miðast við að skipt væri á börnunum og þeim gefið að borða á ákveðnum tímum en ekkert umfram það. Þá hafi henni og samnemendum brugðið við að leikföngin sem þær hefðu útvegað fyrir vöggustofuna voru ekki í notkun heldur geymd uppi í hillu. Enn fremur hafi myndirnar verið hengdar upp á vegg frammi á gangi en ekki á þeim stöðum þar sem börnin dvöldu í húsinu. [J] sagði hana og samnemendur ekkert hafa sagt á sínum tíma á vöggustofunni en þeim hafi engu að síður þótt þetta mjög miður. [J] minntist þess þó í þessu sambandi að þegar þær hefðu greint kennara í fóstruskólanum frá þessu hefði kennarinn sagt þeim að þær þyrftu „líka að læra hvernig þetta ætti ekki að vera.“

[J] sagði að lækni vöggustofunnar hefði komið um það bil einu sinni í mánuði. Mikið hefði verið um það að börnin væru á einhverjum mixtúrum og forstöðukonan hefði yfirleitt blandað þær. [J] kvaðst ekki muna eftir daglegu skipulagi vöggustofunnar þegar hún var í starfsþjálfun árið 1963. Hún mundi hins vegar að henni hefði ekki liðið vel í starfinu. Ekki hafi mátt sinna börnunum, til dæmis með því að taka þau upp þegar þau grétu. Börnin hefðu verið klædd í hálfgerð spítalaföt og öll sett í bað á sama tíma þannig að úr hafi orðið hálfgerð færibandavinna en ekki hafi verið mikið verið að „dúlla“ við þau. Milli þess sem skipt var á börnum og þeim gefinn pela hafi starfsstúlkurnar verið að þússa glerið en þær hafi þurft að sótthreinsa mikið. Starfsfólk vöggustofunnar hafi enn fremur verið fáliðað. Starfsstúlkurnar

hefðu búið í húsinu ásamt matráðskonu sem bjó í íbúð á neðri hæðinni og forstöðukonunni sem bjó í stúdíóíbúð á efri hæðinni, en stúlkurnar hefðu búið í fjórum herbergjum. Að sögn [J] voru starfstúlkurnar svo ungar að þær gerðu ekkert upp á eigin spýtur, heldur hefði forstöðukonan sagt þeim til og lagt línurnar hvernig þær unnu starf sitt.

Í viðtali við nefndina 23. febrúar 2023 greindi [G] sem hóf störf á vöggustofunni 1963, en hafði áður starfað á Hlíðarenda, sbr. kafla 3.3.3, frá því að börnin hefðu verið í samfestingum sem voru hvítir og náttfötum sem voru saumuð á staðnum. Allt hafi verið nýtt og hvítt, ekki hafi verið myndir á veggjum og heldur ekki mikið um leikföng.

[G] kvað börnin hafa komið úr misjöfnum aðstæðum. Sum hafi einungis verið vistuð vegna tímabundinna aðstæðna foreldra, t.d. þegar foreldrar voru að ljúka námi en önnur vegna vanrækslu og erfiðra uppeldisskilyrða heima fyrir. Þessi munur hafi meðal annars birst í því að sum barnanna fengu heimsóknir en önnur aldrei. Heimsóknir hafi farið fram um helgar og á fimmtudögum, og starfsstúlkurnar hafi reynt að taka börnin til fyrir heimsóknir. Þá hafi sum barnanna átt útiföt en önnur ekki.

[G] rakti að lítið hefði verið til af fötum í húsinu, í raun svo lítið að starfskonur hafi stundum keypt föt á börnin fyrir eigin peninga. Útiföt sem [G] lýsti sem „gömlum druslum“ hafi verið gefin til hússins. [G] minntist þess að henni hafi verið falið að hugsa um ákveðin tvö börn. Forstöðukonan, Auður Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, hafi verið „góð manneskja, sem hafði kynnt sér svona starfsemi erlendis, en tíðarandinn var annar“. Síðastnefnda atriðinu lýsti [G] á þann veg að ekki hefði verið sama áhersla á leikföng og annað sem gæti eflt þroska barna. Börnin hafi þó ekki verið alltaf upp í rúmi, heldur einungis þegar þau voru að hvíla sig og fara og sofa.

[G] kvað margt ljótt hafa verið sagt um vöggustofuna sem ekki hafi verið alls kostar rétt, þótt vissulega hafi einnig verið margt sem betur mátti fara. Nefndi [G] í því sambandi að börnin hafi verið tekin upp úr rúmum sínum, þau knúsuð og keluð. [G] nefndi dæmi um dreng komið hafi á vöggustofuna með vatnshöfuð (hydrocephalis) og hafði alltaf legið í rúmi áður en hann kom á vöggustofuna en þar hafi hann lært að ganga. Starfsstúlkurnar hafi ekki verið vondar við börnin.

[G] kvað engar reglur hafa verið um snertingu við börnin, þau hafi verið frammi á gangi að hlaupa og leika sér. Eldri börnin hafi borðað sjálf en allt maukað fyrir yngri börnin. [G] lýsti því einnig að mikil áhersla hefði verið á þrif og sótthreinsun í starfsemi. Mismunandi var hvort börn fengu heimsóknir. [G] nefndi að ein starfskona hefði verið að reyna að ættleiða barn sem var vistað en móðir hefði verið því mótfallin.

[G] sagði að þegar hún hugsaði til baka þá teldi hún að það hefðu átt að vera fleiri leikföng á vöggustofunni sem efltu þroska barna og að þar hefðu átt að starfa fóstrur. Hún rifjaði upp að það hefði verið eitt dauðsfall, barn sem dó í svefni. Auður forstöðukona hafi búið um barnið, en dauðsfallið hafi ekki verið rætt sérstaklega.

[K] greindi frá því viðtali við nefndina 31. mars 2023 að hún hefði starfað á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í fullu starfi 1964 eftir að hafa verið í verknámi á Hlíðarenda árið áður. [K] kvaðst hafa starfað með börnum sem voru árgömul og eldri á vöggustofunni.

Að sögn [K] leit hún ekki mjög gagnrýnum augum á starfsemi vöggustofunnar á meðan hún starfaði þar. Eftir að hafa starfað á leikskóla hafi hún hins vegar gert sér grein fyrir því að umhverfið á vöggustofunni var mjög „sterílíserað“. Starfsfólk hafi verið í hvítum sloppum og lítið hafi verið sem fangaði augað í umhverfinu.

[K] kvað í sjálfu sér ekki hafa annað en gott um starfsemi vöggustofunnar að segja en börnin hafi þó ekki fengið fengið mikla örvun í samanburði við leikskóla og skort hafi á tilfinningaleg tengsl. Forstöðukonan, sem var hjúkrunarfræðingur hafi rekið þetta fremur eins og sjúkrastofu og foreldrar hafi að einungis mátt sjá börnin sín í gegnum gler. Aðspurð hvort foreldrar hafi fengið að halda á börnum sínum og snerta þau kvað [K] það „hljóta að hafa verið“ en hún væri þó ekki viss. [K] minntist þess ekki að börnin sem hún annaðist hafi farið mikið út. Hún kvað börnin ekki hafa fengið að borða sjálf heldur hafi þau mestmegnis verið mötuð. Börnunum hefði hins vegar sinnt ef þau grétu og þau ekki látin afskiptalaus.

[L] greindi frá því við nefndina 26. febrúar 2023 að hún hefði verið starfsnemi á vöggustofunni um nokkurra daga skeið árið 1964. [L] lýsti námsdvölinni sem hræðilegri reynslu sem hafi meðal annars birst í því að ekki hafi mátt sinna börnunum nema samkvæmt ákveðnu skipulagi, sem fólst meðal annars í því að skipta hafi átt á börnum og gefa þeim pela á fjögurra klukkustunda fresti. Þegar hún hafi komið til starfa hafi forstöðukonan rétt henni ó vikna barn og sagt henni að baða barnið á 5 mínútum. [L] kvað eldri börnin á vöggustofunni á þessum tíma enn fremur hafa verið mötuð án þess að það hafi verið augnsamband en börn hafi þá verið þarna allt til þriggja ára aldurs. Maturinn hefði verið maukaður og lýsi hellt út á hann.

Að mati [L] hafi vöggustofan á þessum tíma verið rekin eins og spítali en hjúkrunarfræðingurinn sem veitti henni forstöðu hafi lagt línurnar um starfsemina, ásamt lækni vöggustofunnar. Aðstæður hafi öðru fremur einkennst af því að starfsfólk hafi sinnt þrifum, engin leikföng hafi verið til staðar og allt hafi verið hvítmálað. Börn hafi ekki haft neitt í umhverfinu til að horfa á og þau hafi að miklu leyti legið í rúmunum sínum og hætt að gera kröfur á fólk í kringum sig. Heimsóknir hafi verið með þeim hætti að aðstandendur hafi mátt koma að sjá börn sín í gegnum gler. Minntist [L] í þessu sambandi einnar móður sem einungis hafi fengið að sjá barn sitt með þessum hætti og hún hafi farið út hágrátandi. [L] kvað mikla fordóma hafa verið í samfélaginu gagnvart sumum foreldrum barna á vöggustofunni á þessum tíma og almennt hafi ekki verið lítið á það sem svo að fólk sem missteig sig í lífinu ætti skilið annað tækifæri.

[L] kvað starfsþjálfun fósturunema á vöggustofunni hafa farið fram þannig að þær voru fjórar þjálfaðar í senn. [L] minntist þess að henni og skólasystur hennar hafi orðið svo mikið um aðstæðurnar á vöggustofunni að þær létu Sigurjón Björnsson vita, en hann hafi á þessum tíma kennt sálfræði í Fóstruskóla Sumargjafar. Hún minntist þess ekki að Sigurjón hefði komið



á vöggustofuna en hann hefði engu að síður brugðist við og síðar vakið athygli á málinu. [L] sagðist þó ekki minnst þess að ofbeldi hafi átt sér stað á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Engin mannvonska hafi ráðið för í starfseminni heldur hafi hún verið lituð af tíðaranda og því sem fólk taldi að væri best.

[M] sem var samtíða [L] á vöggustofunni í starfsnámi árið 1964 greindi nefndinni frá því í viðtali 2. mars 2023 að þegar hún kom til starfa hafi fóstunemarnir átt að vera í hvítum sloppum. Þær hafi hins vegar neitað og fengið að nota sína eigin sloppa sem voru rauðir. [M] lýsti aðstæðum þannig að umhverfi vöggustofunnar hafi verið mjög hvítt, börnin hafi verið í rimlarúmum og ekkert farið út en fóstrur hafi ekki verið mjög sjáanlegar á vöggustofunni. Áhersla hafi verið lögð á að allt í umönnun barnanna ætti að vinna hratt, meðal annars þegar börn væru böðuð og almennt hafi verið mikil hreinlætisárátta. Þá hafi átt að mata börnin aftan frá, til að koma í veg fyrir tengingu við börnin.

Aðspurð sagðist [M] ekki muna til þess að neinar skýringar hefðu verið gefnar á þeim reglum sem giltu á vöggustofunni. Hún man ekki glögg eftir forstöðukonunni á vöggustofunni en hún hafi ekki verið á meðal barnanna á meðan hún sjálf starfaði þar. Sjálf sagðist hún aldrei hafa fengið fyrirmæli um að forðast að sýna ástúð. Hins vegar hafi hún fengið fyrirmæli um hvernig átti að gefa börnunum að borða og hvernig átti að baða þau. Þá rakti hún að börnin hefðu verið mikið í rúmum sínum.

[M] minntist þess að hún og stúlkurnar sem voru með henni í starfsnámi hafi verið mjög ósáttar og þær hafi upplýst Valborgu, skólastjóra fóstruskólans, um aðstæður og að þarna væru starfshættir í ósamræmi við það sem þeim var kennt. Þær hafi einnig látið Sigurjón Björnsson sálfræðing vita, sem hafi tekið málið lengra en það hafi þær ekki vitað á þeim tíma.

[M] fannst ekki hafa verið mikið um leikföng á vöggustofunni á þessum tíma og það hafi orðið til þess að nokkrar stúlkur, líklega skólasystur í fóstruskólanum, hafi ákveðið að búa til leikföng. Þær hafi meðal annars þrjónað og saumað bangsa og önnur dýr en einnig fengið gefins leikföng frá Ingvari Helgasyni heildverslun sem þær hafi farið með á vöggustofuna, annaðhvort í desember 1964 eða 1965.



## 1965

[N] starfaði á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins um fjögurra mánaða skeið árið 1965, fljótlega eftir útskrift úr fóstruskólanum. Hún greindi frá því í viðtali við nefndina 26. apríl 2023 að reynsla hennar af vöggustofunni hefði að miklu leyti verið jákvæð, en hún hefði sjálf haft eigið barn á vöggustofunni samhliða starfi sínu þar. [N] lýsti því að hún hefði starfað á dagvakt með börn sem voru frá nýfædd allt að sex mánaða gömul, en sú vakt hefði hafist fyrir klukkan átta á morgnana og lokið rétt fyrir klukkan fjögur.

[N] lýsti því í viðtali við nefndina að hún hefði tekið afar nærri sér þá gagnrýni sem fram hefði komið í opinberri umræðu um vöggustofurnar og sér hefði þótt umfjöllunin ósanngjörn. Hún kvað ekki rétt sem fram hefði komið í opinberri umræðu að börnin hefðu alltaf verið lokuð í rimlarúmum heldur hefði teppi verið sett á gólfið til þess að þau gætu leikið sér. Þá hefði starfsfólk haft börnin í fanginu þegar þeim var gefinn peli. Starfsfólk hafi jafnan verið önnur kafið við að taka börnin til fyrir heimsóknartíma en heimsóknir foreldra hafi verið fátíðar. [N] kvað ekki rétt að foreldrarnir hafi einungis mátt horfa á börnin sín í gegnum gler, heldur hafi þau fengið að sitja með börnin í fanginu. Þá hafi heldur ekki verið rétt að börnin hafi verið njörvuð niður í rúmi sínu. [N] kvaðst ekki hafa munað eftir leikföngum en taldi sig hljóta hafa gert athugasemd ef þau vantaði. Þó væri rétt sem fram hefði komið að ekki hafi verið mikið á veggjum, auk þess sem starfsstúlkur hefði verið í sérstökum sloppum, þó ekki þannig að allar hefðu verið eins, t.d. hefði hún sjálf verið í gulum slopp.

## 1966 til 1968

[O] greindi frá því í viðtali 28. febrúar 2023 að þegar hún hóf störf á vöggustofunni 1966 hafi hún verið meðal fyrstu fóstranna sem þangað voru ráðnar. Starfaði hún þar til 1968. Forstöðukonan hefði tekið vel á móti sér og verið góð í allri viðkyrningu en starfsemin á vöggustofunni hafi þó virst vera að miklu leyti sett upp fyrir veik börn.

[O] greindi nefndinni frá því að hún hefði annast yngstu börnin á vöggustofunni en önnur fóstura sem byrjaði á sama tíma hefði farið á eldri deildina. Börnin fóru aldrei út en leikföng á vöggustofunni voru úr plasti og vandlega sótthreinsuð. Vel var séð um alla næringu en maturinn hefði hins vegar verið allur stappaður sem hafi ekki verið heppilegt fyrir börn sem voru að nálgast tveggja ára aldur. Maturinn hefði síðan verið settur í minni dalla og börnin mötuð með teskeið. Börnin hafi fengið hafragraut og lýsi í morgunmat, kássu í hádegismat, mjólk í kaffitímanum með brauði úti. Kvöldmaturinn hafi yfirleitt verið einhver hræringur, skyr eða eitthvað áþekkt. [O] kvað fæðuna stundum hafa farið í magann á börnunum og þau hafi kastað upp. Starfsstúlkum hafi ekki verið kennt að leggja þau á öxlina til að láta þau ropa. Taldi hún of mikla áherslu hafa verið lagða á það matartíminn gengi hratt fyrir sig og starfsstúlkur færu síðan fram að brjóta saman bleiur og skrafa.

Milli matmálstíma var skipt á öllum börnunum og þau sett á koppa, stundum helst til lengi að henni fannst. Síðan voru þau klædd í aftur og fóru að leika sér að plastdýrum sem voru þarna sem leikföng. Pelar barnanna voru almennt settir upp í rúm til þeirra en börn ekki tekin í

fangið þegar þeim var gefið. Starfsstúlkur voru allar í hvítum sloppum en ef þær fóru í venjulegum fötum inn á deild urðu börnin hrædd þar sem þau voru orðin svo vön sloppunum. Barnalæknir hafi komið reglulega á heimilið og litið eftir börnunum.

Að sögn [O] voru stærri börnin sett alltof snemma í rúmið og þau hafi þagað eftir það. Hún viti ekki ástæðuna fyrir þessu verklagi en minntist þess að sér hefðu fundist þau vera óeðlilega langan tíma í rúmunum. Þá minntist [O] þess ekki að börnin hafi fari út fyrir hússins dyr á meðan Auður Jónsdóttir var forstöðukona vöggustofunnar.

## 1967

Í viðtali við [P] 9. febrúar 2023 greindi hún frá því að hún hefði fyrst komið inn á Vöggustofu Thorvaldsen árið 1967 í 10 daga starfsþjálfun. Síðar starfaði hún þar eftir útskrift frá 1. júní 1973 til 31. janúar 1979. Greindi hún frá því að meðan á starfsþjálfun hennar stóð hafi vöggustofan verið rekin eins og spítali og börnin hefðu verið í rúmunum með grindurnar uppi. [P] greindi frá því að dagurinn hefði yfirleitt hafist á þann veg að börnin hefðu verið sett á kopp 6 til 10 saman í röð og að þeim hefði verið gefið að borða á meðan þau sátu á koppunum. Maturinn hefði verið hafragrautur og lýsi sem hrært hefði verið saman og mokað í þau. Í kjölfarið hefðu þau verið klædd.

[P] taldi sig muna að sum barnanna hefðu síðan verið á gólfinu en önnur upp í rúmi. Hún kvaðst ekki muna eftir leikföngum á vöggustofunni. Allur matur hefði verið maukaður og honum mokað upp í börnin. [P] kvaðst ekki minnst þess að það hafi verið neinar söng- eða lestrarstundir á þessum tíma.

[P] sagði að sumar starfsstúlkur hefðu tekið börnin upp en ekki allar og kveðst hún halda að það hafi ekki mátt. Hún kvaðst ekki minnst þess að börnin hafi farið út úr húsinu á meðan hún var í námsvist sinni. Klukkan 5 um daginn hafi börnin verið klædd í galla sem voru bundnir að aftan svo þau gætu ekki farið úr þeim. Síðan hafi þau verið sett aftur í rúmin. [P] kvað ekkert hafa verið inni í svefnherbergi barnanna, ekkert á veggjunum og engin leikföng. Þá kvaðst hún ekki muna eftir einni einustu heimsókn á þessum tíma.

[P] kvaðst aldrei gleyma þessum tíma, enda hafi hún hugsað lengi um þetta eftir á. Á þessum tíma hafi fólk vitað alveg að það ætti að halda á börnum, örva og hugsa um þau. Vöggustofan hafi hins vegar verið rekin eins og sjúkrahús og miðast við að börnin þar inni væru veik.<sup>266</sup>

[O] lýsti því í viðtali við nefndina 28. febrúar 2023 að Auður forstöðukona hafi dag einn komið með blað í morgunkaffið og lesið þar upphátt úr grein um vöggustofuna. Þar var aðstæðum á heimilinu lýst með gagnrýnum hætti og jafnvel tíundað að börn hefðu dáíð. Hefði Auður haft orðin „svona erum við“ um lýsinguna sem sett var fram í greininni. [O] greindi frá því í

<sup>266</sup> [P] ræddi við nefndina ásamt [V] en hvorug treysti sér til að ræða við nefndina ein síns liðs. Viðtalið er eina viðtal nefndarinnar sem fór fram með þessum hætti. Hefur nefndin litið til þessa atriðis við mat á gildi framburða [P] og [V] fyrir ályktanir nefndarinnar.

viðtalinu að hún hafi reyndar vitað um eitt barn sem lést en það hafi verið vegna veikinda og ekki vegna starfa vöggustofunnar.

Að sögn [O] mun umfjöllunin í blaðagreininni sem Auður las hafa átt þann aðdraganda að hún og fleiri fóstrunemar hefðu alltaf skrifað ritgerð um sérhverja starfsþjálfun á barnaheimili. Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar, hafi fengið veður af þessu og starfshættir vöggustofunnar spurst út í kjölfarið. [O] minntist þess að eftir að greinin birtist hefði lækni vöggustofunnar komið og býsnast yfir því að pelarnir væru gefnir í rúmin og börnin lægju með pelana. Læknirinn hefði sagt þetta vera stórhættulegt þar sem mjólkin gæti runnið í lungun á börnunum. [O] kvað lækninn þó hafa séð þetta viðgangast í mörg ár. Þá hafi þetta verið gert gagnrýnslaust og allir hefðu bara gert eins og forstöðukonan sagði.

Auður Jónsdóttir greindi nefndinni frá því að sér hefði verið illa brugðið við gagnrýni Sigurjóns og sér hefði þótt gagnrýnin ósanngjörn, enda hefði hann sjálfur ekki komið á vöggustofunnar. Auður minntist einnig fundarins sem borgarstjóri hélt með Sigurjóni og læknum vöggustofunnar, þeim Kristbirni Tryggvasyni og Birni Júlíussyni, en það hafi verið átakafundur þar sem borgarstjóri hafi átalíð Sigurjón harðlega. Auður greindi nefndinni aðspurð frá því að hún hefði þó ekki hætt störfum vegna gagnrýni Sigurjóns, heldur hefðu persónulegar aðstæður hennar á þessum tíma verið að breytast þannig að æskilegt hefði verið að skipta um starfsvettvang. Hún hefði þá farið aftur til starfa á barnadeild Landspítalans.

Auður lagði áherslu á það fyrir nefndinni að starfið á vöggustofunni hafi á köflum verið erfitt og það hefði oft tekið á hana að sjá hversu illa væri komið fyrir sumum börnum. Auður minntist í þessu sambandi sérstaklega atviks þar sem barn hafi farið af vöggustofunni heim til sín en hringt hefði verið á vöggustofuna þar sem nágranna grunaði að verið væri að misþyrma barninu. Auður kvaðst að svo búnu hafa hringt tafarlaust á lögreglu sem hafi sótt barnið sem þá hafi verið með verulega áverka. Þessi frásögn Auðar á sér stoð í skriflegum heimildum sem nefndin hefur kannað, en þar á meðal er læknisvottorð um áverka barnsins og aðdraganda þess að það kom aftur á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Auður kvað það hafa komið fyrir að foreldrar óskuðu eftir að börn þeirra væru skírð á vöggustofunni og þeim gefið nafn. Hún hafi þá kvatt til prest en stundum hafi það því miður gerst að foreldrarnir mættu ekki í skírnina.

Auður minntist þess að tvö börn hefðu dáið á starfstíma hennar á vöggustofunni. Annað barnið hefði verið nýrnaveikt og látist á barnadeild Landspítalans eftir að hafa verið flutt þangað. Hitt barnið hefði verið fjölfatlað.

Auður kvað mikla eftirspurn hafa verið eftir plássum á vöggustofunni og að jafnaði hefðu færri komist að en vildu. Börnin hefðu ekki öll komið úr erfiðum heimilisaðstæðum heldur hefðu foreldrar óskað eftir plássi þar sem engin önnur dagvistunarúrræði voru í boði.

Að sögn Auðar reyndi barnaverndarnefnd almennt að sporna gegn því að börn væru of lengi á vöggustofunni, enda hefði fólk verið meðvitað að það væri erfitt fyrir börn að vera lengi á stofnunum. Aðspurð um hvernig gengið hefði að koma börnum í fóstur á einkaheimili sem hefðu verið lengi á vöggustofunni sagði Auður það hafa gengið vel að öllu jöfnu. Þó hefðu mörg börn farið á aðrar stofnanir og þá helst Silungapoll. Ekki hefði þó verið um að ræða að börn færu í fóstur til útlanda.

Auður greindi frá því að þótt vöggustofunni hafi af og til borist gjafir, m.a. leikföng, hafi ekki verið mikið af leikföngum á vöggustofunni. Vöggustofan hafi einungis fengið leikföng sem bárust með gjöfum frá einkaaðilum en engar fjárveitingar hafi verið til leikfangakaupa af hálfu borgarinnar. Auður taldi þó ekki að leikföng hafi skort, enda hafi börnin flest verið mjög ung. Vöggustofan hafi átt 10 barnavagna þar sem börn hafi sofið úti og farið út, en stundum hafi þá verið nauðsynlegt að kaupa útiföt á börnin þar sem þau hafi ekki átt nein slík föt. Auður kvað starfsfólk þó ekki hafa farið nægilega mikið út með börnin þar sem mannskap hafi skort í það. Auður kvað allan mat hafa verið maukaðan á vöggustofunni, þar sem annars hefði verið hætta á að það stæði í börnunum. Þá hafi börnin alltaf verið mötuð. Auður sagði almennt engar athugasemdir hafa verið gerðar þótt starfsfólk hafi tengst einstökum börnum.

[O] kvað miklar breytingar hafa orðið á starfseminni í kjölfar þess að Auður Jónsdóttir sagði starfi sínu lausu og Ragnheiður Jónsdóttir, sem áður starfaði á Laufásborg, tók við starfi forstöðukonu í maí 1967. Móðir Auðar, sem einnig starfaði á vöggustofunni, hefði hætt störfum á sama tíma og hugsanlega einnig ráðskonan. [O] sagði Ragnheiði hafa gefið starfstúlkunum þau fyrirmæli að sitja með börnin þegar þeim var gefinn peli. Þá hafi Ragnheiður látið opna út í garð og útvegað hlífðarföt fyrir öll börnin svo þau gætu farið út, en sumarið sem hún byrjaði hafi börnin farið út eftir morgunmatinn. Ragnheiður hafi einnig tekið fyrir matarvenjurnar og keypt hringlaga borð fyrir miðdeildina og elstu deildina. Öll börn sem gátu setið hafi fengið hæfilega stóla og farið að læra sjálf að borða af diskum með hnífapörum. Þetta hafi auðvitað verið miklu meiri vinna en að moka kássu upp í börnin en þarna hefði ráðist gott fólk sem vildi vinna með Ragnheiði. Einhverjar starfstúlkur hefðu þó verið ósáttar og hætt. Ragnheiður hefði hins vegar alltaf unnið inni á deildunum með starfsfólkinu, en Auður hafi almennt ekki komið inn á deildirnar nema þegar barn var veikt. Þá hafi hún athugað með barnið og haft samband við lækni ef tilefni var til.

[O] kvaðst ekki muna mikið eftir heimsóknunum á tíma Auðar en eftir að Ragnheiður tók við þá hafi foreldrar komið í auknum mæli og farið með börnin út á leiksvæði. Ragnheiður hafi almennt hvatt foreldrana til að koma og tengjast börnunum. Dæmi voru um að mæður með börn á brjósti hafi komið tvisvar á dag til að gefa brjóst og halda tengingu við barnið.

Ragnheiður hafi einnig séð til þess að fleiri leikföng komu inn á vöggustofuna, eins og púsl, auk þess sem leikin var tónlist fyrir börnin og þau fóru dansa og hreyfa sig. [O] minntist þess að Thorvaldsensfélagið hafi átt nokkur pláss á vöggustofunni og að börn sem komu inn á vegum þess hafi ekki endilega komið inn vegna slæmra aðstæðna.

## 1968

Í viðtali 9. maí 2023 greindi [R] frá því að hún hefði starfað á vöggustofunni í starfsnámi og í afleysingum árið 1967 áður en hún kom til fullra starfa þar eftir útskrift úr fóstruskólanum árið 1968. Hún kvaðst hafa verið áhugasöm þá um að starfa áfram þar sem Ragnheiður Jónsdóttir hafði tekið við starfi forstöðukonu og innleitt breytingar sem henni hafi hugnast vel. Meðal þeirra helstu hafi verið að Ragnheiður hafi lagt á það áherslu að börnin á vöggustofunni væru almennt heilbrigð og það ætti ekki að koma fram við þau eins og þau væru veik. Nefndi [R] í þessu sambandi að eitt barn hefði alltaf legið í rúminu samkvæmt fyrirmælum fyrrverandi forstöðukonu þar sem það væri veikt. Ragnheiður hafi hins vegar sagt starfsfólki að barnið ætti að fara úr rúminu og vera á gólfinu og í framhaldinu hafi það bæði lært að skríða og ganga.

Í viðtalinu við nefndina greindi [R] frá því að matur á vöggustofunni hefði verið venjulegur heimilismatur sem hefði verið skorinn niður fyrir börnin, að frátöldu einu barni sem hafi fengið maukaðan mat þar sem það átti í erfiðleikum með að tyggja. [R] kvað heimsóknir hafa átt sér stað tvisvar í viku og að foreldrar hafi þá verið einir með börnunum. [R] nefndi þó að ein ung móðir hafi komið oftar og gefið barni sínu brjóst.

[R] lýsti því fyrir nefndinni að lítið hefði verið af leikföngum og leiktækjum á vöggustofunni. Þó hefðu verið þar gönguvagnar, boltar og leikföng úr plasti sem hægt var að byggja með. Starfsfólk hefði verið í sloppum í ýmsum litum við störf sín, nefndi [R] að sumir þeirra hefðu verið ljósbláir.

[G] sem áður starfaði á vöggustofunni á táningsaldri árið 1963 lýsti því í viðtali við nefndina 23. febrúar 2023 að hún hefði komið aftur til starfa árið 1968. Samkvæmt gögnum sem nefndin hefur aflað starfaði [G] á vöggustofunni frá 1. október 1968 til 1. júní 1969. Þá hafði Brynhildur Sigurðardóttir tekið við starfi forstöðukonu en að sögn [G] voru áherslur á þeim tíma allt öðruvísi en áður þegar Auður Jónsdóttir gegndi þar forstöðu. Lýsti [G] þessum breytingum á þann veg að starfsemi vöggustofunnar hefði öll orðið frjálslægri og öðruvísi andi ríkt sem hafði meðal annars birst í því að foreldrar komu í heimsókn og börnin voru í sínum fötum.

[S] veitti nefndinni viðtal hinn 27. apríl 2023. Hún starfaði á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins frá árinu 1968 og var sýnt heimilið áður en hún hóf störf sem starfsnemi í fóstruskóla Sumargjafar. Hafi hana þá helst langað að gráta og ganga þaðan út. Á þessum tíma hafi áherslan helst verið á þrif vöggustofunnar. Gólf hafi verið skúruð tvisvar á dag og mikið notað af sóttþreinsilegi. Ungbörn hafi verið í minni rúmum með gleri á rúmum en eldri börnin, sem voru elst tveggja ára, hafi verið í hvítum rúmum með mjög háum rimlum. [S] minntist þess sérstaklega hvað hefði slegið sig að sjá börn rugga sér í rúmum og slá höfði sínu í rimlana. Það hafi verið greinilegt að þau hafi skort ást og hlýju.

[S] minntist þess einnig að byrjað hafi verið að baða börn klukkan 5 fyrir kvöldið og að þáverandi forstöðukona, Brynhildur Sigurðardóttir, hafi lagt upp úr því að starfsstúlkur lykju

verkinu á sem skemmstum tíma. [S] minntist þess að starfstúlkurnar hafi verið í sloppum og þeir hafi átt að vera hvítir. Stuttu síðar hafi verið slakað á þeim reglum þannig að sloppar máttu vera í ólíkum litum. [S]kvað lítið hafa verið til af leikföngum, auk þess sem veggir hafi allir verið hvítir og lítil örvun í öllu umhverfinu. Börnin hafi öll verið í eins náttfötum en einnig hafi matur verið maukaður. [S] kvað heimsóknir foreldra hafa farið fram tvisvar í viku á þessum tíma og að foreldrar hafi þá mátt vera með börnunum, þ.e. halda á þeim og snerta þau.

[T] veitti nefndinni viðtal 28. apríl 2023. Greindi hún frá því að hafa starfað á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem starfsnemi sumarið 1968 en síðan komið til fullra starfa þar árið 1969. Hafi Brynhildur Sigurðardóttir verið forstöðukona á þessum tíma. Í viðtalinu kom fram að hún hefði starfað með yngstu börnunum sem voru sex mánaða og yngri. [T] kveðst hafa verið sátt við umönnun barnanna að flestu leyti þar sem hugsað hafi verið um þau af samvirkusemi og kærleika. Umhverfi vöggustofunnar hafi þó verið stofnanalegt, sem birtist meðal annars í því að veggir voru hvítir og notuð voru hvít rimlarúm, en leikskólar á þessum tíma hafi verið málaðir í mildum litum. Þá hafi starfsstúlkur verið í sérstökum sloppum, sem voru ýmist hvítir eða einlitir í öðrum lit.

Samkvæmt frásögn [T] fóru heimsóknir foreldra á þessum tíma þannig fram að þau hittu börnin í sérstöku heimsóknarherbergi og gátu þar umgengist þau án nærveru starfsfólks. [T] kvað umræðu um illa meðferð barna og þeim ekki sinnt þegar þau grétu hafa slegið sig illa enda hafi það ekki verið raunin á hennar starfstíma, þótt slíkt hefði kannski átt sér stað áður. [T] kvað þó ástandið hafa verið erfiðara á deildum þar sem eldri börn dvöldu og hugsanlega hafi þær deildir verið undirmannaðar. [T] kvað meginástæðu þess að hún hætti á vöggustofunni við áramótin 1970 hafa verið að hún hafi átt erfitt með að ganga næturvaktir. Að þeim slepptum hefði hún vel getað hugsað sér að starfa áfram á vöggustofunni á þessum tíma.

Móðir barns sem vistað var á vöggustofu, kvaðst í viðtali við nefndina 18. nóvember 2022 hafa sett barnið á vöggustofu að ráði læknis þar sem það hafi verið alvarlega veikt og hún hafi sjálf verið örmagna. Móðirin kvaðst ekki muna nákvæmlega hvenær barnið var vistað á vöggustofunni en samkvæmt gögnum nefndarinnar var barnið vistað um mánaðarskeið frá 28. ágúst til 30. september 1968. Í viðtalinu kvaðst móðirin ekki hafa fengið sjá barn sitt öðruvísi en í gegnum gler en hún hafi sjálf ekki haft orku til þess að gera athugasemdir við það. Fólk í kringum hana hafi hins vegar talið að barn hennar væri með smitandi sjúkdóm og tekið fyrir samneyti við hana á þessum tíma. Hún hafi síðan safnað kjarki og sótt dóttur sína á vöggustofuna.

## 1969

Í viðtali við nefndina 23. febrúar 2023 greindi [U] frá því að hún hefði byrjað sem fósra á vöggustofunni 1. júní 1969 eftir útskrift úr Fóstruskóla Sumargjafar ásamt tveimur öðrum. Ein af þeim hafi farið á vöggudeild, þar sem yngstu börnin dvöldu, en hinar tvær á Langasand en



Það hafi sú deild verið nefnd þar sem börnin voru á aldrinum 3 til 5 ára. Starfið á Langasandi hafi að miklu leyti líkst starfinu á leikskóladeild. Fóstrurnar hafi farið út með börnin og í göngutúra, verið með söngstundir, auk þess sem börnin hafi leikið sér með ýmiss konar liti en hún myndi ekki eftir leikföngum á þessum tíma.

[U] lýsti starfseminni þannig að enda þótt hún teldi óæskilegt að börn væru yfirleitt á vöggustöfum hafi stúlkurnar sem unnu þarna reynt að gera sitt besta og faðmað börnin og reynt að hugga ef þau grétu. [U] kvaðst þó ekki minnst þess að mikið hefði verið um hávaða á vöggustofunni og almennt hefðu börnin verið meira róleg og stillt en eðlilegt gat talist og skort hafi á gleðina í þeim.

[U] lýsti heimsóknum á þessum tíma þannig að fólk hafi gjarnan komið á sunnudögum og þá farið með börnin inn í herbergi til að spjalla. [U] minntist þess ekki að börn hefðu verið sýnd gegnum gler í heimsóknum á sínum starfstíma en hún hefði heyrt frá starfsfólki að þannig hefði það verið áður. Þá hefði barnalæknir vitjað að minnsta kosti einu sinni á ári og skoðað öll börnin og hafi hún þá alltaf fylgt barni inn til hans. Í matartímum hafi verið lagt á borð á meðan börnin sungu og setið til borðs en hvert barn hafi átt sitt sæti. Maturinn hafi verið fjölbreyttur en yfirleitt maukaður ofan í börnin.

[U] greindi frá því að starfsandinn hafi breyst til hins betra eftir að Gyða Sigvaldadóttir var ráðin forstöðukona vöggustofunnar. Gyðu hafi augsýnilega verið mjög umhugað um börnin og starfsfólkið og alltaf verið til staðar. Þá hefði leikföngum fjölgað eftir tilkomu Gyðu og meiri gleði verið meðal barnanna.

Samkvæmt [U] hafði starfsfólk á Langasandi nokkurt svigrúm um hvernig það hagaði daglegu skipulagi. Almennt hefði það verið á þann veg að börnin hefðu borðað hafragraut í morgunmat. Síðan hafi verið leikstund og börnin farið á salerni en síðan hafi fylgt útivera fyrir hádegi. Að því loknu hafi börnin komið inn og borðað en eftir það hafi verið hvíld og lestrarstund. Þá hafi verið aftur útivera, svo kaffitími og leik-og lesstund. Þá hafi börnin háttað sig og verið komin í náttföt þegar kom að kvöldmatnum. Stundum hafi þau farið í bað, en þá fyrir kvöldmat. Herbergjaskipan hefði verið þannig að tvö rúm voru í herbergi og systkini höfð saman.

[V] lýsti því í viðtali við nefndina 9. febrúar 2023 að hún hefði verið í starfsþjálfun á vöggustofunni í námi sínu við fóstruskólann á meðan Gyða Sigvaldadóttir veitti stofnuninni forstöðu árið 1970. Þá hafi börnin að miklu leyti verið í rúmum sínum og legið þar langtímum saman en ekkert hafi verið á veggjum. Eitt herbergi hafi verið helgað fötluðum börnum sem



hafi verið þar nokkur saman, en þau hafi verið farin þegar hún kom til fullra starfa á vöggustofunni árið 1972.<sup>267</sup>

## 1970

Póranna Þórðardóttir veitti nefndinni viðtal 26. febrúar 2023. Hún starfaði á vöggustofunni frá 1970 til 1973, meðal annars sem forstöðukona, og greindi frá því að þegar hún hóf störf hafi börnin vaknað um klukkan átta og verið tekin upp og klædd. Þau hafi ekki verið í neinum sérstökum hvítum göllum, heldur venjulegum fötum. Eftir það hafi þau fengið að borða en síðan var leikið við þau fram að hádegismat. Eftir hádegi hafi alltaf verið farið út og leikið við börnin á leiksvæði, en leikvöllurinn hafi þó ekki verið fjölbreyttur. Þá hafi börnin sofið úti í vögnum.

Póranna sagði daginn yfirleitt ekki hafa verið sérstaklega skipulagðan heldur hafi starfið miðast við að sinna börnunum og starfstúlkurnar, sem voru að jafnaði mjög ungar, hafi gert það vel. Þær hafi legið á gólfinu og skriðið með börnunum þar sem þær léku við þau. Póranna kvað lítið hafa verið um leikföng og börnin hafi almennt ekki mátt hafa nein slík í rúmum eða bangsa. Póranna kveðst hafa þekkt til fólks sem var í innflutningi á leikföngum og vöggustofan hafi þá fengið eitthvað smávegis af þeim gefins. Stefnan hafi hins vegar verið sú á þessum tíma að leggja starfsemina niður og þess vegna hafi ekki mátt verja miklum fjármunum til hennar.

Póranna kveðst hafa átt í nokkrum ágreiningi við lækni vöggustofunnar um hvernig best var að haga starfseminni þegar hún tók við sem forstöðukona 1971. Læknirinn hafi til dæmis verið kröfuharður á það að starfsfólkið væri í hvítum sloppum en Póranna hafi tekið þá ákvörðun þegar hún tók við forstöðu vöggustofunnar að starfsfólk yrði í sínum eigin fötum og einkennisbúningum var hent. Að mati Þórönnu sköpuðu einkennisbúningarnir kuldalegt yfirbragð, auk þess sem veggirnir voru allir hvítir. Póranna greindi nefndinni frá því að eftir að hún málaði einn vegg mosagrænan og setti rauð gluggatjöld hafi hún fengið aðfinnslur frá lækni vöggustofunnar þar sem hann teldi að gluggatjöldin væru „bakteríusafnari“.

Póranna kvað hafa verið mun auðveldara að vinna með starfsfólkinu sem var á miðdeild heldur en þeim sem störfuðu með yngstu börnunum. Þar hafi starfað ljósmóðir og þar hafi allt verið eins og á fæðingardeildinni. Póranna minntist þess að þessi þáttur hefði verið sérstaklega erfiður þar sem hún hafi sjálf flutt inn á hæðina fyrir ofan og vaknað ítrekað við það að börnin voru grátandi og ekki sinnt. Hún hafi gert athugasemdir við ljósmóðurina sem starfaði á deildinni vegna þessa en hún hafi haft svör á reiðum höndum. Póranna kvaðst hafa vitað á þessum tíma að það væri verið að rannsaka börn og hversu lengi hlutir sem þau

---

<sup>267</sup> [V] ræddi við nefndina ásamt [P] en hvorug treysti sér til að ræða við nefndina ein síns liðs. Viðtalið er eina viðtalið þar sem nefndin ræddi sameiginlega við starfsfólk. Hefur nefndin litið til þessa atriðis við mat á gildi framburðar [P] og [V] fyrir ályktanir nefndarinnar.

upplifðu myndu sitja í þeim. Parna hafi viðhorfið hins vegar verið að hvítvoðungar myndu gleyma öllu.

Póranna kvað eldri börnin sem vistuð voru á vöggustofunni hafa verið á aldrinum 3-6 ára og þau hafi verið meðvituð um aðstæður. Lýsti Póranna því að Gyða Sigvaldadóttir hefði leitast við að sinna þessum börnum sérstaklega vel sem hefði birst í því að hún hefði oft setið inni hjá þeim og sungið þegar þau voru að hátta. Börnin hafi alltaf verið í fyrirrúmi hjá Gyðu.

Póranna kvaðst aldrei hafa séð neitt því til fyrirstöðu að aðstandendur kæmu í heimsókn og hitti börnin sín. Viðhorfið hafi hins vegar verið þannig að þeir hafi helst bara mátt sjá börnin í gegnum gler. Þá hafi móðir eins barns á vöggustofunni dvalið á Kleppsspítala vegna fæðingarpunglyndis og þótti Pórönnu sjálfsagt að móðirin kæmi og gæfi barninu, baðaði það og færi í göngutúr í vagni ásamt starfsfólki. Póranna lýsti því einnig að hún hefði lagt niður fasta heimsóknartíma.

[X] greindi nefndinni frá því í viðtali 9. maí 2023 að hann hafi verið ráðinn að vöggustofunni við útskrift úr menntaskóla sumarið 1970 fyrir tilhlutan Gyðu Sigvaldadóttur sem þá var forstöðukona vöggustofunnar. [X] hefði um sumarið starfað á deildinni þar sem elstu börnin voru en þau elstu hefðu verið í kringum sex ára gömul.

Í frásögn [X] kom fram að Gyða hafi greint honum frá því að hún ætlaði sér að leggja stofnunina niður í þáverandi mynd. Gyða hefði boðað miklar breytingar á starfsemi stofnunarinnar og hún hafi greint [X] frá því að vikið yrði frá fyrri framkvæmd um að starfsfólk yrði að gæta þess að hæna ekki börn að sér. Lýsti [X] því þannig að Gyða hefði sagt honum að hann mætti hæna tvö börn að sér, hann veldi annað en hún hitt. Hún hefði haft þau orð að börnin myndu sakna hans þegar hann færi, en þau hefðu þó engu síður upplifað að þau væru sérstök. Gyða hafi sagt að hún hafi passað bæði mömmur og ömmur barnanna á stofnunum og það „yrði að rjúfa vítahringinn“.

[X] kvað aðstæður á leikskólanum hafa verið fábrotnar. Til dæmis hefðu engin leiktæki á borð við rólur og sandkassa verið á útiaðstöðunni og hefði það þá verið leyst með að fara á aðrar leikskólalóðir eða staði þar sem slík tæki voru til staðar. Stofnunin hefði borið þess mjög merki að hún hefði verið byggð fyrir fólk í erfiðri þjóðfélagsstöðu sem lítið var gert fyrir.

Þá hefði orðið breyting á því hvernig maturinn var framreiddur þar sem matnum hefði áður verið sulað saman í trog en síðan verið settur fram þannig að börnin gátu valið sér eitthvað sjálf. Þá hefði einnig verið horfið frá því fyrirkomulagi að starfsfólk stæði fyrir aftan börnin þegar þau borðuðu matinn. [X] kvað enga einkennisbúninga hafa tíðkast á þessum tíma. Þá hafi heimsóknir átt sér stað þannig að foreldrar hafi verið með börnunum.

[Y] greindi nefndinni frá því í viðtali 9. maí 2023 að hann hefði starfað á vöggustofunni sumarið 1970.<sup>268</sup> Gyða Sigvaldadóttir hefði verið forstöðukona þegar hann kom til starfa en hún hefði lagt mikla áherslu á að börnunum væri sinnt sem best og þeim sýnd hlýja og umhyggja. Hún hefði lagt þær línur að börnin kæmu mörg hver frá brotnum heimilum og það varðaði öllu að þau upplifðu væntumþykju og hefðu persónuleg tengsl við starfsfólk.

[Y] sagði hugmyndir Gyðu hefðu hins vegar mætt mótstöðu hjá sumu starfsfólki sem hafi þráast við að hugga börn ef þau grétu á kvöldin. Hafi það fyrst og fremst átt við um atlæti gagnvart eldri börnunum og einstaka starfsfólk hafi verið að ergja sig yfir fyrir mælum Gyðu. Þá nefndi [Y] í þessu samhengi einnig að tvær starfskonur hafi gert athugasemdir við að hann hefði gengið í að skipta á barni sem gert hafði í buxurnar utan þess tíma sem gert var ráð fyrir að skipt væri á börnum. [Y] rifjaði einnig upp að honum hafi þótt erfitt að horfa upp á hlutskipti fötluðu barnanna, sem sum hver hafi verið verulega fötluð.

[Y] kvaðst ekki minnst þess að umhverfið hafi verið kaldranalegt með t.d. hvítmáluðum veggjum í kringum eldri börnin, en deild yngstu barnanna hafi verið ólík hinum og mest líkst vöggudeild á sjúkrahúsi. [Y] kvað starfsfólk hafa farið í gönguferðir með börnin en mest hefði verið leikið í garðinum þar sem Gyða hefði verið í aðalhlutverki.

Í viðtali við nefndina 2. desember 2022 greindi [P] frá því að barnaverndarnefnd hefði tekið hana af heimili sínu um miðja nótt árið 1971 eftir að móðir hennar beitti systkini hennar ofbeldi. Samkvæmt vistunarskýrslu [P] var hún nýorðin fjögurra ára á þessum tíma en þar kemur fram að hún hafi dvalið á vöggustofunni nánast samfelld í heilt ár, frá 11. febrúar 1971 til 8. febrúar 1972

[P] lýsti því fyrir nefndinni að hún hefði verið vistuð á deild eldri barna sem var kölluð Langisandur og að starfsemin hafi verið í mjög föstum skorðum. Börnin hafi borðað kl. 17 og farið í háttinn klukkan sjö en hún hafi hins vegar stundum mátt fara út eftir klukkan sjö. Leikskólinn Hlíðarendi hafi verið í næsta húsi og börnin þar hafi verið skilin að frá börnunum á vöggustofunni með girðingu. Hún minntist að hafa orðið þess vör að leikskólabörnin fóru heim með foreldrum sínum í lok hvers dags meðan þau voru áfram á sama stað. Eini vinur hennar á þessum tíma hafi verið drengur með Downs-heilkenni sem vistaður hafi verið af öðrum ástæðum og farið heim um helgar.

[P] minntist þess jafnframt að ekki hafi verið mikið af leikföngum á vöggustofunni og það hafi nánast verið slegist um þau fáu sem voru til. Auk þess hafi verið eitt herbergi með dúkkueldhúsi og fleiri leikföngum en þangað hafi einungis mátt fara við hátíðleg tækifæri, t.d. þegar foreldrar komu í heimsókn, og það hafi verið nánast heilög stund. [P] hafði einnig eftir

---

<sup>268</sup> Starfsmaðurinn mundi ekki nákvæmlega hvenær hann hefði verið að störfum en nefndi að hann hefði starfað samtímis öðrum starfsmanni sem samkvæmt gögnum starfaði á vöggustofunni frá 25. janúar 1970 til 1. desember 1970. Eins og fram kemur í kafla 4.3.6 tók Gyða Sigvaldadóttir formlega við forstöðu vöggustofunnar í júní 1971. Í viðtölum við starfsfólk kom hins vegar fram að Gyða hefði að einhverju leyti gegnt starfi forstöðukonu samhliða Brynhildi Sigurðardóttur árið 1970.

fósturmóður sinni að börnin á vöggustofunni hafi sópast að fólki sem kom í heimsókn og sóst mjög eftir athygli þess.

[P] lýsti jafnframt minningum um Gyðu Sigvaldadóttur sem hefði verið „ofboðslega góð kona“. Þá mundi hún eftir annarri starfskonu, Guðrúnu að nafni, sem hefði tekið fatlaðan dreng með sér heim um helgar. Um aðra starfsmenn kvaðst [P] minnst þess að eitt sinn hefði verið gripið í hárið á henni og hún dregin inn í herbergi og einnig að hún hafi verið slegin en það hafi sennilega þótt eðlilegt á þessum tíma ef barn gerði eitthvað af sér.

[P] greindi nefndinni einnig frá því að hún hefði sofið í rimlarúmi í annars tómu herbergi sem var læst á nóttinni. Þetta hafi haft þau áhrif þegar hún var komin í fóstur að hún rúllaði í mörg ár út úr rúminu. [P] lýsti því fyrir nefndinni að dvölin hefði haft mikil áhrif á allt líf hennar en hún hefði ekki gert sér fyllilega grein fyrir því fyrr en hún var komin á fullorðinsár. Hún hafi til dæmis forðast að fara framhjá húsi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Þá hefði hún yfirhöfuð ekki knúsað fólk fyrr en eftir að hún eignaðist sjálf börn um miðjan þrítugsaldur. [P] minntist þess ekki að hafa setið í fanginu á neinum á meðan dvöl hennar stóð og sennilega hafi verið best að lýsa tíma hennar á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins þannig að það hefðu „engar tilfinningar verið í neinum samskiptum vegna þess að það var bannað.“

[Æ] veitti nefndinni viðtal 9. febrúar 2023. Hún starfaði á vöggustofunni frá ágúst 1970 fram til fyrri hluta árs 1972 og greindi frá að hefðbundinn dagur hefði á þessum tíma hafist með því að öll börn voru þvegin og klædd fyrir morgunmat. Að því loknu hafi þau farið að leika sér fram til hádegis, annaðhvort inni eða úti í garði ef veður leyfði. Börnin hafi þessum tíma sofið í háum rimlarúmum hlið við hlið og farið í rúmið á ákveðnum háttatíma.

[Æ] mundi ekki eftir að mikið hafi verið af leikföngum, en börnin hafi teiknað og litað og afraksturinn verið hengdur upp á vegg. Aðspurð mundi hún ekki hvort það var reglulegur lestur fyrir börnin, en hún mundi eftir að hafa lesið fyrir einn dreng. Mikið hafi verið lagt upp úr hreinlæti og sérstakt herbergi hafi verið fyrir koppa. Þennan tíma hafi einnig mjög fötluð börn verið vistuð á vöggustofunni, en þau börn hafi verið í umsjá starfsmanna frá Kópavogshæli og ekki starfsmanna vöggustofunnar.

[Æ] minnti að foreldrar hefðu komið í heimsóknir um helgar og þau hafi hitt börnin í holi með sætum. Hún tilgreindi að í einstaka tilvikum þurfti að hafa varann á þegar foreldrar komu í heimsókn þar sem áhyggjur hafi verið af því að þeir tækju börnin. Aðspurð sagðist hún ekki muna eftir að Reykjavíkurborg hafi haft eftirlit með starfsemi vöggustofunnar.

[Ö] veitti nefndinni viðtal 11. maí 2023. Hún starfaði á vöggustofunni um 18 mánaða skeið frá seinni hluta árs 1970 eða byrjun árs 1971 til 1972, fyrst á bráðabirgðadeild fyrir fötluð börn en síðar á vöggudeild fyrir yngstu börnin. [Ö] greindi frá því að starfsemin hafi verið mjög reglubundin og í fóstum skorðum. Börnin á bráðabirgðadeildinni hefðu verið verulega fötluð og nokkuð eldri en önnur börn á vöggustofunni, en auk þess hefðu þau verið með

mismunandi fötlun. Sum barnanna hefðu verið hreyfihömluð, auk andlegrar fötlunar en [Ö] minntist þess ekki að þau hefðu notið sjúkráþjálfunar.

[Ö] sagði skýr skil hafa verið á milli deilda á vöggustofunni. Börn hefðu að jafnaði ekki umgengist börn á öðrum deildum, t.d. hefðu eldri börnin á Langasandi ekki umgengist yngri börnin og fötluðu börnin hafi heldur ekki umgengist börn á öðrum deildum.

[Ö] kvaðst hafa átt gott samstarfsfólk sem hefði almennt lagt sig í framkróka um að sýna börnunum ást og umhyggju. Nefndi [Ö] sérstaklega í þessu sambandi Gyðu Sigvaldadóttur sem starfaði með elstu börnunum á Langasandi. Hún hefði sinnt börnunum af mikilli alúð og skipulagt söngstundir. [Ö] nefndin hins vegar að henni hefði alltaf þótt meiri skuggi yfir miðdeildinni. Börnin þar hafi verið böðuð um klukkan hálfífm, borðað kvöldmat klukkutíma síðar og verið komin í rúmið snemma eftir það. Þá hefði vantað upp á skipulagt starf fyrir börnin eins og í leikskóla, þótt stundum hafi verið farið með börn í göngutúr. Auk þess þótti [Ö] miður þegar hún varð vitni að því að eldra systkini var skilið frá yngri systkinum sínum eftir að börnin komu á vöggustofuna fyrir tilstilli barnaverndarnefndar.

[Ö] greindi frá því að miklar breytingar hefðu verið gerðar við umönnun yngstu barnanna eftir að Þorbjörg Sigurðardóttir tók við forstöðu vöggustofunnar. Í stað þess að börnin drykkju af pela í rúminu hefði starfsfólki verið uppálagt að taka börnin í fangið, gefa þeim að drekka og sýna þeim ástúð. Þá hafi starfsfólki verið falið að sinna og tengjast tilteknum börnum sérstaklega og meðal annars tekið þau heim með sér.

[S], sem áður var í starfsnámi á vöggustofunni 1968 og getið er að ofan, kom aftur til starfa í ársbyrjun 1972. Kvað hún starfsemina á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins þá hafa tekið miklum breytingum eftir að Þorbjörg Sigurðardóttir var orðin forstöðukona. [S] sagði starfsandann hafa breyst mikið og miklu léttara hafi verið yfir starfseminni, t.d. hefðu einkennisslopparnir verið fjarlægðir. Áherflan hafi verið meira á börnin og umönnun þeirra en síður lotið að þrifum. Þá hafi verið mun meiri nánd við börnin en áður og almennt hafi verið leitast við sinna þeim eins vel og unnt var. Til dæmis minntist [S] þess að starfsfólk hafi lesið fyrir börnin inni í herbergi þegar þau voru að fara sofa og verið hjá þeim. Þá hefði verið innréttuð sameiginleg stofa fyrir börnin þar sem hefði verið sjónvarp.

Bæði [P] og [V] greindu einnig frá því í viðtali við nefndina 9. febrúar 2023 að miklar breytingar hefðu verið gerðar á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins með tilkomu Þorbjargar Sigurðardóttur 1972. Bæði rúm og hurðar hefði verið máluð í litum en borgaryfirvöld hafi ekki verið hrifin af þessum breytingum. Auk þess hafi verið keypt leikföng, púsl og Legokubbar. Háttatíma barnanna var líka seinkað en áður hafi hann verið klukkan fimm á daginn. Þá hafi verið farið með börnin út í garð og um Laugardalinn en einnig í sundlaugar. Gyða Sigvaldadóttir hafi einnig haft forgöngu um að starfseminni yrði komið í svipað horf og á leikskólum og byrjað hafi verið að syngja með börnunum og spila á gítar.

[P] og [V] greindu frá því að heimsóknartímar hafi verið sérstaklega erfiðir og tilfinningaþrungnar stundir þegar foreldrar komu öll á sama tíma og síðan hafi verið grátíð mikið þegar heimsóknartímanum lauk tveimur klukkustundum síðar.

[P] og [V] kváðu ekki hafa verið mikil samskipti við félagsþjónustuna á þessum tíma og starfsfólk hafi fengið mjög takmarkaðar upplýsingar um börnin og veru þeirra. Til dæmis hafi lögregla stundum komið með börn að kvöldi til en starfsfólki hafi ekki verið greint frá því úr hvaða aðstæðum barnið var að koma. Báðar greindu frá því að Björn Júlíusson læknir hefði veitt mikilvægan stuðning við starfsfólk og hann hafi alltaf komið þegar á þurfti að halda. [V] minntist þess til dæmis að á vöggustofunni hafi eitt sinn verið vistað barn sem var illa farið af beinkröm og átti að útskrifa en þá hefði hún hringt í Björn sem hafi komið og kyrrsett barnið. Kvað [V] líklegt að barnið hefði dáið ef Björn hefði ekki gripið inn í.

[P] og [V] kváðust báðar telja að börnum hefði ekki liðið illa á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á þeim tíma sem þær störfuðu þar á áttunda áratugnum. Það hafi verið farið vel með börnin, enginn hafi beitt þau líkamlegu ofbeldi. Sum börn, sem hafi verið á vöggustofunni um jól og áramót, hafi fengið að fara heim með starfsfólki á slíkum tímum. Á þessum tíma hafi hins vegar enginn stuðningur verið við einstæðar mæður, a.m.k. ekki þannig að þær vissu af. Þá hafi verið mismunandi eftir þjóðfélagsstöðu hvaða þjónustu mæður fengu, auk þess sem miklu hafi skipt hversu áræðnar þær voru að bera sig eftir stuðningi. [P] kvaðst sjálf hafa farið í kringum reglurnar til að koma til móts við móður barns og leyft henni að hringja heim til sín til að fá fréttir af barninu.

Í viðtali við nefndina 26. febrúar 2023 lýsti Þorbjörg Sigurðardóttir því að hún hefði sótt um starf forstöðukonu Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árið 1972 að undirlagi Gyðu Sigvaldadóttur, fyrrverandi forstöðukonu. Gyða hafi verið mjög frjó manneskja með miklar hugmyndir en hún hafi ekki endilega náð að fylgja þeim öllum eftir og það hafi komið í hlut Þorbjargar að hrinda þeim í framkvæmd. Þorbjörg kvaðst hafa byrjað á því að lífga upp á umhverfið, mála, afla leikfanga og blanda saman börnum á ólíkum aldri. Lýsti Þorbjörg því þannig að hún hafi ekki viljað vera með vöggustofu og heldur ekki viljað aðgreina systkini.

Þorbjörg kvað Björn Júlíusson lækni vöggustofunnar ekki hafa verið hrifinn af þessum breytingum í byrjun og bent á smithættu, en síðan hafi honum snúist hugur. Þorbjörg kvað annars allt starfsfólkið hafa verið tilbúið að taka þátt í breytingum og að góður starfsandi hafi ríkt á vöggustofunni. Þorbjörg kvaðst hafa leitast við að starfsemin líktist heimilisaðstæðum eins og kostur var. Birtist það meðal annars í því að starfseminni var skipt upp í litlar einingar og vann sama starfsfólk á hverri einingu. Börnin hafi farið meira út af vöggustofunni og heim til foreldra, jafnframt því sem liðkað var fyrir heimsóknum foreldra. Áður fyrr hafi heimsóknir verið takmarkaðar og börnin ekki verið úti nema í litlum mæli.

Að sögn Þorbjargar mun hún hafa fengið ákúrr frá Félagsmálastofnun fyrir að hafa ráðist í breytingar án þess hafa fengið til þess leyfi. Þorbjörg kvaðst þó hafa fengið fjármagn til að kaupa leikföng og bækur sem hafi ekki verið til staðar áður. Þá hafi Thorvaldsen-konur komið



a.m.k. einu sinni með gjöf. Aðspurð um fatnað barna sagði Þorbjörg allan gang hafa verið á því, en sjálfsagt hafi starfsmenn keypt föt á börnin.

Þorbjörg sagði mánaðarlega fundi hafa verið haldna um málefni barnanna á þessum tíma, en ekki endilega við komu þeirra. Félagsmálastofnun hafi reynt að fylgjast með börnunum og á fundunum hafi, auk Þorbjargar, verið starfsfólk barnaverndarnefndar, sem og þeir starfsmenn sem hugsuðu mest um börnin. Þorbjörg sagði börn hafa verið vistuð af mismunandi ástæðum, m.a. fátæktar, veikinda og óreglu. Þá hafi fósturforeldrar komið til að kynnast börnunum sem voru á leið til þeirra. Í slíkum heimsóknum hafi starfsmaður Félagsmálastofnunar verið með í fyrsta skipti en annars hafi það verið upp og ofan.

[J] sem áður hafði starfað á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem starfsnemi árið 1963 greindi frá því í viðtali við nefndina 2. mars 2023 að straumhvörf hafi orðið í starfseminni þegar hún kom aftur til starfa árið 1973. Umhverfið hafi tekið stakkaskiptum og allt verið málað í litum, en auk þess hafi starfsemin breyst á þann veg að börn gátu dvalið á vöggustofunni allt til fimm ára aldurs. Auk þess hafði sú stefna verið mörkuð að aðskilja ekki systkini. [J] minntist þess jafnframt að á þessum tíma hafi verið tekin upp sú regla að foreldrar gátu komið á hverju kvöldi til að baða börnin og svæfa þau.

[J] greindi einnig frá því að á þessum tíma hafi verið tekið upp það vinnulag að haldnir voru reglulegir fundir með þeim félagsráðgjafa sem var með mál viðkomandi barns. [J] kvað starfsmenn hafa getað leitað til félagsráðgjafans sem og sálfræðings þar sem starfsmenn hafi stundum fengið hótanir og annað í tengslum við starf sitt. Þá hafi starfsfólk líka haft mikil samskipti við fósturforeldra en mörg barnanna hafi farið í varanlegt fóstur. Þessi samskipti hafi meðal annars birst í því að væntanlegir fósturforeldrar hafi komið og hitt börnin, en einnig líffræðilega foreldra barnanna en þeir fundir hafi þá átt sér stað á vöggustofunni. Ef barnið var að fara í fóstur út á land hafi starfsmaður vöggustofunnar farið með þeim og verið þar í kannski í viku og þá hafi hann kappkostað að vera með því.

[AB], sem starfaði á vöggustofunni árin 1969 til 1972 með elstu börnunum greindi nefndinni frá því í viðtali 17. maí 2023 að miklar breytingar hafi orðið á starfseminni á þeim tíma sem hún starfaði. Þannig hafi starfsemin orðið mun frjálsligri í tímans rás og henni svipað meira til hefðbundins starfs leikskóla, einkum eftir að Gyða Sigvaldadóttir og Þorbjörg Sigurðardóttir tóku við forstöðu. Til merkis um það hafi börn farið meira út og í heimsóknir annað. Þegar hún hóf störf hafi starfsmenn á yngstu deildinni verið í hvítum sloppum en annað starfsfólk hafi verið í sínum eigin fötum. Almennt hefði vöggustofan verið vel mönnuð og ekki gerðar athugasemdir við að starfsfólk tengdist börnum persónulega. Til dæmis hefðu börn tvívegis komið í heimsóknir til hennar um jól og farið með henni í leikhús. Engu að síður hafi komið upp alvarleg atvik. Nefndi starfsmaðurinn þá einkum að eitt sinn hefðu börn komist yfir eldspýtur á vöggustofunni og ein 3-4 ára stúlka hlotið alvarleg brunasár en ekki hefði verið ljóst hver hefði komið með eldspýturnar inn.



#### 4.3.5 Fjöldi vistbarna, aldur, lengd og ástæða dvalar

Líkt og í tilviki Hlíðarenda hafa ekki varðveist heildarlistar yfir vistbörn á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, hvorki fyrir hvert ár né í heild. Þar, líkt og áður, hefur verið hægt að styðjast við vistunarskjöl sem í flestum tilvikum greina frá upplýsingum um nafn barns og aldur, foreldra svo og dagsetningu komu og brottfarar. Þau eru hins vegar misjöfn að gæðum, í sumum tilvikum er eingöngu færð inn komudagsetning og í öðrum engar dagsetningar, þó einungis í 4,3% tilvika.

Eftirfarandi greining byggir hins vegar á þessum heimildum þar sem aðrar eru ekki fyrir hendi, ef undan eru skildar fundargerðir og eftirlitsskýrslur barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Í nokkrum tilvikum gáfu þær upplýsingar um umfang vistunar, og í nokkrum tilfellum aðrar dagsetningar en samkvæmt vistunarskjöllum.

Eins og þegar er getið voru alls 1.083 börn tekin til vistunar á tímabilinu sem rannsókn nefndarinnar nær til, eða frá 1949 til 1973. Af þeim voru 608 vistuð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, frá því hún hóf starfsemi 20. júní 1963 fram til þess tíma sem rannsókn nefndarinnar er afmörkuð, þ.e. í árslok 1973. Af þeim voru 267 stúlkur og 341 piltur. Þar var því næstum sama misvægi kynja, þ.e. rúmlega 56% piltar, og á Hlíðarenda og nákvæmlega sama hlutfall og á vistheimilinu Silungapólli 1950-1969.<sup>269</sup>

Rétt eins og í tilviki Hlíðarenda ber þessum tölum ekki að öllu leyti saman við ársskýrslur barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá sama tímabili, einkum hvað varðar árin 1963 og 1964. Eins og rakið er í kafla 3.3.4 var í árskýrslunum birt stopult tölfræði yfir starfsemi þeirra vistunarstofnana sem reknar voru undir eftirliti nefndarinnar. Tölfræðin er mjög brotarkennd hvað snertir vöggustofur, stundum er getið heildarinnlagna á tilteknu ári og stundum er getið dvalardaga allra barna, þ.e. heildarlengdar vistunar á umræddri vöggustofu. Þá hefur vöggustofunefnd fundið nokkur dæmi um innbyrðis ósamræmi í þeirri tölfræði. Í skýrslu um rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar frá 1968 kemur auk þess fram að við athugun á rekstrarkostnaði barnaheimilanna árin 1965 til 1968 hafi komið í ljós að fjöldi dvalardaga á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi verið ranglega talinn í reikningum Reykjavíkurborgar.<sup>270</sup> Af þessum sökum telur vöggustofunefnd vistunarskjölin áreiðanlegri heimildir, einkum þar sem þau veita sérgreindar upplýsingar um hvert barn.

Á mynd 4 sést samanburður á dvalardögum samkvæmt vistunarskjöllum og ætlaðri heildargetu vöggustofunnar. Samkvæmt ársskýrslu barnaverndarnefndar 1964 hafði Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins getu til að taka á móti 32 börnum hverju sinni en ári síðar og eftirleiðis er miðað við 30 börn. Er stuðst við þá tölu hér. Þar var því um að ræða fjölgun


---

<sup>269</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 2, bls. 69.

<sup>270</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar. Barnaheimili 1961-1973. Askja F 31.

rýma frá tíma Hlíðarenda upp á átta börn og að auki var aldurinn lengdur til tveggja ára. Með hámarksnýtingu hefðu dvalardagar verið 30 x 365 eða 10.950 (10.980 á hlaupári).

**Mynd 4: Fjöldi dvalardaga á vöggustofu Thorvaldsens 1963-1973\***



Árið 1966 hóf Thorvaldsensfélagið söfnun fyrir nýrri álmu á vöggustofunni fyrir börn á aldrinum tveggja til þriggja og hálfis árs. Var hún tekin í notkun í febrúar 1969 með rúm fyrir allt að 14 börn og þar með jókst hámarksgeta vöggustofunnar upp í 16.060 dvalardaga (16.104 á hlaupári). Mynd 4 sýnir að árin 1964 og 1965 fóru dvalardagar á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins umfram skilgreinda hámarksgetu hennar. Frá 1967 er nýting vöggustofunnar miðað dvalardaga hins vegar undir hámarksgetu stofnunarinnar. Sú þróun átti sér stað í kjölfar opinberrar gagnrýni á starfsemi vöggustofanna. Á sama tíma breyttist skipulag félagsmála í Reykjavíkurborg, auk þess sem fleiri úrræði komu til um vistun barna, meðal annars fjölskylduheimili og fleiri dagvistunarstofnanir. Í skýrslu um rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar sem lögð var fram í félagsmálaráði 18. september 1969, sbr. kafla 4.3.4, kemur raunar beinlínis fram að lakari nýting barnaheimila borgarinnar sé til komin vegna þeirrar stefnu að aðstoða heimili og forðast vistun barna að óþörfu, jafnframt því sem fylgst sé með að dvöl á barnaheimili verði ekki of löng og að barn sé þá frekar vistað á einkaheimili.<sup>271</sup>

Út frá fyrirliggjandi upplýsingum má reikna út að meðalaldur hvers barns við upphaf vistunar á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi verið 443,5 dagar, eða tæpir fimmtán mánuðir, tíu mánuðum hærri en á Hlíðarenda (sjá töflu 12). Hæsti meðalaldur var 877,2 dagar árið 1971

<sup>271</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-31. Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar. Lagt fram í félagsmálaráði 18. september 1969.

og lægsti 182,5 dagar árið 1965. Öll árin eru staðalfrávikin mjög stór enda aldursdreifingin mjög mikil innan hópsins, allt frá 0 dögum (barnið kemur beint af fæðingardeild daginn sem það fæðist) upp í 2455 daga (6,7 ára). Hér verður þó jafnframt að hafa í huga að skilgreind aldursviðmið höfðu verið hækkuð úr 0-18 mánuðum 1949-1963 í 0-24 mánuði 1963-1969 og 0-42 1969-1973. Vistunarskjöl veita upplýsingar um aldur 603 barna þegar þau voru fyrst vistuð á vöggustofuna. Flest komu þau á fyrsta aldursári, eða 59,9%, 20,7% á öðru ári, 6,4% á þriðja, 5,4% á fjórða, 3,6% á fimmta og 2,2% á sjötta ári og 1,0% á sjöunda ári. Alls voru 6 börn á sjöunda ári, hið elsta rúmlega sex og hálfis árs.

**Tafla 12: Thorvaldsen: Meðalaldur barna í dögum við vistun eftir komuári**

Komuár	Fjöldi	Meðalaldur (sf)	Yngst	Elst (ár)
1963	28	235,7 (176,5)	15	679 (1,9)
1964	56	192,6 (186,1)	7	726 (1,9)
1965	60	182,5 (161,0)	9	597 (1,6)
1966	49	216,8 (185,4)	4	729 (2,0)
1967	57	257,7 (222,2)	7	799 (2,2)
1968	53	284,3 (221,7)	7	727 (2,0)
1969	59	509,3 (429,1)	6	1670 (4,5)
1970	88	674,6 (678,1)	6	2316 (6,3)
1971	58	877,2 (669,8)	7	2455 (6,7)
1972	61	635,7 (565,5)	3	2073 (5,7)
1973	34	578,7 (611,0)	0	2238 (6,1)
Alls	603*	443,5 (503,2)	0	2455 (6,7)

\*Upplýsingar um aldur vantaði fyrir 5 börn; sf= staðalfrávik

Hvert barn dvaldi að meðaltali í 140,5 daga eða rúmlega fjóra og hálfan mánuð á vöggustofunni. Er það 37,3% lækkun frá meðaltalinu í starfsemi Hlíðarenda. Í töflu 13 sést hvernig meðallengd vistunar á Thorvaldsen var lengst 233,3 dagar hjá þeim börnum sem komu fyrst árið 1963 og styst 62,2 dagar hjá þeim sem komu fyrst árið 1973. Sem fyrr gefur þó meðaltalið ekki skýra mynd af vistun barnanna þar sem staðalfrávik eru mjög stór og dreifingin er allt frá 1 degi upp í 1678 daga (4,6 ár).

**Tafla 13: Thorvaldsen: Meðallengd vistunar í dögum eftir komuári**

Komuár	Fjöldi	Meðallengd (sf)	Stysta vistun	Lengsta vistun (ár)
1963	27	233,3 (267,2)	8	1012 (2,8)
1964	55	218,7 (241,0)	4	957 (2,6)
1965	58	202,0 (203,1)	7	706 (1,9)
1966	48	205,7 (280,4)	3	1500 (4,1)
1967	56	119,3 (142,2)	3	934 (2,6)
1968	53	154,4 (263,7)	5	1678 (4,6)
1969	59	112,9 (166,2)	2	1188 (3,2)
1970	81	96,6 (120,6)	1	538 (1,5)
1971	55	90,5 (90,2)	1	371 (1,0)
1972	60	94,6 (92,6)	1	503 (1,4)
1973	30	62,2 (55,5)	1	192 (0,5)
Alls	582*	140,5 (191,2)	1	1678 (4,6)

\*Upplýsingar um dvalarlengd vantaði fyrir 26 börn; sf= staðalfrávik

ATH. Lengsta innlagn hvert ár á við um það barn sem dvaldi lengst af þeim börnum sem komu inn sama ár

Í töflu 14 er dregin upp nánari mynd af sundurliðun vistunartíma. Af þeim 582 börnum þar sem upplýsingar um lengd vistunar lágu fyrir voru 129, eða 25,0%, lengur en sex mánuði en rúmlega helmingur styttra en þrjá mánuði. Eru þessi hlutföll frábrugðin því sem einkenndi starfsemi Hlíðarenda þar sem 39,6% barna dvaldi þar lengur en sex mánuði og 33,3% skemur en þrjá mánuði.

**Tafla 14: Lengd vistunar á Thorvaldsen 1963-1973**

Lengd vistunar	Fjöldi (%)
< 1 mánuð	152 (25,0%)
1-3 mánuðir	170 (28,0%)
3-6 mánuðir	131 (21,5%)
>6 mánuðir	129 (21,2%)
Ekki skráð	26 (4,3%)
Alls	608 (100%)

Líkt og í tilviki Hlíðarenda (sjá töflu 11) var hægt að greina ástæður vistunar út frá vistunarskjölum, fundargerðum og eftirlitsskýrslum fyrir 75,3% þeirra barna sem dvöldu á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Voru upplýsingarnar eftir sem áður greindar út frá eftirfarandi flokkum: 1) andlát aðstandenda, 2) áfengis- og vímuefnavandi foreldris/foreldra, 3) geðræn vandamál foreldris/foreldra, 4) líkamleg veikindi/sjúkrahúsvist foreldra, 5) meðganga/fæðing annars barns 6) húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt 7) ótilgreindar félagslegar ástæður eða aðrar en í 7), 8) þroskahömlun foreldris, 9) fötlun barns, 10) veikindi barns, 11) fyrirburi og 12) foreldri starfar á vöggustofu.

Niðurstöður greiningar á ástæðum vistana má sjá í töflu 15, annars vegar miðað við öll börnin og hins vegar þau sem dvöldu þar lengst (þ.e. lengur en 180 daga). Algengustu ástæður vistunar voru líkamleg veikindi eða sjúkrahúsinnlögn foreldra, húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt auk annarra ótilgreindra félagslegra ástæðna, hver og einn flokkur í kringum 16% af heildarfjölda barna. Áberandi er að börn dvöldu almennt í skemmri tíma ef ástæða dvalar var líkamleg veikindi foreldra en lengur ef ástæða vistunar var ótilgreindar félagslegar aðstæður. Eins og áður er um að ræða fjölbreytilegar ástæður í flokknum aðrar ótilgreindar félagslegar aðstæður s.s. ungur aldur móður, móðir óskar eftir að barn fari í fóstur, erfiðar heimilisaðstæður og afskipti barnverndarnefndar.

Nefndin getur ekki fullyrt með vissu út frá fyrirliggjandi gögnum um nákvæmar ástæður vistunar hvers barns og fleiri en ein ástæða getur verið tilgreind í hverju tilviki. Þá er vakin athygli á að ekki liggja fyrir upplýsingar um ástæðu vistunar í tæplega fjórðungi tilvika heildarfjölda barna og tæplega 20% tilvika hjá börnum sem dvöldu á vöggustofunni lengur en í 6 mánuði.

Tafla 15: Ástæða vistunar á Thorvaldsen 1963-1973

Skráð ástæða vistunar	Öll börn	Börn vistuð >180 daga
	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)
Andlát foreldris	2 (0,3%)	1 (0,8%)
Áfengis og vímuefnavandi foreldris/foreldra	48 (7,9%)	16 (12,4%)
Geðræn veikindi foreldris/foreldra	50 (8,2%)	14 (10,9%)
Líkamleg veikindi, sjúkrahúsinnlögn foreldra	101 (16,6%)	8 (6,2%)
Meðganga/fæðing annars barns	22 (3,6%)	1 (0,8%)
Húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt	99 (16,3%)	18 (14,0%)
Aðrar eða ótilgreindar félagslegar ástæður	97 (16,0%)	34 (26,4%)
Proskahömlun foreldris	4 (0,7%)	3 (2,3%)
Fötlun barns	11 (1,8%)	5 (3,9%)
Veikindi barns	14 (2,3%)	2 (1,6%)
Barnið er fyrirburi	6 (1,0%)	1 (0,8%)
Foreldri starfar á vöggustofu	4 (0,7%)	2 (1,6%)
Engar upplýsingar skráðar um ástæðu vistunar	150 (24,7%)	24 (18,6%)
Alls	608 (100%)	129 (100%)

Við þessar tölur verður einnig að setja þann fyrirvara að nokkur fjöldi barna var vistaður á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins án þess að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefði þar nein afskipti. Var svo búið um hnútana þegar Thorvaldsensfélagið afhenti Reykjavíkurborg vöggustofuna að gjöf árið 1963 að félagið réði sjálft fimm plássum á vöggustofunni. Eins og fram kemur í kafla 4.3.4 hélst sú skipan að minnsta kosti fram á seinni hluta árs 1967 en þá er greint frá því í skýrslu Barnaverndarráðs, dags. 1. nóvember 1967, úr eftirlitsferð 24. október sama ár, að öll börnin á vöggustofunni komi nú frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur.

Þar sem vöggustofan hafði pláss fyrir alls 30 börn á tímabilinu 1963 til 1967 hafði þetta fyrirkomulag í för með sér að Thorvaldsensfélagið hafði ákvörðunarvald um nýtingu 16,7% allra þeirra rýma sem voru til staðar á vöggustofunni. Engin gögn hafa hins vegar fundist í skjalasöfnum sem gefa með skýrum hætti til kynna hvaða börn voru vistuð á vegum Thorvaldsensfélagsins til aðgreiningar frá þeim börnum sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur tók ákvörðun um að vista. Þá virðast engar skrár hafa verið færðar að þessu leyti. Af því leiðir að ekki er unnt að segja til um með neinni vissu hversu mörg af þeim rýmum sem Thorvaldsensfélagið hafði til ráðstöfunar voru nýtt í reynd. Nefndin hefur þó sannreynt að félagið nýtti þessi pláss að a.m.k. einhverju leyti, enda er á stöku stað tilgreint í vistunarskjölum að barn komi fyrir tilstilli félagsins.

Samkvæmt þeim gögnum sem nefndin hefur athugað létust tvö börn sem vistuð voru á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1963 til 1973. Í janúar 1971 lést rúmlega árs

gamall drengur eftir að hann var fluttur á sjúkrahús. Kemur fram að dánarorsökin hafi verið hjartagalli. Þá lést tæplega árgamall drengur á vöggustofunni í febrúar 1971 en barnið mun hafa fæðst með erfðasjúkdóm. Fyrrverandi forstöðukona greindi auk þess frá því í viðtali að stúlkubarn hafi látist af völdum nýrnaveiki á starfstíma hennar og fer það saman við frásögn annars starfsmanns. Upplýsingar um andlát barnsins er þó ekki að finna í skriflegum heimildum.

#### 4.3.6 Menntun og reynsla forstöðukvenna

Eins og fram kom í kafla 3.3.5 var Auður Jónsdóttir ráðin forstöðukona Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins þegar hún tók til starfa 20. júní 1963 og gegndi þeirri stöðu allt til apríl 1967. Auður er hjúkrunarfræðingur að mennt og hafði gegnt starfi forstöðukonu Vöggustofunnar Hlíðarenda frá 1960.

Eftir að Auður Jónsdóttir sagði starfi sínu lausu tók Ragnheiður Jónsdóttir við starfi forstöðukonu vöggustofunnar. Ragnheiður var fædd 21. desember 1928 og útskrifaðist með próf úr Fóstruskóla Sumargjafar árið 1958. Á fundi borgarstjórnar 25. apríl 1967 var samþykkt tillaga barnaheimila- og leikvallanefndar frá 24. apríl 1967 um að ráða Ragnheiði til starfans. Ragnheiður hafði áður starfað sem deildarfóstra á dagheimilinu Laufásborg og vöggustofu þar frá 1958 þar til hún tók við starfi forstöðukonu á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 1. maí 1967. Því starfi gegndi hún til 30. apríl 1968. Ragnheiður lést 11. desember 2020.

Staða forstöðukonu var auglýst aftur laust til umsóknar í lok febrúar 1968 og var þá í fyrsta sinn gerð krafa um fóstrumenntun.<sup>272</sup> Brynhildur Sigurðardóttir var síðan ráðin í starfið, fyrst til reynslu frá 9. apríl 1968 samkvæmt ákvörðun borgarráðs, en í fullu starfi frá 15. maí 1968. Brynhildur var fædd 15. júlí 1936 á Ísafirði og útskrifaðist með próf frá Fóstruskóla Sumargjafar 1966. Hún hafði áður starfað sem forstöðukona á Dagheimilinu Pálmholti á Akureyri, en síðan sem deildarfóstra í Laugarborg þangað til hún var ráðin forstöðukona á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Brynhildur lést 18. nóvember 2021.

Félagsmálastofnun auglýsti síðan starf forstöðukonu vöggustofunnar laust til umsóknar að nýju 11. desember 1970 og var miðað við að umsóknir bærust fyrir 1. janúar 1971.<sup>273</sup> Starf forstöðukonu var síðan auglýst aftur 21. janúar 1971 og var þá umsóknarfrestur til 1. febrúar 1971.<sup>274</sup> Ekki var gerð krafa um sérstaka menntun í þessum auglýsingum á borð við fóstrumenntun. Í frétt í *Morgunblaðinu* 5. júní 1971 er greint frá því að Gyða Sigvaldadóttir

---

<sup>272</sup> *Alþýðublaðið* 29. febrúar 1968, bls. 9.

<sup>273</sup> Sjá auglýsingar í *Morgunblaðinu* og *Tímanum* 11. desember 1970.

<sup>274</sup> *Vísir* 21. janúar 1971, bls. 6.



hafi tekið að sér forstöðu Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins „fyrst um sinn“ en Gyða sé fóstora og hafi lengi verið forstöðukona á dagheimilum borgarinnar.<sup>275</sup>

Ekki verður séð að Gyða hafi sótt um starf forstöðukonu í kjölfar þessara auglýsinga. Í viðtölum við fyrrverandi starfsfólk vöggustofunnar kom fram að Gyða hafi að einhverju leyti gegnt starfi forstöðukonu samhliða Brynhildi Sigurðardóttur árin 1970 til 1971.

Gyða var fædd 6. júní 1918 og lauk burtfararprófi frá Uppeldisskóla Sumargjafar árið 1950. Hún hafði áður starfað á barnaheimilum í Reykjavík áður en hún hóf nám við skólann og á meðan á því stóð. Eftir að námi lauk starfaði hún á barnaheimilum Barnavinafélagsins Sumargjafar í Reykjavík og var forstöðukona við leikskólann Barónsborg frá 1. mars 1953. Gyða sat einnig í barnaverndarnefnd Reykjavíkur árin 1962 til 1966. Gyða lést 11. júlí 2007.

Starf forstöðukonu var enn og aftur auglýst 30. apríl og 7. maí 1972<sup>276</sup> og tók Þorbjörg Guðrún Sigurðardóttir við starfinu af Gyðu en ráðning hennar var samþykkt í félagsmálaráði Reykjavíkurborgar 25. maí 1972.<sup>277</sup> Þorbjörg er fædd 10. júlí 1942 og lauk prófi frá fóstruskóla Sumargjafar árið 1965 og stundaði síðan nám í Statens Spesiallærerhøjskole í Holse, Noregi. Áður en hún tók við starfi forstöðukonu á vöggustofunni hafði hún starfað sem fóstora og forstöðumaður í Austurborg, í Børnepeskiatrisk Hospital, Risiko, Danmörku 1969–1971, á barnageðdeild á Dalbraut, og sem fóstora á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Þorbjörg var forstöðukona vöggustofunnar til ársins 1975.

---

<sup>275</sup> Morgunblaðið 5. júní 1971, bls. 32.

<sup>276</sup> Morgunblaðið 30. apríl 1972, bls. 18 og 7. maí 1972, bls. 19.

<sup>277</sup> BSR. Skrifstofa Félagsmálastofnunar. Málefni barna o.fl. 1964-1989. C-529.

# 5. Afdrif barna sem voru vistuð á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins

## 5.1 Inngangur

Samkvæmt d-lið samþykktar borgarráðs frá 21. júlí 2022, sem breytti upphaflegri samþykkt borgarráðs um verkefni nefndarinnar frá 10. mars 2022, er það verkefni nefndarinnar að lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofanna og nefndin telur þarfnast skoðunar. Þar á meðal skyldi lýsa eins og kostur væri „afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunum eftir að dvölinni lauk.“

Af greinargerð með tillögunni sem varð að samþykkt borgarráðs verður ráðið að þessi breyting hafi verið gerð til að gæta til samræmis við 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 um heimild Reykjavíkurborgar til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vöggustofa. Er ákvæðið orðað á sama veg og samþykkt borgarráðs.

Í lögum nr. 45/2022 og samþykkt borgarráðs er ekki afmarkað frekar hvaða þætti nefndin skuli kanna sérstaklega þegar lýst er afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofu. Í almennum athugasemdum frumvarps þess er tilkoma þessa lagaákvæðis skýrð svo að í umsögnum um frumvarpið í samráðsgátt stjórnvalda hafi komið fram að mikilvægt væri að rannsaka afdrif barnanna eftir að dvölinni lauk „og hvaða áhrif vistin hafði á þau til lengri tíma, bæði andleg og líkamleg“. Í almennum athugasemdum frumvarpsins var tekið undir þessa athugasemd og tilgreint að ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna væri ætlað að endurspegla mikilvægi þessa sem eins af verkefnum nefndarinnar.

Lög nr. 45/2022 og samþykkt borgarráðs eru samkvæmt framangreindu skýr um að nefndin skuli eftir föngum lýsa afdrifum barna eftir vistun. Engu að síður er ljóst að lögin sjálf, samþykkt borgarráðs og skýringargögn þar að baki geyma ekki frekari fyrirmæli um hvernig þessari lýsingu skuli vera háttað. Ekki verður því önnur ályktun dregin en að nefndinni hafi verið falið nokkurt svigrúm um hvernig hún nálgast þennan hluta verkefnis síns.

Við upphaf vinnu nefndarinnar var fljótlega ljóst að yfir þúsund einstaklingar hefðu verið vistaðir á vöggustofunum á því tímabili sem athugun nefndarinnar tekur til. Eins og áður er rakið í þessari skýrslu hefur nefndin staðreynt að alls hafi 1.083 einstaklingar verið vistaðir á vöggustofunum. Með vísan til þessa sem og þess tíma og fjárheimilda sem nefndinni voru ætluð til starfans taldi nefndin einsýnt að ekki væri unnt að kanna afdrif hvers og eins einstaklings með því að afla einstaklingsbundinna upplýsinga frá viðkomandi eða opinberum

stofnunum, t.d. með því að óska eftir aðgangi að sjúkraskýrslum, skattgreiðslum eða atvinnustöðu.

Eins og áður kom fram mat nefndin að ekki væri rétt að hafa samband við þá sem vistaðir voru á vöggustofu að eigin frumkvæði og óska eftir upplýsingum um afdrif þeirra. Hafði nefndin þá sem fyrr í huga að mörgum þeim sem vistaðir voru á vöggustofu kunni að vera afar þungbært að rifja þá staðreynd upp og ekki var unnt að ganga frá því að allir kærðu sig um slíka upprifjun. Þá var einnig viðbúið að einstaklingum sem vistaðir voru á vöggustofu væri alls ókunnugt um að þeir hefðu dvalið á vöggustofu. Að mati nefndarinnar var því ekki útilokað að það væri til þess fallið að valda óhóflegri röskun á friðhelgi einkalífs þeirra sem vistaðir var á vöggustofu ef nefndin hefði frumkvæði að því að óska eftir upplýsingum beint frá þeim. Telur nefndin jafnframt að sömu sjónarmið við eigi við um öflun upplýsinga um hvern og einn einstakling sem vistaður var á vöggustofu.

Í samræmi við það sem að framan er rakið leitaði nefndin annarra leiða til að afla upplýsinga um afdrif þessara einstaklinga sem væru minna íþyngjandi en engu síður nauðsynlegar til þess að rækja lögbundið hlutverk nefndarinnar. Nefndin horfði í þessu skyni til þess að samkvæmt 3. gr. laga nr. 45/2022 hafði hún óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslum stjórnvalda sem vörðuðu starfsemi þeirra vöggustofa sem lögin giltu um. Þar á meðal voru gögn sem hafa að geyma almennar og viðkvæmar persónuupplýsingar. Samkvæmt sama ákvæði var stjórnvöldum einnig skylt að taka saman skriflegar greinargerðir um einstaka þætti könnunarinnar ef nefndin óskaði þess.

Á grundvelli þessara lagaheimilda óskaði nefndin eftir upplýsingum úr skjalasafni vistheimilaneftndar og frá sanngirnisbótanefnd um hversu margir einstaklingar sem vistaðir voru á vöggustofum hefðu einnig dvalið á vistheimilum ríkisins sem féllu undir lög nr. 26/2007, um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Þá óskaði nefndin eftir upplýsingum um hversu margir sem vistaðir voru á vöggustofunum hefðu fengið greiddar sanngirnisbætur samkvæmt lögum nr. 47/2010, um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem féllu undir lög nr. 26/2007.

Með öflun þessara upplýsinga leitaðist nefndin meðal annars við að varpa ljósi á það hversu mörg börn voru vistuð bæði á vöggustofum og öðrum opinberum stofnunum og fóru þar af leiðandi lengri hluta barnæsku sinnar á mis við umönnun foreldra eða annarra nákominna aðila. Upplýsingar um greiðslu sanngirnisbóta voru auk þess til þess fallnar að veita innsýn í það hversu mörg þessara barna sættu síðar ofbeldi eða illri meðferð á opinberum stofnunum af þeim toga sem hafði alvarlegar afleiðingar. Um öflun þessara upplýsinga og mat nefndarinnar á þeim er fjallað í kafla 5.2. hér að neðan.

Í opinberri umræðu um starfsemi vöggustofanna hafa ítrekað komið fram sjónarmið um að brýnt sé að rannsaka hvernig börnum sem dvöldu á vöggustofunum var ráðstafað í fóstur eða til ættleiðinga, forsendur, fjölda þeirra og afdrif. Hefur þá verið vísað til þess að dæmi séu um að fóstur og ættleiðingar barna frá vöggustofunum hafi verið á vafasömum

forsendum. Almennt hafi verið vitað að barnlaus hjón leituðu á vöggustofurnar eftir börnum og ætla megi að og mæður barnanna hafi yfirleitt verið í erfiðri félagslegri stöðu, t.d. mjög ungar og einstæðar og/eða fátækar. Auk þess hafi þessar mæður átt það sammerkt að hafa veikt bakland og því hafi þær brotnað undan þrýstingi félagsmálayfirvalda og afsalað sér börnum sínum.<sup>278</sup>

Til að bregðast við þessum athugasemdum taldi nefndin rétt að kanna afdrif vöggustofubarna að þessu leyti sérstaklega, að því marki sem henni var unnt innan þess tíma og þeirra fjárheimilda sem henni voru ætlaðar. Í því skyni kannaði nefndin gögn úr skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur um hversu mörg börn höfðu farið í fóstur í kjölfar vistunar á vöggustofum á þeim tíma sem rannsókn nefndarinnar nær til. Á þeim tíma féll ráðstöfun barns í fóstur undir ákvæði barnaverndarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1947 og 1. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna. Gerð er nánari grein fyrir athugun nefndarinnar að þessu leyti í kafla 5.3.

Einn þeirra þátta sem óskir um rannsókn á starfsemi vöggustofanna hafa einkum lotið að er heilsa þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á vöggustofum. Í því sambandi hefur verið varpað fram spurningum um hvernig þessum einstaklingum hafi gengið að fóta sig í lífinu og þá jafnframt vísað til þess að fyrir liggi vitnisburðir um andlega vanheilsu þeirra og erfiðleika síðar á lífsleiðinni.<sup>279</sup>

Nefndin hefur leitast við að koma til móts við þær umleitanir sem lýst hefur verið að þessu leyti með því að athuga dánartíðni þeirra sem vistaðir voru á vöggustofum í samanburði við dánartíðni almennt í þeim árgöngum sem viðkomandi fæddust. Jafnframt aflaði nefndin upplýsinga úr dánarmeinaskrá landlæknis um þá einstaklinga úr hópi vöggustofubarna sem voru látnir. Loks átti nefndin samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins um að kanna hversu margir úr hópi þeirra sem vistaðir voru á vöggustofunum á fyrrgreindu tímabili hefðu fengið örorkumat og hverjar voru ástæður þess. Markmiðið með þessari upplýsingaöflun var að varpa heildstæðu og almennu ljósi á heilsu þeirra sem dvöldu á vöggustofunum sem börn og þar með afdrif þeirra út frá áreiðanlegum og ópersónugreinanlegum gögnum. Fyrir þessum atriðum er gerð frekari grein í kafla 5.3. hér að neðan.

## 5.2 Dvöl á öðrum vistheimilum

Einn liður í því verkefni nefndarinnar að kanna afdrif þeirra barna sem dvöldu á vöggustofum fólst í að athuga hversu mörg þeirra voru einnig vistuð á öðrum barnaheimilum sem tóku við börnum tveggja ára og eldri. Af athugun nefndarinnar á vistunarskjölum og öðrum gögnum

---

<sup>278</sup> Sjá hér bréf Árna H. Kristjánssonar, Fjölnis Geirs Bragasonar, Hrafns Jökulssonar, Tómasar V. Albertssonar og Viðars Eggertssonar til borgarstjórnar Reykjavíkur, dags. 13. júní 2021.

<sup>279</sup> Sjá hér bréf Árna H. Kristjánssonar, Fjölnis Geirs Bragasonar, Hrafns Jökulssonar, Tómasar V. Albertssonar og Viðars Eggertssonar til borgarstjórnar Reykjavíkur, dags. 13. júní 2021, bls. 6.

sem tengjast starfseminni verður ráðið að þar hafi einkum verið um að ræða vistheimilin Silungapoll, Kumbaravog og Reykjahlíð. Þá aflaði nefndin einnig upplýsinga um hversu mörg börn sem dvöldu á vöggustofunum fóru á heimavistarskólann Jaðar. Meirihluti þeirra barna sem þar stunduðu nám voru þar vegna m.a. fátæktar, ófullnægjandi húsnæðis, ofdrykkju foreldra, vanrækslu og/eða ofbeldis.<sup>280</sup>

Nefndin taldi þessar upplýsingar hafa þýðingu, meðal annars þar sem þær eru til þess fallnar að varpa frekara ljósi á hversu stór hluti barnanna dvaldi aftur til lengri tíma frá foreldrum og öðrum umönnunaraðilum eftir dvöl á vöggustofu. Aflaði nefndin í þessu skyni gagna frá vistheimilanefnd og bárust þau 4. maí 2023. Þá var einnig aflað upplýsinga frá sanngirnissbótanefnd um hversu mörg börn hefðu fengið greiddar sanngirnissbætur úr ríkissjóði. Það er á grundvelli laga nr. 47/2010, um sanngirnissbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem féllu undir starfssvið vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Vöggustofunefnd bárust þessar upplýsingar 5. maí 2023.<sup>281</sup>

Þessar tölur gefa til kynna að alls 151 barn sem vistað var á unga aldri á vöggustofunum verið vistað síðar meir á stofnunum ríkis og sveitarfélaga sem áttu þjóna sem úrræði á sviði barnaverndar. Samkvæmt þessu voru 13,9% þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á vöggustofum borgarinnar einnig vistaðir síðar meir á slíkum stofnunum.<sup>282</sup>

Samanburður á listum yfir börn sem dvöldu á Silungapoll, Kumbaravogi, Reykjahlíð og heimavistarskólanum Jaðri við skrá yfir börn á vöggustofunum sýnir að af ofangreindum 151 börnum hafi 116 börn dvalið bæði á einni þessara stofnana sem og vöggustofunni. Þetta eru 10,8% allra þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofum Reykjavíkurborgar á tímabilinu 1949 til 1973. Við þennan samanburð verður þó að setja þann fyrirvara að í nafnalistum vistheimilanefndar er ekki samræmdur ritháttur á nöfnum eftir því hvernig þau koma fyrir í þjóðskrá, ólíkt listanum yfir börn á vöggustofum. Í listum vistheimilanefndar skortir enn fremur oft fullt nafn og/eða fæðingardag. Við samanburð listanna var þó stuðst við bæði nöfn og fæðingardaga, þar sem því var við komið og leitast við að staðreyna eftir fremsta megni að um sömu börnin væri að ræða.

---

<sup>280</sup> Skýrsla vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 202.

<sup>281</sup> Þrjú þeirra vöggustofubarna sem dvöldu í Breiðavík voru einnig á Jaðri, Silungapoll og upptöku- og unglingaheimilum ríkisins. Rétt er að taka fram að af þeim fjórum börnum sem síðar dvöldu á Kópavogshæli og vistheimilanefnd fjallaði um var eitt vistað á Hlíðarenda 1952-1953, annað á bæði Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1960 til 1965, hið þriðja árin 1963 til 1966 og hið fjórða árið 1968 á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

<sup>282</sup> Af þeim gögnum verður ráðið að 27 einstaklingar sem áður dvöldu á vöggustofum hafi verið vistaðir á upptökuheimilum ríkisins, en þar af höfðu 6 verið einnig á Silungapoll. Í gögnum sanngirnissbótanefndar kemur einnig fram að 11 vöggustofubörn hafi dvalið á unglingaheimilum ríkisins, þar af fimm einnig á öðrum heimilum á borð við Silungapoll, Kumbaravog og upptökuheimilum. Þá dvöldu 4 vöggustofubörn sem vistheimilanefnd fjallaði um á Kópavogshæli síðar meir og fjögur í Breiðavík eingöngu.

Af gögnum vistheimilaneftndar verður ráðið að alls hafi 80 börn sem voru vistuð á vöggustofunum einnig verið vistuð á Silungapoll. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í gögnum barnaverndarneftndar Reykjavíkur er oft sinnis rætt um að börn hafi farið af vöggustofunum á Silungapoll. Við samanburð á sömu gögnum má jafnframt ráða að alls hafi sex börn einnig verið vistuð á Kumbaravogi í framhaldi af dvöl á vöggustofu og eitt í Reykjahlíð. Auk þess voru tíu börn sem vistuð voru á vöggustofu síðar við nám í heimavistarskólanum Jaðri. Þá er ljóst af þessum gögnum að 19 vöggustofubörn voru vistuð á fleiri en einni stofnun í kjölfar vistunar á vöggustofu.

Af þeim 116 börnum sem vistuð voru á Silungapoll, Kumbaravogi eða Reykjahlíð og höfðu áður dvalið á vöggustofu, voru 49 sem höfðu verið vistuð á vöggustofu í a.m.k. 180 daga þegar þau voru vistuð á einni af ofangreindum stofnunum. Alls voru 317 börn vistuð lengur en 180 daga á vöggustofunum eða 29,3%. Ljóst er því að 15,5% þeirra barna sem þegar höfðu sætt svo langri vistun á vöggustofum voru einnig vistuð síðar á öðrum vistheimilum.

Í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 47/2010 var kveðið á um að greiða skyldi sanngirnibætur til þeirra sem orðið hefðu fyrir illri meðferð eða ofbeldi meðan á vistun stóð, sem olli viðkomandi varanlegum skaða. Í 2. mgr. 3. gr. var síðan kveðið á um að með illri meðferð eða ofbeldi væri átt við „a. hvers kyns refsiverða líkamlega valdbeitingu gagnvart barni og aðra líkamlega valdbeitingu þar sem valdið er óþarfa sársauka, b. ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi athafnir gagnvart barni, c. athafnir til þess fallnar að misbjóða barni eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin.“ Þá sagði í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 47/2010 að með „varanlegum skaða“ væri átt við varanlegar neikvæðar líkamlegar, sálrænar eða félagslegar afleiðingar.

Í 4. gr. laga nr. 47/2010 var síðan fjallað um fjárhæð sanngirnibóta. Við þá ákvörðun bar að líta til alvarleika ofbeldis eða illrar meðferðar, þ.m.t. með tilliti til tímalengdar vistunar og annarra aðstæðna sem kunna að hafa gert reynsluna sérlega þungbæra, sbr. 1. mgr. 4. gr. Þá skyldi einnig litið til alvarleika afleiðinga ofbeldis eða illrar meðferðar, bæði afleiðinga sem unnt var að leggja læknisfræðilegt mat á og annarra erfiðleika og missis tækifæra sem rekja mátti til hinna bótaskyldu atvika.

Alls hafa 44 einstaklingar sem dvöldu á vöggustofum fengið greiddar sanngirnibætur vegna dvalar á vistheimili sem féll undir lög nr. 47/2010. Þar af fengu tveir einstaklingar greiddar sanngirnibætur sem voru undir 1 milljón króna og 11 bætur á milli 1 og 2 milljónir. 31 einstaklingur fékk hins vegar greiddar bætur sem námu meira en 2 milljónum.

Framangreindar bótagreiðslur endurspegla þann varanlega skaða sem og alvarleika þess ofbeldis eða illu meðferðar sem umræddir einstaklingar voru taldir hafa hlotið af vistinni að mati sanngirnibótaneftndar, að því marki sem unnt var að meta slíkt til fjár. Rétt er að hafa í huga að samkvæmt upplýsingum frá sanngirnibótaneftnd hafa 66 af þeim 151 einstaklingi, sem vistaður var á vöggustofum og heimilum sem féllu undir starfssvið sanngirnibótaneftndar, aldrei sótt um sanngirnibætur.

## 5.3 Börn sem fóru í fóstur

Eins og rakið er hér að framan féllu ráðstafanir barna í fóstur á þeim tíma sem athugun vöggustofunefndar lýtur að árin 1949 til 1973 undir verkefni barnaverndarnefndar, samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna. Í 23. gr. fyrrnefndu laganna var gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd skyldi aðstoða þá sem létu sig sig hag munaðarlaus barns varða við að koma því „í fóstur á gott heimili“. Var jafnframt tekið fram að óheimilt væri að vista börn á öðrum heimilum en þeim sem barnaverndarnefnd samþykkti.

Samsvarandi ákvæði var einnig að finna í 23. gr. laga nr. 53/1966. Í 1. mgr. 35. gr. síðastgreindu laganna var þó einnig kveðið sérstaklega á um að enginn mætti taka barn eða ungmenni í fóstur, nema með samþykki barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi hans. Skyldi barnaverndarnefnd þá kynna sér gaumgæfilega hagi og uppeldishæfi væntanlegra fósturforeldra og hagi barnsins, þar á meðal heilsufar aðila og heimilisfólks væntanlegra fósturforeldra. Þá sagði þar að nefndin veitti ekki samþykki sitt til þess að barn yrði tekið í fóstur nema tryggilegt þætti að barn nyti góðrar aðhlyningar og uppeldis á fósturheimili og ekkert sérstakt gerði það varhugavert að fallast á umsóknina.

Í samræmi við ofangreint hlutverk barnaverndarnefndar samkvæmt þágildandi lögum er iðulega fjallað um ráðstafanir barna í fóstur í fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur á tímabilinu 1949 til 1973. Í þeim fundargerðum er í flestum tilvikum fjallað um börn sem gátu af einhverjum ástæðum ekki verið hjá foreldrum sínum en einnig kemur fyrir að fjallað sé um munaðarlaus börn.

Vöggustofunefnd hefur af þessu tilefni kannað skipulega gögn úr skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur um hversu mörg börn fóru í fóstur fyrir milligöngu barnaverndarnefndar í kjölfar vistunar á vöggustofunum. Hafa verður í huga að á þessum tíma naut ekki við beinnar lagalegrar skilgreiningar á því hvað átt væri við með ráðstöfun barns í fóstur, eins og finna má í 65. gr. núgildandi barnaverndarlaga.<sup>283</sup> Við úttekt á fjölda fósturbarna hefur vöggustofunefnd því miðað við hvort getið sé um það í gögnum barnaverndarnefndar eða vistunarskjölum vöggustofu að barn hafi farið í „fóstur“ án þess að því fylgi nánari athugun á þeim réttaráhrifum sem ráðstöfunin hafði í för með sér. Af þeim gögnum sem nefndin hefur skoðað er ljóst að með hugtakinu „fóstur“, eins og það er notað í

<sup>283</sup> Ákvæðið er svohljóðandi: „Með fóstur er í lögum þessum átt við að barnaverndarþjónusta feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði þegar fyrir liggur að:

- a. foreldrar hafa afsalað sér forsjá eða umsjá og samþykkt fósturráðstöfun,
- b. kveðinn hefur verið upp úrskurður um heimild til að fóstur barn utan heimilis þegar samþykki foreldra og barns eftir atvikum liggur ekki fyrir,
- c. foreldrar hafa verið sviptir forsjá með dómi,
- d. barn er forsjárlaust vegna andláts forsjáraðila eða
- e. barn sem komið hefur til landsins án forsjáraðila sinna er í umsjá [barnaverndarþjónustu] 1) eða fær [alþjóðlega vernd] eða dvalarleyfi á Íslandi.“



gögnum barnaverndarnefndar, er alla jafna átt við tilvik þar sem fósturforeldrum var falin umsjá barns til lengri eða skemmri tíma á einkaheimili. Var sú ráðstöfun þá ýmist gerð vegna þess að foreldri eða foreldrar höfðu samþykkt slíka ráðstöfun, eða þá sökum þess að barn var án forsjár.

Fyrir liggur að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafði milligöngu um að ráðstafa börnum í fóstur sem vistuð voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Í viðtali við forstöðukonu Hlíðarenda sem birtist í *Vísi* 13. apríl 1954 og vitnað er til í kafla 3.3.2 er til dæmis beinlínis haft eftir forstöðukonunni að börn sem ekki gætu farið aftur heim til mæðra sinna í kjölfar dvalar á vöggustofunni færu ýmist á annað barnaheimili eða í fóstur.

Eftir athugun á öllum þeim gögnum barnaverndarnefndar sem nefndin hefur tekið til athugunar á starfstíma Vöggustofunnar Hlíðarenda telur hún unnt að álykta sem svo að alls hafi 78 börn farið í fóstur í kjölfar vistunar. Í ljósi þess að nefndin hefur talið unnt að slá því föstu að börnin sem vistuð voru á Hlíðarenda voru alls 475 talsins ber þessi tala með sér að alls hafi 16,4% þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunni farið í fóstur að lokinni dvöl. Það jafngildir því að nálægt sjötta hvert vöggustofubarn hafi farið í einhvers konar fóstur.

Rétt er að taka fram að nefndin taldi ekki unnt að ráða af fyrirliggjandi skriflegum heimildum hversu oft var um varanlegt fóstur að ræða í þessum tilvikum. Með vísan til þeirra sjónarmiða sem áður er getið í kafla 5.1 um að einstaklingum sem vistaðir voru á vöggustofum yrði gerð sem minnst röskun á einkalífi sínu taldi nefndin ekki rétt að leita til hvers og eins með beiðni um upplýsingar. Þá m.a. til að grennslast fyrir um hvort fóstur viðkomandi hefði verið varanlegt og hvernig því var háttað. Hafði nefndin þá einnig í huga að slík athugun á stöðu hvers og eins yrði óhjákvæmilega mjög tímafrek og til þess fallin að valda verulegum tögum á því að hún lyki vinnu sinni.

Nokkrir þeirra einstaklinga sem gáfu sig fram við nefndina að eigin frumkvæði lýstu hins vegar reynslu sinni af varanlegu fósturi. Þær frásagnir voru nánast allar afar jákvæðar í garð fósturforeldra þótt sú lífsreynsla að vera tekin úr umsjá foreldra hefði jafnframt reynst erfið. A.m.k. einn einstaklingur sem vistaður var á vöggustofu hefur hins vegar opinberlega lýst skelfilegri reynslu af vistun á einkaheimili og greint frá því að hann hafi þar nær daglega verið beittur líkamlegu ofbeldi.<sup>284</sup>

Fósturforeldri lýsti undrun sinni við nefndina um hvernig staðið hefði verið að ráðstöfun barna í fóstur. Lýsti fósturforeldrið því að starfsmaður barnaverndarnefndar hefði haft samband við sig að fyrra bragði með fyrirspurn um hvort viðkomandi gæti hugsað sér að gerast fósturforeldri án þess að þau hjónin hefðu komið þeirri ósk á framfæri sjálf. Kvaðst fósturforeldrið einungis fyrir tilviljun hafa komist að því, eftir að barnaverndarnefnd hafði samþykkt það og maka sem fósturforeldra, að barnið sem þau ætluðu að taka í fóstur ætti

---

<sup>284</sup> Sjá hér viðtal við Árna Kristjánsson, sagnfræðing, sem birtist á heimasíðu Ríkisútvarpsins 13. júlí 2022.

systkini á vöggustofunni. Þau hafi í kjölfarið óskað eftir að taka systkinin í fóstur sem hafi verið samþykkt.

Nokkur fósturbörn lýstu einnig sárri lífeynslu fyrir nefndinni af því að hafa verið aðskilin frá systkinum sínum þegar þau voru sett í fóstur og jafnvel með þeim áhrifum að þau hefðu einungis hitt systkini sín aftur á fullorðinsaldri. Einnig eru dæmi þess að fósturbarn sem var á vöggustofu hafi ekki hitt systkini sín á lífsleiðinni. Fleiri en eitt fósturbarn lýsti auk þess vonbrigðum um það hversu fátækleg gögn væru til staðar um hvernig staðið var að ákvörðun um fóstur.

Mjög takmarkaðar upplýsingar hafa fundist í gögnum barnaverndarnefndar og annars staðar í Borgarskjalasafni um hvernig börnum sem vistuð voru á vöggustofunum var ráðstafað í fóstur. Til dæmis skortir að jafnaði upplýsingar um hvernig fósturforeldrar voru valdir og hvernig hágr þeirra voru kannaðir. Því getur vöggustofunefnd trauðla sett fram neinar afgerandi ályktanir um hvernig barnaverndarnefnd Reykjavíkur beitti þessu úrræði í framkvæmd. Þó verður ekki annað séð, sbr. bréf nefndarinnar til borgarstjóra, dags. 10. mars 1963, sem rakið er í kafla 3.3.2, að nefndin ráðstafaði börnum almennt ekki í fóstur á þessum tíma í andstöðu við foreldra. Í sama bréfi kemur auk þess fram að nefndin taldi sig hafa takmarkaðar heimildir að lögum til að ráðstafa börnum í trássi við vilja foreldra. Mun þetta hafa orðið til þess að þau börn dvöldu frekar til lengri tíma á vöggustofu heldur en að fara í fóstur á einkaheimili. Var sú raunin jafnvel þótt einhugur væri meðal sérfræðinga á þessum tíma um að slíkt fyrirkomulag hefði augljósa kosti umfram vistun á stofnun, ekki síst þar sem fósturforeldrar veittu börnum persónulegri umönnun heldur en stofnun, sbr. kafla 2.4.

Ekki verður séð að það hafi orðið algengara að barnaverndarnefnd ráðstafaði börnum í fóstur eftir að Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins tók til starfa árið 1963. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin hefur aflað má ráða að alls hafi 93 börn af þeim 608 börnum sem vistuð voru á vöggustofunni frá júní 1963 til ársloka 1973 farið í fóstur. Það jafngildir að alls hafi 15,3% þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunni farið í fóstur, sem er lítið eitt lægra hlutfall en á Vöggustofunni Hlíðarenda. Sem fyrr er ekki út frá fyrirliggjandi gögnum unnt að gera greinarmun á hvort fóstur hafi verið tímabundið eða varanlegt.

Samkvæmt þeim lögum sem voru í gildi á árunum 1949 til 1973 voru barnaverndarnefndir á þessum tíma einnig lögbundinn umsagnaraðili um ættleiðingar, sbr. 32. gr. laga nr. 29/1949, um vernd barna og ungmenna, 8. gr. laga nr. 19/1953, um ættleiðingu, og 33. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna. Af því leiddi að ekki var unnt að fá leyfi dómsmálaráðuneytisins til ættleiðingar barns nema umsögn barnaverndarnefndar lægi fyrir.

Í ársskýrslum barnaverndarnefndar Reykjavíkur fyrir árin 1950 til 1962 kemur fram að hún hafi á þessu tímabili mælt með alls 443 ættleiðingum.<sup>285</sup> Af athugun á gögnum barnaverndarnefndar verður ekki ráðið að algengt hafi verið að börn hafi verið ættleidd í

---

<sup>285</sup> Sjá hér ársskýrslur barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1950 til 1962.

beinu framhaldi af vistun á vöggustofu. Virðist raunin oftast hafa verið sú að barn fór í fóstur, ef það fór ekki aftur heim til sín eða á aðra stofnun. Er það í samræmi við niðurstöður rannsóknar Ármanns Snævarr lagaprófessors á ættleiðingum á Íslandi á árunum 1948-1958 sem birt var 1959. Þar kemur fram að ættleiðing sé oftast lagaleg umgjörð utan um fóstur barns. Við ættleiðingar hafi staðan því oft verið sú að barn hafi verið svo árum skiptir í fóstur hjá ættleiðendum áður en leitað var ættleiðingar. Þá var ekki óalgengt að hafist væri handa um ættleiðingu í tilefni af því að barn hafi verið hjá ættleiðendum frá unga aldri eða fæðingu.<sup>286</sup>

Í grein Ármanns þar sem gerð er grein fyrir þessum rannsóknum segir jafnframt að slíkar ættleiðingar hafi nær alfarið verið til hjóna sem séu sameiginlega ættleiðendur í 56,2% þeirra ættleiðinga sem dómsmálaráðuneytið hafi samþykkt á þessu tímabili. Þá séu 41% þessara tilvika stjúpættleiðingar og 1,2% af hendi ömmu og afa barns. Loks séu um 42% allra ættleiðinga á Íslandi á þessum tíma fjölskylduættleiðingar, þar sem barn sé skylt eða venslað ættleiðendum. Í þeim flokki séu ættleiðingar systra á systkinabörnum og ættleiðingar af hendi föður- eða móðursystkina móður ekki taldar með, þrátt fyrir að þær séu ekki fátíðar.<sup>287</sup>

Í viðtali við Porkel Kristjánsson, fulltrúa barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá árinu 1963 kemur einnig fram að fjölmörgum þeirra barna sem fjallað er um í umsóknum um ættleiðingar hafi upphaflega verið ráðstafað með mjög tilviljunarkenndum hætti, án þess að barnaverndarnefnd hafi átt neina aðkomu að því. Þannig hafi börn ósjaldan farið á heimili í kjölfar þess að einstaklingar hafi bent móður á barnlaus hjón sem vildu taka barn að sér. Barnaverndarnefnd hafi þá ekki athugað heimilin áður en börnin voru flutt þangað. Þar sem mörg heimilanna hafi litið sæmilega út og börnin búin að dvelja á heimilinu um einhvern tíma mælti barnaverndarnefnd með ættleiðingu, þar sem hart þætti gengið að taka börnin af heimilinu.<sup>288</sup>

Skýrslur barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Félagsmálastofnunar bera með sér að nokkuð hafi dregið úr ættleiðingum barna í umdæmi hennar árin 1963 til 1972. Þá mælti nefndin til dæmis með 275 ættleiðingum, þar af voru 117 stjúpættleiðingar.<sup>289</sup>

Samkvæmt því sem að framan er rakið bera þær upplýsingar sem nefndin hefur aflað að alls hafi 171 barn sem vistað var á vöggustofum Reykjavíkurborgar farið í fóstur á einkaheimili í kjölfar vistunar. Ljóst er að hér er um að ræða nokkurn fjölda, eða 15,8% allra barna sem

---

<sup>286</sup> Ármann Snævarr: Ættleiðing og ættleiðingarlöggjöf. Tímarit lögfræðinga 2. tbl. 1959, bls. 76.

<sup>287</sup> Sama rit, bls. 77-78.

<sup>288</sup> Sjá hér 19. júní 1963 - Ársrit Kvenréttindafélags Íslands, bls. 9.

<sup>289</sup> Sjá hér ársskýrslur barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1963 til 1967, heilbrigðisskýrslur árið 1968 og ársskýrslur Félagsmálastofnunar árin 1969 til 1972. Hér verður að setja þann fyrirvara að árið 1971 er undanskilið þar sem blaðsíður um starf barnaverndarnefndar Reykjavíkur vantar úr því eintaki af skýrslu Félagsmálastofnunar fyrir árið sem varðveitt er í Þjóðskjalasafni. Þá vantar einnig blaðsíður með samsvarandi upplýsingum í því eintaki sem varðveitt er af skýrslu Félagsmálastofnunar Reykjavíkur fyrir árið 1973 í Þjóðskjalasafni. Ársskýrslur Félagsmálastofnunar voru ekki varðveittar í Borgarskjalasafni þegar nefndin grennslaðist fyrir um þær.

vistuð voru á vöggustofunum. Vöggustofunefnd er ljóst að ástæður að baki þess að barn sem var á vöggustofu fór í fóstur voru oftast nær þær að foreldri, þá oft einstæð móðir, átti við verulega erfiðleika að stríða og taldi sig eiga einskis annars úrkosti en að láta af hendi barn sitt til annarra. Verður jafnframt að ætla að við slíkar aðstæður sé upplifun foreldris eða foreldra í mörgum tilvikum sú að viðkomandi hafi ekki átt raunverulegt val að þessu leyti. Það hafi þar af leiðandi ekki talið sig vera í neinni aðstöðu til að synja umleitunum um að barni væri komið í fóstur. Auk þess verður að telja að tilhögun sem fulltrúi barnaverndarnefndar lýsti í viðtali 1963 um tilviljunarkennda ráðstöfun barna í fóstur milli einstaklinga, án aðkomu stjórnvalda og athugunar á högum fósturforelda, hafi ekki verið til þess fallin að tryggja sem best velferð barna og hag foreldra þeirra.

Vöggustofunefnd telur hins vegar ekki unnt að ráða af þeim gögnum sem hún hefur haft til athugunar að börn af vöggustofunum hafi almennt verið ættleidd á vafasömum forsendum fyrir milligöngu barnaverndarnefndar, eins og vikið er að í kafla 5.1. Verður þá að hafa í huga að það var viðtekin skoðun allra helstu sérfræðinga á sviði sálfræði barna og barnaverndar á þessum tíma að hagsmunum barna væri tvímælalaust betur borgið með því að þeim væri komið í fóstur á einkaheimili heldur en að vista þau til langtíma á stofnunum á borð við vöggustofu. Helgaðist sú skoðun meðal annars af því að slíkar stofnanir gætu ekki veitt börnunum þá persónulegu umönnun sem væri nauðsynleg fyrir þroska þeirra og velferð. Enn fremur verður ekki annað séð af samtímaheimildum en að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi á starfstíma Vöggustofunnar Hlíðarenda ráðstafað mun færri börnum í fóstur en hún taldi æskilegt, meðal annars vegna andstöðu foreldra og takmarkaðra heimilda að lögum til að fara gegn vilja þeirra.

Með vísan til þess að á starfstíma Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins dró úr því að börnum var ráðstafað í fóstur má leiða líkum að því að þessi afstaða barnaverndarnefndar hafi að einhverju leyti haldist óbreytt. Í því samhengi er þó rétt að hafa í huga að í upphafi áttunda áratugarins komu til fleiri úrræði til aðstoðar einstæðum mæðrum. Þannig tók mæðraheimilið að Sólvallagötu til starfa í maí 1971 en þar gátu sex til átta stúlkur dvalið í einu í samtals fjóra til sex mánuði fyrir og eftir barnsburð. Var heimilinu ætlað að aðstoða ungar mæður við að takast á við þau vandamál sem biðu þeirra og barna þeirra þegar af heimilinu væri komið.<sup>290</sup> Þá hafði einnig ný skipan í félagsmálum tekið gildi með stofnun Félagsmálastofnunar Reykjavíkur árið 1967 þar sem áhersla var lögð m.a. á fjölskylduvernd og fyrirbyggjandi starf.

Nefndin hefur einungis fundið eitt dæmi um það að barn sem vistað var á vöggustofu hafi farið í fóstur til foreldra með erlent ríkisfang. Var þar um að ræða hjón sem búsett voru á Íslandi á þeim tíma. Í gögnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur á tímabilinu 1949 til 1973 er hins vegar að finna fjölmörg dæmi þess að umleitunum erlendra einstaklinga um að taka

---

<sup>290</sup> Tíminn 29. maí 1971, bls. 6. Sjá hér enn fremur kafla 2.3. í þessari skýrslu.

Íslensk börn í fóstur eða til ættleiðingar sé sýnt þar sem nefndin hafi ekki tök á að kanna heimilisaðstæður viðkomandi.

## 5.4 Örorka og andlát

Til að kanna nánar afdrif þeirra barna sem dvöldu á vöggustofunum leitaði nefndin til Tryggingastofnunar til að fá upplýsingar um hlutfall örorku og endurhæfingarlífeyri annars vegar og dánartíðni hópsins hins vegar. Jafnframt var leitað til embættis landlæknis til að fá upplýsingar úr dánarmeinaskrá. Ákveðið var að skoða þann hóp einstaklinga sem dvaldi 1 mánuð eða lengur á vöggustofunum til að undanskilja þann hóp barna sem dvaldi þar einungis í nokkra daga. Lengd dvalar er hér skilgreind sem heildardvöl þannig að lagðir eru saman vistunardagar fyrir þau börn sem komu oftár en einu sinni inn á vöggustofurnar.

Af þeim 1020 einstaklingum sem voru með skráða vistunarlengd á vöggustofunum voru 815 einstaklingar sem dvöldu þar 1 mánuð eða lengur. Í gögnum Tryggingastofnunar var unnt að fá upplýsingar um 793 þeirra, 22 fundust hins vegar ekki þar sem þau höfðu ekki fengið úthlutað íslenskri kennitölu.<sup>291</sup> Fær nefndin ekki annað séð en að minnsta kosti hluti þessara einstaklinga hafi flutt af landi brott eða látist áður en notkun kennitalna var innleidd hérlendis. Tölurnar miðast við mars 2023. Til að skoða hlutfall örorku og dánartíðni í samanburði við almennt þýði var einnig aflað upplýsinga um alla Íslendinga sem fæddir voru á árunum 1949-1973 og fengið hafa kennitölu. Þannig fæst samanburðarhópur sem gerði nefndinni kleift að setja tölur um vöggustofubörn í samhengi við það sem almennt á við um íslenska jafnaldra þeirra. Tekið skal fram að nefndin fékk ónafngreindar upplýsingar frá Tryggingastofnun og hafði hvorki aðgang að upplýsingum um einstök vöggustofubörn né um einstaklinga í samanburðarhópi. Einnig skal tekið fram að í gögnum Tryggingastofnunar var einungis hægt að skoða hlutfall örorku meðal einstaklinga með skráð lögheimili á Íslandi. Grunnupplýsingar um vöggustofubörn og jafnaldra þeirra má sjá í töflu 16.

---

<sup>291</sup> Notkun kennitölu var tekin upp á Íslandi árið 1987, sbr. Ian Watson: „A short history of national identification numbering in Iceland.“ *Bifröst Journal of Social Science* 4 (2010).

**Tafla 16: Upplýsingar frá Tryggingastofnun um einstaklinga sem dvöldu á vöggustofum 1 mánuð eða lengur, samanborið við alla íslenska jafnaldra (fæddir 1949-1973).**

Upplýsingar í skrá Tryggingastofnunar	Börn sem dvöldu á vöggustofum 1 mánuð eða lengur (n=793)*	Allir Íslendingar f. 1949-1973 (n=108.321)
Hafa fengið örorkumat eða endurhæfingarlífeyri	34,3%	22,4%
Með örorkumat/endurhæfingarlífeyri fyrir 48 ára aldur	17,0%	8,6%
Látnir	13,6%	8,4%
Látnir fyrir 48 ára aldur	7,1%	3,2%


\*Fjöldi þeirra sem dvöldu á vöggustofum 1 mánuð eða lengur (upplýsingar vantar fyrir 22 börn); n=fjöldi Tölur frá Tryggingastofnun miðast við mars 2023.

Af þeim 793 börnum sem dvöldu á vöggustofum í einn mánuð eða lengur (með kennitölu og finnast í gögnum Tryggingastofnunar) eru 272 skráð öryrkjar eða 34,3%. Þetta er mun hærra hlutfall en meðal jafnaldra þar sem hlutfall örorku er 22,4%. Fyrrum vöggustofubörn eru einnig mun líklegri til að hafa orðið öryrkjar fyrir 48 ára aldur, 17% samanborið við 8,6% jafnaldra Íslendinga. Ástæður örorku má sjá í töflum 17 og 18, og einnig á mynd 5.

**Tafla 17: Skráð ástæða örorku**

Skráð ástæða örorku	Fjöldi (%)
Geðraskanir	91 (33,4%)
Stoðkerfissjúkdómar	72 (26,4%)
Áverkar	29 (10,6%)
Aðrar ástæður	20 (7,3%)
Krabbamein	19 (6,9%)
Sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum	14 (5,1%)
Sjúkdómar í blóðrásarkerfi	14 (5,1%)
Innkirtla- og efnaskiptasjúkdómar	6 (2,2%)
Húðsjúkdómar	3 (1,1%)
Meðfædd skerðing og litningafrávik	2 (0,7%)
Óskráð í töflu	1 (0,4%)
Sjúkdómar í öndunarfærum	1 (0,4%)
Heildarfjöldi	272 (100%)

Mynd 5: Ástæða örorku



Eins og sjá má í töflu 17 og á Mynd 5 eru algengustu ástæður örorku meðal þeirra barna sem dvöldu 1 mánuð eða lengur á vöggustofunum, geðraskanir (34%) og stoðkerfissjúkdómar (27%). Í gögnum Tryggingastofnunar voru bæði geðraskanir og þroskaraskanir settar saman í flokkinn *geðraskanir*. Þegar sá flokkur var skoðaður nánar kom í ljós að algengustu raskanirnar voru þunglyndi, fíknisjúkdómar og kvíði (sjá töflu 18 og mynd 6).




**Tafla 18: Örorða fyrrverandi vöggustofubarna vegna geð- og þroskaraskana: Skipting niður á einstakar raskanir**

Skipting geð- og þroskaraskana	Fjöldi (%)
Punglyndi	22 (24,2%)
Fíknisjúkdómar	15 (16,5%)
Kvíðaraskanir	12 (13,2%)
Geðrofsraskanir	10 (10,9%)
Persónuleikaraskanir	9 (9,9%)
Proskahömlun	9 (9,9%)
Geðhvörf/Bipolar	4 (4,4%)
Áfallastreita	2 (2,2%)
Streitu- og aðlögunarraskanir	2 (2,2%)
Geðröskun af völdum heilaskaða	1 (1,1%)
Hegðunarraskanir	1 (1,1%)
Kippa-kækjaröskun	1 (1,1%)
Líkömnunarraskanir	1 (1,1%)
Ótilgreind geðröskun	1 (1,1%)
Truflun á atferli og athygli	1 (1,1%)
Samtals	91 (100%)

Eins og sjá má í töflu 18, er tæplega fjórðungur þeirra vöggustofubarna sem eru öryrkjar vegna geðraskanana eða þroskafrávika með örorðu vegna þunglyndis (24,2%), rúm 16% vegna fíknisjúkdóma og rúm 13% vegna kvíða. Hlutfall raskanana má einnig sjá á mynd 6.

**Mynd 6: Örorða fyrrum vöggustofubarna vegna geð- og þroskaraskana, skipt niður eftir röskunum.**



Tafla 16 sýnir að dánartíðni var einnig umtalsvert hærra meðal fyrrum vöggustofubarna en meðal jafnaldra þeirra. Í mars 2023 voru 13,6% barna sem dvalið höfðu 1 mánuð eða lengur á vöggustofunum látin samkvæmt gögnum Tryggingastofnunar. Til samanburðar var dánartíðni einungis 8,4% þegar allir Íslendingar fæddir 1949-1973 eru skoðaðir (sjá töflu 16).

Þar sem dánartíðni meðal fyrrum vöggustofubarna reyndist talsvert hærra en meðal jafnaldra þeirra í almennu þýði var leitað til embættis Landlæknis til að fá upplýsingar úr dánarmeinasrá. Af þeim 793 börnum sem dvöldu einn mánuð eða lengur á vöggustofunum (og voru með íslenska kennitölu) voru 114 látin samkvæmt upplýsingum úr dánarmeinasrá Landlæknisembættisins eða 14,4%. Þetta er hærra tala en í gögnum frá Tryggingastofnun, þar sem 108 voru látin eða 13,6%. Skýringin á þessu misræmi er sennilega sú að gögn Tryggingastofnunar fengust afhent í mars en ekki fyrr en í júní frá Landlæknisembættinu.

Þegar dánarorsök var skoðuð nánar kom í ljós að í rúmlega helmingi tilfella var um andlát vegna sjúkdóms að ræða (51,7%) og að um þriðjungur lést vegna ytri orsaka (slys, óhöpp, sjálfsvíg) (29,9%). Í 21 tilfalli (18,4%) voru engar skráðar upplýsingar um dánarmein í gagnagrunni Landlæknisembættisins. Skýringin er að ó létust á árinu 2023 og skráningu því ekki lokið, 2 létust fyrir 1971 og rafræn skráning þeirra dánarmeina er ekki til, 10 voru búsettir erlendis við andlát og hjá 3 voru illa skilgreindar eða óþekktar orsakir. Nánari upplýsingar um dánarorsök má sjá í töflu 19.

**Tafla 19: Dánarmeiri þeirra 114 barna sem dvöldu 1 mánuð eða lengur á vöggustofum og voru látin í júní 2023.**

Dánarmeiri	Fjöldi (%)
<b>Sjúkdómar</b>	
Krabbamein	20 (17,5%)
Blóðrásarsjúkdómar (t.d. hjartasjúkd., heilaáföll)	17 (14,9%)
Aðrir sjúkdómar	22 (19,3%)
<b>Ytri orsakir</b>	
Samgönguslys	9 (7,9%)
Önnur slys, óhöpp eða óhappaeitranir	12 (10,5%)
Sjálfsvíg	13 (11,4%)
Engar upplýsingar í dánarmeinaskrá	21 (18,4%)
<b>Samtals látinir</b>	<b>114 (100%)</b>

Eins og sjá má í töflu 19 eru sjúkdómar algengasta dánarmeinið (51,7%) en um þriðjungur lést vegna ytri orsaka (29,9%). Mesta athygli vekur að dánarmeiri 13 fyrrverandi vöggustofubarna, eða 11,4% er sjálfsvíg. Sé sú tala sett í samhengi við þau 793 börn sem dvöldu einn mánuð eða lengur á vöggustofunum 1949-1973 er hlutfall sjálfsvíga 1,6%.

Með aðstoð Landlæknisembættisins var unnt að fá upplýsingar um dánarorsakir fæðingarárgangana 1949-1973 út frá flokkun evrópska stuttlistans (e. *European Shortlist for Causes of Death*) og ná þær til 4. júlí 2023. Sem fyrr var ekki unnt að fá upplýsingar fyrir þá sem létust fyrir 1971, þar sem ekki er til rafræn skráning á dánarmeinum fyrir þann tíma. Einnig var einungis hægt að fá upplýsingar um dánarmeiri þeirra sem höfðu lögheimili á Íslandi við andlát og eru tölurnar því ekki alveg þær sömu og fengust um fjölda andláta frá Tryggingastofnun.

Af fæðingarárgöngum 1949-1973 með lögheimili á Íslandi við andlát eru skráð 8.576 andlát í dánarmeinaskrá (til viðbótar eru 280 andlát á árinu 2023 sem ekki hafa verið skráð í dánarmeinaskrá). Af þessum 8.576 andlátum voru 713 skráð sjálfsvíg eða 8,3% allra andláta. Tíðni sjálfsvíga er hins vegar nokkuð hærri í hópi þeirra sem vistaðir voru á vöggustofu eða 11,4%. Sé miðað við upplýsingar frá Tryggingastofnun um fjölda í árgöngunum 1949-1973, eða 108.321 einstakling, er tíðni sjálfsvíga í þessum fæðingarárgöngum 0,6% sem er umtalsvert lægra hlutfall en meðal þeirra sem dvöldu einn mánuð eða lengur á vöggustofu sem börn (1,6%).

## 6. Niðurstöður

### 6.1 Vöggustofan Hlíðarenda

#### 6.1.1 Tildrög þess að börn voru vistuð á Vöggustofunni Hlíðarenda

##### *Ástæður vistunar*

Eins og rakið er hér að framan í kafla 3.3.4 benda gögn nefndarinnar til að alls hafi 475 börn verið vistuð á vöggustofunni Hlíðarenda fyrir tilstuðlan barnaverndarnefndar Reykjavíkur tímabilið 1949 til 1963.

Í gögnum Borgarskjalasafns Reykjavíkur eru upplýsingar um tildrög þess að barnaverndarnefnd taldi ástæðu til afskipta af málefnum þessara fjölskyldna og hvers vegna börnin voru vistuð á Hlíðarenda. Sem fyrr segir eru þau gögn einkum fundargerðir barnaverndarnefndar, skýrslur starfsmanna nefndarinnar um eftirlit og upplýsingar sem starfsfólk Hlíðarenda færði inn í skýrslu um hvert barn.

Í fyrirbyggjandi skjölum vöggustofunnar um vistun barns er ekki alltaf skráð hvers vegna barn var vistað á vöggustofunni og ekki er til formleg samantekt hvaða börn voru vistuð á Hlíðarenda samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar. Með vísan til þess að barnaverndarnefnd annaðist rekstur vöggustofunnar á þessum tíma telur nefndin hins vegar unnt að slá því föstu að umræddur fjöldi hafi verið vistaður annaðhvort fyrir tilstuðlan eða a.m.k með samþykki barnaverndarnefndar. Hefur nefndin þá meðal annars haft hliðsjón af öllum fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá 1. október 1949 og þar til Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins tók til starfa 20. júní 1963, sem og fleiri gögnum nefndarinnar um málefni einstakra barna.

Sem fyrr segir var í lögum nr. 29/1947 gert ráð fyrir að sveitarfélög hefðu tiltæk úrræði fyrir börn sem vista varð utan heimilis vegna heimilisaðstæðna, veikinda eða þroska þeirra sjálfra, þótt ekki væri beinlínis kveðið á um þessa skyldu í lögnum. Höfðu barnaverndarnefndir þá nokkurt svigrúm til að meta hvaða úrræða væri gripið í hverju tilviki fyrir sig eins og fyrr hefur verið getið, þar á meðal hvort barn skyldi vistað á stofnun á borð við vöggustofu.

Heimildir barnaverndarnefndar til afskipta og frekari íhlutunar í málefni foreldra og barna voru þó einkum takmarkaðar við atvik eða aðstæður þar sem uppeldi barns, aðbúnaði þess eða atlæti var ábótavant vegna atriða sem vörðuðu foreldra. Í því sambandi voru nefnd atriði á borð við andlega eða siðferðilega annmarka, líkamlega eða andlega vanheilsu, drykkjuskap, eiturlyfjafíkn, lauslæti eða annað siðleysi og refsivert athæfi, sbr. 26. og 27. gr. laga nr. 29/1947 en þá bar nefndinni að gera viðeigandi ráðstafanir. Í 2. mgr. 24. gr. laga sömu

laga var hins vegar lagt fortakslaust bann við að taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna. Af því leiddi að ef örbirgð foreldra var forsenda fyrir ósk þeirra um vistun barns á vöggustofu bar barnaverndarnefnd skylda til að leiðbeina foreldrum um rétt þeirra til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr bæjar- eða sveitarsjóði.<sup>292</sup>

Af þeim gögnum sem vöggustofunefnd hefur aflað verður ráðið að mjög oft hafi mátt rekja upphafleg afskipti, ástæður og forsendur fyrir ákvörðun um vistun barna á Hlíðarenda til ótilgreindra félagslegra ástæðna (23,4%). Þessi tilvik eiga það flest sammerkt að félagslegar aðstæður eru oft og tíðum eina ástæðan sem gefin er upp fyrir vistun barns. Þar á eftir eru líkamleg veikindi foreldra, en fjöldi barna sem vistaður var á Hlíðarenda af þeim sökum nemur alls 9,5%. Því næst var algengast að börn væru vistuð vegna húsnæðis-, dagvistunarvanda og fátæktar, en 6,5% barna á Hlíðarenda dvöldu þar með vísan til þess háttar ástæðna. Fjórði stærsti flokkurinn voru síðan börn sem dvöldu á vöggustofunni vegna eigin veikinda, en sá flokkur svaraði til 4% allra þeirra barna sem dvöldu á vöggustofunni. Sem fyrr verður þó að leggja áherslu á að ekki finnast upplýsingar um ástæður vistunar 47,8% barna á Hlíðarenda.

Þegar barnaverndarnefnd hlutaðist til um að barn yrði vistað á Hlíðarenda vegna bágra uppeldisskilyrða á heimili sökum skertrar hæfni foreldra til að annast barn fær vöggustofustefnd ekki séð annað af fyrirliggjandi gögnum en að slík afskipti hafi í langflestum tilvikum verið í samræmi við þágildandi ákvæði 26. gr. og 27. gr. laga nr. 29/1947. Ráða má af þeim að barnaverndarnefnd hafði þá einnig reglubundið eftirlit með viðkomandi heimilum og að hlutverk eftirlitsfólks barnaverndarnefndar hafi þá fyrst og fremst verið að aðstoða fjölskyldur. Þau skriflegu samtímagögn sem fyrir liggja, m.a. eftirlitsskýrslur barnaverndarnefndar, gefa enn fremur til kynna að í flestum tilvikum hafi starfsfólk barnaverndarnefndar lagt sig fram um að aðstoða fjölskyldur með það að markmiði að koma málefnum þeirra í eðlilegt horf áður en ákvörðun var tekin um að vista börn á Vöggustofunni Hlíðarenda. Liður í þeirri aðstoð hafi verið neyðarvistanir um skamman tíma á Hlíðarenda. Fær vöggustofunefnd ekki annað séð en að aðkoma barnaverndarnefndar Reykjavíkur og starfsfólks hennar að vistun barna á Hlíðarenda hafi verið með áþekkingu hætti að þessu leyti og þegar börn voru vistuð á Silungapólli og í Reykjahlíð.<sup>293</sup>

Skýrslur barnaverndarnefndar um eftirlit með heimilum bera þess þó greinilega merki að eftirlitið að þessu leyti hafi í meginatriðum beinst að foreldrum, og þá einkum móður, en síður með beinum hætti að líðan og velferð barns eða barna. Í mörgum eftirlitsskýrslum er til dæmis látið við það sitja að skrá einungis upplýsingar um klæðnað og hreinlæti barna og aðbúnað á heimilinu. Þá má ráða af gögnunum að slæmt heilsufar, vanlíðan og ofneysla

<sup>292</sup> Sjá hér einnig skýrslu vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 – Áfangaskýrsla nr. 2 – Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapólls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 76.

<sup>293</sup> Sjá einnig skýrslu vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 – Áfangaskýrsla nr. 2 – Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapólls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 78 og 129.

foreldra á áfengi eða lyfjum var oft ástæðan fyrir að barn var tekið af heimili. Einnig kom ofbeldishegðun föður oft við sögu.<sup>294</sup>

Pó finnast þess einnig fjölmörg dæmi að vistun barns á vöggustofu megi rekja til fátæktar á heimili eða þarfar foreldra, oftast móður, fyrir tímabundna gæslu fyrir börn sín vegna vinnu utan heimilis eða móðir var að afla sér menntunar, t.d. vegna þess að móðir var einstæð, eða þá að hún var gift og þarfnadist gæslu vegna tímabundinnar sjúkrahúsvistar, m.a. fæðingar barns eða lækni meðferðar.<sup>295</sup> Þá má einnig finna mörg dæmi um að börn hafi verið vistuð á vöggustofunni vegna veikinda eða þess að þau voru andlega eða líkamlega fötluð.

Rétt er að leggja áherslu á að í langflestum tilvikum þar sem börn voru vistuð vegna þess að móðir þarfnadist gæslu fyrir börn sín verður almennt ekki séð að móðirin hafi jafnframt átt við neina erfiðleika af öðrum toga að stríða, svo sem áfengis- og vímuefnaneyslu, andleg eða líkamleg veikindi eða önnur atriði sem gátu haft áhrif á hæfni hennar sem foreldris. Í þessum málum er jafnframt lítið um gögn sem varða málefni hlutaðeigandi fjölskyldu og ekki er óalgengt að engin gögn séu til umfram bókun í fundargerð barnaverndarnefndar um að móðir hafi nýlega orðið ekkja eða einstæð móðir í kjölfar skilnaðar. Hún óski því eftir aðstoð nefndarinnar þar sem hún hafi ekki tók á að hafa börn sín heima sökum vinnu utan heimilis. Þá eru þess einnig dæmi að ekkert hafi verið bókað um af hvaða ástæðum barn var vistað í fundargerð barnaverndarnefndar.

Að því er varðar börn sem dvöldu á Hlíðarenda vegna veikinda eða fötlunar þá bar barnaverndarnefnd skylda til að hafa afskipti af þeim sem fengu ekki viðunandi hjúkrun eða læknishjálp og gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni, sbr. 25. gr. laga nr. 29/1947.

### *Málsmeðferð*

Vöggustofunefnd hefur farið yfir fundargerðir og önnur frumgögn frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur á tímabilinu 1949 til 1963 með tilliti til þess hvernig málsmeðferð var háttáð með ákvarðanir um vistun barna á Hlíðarenda.<sup>296</sup> Gögnin sem eru fyrir hendi bera með sér að í fjölmörgum málum hafi orðið misbrestur á að barnaverndarnefnd hagaði málsmeðferð sinni í samræmi við lög þegar hún tók ákvarðanir um að vista börn á vöggustofunni. Í mörgum tilvikum er til dæmis einungis fært til bókar að barn hafi farið á Hlíðarenda eða þaðan heim tiltekinn dag, en hvorki að barnaverndarnefnd hafi tekið ákvörðun um það né af hvaða ástæðum barnið var vistað. Þá eru dæmi þess að alls engar upplýsingar hafi verið skráðar í

---

<sup>294</sup> Sjá einnig Skýrslu vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 – Áfangaskýrsla nr. 2 – Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 79 og 132.

<sup>295</sup> Rétt er að geta þess að almennt var ekki gert ráð fyrir aukna aðkomu fedra að uppeldi og umönnun barna í forföllum móður. Í þessu samhengi má einnig nefna að almenn vinnuvika á Íslandi á árunum 1942 til 1965 var sex dagar eða 48 klukkustundir, en með kjarasamningum árið 1965 var tekin upp 44 stunda vinnuvika. 40 stunda vinnuvika var síðan gerð innleidd í lög með setningu laga þar um 1971.

<sup>296</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá 14. október 1953 til 5. febrúar 1958.

fundargerðum um barn hafi verið vistað á Hlíðarenda, jafnvel þótt ljóst sé af gögnum vöggustofunnar að það sé komið vegna afskipta barnaverndarnefndar. Þá jafnvel á þann veg að starfsmaður barnaverndarnefndar hafi komið með barnið.

Eins og áður er rakið hefur vöggustofunefnd í þessu sambandi sannreynt að alls hafi 475 börn verið vistuð á Hlíðarenda árin 1949 til 1963. Af fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur árin 1949 til 1963 verður hins vegar ekki ráðið að nefndin hafi kveðið upp einn einasta formlegan úrskurð um að barn skuli vistað þar. Þrátt fyrir þetta benda skráningar í eftirlitsskýrslum barnaverndarnefndar með einstökum heimilum til þess að starfsmenn nefndarinnar hafi oftast en fundargerðabækur benda til, fengið afstöðu nefndarinnar til einstakra vistana. Þannig er stundum skráð í skýrslum starfsmanna um heimiliseftirlit að fyrirhugað sé að fara með barn á Vöggustofuna Hlíðarenda og að nefndin hafi tekið ákvörðun þar um án þess að það sé bókað sérstaklega í fundargerðabók.

Þess eru þó einnig dæmi að skrifleg gögn varpi engu ljósi á hvernig staðið hafi verið að ákvörðun um vistun barns. Er þá hvorki að finna bókanir í fundargerðabækur né skráningu í heimiliseftirlit um hvort barnaverndarnefnd hafi yfirhöfuð tekið afstöðu til vistunar. Í slíkum tilvikum fær vöggustofunefnd trauðla séð að unnt sé að draga þá ályktun að ákvörðun um vistun barns á Hlíðarenda hafi verið í með þeim hætti sem lög nr. 29/1947 gerðu ráð fyrir. Þau gögn sem fyrir liggja benda enn fremur til þess að á tíðum hafi skort á að barnaverndarnefnd færi eftir gildandi skráðum eða óskráðum reglum um hvernig fjölskipaðar stjórnarsýslunefndir á borð við barnaverndarnefnd stóðu að ákvörðunum. Má þar m.a. nefna regluna um að meirihluti nefndar væri viðstaddur á fundi þannig að nefndin teldist ályktunarhæf.

Athugun á skýrslum um heimiliseftirlit sem starfsfólk barnaverndarnefndar skráði gefur til kynna að í allmörgum tilvikum hafi raunin verið sú að það hafi verið starfsfólkið en ekki nefndin sem tók ákvörðun um vistun og þá gjarnan í samráði við foreldra og jafnvel eftir ósk þeirra. Mörg dæmi eru um að skráð hafi verið að „móðir hafi beðið fyrir barn sitt á Hlíðarenda“ í kjölfar heimsóknar starfsfólks nefndarinnar á tiltekið heimili eða að „rætt hafi verið við móður um að barn fari á Hlíðarenda um tíma“. Má þá ráða af skýrslunni að foreldrar, og þá einkum móðir, séu því samþykkir. Í sumum tilvikum er þá bókað um slíkar óskir foreldra í fundargerðir barnaverndarnefndar og þá afstöðu nefndarinnar til þess hvort hún sé samþykk þeirri ósk eða ekki. Almennt er þó ekki fjallað um hvort lagalegar forsendur hafi verið fyrir því að vista börnin á Hlíðarenda við slíkar aðstæður.

Vöggustofunefnd tekur í þessu sambandi undir þau sjónarmið sem vistheimilaneftnd sem starfaði samkvæmt lögum nr. 26/2007 setti fram í skýrslum sínum um að heimildir fulltrúa barnaverndarnefndar til að annast „dagleg störf“ nefndarinnar í „umboði hennar“ samkvæmt 10. gr. laga nr. 29/1947, hafi ekki tekið til þess að sömu fulltrúar tækju einir ákvörðun um að



vista barn á stofnun á borð við vöggustofuna Hlíðarenda. Gildir einu hvort slík ákvörðun var tekin gegn vilja foreldra eða með samþykki þeirra.<sup>297</sup>

Ekki er loku fyrir það skotið að barnaverndarnefnd hafi í tíð laga nr. 29/1947 verið heimilt að láta hjá líða að ákveða vistun barns á Hlíðarenda í skriflegum, rökstuddum úrskurði og þá að fullnægðum kröfum um samþykki aukins meirihluta nefndarmanna, sbr. 13. gr. laganna, svo framarlega sem ótvírætt samþykki foreldra lá fyrir, sbr. 20. gr. sömu laga. Slíkt samþykki gat þó ekki leitt til þess að heimilt væri að vista barn á vöggustofu án neinnar formlegrar samþykktar barnaverndarnefndar, a.m.k. meirihluta hennar.

Allt að einu þá bar ritara barnaverndarnefndar í slíkum tilvikum að halda nákvæma fundarbók um slíkar ákvarðanir og þá málsmeðferð sem lá henni til grundvallar, þ.á m. um fyrirliggjandi gögn, sbr. 9. gr. laga nr. 29/1947. Í þessu sambandi bendir vöggustofunefnd á að það var hlutverk barnaverndarnefndar að gæta hagsmuna barna og foreldra sem og réttaröryggis þeirra. Að mati vöggustofunefndar virðist töluverður misbrestur hafa verið á þessu í framkvæmd. Er niðurstaða nefndarinnar að þessu leyti á sama veg og niðurstaða vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 um málsmeðferð barnaverndarnefndar við ákvarðanir um vistun barna á Silungapólli, Reykjahlíð og Jaðri<sup>298</sup> Breiðavík á tímabilinu 1952-1979, vistheimilisins Kumbaravogs á tímabilinu 1965-1984, stúlkaheimilisins Bjargs á tímabilinu 1965-1967.<sup>299</sup>

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 29/1947 var formanni barnaverndarnefndar, eða fulltrúa í umboði hans, heimilt að framkvæma ráðstöfun ef vinda þurfti bráðan bug að henni, enda væri ráðstöfunin lögð til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd svo fljótt sem kostur væri. Eftir athugun á þeim gögnum sem nefndin hefur aflað telur hún ljóst að í einhverjum tilvikum hafi atvik eða aðstæður verið með þeim hætti að formanni eða fulltrúa nefndar var heimilt að framkvæma neyðarráðstöfun á borð við fyrirvaralausá vistun á vöggustofu. Nefndin bendir í því sambandi á að í vistunarskjölum kemur oftsinnis fyrir að starfsmaður barnaverndarnefndar hafi komið með barn að næturlagi úr slæmum og ótryggum heimilisaðstæðum.

Fundargerðabækur barnaverndarnefndar Reykjavíkur, sem og önnur gögn, benda hins vegar ekki til að slíkar ráðstafanir hafi almennt verið lagðar til fullnaðarákvörðunar nefndar „svo fljótt sem kostur [var]“, sbr. ákvæði 14. gr. laga nr. 29/1947. Því til stuðnings skal tekið fram að í skýrslu sem nefndarmaður í barnaverndarnefnd Reykjavíkur á árunum 1966-1974 gaf

---

<sup>297</sup> Skýrsla vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapólls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 82, 132 og 206.

<sup>298</sup> Skýrsla vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapólls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 82, 104 og 134.

<sup>299</sup> Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, kafli 9 í III. hluta, bls. 75-80. - Skýrsla vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 1 - kafli 5.1 í VII. og VIII. hluta, Reykjavík 2008, bls. 244 - 260 og 339 - 346.

fyrir vistheimilanevnd kom fram að slíkar ákvarðanir hafi almennt verið teknar af starfsmanni nefndarinnar. Hugsanlega var það í samráði við formann hennar en almennt voru þær ekki lagðar fyrir nefndina til formlegrar afgreiðslu og ákvarðanatöku.<sup>300</sup>

#### Niðurstaða

Með vísan til alls ofangreinds telur vöggustofunefnd að ekki séu forsendur til að fullyrða annað en að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi að jafnaði verið innan lögbundinna marka 26. og 27. gr. laga nr. 29/1947 þegar hún hóf afskipti af börnum sem síðar voru vistuð á Hlíðarenda. Í þeim tilvikum þar sem gögn eru til staðar um ástæður vistunar fær nefndin til dæmis ekki annað séð en að oftast nær hafi verið fullt tilefni til að taka ákvörðun um vistun barns á vöggustofu þegar vistunin kom til vegna bágra heimilisaðstæðna, þ.e. vegna háttsemi foreldra, veikinda eða vanrækslu. Þá telur nefndin að sama eigi við um afskipti og vistun barna sem átti sér stað á grundvelli 25. gr. laga nr. 29/1947 og kom til vegna þess að viðkomandi börn fengu ekki viðeigandi hjúkrun eða læknishjálp vegna veikinda.

Að sama skapi telur vöggustofunefnd að í einhverjum tilvikum kunni að hafa leikið vafi á því hvort barnaverndarnefnd hafi haft nægilegar forsendur að lögum til að taka slíka ákvörðun. Á það einkum við um mál þeirra barna sem vistuð voru á Hlíðarenda vegna dagvistunar-, húsnæðisvanda og fátæktar á heimili, en ekki beinlínis eða í meginatriðum vegna bágra uppeldisaðstæðna, sem rekja hafi mátt til veikinda, vanrækslu, ofbeldis eða óreglu foreldra. Í því sambandi er rétt að geta þess að samkvæmt barnaverndarlögum nr. 29/1947 var fortakslaust bann við að taka börn af heimilum eingöngu vegna fátæktar eða örbirgðar foreldra, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 29/1947 laganna. Þvert á móti bar barnaverndarnefndum skylda til að aðstoða foreldra og ráða bót á bágbörnum fjárhag þeirra og skyldi sá kostnaður greiddast úr bæjarsjóði.

Ljóst er að barnaverndarnefnd var þó oft vandi á höndum við þessar aðstæður. Gögn nefndarinnar bera til dæmis með sér að í fjölmörgum tilvikum bar vistun barns á vöggustofu upp með þeim hætti að móðir bað sérstaklega fyrir um barn sitt á vöggustofuna til þess að hún gæti unnið fyrir sér og sínum. Þá voru samsvarandi óskir settar fram um vistun barns til þess að móðir gæti lokið námi. Þar sem verulegur skortur var á dagvistunarræðum fyrir börn á þessum tíma er einsýnt að synjun barnaverndarnefndar á slíkum beiðnum hefði takmarkað verulega möguleika foreldra, og þá helst einstæðra mæðra, til að ala önn fyrir sér og börnum sínum eða afla sér menntunar. Jafnframt verður telja að fjárhagsleg fyrirgreiðsla Reykjavíkurborgar á þessum tíma hafi almennt verið lítt til þess fallin að koma í stað þeirra tekna sem foreldri gat aflað með launaðri vinnu. Með vísan til þessa og þegar litið er til þess að barnaverndarnefnd hafði á þessum tíma almenna heimild í 22. gr. þágildandi laga nr. 29/1947 til að láta mál til sín taka á á þann hátt, „er best þykir við eiga,

---

<sup>300</sup> Skýrsla vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 82.

eftir því sem á stendur“ þegar heimilishögum eða aðbúnaði barns var ábótavant verður að telja að barnaverndarnefnd hafi verið innan heimilda þágildandi laga þegar hún tók börn til vistunar á vöggustofu við slíkar aðstæður.

Á hinn bóginn verður að telja að það liggi skýrt fyrir að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi oft og tíðum ekki tekið ákvarðanir um vistun barna á Hlíðarenda í samræmi við þá málsmeðferð sem lög nr. 29/1947 gerðu ráð fyrir. Þannig virðist oft hafa skort á að nefndin tæki ákvörðun um vistun barns á ályktunarhæfum fundi með samþykki meirihluta nefndarmanna þegar ótvírætt samþykki foreldris lá fyrir um ráðstöfun barns. Jafnframt telur nefndin að í flestum tilvikum sem á reyndi hafi skort á að neyðarráðstafanir starfsmanna barnaverndarnefndar væru lagðar fyrir nefndina til formlegrar afgreiðslu og ákvarðanatöku í samræmi við ákvæði laga nr. 29/1947 um hvernig bæri að haga málsmeðferð og taka ákvörðun um neyðarvistanir barna.

### 6.1.2 Eftirlit með starfsemi vöggustofunnar Hlíðarenda

Þegar vöggustofan Hlíðarenda var starfrækt á árunum 1949 til 1963 voru eins og áður segir í gildi lög nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna. Eins og rakið er í kafla 2.5.6 hér að framan var gert ráð fyrir því í lögnum að barnaverndarnefnd héldi uppi virku eftirliti með starfsemi vöggustofunnar. Þannig var í 2. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947 kveðið á um að barnaverndarnefnd bæri að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu og fylgjast með högum og aðbúð barna. Skyldi nefndin jafnframt fylgjast afdrifum barna sem tekin væru af slíkum hælum eða stofnunum og samþykkja þá staði sem þau færu til ef ekki væri um að ræða heimili.

Í ljósi þess að Vöggustofan Hlíðarenda starfaði í Reykjavík var það barnaverndarnefnd Reykjavíkur sem bar ábyrgð á því að framfylgja eftirliti með vöggustofunni. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1947 var yfirumsjón með öllum barnahælum og uppeldisstofnunum í landinu á hendi Barnaverndarráðs. Auk þess voru lagðar sérstakar eftirlitsskyldur á herðar ráðsins með stofnunum sem starfræktar voru á grundvelli barnaverndarlaga sem þó voru breytilegar eftir eðli hverrar stofnunar.<sup>301</sup>

Í lögum nr. 29/1947 voru beinar eftirlitsskyldur Barnaverndarráðs með vist- og meðferðarheimilum takmarkaðar við heimili eða stofnanir sem tóku við börnum og unglingum hvaðanæva af landinu og vistuðu börn vegna eigin hegðunar eða lögbrotá. Barnaverndarráð hafði þó einnig yfirumsjón allra barnahæla/heimila og uppeldisstofnana í landinu og yfirumsjón með starfi allra barnaverndarnefnda. Verður af þeim sökum að gera ráð fyrir að Barnaverndarráð hafi a.m.k. borið að hafa reglulegt og virkt eftirlit með því hvort barnaverndarnefnd Reykjavíkur rækti lagalegar skyldur sínar vegna Hlíðarenda, meðal

---

<sup>301</sup> Ítarlega er fjallað um hlutverk og verkefni Barnaverndarráðs í kafla 2.3 í III. hluta fyrstu áfangaskýrslu vistheimilaneftndar, bls. 61 til 63.

annars um eftirlit, samkvæmt barnaverndarlögum á tímabilinu 1949 til 1963. Gögn sem fundist hafa bera enn fremur merki um að Barnaverndarráð hafi litið á það sem hluta af skyldum sínum að fylgjast með starfsemi vöggustofa og vistheimila sem Reykjavíkurborg annaðist rekstur á. Þannig liggur fyrir að ráðið heimsótti Vöggustofuna Hlíðarenda á starfstíma hennar, sem og barnaheimilið Silungapoll og vistheimilið Reykjahlíð.

Við túlkun og framkvæmd ofangreindra ákvæða íslenskra laga og reglugerða, sem giltu þegar börn voru vistuð á Hlíðarenda á árunum 1949-1963, og mat á því hvort eftirlit hafi verið fullnægjandi, telur vöggustofunefnd rétt að hafa hliðsjón af þeim skyldum sem hvíldu á íslenska ríkinu samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu. Samkvæmt 3. gr. sáttmálans skal „enginn maður sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.“ Á þetta ákvæði sérstaklega við um þau tilvik þar sem börn eru vistuð á stofnunum á vegum hins opinbera.

Í því samhengi verður að hafa í huga að nær allan þann tíma sem vöggustofurnar voru starfandi var íslenska ríkið skuldbundið að þjóðarétti til að fylgja ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu, sem var undirritaður af Íslands hálfu 4. nóvember 1950 og fullgiltur 19. júní 1953, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11, 9. febrúar 1954. Er það afstaða nefndarinnar að þegar lagt er mat á þær skyldur sem hvíldu á barnaverndaryfirvöldum verði að hafa til hliðsjónar þær kröfur sem leiddu af ofangreindum ákvæðum barnaverndarlaga, eins og þau bar að túlka til samræmis við 3. gr. Mannréttindasáttmálans. Undir ákvæðið hafa einkum verið taldar falla þær athafnir sem á grundvelli heildstæðs mats á atvikum og eftir hlutlægum mælikvarða valda tilteknum manni líkamlegu eða andlegu tjóni eða verulegri hættu á slíku tjóni (ómannúðleg meðferð).

Ákvæðið hefur nú verið lögfest, fyrst með 1. gr. laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu og síðar samsvarandi ákvæði í stjórnarskránni, sbr. 1. mgr. 68. gr., sjá 6. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995. Lögfesting í stjórnarskrá var þó einungis árétting á þeim skyldum sem hvíldu áður á íslenska ríkinu að þjóðarétti og stjórnvöldum bar nauðsynlega að horfa til við túlkun og fyllingu landslaga. Er þar m.a. kveðið á um vistun manna á stofnunum í umsjá ríkisins.<sup>302</sup>

Ákvæði 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu hefur jafnframt verið skilið á þá leið að með því séu lagðar skyldur á aðildarríki sáttmálans til að tryggja að einstaklingar, einkum þeir sem eru í umsjá ríkisins, verði ekki fyrir athöfnum (eða athafnaleyfi) sem valda líkamlegu eða andlegu tjóni - eða verulegri hættu á slíku tjóni - og teljast af þeim sökum til ómannúðlegrar eða vanvirðandi meðferðar. Rétt er að hafa í huga að eftirlitsskylda af þessum toga hefur sérstaka þýðingu þegar hún lýtur að heilsu og velferð barna, einkum ef börnin sem um ræðir eru í sérlega viðkvæmri stöðu og í umsjá stjórnvalda. Virkt eftirlit með að

---

<sup>302</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 40-41.

barnaverndarlögum, og eftir atvikum öðrum lögum, sé framfylgt á stofnunum þar sem börn eru vistuð er í reynd nauðsynlegur liður í því hlutverki stjórnvalda að tryggja að börn sæti hvorki illri meðferð né vanrækslu.

Þessi skylda á sér þó ákveðin mörk. Við mat á umfangi hennar verður að hafa í huga að stjórnvöld þurfa við framkvæmd eftirlits af þessum toga að taka ákvarðanir um forgangsröðun og nýtingu takmarkaðra fjármuna, auk þess sem erfitt er að sjá fyrir mannlega hegðun og þar með hvar eftirlits er helst þörf. Af því leiðir að Mannréttindadómstóll Evrópu telur ekki unnt að gera þá kröfu til stjórnvalda á grundvelli 3. gr. Mannréttinasáttmálans að þau bregðist við allri mögulegri hættu á illri meðferð þannig að komið sé alveg í veg fyrir að hún eigi sér stað. Þrátt fyrir þessa fyrirvara hefur þó engu að síður verið talið að stjórnvöld beri að lágmarki skyldu til að sinna eftirliti sínu á þann veg að komið sé í veg fyrir illa meðferð barna og annarra viðkvæmra hópa. Að auki eigi að grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir illa meðferð sem stjórnvöldum var eða átti að vera kunnugt um.<sup>303</sup>

Vöggustofunefnd kannaði allar fyrirliggjandi heimildir sem hægt var að komast yfir um störf barnverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarráðs á tímabilinu 1949 til 1973 í Borgarskjalasafni og Þjóðskjalasafni. Var meginmarkmiðið að varpa ljósi á hvernig þessi stjórnvöld sinntu eftirliti með Hlíðarenda. Fór nefndin af þessu tilefni yfir allar fundargerðir barnaverndarnefndar og Barnaverndarráðs á tímabilinu, sem og öll skjöl sem fundust og tengdust þeim börnum sem vistuð voru á Hlíðarenda.

Eins og getið er í kafla 3.3.2 er einungis bókað einu sinni í fundargerðum barnaverndarnefndar á þessu tímabili að nefndin hafi farið eftirlitsferð að Hlíðarenda. Sú bókun er í fundargerð, dags. 1. mars 1950, þar sem fram kemur að nefndin hafi farið að vöggustofunni Hlíðarenda laugardaginn 25. febrúar 1950 og lýst „ánægju sinni yfir stofnuninni“.<sup>304</sup> Þá kemur fram í fundargerð Barnaverndarráðs 26. maí 1950 að ráðið hafi skoðað Vöggustofuna Hlíðarenda 12. maí 1950 og þar tilgreint að Ólöf Sigurðardóttir sé forstöðukona heimilisins og Kristbjörn Tryggvason læknir þess, en starfsstúlkur á heimilinu séu alls níu talsins.<sup>305</sup> Er þetta eina heimsókn Barnaverndarráðs á Hlíðarenda sem getið er um á starfstíma vöggustofunnar. Hvorki fundargerðir barnaverndarnefndar né Barnaverndarráðs bera með sér hvaða þættir hafi verið skoðaðir í starfsemi vöggustofunnar og þar með hvort heimsókninni hafi í reynd fylgt eftirlit með starfsemi. Þá hafa engin önnur gögn fundist um heimsóknina. Til samanburðar má geta þess að í skýrslu um eftirlitsferðir borgarlæknis á vöggustofuna sem fjallað er um í kafla 3.2.2 er lýst skipulega þeim þáttum sem skoðaðir voru í heimsóknum embættisins.

---

<sup>303</sup> Mannréttindadómstóll Evrópu hefur talið að slíkar skyldur leiði af 3. gr. Mannréttinasáttmálans, sbr. dóm yfirdeildar dómstólsins frá 28. janúar 2014 í máli nr. 35810/09 *O'Keefe gegn Írlandi*, 144. málsgrein.

<sup>304</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Askja 238. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 12. maí 1948 til 14. nóvember 1951, bls. 356.

<sup>305</sup> Þjóðskjalasafn. Fundargerðir Barnaverndarráðs 11. júní 1942 til 11. júní 1958, bls. 150.

Eins og fram kemur í kafla 4.3.3 er fjallað um aðkomu barnaverndarnefndar að málefnum vöggustofunnar í gögnum sem Barnaverndarráð aflaði um starfsemi Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Var það gert vegna beiðni borgastjórnar Reykjavíkur um að ráðið tæki til athugunar hvort gagnrýni Sigurjóns Björnssonar ætti við rök að styðjast. Þar á meðal er yfirlýsing starfsmanns barnaverndarnefndar og síðar framkvæmdastjóra hennar, dags. 15. desember 1968, þar sem hann fullyrðir að hann hafi komið vikulega og stundum daglega að Hlíðarenda.

Vöggustofunefnd hefur ekki forsendur til að rengja þessar fullyrðingar. Nefndin telur hins vegar ekki hjá því komist að vekja athygli á því að í öllum þeim skriflegu gögnum sem nefndin hefur kannað eru litlar sem engar upplýsingar að finna sem benda til þess að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi sem stjórnvald haft virkt eftirlit með starfsemi Hlíðarenda. Eins og fram kemur í kafla 3.3.2 hér að framan er einungis getið um eina eftirlitsheimsókn nefndarinnar á Hlíðarenda í fundargerðum barnaverndarnefndar á þeim tæplega 14 árum sem vöggustofan var starfrækt. Sú heimsókn átti sér stað nokkrum mánuðum eftir opnun vöggustofunnar.

Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að geta þess að í fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur á þessu tímabili er ítrekað vikið að eftirlitsheimsóknum hennar á önnur vistheimili, ýmist í umdæmi nefndarinnar eða annars staðar. Í fundargerðum barnaverndarnefndar á starfstíma Vöggustofunnar Hlíðarenda kemur til dæmis fram að nefndin hafi farið í alls sex eftirlitsheimsóknir á Silungapoll á sama tíma, eða 1. október 1952,<sup>306</sup> 15. febrúar 1956,<sup>307</sup> 27. mars 1957<sup>308</sup> og 18. september 1957,<sup>309</sup> 17. ágúst 1959<sup>310</sup> og 18. maí 1960.<sup>311</sup> Frá 21. apríl 1951 til 22. ágúst 1962 fór Barnaverndarráð auk þess í átta eftirlitsheimsóknir á Silungapoll.

Þá kemur fram í fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur að nefndin hafi skoðað aðstæður í Reykjahlíð 18. september 1957 og 12. mars 1958, 17. ágúst 1959 og 5. nóvember 1962.<sup>312</sup> Þá fór Barnaverndarráð í alls fjórar eftirlitsheimsóknir að Reykjahlíð á tímabilinu 11. nóvember 1957 til 22. ágúst 1962 en Reykjahlíð tók ekki til starfa fyrr en árið 1956.

Fundargerðir greina jafnframt frá að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi fjallað um skýrslur Símonar Jóhannesar Ágústssonar vegna eftirlitsheimsókna hans að vistheimilinu Breiðuvík á

---

<sup>306</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 21. nóvember 1951 til 7. október 1953, bls. 86.

<sup>307</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 21. nóvember 1951 til 7. október 1953.

<sup>308</sup> Sama heimild, bls. 232.

<sup>309</sup> Sama heimild bls. 270.

<sup>310</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 5. mars 1958 til 20. desember 1961, bls. 115.

<sup>311</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 5. mars 1958 til 20. desember 1961, bls. 115 og 174.

<sup>312</sup> Sjá m.a. BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 5. mars 1958 til 20. desember 1961, bls. 115.



fundum 17. ágúst 1959, 29. nóvember 1960,<sup>313</sup> 29. nóvember 1961,<sup>314</sup> 2. september 1963 og 12. ágúst 1965. Rétt er að taka fram að ofangreindar heimsóknir eru aðeins taldar í dæmaskyni og engan veginn er um tæmandi talningu að ræða.

Samkvæmt framangreindu bera skriflegar samtímaheimildir ekki annað með sér en að barnaverndarnefnd hafi lítið komið sjálf að eftirliti með starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda. Jafnframt benda sömu gögn til þess að vöggustofan hafi í reynd sætt töluvert minna eftirliti af hálfu barnaverndarnefndar og Barnaverndarráðs en önnur vistheimili sem Reykjavíkurborg rak. Í þessu sambandi er jafnframt rétt að geta þess að enginn þeirra starfsmanna Vöggustofunnar Hlíðarenda sem nefndin ræddi við minntist þess að fulltrúar barnaverndarnefndar hefðu komið inn á vöggustofuna nema vegna málefna einstakra barna.

Ljóst er þó að þegar leið að lokum starfsemi Hlíðarenda sem vöggustofu þar sem börn voru vistuð allan sólarhringinn þá taldi barnaverndarnefnd Reykjavíkur rétt að hafa afskipti af störfum forstöðukonunnar. Þetta sést í bréfi nefndarinnar til hennar, dags. 18. febrúar 1963, þar sem vakin er athygli á því að forstöðukonunni sé óheimilt að ráðstafa börnum á vöggustofuna og þaðan aftur án samráðs við barnaverndarnefnd. Ekki verður ráðið nánar af þeim gögnum sem liggja fyrir hvaða atvik urðu tilefni þessara bréfaskipta, t.d. hvaða börnum var ráðstafað út af vöggustofunni og hvert þau fóru. Bréfið sjálft ber hins vegar með sér að nefndin taldi forstöðukonuna fara út fyrir heimildir sínar og ljóst er að þetta mál var áfram rætt í nefndinni eftir að Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins tók til starfa, sbr. kafla 4.3.1 hér að framan.

Að því er varðar eftirlit nefndarinnar með högum einstakra barna þá verður ráðið af eftirlitsskýrslum starfsmanna barnaverndarnefndar frá 1949-1963 að starfsmenn hennar hafi í ýmsum tilvikum skráð upplýsingar um hagi barna á vöggustofunni. Eins og rakið er í kafla 3.3.2 bera þessar skýrslur með sér að bæði starfsfólk barnaverndarnefndar sem og forstöðukona vöggustofunnar hafi í ýmsum tilvikum haft áhyggjur af velferð þeirra barna sem dvöldu mjög lengi á vöggustofunni og ekki var séð fyrir að foreldrar gætu tekið aftur til sín. Í þeim tilvikum er oft vikið að því að barnið hafi verið of lengi á vöggustofunni og huga þurfi að því að koma því í fóstur. Af sömu skýrslum verður ráðið að ósjaldan gengu slíkar ráðagerðir ekki eftir vegna þess að foreldrar lögðust gegn þeim og barnið sem um ræddi fór því á annað vistheimili.

Umræddar eftirlitsskýrslur bera þó ekki alltaf merki um að hagir og líðan hvers barns á vöggustofunni hafi verið undir sérstöku eftirliti. Fjöl margar skýrslur bera þess vott að athugun starfsfólks barnaverndarnefndar á högum barnsins hafi einungis farið fram í formi símasamtals við forstöðukonu. Tillögur meirihluta samstarfsnefndar um barnaverndarmál

---

<sup>313</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 5. mars 1958 til 20. desember 1961, bls. 187.

<sup>314</sup> BSR. Málafn Félagsmálastofnunar. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur 5. mars 1958 til 20. desember 1961, bls. 291.



sem skilað var í febrúar 1966 og raktar eru í kafla 4.3.2. Þera þess enn fremur merki að meirihlutinn taldi nauðsynlegt að endurskipuleggja og auka eftirlit barnaverndarnefndar með vistheimilum þar sem börn voru dvöldu. Þar kemur jafnframt fram að barnaverndarnefnd hafi alla tíð verið of liðfá miðað við þau verkefni sem henni var ætlað að fást við.

Við mat á því hvort viðunandi eftirlit hafi verið haft með Vöggustofunni Hlíðarenda verður einnig að líta til þess hvernig innra eftirliti þar hafi verið háttað með líðan og aðbúnaði barna, þ.e. af hálfu forstöðukvenna og starfsfólks undir þeirra stjórn. Vistunarskjöl sem fyrir liggja bera með sér að barnalæknar hafi komið nokkuð reglulega á vöggustofuna og skoðað börnin með tilliti til heilsufars en upplýsingar um veikindi og viðeigandi meðferð eru í mörgum tilvikum færðar inn í skjölin. Upplýsingar í þessum skjölum eru hins vegar mjög oft sáralitlar, t.d. um þroska barnanna, og það jafnvel þótt barn hafi dvalið mánuðum og jafnvel árum saman á vöggustofunni. Ekki hafa heldur fundist skriflegar heimildir um leiðbeiningar eða verklag varðandi umönnun barna sem vistuð voru á vöggustofunni.

Heimildir um starfshætti Hlíðarenda og umönnun barnanna frá degi til dags eru verulega takmarkaðar og nefndinni tókst aðeins að hafa uppi á fjórum starfsstúlkum sem enn eru á lífi og gátu lýst starfseminni. Eins og fram kemur í kafla 3.3.3 greindi ein þeirra frá því að Auður Jónsdóttir forstöðukona, hafi veitt starfsstúlkum tiltal fyrir að taka börnin upp úr rúmunum og sýna þeim frekari hlýju. Auk þess hafi forstöðukonan sjaldan verið sjáanleg inni á vöggustofunni sjálfri. Í þessu sambandi verður þó að hafa í huga að einungis ein fyrrverandi starfsstúlka bar vitni á þessa leið fyrir nefndinni og afar langt er um liðið frá þeim atvikum sem frásögnin lýtur að. Nokkrar frásagnir starfsfólks á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins voru hins vegar á sömu leið um að Auður Jónsdóttir hefði ekki komið oft inn á vöggustofuna sjálfa. Auður greindi hins vegar nefndinni frá því viðtali að hún hefði gengið í mörg verkefni á vöggustofunni.

Þær takmörkuðu skriflegu heimildir sem fyrir liggja um starfshætti Vöggustofunnar Hlíðarenda veita vísbendingar um að á tímabilum hafi ekki verið nægilega margir starfsmenn til að börnin sem þar voru vistuð fengju viðunandi umönnun. Þannig má ráða af umfjöllun *Vísis* sem birtist 13. apríl 1954 og gerð er grein fyrir í kafla 3.3.2 hér að framan að einungis ein vökukona hafi verið á Hlíðarenda frá klukkan tíu á kvöldin þar til fyrstu starfsstúlkurnar mættu til vinnu klukkan 7 morguninn eftir. Í bréfi barnaverndarnefndar Reykjavíkur til Barnaverndarráðs, dags. 16. janúar 1968, sem aflað var í tilefni af athugun ráðsins í kjölfar gagnrýni Sigurjóns Björnssonar á starfsemi vöggustofunnar í borgarstjórn Reykjavíkur, kemur auk þess fram að á árunum 1956 til 1963 hafi einungis verið ein stúlka á kvöldvakt og ein á næturvakt.<sup>315</sup>

---

<sup>315</sup> BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Vöggustofur 1961 til 1971. Askja 83.

Í ljósi þess að vöggustofan hafði á þessum tíma pláss fyrir 22 börn og var auk þess að jafnaði fullnýtt verður að telja líklegt að kvöld- og næturvakt hafi á tíðum ekki verið nægilega mönnum til þess að unnt væri að sinna börnunum með fullnægjandi hætti.

Skriflegar heimildir um starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda bera með sér að starfsfólki hafi fækkað nokkuð á því tímabili sem vöggustofan starfaði. Í apríl 1954 voru t.d. starfandi sjö starfsstúlkur sem ætlað var að sinna börnum. Fjórum árum síðar, eða í frétt *Morgunblaðsins* 25. janúar 1958 kemur hins vegar fram að starfsstúlkurnar sem sinntu börnunum sérstaklega séu fimm talsins. Með vísan til þess að öll rými á vöggustofunni voru fullnýtt á þessum tíma og að starfsfólk sem nefndin hefur tekið skýrslu af hefur allt lýst starfseminni á þann veg að mikið annríki hafi verið má draga þá ályktun að möguleikar starfsfólks til að annast hvert og eitt vistbarna með fullnægjandi hætti hafi farið minnkandi á tímabilum í starfseminni.

Pegar tekin er afstaða til þess hvort barnaverndarnefnd, barnaverndarráð og önnur yfirvöld hafi fylgt lögbundinni eftirlitsskyldu sinni með vöggustofum hefur nefndin litið til þess hvort það liggi fyrir vísbendingar í gögnum málsins og munnlegum framburðum um skort eða vanrækslu á að gætt hafi verið að lögmætri umsjónar- og eftirlitsskyldu með líðan og velferð barnanna. Nefndin hefur haft ofangreindan grundvöll að leiðarljósi við ályktanir sínar og mat á þeim gögnum og upplýsingum, sem hún hefur aflað um atvik og aðstæður við vistun barna á þeim vöggustofum sem hún hefur haft til athugunar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það niðurstaða vöggustofunefndar að opinbert eftirlit með Vöggustofunni Hlíðarenda hafi verið afar takmarkað og í raun lítið sem ekkert á þeim tíma sem börn voru vistuð þar allan sólarhringinn 1949-1963. Bendir nefndin í því samhengi á að aðeins hefur verið unnt að afla skriflegra heimilda um eina eftirlitsheimsókn barnaverndarnefndar Reykjavíkur á Hlíðarenda á þessum tíma. Skriflegar heimildir benda auk þess til að barnaverndarnefnd fylgdist sem stjórnvald mun minna með starfi vöggustofunnar en annarra heimila í lögsögu nefndarinnar. Einnig virðist hafa skort á að heimsóknir starfsmanna barnaverndarnefndar Reykjavíkur, að því marki sem þær fóru fram, hafi verið skráðar með fullnægjandi hætti. Þá liggur fyrir að aldrei var bókað í fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur um eftirlitsheimsókn starfsmanna og skráningar í eftirlitsskýrslum um foreldra og börn þeirra. Bendir það til þess að eftirlit með aðbúnaði einstakra barna hafi verið takmarkað og eftirlitsskýrslur gefa til kynna að það hafi farið að miklu leyti fram símleiðis.

Þá liggur ekki annað fyrir en að skort hafi á að Barnaverndarráð hefði eftirlit með heimilinu, en áður hefur komið fram að ráðið fór einungis í eina eftirlitsheimsókn að Hlíðarenda þau tæplega 14 ár sem vöggustofan var starfrækt. Í þessu sambandi verður heldur ekki horft hjá því að þau gögn sem fyrir liggja gefa ekki mynd af því að hverju eftirlitsheimsóknirnar beindust og hvort eftirlit hafi í reynd farið fram með starfseminni. Að mati nefndarinnar er ekki útilokað að viðvarandi vanræksla stjórnvalda á árunum 1953-1963 við að tryggja viðhlítandi eftirlit með aðbúnaði og velferð þeirra barna sem sættu vistun á Vöggustofunni

Hlíðarenda, hafi eftir atvikum einnig getað farið í bága við þær jákvæðu skyldur sem hvíldu á stjórnvöldum á grundvelli 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Vöggustofunefnd telur einnig að kvöld- og næturvakt á Hlíðarenda hafi verið undirmönnuð á árunum 1954 til 1963 og að á þeim tíma hafi einungis ein vökukona átt að sinna 22 börnum undir 18 mánaða aldri frá klukkan tíu á kvöldin til sjö á morgnana. Nefndin telur ljóst að verulegum erfiðleikum hafi verið háð fyrir þann starfsmann að annast einn síns liðs tugi barna þannig að þau fengju viðeigandi umönnun.

### 6.1.3 Sættu börn illri meðferð eða ofbeldi á Vöggustofunni Hlíðarenda?

Eins og rakið er í kafla 1.2 hér að framan er það eitt af verkefnum vöggustofunefndar að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á vöggustofunni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á meðan dvölinni stóð, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022.

Í lögum er ekki skilgreint hvað felist í hugtökunum „ill meðferð“ og „ofbeldi“ í skilningi framangreinds ákvæðis. Í almennum athugasemdum frumvarps þess er varð að lögum nr. 45/2022 er hins vegar gengið út frá því að nefndin fái svigrúm við að meta með tilliti til þess verkefnis sem henni er ætlað að sinna hvað sé ill meðferð og ofbeldi gagnvart þeim börnum sem vistuð voru á vöggustofunum.

Það er afstaða nefndarinnar að við túlkun á hugtökunum ill meðferð og ofbeldi verði að horfa til þeirra laga- og reglugerðarfyrirmæla sem í gildi voru á þeim tíma sem könnun nefndarinnar lýtur að, þ.e. á árunum 1949-1973. Í fyrstu barnaverndarlögum nr. 43/1932 var mælt fyrir um heimild barna- verndarnefnda í kaupstöðum landsins til að úrskurða að barn skyldi tekið af heimili sínu. Í þeirri heimild fólst jafnframt að barnaverndarnefnd gat ráðstafað barni annars staðar þegar því væri „misboðið með líkamlegu ofbeldi, illu atlæti, of mikilli vinnu, slæmum aðbúnaði eða heimilisástæðurnar [væru] þannig, að leitt [gæti] til heilsutjóns fyrir það, svo og ef því [var] ekki séð fyrir lögskipuðu námi“, sbr. 4. tölul. 8. gr. laganna.

Barnaverndarlögin frá 1932 voru felld úr gildi með lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna. Í þeim lögum var sérstaklega kveðið á um að barnaverndarnefnd bæri að „hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu og fylgjast með högum og aðbúð barna þar“, sbr. 2. og 3. mgr. 35. gr. laganna. Þá var það einnig í verkahring barnaverndarnefndar að „fylgjast jafnan með, hvað yrði um börn, sem tekin væru af slíkum hælum, og samþykkja þá staði, sem þau fara til, ef ekki er um að ræða heimili foreldra.“

Í 35. gr. laga nr. 29/1947 var jafnframt kveðið á um að ef meðferð barns á barnahæli eða uppeldisstofnun væri óhæfileg eða rekstri slíks hælis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skyldi barnaverndarnefnd leitast við að bæta úr því sem áfátt væri með leiðbeiningum og áminningum. Kæmi það ekki að haldi, skyldi hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fengi eigi úr bætt, gæti það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra

svipt hæli eða stofnun rétti til áframhaldandi starfsemi að fengnum tilögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar.

Í 45. gr. sömu laga var einnig mælt fyrir um það að ef forstöðumaður eða starfsmaður barnahælis eða uppeldisstofnunar, kennari eða aðrir, sem falin væri forsjá barna og ungmennis allt að 18 ára, leiddi það á siðferðilega glapstigu, misbyði því eða vanrækti á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska væri mikil hættu búin, þá varðaði það refsingu samkvæmt 191. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var síðastnefnda ákvæðið fram til 2006 orðað á þann veg að ef nokkur misbyði „með stórfelldri vanrækslu eða móðgunum [...] barni sínu eða öðru barni eða unglingi undir 18 ára aldri, sem hann hefur til umsjónar eða fósturs“, eða manni, sem er skyldur honum eða tengdur í beinan legg upp á við, þá varðaði það fangelsi allt að 2 árum.

Ljóst er að ákvæði 45. gr. laga nr. 29/1947 var sérstaklega beint að forstöðumanni og starfsmanni barnahælis eða uppeldisstofnunar, kennara eða annarra, sem hafði verið falin umsjá barna eða ungmennis allt að 18 ára. Að mati vöggustofunefndar er ótvírætt að þessi regla átti við um forstöðukonur og aðra starfsmenn Hlíðarenda sem nefndin hefur nú tekið til könnunar á þeim starfstíma sem lög nr. 29/1947 voru í gildi, þ.e. á árunum 1949-1963. Nefndin leggur þó áherslu á að það er ekki viðfangsefni þessarar skýrslu að taka afstöðu til háttsemi einstaklinga úr hópi starfsfólks heldur beinist athugun nefndarinnar almennt að meðferð barnanna og því hvernig starfsháttum Vöggustofunnar Hlíðarenda var háttað.

Samhliða þeim reglum, sem fram koma í barnaverndarlögum nr. 29/1947, giltu á því tímabili sem athugun nefndarinnar nær til ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um líkamsmeiðingar og brot gegn frjálrsæði manna. Börn sem dvöldu á vöggustofunni Hlíðarenda nutu eðli málsins samkvæmt þeirrar réttarverndar sem leiddi af þessum ákvæðum.

Við nánari afmörkun á hugtökunum ill meðferð eða ofbeldi hefur nefndin auk þess litið til þess að á árinu 1953 var Mannréttindasáttmáli Evrópu fullgiltur af hálfu íslenska ríkisins, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Sáttmálinn öðlaðist þó ekki lagagildi fyrr en með lögum nr. 62/1994. Eins og rakið er í kafla 6.1.2. hér að framan telur nefndin þó ljóst að þegar lagt er mat á þær skyldur sem hvíldu á barnaverndaryfirvöldum, forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum vöggustofanna verði að hafa til hliðsjónar þær kröfur sem leiddu af ofangreindum ákvæðum barnaverndarlaga, eins og þau bar að túlka til samræmis við 3. gr. Mannréttindasáttmálans. Undir ákvæðið hafa einkum verið taldar falla þær athafnir sem á grundvelli heildstæðs mats á atvikum og eftir hlutlægum mælikvarða valda líkamlegu eða andlegu tjóni eða verulegri hættu á slíku tjóni (ómannúðleg meðferð).

Að öllu samanlögðu virtu telur nefndin að miða beri við það að undir hugtökin ill meðferð og ofbeldi, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022, falli hvers konar meðferð barns, sem vistað var á vöggustofum árin 1949 til 1973 sem eftir almennum mælikvarða má telja að hafi verið ómannúðleg eða vanvirðandi. Þar undir féll eðli málsins samkvæmt bein líkamleg valdbeiting gagnvart barni í formi refsinga, þar sem valdið var óþarfa sársauka. Í ljósi aldurs

þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofu fær nefndin ekki séð að forstöðumanni eða öðrum starfsmönnum á vöggustofu hafi undir nokkrum kringumstæðum verið heimilt að beita barn líkamlegu ofbeldi í agaskyni, eða í því skyni að að afstýra ofbeldi eða yfirvofandi hættu á slíku ofbeldi.

Af þeim gögnum sem vöggustofunefnd hefur kannað hefur nefndin fundið eitt tilvik þar sem rætt er um að barn hafi verið beitt ofbeldi á Vöggustofunni Hlíðarenda. Er það frásögn sem höfð er eftir móður í sjúkraskrá barns, 3. nóvember 1966, um að sonur hennar hafi verið með bólgu í eistanu við komu af Hlíðarenda á haustmánuðum 1954. Hafi lækni talið bólguna hafa orsakast af sparki. Vöggustofunefnd hefur átt í samskiptum við umræddan einstakling og hefur hann staðfest frásögn móður sinnar að þessu leyti. Í ljósi þess að engin frekari gögn eða heimildir liggja fyrir um atvikið telur nefndin hins vegar ekki unnt að slá því föstu að umrætt barn hafi verið beitt líkamlegu ofbeldi af hálfu starfsmanns vöggustofunnar eða hvort það hafi hlotið bólguna með öðrum hætti.

Augljóst er að hugtakið ill meðferð einskorðast ekki við beina líkamlega valdbeitingu. Undir hugtakið ill meðferð falla einnig athafnir gagnvart barni sem vistað var á stofnun sem voru ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi í garð barnsins. Þá féllu þar einnig undir athafnir eða athafnaleysi starfsmanna og eftir atvikum annarra opinberra aðila sem voru til þess fallnar að valda barni líkamlegum eða andlegum skaða.<sup>316</sup>

Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að hafa í huga að þau börn sem vistuð voru á Vöggustofunni Hlíðarenda voru þar langflest á fyrstu þrem árum ævi sinnar. Eins og rakið er í kafla 2.2 hér að framan markar þetta tímabil í ævi barns sérstakt næmiskeið þar sem þroski er mjög hraður og lagður er grunnurinn að margvíslegri færni barnsins síðar meir. Örvun frá umhverfinu, samskipti og tengsl við umönnunaraðila eru á þessu aldurs skeiði nauðsynleg forsenda þroska. Verði misbrestur þar á geta komið fram alvarleg þroskafrávik og geðræn vandamál síðar á ævinni.

Með vísan til þeirrar þekkingar sem var til staðar á starfstíma vöggustofunnar og gerð er grein fyrir í köflum 2.2.1 til 2.2.4 telur nefndin að skortur á samskiptum, hvatningu og örvun gagnvart börnum á fyrstu þrem árum ævinnar sé til þess fallinn að valda þeim líkamlegum og/eða andlegum skaða. Slíkur skortur geti því talist til vanrækslu barns og þar með til illrar meðferðar í skilningi laga nr. 45/2022. Horfir nefndin þá til þess hvaða áhrif lítil og fábreytt samskipti, hvatning og örvun hafa á hreyfi-, mál- og vitsmunapróska, sem og félags- og tilfinningapróska barna. Þannig lá til dæmis fyrir á þessum tíma að umhverfi barna gat haft bæði hvetjandi og letjandi áhrif á hreyfiþroska þeirra og jafnframt að hegðun umönnunaraðila gat í einhverjum tilfellum valdið seinkun í þroska. Slík áhrif hafi meðal annars birst í því að börn sem voru látin liggja langtímum í vöggum sínum og fengu þar með færri

---

<sup>316</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 42-43.

tækifæri til að þjálfa hreyfingu, sýndu bæði seinkun og frávik í hreyfiproska, sbr. kafli 2.2.2. hér að framan.

Við mat á því hvað telst til illrar meðferðar barna verður einnig að horfa til þess sem rakið er í kafla 2.2.3 að börn sem fá lítil tækifæri til samskipta, hljóta litla mállega örvun og búa við fábreytt áreiti í umhverfi sínu á þessu aldurs skeiði eru líkleg til að sýna frávik í málþroska og hafa minni orðaforða. Þessi frávik geta haft mikil áhrif á samskiptafærni og námsárangur síðar á lífsleiðinni. Skortur á samskiptum og örvun í umhverfi ungra barna er auk þess talinn einn af áhættuþáttum þroskahömlunar, sem er alvarleg taugaþroskaröskun og felst í skertum vitsmunaproska og skertri aðlögunarfærni, sjá kafla 2.2.4.

Þegar tekin er afstaða til þess hvað telst til illrar meðferðar í skilningi laga nr. 45/2022 verður enn fremur að leggja áherslu á þau sjónarmið sem rakin eru í kafla 2.2.5, um hversu mikilvæg tengsl barnsins við umönnunaraðila eru. Þau tengsl hafa ekki einungis verulega þýðingu fyrir þróun tilfinningastjórnunar heldur einnig málþroska og vitsmunaproska. Tengslamyndun barns er þannig grundvöllur að margvíslegum þroska og því afar mikilvægt ferli. Geðtengsl við nánustu umönnunaraðila eru ekki eingöngu mikilvæg fyrir líðan barns heldur eru þau nátengd málþroska, félagsþroska og vitsmunaproska. Fyrstu ár í lífi barns eru næmisskeið fyrir geðtengsl og ef það myndar ekki sterk geðtengsl við fullorðna umönnunaraðila getur það valdið frávikum í félagsþroska og geðrænum erfiðleikum síðar meir, sbr. kafla 2.2.5. Vanræksla á þessu sviði getur því haft veruleg áhrif á líf barns um ókomna tíð.

Loks verður ekki hjá því komist að horfa einnig til þeirra krafna sem leiddar verða af ákvæðum 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og gerð er grein fyrir hér að framan þegar tekin er afstaða til þess hvort börn hafi sætt illri meðferð í skilningi laga nr. 45/2022. Er þannig ekki útilokað að vanræksla stjórnvalda á árunum 1949-1963 við að tryggja viðhlítandi eftirlit með aðbúnaði og velferð barna á Vöggustofunni Hlíðarenda, hafi eftir atvikum getað farið í bága við þær jákvæðu skyldur sem hvíldu á stjórnvöldum á grundvelli 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Lýtur hún að þeirri skyldu að koma í veg fyrir að einstaklingar, og þá einkum börn og aðrir sem eru í viðkvæmri stöðu, sæti ómannlegri eða vanvirðandi meðferð, sbr. kafla 6.1.2. hér að framan.

#### *Grundvöllur fyrir ályktunum nefndarinnar*

Í kafla 1.5 hefur verið gerð grein fyrir aðferðum nefndarinnar og þeim grundvelli sem hún leggur að ályktunum sínum um einstök atriði. Snýr það m.a. að því hvort ill meðferð eða ofbeldi hafi átt sér stað á einhverjum tíma í sögu þeirra stofnana sem könnun nefndarinnar beinist að. Það skal þó áréttað að nefndin lítur ekki á það sem hlutverk sitt að leggja mat á sannleiksgildi frásagna hvers og eins þeirra sem komu til viðtals enda tæpast mögulegt að framkvæma slíkt mat þannig að niðurstöður geti talist áreiðanlegar. Hefur nefndin þá einkum í huga að um 40-60 ár eru liðin frá því að þeir starfsmenn og aðstandendur sem komu til viðtals hjá nefndinni urðu vitni að þeim atvikum sem þau lýstu.



Með vísan til þessa tíma og þegar haft er í huga hversu margir þeirra einstaklinga sem vitnað geta um einstök atvik eru fallnir frá telur nefndin ekki forsendur til þess að álykta um sannleiksgildi atvika í einstökum frásögnum miðað við þær kröfur sem gera verður til þess að stjórnvöld hafi fullnægjandi upplýsingar að baki slíkum ályktunum. Verður þá einnig að líta til þess að það er hvorki í verkahring nefndarinnar að álykta um refsí- né skaðabótaábyrgð tiltekinna einstaklinga.

Af þessum sökum hefur nefndin í störfum sínum leitast við að varpa almennu ljósi á sannleiksgildi frásagna. Með því er átt við að lagt hefur verið mat á sannleiksgildi frásagna út frá mælikvarðanum hvort telja verði, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að ill meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem nánar hefur verið rakin í kafla 6.1.2 hér að framan, hafi átt sér stað á starfstíma vöggustofunnar Hlíðarenda.

Að sama skapi telur nefndin sig ekki hafa forsendur til að fjalla sérstaklega um sannleiksgildi einstakra frásagna sem mynda þá heild sem ályktanir hennar eru byggðar á. Með þessu móti telur nefndin að heildarmat hennar og ályktanir af munnlegum framburði og fyrirliggjandi skriflegum gögnum séu reistar á viðunandi grundvelli, með þeim fyrirvörum sem áður hefur verið greint frá.<sup>317</sup>

Pau skriflegu gögn sem nefndin hefur undir höndum gefa til kynna að starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda hafi ekki tekið verulegum breytingum á þeim tíma sem athugun nefndarinnar tekur til. Kemur þar í fyrsta lagi til að Ólöf Sigurðardóttir gegndi forstöðu lengst af, eða frá 1949 til ársbyrjunar 1961, í rúmlega 11 ár á tæplega 13 ára starfstíma vöggustofunnar. Samkvæmt gögnum nefndarinnar urðu ekki verulegar breytingar á ástæðum þess að börn voru vistuð á vöggustofunni þennan tíma og meðalaldur barna við vistun sem og vistunartími barna hélst að miklu leyti óbreyttur. Þá verður ekki sérstaklega merkt, ef litið er í heild sinni á efni viðtala sem nefndin tók við fyrrverandi starfsfólk og fyrirliggjandi skrifleg gögn að starfsemin hafi verið ólík frá einum tíma til annars. Sú sem tók við forstöðu Hlíðarenda árið 1961 greindi nefndinni enn fremur frá því í viðtali að hún hefði ekki talið tilefni til breytinga þegar hún tók við.

Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar voru alls 475 börn vistuð á vöggustofunni Hlíðarenda fyrir tilstuðlan barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Langflest þeirra voru undir tveggja ára gömul þó dæmi hafi verið um að börn eldri en tveggja ára væru vistuð á vöggustofunni.

---

<sup>317</sup> Nefndin styðst að þessu leyti við sams konar mat og vistheimilanefnd lagði til grundvallar við mat á munnlegum framburðum í sínu starfi, sjá hér meðal annars skýrslur vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 2 - Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans Jaðri 1946-1973, bls. 13, sem og Áfangaskýrslu nr. 3 - Könnun á starfsemi Upptökuheimilis ríkisins 1945-1971, Unglingaheimilis ríkisins 1971-1994 og meðferðarheimilisins í Smáratúni og á Torfastöðum 1979-1994, bls. 22.



*Ályktanir af skýrslum fyrir nefndinni og skriflegum heimildum*

Eins og áður segir komu sex konur sem störfuðu á Vöggustofunni Hlíðarenda til viðtals við nefndina. Ein þeirra starfaði þar sumarlengt árið 1954, önnur á árunum 1958 til 1959 en fjórar þeirra störfuðu þar árin 1962 til 1963. Aðrar starfskonur sem nefndinni tókst að hafa uppi á eftir leit í skjalasöfnum eru látnar. Nefndin ræddi einnig við fyrrverandi forstöðukonu Hlíðarenda sem starfaði á heimilinu frá árinu 1961 til 20. júní 1963 þegar hún tók við rekstri hinnar nýstofnuðu vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Tvær starfsvennanna tóku fram að þær ættu að mestu leyti góðar minningar frá starfsárunum á Hlíðarenda. Vel hefði verið annast um börnin og þær hefðu aldrei orðið vitni að óeðlilegri háttsemi af hálfu starfsmanna gagnvart börnunum. Starfsemin hafi verið í mjög föstum skorðum og börnunum hafi verið gefið að borða og skipt á þeim á ákveðnum tímum. Sama hafi einnig gilt um hvenær börnin lögðu sig og fóru að sofa.

Aðrar tvær fyrrverandi starfskonur greindu nefndinni frá því að starfsstúlkum hafi sagt að vera helst ekki mikið með börnin í fanginu og að skipulag starfseminnar hafi miðast meira við að fylgja tímasetningum en þörfum barnanna. Hinar þrjár starfskonurnar sem mundu eftir dvöl sinni á Hlíðarenda könnuðust allar við að starfsemin hefði verið í föstum skorðum og lítill tími verið til að tengjast börnunum. Ein þeirra nefndi sérstaklega að starfsstúlkum hafi verið gefin fyrirmæli um að horfa ekki í augun í börnunum og þeim sagt að forðast að mynda tengsl við börnin. Hinar minnstust þess þó ekki að hafa fengið fyrirmæli af þessum toga, en starfsmaður sem vann á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í starfsþjálfun árið 1964 bar þó á sama veg. Ein af starfskonunum lýsti miklum mun á Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins þar sem það hafi verið „þröngt, dimmt og hræðilegt að koma að Hlíðarenda, pissulykt af börnunum, vond lykt almennt“. Ein starfsvennanna kvaðst hafa starfað of stutt á Hlíðarenda til að eiga minningar þaðan. Allar fyrrverandi starfskonur báru að lítið hefði verið af leikföngum.

Þegar litið er til efnis ofangreindra framburða telur nefndin ekki fært að draga almennar ályktanir af þeim um starfsemi Hlíðarenda á árunum 1949-1963. Er þá ekki unnt að horfa framhjá því að tiltölulega fáar starfskonur eru enn á lífi sem geta borið vitni um starfsemina, auk þess sem konurnar störfuðu allar á ólíkum tímabilum á Hlíðarenda. Þá settu þær allar þann fyrirvara við framburð sinn að afar langt væri liðið frá því að þær störfuðu á vöggustofunni og þær gætu því ekki munað öll atvik sem hefðu þýðingu.

Fyrrverandi forstöðukona Hlíðarenda á árunum 1961 til 1963 sagði að enda þótt gler hefði aðskilið foreldra frá börnum hafi þeirri stefnu ekki verið framfylgt með svo ströngum hætti að foreldrar hafi aldrei mátt taka börn sín upp eða snerta þau. Það hafi hins vegar verið gert ef tilefni var til, t.d. ef um veikindi var að ræða eða ef hætta var talin á því að foreldrar tækju börnin. Í skýrslu lækna vöggustofanna sem Barnaverndarráð aflaði í kjölfar þess að opinber gagnrýni hafði komið fram á starfsemi vöggustofanna í borgarstjórn og rakin eru í kafla 4.3.3. er haft eftir forstöðukonum um tvö börn sem dvöldu á Hlíðarenda á tímabilum frá 1954 til 1955 og 1957 til 1958 að mæður þeirra hafi „[fengið] þau til sín“. Sams konar ummæli eru þó

ekki höfð eftir forstöðukonum um hin börnin 10 sem fjallað er um í skýrslunni og dvöldu á Hlíðarenda.

Premur starfskonum sem minntust tíma síns á Hlíðarenda bar hins vegar saman um það að foreldrar hafi ekki mátt heimsækja börn sín öðruvísi en að horfa á þau í gegnum gler og allar snertingar hafi verið bannaðar. Frásagnir aðstandenda fjögurra óskyldra vöggustofubarna sem vistuð voru á mismunandi tímum og nefndin hefur rætt við eru allar á sama veg. Einungis hafi verið heimilt að sjá börnin í gegnum gler og tekið hafi verið fyrir allt samneyti barnanna við aðstandendur. Nefndin hefur kannað skýrslur allra þessara barna sem og önnur gögn um börnin og foreldra þeirra. Ekki verður séð af þeim að umgengni við sömu aðstandendur hafi getað stofnað velferð barnanna í tvísýnu.

Tvær starfskvennanna, sem störfuðu á tímabilinu 1962 til 1963 lýstu því með ákveðnum hætti að mæður sem heimsóttu börn sín hafi einungis mátt horfa á þau í gegnum rúðu og hvorki fengið að halda á þeim né snerta. Ber frásögnum þeirra að þessu leyti alfarið saman við frásagnir aðstandenda fyrir nefndinni sem lýstu heimsóknum sínum á Vöggustofuna Hlíðarenda og hvernig þau sem og mæður barnanna hafi engan kost átt annan en að sjá börnin í gegnum gler.

Þessir vitnisburðir starfskvennanna eiga sér allir stoð í skriflegum samtímaheimildum um rekstur Vöggustofunnar Hlíðarenda. Eins og rakið er í kafla 3.3.2 er beinlínis haft eftir forstöðukonu vöggustofunnar í blaðaviðtali 13. apríl 1954 að börnin hafi verið einangruð frá öllu utanaðkomandi fólki og það fái aðeins að horfa á þau í gegnum gler, en einangrunin sé einn veigamesti þátturinn í heilbrigði barnanna. Í viðtali við forstöðukonuna tæplega fjórum árum síðar, eða 25. janúar 1958, sem rakið er í kafla 3.3.2, er haft eftir henni að heilsufar hafi „ætíð verið mjög gott á vöggustofunni“ og þá vísað til þess að vöggustofan [sé] lokuð, þ.e.a.s. engum gestum [sé] leyft að koma í heimsókn.“

Í sjúkraskýrslum barna sem vistuð voru á vöggustofunni frá sjöunda áratugnum frá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og eru varðveitt á Þjóðskjalasafni er ítrekað haft eftir foreldrum að þau hafi aldrei mátt snerta börnin á meðan vistun þeirra stóð. Einungis mátti horfa á börnin í gegnum gegnum gler. Skipulag húsnæðis vöggustofunnar rennir einnig stoðum undir allar þessar frásagnir. Þannig taldi nefndin ljóst við skoðun á húsnæðinu, 11. maí 2023, að þar væri beinlínis gert ráð fyrir því að horft væri á börn í gegnum gler og ekki væri aðgangur fyrir utanaðkomandi að öðrum svæðum hússins. Í frásögnum aðstandenda barna sem lýstu heimsóknum sínum á vöggustofuna fyrir nefndinni kom einnig fram að gengið hafi verið inn af götunni og inn á gang þar sem unnt var að sjá börnin í gegnum gler, án þess að þau hafi hitt neinn starfsmann. Að sama skapi liggur fyrir, sbr. bréf fræðslustjóra, dags. 15. apríl 1958, sem rakið er í kafla 3.3.2 hér að framan, að heimsóknir systkina voru alfarið bannaðar á vöggustofuna.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur nefndin meiri líkur en minni á því að foreldrum barna á Vöggustofunni Hlíðarenda hafi á tímabilum í reynd verið almennt meinað að

umgangast börn sín á meðan þau voru á vöggustofunni, hvort sem var að halda á þeim eða snerta með öðrum hætti. Þessi regla gildi enn fremur óháð því af hvaða ástæðum barn var vistað á vöggustofunni.

Nefndin fær ekki séð hvaða forsendur stóðu til þess að haga starfsemi vöggustofunnar með þessum hætti. Bendir nefndin í því sambandi á samkvæmt vistunarskjölum sem varðveist hafa um hvert og eitt barn og hafa að geyma upplýsingar frá læknum vöggustofanna um heilsufar barnanna voru langflest börnin á vöggustofunni heilbrigð á meðan dvölinni stóð. Verður því ekki séð að þau hafi verið sérstaklega viðkvæm fyrir sjúkdómum. Eins og rakið er í kafla 3.3.4 var einungis lítil hluti barna vistaður á vöggustofunni vegna veikinda eða fötlunar, en þar undir féllu meðal annars börn sem voru með Downs-heilkenni. Forstöðukona Hlíðarenda frá 1961 bar fyrir nefndinni að takmörkun á samneyti barna og foreldra hafi á þessum tíma verið með sama hætti og á sjúkrahúsum og að það hafi verið að erlendri fyrirmynd. Þá var framburður fyrrverandi starfsmanns á Hlíðarenda með sama hætti <sup>318</sup>

Þessir starfshættir leiddu til þess að tengsl barna og foreldra voru miklu leyti rofin án þess að séð verði að málefnalegar ástæður hafi staðið til þess. Að mati nefndarinnar verður að telja að starfshættir sem fela í sér að rjúfa með þessum hætti, oft á mjög löngum tímabilum, nær alfarið tengsl barn við foreldra, og eftir atvikum systkini sín, teljist til illrar meðferðar í skilningi 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022. Í því sambandi leggur nefndin áherslu á að mikilvægi persónulegra tengsla barns við foreldra, eftir atvikum aðra umönnunaraðila, á fyrstu þremur árum ævinnar var vel þekkt meðal fagfólks í málefnum barna á þeim tíma sem vöggustofunnar störfuðu eins og gerð er grein fyrir í kafla 2.2.5 hér að framan.

Sama gildir um þann skaða sem skortur á slíkum tengslum gat haft á þroska barns til framtíðar. Þá er rétt að minna á að niðurstöður fagfólks um mikilvægi persónulegra tengsla og áhrif þeirra voru auk þess vel kynntar í íslenskum samtímaheimildum, sbr. kafla 2.4 hér að framan. Nefndin telur að þessu leyti rétt að ítreka að fjöldi barna sem vistaður var á Hlíðarenda var ekki vistaður þar vegna þess að foreldra skorti hæfni til að annast barn, heldur fremur vegna félagslegra aðstæðna, svo sem þess að foreldri var einstætt, neyddist til að vinna úti og hafði ekki önnur úrræði um vistun barnsins.

Ljóst er að mögulegt var að draga úr skaðlegum áhrifum þessa tengslarofs við foreldra og, eftir atvikum, aðra umönnunaraðila, með því að veita hverju barni persónulega umönnun á vöggustofu. Jafnframt hefði mátt stuðla að sterkum og góðum félagslegum tengslum þess við tiltekna einstaklinga sem önnuðust umönnun barnsins. Eins áður er rakið telur nefndin ekki unnt að draga almennar ályktanir af skýrslum fyrrverandi starfsmanna um starfsemi vöggustofunnar Hlíðarenda árin 1949 til 1963 meðan hún vistaði börn allan sólarhringinn. Þau skriflegu gögn sem nefndin hefur aflað veita ekki skýra mynd af starfsháttum vöggustofunnar að þessu leyti.

---

<sup>318</sup> *Vísir*, 19. júlí 1958. bls. 3.

Með tilliti til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um fjölda starfsmanna, fyrirkomulag vaktaskipta og þess annrakis í störfum sem allir fyrrverandi starfsmenn greindu frá telur nefndin hins vegar afar ólíklegt að starfsfólk vöggustofunnar hafi verið í aðstöðu til að veita börnunum persónulega umönnun sem gat einhverju marki vegið upp á móti því áfalli sem hlaust af því að tengsl við foreldri voru alfarið rofin. Einnig er litið til þess að upplýsingar um vöggustofuna gefa ekki annað til kynna en að á tímabili hafi einungis verið einn starfsmaður á vakt sem sinnti yfir 20 börnum á vöggustofunni á kvöldin og að næturlagi. Einsýnt er að sá starfsmaður var engan veginn í aðstöðu til að veita börnunum persónulega umönnun af því tagi sem lýst er hér að framan.

Enn fremur verður ekki hjá því litið að í sjúkraskýrslum einstakra barna sem ritaðar voru áður en gagnrýni á starfsemi vöggustofanna komst í hámaili er ítrekað haft eftir mæðrum að börnin hafi verið eftir á í þroska þegar þau komu af vöggustofunni. Þar sem umræddar skýrslur eru í öllum tilvikum ritaðar nokkru eftir að barn kom af vöggustofu og samtímaheimildir eru ekki til staðar um stöðu barnanna treystir nefndin sér ekki til að fullyrða hvort sú hafi verið raunin. Eins og rakið er í kafla 4.3.3 leiddu síðari tíma athuganir í ljós að sum barnanna glímdu við þroskafrávik og þroskahömlun sem almennt eru taldar arfgengar. Þetta á þó ekki við um öll börnin. Frásagnir í sjúkraskýrslum, sem bera með sér að vera sjálfstæðar og ótengdar innbyrðis, veita hins vegar að ákveðnu leyti vísbendingu um að börn hafi ekki hlotið nægilega örvun á Hlíðarenda. Einstaklingar sem vistaðir voru á Hlíðarenda hafa auk þess greint nefndinni frá því að þeir hafi að sögn fjölskyldu sinnar verið eftir á í þroska eftir dvöl á vöggustofunni.

Nefndin telur ljóst af því takmarkaða myndefni sem fundist hefur af vöggustofunni Hlíðarenda að umhverfi vöggustofunnar var mjög fábreytt og ekki til þess fallið að örva skynjun eða þroska barnanna. Myndir bera með sér að veggir hafi verið tómir og hvítir, auk þess sem lítið sem ekkert hafi verið um leikföng. Í ljósi þess hve lítið er til af myndum er þó erfitt að setja fram afgerandi ályktanir að þessu leyti.

Vöggustofunefnd getur ekki sett fram frekari ályktanir um starfshætti Vöggustofunnar Hlíðarenda og þá meðferð sem börn sættu þar á meðan þau voru vistuð á vöggustofunni. Nefndin bendir í því sambandi á að skráningu um starfshætti vöggustofunnar var að ýmsu leyti ábótavant. Nefndin telur ljóst að þessa ágalla á skráningu megi að ýmsu leyti rekja til skorts á opinberu eftirliti með starfsemi vöggustofunnar. Eins og rakið er í kafla 6.1.1 getur slíkur skortur á eftirliti falið í sér illa meðferð í skilningi laga nr. 45/2022.

## 6.2. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins

### 6.2.1 Tildrög þess að börn voru vistuð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins

#### *Ástæður vistunar*

Eins og rakið er í kafla 4.3.5 hér að framan gefa gögn nefndarinnar til kynna að alls hafi 608 börn verið vistuð á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, frá því hún hóf starfsemi í júlí 1963 fram til þess tíma sem rannsókn nefndarinnar er afmörkuð, þ.e. 31. desember 1973.

Af þeim gögnum sem vöggustofunefnd hefur aflað er ljóst að flest barnanna voru vistuð þar fyrir tilstilli barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Að sama skapi er ljóst að nokkur fjöldi barna var einnig vistaður á vöggustofunni án afskipta barnaverndarnefndar á árunum 1963 til seinni hluta árs 1967. Enda var svo búið um hnútana þegar Thorvaldsensfélagið afhenti Reykjavíkurborg vöggustofuna árið 1963 að félagið réði sjálft fimm plássum á vöggustofunni.

Rétt eins og í tilviki Vöggustofunnar Hlíðarenda þá eru upplýsingar um ástæður þess að barnaverndarnefnd hafði afskipti af málefnum barnanna og ákvað að vista þau á vöggustofunni oft og tíðum að finna í gögnum Borgarskjalasafns. Þetta eru einkum fundargerðir barnaverndarnefndar, eftirlitsskýrslur starfsmanna nefndarinnar og vistunarskjöl sem starfsfólk vöggustofunnar færði inn um hvert barn.

Eins og áður er rakið var gert ráð fyrir því í lögum nr. 29/1947 að sveitarfélög hefðu tiltæk úrræði fyrir þau börn sem vista varð utan heimilis vegna heimilisaðstæðna, veikinda eða þroska þeirra sjálfra, þótt ekki væri beinlínis kveðið á um þessa skyldu í lögnum sjálfum. Þetta breyttist síðan með tilkomu laga nr. 53/1966 en þar var beinlínis kveðið á um skyldu sveitarfélags til að setja á stofn og reka vistheimili eða stofnanir fyrir börn.

Á starfstíma Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 1963 til 1973 hafði barnaverndarnefnd í meginatriðum sams konar heimildir til afskipta af börnum á grundvelli laga nr. 29/1947 og síðar laga nr. 53/1966, en þessum heimildum er gerð skil í kafla 2.5.3. Samkvæmt ákvæðum laganna hafði barnaverndarnefnd nokkurt svigrúm til að meta til hvaða úrræða skyldi gripið þegar aðbúnaði eða atlæti barna var ábótavant, þar á meðal hvort barn skyldi vistað á stofnun á borð við vöggustofu.

Að því marki sem unnt hefur verið að staðreyna ástæður þess að barna var vistað á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins fyrir tilstilli barnaverndarnefndar bera fyrirbyggjandi gögn með sér að algengast sé að börn hafi verið vistuð vegna líkamlegra veikinda, sjúkrahúsinnlagnar foreldris/foreldra eða í 16,6% tilvika, húsnæðis-, dagvistunarvandi og fátækt var tilgreind ástæða í 16,3% tilvika og aðrar ótilgreindar félagslegar ástæður í 16% tilvika en þar liggja að baki fjölbreytilegar ástæður s.s. ungur aldur móður, móðir óskaði eftir að barn færi í fóstur, erfiðar heimilisaðstæður og afskipti barnaverndarnefndar. Í 8,2% tilvika var geðrænn vandi foreldris/foreldra tilgreind ástæða og í 7,9% tilvika var tilgreind ástæða

áfengis- eða vímuefnaefnavandi foreldris/foreldra. Sem fyrr segir telur nefndin sig ekki geta fullyrt með vissu um nákvæmar ástæður vistunar hvers barns. Í 24,7% tilvika eru engar skráðar ástæður fyrir vistun barns á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Rétt eins og um vistanir á Vöggustofunni Hlíðarenda fær vöggustofunefnd ekki séð annað af þeim gögnum sem hún hefur aflað frá starfstíma Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á tímabilinu 1963 til 1973 en að afskipti barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi að öllu jöfnu verið í samræmi við ákvæði þágildandi barnaverndarlaga þegar hún hlutaðist til um að barn yrði vistað á vöggustofu sökum skertrar hæfni foreldra til að annast barnið. Um heimildir barnaverndarnefndar að þessu leyti fór eftir ákvæðum 26. og 27. gr. laga nr. 29/1947, og efnislega samsvarandi ákvæðum 26. og 27. gr. laga nr. 53/1966.

Skrifleg samtímagögn sem varðveist hafa, m.a. eftirlitsskýrslur barnaverndarnefndar, gefa til kynna að í langflestum tilvikum hafi starfsfólk barnaverndarnefndar lagt sig fram um að aðstoða fjölskyldur við að koma málefnum þeirra í eðlilegt horf áður en ákvörðun var tekin um að vista börn á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, meðal annars við neyðarvistanir um skamman tíma. Verður ekki annað séð að aðkoma barnaverndarnefndar Reykjavíkur og starfsfólks hennar að vistun barna hafi verið með áþekktum hætti að þessu leyti og þegar börn voru vistuð á Vöggustofunni Hlíðarenda, sbr. kafla 6.1.1 hér að framan.

Eins og í tilviki Hlíðarenda bera skýrslur barnaverndarnefndar um heimiliseftirlit þess þó áfram greinilega merki að eftirlitið hafi fremur beinst að foreldrum, einkum móður, en síður þá með beinum hætti að líðan og velferð barns eða barna. Í mörgum eftirlitsskýrslum er til dæmis látið við það sitja að skrá einungis upplýsingar um klæðnað og hreinlæti barna og hvernig umhorfs var á heimilinu. Þá má ráða af gögnunum að líkamleg veikindi foreldra voru ósjaldan ástæðan fyrir að barn var tekið af heimili. Oft var einnig ástæða fyrir vistun tilkomin vegna húsnæðis- dagvistunarvanda og fátæktar. Eins og áður hefur verið rakið þá skipti vöntun á dagvistunarræðum máli í þessu samhengi, sérlega fyrir einstæðar mæður sem þurftu gæslu fyrir börn sín til að geta unnið utan heimilis. Mjög oft var þó ástæðan fyrir vistun tilkomin vegna þess að foreldrar, oftast móðir, þarfnáðist gæslu fyrir börn sín vegna vinnu utan heimilis, t.d. sökum þess að hún var einstæð. Rétt er að leggja áherslu á að í fjölmörgum tilvikum þar sem börn voru vistuð af þessum ástæðum bendir ekkert til þess að móðir hafi jafnframt átt við neina erfiðleika af öðrum toga að stríða, svo sem áfengis- eða vímuefnavanda, eða andleg eða líkamleg veikindi.

Rétt eins og í málum barna sem vistuð voru á Hlíðarenda bregður því oft við að lítið sé um gögn sem varða málefni hlutaðeigandi fjölskyldu. Ekki er óalgengt að engin gögn séu til umfram bókun í fundargerð barnaverndarnefndar um að móðir sé einstæð eða hún hafi nýlega orðið ekkja eða einstæð móðir í kjölfar skilnaðar og óski eftir aðstoð nefndarinnar þar sem hún hafi ekki tók á að hafa börn sín heima sökum vinnu utan heimilis.

Barnaverndarnefnd hafði auk þess skyldu til að hafa afskipti af sjúkum börnum sem fengu ekki viðunandi hjúkrun eða læknishjálp og gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni, sbr. 25.



gr. laga nr. 29/1947 og samsvarandi ákvæði 25. gr. laga nr. 53/1966. Kemur því ekki á óvart að finna megi dæmi um að börn hafi verið vistuð á vöggustofunni vegna veikinda eða þess að þau væru fötluð. Enn fremur voru níu fötluð börn sem síðar fluttust á barnadeild Kópavogshælis vistuð til bráðabirgða í húsnæði vöggustofustofunnar en ekki verður ráðið með skýrum hætti af gögnum hvort sú vistun hafi farið fram á vegum Reykjavíkurborgar eða ríkisins.

#### *Málsmeðferð*

Nefndin hefur tekið málsmeðferð barnaverndarnefndar Reykjavíkur til sérstakrar athugunar í málum sem varða vistun barna á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Í því skyni var farið yfir fundargerðir og önnur frumgögn frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur á tímabilinu júní 1963 til loka desember 1973. Rétt eins og raunin var í tilviki Hlíðarenda bera gögnin merki um að í fjölmörgum málum hafi orðið misbrestur á því að barnaverndarnefnd hagaði málsmeðferð sinni í samræmi við lög þegar hún tók ákvarðanir um að vista börn á vöggustofu. Þannig skortir sem fyrr oftsinnis að það sé fært til bókar að barnaverndarnefnd hafi tekið ákvörðun um vistun barns, auk þess sem ástæður vistunar eru oft alls ekki tilgreindar. Skráning í fundargerðum virðist að ýmsu leyti færð til betri vegar á þessu tímabili en á starfstíma Hlíðarenda. Hins vegar ber áfram á því að upplýsingar séu ekki skráðar í fundargerðum um að börn hafi verið vistuð á vöggustofunni, jafnvel þótt ljóst sé af gögnum vöggustofunnar að barnið sé vistað vegna afskipta barnaverndarnefndar og þá jafnvel á þann veg að starfsmaður nefndar hafi komið með það.

Prátt fyrir að fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1963-1973 hafi að geyma einstaka dæmi um að nefndin hafi kveðið upp formlega úrskurði heyrði það áfram til undantekninga. Gilti einu þótt ráðið verði af gögnum að foreldri hafi verið andvígt vistun. Einnig eru dæmi þess að skrifleg gögn um börn og foreldra varpi engu ljósi á hvernig staðið hafi verið að ákvörðun um vistun.

Erfitt er þó að draga ályktanir um að hvaða marki þar hafi orðið misbrestur af hálfu barnaverndarnefndar við málsmeðferð að því er varðar tímabilið 1963 til 1967. Þannig kann vel að vera að umrædd börn hafi hreinlega ekki verið vistuð á vegum barnaverndarnefndar en Thorvaldsensfélagið réði á þessum tíma fimm af 30 rúmum vöggustofunnar, sbr. kafli 4.3.5.

Á starfstíma Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins gætti að vissu marki áfram þess vinnulags að starfsfólk barnaverndarnefndar tæki ákvarðanir um vistun barna án formlegrar aðkomu nefndarinnar sjálfar. Eins og rakið er í kafla 6.1.1 tóku heimildir fulltrúa eða annars starfsfólks nefndarinnar samkvæmt 10. gr. laga nr. 29/1947 ekki til þess að viðkomandi tækju einir ákvörðun um að vista barn á vöggustofu. Óháð því hvort slík ákvörðun var tekin gegn vilja foreldra eða með samþykki þeirra. Slíka heimild var heldur ekki að finna í efnislega samsvarandi ákvæði 10. gr. laga nr. 53/1966, né öðrum ákvæðum laganna.



Að því er varðar Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins telur nefndin jafnframt rétt að ítreka fyrri athugasemdir sínar úr kafla 6.1.1 um að verulega hafi skort á að neyðarráðstafanir sem starfsfólk barnaverndarnefndar greip til um vistun barna á vöggustofunni hafi verið lagðar fyrir nefndina eins og skylt var samkvæmt 14. gr. laga nr. 29/1947 og 15. gr. laga nr. 53/1966.

#### *Niðurstaða*

Í þeim tilvikum þar sem börn voru vistuð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins vegna bágra heimilisaðstæðna sem rekja mátti til háttsemi foreldra, m.a. áfengis- og vímuefnavanda eða vanrækslu, eða annarra atriða á borð við veikindi, og gögn eru til staðar um ástæður vistunarinnar, fær vöggustofunefnd ekki annað séð en að barnaverndarnefnd hafi að jafnaði verið innan lögbundinna marka 26. og 27. gr. laga nr. 29/1947 og samsvarandi ákvæða laga nr. 53/1966. Þar með hafi hún haft lögmætt tilefni til afskiptanna. Þá telur nefndin að sama eigi við um afskipti og vistun barna sem átti sér stað á grundvelli 25. gr. laga nr. 29/1947 og samsvarandi ákvæðis í 25. gr. laga nr. 53/1966 og kom til vegna þess að viðkomandi börn fengu ekki viðeigandi hjúkrun eða læknishjálp vegna veikinda.

Í ýmsum tilvikum kann hins vegar að leika vafi á því hvort barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi haft nægilegar forsendur að lögum til að taka ákvörðun um vistun barns á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Á það einkum við þegar börn voru vistuð vegna húsnæðis-, dagvistunarvanda og fátæktar á heimili eða þarfar móður eða foreldra fyrir gæslu fyrir börn sín, en vegna bágra uppeldisaðstæðna, sem rekja hafi mátt til veikinda, vanrækslu, ofbeldis eða óreglu foreldra. Minnir nefndin í því sambandi á fortakslaust bann við að taka börn af heimilum eingöngu vegna fátæktar eða örbirgðar foreldra eða forráðamanna, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 29/1947 laganna og samsvarandi ákvæði laga nr. 53/1966 og samhliða skyldu til að aðstoða foreldra og ráða bót á fjárhag þeirra. Í lokamálslið 2. mgr. 24. gr. síðastnefndu laganna var raunar bætt við sérstöku ákvæði um að þess skyldi jafnan gætt að aðstoð við heimili færi á undan öðrum framkvæmdum til úrbóta, að því leyti sem því yrði við komið.

Að sama skapi er ekki unnt að horfa fram hjá því að barnaverndarnefnd var oft í erfiðri stöðu að þessu leyti. Rétt eins og rakið er í kafla 6.1.1 um tildrög þess að börn voru vistuð á Hlíðarenda, þar vistun barns á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í fjölmörgum tilvikum að þannig að móðir bað barnaverndarnefnd fyrir um barn sitt á vöggustofuna til þess að hún gæti unnið fyrir fjölskyldu sinni eða lokið námi. Telja verður að í þessum tilvikum hafi naumast verið raunhæft fyrir barnaverndarnefnd að liðsinna foreldrum á annan hátt en að útvega dagvistunarræði fyrir barn. Eins og fyrr er rakið var hins vegar verulegur skortur var á dagvistunarræðum fyrir börn í borginni á þessum tíma og því einsýnt að synjun barnaverndarnefndar á slíkum beiðnum hefði takmarkað verulega möguleika foreldra, og þá helst einstæðra mæðra, til að ala önn fyrir sér og börnum sínum eða afla sér menntunar. Með vísan til þeirra heimilda sem barnaverndarnefnd hafði á þessum tíma verður að telja að nefndin hafi verið innan ramma þágildandi laga þegar hún tók börn til vistunar á vöggustofu við slíkar aðstæður. Verður þá að hafa í huga að samkvæmt 22. gr. þágildandi laga nr. 29/1947 og síðar samsvarandi ákvæðis 22. gr. laga nr. 53/1966 hafði barnaverndarnefnd

heimild til að láta mál til sín taka „á þann hátt, er bezt þykir við eiga, eftir því sem á stendur“ þegar heimilishögum eða aðbúnaði barns var ábótavant.

Rétt eins og raunin var með vistun barna á Hlíðarenda verður að telja að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi þó oft og tíðum ekki tekið ákvarðanir um vistun barna á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins með þeim hætti sem lög nr. 29/1947, og síðar lög nr. 53/1966, gerðu ráð fyrir. Þannig virðist sem fyrr oft hafa skort á að nefndin tæki ákvörðun um vistun barns á ályktunarhæfum fundi með samþykki meirihluta nefndarmanna þegar ótvírætt samþykki foreldris lá fyrir um ráðstöfun barns. Þá bera gögn með sér að áfram hafi verið misbrestur á því að barnaverndarnefnd tæki ákvörðun með skriflegum og rökstuddum úrskurði í þeim tilvikum þegar foreldrar voru andvíg vistun barns. Jafnframt telur vöggustofunefnd að í flestum tilvikum sem á reyndi hafi skort á að neyðarráðstafanir starfsmanna barnaverndarnefndar væru lagðar fyrir nefndina til formlegrar afgreiðslu og ákvarðanatöku í samræmi við ákvæði laga nr. 29/1947 og laga nr. 53/1966 um hvernig bæri að haga málsmeðferð og taka ákvörðun um neyðarvistanir barna.

### 6.2.3 Eftirlit með starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins

Rétt eins og gildi um Vöggustofuna Hlíðarenda og lýst er í kafla 6.1.2 hér að framan bar barnaverndarnefnd Reykjavíkur eftirlitsskyldu með starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 1963-1973. Auk þess bar Barnaverndarráði að hafa reglulegt og virkt eftirlit með því hvort barnaverndarnefnd Reykjavíkur rækti lagalegar skyldur sínar vegna vöggustofunnar, meðal annars um eftirlit, samkvæmt barnaverndarlögum á sama tímabili.

Við túlkun á eftirlitsskyldum barnaverndarnefndar og Barnaverndarráðs samkvæmt þágildandi barnaverndarlögum nr. 29/1947 og 53/1966 verður að hafa í huga ákvæði 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem leggur þá skyldu á stjórnvöld að huga sérstaklega að eftirliti að þessum toga. Eins og rakið er í kafla 6.1.2 er í því sambandi litið til þýðingar eftirlitskyldunnar fyrir heilsu og velferð barna, einkum þeirra sem eru í sérlega viðkvæmri stöðu og í umsjá stjórnvalda. Virkt eftirlit með að barnaverndarlögum, og eftir atvikum öðrum lögum, sé framfylgt á stofnunum þar sem börn eru vistuð er í reynd nauðsynlegur liður í því hlutverki stjórnvalda að tryggja að börn sæti þar hvorki illri meðferð né vanrækslu. Þótt þessi skylda eigi sér að vísu ákveðin mörk felur hún engu að síður í sér þá lágmarkskröfu til stjórnvalda að þau sinni eftirliti sínu á þann veg að komið sé í veg fyrir illa meðferð barna og annarra viðkvæmra hópa og að gerðar séu ráðstafanir til að koma í veg fyrir illa meðferð sem stjórnvöldum var eða átti að vera kunnugt um.

Vöggustofunefnd hafði sama hátt á og við athugun sína á Hlíðarenda varðandi eftirlit barnaverndarnefndar og Barnaverndarráðs með Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og lýst er í kafla 6.1.2. Þannig kannaði nefndin allar fyrirliggjandi heimildir sem hægt var að komast yfir um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarráðs á tímabilinu 1963 til 1973 í Borgarskjalasafni og Þjóðskjalasafni. Fór nefndin af þessu tilefni yfir allar fundargerðir

barnaverndarnefndar og Barnaverndarráðs á tímabilinu, sem og öll skjöl sem fundust á tímabilinu og tengdust þeim börnum sem vistuð voru á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Eins og rakið er í kafla 4.3.1 bera gögn barnaverndarnefndar Reykjavíkur með sér að nefndin hafi fljótlega eftir að starfsemi vöggustofunnar hófst talið ástæðu til að gera athugasemdir við að forstöðukona teldi sig hafa ákvörðunarvald yfir vistun barna. Ekki verður ráðið með skýrum hætti af gögnum hvort forstöðukonan hafi í reynd farið út fyrir heimildir sínar að þessu leyti, enda kemur þar ekkert fram um hvort viðkomandi börn hafi verið á vegum barnaverndarnefndar eða Thorvaldsensfélagsins. Eins og áður er rakið hafði félagið ákvörðunarvald um hvernig fimm plássum á vöggustofunni var ráðstafað samkvæmt kvöð sem fylgdi gjöf félagsins til Reykjavíkurborgar. Bréfaskiptin bera þó með sér að barnaverndarnefnd taldi mikilvægt að hafa skýra yfirsýn yfir hvaða börn komu á vöggustofuna og fóru þaðan. Eftir umræður innan nefndarinnar þar sem meðal annars var gagnrýnt að forstöðukonan væri „einráð“ um hvaða börn væru tekin á heimilið var niðurstaðan sú að forstöðukonan myndi ætíð beina umsókn um pláss á vöggustofunni til barnaverndarnefndar.

Samkvæmt fundargerðum barnaverndarnefndar fór nefndin í heimsókn á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 17. febrúar 1964 og skoðaði vöggustofuna. Af gögnum verður ekki ráðið hvaða þætti í starfseminni nefndin skoðaði í þeirri heimsókn. Ljóst er þó að á fundi 24. febrúar sama ár, eða viku eftir heimsóknina, lýsti Gyða Sigvaldadóttir, einn meðlima nefndarinnar og menntuð fóstra, yfir miklum áhyggjum af velferð barna á vöggustofunni og vísaði þá til þess að börnin skorti persónulega umönnun þrátt fyrir góðan aðbúnað.

Á næsta fundi nefndarinnar 2. mars 1964 var fært til bókar að ákveðið hafi verið að athugun færi fram á aðstæðum þeirra barna sem þá dvöldu á vöggustofunni. Ekki verður séð af þeim gögnum sem til eru hvort eða hvernig sú athugun fór fram. Þannig bera gögn sem fundist hafa aðeins með sér að 27. apríl 1964 hafi nefndin kallað á sinn fund Björn Júlíusson, barnalækni, sem starfaði í hlutastarfi á vöggustofunni. Þar kvað hann rekstur vöggustofunnar vera í góðu lagi. Engin gögn eru hins vegar til staðar um að rætt hafi verið við aðra starfsmenn vöggustofunnar eða starfshættir þar kannaðir sérstaklega. Þar sem Björn starfaði á þessum tíma sem barnalæknir á Landspítalanum og aðeins í hlutastarfi á vöggustofunni, verður að telja hæpið að hann einn hafi getað haft yfirsýn yfir alla starfsemi vöggustofunnar, þar á meðal hvernig umönnun barnanna var háttað allan sólarhringinn.

Eins og rakið er í kafla 4.3.1 gerði Gyða Sigvaldadóttir einnig athugasemdir við það innan barnaverndarnefndar að börn skyldu vistuð á vöggustofu allan sólarhringinn og að þar skorti starfsfólk með uppeldislega þekkingu. Fundargerð nefndarinnar frá 23. mars 1964 ber með sér að Gyða hafi sætt aðkasti vegna skoðana sinna og gagnrýni, þrátt fyrir að hún hafi hafi ekki sett fram viðhorf sín opinberlega. Ekki kemur fram í fundargerðinni hvaða aðilar hafi staðið þar að baki.

Gögn barnaverndarnefndar bera ekki með sér að nefndin hafi eftir þetta og fram til ársins 1973 farið í frekari heimsóknir á vöggustofuna. Á fundi nefndarinnar 28. apríl 1966 kom þó fram að Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar, hefði tekið að sér að annast uppeldislegar leiðbeiningar og „eftirlit á vöggustofunni“. Ekki hafa fundist gögn um hvernig því eftirliti var háttað. Þó liggur fyrir að Barnaverndarráð taldi nefndina ekki hafa nægilegt eftirlit með heimilum þar sem börn frá nefndinni voru vistuð. Þannig segir í fundargerð Barnaverndarráðs frá 28. apríl 1967 að prófessor Símon Jóhannes Ágústsson, einn ráðsmanna á þessum tíma, hafi rætt við formann barnaverndarnefndar Reykjavíkur um að nefndin yki eftirlit með þeim heimilum þar sem börn frá nefndinni voru vistuð. Tillögur meirihluta samstarfsnefndar um barnaverndarmál sem skilað var í febrúar 1966 og raktar eru í kafla 4.3.2. bera þess enn fremur merki að meirihlutinn taldi nauðsynlegt að endurskipuleggja og auka eftirlit barnaverndarnefndar með vistheimilum þar sem börn voru vistuð. Þar kemur jafnframt fram að barnaverndarnefnd hafi alla tíð verið of liðfá miðað við þau verkefni sem henni var ætlað að fást við.

Að því er varðar eftirlit barnaverndarnefndar með högum einstakra barna á vöggustofunni þá skráði starfsfólk nefndarinnar í ýmsum tilvikum hjá sér upplýsingar um hagi barna á vöggustofunni í eftirlitsskýrslum, sbr. kafla 4.3.3 hér að framan. Eins og þar er rakið kom ítrekað fyrir að starfsfólk barnaverndarnefndar lýsti áhyggjum af langri dvöl barna á vöggustofunni og að huga þyrfti að því að dvöl þeirra lyki, hvort sem þau færu heim til sín eða á einkaheimili í fóstur. Jafnframt er ljóst að þær ráðagerðir gengu ekki alltaf eftir, stundum vegna andstöðu foreldra. Eftirlitsskýrslur bera þess þó einnig merki að í ákveðnum tilvikum hafi verið brugðist við áhyggjum af þroska barna á vöggustofunni og þá gripið til þess ráðs að ákveðin stúlka hugsaði um barn, sbr. ódagsetta eftirlitsskýrslu starfsmanns barnaverndarnefndar um tiltekið barn sem gerð er grein fyrir í kafla 4.3.1 hér að framan.

Ekki verður séð að Barnaverndarráð hafi heimsótt Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins fyrr en 21. mars 1967. Fyrsta heimsóknin átti sér stað í kjölfar þess að Sigurjón Björnsson borgarfulltrúi gagnrýndi starfsemi vöggustofunnar opinberlega á fundi í borgarstjórn 2. mars 1967. Af þeirri heimsókn og þeirri skýrslu sem liggur fyrir um heimsóknina er ljóst að Barnaverndarráð taldi það vera á verkssviði sínu að hafa eftirlit með heimilinu.

Þrátt fyrir framangreint er á árunum 1963 til 1967 ekki bókað um neina heimsókn Barnaverndarráðs á vöggustofuna. Í þessu samhengi má geta þess að ráðið heimsótti barnaheimilið Silungapoll a.m.k. einu sinni á þessum tíma.<sup>319</sup> Í skýrslu vistheimilanefndar sem starfaði samkvæmt lögum nr. 26/2007 kemur jafnframt fram að Barnaverndarráð hafi a.m.k. þrívægis heimsótt barnaheimilið Reykjahlíð á þessu tímabili.<sup>320</sup> Í skýrslu sömu nefndar um

---

<sup>319</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Barnaverndarráð Íslands. 1989-B/34. Skýrsla Símonar Jóhannesar Ágústssonar, dags. 15. júlí 1964.

<sup>320</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 2, bls. 167.

könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins kemur auk þess fram að Símon Jóhannes Ágústsson hafi árin 1959 til 1972 farið árlega í eftirlitsferðir til Breiðavíkur.<sup>321</sup>

Fyrir liggur að fulltrúar Barnaverndarráðs fóru í eftirlitsheimsóknir á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 21. maí 1967, 2. júní 1967, 24. október 1967 og í júní 1969. Þessar heimsóknir áttu sér allar stað eftir að opinber gagnrýni hafði komið fram á starfsemi vöggustofanna. Um þessar heimsóknir voru gerðar skýrslur og er efni þeirra lýst í kafla 4.3.3 hér að framan. Er þar farið með almennum hætti yfir starfsmannahald á vöggustofunni, fjölda barna og ástæður þess að börn dvelji þar. Þá er auk þess lýst þeirri afstöðu að húsakynni séu góð, hreinlæti og aðbúnaður. Í skýrslunni 2. júní 1967 er síðan farið sérstaklega yfir þær breytingar sem Ragnheiður Jónsdóttir, sem þá hafði nýlega tekið við starfi forstöðukonu, hafði gert á starfsemi vöggustofunnar. Er þar farið sérstaklega yfir daglegt skipulag vöggustofunnar. Sams konar yfirferð er að finna um starfhætti vöggustofunnar í skýrslu starfsmanns ráðsins frá júní 1969, sem gerð var eftir að Brynhildur Sigurðardóttir tók við starfi forstöðukonu.

Framangreindar skýrslur eru einu skriflegu heimildirnar sem til staðar eru þar sem opinber eftirlitsaðili lýsir starfsháttum Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Í viðtali nefndarinnar hinn 31. mars 2023 við einn þeirra starfsmanna sem kom að umræddu eftirliti og rakið er í kafla 4.3.3, kemur þó fram að áhersla eftirlitsins hafi sennilega legið um of á ytri aðbúnað á vöggustofunni og huga hefði mátt betur að líðan barnanna.

Þegar tekin er afstaða til þess hvort viðunandi eftirlit hafi verið haft með Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins verður einnig að líta til þess hvernig innra eftirliti hafi verið háttáð með líðan og aðbúnaði barna af hálfu forstöðukvenna og starfsfólks. Vistunarskjöl sem fyrir liggja bera með sér að barnalæknar hafi komið nokkuð reglulega á vöggustofuna og skoðað börnin með tilliti til heilsufars en upplýsingar um veikindi og viðeigandi meðferð eru í mörgum tilvikum færðar inn í skjölin. Ekki hafa heldur fundist skriflegar heimildir um leiðbeiningar eða verklag varðandi umönnun barna sem vistuð voru á vöggustofunni.

Eins og rakið er í kafla 4.3.5 ræddi nefndin við vel á þriðja tug fyrrverandi starfsmanna Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Almennt rak starfsfólk ekki minni til þess að starfsfólk barnaverndarnefndar hefði komið inn á vöggustofuna í eftirlitsskygni, þótt það hefði í mörgum tilvikum komið með börn á vöggustofuna. Starfsfólk kvaðst flest enn fremur nánast aldrei hafa fengið upplýsingar frá starfsfólki barnaverndarnefndar eða öðrum um tildrög þess að börn komu á vöggustofu, líðan þeirra, fjölskylduaðstæður og hvort þau hefðu einhverjar sérstakar þarfir. Skýrslur barna sem vistuð voru á vöggustofunni eftir fjögurra ára aldur gáfu einnig til kynna að starfsfólk hafði enga vitneskju um þær erfiðu aðstæður sem þau voru að koma úr þegar þau voru vistuð. Nokkrir starfsmanna báru þó við að þessi upplýsingagjöf hefði breyst mjög snemma á áttunda áratugnum, en þá hafi færst í vöxt að félagsráðgjafar

---

<sup>321</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1972, Reykjavík 2008, bls. 62.

og aðrir starfsmenn barnaverndarnefndar kæmu í heimsókn á vöggustofuna og haldnir væru skipulegir fundir um málefni barnanna.

Það vinnulag að upplýsa ekki starfsfólk um tildrög þess að börn voru vistuð á vöggustofunni gerði að mati nefndarinnar það að verkum að möguleikar starfsfólks til þess að fylgjast með líðan barnanna og sinna persónulegum þörfum þeirra voru takmarkaðir. Ætla verður að vitneskja um persónulegar aðstæður barna og ástæður þess að þau komu á vöggustofu hafi oft og tíðum í reynd verið forsenda þess að unnt væri að veita þeim þá umönnun sem þörf var á. Í því sambandi leggur nefndin áherslu á að fjöldi barna kom á vöggustofuna í beinu framhaldi af því að þau voru tekin úr erfiðum aðstæðum á heimili, þar sem sum hver höfðu orðið vitni af ofbeldi foreldra gagnvart hvort öðru eða systkinum þeirra.

Starfsfólk sem starfaði á þeim tíma sem Auður Jónsdóttir gegndi hlutverki forstöðukonu bar flest vitni á þá leið að Auður hefði að jafnaði ekki haft mikla viðveru á vöggustofunni sjálfri. Hún hefði þó alltaf komið ef leitað var til hennar. Auður greindi hins vegar sjálf frá því að hún hefði gengið í ýmis störf, t.d. að undirbúa mat fyrir börnin. Starfsfólk sem starfaði samhliða Ragnheiði Jónsdóttur, Gyðu Sigvaldadóttur og Þorbjörgu Sigurðardóttur á meðan þær gegndu starfi forstöðukonu taldi hins vegar flest að þær hefðu verið að mestu leyti inni á vöggustofunni ásamt öðru starfsfólki að sinna börnunum.

Af skriflegum heimildum um starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, og þá einkum gögnum sem Barnaverndarráð aflaði við rannsókn sína í kjölfar gagnrýni Sigurjóns Björnssonar á starfshætti vöggustofanna, ásamt skýrslum af eftirlitsheimsóknum ráðsins, verður ráðið að hlutfall starfsmanna miðað við fjölda barna hafi hækkað nokkuð miðað við það sem raunin var á Vöggustofunni Hlíðarenda. Þannig má ráða af yfirlýsingu Auðar Jónsdóttur sem aflað var í tilefni af rannsókn Barnaverndarráðs á sínum tíma að framan af hafi um 9 starfsmenn sinnt börnunum sérstaklega á vöggustofunni á meðan hún gegndi starfi forstöðukonu, en á þeim tíma voru þar pláss fyrir 30 börn. Af sömu skýrslu er einnig ljóst að fleiri starfsmenn voru á næturvakt og þar hafi alltaf verið um sömu starfsmenn að ræða. Ekki verður þó ráðið hversu margir voru á hverri næturvakt.

Af eftirlitsskýrslu Barnaverndarráðs frá í mars 1967 verður ráðið að 15 starfsmenn hafi starfað á þremur deildum á vöggustofunni, þar sem ein fóstur var yfir hverri deild, og aldrei færri en tvær hjálparstúlkur í einu á daginn. Jafngildir þetta því að a.m.k. níu starfsmenn hafi sinnt rúmlega 30 börnum hverju sinni, en vöggustofan var að jafnaði fullnýtt. Í eftirlitsskýrslu frá í júní 1969 kemur fram að starfsmennirnir sem sinntu börnunum séu fjórir á hverri deild ásamt einni fósturu, en auk þess sé ljósmóðir á yngstu deildinni. Með vísan til þess að vöggustofan skiptist á þessum tíma í fjórar deildir, sem rúmuðu alls 44 börn eftir að viðbygging var tekin í notkun, jafngildir þetta því að alls hafi 17 starfsmenn starfað við umönnun barnanna. Ekki verður ráðið af skriflegum gögnum að allir þessir starfsmenn hafi verið að störfum í einu. Í viðtölum nefndarinnar við fyrrverandi starfsmenn kom þó fram að mönnun á vöggustofunni hefði verið góð miðað við fjölda barna og betri en síðar var á leikskólum sem þau störfuðu á.



Nefndinni var greint frá einu tilviki þar sem alvarlegt slys átti sér stað á vöggustofunni. Þannig sagði einn fyrrverandi starfsmaður nefndinni frá því að kviknað hefði í og eitt barn hefði skaðbrennst. Einhver eldri barnanna hefðu komist yfir eldspýtur en ekki hefði hefði verið í ljós leitt hvernig, t.d. hvort þær hefðu verið skildar eftir á glámbekk á vöggustofunni eða hvort einhver gestkomandi hefði misst þær úr vasa. Í gögnum Borgarskjalasafns kemur fram að gerð hafi verið bótakrafa á hendur Reykjavíkur fyrir hönd barnsins sem slasaðist en í gögnum hafa ekki fundist frekari upplýsingar um tildrög slyssins og afleiðingar þess.

Eins og rakið er í kafla 4.3.3 tók Barnaverndarráð starfsemi vöggustofunnar sérstaklega til rannsóknar samkvæmt beiðni borgarstjórnar frá 6. apríl 1967. Markmiðið var að rannsaka hvort staðhæfingar Sigurjóns Björnssonar á borgarstjórnarfundi mánuði áður um að sum barnaheimili væru „gróðastía andlegrar veiklunar“ hafi átt við rök að styðjast. Ekki er annað að sjá en að sú rannsókn hafi farið fram á grundvelli eftirlitsheimilda ráðsins í þágildandi lögum nr. 53/1966. Eins og Barnaverndarráð bendir á strax í bréfi sínu til borgarstjóra 2. nóvember 1967 fólst því efnislega í beiðni borgarstjórnar til ráðsins að það tæki afstöðu til atriða sem heyrðu undir eftirlit þess samkvæmt áður- og þágildandi lögum. Fyrirliggjandi gögn benda hins vegar til þess að Barnaverndarráð sinnti lítið sem ekkert eftirlitsskyldum sínum gagnvart bæði Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins fram til ársins 1967. Því verður að telja einkar óheppilegt að ráðið hafi fengið þetta verkefni. Þannig má vænta þess að ef ráðið setti fram gagnrýni á starfshætti vöggustofanna þá hefði hún a.m.k. að einhverju leyti verið til þess fallin að varpa ljósi á skort á eftirliti þess sjálfs með umræddum stofnunum.

Rannsókn Barnaverndarráðs tók um þrjú og hálf ár en með bréfi til borgarstjóra í október 1970 tilkynnti ráðið um niðurstöður sínar. Í bréfinu er jafnframt lýst skilmerkilega hvaða gagna ráðið aflaði í tilefni af rannsókninni. Af efni bréfsins og þeim gögnum sem fyrir liggja er ljóst að rannsókn Barnaverndarráðs beindist í öllum meginatriðum að því hvort þau alls tíu börn sem Sigurjón Björnsson taldi hafa beðið skaða af vist sinni á vöggustofum, átta á Hlíðarenda og tvö á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, hefðu í reynd beðið slíkan skaða. Var það niðurstaða ráðsins að ekki yrði greint hvort ástand barnanna hafi fremur átt rót sína að rekja til dvalar þeirra á vöggustofum en til annarra atburða og áfalla í lífi þeirra þegar þau komu til athugunar á geðverndardeild barna.

Ekki verður annað séð en að niðurstaða Barnaverndarráðs um framangreint atriði hafi að verulegu leyti byggst á álitsgerð sem Þórður Möller geðlæknir ritaði um börnin sem í hlut áttu. Af gögnum þeim sem fyrir liggja verður ráðið að álitsgerðin byggðist einkum á vistunarskjölum vöggustofanna og skýrslum geðverndardeildar barna. Auk þess var stuðst við upplýsingar sem aflað var munnlega frá forstöðukonum vöggustofanna og Porkeli Kristjánssyni, framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar Reykjavíkur, en hann hafði einnig gert útdrátt úr skýrslum nefndarinnar um börnin. Ekki verður hins vegar séð að Þórður hafi hitt börnin eða aðstandendur þeirra.



Vöggustofunefnd hefur ekki forsendur út frá fyrirbyggjandi gögnum til að álykta um það hvort mat geðlæknisins sem fram kemur í álitserð hans eigi við rök að styðjast. Nefndin telur hins vegar ekki hjá því komist að gera athugasemd við það að Barnaverndarráð skuli hafi tekið álitserðinni sem góðri og gildri, þegar ekki varð ráðið af henni hvort geðlæknirinn hafi hitt börnin og aðstandendur þeirra.

Að mati nefndarinnar eru það hins vegar öllu meiri og alvarlegri annmarkar á rannsókn Barnaverndarráðs hversu takmörkuð hún er við heilsufar tíu tiltekinna barna og hvort athugasemdir Sigurjóns Björnssonar um áhrif vöggustofuvistarinnar á þau hafi verið réttmætar. Í því sambandi verður ekki hjá því komist að benda á að gagnrýni Sigurjóns á starfsemi vöggustofanna var mun víðtækari og beindist einkum að þeirri miklu einangrun sem börnin upplifðu á bakvið gler og þeim tíðu vaktaskiptum sem þar tíðkuðust.

Þau gögn sem fyrir liggja gefa ekki til kynna að Barnaverndarráð hafi tekið þessi atriði sem og aðra starfshætti vöggustofunnar til sjálfstæðrar skoðunar. Þannig virðist hafa verið látið við það sitja að afla skriflegra yfirlýsinga frá fyrrverandi forstöðukonu vöggustofanna og framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar um starfsemi vöggustofunnar. Ekki verður hins vegar séð að Barnaverndarráð hafi rætt við starfsfólk vöggustofa eða foreldra barna sem þar voru vistuð um hvernig starfseminni var háttað.

Loks verður ekki hjá því komist að geta minnisblaðsins sem fannst í Borgarskjalasafni frá 17. febrúar 1968 og tekið er orðrétt upp í kafla 4.3.3. Þar var væntanlegum niðurstöðum ráðsins lýst rúmu tveimur og hálfri ári áður en þær voru kynntar í bréfi til borgarstjóra í október 1970 og vitnað til samtals við þáverandi formann Barnaverndarráðs. Þótt endanlegar niðurstöður ráðsins séu ekki í fullu samræmi við efni minnisblaðsins er ekki unnt að draga fjöður yfir að þær eru að miklu leyti sambærilegar. Þá er ljóst að mörg þeirra gagna sem ætla verður að hafi haft verulega þýðingu fyrir niðurstöðu Barnaverndarráðs lágu ekki fyrir þann dag sem minnisblaðið er dagsett. Þar má nefna álitserð Þórðar Möller geðlæknis um börnin sem leitað höfðu aðstoðar Geðverndardeildar barna, svo og yfirlýsingar Þorkels Kristjánssonar og Auðar Jónsdóttur um starfsemi vöggustofunnar. Að mati nefndarinnar verður að líta svo á að minnisblaðið sé til þess fallið að vekja alvarlegar efasemdir um hvort staðið hafi verið með málefnalegum og óhlutdrægum hætti að rannsókn Barnaverndarráðs á málefnum vöggustofanna.

Við mat á því hvort barnaverndarnefnd, barnaverndarráð og önnur yfirvöld hafi fylgt lögbundinni eftirlitsskyldu sinni með vöggustofum hefur nefndin litið til þess hvort gögn málsins og munnlegar skýrslur sýni fram á viðvarandi og reglubundinn skort eða vanrækslu. Nefndin hefur haft ofangreindan grundvöll að leiðarljósi við ályktanir sínar og mat á þeim gögnum og upplýsingum, sem hún hefur aflað um atvik og aðstæður við vistun barna á þeim stofnunum sem hún hefur nú tekið til könnunar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það niðurstaða vöggustofunefndar að opinbert eftirlit með Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi verið afar takmarkað og í raun hverfandi

á þeim tíma sem börn voru vistuð þar allan sólarhringinn á árunum 1963 til ársins 1967, eða þangað til að Sigurjón Björnsson setti fram gagnrýni sína í borgarstjórn. Bendir nefndin í því samhengi á að aðeins hefur verið unnt að afla skriflegra heimilda um eina eftirlitsheimsókn barnaverndarnefndar Reykjavíkur á vöggustofuna fram í mars 1967, þ.e. eftir að Sigurjón Björnsson hafði sett fram gagnrýni sína. Sú heimsókn, sem átti sér stað í febrúar 1964, varð til þess að einn nefndarmanna taldi rétt að gera stórvægilegar athugasemdir við starfsemi vöggustofunnar og þá einkum að börnin þar skorti persónulega umönnun. Þrátt fyrir framangreindar athugasemdir verður ekki séð að nefndin hafi talið ástæðu til að taka starfsemi vöggustofunnar til nánari athugunar umfram það að ræða við lækni vöggustofunnar sem var þar í hlutastarfi. Taldi hann starfsemina í góðu lagi.

Skriflegar heimildir benda auk þess til að barnaverndarnefnd fylgdist sem stjórnvald mun minna með starfi vöggustofunnar en annarra heimila í lögsögu nefndarinnar. Einnig virðist hafa skort á að heimsóknir starfsmanna barnaverndarnefndar Reykjavíkur, að því marki sem þær fóru fram, hafi verið skráðar með fullnægjandi hætti. Þá liggur fyrir að aldrei var bókað í fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur um eftirlitsheimsókn starfsmanna, að því marki sem þær fóru fram, og skráningar í eftirlitsskýrslum um foreldra og börn þeirra benda til þess að eftirlit með aðbúnaði einstakra barna hafi verið takmarkað. Starfsfólk vöggustofunnar sem nefndin ræddi við minntist þess heldur ekki að starfsmenn barnaverndarnefndar hafi komið í sérstakar eftirlitsheimsóknir til að fylgjast með högum barna á sjöunda áratugnum. Í viðtölum við starfsfólk vöggustofunnar kom þó fram að þetta hefði breyst snemma á áttunda áratugnum en þá hafi farið að tíðkast að starfsfólk Félagsmálastofnunar og barnaverndarnefndar héldu fundi um málefni barna á vöggustofunni.

Enn fremur verður ekki annað séð en að eftirlit Barnaverndarráðs með Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi verið takmarkað framan af. Nefndin hefur ekki fundið eitt einasta dæmi um heimsókn ráðsins á vöggustofuna fyrir árið 1967, eða eftir að gagnrýni á starfsemina kom fram í borgarstjórn. Í kjölfarið urðu eftirlitsheimsóknirnar hins vegar mun tíðari og þau gögn sem fyrir liggja bera skýr merki um að hverju eftirlitsheimsóknirnar beindust og hvort eftirlit hafi í reynd farið fram með starfseminni. Ekki hafa þó fundist dæmi um eftirlitsheimsóknir Barnaverndarráðs á vöggustofuna eftir að ráðið lauk rannsókninni sem það tók að sér að beiðni borgarstjórnar í apríl 1967.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það niðurstaða vöggustofunefndar að opinbert eftirlit með Vöggustofunni Hlíðarenda hafi verið afar takmarkað tímabilið 1963 til 1967.

### 6.2.3 Sættu börn illri meðferð eða ofbeldi á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins?

Eins og rakið er í kafla 6.1.2 hér að framan telur nefndin að miða beri við það að undir hugtökin ill meðferð og ofbeldi, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022, falli hvers konar meðferð barns sem eftir almennum mælikvarða má telja að hafi verið ómannúðleg eða

vanvirðandi. Þar undir féll eðli málsins samkvæmt bein líkamleg valdbeiting gagnvart barni í formi refsinga þar sem valdið var óþarfa sársauka.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram að ákvæði laga nr. 29/1947 um meðferð barna og önnur lagaákvæði sem þar er vitnað til giltu óbreytt til ársins 1966. Með lögum nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna voru barnaverndarlögin frá 1947 felld úr gildi. Ákvæði 43. og 45. gr. eldri laganna, sem vitnað er til í kafla 6.1.2. hér að framan voru þó tekin upp að nýju í lög nr. 53/1966, sbr. 45. og 47. gr. Þá var með skýrum hætti mælt fyrir um það í 6. mgr. 39. gr. laga nr. 53/1966 að „[líkamlegum] refsingum [mætti] ekki beita á heimilum eða í stofnunum“, sem um gat í lögnum.

Á grundvelli laga nr. 53/1966 var sett reglugerð nr. 105/1970, um vernd barna og ungmenna. Þar var í III. kafla fjallað með heildstæðum hætti meðal annars um vistheimili fyrir börn og ungmenni. Með 32. gr. reglugerðarinnar var ríkisstjórninni falið að setja á stofn vistheimili fyrir börn og ungmenni. Var þá gert ráð fyrir að slík vistheimili yrðu stofnuð að tillögum barnaverndarnefnda, Barnaverndarráðs eða annarra þar til bærra aðila, að því leyti sem nauðsynlegt væri talið til að fullnægja ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna, þar sem ekki yrði komið við leiðbeiningum við foreldra eða útvegum fósturheimilis. Var menntamálaráðuneytinu falið að láta semja og gefa út sérstakar nánari reglur og leiðbeiningar fyrir innri stjórn, starfsfólk og alla aðbúð slíkra heimila og sjá um birtingu þeirra. Til slíkra uppeldisheimila samkvæmt 2. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar töldust upptökuheimili, þar á meðal rannsókn- og gæsluheimili, þar sem börnum yrði veitt viðtaka um stundarsakir, eða þangað til þeim hefði verið fenginn varanlegt heimili.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. skyldi við stofnun og rekstur uppeldisheimila samkvæmt 2. mgr. sérstaklega huga að tilteknum atriðum, þar á meðal um „skipulag og stjórn“, sbr. b-lið, og um „aðbúð og gæzlu barna og ungmenna á heimilinu“, sbr. b-lið.

Í b-lið sama ákvæðis sagði að barnaheimili sem tæku börn um lengri eða skemmri tíma, ættu að koma í stað foreldraheimila og öll aðbúð miðast við að því takmarki verði náð á sem fullkornastan hátt, líkamlega og andlega. Gæta skyldi þess að hvert barn myndi njóta slíkrar aðbúðar og umönnunar, þar á meðal áhrifa í umgengni, lífsviðhorfum og tilfinningatengslum við þá, er það umgengist, að til andlegs og líkamlegs þroska horfði. Enn fremur skyldi vakað yfir andlegri og líkamlegri heilsu barna, læknis vitjað þegar ástæður krefðu, og kostað kapps um að þau öðluðust öryggiskennd og andlega staðfestu. Hvers konar refsingar voru bannaðar – nema að því er varðaði „heilbriggt agavald“ – líkamlegar sem aðrar, svo sem einangrun í refsiskyni o.s.frv.

Þá sagði í ákvæðinu að jafnan skyldi kappkosta að viðhafa frekar leiðbeiningar en ásakanir, þar sem því yrði við komið, ef um ávirðingar barna væri að ræða. Í V. kafla reglugerðar nr. 105/1970 var sérstaklega fjallað um „gæzlu siðferðis barna og ungmenna.“ Samkvæmt 41. gr. var jafnan skylt við uppeldi barna, hvort heldur á heimilum foreldra, fósturforeldra eða hvers konar dvalarheimilum, svo og í barnaskólum, að kenna þeim háttvísi og góða siði í

umgengni við aðra, eldri og yngri. Þá bar að forðast að hafa í frammi við þau hvers konar framferði í orði eða verki, er spillt gæti hugsunarhætti þeirra eða viðhorfi til lífsins.

Í ljósi aldurs þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofu fær nefndin ekki séð að forstöðumanni eða öðrum starfsmönnum á vöggustofu hafi undir nokkrum kringumstæðum verið heimilt að beita barn líkamlegu ofbeldi. Hvorki í agaskyni né því skyni að afstýra ofbeldi eða yfirvofandi hættu á slíku ofbeldi. Af þeim gögnum sem vöggustofunefnd hefur kannað og þeim skýrslum sem teknar voru af fyrrverandi vistbörnum hefur nefndin fundið eitt tilvik þar barn greindi frá því að hafa verið beitt ofbeldi á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Var það frásögn einstaklings sem hafði verið vistaður nokkurra ára gamall um eins árs skeið á vöggustofunni árið 1971 til 1972. Hann greindi frá því að gripið hafi verið í hár hans og hann sleginn. Nefndin telur frásögn þessa einstaklings trúverðuga en hefur ekki tekist varpa ljósi á frekari atvik þessa máls eða fengið upplýsingar um önnur atvik þar sem börn voru beitt ofbeldi af hálfu starfsfólks.

Eins og rakið er í kafla 6.1.2 einskorðast hugtakið „ill meðferð“ þó ekki við beina líkamlega valdbeitingu heldur tekur það einnig til athafna gagnvart barni sem vistað var á stofnun sem voru ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi í garð barnsins. Þá féllu þar einnig undir athafnir eða athafnaleysi starfsmanna og eftir atvikum annarra opinberra aðila sem voru til þess fallnar að valda barni líkamlegum eða andlegum skaða. Undir það fellur meðal annars skortur á samskiptum, hvatningu og örvun sem eru til þess fallin að valda barni líkamlegum og/eða andlegum skaða. Nánari grein er gerð fyrir þessum atriðum í kafla 6.1.2. Þá ítrekar nefndin fyrri sjónarmið um grundvöll fyrir ályktunum sem lýst er í sama kafla.

Þau skriflegu gögn sem nefndin hefur undir höndum gefa til kynna að starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi á fyrstu árunum haldist að miklu leyti með óbreyttu sniði frá því sem var á Hlíðarenda, ef frá er talin sú verulega breyting sem var á sjálfum húsakynnum stofnunarinnar. Þannig var sama forstöðukona yfir Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og hafði verið yfir Hlíðarenda síðustu þrjú ár starfseminnar. Gögn nefndarinnar gefa enn fremur ekki til kynna að verulegar breytingar hafi orðið á ástæðum þess að börn voru vistuð á vöggustofunni árin 1963 til 1967 og meðalaldur barna við vistun sem og vistunartími barna hélst að miklu leyti óbreyttur.

Samkvæmt gögnum sem nefndin athugaði á Borgarskjalasafni voru alls 608 börn vistuð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á tímabilinu 1963 til 1973. Ljóst er að rúmlega 80% barnanna voru vistuð fyrir tilstuðlan barnaverndarnefndar Reykjavíkur, en eins og áður greinir hafði Thorvaldsenfélagið fimm pláss til eigin ráðstöfunar fram til ársins 1967. Langflest barnanna á vöggustofunni voru undir tveggja ára aldri þó dæmi hafi verið um að börn eldri en tveggja ára væru vistuð þar. Eftir að viðbygging vöggustofunnar var tilbúin í lok árs 1968 voru eldri börn tekin á vöggustofuna, en byggingin var ætluð fyrir börn yfir 18 mánaða aldri. Eru þá allmörg dæmi um að börn eldri en fjögurra ára hafi verið vistuð á vöggustofunni.

*Ályktanir af skýrslum fyrir nefndinni og skriflegum heimildum*

Eins og áður er rakið komu 27 starfsmenn sem störfuðu á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins til viðtals við nefndina. Einn þeirra starfaði í fullu starfi frá upphafi eftir að hafa starfað á Hlíðarenda. Fimm starfsmenn störfuðu þar árið 1964 þar af tveir í fullu starfi en þrír í starfsnámi. Einn þeirra starfaði um nokkurra mánaða skeið árið 1964 og annar í fullu starfi árin 1966 til 1968. Þá tók nefndin viðtal við starfsmann sem starfaði á vöggustofunni um 8 mánaða skeið árið 1967 og tvo starfsmenn sem störfuðu í afleysingum sama ár. Þá ræddi nefndin við tvo starfsmenn sem störfuðu í fullu starfi á vöggustofunni árið 1968 og tvo sem voru starfsnemar sama ár. Einnig ræddi nefndin við tvo starfsmenn sem voru í fullu starfi á vöggustofunni árið 1968. Þá komu þrír starfsmenn til viðtals við nefndina sem voru í fullu starfi hjá vöggustofunni árin 1970 til 1972 og tveir aðrir sem voru í sumarstarfi sömu ár. Jafnframt ræddu við nefndina fimm starfsmenn sem störfuðu á Vöggustofunni árin 1972 til 1974.

Meðal þeirra starfsmanna sem nefndin ræddi við voru allar þrjár forstöðukonur Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1963 til 1975 sem enn eru á lífi.

Ljóst er að frásagnir fyrrverandi starfsfólks voru á margan hátt ólíkar eftir því hvort starfsfólkið starfaði á vöggustofunni fyrir eða eftir að breytingar voru gerðar á vöggustofunni um mitt ár 1967 eftir að gagnrýni var sett fram á starfshætti hennar í borgarstjórn. Allir nema tveir þeirra sem störfuðu á vöggustofunni árin 1963 til 1967 báru að umhverfið þar hefði verið afar fábreytt og lítið verið sem fangaði athygli barnanna eða örvaði skynjun þeirra. Þá hefði lítið sem ekkert verið af leikföngum og nokkrir báru að leikföng sem starfsnemar í Fóstruskóla Sumargjafar hefðu aflað af eigin frumkvæði hefðu ekki verið á meðal barnanna til lengdar.

Eins og rakið er í kafla 4.3.2 beindist gagnrýni Sigurjóns Björnssonar að starfsemi vöggustofunnar meðal annars að því að börnin þar væru höfð í mikilli einangrun og á bak við gler sem einhvers konar sýningargripir. Í yfirlýsingu forstöðukonunnar Auðar Jónsdóttir sem hún gaf út sumarið 1970 að beiðni formanns Barnaverndarráðs segir hins vegar að misskilningur sé að börnin hafi verið sýnd í gegnum gler.

Í skriflegum samtímaheimildum er ekki vikið með skýrum hætti að því hvort foreldrar hafi einungis mátt sjá börn sín í gegnum gler á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Í frétt sem birtist í *Vísí* 23. maí 1966 um fyrirhugaða viðbótarbyggingu við vöggustofuna, og rakin er í kafla 4.3.1, er þess hins vegar sérstaklega getið að þar verði sérstakt herbergi ætlað foreldrum sem koma í heimsókn og að samband foreldra við börn í framhaldsdeild vöggustofunnar eigi að geta orðið nánara en við yngri börn. Að mati nefndarinnar gefur þetta til kynna að samband foreldra við börn hafi verið takmarkað í heimsóknum á vöggustofunni á þessum tíma.

Einn fyrrverandi starfsmaður sem starfaði í fullu starfi á vöggustofunni árið 1965 kvað það ekki rétt að foreldrar hafi einungis mátt sjá börnin í gegnum gler. Fyrrverandi forstöðukona

vöggustofunnar árin 1963 til 1967 bar einnig á sama veg. Fjórir starfsmenn báru hins vegar með afdráttarlausum hætti að foreldrar hafi einungis mátt sjá börn sín í gegnum gler og lýstu því sérstaklega að erfitt hafi verið að sjá mæður horfa grátandi á börn sín við þessar aðstæður. Framburður starfmannanna var skýr og afdráttarlaus að þessu leyti. Með vísan til þess og að þarna var um að ræða óbreytta framkvæmd undir stjórn sömu forstöðukonu og áður hafði verið yfir starfsemi Hlíðarenda, þar sem heimsóknir voru með sams konar sniði, telur vöggustofunefnd ekki óvarlegt að álykta að það hafi a.m.k. komið reglulega fyrir að foreldrar hafi fram til ársins 1967, aðeins fengið að sjá börn sín í gegnum gler. Nefndin telur sig hins vegar ekki geta fullyrt að sú framkvæmd hafi verið afdráttarlaus og án undantekninga.

Allir starfsmenn sem störfuðu á vöggustofunni eftir að Sigurjón Björnsson setti fram gagnrýni sína og Ragnheiður Jónsdóttir tók við starfi forstöðukonu í maí árið 1967 báru hins vegar á sömu leið um að foreldrar hafi mátt vera með börn sín í fanginu í heimsóknum. Þá nefndu nokkrir að mæður hafi komið og gefið börnum brjóst. Eitt foreldri sem kom til viðtals hjá nefndinni greindi frá því að hafa einungis fengið að sjá barn sitt í gegnum gler árið 1968 en upplýsti nefndina þó jafnframt að barnið, sem síðar reyndist vera fjölfatlað, hafi á þessum tíma verið talið haldið sjúkdómi sem gæti verið smitandi.

Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í viðtölum var enn frekar liðkað fyrir heimsóknum foreldra upp úr 1972 og var þá tekin upp sú regla að þeir gætu komið á hverju kvöldi til að baða börn sín og svæfa.

Eins og rakið er í kafla 4.3.1 varð fyrsta heimsókn barnaverndarnefndar Reykjavíkur á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins til þess að einn nefndarmanna taldi ástæðu til að bóka athugasemdir við starfsemina í fundargerð nefndarinnar 24. febrúar 1964. Þá einkum helst að börn þar hafi skort persónulega umönnun. Nokkrar þeirra fyrrverandi starfskvenna sem nefndin ræddi við greindu frá með sams konar hætti. Þannig nefndi ein sem var í starfsþjálfun 1964 að starfsfólk hefði fengið þær leiðbeiningar að vera ekki að halda á börnunum þegar þeim var gefinn peli, heldur ætti að setja pelann í rúmið og ekki taka þau upp. Tvær aðrar, þar af ein sem starfaði í fullu starfi árin 1966 til 1968 og önnur sem starfaði í fullu starfi fyrri hluta árs 1967, báru á sömu leið. Þá nefndu tvær aðrar fyrrverandi starfsstúlkur sem voru á vöggustofunni í starfsnámi að pela hafi einungis mátt gefa á ákveðnum tímum. Er ljóst að þær starfsstúlkur sem voru í starfsnámi á vöggustofunni á tímabilinu 1963 til 1967 kváðust almennt hafa komið athugasemdum um starfshætti vöggustofunnar á framfæri við kennara sína í Fóstruskóla Sumargjafar, m.a. Valborgu Sigurðardóttur og Sigurjón Björnsson. Tvær starfskonur sem störfuðu á þessum tíma sögðu þó að þær hefðu tekið börnin upp ef þau grétu og önnur kvaðst hafa gefið þeim pela í fanginu á sér.

Ein fyrrverandi starfskona sem starfaði á vöggustofunni árið 1963 greindi nefndinni frá því að henni hefði verið falið að hugsa um tvö ákveðin börn. Frásögn starfskonunnar fær stoð í ódagsettri eftirlitsskýrslu um dreng sem vistaður var á vöggustofunni á sama tíma og hún starfaði þar, en fyrir þeirri skýrslu er gerð grein í kafla 4.3.1 hér að framan. Skýrslan ber með



sér að ákveðinni stúlku hafi verið falið að hugsa um drenginn vegna sérstakra aðstæðna hans, en hann hafði komið vannærður á vöggustofuna og þroskast seint. Gefur það vísbendingu um að það hafi almennt ekki verið vinnulag á vöggustofunni á þessum tíma að starfsfólkið hugsaði um tiltekin börn, en það hafi þó verið gert ef sérstakt tilefni þótti til þess. Annað fyrrverandi starfsfólk frá tímabilinu 1963 til 1967 átti aftur á móti engar minningar um að því hefði verið falið að hugsa um ákveðin börn. Fremur hafði verið lögð áhersla á að allt í umönnun barnanna ætti að vinna hratt. Í því sambandi var sérstaklega nefnt að það hefði átt börnin á mjög skömmum tíma. Fyrrverandi forstöðukona bar á þá leið að starfsfólk hefði tengst ákveðnum börnum persónulega og ekki hefðu verið gerðar athugasemdir við það.

Viðtöl nefndarinnar við fyrrverandi starfsfólk gefa til kynna að þetta hafi breyst eftir að Ragnheiður Jónsdóttir varð forstöðukona, en Gyða Sigvaldadóttir og Þorbjörg Sigurðardóttir hafi síðar lagt enn ríkari áherslu á að starfsfólk tengdist ákveðnum börnum persónulega.

Nokkrir fyrrverandi starfsmenn greindu nefndinni jafnframt frá því að börn hafi verið mikið í rúmum sínum og sumir töldu að þau hefðu verið óeðlilega lengi í rúmunum, t.d. þannig að þau hefðu verið háttuð of snemma. Frásagnir í samtímaheimildum, meðal annars í grein Valborgar Bentsdóttur, sem birtist í *Tímanum* 25. apríl 1967 og lýst er í kafla 4.3.2, en Valborg sat í barnaverndarnefnd Reykjavíkur á þessum tíma, renna stoðum undir þessar frásagnir. Upplýsingar sem fram koma í eftirlitsskýrslum Barnaverndarráðs árin 1967 til 1968 bera einnig að sama brunni. Af skýrslu ráðsins, dags. 2. júní 1967 og rakin er í kafla 4.3.3, verður til dæmis ráðið að áður en Ragnheiður Jónsdóttir tók við starfi forstöðukonu hafi liðið 14 tímar frá því að börnum var ætlað að fara í rúmið þar til þau fengu morgunmat. Ragnheiður mun hafa stýtt þennan tíma um eina klukkustund en síðari skýrslur ráðsins benda til að tíminn hafi aftur lengst eftir að Brynhildur Sigurðardóttir tók við starfi forstöðukonu. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um skipulag starfseminnar eftir þann tíma þar sem engar eftirlitsskýrslur eru til staðar.

Samkvæmt frásögnum þriggja starfsmanna sem störfuðu á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1963 til 1968 var börnunum gefinn maukaður matur frá og þau mötuð með skeið til ársins 1967. Forstöðukona vöggustofunnar á tímabilinu 1963 til 1967 staðfesti einnig í viðtali að svo hafi verið. Einn starfsmaður greindi einnig frá því að starfsstúlkum hafi verið bannað að mynda augnsamband við börnin á meðan þau voru mötuð. Þá hafa nefndinni borist skriflegar frásagnir frá einstaklingum sem voru vistaðir á vöggustofunni að þau hafi ekki kunnað að tryggja mat þegar þau komu í fóstur á einkaheimili. Að sögn flestra starfsmannanna var matarvenjum hins vegar breytt eftir að Ragnheiður Jónsdóttir tók við forstöðu vöggustofunnar en tveir starfsmenn greindu þó frá því að matur hefði áfram verið maukaður ofan í börnin. Almennt bar starfsfólki þó saman um að hætt hefði verið að mata eldri börnin og þau látin borða sjálf sem hefði kallað á meiri vinnu starfsfólks við frágang og þrif, en vitaskuld verið betra fyrir þroska barnanna.

Eins og rakið er í kafla 4.3.4 báru nokkrir fyrrverandi starfsmenn að börn sem vistuð voru á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi farið lítið sem ekkert út úr húsi árin 1963 til 1967.



Fyrirverandi forstöðukona sagði frá að börn hefðu vissulega farið út en það hafi ekki verið nægilega mikið þar sem mannskap hefði skort til þess. Í samtímaheimildum og þá einkum umfjöllun dagblaða sem lýst er í kafla 4.3.1 verður hins vegar ráðið að börnin hafi farið út og myndir sem fylgja umfjölluninni eru til vitnis um það. Í greinum sem birtast í *Tímanum* árið 1964 og *Morgunblaðinu* 1965 og vitnað er til í fyrirnefndum kafla kemur til dæmis fram að eldri börnin séu úti mest allan daginn. Af þeim sökum treystir nefndin sér ekki til að fullyrða hvort fyrirverandi starfsfólk hafi munað atvik tengd útiveru barnanna með áreiðanlegum hætti.

Eftirlitsskýrslur Barnaverndarráðs um heimsókn á vöggustofuna 21. mars 1967, 19. maí 1967, í lok maí 1967, og í júní 1969 bera enn fremur allar vott um að börnin hafi stundað reglulega útiveru á þessum tíma. Ljósmyndir sem nefndinni hafa borist frá fyrirverandi starfsfólki og einstaklingum sýna börn á vöggustofunni að leik utan dyra við margs konar aðstæður á árunum 1968 til 1974. Samtímagögn og viðtöl við starfsfólk bera þó vott um að nokkuð hafi skort á að viðunandi leiktæki væru til staðar á þessum tíma.

Framburður starfsfólks sem starfaði á vöggustofunni árin 1963 til 1967 var í öllum meginatriðum á sömu leið um að umhverfi vöggustofunnar hafi verið afar fábreytt og þar hafi verið lítið sem örvaði skynjun barnanna. Starfstúlkur hafi almennt verið í hvítum sloppum, veggir hafi verið auðir og hvítir og lítið hafi verið um leikföng. Starfsfólki bar hins vegar almennt saman um að umhverfi vöggustofunnar hefði tekið miklum stakkaskiptum árin 1967 til 1973. Leikföngum og skreytingum á veggjum hafi smám saman fjölgað og um leið hafi færst meiri heimilisbragur yfir vöggustofuna, að því marki sem það var unnt. Fjöldi ljósmynda sem nefndinni hafa borist frá þessum tíma staðfesta frásagnir starfsfólks að þessu leyti.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur nefndin að rétt eins og í tilviki Vöggustofunnar Hlíðarenda séu merki um að foreldrum barna á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi á árunum 1963 til 1967, a.m.k. á ákveðnum tímabilum, í reynd verið almennt meinað að umgangast börn sín á meðan þau voru á vöggustofunni, hvort sem var að halda á þeim eða snerta þau með öðrum hætti. Nefndin telur þó ekki unnt að slá því föstu að þarna hafi verið um að ræða fastmótaða stefnu og ef slík stefna var til staðar telur nefndin ekki útilokað að einstaka undantekningar hafi verið þar á.

Nefndin fær sem fyrr ekki séð hvaða forsendur stóðu til þess að haga starfsemi vöggustofunnar með þessum hætti. Bendir nefndin í því sambandi á að samkvæmt vistunarskjölum sem varðveist hafa m.a. með upplýsingum frá læknum vöggustofanna um heilsufar barnanna voru langflest börnin á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins heilbrigð á meðan dvölinni stóð. Verður því ekki séð að þau hafi verið sérstaklega viðkvæm fyrir sjúkdómum.

Þessir starfshættir leiddu sem áður segir til þess að tengsl barna og foreldra voru miklu leyti rofin án þess að séð verði að málefnalegar ástæður hafi staðið til þess. Að mati nefndarinnar verður að telja að starfshættir sem fela í sér að rjúfa með þessum hætti alfarið tengsl barns

við foreldra, og eftir atvikum systkini, geti talist til illrar meðferðar í skilningi 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022. Í því sambandi leggur nefndin áherslu á að mikilvægi persónulegra tengsla barns við foreldra, eða aðra umönnunaraðila, á fyrstu þrem árum ævinnar var vel þekkt meðal fagfólks í málefnum barna á þeim tíma sem vöggustofurnar störfuðu. Er gerð nánar grein fyrir því í kafla 2.2.5 hér að framan. Sama gildir um þann skaða sem skortur á slíkum tengslum gat haft á þroska barns til framtíðar. Minnir nefndin í þessu sambandi á að fjöldi barna sem vistaður var á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins var ekki vistaður þar vegna þess að foreldra skorti hæfni til að annast barn, heldur fremur vegna félagslegra aðstæðna, svo sem að foreldri var einstætt, neyddist til að vinna úti og hafði ekki önnur úrræði um vistun barnsins.

Nefndin telur jafnframt rétt að geta þess að ekki verður séð að börnum hafi að jafnaði verið veitt persónuleg umönnun á vöggustofunni sem var til þess fallin að draga úr skaðlegum áhrifum þessa tengslarofs við umönnunaraðila. Samtímagögn benda þvert á móti til þess að slíka umönnun hafi skort, sbr. gagnrýni sem nefndarmaður í barnaverndarnefnd Reykjavíkur lét bóka á fundi 24. febrúar 1964. Þá gagnrýndi annar nefndarmaður í barnaverndarnefnd starfsemi vöggustofunnar í aðsendri grein í *Tímanum* í apríl 1967, eftir að Sigurjón Björnsson setti fram gagnrýni sína.

Frásagnir fyrrverandi starfsfólks renna að miklu leyti stoðum undir það sem fram kemur í þessum samtímaheimildum, meðal annars um að börn hafi verið óeðlilega lengi í rúnum sínum. Þar að auki hafi ekki mátt mynda persónuleg tengsl við börnin.

Þá liggur fyrir samkvæmt frásögnum fyrrverandi starfsmanna að vöggustofan bauð upp á mjög takmarkaða örvun á skynjun og þroska barnanna, t.d. voru leikföng af skornum skammti, veggir og umhverfi vöggustofunnar var að mestu leyti hvítt og fábreytt og börnin fóru sjaldan út. Þar að auki var allur matur maukaður fram til 1967 og börnin mötuð óháð aldri. Ljóst er að slíkt vinnulag er mjög hamlandi fyrir þroska barna, t.d. takmarkar það sjálfstæði þeirra, minnkar tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handar, auk þess sem það að borða fasta fæðu örvar hreyfiproska í munninum sem er beintengt málþroska og framburðargetu barnsins.<sup>322</sup>

Pegar öll atriði eru virt heildstætt er það niðurstaða nefndarinnar að umönnun barna á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi í ýmsum tilvikum verið svo ábótavant á tímabilinu 1963 til 1967 að telja verði hana geta fallið undir illa meðferð í skilningi laga nr. 45/2022. Lítur þá nefndin sérstaklega til aldurs barnanna og þeirra afdrifaríku afleiðinga sem skortur

---

<sup>322</sup> Webber, C., Blissett, J., Addessi, E., Galloway, A. T., Shapiro, L., & Farrow, C. (2021). An infant-led approach to complementary feeding is positively associated with language development. *Maternal & Child Nutrition*, 17(4), e13206.

á tengslamyndun við foreldra, og eftir atvikum aðra umönnunaraðila, sem og skortur á örvun og skynáreitum, getur haft á heilbrigði og þroska barna.

Nefndin telur hins vegar ekki unnt að slá því föstu að börn sem dvöldu á vöggustofunni hafi sætt meðferð af þessum toga eftir mitt ár 1967. Vissulega voru áfram merki um að ýmsu hafi verið ábótavant í starfsemi vöggustofunnar á þessum tíma, einkum því hversu snemma börnin voru lögð í rúmið á hverju kvöldi. Þá telur nefndin umhugsunarefni að í nóvember 1967 hafi einungis verið gert ráð fyrir tveimur starfsmönnum á næturvakt í stofnun sem gerði ráð fyrir vistun 30 barna, sbr. skýrslu Barnaverndarráðs dags. 1. nóvember 1967, sem rakin er í kafla 4.3.3. Nefndin hefur engu að síður ekki forsendur til að leggja til grundvallar að börn hafi frá þeim tíma sætt illri meðferð í skilningi laga nr. 45/2022. Veldur þar mestu að almennt var opnað fyrir samskipti barna við foreldra sína á þessum tíma. Auk þess er ljóst að meiri áhersla var lögð á persónulega tengingu starfsfólks við börnin, ásamt því að matarvenjum var breytt, leikföngum fjölgað um leið og umhverfi vöggustofunnar tók miklum breytingum.

## 7. Tillögur

### 7.1. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt lögum nr. 45/2022 og samþykkt borgarráðs

Eins og áður greinir er það meðal verkefna nefndarinnar að leggja grundvöll að tillögum til Reykjavíkurborgar um frekari viðbrögð við athugun nefndarinnar ef ástæða þykir til, sbr. 5. tölulið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 og f-lið samþykktar borgarráðs frá 10. mars 2022. Í lögnum og samþykktinni er ekki að finna frekari viðmið um hvers efnis tillögur nefndarinnar eigi að vera að lokinni athugun. Í almennum athugasemdum við frumvarpið sem varð að lögum nr. 45/2022 kemur þó fram ákvæði laga nr. 45/2022 taka mið af ákvæðum laga nr. 26/2007 sem áður giltu um störf vistheimilaneftndar og hlutverki hennar. Í þeim lögum var gert ráð fyrir því að vistheimilaneftnd legði á það mat hvort og þá hvernig stjórnvöld skyldu bregðast við gagnvart þeim sem kynnu að hafa í reynd sætt illri meðferð eða ofbeldi, ef athugun nefndarinnar leiddi slíkt í ljós.<sup>323</sup>

Í samræmi við framangreint og þar sem vöggustofuneftnd er í meginatriðum ætlað sama hlutverk samkvæmt lögum nr. 45/2022 og samþykkt borgarráðs og vistheimilaneftnd voru áður falin á grundvelli laga nr. 26/2007 hefur nefndin tekið mið af því hvernig vistheimilaneftnd afmarkaði hlutverk sitt að þessu leyti við gerð tillagna sinna.

Í 6. kafla þessarar skýrslu er lýst ályktunum og niðurstöðum vöggustofuneftndar um tildrög þess að börn voru vistuð á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Þá er þar jafnframt fjallað um hvaða meðferð börnin sættu þar og hvort opinbert eftirlit með starfsemi vöggustofanna hafi verið viðunandi. Eins og þar greinir er niðurstaða nefndarinnar sú að telja verði meiri líkur en minni á því að börn hafi sætt illri meðferð á Vöggustofunni Hlíðarenda á tímabilum árin 1949 til 1963 í þeirri merkingu sem lögð hefur verið til grundvallar í skýrslunni. Er þá einkum litið til þeirra takmarkana sem voru á umgengni foreldra við börn sín, án þess að séð verði að þær hafi stuðst við málefnalegar ástæður. Þá telur nefndin einnig að ill meðferð hafi átt sér stað í ýmsum tilvikum á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1963 til 1967.

Jafnframt er það niðurstaða nefndarinnar að málsmeðferð barnaverndarneftndar Reykjavíkur hafi verið annmörkum háð þegar hún tók ákvarðanir um að vista börn á vöggustofum á því tímabili sem athugun nefndarinnar nær til 1949-1973. Þá hefur nefndin

---

<sup>323</sup> Þessum sjónarmiðum er lýst í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögnum, sjá [Alpt. A-deild, þskjal. 1019](#). Kemur þar einnig fram að við mat nefndarinnar á hvaða tillögur yrðu settar fram yrði meðal annars að horfa til þeirra lagareglna sem giltu á þeim tíma sem slík atvik kynnu að hafa átt sér stað og eftir atvikum þjóðréttarlega skuldbindinga.

einnig komist að þeirri niðurstöðu að opinbert eftirlit með starfsemi vöggustofanna hafi verið óviðunandi stærstan hluta þess tímabils sem þær störfuðu. Í því samhengi telur nefndin einnig athugunarvert hversu litlum upplýsingum virðist hafa verið haldið til haga um starfshætti vöggustofanna.

Í ljósi þess sem að framan er rakið og í samræmi við hlutverk nefndarinnar samkvæmt 5. tölulið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 og f-lið samþykktar borgarráðs frá 10. mars 2022 hefur nefndin lagt mat á hvaða tillögur komi til greina að setja fram í tilefni af niðurstöðum nefndarinnar. Við það mat hefur nefndin horft til þess hvernig vistheimilanefnd setti fram tillögur sínar en þær tillögur tóku jafnframt mið af því hvernig leitast hafði verið við að bregðast við niðurstöðum sem settar voru fram í skýrslum opinberra nefnda á Norðurlöndum um vistun barna á opinberum stofnunum fjarri foreldrum og öðrum forráðamönnum. Hefur þá jafnframt verið haft í huga að möguleikar stjórnvalda á að bregðast við niðurstöðunum eru á ýmsan hátt takmarkaðir í ljósi þess hversu langt er um liðið síðan þeir atburðir sem fjallað er um í skýrslunni áttu sér stað.

Eins og rakið er í 2. kafla liggur fyrir fjöldi vísindarannsókna sem sýna fram á að örvun frá umhverfinu, sem og samskipti og tengsl við umönnunaraðila, eru nauðsynleg forsenda fyrir þroska barns á fyrstu þremur æviárunum þegar grunnurinn er lagður að margvíslegri færni barnsins síðar meir. Misbrestur á því að barn njóti þessara þátta getur leitt til þess að alvarleg þroskafrávik og geðræn vandamál koma fram síðar á ævinni. Úr barnaverndarránsóknum er enn fremur þekkt að miklu skiptir hvernig staðið er að ákvörðunum um inngrip í lífi barna hvað snertir upplýsingar, foreldratengsl, eftirlit og eftirfylgd. Tengslarof eða strjált samband við foreldra eykur jafnan kvíða og öryggisleysi barna við slík skilyrði.<sup>324</sup>

Fjölmarginir þeirra sem voru vistaðir á vöggustofu hafa greint nefndinni frá heilsufarslegum og félagslegum erfiðleikum sem þeir telja að rekja megi að einhverju leyti til vistunar þeirra á vöggustofu. Þá er jafnframt ljóst, sbr. kafla 5.4., að dánartíðni er hærri í hópi þeirra sem vistaðir voru á vöggustofu í samanburði við aðra sem fæddust hérlendis á sama árabili og á það einnig við um sjálfsvígstíðni. Þá er örorka einnig hærri í þessum hópi miðað við sama árabil. Þótt það sé ekki í verkahring vöggustofunefndar að taka afstöðu til þess hvaða áhrif vöggustofuvistin hefur haft á þá einstaklinga sem þar voru vistaðir sem og hvort og að hvaða leyti aðrir þættir hafi einnig haft þar áhrif, telur nefndin engu að síður hafið yfir vafa að vöggustofuvistin hafi í mörgum tilvikum haft veruleg áhrif á líf og velferð viðkomandi til frambúðar.

Með hliðsjón af þessum atriðum hefur nefndin talið tilnefni til að setja fram alls fjórar tillögur. Fyrsta tillagan lýtur að hugsanlegum skaðabótageiðslum til þeirra sem vistaðir voru á vöggustofunum sem börn (kafla 7.2). Önnur tillagan fjallar um geðheilbrigðis- og

---

<sup>324</sup> Skýrsla vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, Reykjavík 2008, bls. 147 og þær heimildir sem þar er vitnað til.

sálfræðiþjónustu til sömu einstaklinga (kafla 7.3) en sú þriðja beinist að gildandi framkvæmd og eftirliti á sviði barnaverndarmála (kafla 7.4.). Fjórtá og síðasta tillagan lýtur að því að borgarráð taki afstöðu til þess hvort rétt sé að framhald verði á athugun á vöggustofum í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 45/2022.

## 7.2. Skaðabótaskylda hins opinbera

Ljóst er að með ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur um að setja á stofn nefnd til að gera heildstæða athugun á málefnum Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og ákvörðun Alþingis að samþykkja lög nr. 45/2022 voru stjórnvöld að bregðast við frásögnum sem fram höfðu komið opinberlega um vöggustofunnar og athugasemdum við hvernig staðið hefði verið að vistun barna þar sem og meðferð þeirra. Með þessum ákvörðunum lögðu Alþingi og borgarráð grundvöll að því að varpað yrði ljósi á atburði fortíðarinnar og þá með það í huga að taka afstöðu til þess hvernig hægt væri að bregðast við í nútímasamfélagi.

Með hliðsjón af þeim niðurstöðum sem fram koma í 6. kafla hefur vöggustofunefnd talið falla innan verkefnislýsingar sinnar samkvæmt lögum nr. 45/2022 og samþykkt borgarráðs frá 10. mars 2022, að taka til athugunar hvort rétt sé að leggja til við að brugðist verði við niðurstöðum nefndarinnar með fjárgreiðslum í formi skaðabóta til þeirra sem vistaðir voru sem börn á vöggustofunum, öllum eða hluta þeirra. Nefndinni er ljóst að á þingmálaskrá 154. löggjafarþings 2023-2024 er gert ráð fyrir að lagt sé fram frumvarp til laga um almennar sanngirnisbætur vegna háttsemi opinberra aðila hjá stofnunum ríkisins, sveitarfélögum eða af hálfu einkaaðila á grundvelli ákvörðunar eða samnings við opinberan aðila eða samkvæmt opinberu leyfi samkvæmt lögum sem valdið hefur þeim varanlegum skaða sem ekki fæst bættur á annan hátt. Gert er ráð fyrir að sérstök matsnefnd sanngirnisbóta taki við umsóknum, leggi mat á umsóknir og geri tillögu til sanngirnisbótanefndar um greiðslu sanngirnisbóta til einstaklinga sem falla undir gildissvið frumvarpsins. Sanngirnisbótanefnd taki síðan endanlega ákvörðun hverju sinni um greiðslu bóta til einstaklinga.

Nefndin telur engu að síður tilefni til að fjalla um ákveðin sjónarmið tengd bótaskyldu hins opinbera og þá einkum með hliðsjón af umfjöllun vistheimilaneftndar um sama málefni.

Fjallað er almennt um skaðabótageiðslur til þeirra sem dvöldu á vist- og meðferðarheimilum fyrir börn í fyrstu skýrslu vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007.<sup>325</sup> Við gerð þeirrar skýrslu aflaði nefndin álitsgerðar Viðars Más Matthíassonar, þá prófessors í

---

<sup>325</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, Reykjavík 2008, bls. 149 o.áfr.

skaðabótarétti við lagadeild Háskóla Íslands, um ýmis skaðabótaréttarleg álitæfni í tilefni af athugun nefndarinnar, en álitsgerðin er birt í heild sem fylgiskjal með skýrslunni.<sup>326</sup>

Í álitsgerðinni var lýst þeirri niðurstöðu að ákvarðanir stjórnvalda um vistun barna á vist- eða meðferðarheimilum, sem hafi verið ólögmætar og leitt til tjóns fyrir þau börn, sem í hlut áttu, leiði að öðru jöfnu til skaðabótaábyrgðar ríkisins eða þess sveitarfélags, sem stjórnvald kann að hafa heyrt undir. Í kjölfarið er síðan fjallað um skaðabótaskyldu ríkisins miðað við þær forsendur að barn hefði við dvöl á vist- eða meðferðarheimili á vegum hins opinbera orðið „með reglubundnum hætti [...] fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í merkingu refsilaga“ og „að starfsmenn ríkisins á viðkomandi vistheimili hafi í störfum sínum sýnt af sér almennt eða stórkostlegt gáleysi með því að rækja ekki umönnunar- og eftirlitsskyldur í samskiptum vistmanna“.

Út frá þessum tilteknu forsendum var það niðurstaða álitsgerðarinnar að ekki léki vafi á því að ríkið, sem vinnuveitandi þeirra starfsmanna sem í hlut ættu hefði borið ábyrgð á tjóni, sem valdið hefði verið með slíkri háttsemi. Væri þá jafnframt miðað við að „slík háttsemi hefði ekki getað átt sér stað ef eftirlit með starfsmönnum og starfsemi svo og gæsla á börnum [hefði] verið fullnægjandi“. Yrði þá að leggja til grundvallar að eftirlit og umönnun forstöðumanna hefði brugðist á heimili ef börn yrðu þar með reglubundnum hætti fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi.

Í álitsgerðinni er rakið að samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar yrði tjónþoli þó að sanna, að hann hefði í raun orðið fyrir tjóni og af hvaða háttsemi það hafi stafað, svo og að það væru orsakatengsl milli þeirrar háttsemi og tjónsins. Jafnvel þótt sú sönnun tækist, væri hins vegar ljóst að miðað við reglur um fyrningu skaðabótakrafna væri krafa tjónþolans á hendur íslenska ríkinu fyrnd. Í framhaldinu er rakið í álitsgerðinni að hugsa mætti sér leið sem fælist í því að sett yrðu lög þar sem veitt yrði heimild til að greiða bætur til þeirra sem orðið hefðu fyrir tjóni af völdum annarra vistmanna eða starfsmanna á meðan þeir dvöldu á vistheimili. Þá yrði nauðsynlegt að setja almennar reglur um skilyrði til bóta og almennar reglur um aðferð eða viðmiðanir við ákvörðun á fjárhæð bótanna. Enn fremur þyrfti að setja almennar reglur um hvort bætt yrði bæði tímabundið og varanlegt tjón, eða einungis hið síðarnefnda. Jafnframt yrði að taka af skarið um það, hvers konar bætur væri um að ræða, þ.e. hvort leitast ætti við að meta og bæta fjártjón vistmanna, eða hvort greiða eigi bætur vegna miska. Einnig mætti hugsa sér að bætur yrðu ákveðnar sem meðalhófsbætur, sem í sjálfu sér gætu bæði tekið til miska og fjártjóns. Meðalhófsbætur væru ekki ákveðnar eftir reglum skaðabótaréttar, heldur væru þær sanngirnibætur, ákveðnar eins fyrir alla eða eftir einföldum mælikvörðum, t.d. vistunartíma.<sup>327</sup>

<sup>326</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, Reykjavík 2008, bls. 342-354.

<sup>327</sup> Sjá hér álitsgerð um ýmis skaðabótaréttarleg atriði í tilefni af könnun nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 á starfsemi vistheimilisins Breiðavík á árunum 1952 til 1979, bls. 13.



Í skýrslu vistheimilaneftndar frá árinu 2009 tók nefndin að meginstefnu undir þau viðhorf sem fram komu í álitssgerðinni. Lagði nefndin til að stjórnvöld legðu á það mat í ljósi niðurstaðna í skýrslunni hvort og þá að hvaða marki yrði leitast við að rétta hlut þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á Breiðavíkurheimilinu, öllum eða hluta þeirra, með fjárgreiðslu í formi skaðabóta. Var það jafnframt tillaga nefndarinnar til stjórnvalda að þá yrði jafnframt tekin afstaða til þeirra leiða sem raktar væru í álitssgerðinni. Kæmi þá helst til greina annars að leysa úr hverju máli fyrir sig á grundvelli krafna tjonþola eða að sett yrðu lög er heimila að greiddar verði skaðabætur á almennum grundvelli.

Alþingi brást við ábendingum nefndarinnar með að setja lög nr. 47/2010, um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem féllu undir lög nr. 26/2007. Í lögnum var mælt fyrir um greiðslu sanngirnisbóta úr ríkissjóði til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða af „illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum“ sem féllu undir lög nr. 26/2007.“ Skilyrði bóta samkvæmt lögnum var þannig ekki takmarkað við tilvik þar sem barn hafði sætt líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi á stofnun eða heimili heldur náði það einnig til tilvika þar sem barn hafði sætt „illri meðferð“, en það hugtak var skilgreint sérstaklega í a til c-lið 1. mgr. 3. gr. laganna.<sup>328</sup> Meðal þeirra atriða sem töldust til illrar meðferðar samkvæmt ákvæðinu voru „athafnir til þess fallnar að misbjóða barni eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin“, sbr. c-lið ákvæðisins.

Í lögnum var einnig fjallað um skilyrði sanngirnisbóta, fjárhæð þeirra og málsmeðferð við úrlausn einstakra mála. Var þá sýslumanni falið að taka ákvörðun um hvort skilyrði til bóta væru fyrir hendi á grundvelli krafna sem honum kynnu að berast. Þá gerðu lögin ráð fyrir að sérstök úrskurðarnefnd um sanngirnisbætur tæki afstöðu til krafna um slíkar bætur.

Í 10. gr. laganna var síðan mælt fyrir um tengilið vegna vistheimila. Tengiliðurinn hafði annars vegar það hlutverk að koma að eigin frumkvæði á framfæri upplýsingum til þeirra sem kynnu að eiga bótarétt samkvæmt lögnum og eftir atvikum afkomenda þeirra. Í öðru lagi var það í verkahring tengiliðs að aðstoða fyrrverandi vistmenn sem kynnu að eiga bótarétt við að útbúa kröfugerð um sanngirnisbætur og að aðstoða þá við að sækja sér þjónustu sem ríki og sveitarfélög veittu fyrrverandi vistmönnum, s.s. geðheilbrigðisþjónustu.

Í annarri áfangaskýrslu sinni tók vistheimilaneftnd fram að með setningu laga nr. 47/2010 hefði ríkisstjórn og Alþingi brugðist með jákvæðum hætti við tillögum nefndarinnar um hugsanlegar skaðabótageiðslur til þeirra sem voru vistaðir á heimilum sem athuganir nefndarinnar höfðu beinst að. Ljóst er að fram til 1. janúar 2021 var í gildi heimild fyrir

---

<sup>328</sup> Ákvæðið var svohljóðandi: „ Með illri meðferð eða ofbeldi er átt við:

„a. hvers kyns refsiverða líkamlega valdbeitingu gagnvart barni og aðra líkamlega valdbeitingu þar sem valdið er óþarfa sársauka,

b. ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi athafnir gagnvart barni,

c. athafnir til þess fallnar að misbjóða barni eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin.“

greiðslu sanngirnisbóta úr ríkissjóði til allra þeirra sem urðu „fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum sem [féllu] undir lög um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, nr. 26/2007“, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2010. Fram til 1. janúar 2021 var það jafnframt skilyrði fyrir því að krafa yrði tekin til meðferðar samkvæmt lögum að fyrir lægi skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 og innköllun sýslumanns.

Með setningu laga nr. 29/2020, um breytingu á lögum nr. 47/2010, um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 (lokauppgjör) var gildissviði laga nr. 47/2010 breytt frá og með 1. janúar 2021. Fól sú breyting í sér að heimild 1. mgr. 1. gr. laganna fyrir greiðslu sanngirnisbóta til þeirra sem dvöldu á heimilum sem vistheimilanefnd fjallaði um var felld brott. Í staðinn var heimild til greiðslu sanngirnisbóta í 1. mgr. 1. gr. laganna einskorðuð við þá sem urðu fyrir „varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum fyrir fötluð börn sem starfræktar voru á vegum hins opinbera og þar sem börn voru vistuð sólarhringsvistun“. Tóku lögin til starfsemi þessara stofnana fram til 1. febrúar 1993. Þá var 2. gr. laganna breytt á þann veg að þess var ekki lengur krafist að skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 lægi fyrir áður en bótakrafa væri tekin til efnislegrar meðferðar. Miðaði sú breyting að því að einfalda bótauppgjör þannig að unnt yrði að greiða sanngirnisbætur í nánar afmörkuðum tilvikum án þess að skýrsla vistheimilanefndar lægi fyrir.

Vöggustofunefnd telur ljóst að eins og núgildandi löggjöf er háttáð standa almennt ekki heimildir til greiðslu sanngirnisbóta eða sambærilegra greiðslna úr ríkissjóði til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á Vöggustofunni Hlíðarenda eða Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.<sup>329</sup> Ekki er þó útilokað að annað gildi um fötluð börn sem vistuð voru á vöggustofunum, sbr. núgildandi ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2010, enda liggur fyrir að fötluð börn voru vistuð ásamt öðrum börnum á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, þrátt fyrir að þau hafi einungis verið lítill hluti þeirra barna sem þar voru vistuð hverju sinni. Frávik frá þessu má finna á árunum 1970 til 1972, en þá voru nokkur fötluð börn vistuð að staðaldri á vöggustofunni meðan beðið var þess að ný deild á Kópavogshæli tæki til starfa. Þótt ekki verði með vissu ráðið hvort þau hafi verið í umsjá starfsmanna vöggustofunnar eða starfsmanna Kópavogshælis, eða eftir atvikum annarra stofnana ríkisins, verður ekki séð að það girði fyrir hugsanlegan rétt til sanngirnisbóta samkvæmt núgildandi lögum nr. 47/2010. Verður þá að líta til þess að gildissvið laganna er miðað við „stofnanir fyrir fötluð börn sem starfræktar voru á vegum hins opinbera og þar sem börn voru vistuð sólarhringsvistun.“

---

<sup>329</sup> Rétt er að taka fram að þótt vöggustofunefnd hafi ekki talið unnt að slá því föstu við athugun sína að börn hafi sætt ofbeldi á Vöggustofunni Hlíðarenda eða Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1949-1973, eða að meiri líkur en minni séu á því að börn hafi sætt illri meðferð á síðarnefndu vöggustofunni, þá er nefndinni ekki ætlað endanlegt úrskurðarvald að lögum um réttindi og skyldur einstaklinga, þar á meðal bótarétt þeirra sem dvöldu á vöggustofum. Vöggustofunefnd telur þannig ekki unnt að útiloka að nýjar upplýsingar geti komið fram sem gefi þá tilefni til að endurmeta niðurstöðu nefndarinnar í einstaka tilvikum.

Nefndinni er ljóst að fátt ef nokkuð getur í reynd bætt þann skaða sem einstaklingar hafa beðið af því að vera vistaðir langdvölum sem ungbörn fjarri foreldrum sínum án þess njóta neinnar raunverulegar umgengi við þau og án þess að til kæmu aðilar sem gætu veitt þeim persónulega umönnun að einhverju leyti í stað foreldra. Tillögur nefndarinnar eru hins vegar settar fram með það í huga að þegar sleppir opinberum yfirlýsingum stjórnvalda, þar sem mistök og atburðir liðinna tíma eru viðurkennd í nútímanum og beðist afsökunar, eru skaðabætur meðal þeirra fáu úrræða sem stjórnvöld hafa til að freista þess að rétta hlut þeirra sem eiga um sárt að binda.<sup>330</sup>

Með vísan til þessa leggur nefndin til að stjórnvöld meti það út frá niðurstöðum í skýrslunni hvort og þá að hvaða marki verði leitast við að rétta hlut þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins með fjárgreiðslu í formi skaðabóta. Er það jafnframt tillaga nefndarinnar til stjórnvalda að þá verði jafnframt tekin afstaða til þess hvort rétt sé að fara aftur þá leið sem farin var með setningu laga nr. 47/2010 og nógildandi lögum þá breytt til þess horfs að unnt sé að fjalla um umsóknir þeirra sem vistaðir voru á báðum vöggustofunum á meðan þar var sólhringsvistun. Sú leið byggir á því að leyst sé úr hverju máli fyrir sig á grundvelli krafna tjónþola. Önnur fær leið væri að sett væru ný lög sem heimiluðu að greiddar verði skaðabætur á almennum grundvelli. Nefndin tekur að öðru leyti ekki afstöðu til þessara leiða og hvort önnur sé æskilegri en hin.

### 7.3. Geðheilbrigðis- og sálfræðipjónusta

Á ríkisstjórnarfundi 13. febrúar 2007 var ákveðið að skipa þverfaglegt teymi á geðsviði Landspítalans til að meta þörf þeirra einstaklinga sem dvöldust á Breiðavík á barnsaldri fyrir aðstoð. Teymið var skipað þremur sérfræðingum, þ.e. geðlækni og tveimur sálfræðingum, þar af öðrum utan geðsviðs Landspítala. Í kjölfarið var geðsviði Landspítala falið að sjá um að taka á móti fyrrverandi vistmönnum sem leituðu eftir aðstoð.

Frá og með 31. maí 2007 var ákveðið að þessi þjónusta skyldi einnig standa til boða þeim er dvalið höfðu á öðrum vistheimilum eða stofnunum, sem rekin voru af framlögum ríkis eða sveitarfélaga, og sem töldu sig hafa þurft að þola illa meðferð eða ofbeldi af hálfu starfsmanna eða annarra vistmanna. Í tilkynningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins 16. mars 2007 var tekið fram að úrræði þetta væri tímabundið.

Í minnisblaði frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar/Barnavernd Reykjavíkur sem lagt var fram á fundi borgarráðs þann 6. mars 2008 var gerð grein fyrir aðgerðum sem gripið var til á velferðarsviði í kjölfar umræðu um starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Meðal annars var ákveðið að bjóða fyrrverandi vistmönnum aðstoð vegna náms þar sem ljóst var að vistmenn

---

<sup>330</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, Reykjavík 2008, bls. 149-155.

væru oft og tíðum illa staddir hvað varðaði nám og kunnáttu vegna skorts á grunnnámi þar sem kennsla var greinilega ábótavant á Breiðavík.<sup>331</sup>

Í skýrslu vistheimilaneftdar um könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins sem út kom árið 2008 kemur fram að teymið sem skipað var hafi ákveðið að þjónustan sjálf færi fram utan spítalans hjá sálfræðingum er hefðu reynt af meðferð sams konar mála. Reyndur starfsmaður á geðsviði hafi verið skipaður tengiliður milli þeirra sem leituðu aðstoðar og þeirra sem veittu hana og til að hafa umsjón með þjónustunni. Þeim fyrrverandi vistmönnum, sem virtust vera í þörf fyrir bráðþjónustu var boðið að koma umsvifalaust á göngudeild geðsviðs spítalans þar sem þeir fengu viðeigandi aðstoð.<sup>332</sup>

Í sömu skýrslu segir einnig að þeim sem dvalið hefðu á fyrrgreindum vistheimilum og stofnunum og óskuðu eftir aðstoð hafi verið boðið að koma til viðtals við reyndan sálfræðing á deildinni, sem kannaði m.a. hvernig þeim leið og hversu mikið lá á að þeir fengju aðstoð samkvæmt áhættumati þar sem m.a. var litið til sjálfsvígshættu. Í framhaldi var viðkomandi svo boðið upp á meðferð hjá sálfræðingi á einkastofu með upplýsingum um að hún væri viðkomandi að kostnaðarlausu. Þeir sem af einhverjum ástæðum treystu sér ekki til að koma til viðtals á geðdeildina var boðin aðstoð hjá sálfræðingi á einkastofu þegar í stað, milliliðalaust. Í upphafi var boðið upp á sálfræðimeðferð í allt að 10 skipti fyrir hvern einstakling og að þeim loknum var lagt mat á þörf fyrir frekari aðstoð í samráði við teymið.<sup>333</sup>

Fyrir liggur að þegar skýrsla vistheimilaneftdar kom út árið 2008 höfðu alls 44 einstaklingar sem dvalið höfðu vistheimilum fengið aðstoð. Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn á Alþingi árið 2008 kemur fram að sálfræðiaðstoð hafi staðið til boða öllum fyrrverandi vistmönnum stofnana eða vistheimila, sem rekin voru af opinberu fé, og leitað höfðu til geðsviðs Landspítala frá því um miðjan febrúar 2008. Geðsvið Landspítala hefði skipulagt þessa þjónustu en sálfræðimeðferðin sem veitt hefði verið utan stofnunarinnar væri einstaklingunum að kostnaðarlausu.<sup>334</sup>

Í ljósi niðurstaðna nefndarinnar í 6. kafla þessarar skýrslu en ekki síður þeim upplýsingum sem nefndin hefur tekið saman um afdrif vöggustofubarna í kafla 5.4., meðal annars um dánartíðni og -orsakir, sem og hlutfall örorku telur nefndin brýnt að stjórnvöld leggi á það ígrundað mat hvort og þá hvaða þörf sé á að tryggja geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu eða aðra sértæka aðstoð fyrir þá sem dvöldu á vöggustofunum. Við það mat verði þá tekið mið af þeirri reyntu sem þegar liggur fyrir í þeim efnum og rakin er hér að framan.

---

<sup>331</sup> Minnisblað R07020046.

<sup>332</sup> Skýrsla vistheimilaneftdar samkvæmt lögum nr. 26/2007, Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, Reykjavík 2008, bls. 155.

<sup>333</sup> Sama heimild bls., bls. 155-156.

<sup>334</sup> 108 Alþt. 132. löggjafarþing 2007 – 2008, þskj. 200 – 186. mál.

Við nánara mat og undirbúning á frekari tillögum telur nefndin rökrétt og eðlilegt að annaðhvort verði gerðar viðhlítandi ráðstafanir á vettvangi Reykjavíkurborgar til að tryggja að vöggustofubörn fái geðheilbrigðis- eða sálfræðipjónustu eða, eftir atvikum, aðra sértæka aðstoð sér að kostnaðarlausu. Í því efni er þó æskilegt að skilgreina umfang og tímamörk þjónustunnar fyrirfram eftir almennum viðmiðum.

## 7.4. Eftirlit og framkvæmd á sviði barnaverndarmála

Athugunin sem þessi skýrsla byggist á tekur til ákvarðana og eftirlits með tilteknum stofnunum á sviði barnaverndarmála árin 1949-1973 á tímabili sem lauk fyrir tæplega fimmtíu árum. Vöggustofunefnd telur engu að síður að niðurstöður hennar, rétt eins og þær niðurstöður sem birtust í skýrslum vistheimilaneftndar á árunum 2008 til 2011 beri vott um mikilvægi þess að skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart börnum séu tryggðar. Er þá einkum brýnt að tryggja að réttindi barns, sem og þarfir þess og hagsmunir séu ávallt í fyrirrúmi og að öll vinnubrögð sem snerta aðdraganda og ákvörðun um ráðstöfun barns utan heimilis, framkvæmd ráðstöfunar, umsjá barnsins meðan á vistun stendur beri þess merki. Sama á við um allan undirbúning að ákvörðun um lok vistunar og að máli barns sé fylgt eftir í kjölfarið.

Eins og rakið er í þriðju áfangaskýrslu vistheimilaneftndar árið 2011 gegna barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra lykilhlutverki í aðdraganda þess að tekin er ákvörðun að vista barn utan heimilis, sem og því hvernig staðið er að því að framkvæma slíka ákvörðun og fylgja henni eftir. Þá hefur skipuleg skráning, gæðamat og rannsóknartengd þróunarvinna verulega þýðingu að þessu leyti.

Nefndin vill taka sérstaklega undir mikilvægi skipulegrar skráningar, gæðamats og rannsóknartengdrar þróunarvinnu í þessu samhengi. Eins og rakið hefur verið í skýrslu nefndarinnar þá var upplýsingaöflun að mörgu leyti annmörkum háð vegna þess hve illa var staðið að skipulegri skráningu sem aftur hefur áhrif á grundvöll, gegnsæi og þar með aðgengi allra hlutaðeigandi að upplýsingum um ákvarðanir sem teknar voru í tengslum við vistun á vöggustofu. Gæðamat þar með talið setning formlegra leiðbeininga/verklags fyrir starfsmenn sem sinna daglegri þjónustu við börn er afar mikilvægt. Með því er m.a. hægt að setja fram leiðbeiningar/kröfur um að byggt sé að sannreyndri þekkingu við þjónustu og í umönnun barna, að áherslur og nálgun í þjónustu sé samhæfð og í takti við það sem best kemur til móts við margbreytilegar og fjölbreyttar þarfir barna með tilliti til þroska og aldurs hvers barns. Athugun nefndarinnar leiddi m.a. í ljós að svo virðist sem að áherslur einstakra forstöðukvenna hafi ráðið mestu um innra starf og áherslur í umönnun barna á vöggustofunum og að ekki voru til staðar formlegar leiðbeiningar eða skilaboð frá rekstraraðila (barnaverndarnefnd) um hvaða áherslur skyldi leggja til grundvallar í þjónustu og umönnun þrátt fyrir að til staðar væri þekking á um hvaða þætti bæri að leggja áherslu á í umönnun og þjónustu við börn sem vistuð eru utan heimilis.

Fyrir liggur að laga- og starfsumhverfi barnaverndar hefur tekið algerum stakkaskiptum frá því tímabili lauk sem athugun vöggustofunefndar beinist að. Nefndinni er kunnugt um að í fyrrgreindu minnisblaði sem lagt var fram á fundi borgarráðs 5. mars 2008 var gripið til aðgerða sem m.a. fólu í sér að kortleggja sólarhringsúrræði fyrir börn á vegum Reykjavíkurborgar, fara yfir vinnulag, yfirfara eftirlitsferla varðandi aðbúnað og líðan barnanna meðan á vistun stendur og eftirfylgni að vistun lokinni. Í kjölfar niðurstaðna kortlagningar voru unnar tillögur að samhæfðum verkferlum vegna eftirlits, samninga og eftirfylgdar í tengslum við vistun barna.

Nefndinni er enn fremur kunnugt um að ráðist var í ákveðnar umbætur á starfsumhverfi barnaverndar í kjölfar ábendinga sem settar voru fram í þriðju áfangaskýrslu vistheimilaneftndar frá árinu 2011. Nefndin telur engu að síður rétt að áréttu fyrri ábendingar vistheimilaneftndar, þar sem mikilvægt er að rýna reglulega þær aðstæður og umhverfi sem starfsmenn barnaverndar starfa í. Nefndin telur því að niðurstöður hennar endurspegli nauðsyn þess að sveitarfélög tryggi að barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra hafi nægilegt svigrúm og tíma til að vinna hvert og eitt mál í samræmi við ákvæði laga og reglna. Í því felst að sett séu viðmið um takmörkun málafjölda á hvern sérfræðing og tryggð sé sérhæfð þekking í mati, greiningu, meðferðaráætlun og eftirfylgd. Þá verður að huga sérstaklega að hæfni og reynslu nefndarmanna og stuðla að því að fagfólk á sviðinu geti aflað sér sí- og endurmenntunar. Sveitarfélög verða einnig að tryggja framboð af stuðningsúrræðum til að styrkja börn og fjölskyldur þeirra svo komast megi hjá vistun utan heimilis.<sup>335</sup>

## 7.5. Frekari athuganir á grundvelli laga nr. 45/2022

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 er Reykjavíkurborg heimilt að setja á fót nefnd til að kanna starfsemi vöggustofa fyrir börn sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld. Eins fram kemur í kafla 1.2. hefur nefndin lagt til grundvallar að verkefni hennar sé takmarkað við tímabilið 1949 til 1973. Með vísan til þess að Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins starfaði allt til ársins 1979 sem upptökuheimili barna allt til 12 ára aldurs telur nefndin aftur á móti rétt að Reykjavíkurborg taki afstöðu til þess að fenginni skýrslu nefndarinnar um tímabilið 1949 til 1973 hvort hún telji að tímabilið 1974 til 1979 verði tekið til frekari athugunar og þá með hliðsjón af breyttum verkefnum vöggustofunnar á því tímabili.

Nefndin telur rétt að borgarráð leggi á það mat, m.a. út frá niðurstöðum nefndarinnar hvort tilefni sé til að framhald verði á athugun af þeim toga sem nefndin hefur haft með höndum og þá í samræmi við þær almennu valdheimildir sem nefndinni eru fengnar með lögum 45/2022. Við það mat verði þá eftir atvikum tekin afstaða til þess hvort samsvarandi atriði og nefndin

---

<sup>335</sup> Skýrsla vistheimilaneftndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 - Áfangaskýrsla nr. 3 - Könnun á starfsemi Upptökuheimilis ríkisins 1945-1971, Unglingaheimilis ríkisins 1971-1994 og meðferðarheimilisins í Smáratúni og á Torfastöðum 1979-1994, bls. 378.

hefur lýst í þessari skýrslu hafi þá verið fyrir hendi frá og með árinu 1974 eða hvort rök standi fremur til þess að láta nú staðar numið með starf nefndar samkvæmt lögum nr. 45/2022.



# Heimildaskrá

## Óbirtar heimildir

### Borgarskjalasafn Reykjavíkur

#### Dagvist barna

kassi 1 I. Uppbygging og rekstur dagvistarheimila, Sumargjöf, könnun á þörf fyrir dagvistarheimili 1957-1983.

kassi 2 II. Uppbygging og rekstur dagvistarheimila, reglur, biðlistar, framkvæmdaáætlun, innra starf, yfirlit um fjölda rýma 1968-1985.

kassi 3 III. Uppbygging og rekstur dagvistarheimila, tæki og búnaður, starfsmenn, laun og kjör, hönnun og teikningar 1965-84.

kassi 4 II. Samstarfsaðilar, Sumargjöf, foreldrar, íbúar, sveitarfélög, hópar, félög 1968-1983 III. Dagheimili á vegum Reykjavíkurbæjar 1945-1984.

kassi 13 Dagheimili 1968-1986.

### Skólaskrifstofa Reykjavíkur

5 Sálfræðingar skóla 1953-1974.

8 Barnavernd 1955-1962.

9 Barnaheimili 1946-1960.

331 Borgarstjóri og borgarráð, bréf 1963-1979.

346 Sálfræðideild 1972-1987.

700 Sumardvalir barna 1944-1969.

771 Heilbrigðiseftirlit ofl. 1910-1984.

779 Sálfræðipjónusta, skýrslur bréf ofl. 1955-1974.

### Félagsmálaráð Reykjavíkur

309 Skipulag FR, fjárhagsaðstoð, velferðarnefnd aldraðra, saga, samþykkt 1967-1986.

1128 Almennar reglur o.fl. 1973-1987.

1129 Ýmislegt varðandi FR 1971-1981.

F-4/3 (308.01.01) Fundargerðir.

1140 Samskipti við Félag einstæðra foreldra og kvennaathvarf, málefni fatlaðra 1959-1991.

1147 Barnaverndarmál. Dvalir á vistheimilum v. Mánagötu, Hraunberg, Mánagötu og Dalbraut 1963-1993.

1157 Samþykktir, skipulag, nefndir, umræður í borgarstjórn varðandi félagsþjónustu 1962-1993.

1169 Sumardvalir, vistheimili, dagvistun, Svefneyjar og ýmis málefni barna 1963-1986.

1170 Upphaf barnaverndarlaga 1930, skýrsla frá maí 2000, vistun barna, skjöl barnaverndarnefndar 1967-1968.

1171 Greinargerðir um þjónustu v/börn og unglínga, samstarfsnefnd um barnaverndarmál, skipulag og starfshættir barnaverndarnefndar o.fl. 1966-1994.

1185 Ýmsar kannanir og skýrslur á sviði félagsmála 1970-1993.

1191 Ýmsir þættir í tengslum við rekstur FR, saumastofa, vetrarhjálp o.fl. 1965-1994.

1196 Umsagnir um löggjöf á sviði félagsmála 1952-1994.

1197 Rekstur, reglur um framkvæmd og starfsmannahald.

### Fræðsluráð

138 Skólanefndir og Fræðsluráð 1959-1944.

1102 Fundargerðir Fræðsluráðs 1977-1984.

A 6271 Fundargerðir Fræðsluráðs án árt.

### Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur (Reykjavíkumdamis frá 1986; askja/örk)

F-4 /5 Fræðslustjórafundur 1974 - 1975.

F-6 /0 Málafundir 1947 - 1984. Fræðslulagafrumvarp - Fræðslustjóramót.

F-6/3,4, 6 Fræðslustjóramót 1970 -1976.

F-7/0 Fræðslustjóri - Fundir. Málafundir 1947 - 1984.

F-7/1 Fræðslustjóri. Ræður 1970 - 1972.

F-7/2 Fræðslustjóri. Erlend bréf 1950 - 1976.

F-7/5-6 Fundir: Fræðslustjóramót 1980-1981.

F-11/1 Minnisblöð, viðtöl og bréf fræðslustjóra 1963-1978.

F-18/4 Bréf frá borgarstjóra 1974 - 1981.

F-21/0 Skýrslur forskóladeildar barna-/grunnskóla Reykjavíkur 1970-1984 o.fl.

- 8-15/0 A-8-A-15 Bréf fræðslustjóra frá 1986.  
 48/0 M-1 Fræðslustjórar umdæma, fundargerðir 1988 - 1995.  
 50/0 M-3 Fræðslustjórar, mál höfuðborga Norðurlanda 1978-1996.  
 54 /0 M-7 Menntamálaráðuneyti - fræðslustjóri ýmis gögn 1988-1995.  
 56 A/0 A-16 Bréf frá fræðslustjóra 1986-1987.  
 57 B/0 A-18 Fræðslustjórar - ýmis gögn frá Fræðsluskrifstofu 1988-1991.  
 99, 101/0 Ýmis bréf, kannanir, námskeið, skýrslur, lög, reglugerðir og úrskurðir 1963-1986.  
 110/0 Bréf fræðslustjóra 1995-1996.  
 111/0 Fundargerðir 1991-1995.  
 131/0 Ýmislegt 1986-1995.

### Félagsmálaráð

- 15263 Fundargerðir Félagsmálaráðs Reykjavíkur 1972.  
 15780 Barnaheimili Reykjavíkurbæjar. Skýrslur framfærslunefndar. Komu- og brottfarardagar barna 1960-1961.  
 15781 Barnaheimili Reykjavíkurbæjar. Skýrslur framfærslunefndar. Komu- og brottfarardagar barna 1962-1963.  
 15782 Barnaheimili Reykjavíkurbæjar. Skýrslur framfærslunefndar. Komu- og brottfarardagar barna 1964-1965.

### Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar

- 6 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Ársýrlit o.fl. 1932-1968.  
 19 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnavernd. Vistheimili barna. Barnaverndarmál.  
 20 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnavernd. Vistheimili barna. Barnaverndarmál.  
 21 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnavernd. Vistheimili barna. Barnaverndarmál.  
 22 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnavernd. Vistheimili barna. Barnaverndarmál.  
 44 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnavernd. Vistheimili barna. Barnaverndarmál.  
 45 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnavernd. Vistheimili barna. Barnaverndarmál.  
 39 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Eftirlitsskýrslur. Tímabil 1940-1964. Möppur 1-70.  
 40 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Eftirlitsskýrslur. Tímabil 1940-1964. Möppur 71-183.  
 41 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Eftirlitsskýrslur. Tímabil 1940-1964. Möppur 184-324.  
 42 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Eftirlitsskýrslur. Tímabil 1940-1964. Möppur 326-467.  
 43 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Eftirlitsskýrslur. Tímabil 1940-1964. Möppur 488-515.  
 47 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fræðslumál 1932-1970.  
 92 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Bréf vegna einstaklingsmála o.fl. 1967-1974.  
 126 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 127 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 128 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 129 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 130 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 131 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 132 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 133 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 134 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 135 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 136 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 137 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 138 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 139 Vistheimili barna Dalbraut. Barnavernd.  
 147 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Ýmislegt v/sumardvala barna á sveitaheimilum 1933-1967.  
 148 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnaheimili 1932-1971.  
 149 Barnavernd, Barnaheimili, Elliðahvammur, Sólheimar í Grímsnesi.  
 160 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnaheimilið Silungapollur. Gögn um heilsufar barna 1961-1966.  
 161 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnaheimilið Silungapollur. Gögn um heilsufar barna 1967-1970.  
 170 Barnavernd. Skýrsla um eftirlit með börnum árið 1950, 1951, 1952 og 1953 eftir Porkel Kristjánsson.  
 238 Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1944-1951.  
 239 Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1951-1961.  
 240 Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1962-1970.  
 241 Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1970-1976.  
 273 Ársskýrslur barnaverndarnefndar 1932-1968.  
 285 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Skýrslur vegna barna 1962-1966.

C/428 Skrifstofa félagsmálastjóra. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins, Dalbraut, vistheimilið Silungapollur 1968-1984.

C/529 Skrifstofa félagsmálastjóra. Málefni barna, Sálfræðideild skóla, skammtímavistun, samstarfsaðilar 1964-1989.

C/549 Skrifstofa félagsmálastjóra. Barnaheimili, vistheimili 1953-1987.

### Skólaskrifstofa Reykjavíkur

Askja 5 Sálfræðingar skóla 1953-1974.

Askja 8 Barnavernd 1955-1962. Heimavistarskólarnir að Jaðri og Hlaðgerðarkoti.

Askja 9 Barnaheimili 1946-1960.

Askja 331 Borgarstjóri og borgarráð, bréf hingað 1963-1979.

Askja 346 Málasafn fræðsluskrifstofu. Sálfræðideild 1972-1987.

Askja 357 Málasafn fræðsluskrifstofu. Jaðar, bréf o.fl. 1944-1951.

Askja 385 Jaðar 1944-1972.

Askja 700 Sumardvalir barna 1944-1969.

Askja 771 Heilbrigðiseftirlit o.fl. 1910-1984.

Askja 777 Heimavistarskólinn að Jaðri. Bréf, greinargerðir, samningar o.fl. 1944-1973.

Askja 779 Sálfræðipjónusta. Skýrslur, bréf o.fl. 1955-1974.

### Skrifstofa Borgarstjóra. Málasafn

F-13 Barnavernd 1915-1952.

F-14 Vandræðabörn 1935-1956.

F 17 (A7622 a) Barnaheimilissjóðir Reykjavíkur og Thorvaldsensfélagsins 1925-1965.

F-17 Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins 1967-1968.

F-29 Barnavernd 1953-1968.

F-30 Barnavernd 1951-1962.

F-31 Barnavernd 1946-1973.

F-83 Vöggustofur 1961-1971.

F-124 Sálfræðideild skóla 1960-1969.

F-141 Jaðar 1945-1958.

F-146 Barnaheimili, dagheimili, leikskólar og vöggustofur 1920-1968.

Umræður í borgarstjórn 06.04.1967.

Umræður í borgarstjórn 02.11.1967.

PÍ = Þjóðskjalasafn Íslands

### Barnaverndarráð Íslands

2002-A/1 Fundargerðir Barnaverndarráðs 1930-1958.

2002-A/2 Fundargerðir Barnaverndarráðs 1958-1975.

2002-C/1 Ársskýrslur Barnaverndarráðs 1932-1983.

2002-G/1 Skýrslur barnaverndarnefnda 1946-1959.

2002-G/2 Skýrslur barnaverndarnefnda 1961-1963.

2002-G/3 Skýrslur barnaverndarnefnda 1964-1966.

2002-J/2 Skýrslur barnaverndarnefnda 1967-1968.

251

1989-B/15 Skýrslur barnaverndarnefnda 1970-1972.

1989-B/16 Skýrslur barnaverndarnefnda 1973-1974.

1989-B/28 Skýrslur um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1943-

1967. Ársskýrslur Félagsmálastofnunar Reykjavíkur 1969-1980.

1989-B/34 Eftirlitsferðir með vistheimilum og sumardvalarheimilum 1952-1978.

### Heilsuverndarstöð Reykjavíkur

2017/134. A Geðverndardeild (1960-1970).

### Kópavogshæli

B/3-1. Nafnalisti vistmanna 1970-1982.

### Birtar heimildir

American Psychiatric Association (2013). *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders, 5th ed. (DSM-5)*. American Psychiatric Association.

Ármann Snævarr (1959) Ættleiðing og ættleiðingarlöggjöf. *Timarit lögræðinga*, 65-118.

- Ása Gruda Skard (1949). *Barn á virkum degi*. Norðri. (Ísl. Þýðing Valborg Sigurðardóttir). Bækur fyrir mæður og verðandi mæður (1968). *Húsfreyjan 4t1b*, 19 árg., bls. 37.
- Bennett, M., Webster, A. A., Goodall, E., Rowland, S., Bennett, M., Webster, A. A., ... & Rowland, S. (2018). Establishing contexts for support: Undoing the legacy of the "refrigerator mother" myth. *Life on the autism spectrum: Translating myths and misconceptions into positive futures*, 61-80.
- Berk, L.A. (2012). *Child Development*, 9th ed. Pearson.
- Bradley S. (2001). Suffer the little children. The influence of nurses and parents in the evolution of open visiting in children's wards 1940-1970. *International history of nursing journal*, 6(2), 44-51.
- Bragi Guðbrandsson (2008): Barnavernd og uppeldisstofnanir. Saga stofnana fyrir börn og um samfélagsbreytingar um miðja 20. öld. Fylgiskjal nr. 2. Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Forsætisráðuneyti, Reykjavík.
- Bruce, M., Young, D., Turnbull, S., Rooksby, M., Chadwick, G., Oates, C., ... & Minnis, H. (2019). Reactive attachment disorder in maltreated young children in foster care. *Attachment & Human Development*, 21(2), 152-169.
- Center on the Developing Child (2007). *The Science of Early Childhood Development* (InBrief). Harvard University.
- deRegnier, R. A., Wewerka, S., Georgieff, M. K., Mattia, F., & Nelson, C. A. (2002). Influences of postconceptional age and postnatal experience on the development of auditory recognition memory in the newborn infant. *Developmental psychobiology*, 41(3), 216-225.
- Eggert Þór Bernharðsson (1998). Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990, síðari hluti.
- Fantz, R.L. (1961). The origin of form perception. *Scientific American*, 204, 66-72.
- Ginsburg, H. & Opper, S. (1969). *Piaget's Theory of Intellectual Development. An Introduction*. Prentice Hall.
- Guyon-Harris, K. L., Humphreys, K. L., Fox, N. A., Nelson, C. A., & Zeanah, C. H. (2018). Course of disinhibited social engagement disorder from early childhood to early adolescence. *Journal of the American Academy of Child & Adolescent Psychiatry*, 57(5), 329-335.
- Harlow, H. F. (1958). The nature of love. *American psychologist*, 13(12), 673-685.
- Hayes, S.C., Follette, W.C. & Follette V.M. (1995). Behavior Therapy: A Contextual Approach. Í A.S. Gurman & S.B. Messer (ritstj.) *Essential Psychotherapies* (bls. 128-225).
- Kagan, J., Kearsly, R.B. & Zelazo, P. (1978). *Infancy: It's place in human development*. Harvard University Press.
- Kail, R.V. (2007). *Children and their development*, 4th ed. Pearson Education.
- Keenan, T., Evans, S. & Crowley, K. (2016). *An Introduction to Child Development*, 3rd ed. Sage Publications.
- Knútur Arngrímsson (1980): *Thorvaldsensfélagið 100 ára - Afmælisrit*.
- National Scientific Council on the Developing Child. (2012). *The Science of Neglect: The Persistent Absence of Responsive Care Disrupts the Developing Brain: Working Paper 12*. Harvard University.
- Nelson, C.A. & Bosquet, M. (2000). Neurobiology of fetal and infant development: Implication for infant mental health. Í C.H. Zeanah (ritstj.) *Handbook of Infant Mental Health* (bls. 37-59). Guilford.
- Pallini, S., Baiocco, R., Schneider, B. H., Madigan, S., & Atkinson, L. (2014). Early child-parent attachment and peer relations: A meta-analysis of recent research. *Journal of Family Psychology*, 28(1), 118.
- Platt, H. (1959). *The Platt Report*, (formerly known as the *Welfare of Sick Children in Hospital*). Ministry of Health.
- Rowold, K. (2019). What do babies need to thrive? Changing interpretations of 'Hospitalism' in an international context, 1900-1945. *Social History of Medicine*, 32(4), 799-818.
- Schneider, B. H., Atkinson, L., & Tardif, C. (2001). Child-parent attachment and children's peer relations: A quantitative review. *Developmental psychology*, 37(1), 86.
- Schultz, D.P. & Schultz, S.E. (1987). *A History of Modern Psychology*, 4th ed. Harcourt, Brace & Jovanovich.
- Sigurjón Björnsson. (1964). *Úr hugarheimi*.
- Sigurjón Björnsson. (1967). Vistheimili fyrir ungbörn. *Réttur - tímarit um þjóðfélagsmál*, 40-44.
- Símon Jóhann Ágústsson (1949). Barn á virkum degi. Ritdómur. Morgunblaðið, 22. nóvember 1949 bls.4.
- Símon Jóhannes Ágústsson. (1952). Móðurvernd og föðurhandleiðsla"
- Símon Jóhannes Ágústsson. (1952). Móðurvernd og föðurhandleiðsla. *Andvari*, 78-94.
- Símon Jóhannes Ágústsson. (1952) Alþjóðleg ráðstefna um geðvernd. *Menntamál*, 53-58.
- Símon Jóhannes Ágústsson. (1962). Um ættleiðingu, Reykjavík 1964
- Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 (2008). *Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979*. Forsætisráðuneytið.
- Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 1. (2009). *Könnun á starfsemi Heyrnleysingjaskólans 1947-1992, vistheimilisins Kumbaravogs 1965-1984 og skólaheimilisins Bjargs 1965-1967*. Forsætisráðuneytið.

- Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 2. (2010). *Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistaraskólans að Jaðri 1946-1973*. Forsætisráðuneytið.
- Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 3. (2011). *Könnun á starfsemi Upptökuheimilis ríkisins 1945-1971, Unglingaheimilis ríkisins 1971-1994 og meðferðarheimilisins í Smáratúni og á Torfastöðum 1979-1994*. Forsætisráðuneytið.
- Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. *Könnun á vistun barna á Kópavogshæli* (2016). Forsætisráðuneytið.
- Sveinn Ragnarsson (2000). Sögulegt yfirlit félagsþjónustu. *Sveitarstjórnarmál*, 60(2), 100-105
- Taylor, J., Muller, D. & Harris, P. (1999). *Nursing Children: Psychology, Research and Practice*. Nelson Thornes.
- The Platt Report *British Journal of Medicine*, 1961;2:159
- Valborg Sigurðardóttir (1966). Fóstruskóli Sumargjafar. *Húsfreyjan*, 17 (4 tlb.), bls. 19-20.
- Van den Dries, L., Juffer, F., Van IJzendoorn, M. H., & Bakermans-Kranenburg, M. J. (2009). Fostering security? A meta-analysis of attachment in adopted children. *Children and youth services review*, 31(3), 410-421.
- Verndið börnin. Nokkrar leiðbeiningar handa foreldrum um barnaupveldi* (1950). Símon Jón. Ágústsson tók saman. Reykjavík: Barnaverndarnefnd Reykjavíkur.
- Vilmundur Jónsson (1950). *Leiðbeiningar um meðferð ungbarna*. Landlæknir
- Whitwer, A.N., Lawton, K. & Aman, M.G. (2013). Intellectual Disability. Í E.J. Mash & R.A. Barkley (ritstj.) *Child Psychopathology* (bls. 593-624). Guilford Press.
- Webber, C., Blissett, J., Addessi, E., Galloway, A. T., Shapiro, L., & Farrow, C. (2021). An infant-led approach to complementary feeding is positively associated with language development. *Maternal & Child Nutrition*, 17(4), e13206.
- Zauche, Lauren Head, Taylor A. Thul, Ashley E. Darcy Mahoney, and Jennifer L. Stapel-Wax (2016) Influence of language nutrition on children's language and cognitive development: An integrated review. *Early Childhood Research Quarterly* 36, 318-333.



